


PERLAN
ÓMETANLEGA



RÚHÍYYIH RABBANI



PERLAN ÓMETANLEGA
Shoghi Effendi, dóttursonur 'Abdu'l-Bahá

PERLAN ÓMETANLEGA

Rúhíyyih Rabbani



Bahá'í útgáfan
Öldugötu 2
101 Reykjavík

Perlan ómetanlega

Titill á frummáli: *The Priceless Pearl*

© Andlegt Þjóðarráð bahá'ía á Íslandi 2015

Íslensk þýðing: Eðvarð T. Jónsson

Umbrot: Geoffrey Pettypiece

Letur í meginmáli: Free Serif 11 pt.

Prentun: Oddi

Bahá'í útgáfan 2015

PDF útg. 0,1 - 2017

Öll réttindi áskilin

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

ISBN: 978-9979-883-28-9

Bahá'í útgáfan er nefnd á vegum Andlegs Þjóðarráðs bahá'ía á Íslandi
www.bahai.is

EFNISYFIRLIT

Myndalisti	vii
I Barnæska og unglingsár Shoghi Effendi	1
II Andlát 'Abdu'l-Bahá og afleiðingar þess	39
III Fyrstu ár Verndarstofnunarinnar	78
IV Marta Root og Marie drottning af Rúmeníu	100
V Lögmál ljóss og skugga	118
VI Persónuleiki Shoghi Effendi	125
VII Dýpstu tengslin	145
VIII Persónulegar svipmyndir	161
IX Styrjöld	181
X Ritverk Verndarans	200
XI Þróun alþjóðlegra stofnana trúarinnar	232
XII Heimsmiðstöðin í mótun	270
XIII Upphaf stjórnskipulagsins	301
XIV Leiðarsnúrur	337
XV Framkvæmd guðlegrar áætlunar 'Abdu'l-Bahá	379
XVI Einstæður ferill Verndarans	433
Nafnaskrá og atriðisorð	451

MYNDALISTI

- Perlan ómetanlega *titilmynd*
- „*Vissulega er þetta barn komið í heiminn...*“ *Milli bls. 22 og 23*
- Fæðingarstaður Verndarans
Shoghi Effendi og systir hans
Shoghi Effendi á fyrstu skólaárum sínum
„... *gef honum nafnið Shoghi...*“
Ungi námsmaðurinn
Verk kortagerðarmannsins
‘Abdu’l-Bahá við heimili sitt
- Arftaki Meistarans *54 og 55*
- Námsárin í Beirut
Shoghi Effendi í austurlenskum klæðum
Shoghi Effendi á tvítugsaldri
Ritari Meistarans
Samóvarinn
Shoghi Effendi með Harry Randall
Shoghi Effendi áður en hann varð skipaður Verndari
„*Horfið í augu hans, þau eru eins og tært vatn,*“
Nokkrir virtir bahá’íar með ‘Abdu’l-Bahá
- ‘Abdu’l-Bahá og Shoghi Effendi *86 og 87*
- Shoghi Effendi í Alexandríu, Egiptalandi
- Balliol College, háskólinn í Oxford *118 og 119*
- Félagsherbergi yngri námsmanna í Balliol College 1920
Shoghi Effendi með dr. J. E. Esslemont

Samkoma í Manchester, Englandi

Framtíðarleiðtogi trúarinnar

Hann tók byrðar 'Abdu'l-Bahá í arf

Shoghi Effendi í upphafi annars áratugarins

Fyrsta flugið?

Verndarinn varð fjallgöngumaður

150 og 151

Ópreytandi áhugi

Shoghi Effendi og leiðsögumaður hans

Hættur leynast á fjöllum

Á hátindi heimsins

Ljósmynd Shoghi Effendi

Verndarinn ungi í Sviss

Interlaken í Sviss

Verndarinn nýi

214 og 215

Verndarinn og Bahíyyih Khánum

Rithönd Verndarans á persnesku, apríl 1922

Heimili 'Abdu'l-Bahá

Grafhýsi Bábsins. Ljósmynd: Shoghi Effendi

Rithönd Shoghi Effendi á ensku í bréfi sem var skrifað í tilefni andláts

Hins helgasta laufs

Legstaður Hins helgasta laufs

Sá ginnhelgi staður

Verndarinn eftir heimkomuna til Haifa

278 og 279

Rithönd Marie Rúmeníudrottningar

Rithönd Shoghi Effendi á persnesku

Safari

Ljósmynd Verndarans af afrísku þorpi leirhúsa

Ferja á ánni Níl

Meistaraleg ljósmynd Shoghi Effendi af Viktoríufossum
Myndir frá Afríku

Tvær myndir af Karmel fjalli 342 og 343

Frankvæmdir Shoghi Effendi á Karmel fjalli

Grafhýsi Bábsins á Karmel fjalli

Byggingar sem Shoghi Effendi reisti

Verndarinn kannar garðana

Loftmynd af Bahjí

Grafhýsi Bahá'u'lláh í Bahjí

Helgasta grafhýsið

Verndarinn 438 og 439

Verndarinn 1957

Síðustu boð Verndarans

Útför Shoghi Effendi í London

Kista Verndarans lögð til hvíldar í blómum prýddri gröf

Blómahafið við gröf Verndarans

Legstaður Shoghi Effendi í London

Gullni örninn yfir legstað Shoghi Effendi

BARNÆSKA OG UNGLINGSÁR SHOGHI EFFENDI

„Lofgjörð og árnaðaróskir, dýrð og blessun, hvíli yfir þessari fyrstu grein hins helga og guðdómlega Lótusviðar, sem vaxið hefur af tvíburatrjánnum helgu, blessuð, meyr, gróskumikil og blómstrandi; þessari undursamlegu, einstæðu og ómetanlegu perlu, sem birtist tindrandi úr þessum bylgjandi tvíburahöfum . . .“

Þessi orð brutu sér leið gegnum kólgugrátt skýjaþykkni háskalegra tíma og féllu eins og sólargeislar á lítinn dreng. Hann var dóttursonur ‘Abdu’l-Bahá, sem soldán Tyrkjaveldis hafði í haldi í fangelsisborginni Akka í Sýrlandi, yfirráðasvæði Tyrkja. Orðin ritaði ‘Abdu’l-Bahá í fyrsta kafla erfðaskrár sinnar og þau vísuðu til elsta afasonar hans, Shoghi Effendi.

Þótt þessi drengur hefði þá þegar verið útnefndur arftaki afa síns höfðu hvorki hann né sívaxandi hópur fylgjenda Bahá’u’lláh um allan heim fengið vitneskju um þá staðreynd. Í Austurlöndum nýtur reglan um erfðir í beinan ættlegg skilnings og viðurkenningar sem hinn eðlilegi gangur mála og enginn vafi lék á því að ‘Abdu’l-Bahá myndi staðfesta gildi þessarar miklu og leyndardómsfullu reglu frumburðarréttarins eins Bahá’u’lláh sjálfur hafði gert. Mörgum árum áður en ‘Abdu’l-Bahá lést hafði hann svarað spurningu frá nokkrum persneskum átrúendum um hvort einhver einn aðili yrði útnefndur sem öllum bæri að snúa sér til eftir hans dag. ‘Abdu’l-Bahá svaraði: „ . . . Vit í sannleika að þetta er vel varðveittur leyndardómur. Honum má líkja við perlu sem er dulin í skel. Það er forákvarðað að hún birtist. Sá tími mun koma að ljós hennar skín, vitnisburður hennar opinberast og leyndardómurinn verða afhjúpaður.“

Frekara ljósi er varpað á þetta mál í dagbók dr. Yunis Khan en hann dvaldi í þrjá mánuði í Akka með ‘Abdu’l-Bahá árið 1897. Hann kom

þangað aftur þremur árum síðar og ílengdist í mörg ár. Af orðum hans drögum við þá ályktun að vegna fréttu sem að öllum líkindum bárust til Vesturlanda þess efnis að Meistarinn hafi eignast afason, hafi átrúandi í Ameríku skrifað honum bréf þess efnis að í Biblíunni stæði að eftir ‘Abdu’l-Bahá muni „smásveinn gæta þeirra“ (Jesaja 11:6). Spurt var hvort átt væri við raunverulegan, lifandi dreng sem þegar væri kominn í heiminn. Dr. Yunis Khan vissi ekki árið 1897 að þessari spurningu hafði áður verið beint til ‘Abdu’l-Bahá sem hafði svarað henni með eftirfarandi töflu:

Ó þjónustumær Guðs!

Vissulega er þetta barn komið í heiminn. Hann verður höfundur undursamlegra verka sem þú munt heyra um í framtíðinni. Þú munt sjá hann gæddan framúrskarandi fegurð, æðstu hæfni, algjörri fullkomnun, afdráttarlausu valdi og óviðjafnanlegum mætti. Andlit hans mun ljóma af birtu sem lýsir upp alla sjónarhringa heimsins; gleym þessu því ekki meðan þú lifir því að aldir og árþúsundir munu bera merki hans.

Heill fylgi þér og árnaðaróskir

‘Abdu’l-Bahá Abbas

Það kann að þykja undarlegt að ekki hafi verið vitað um svo mikilvæga töflu í Austurlöndum en þess verður að minnast að í þá daga voru nánast engin samskipti milli bahá’ía í austri og vestri og töflur gengu á milli amerísku vinanna ýmist munnlega eða í afritum. Þegar Yunis Khan fékk bréf frá Ameríku, á sama tíma og dimm ský sáttmálsbrota hrönnuðust yfir Meistarann, gerði hann sér enga grein fyrir hvað lægi að baki spurningunni sem bréfrítarinn bað hann að leggja fyrir ‘Abdu’l-Bahá. Í dagbók sinni segir hann reyndar að hann hafi ekki heyrt um tilvist þessarar töflu fyrr en mörgum árum seinna. Yunis Khan ritar: „‘Abdu’l-Bahá var á gangi fyrir framan byggingu (khan) þar sem margir átrúendur í Akka voru vanir að dvelja. Ég gaf mig fram við hann og sagði honum að ég hefði fengið bréf frá Ameríku þess efnis að fregnast hefði, að Meistarinn segði að sá sem ætti að birtast eftir hans dag væri kominn í þennan heim. Ef þetta er rétt liggur svarið ljóst fyrir, en ef sú er ekki raunin, þá—? Eftir stundarþögn leit hann á mig. Augnaráð hans var þrungið merkingu og augu hans ljómuðu af leyndri gleði. Hann sagði: „Já, það er satt“. Þessi tíðindi glöddu sál mína. Ég var þess fullviss að sáttmálsbrotin myndu heyra sögunni til, málstaður Guðs myndi hrósa sigri um allan heim og þessi

veröld endurspeгла hina himnesku veröld. En mér reyndist afar erfitt að skilja hvað hann átti við með „birtingu“ eins og við bahá'íar skiljum merkingu þess orðs; þetta var leyndardómur í huga mínum. Ég leitaði því frekari upplýsinga og spurði: „Táknar þetta opinberun“? Hefði hann svarað „já“ eða „nei“ hefði málið orðið enn flóknara og fleiri spurningar vaknað en til allrar hamingju var svar hans afdráttarlaust og einskis frekar þurfti að spyrja. Enn skýrari voru orð hans þegar hann sagði: „Sigur málstaðar Guðs er í hans höndum!“ Yunis Khan segir síðan að hann hafi svarað ameríska átrúandanum en ekki deilt svarinu með öðrum og jafnvel neitað sjálfum sér um að hugleiða þýðingu þess eða spyrja sig hvort þetta barn væri í Akka eða annarsstaðar. Hann útskýrir viðhorf sitt með því að vísa í orð Bahá'u'lláh í Bók sáttmálans þar sem hann segir að allra augu verði að beinast að Miðju sáttmálans (‘Abdu’l-Bahá), og þeim svikráðum, vélabrögðum og prettum sem í tvær kynslóðir höfðu sundrað fjölskyldu opinberanda Guðs.

Á öðrum stað í dagbók sinni lýsir Yunis Khan því þegar hann sá elsta barnabarn Meistarans í fyrsta sinn: „Í marga daga höfðu gestirnir í pílgrímahúsinu beðið Afnan [föður Shoghi Effendi] um að fá að sjá son hans. Dag nokkurn var komið óvænt með fjögurra mánaða gamalt barnið í móttökuherbergi Meistarans. Átrúendurnir nálgust hann með gleði og mér veittust líka þessi forréttindi en ég sagði við sjálfan mig „horfðu aðeins á hann sem bahá'í barn“. Ég gat samt ekki hamið tilfinningar mínar vegna þess að innri kraftur neyddi mig til að lúta honum djúpt og eitt andartak var ég hugfanginn af fegurð þessa brjóstmylkings. Ég kyssti mjúkt hárið á höfði hans og skynjaði í honum slíkt afl að mig skortir orð til að lýsa því. Ég get aðeins sagt að hann leit út eins og barnið í örmum hinnar blessuðu meyjar. Í nokkra daga stóð andlit þessa barns mér fyrir hugskotssjónum en síðan gleymdi ég því smám saman. Tvisvar sinnum síðar greip þessi tilfinning mig, einu sinni þegar hann var níu ára gamall og í annað sinn þegar hann var ellefu ára.“

Yunis Khan segir einnig að þegar hann sá strax í bernsku Shoghi Effendi innri og ytri vitnisburði um einstæðan persónuleika hans og mikinn andlegleika hafi hann ekki getað haldið aftur af sér og treysti gömlum og traustverðugum átrúanda fyrir þeim eftirminnilegu orðum sem hann hafði heyrt af vörum ‘Abdu’l-Bahá um barnið sem hefði í höndum sér sigur málstaðar Guðs.

Hvað sem öðru líður er staðreyndin sú að allt fram til þess tíma er Meistarinn lést í nóvember 1921 og erfðaskrá hans var opnuð vissi

enginn í bahá'í heiminum að Shoghi Effendi væri „perlan ómetanlega“. Hversu einstæð og dýrleg sú perla var sem 'Abdu'l-Bahá lét eftir sig skildi í rauninni enginn fyrr en í nóvember 1957 þegar hún hvarf aftur í Hafið þaðan sem hún kom.

Shoghi Effendi fæddist 27. dag Ramaðán árið 1314 samkvæmt tímatali múslíma. Þetta var sunnudagur 1. mars 1897 samkvæmt kristnu tímatali. Þessar dagsetningar fundust í einni af minnisbókum Shoghi Effendi sem hann skrifaði í æsku. Hann var elsta barnabarn og fyrsti afasonur 'Abdu'l-Bahá. Foreldrar hans voru Dýyá'íyyih Khánum, elsta dóttir 'Abdu'l-Bahá og maður hennar, Mírzá Hádí Shírazí, einn ættmenna Bábsins. 'Abdu'l-Bahá nefndi hann jafnan Shoghi Effendi og gaf öllum, m.a. föður hans, fyrirmæli um að þannig ætti ætíð að nefna hann, en ekki bara Shoghi. Orðið „Effendi“ þýðir herra. Þetta er virðingartitill líkt og „Khánum“, sem þýðir frú og skeytt er við nafn konu.

Þegar Shoghi Effendi fæddist voru 'Abdu'l-Bahá og fjölskylda hans ennþá fangar tyrkneska soldánsins, Abdu'l Hamid. Það var ekki fyrr en Ungtyrkir gerðu byltingu 1908 og pólitískir fangar voru leystir úr haldi að útlegðar- og fangelsisdómi yfir átrúendunum í Akka var rift. 'Abdu'l-Bahá og systir hans höfðu þá verið útlagar og fangar í meira en 40 ár. Árið 1897 átti öll fjölskyldan heima í húsi Abdullah Pasha, skammt frá þeim miklu tyrknesku herbúðum þar sem Bahá'u'lláh, 'Abdu'l-Bahá og átrúendurnir voru hafðir í haldi þegar þeir komu fyrst til Akka árið 1868. Það var í þessu húsi sem fyrsti hópur vestrænna pílagríma heimsótti Meistarann veturinn 1898–9 og síðar margir af fyrstu átrúendum Vesturlanda. Þeir ferðuðust eftir ströndinni frá Haifa til Akka í vagni sem þrír hestar drógu, fóru inn í víggirta fangelsisborgina og voru gestir 'Abdu'l-Bahá í nokkra daga í þessu húsi. Það var frá þessu húsi sem 'Abdu'l-Bahá hélt til nýfengins frelsis í Haifa, sem var í tólf mílna fjarlægð hinumegin við Akka-flóann. Þegar gengið var inn eftir húsasundi meðfram efri hæð byggingarinnar var komið inn í lítinn afgirtan garð með blómum, ávaxtatrájum og nokkrum hávöxnum pálmatrjám. Í einu horninu lá langur stigi upp á efri hæðina. Þar var opið rými þar sem voru dyr til ýmissa herbergja og langur gangur sem leiddi til annarra vistarvera

Þegar við reynum að gera okkur þótt ekki sé nema örlitla grein fyrir því sem gerðist í hjarta 'Abdu'l-Bahá þegar fyrsta barnabarnið fæddist honum 53 ára gömlum verðum við að hafa í huga að hann hafði þegar

misst fleiri en einn son. Þeirra ástkærastur og fullkomnastur var ʘusayn, fallegur og sviphreinn lítill drengur, sem dó aðeins nokkurra ára gamall. Af fjórum eftirlifandi dætrum ‘Abdu’l-Bahá fæddu þrjár honum 13 barnabörn en það var hið elsta þeirra sem bar vitni orðtakinu „barnið er dulið eðli forföður síns“. Í þessu tilfelli vísar það ekki til föðurarfsins heldur til þess að forfeður hans voru spámenn Guðs og hann hafði fengið sálargöfgi afa síns, ‘Abdu’l-Bahá, í arf. Djúpar tilfinningar ‘Abdu’l-Bahá á þeim tíma má ráða af skýrum ummælum hans þess efnis að Guð hafi gefið dóttursyni hans nafnið Shoghi—sem þýðir bókstaflega „hann sem þráir“:

... Ó Guð! Þetta er grein sem vaxið hefur á tré miskunnar þinnar. Ger honum kleift með náð þinni og hylli að dafna og lát hann með regni örlætis þíns verða gróskumikla, blómstrandi og frjósama grein. Gleð augu foreldra hans, þú sem gefur hverjum og einum eins og þér þóknast, og gef honum nafnið Shoghi til þess að hann megi þrá ríki þitt og taka flugið til ríkja hins óséða!

Frá frumbersku sýndi Shoghi Effendi merki um einstæða eðlisgerð og hann átti því æ sterkari ítök í hjarta Meistarans. Við erum svo lánsöm að eiga frásögn eins af fyrstu vestrænu átrúendunum, Ella Goodall Cooper, þegar hún varð vitni að fundi ‘Abdu’l-Bahá og Shoghi Effendi í pílagrímsför sinni í mars 1899 í húsi Abdullah Pasha:

Dag nokkurn . . . drakk ég morgunteið ásamt konum úr fjölskyldunni í herbergi Hins helgasta laufs. Meistarinn ástkæri sat á sínum uppáhaldsstað í horni legubekkjarins þar sem hann gat séð virkisveggina og blátt Miðjarðarhafið handan þeirra. Hann var önnum kafinn við að skrifa töflu og friðsældin í herberginu var aðeins rofin af suðinu í samóvarnum, þar sem ung þjónustustúlka sat á gólfinu og lagaði te.

Meistarinn leit síðan upp frá skriftum brosandí og bað Ziyyih Khanum að syngja bæn. Þegar hún lauk við bænina birtist lítill drengur í opnum ganginum beint á móti ‘Abdu’l-Bahá. Hann hafði tekið af sér skóna og gekk inn í herbergið án þess að líta af andliti Meistarans. ‘Abdu’l-Bahá endurgalt augnaráð hans með slíkri ástúð að hann virtist benda honum að koma til sín. Shoghi, þessi fallegi, andlitsfríði litli drengur, með tilfinningarík heillandi dökk augu gekk hægum skrefum að legubekknunum og það var líkt og Meistarinn drægi hann til sín með ósýnilegum þræði uns hans var kominn alveg til hans. Þegar hann staðnæmdist gerði ‘Abdu’l-Bahá sig ekki líklegan til að faðma hann heldur sat grafkyrr og kinkaði

aðeins kolli tvisvar eða þrisvar sinnum rósamur og svipmikill eins og til að segja „Sjáið þið? Það sem tengir okkur er ekki aðeins efnislegur skyldleiki afa og barnabarns heldur annað miklu dýpra og þýðingarmeira.“ Meðan við héldum niðri í okkur andanum og við biðum eftir því sem myndi gerast, beygði litli drengurinn sig niður, tók upp kyrtilfald ‘Abdu’l-Bahá færði hann með lotningu að enni sínu og kyssti hann, setti hann síðan aftur gætilega á sinn stað án þess að líta nokkru sinni af andliti Meistarans. Þvínæst sneri hann sér við og hljóp út til að leika sér eins og hvert annað venjulegt barn . . . Þá var hann eina barnabarn ‘Abdu’l-Bahá . . . og pílagrímarirnir höfðu auðvitað mikinn áhuga á honum sem slíkum.

Mikil hlýtur barátta afans að hafa verið þegar hann hélt aftur af ást sinni til þessa barns til þess að sjálf birtan af þeim ástareldi stofnaði ekki lífi þess í hættu sakir haturs og öfundar margra óvina sem leituðu stöðugt að Akkillesarhæl hans í tilraunum sínum til að granda honum. Oft þegar Shoghi Effendi talaði um liðna tíð og um ‘Abdu’l-Bahá fann ég ekki aðeins hve takmarkalaus og brennandi ást hans var á Meistar anum heldur einnig að hann vissi að ‘Abdu’l-Bahá duldi ást sína á honum og hélt henni í skefjum til þess að vernda hann og verja málstað Guðs gegn óvinum hans.

Shoghi Effendi var lítill, viðkvæmur, mjög virkur og stríðinn drengur. Hann var ekki sterkbyggður á sínum fyrstu árum og móðir hans hafði oft áhyggjur af heilsufari hans. En hann óx úr grasi og líkamlegt atgervi hans, einstætt eðlisprek og viljakraftur gerði honum fært síðar á ævinni að sigrast á öllum hindrunum sem urðu á vegi hans. Fyrstu ljósmyndirnar sem við eigum af honum sýna niðurmjótt lítið andlit, stór augu og ávala fagurskapaða höku sem í æsku gerði andlit hans eilítið langleitt og hjartalaga. Strax í þessum fyrstu myndum verður vart dapurleika, löngunar, áleitinnar næmni fyrir þjáningu sem er eins og skuggi á vegg—skuggi af barni sem hefur stækkað í fullþroska mann. Shoghi Effendi var fíngerður, einnig á fullorðinsárum sínum, lágvaxnari en afi hans hafði verið og í líkamsvexti líkari langafa sínum, Bahá’u’lláh. Hann sagði mér sjálfur að Hið helgasta lauf, systir ‘Abdu’l-Bahá, hefði stundum tekið um hendur hans og sagt: „Þessar hendur líkjast höndum föður míns.“ Hann hafði það sem ég vil kalla vitsmunalegar hendur, kantaðar fremur en frammjóar, sterkar, kvikar og æðaberar; það var mikil tjáning í látbragði þeirra, djúp fullvissa í hreyfingum þeirra. Amelia Collins, sem bjó í Haifa í mörg ár, sagði alltaf að sér fyndist allar þjáningarnar í lífi Verndarans

endurspeglast í þessum höndum. Augu hans höfðu þann tvíraða hnotubrúna lit sem stundum kom fólki, sem ekki hafði tækifæri til að horfa í augu hans eins oft og ég, til að halda að þau væru brún eða blá. Sannleikurinn er sá að þau höfðu tæran hnotubrúnan lit sem stundum breyttist í hlýjan og ljómandi gráan lit. Ég hef aldrei séð andlit og augu sem voru svo tjáningarfull; öll blæbrigði tilfinninga og hugsana endurspegluðust í ásýnd hans eins og ljós og skuggar á vatni. Þegar hann var hamingjusamur og fullur áhuga á einhverju hafði hann þann sérkennilega vana að galopna augun svo að sá í efri brún augasteinsins. Þetta minnti mig alltaf á tvær fagar sólar sem rísa yfir sjóndeildarhringinn, svo geislandi tært var svipmótið. Gremju, reiði og sorg mátti þar einnig greina jafn skýrt og því miður hafði hann líka ástæðu til að sýna þessar tilfinningar á lífsleiðinni, sem var stráð sorgum og erfiðleikum. Fætur hans voru jafn fallegir og hendurnar, smágerðar, mjög bogadregnar og lýstu styrk og orku.

Það gæti talist vanvirðing að segja að Verndarinn hafi verið hrekkjótt barn en hann sagði mér sjálfur að hann hafi verið viðurkenndur forsprakki allra hinna barnanna. Þessi litli drengur var forystusauður í mörgum hrekkjum, sjóðandi af kátínu, ákafa og kjarki, hnyttinn og hláturmildur; alltaf þegar eitthvað var á seyði var Shoghi Effendi á bak við það! Þessi takmarkalaus orka olli oft kvíða þegar hann hljóp sem óður væri upp og niður háan stigann frá efri hæð hússins svo að pílagrímarnir sem biðu niðri eftir Meistarinum urðu skelkaðir. Kæti hans og eldmóði voru engin takmörk sett og þetta var sami krafturinn og gerði hann að ópreytandi og óhagganlegum leiðtoga fylkinga Bahá'u'lláh, leiddi þær frá einum sigri til annars, reyndar til andlegs sigurs á allri jarðkringlunni. Við höfum áreiðanlegan vitnisburð frá 'Abdu'l-Bahá sjálfum um þessi einkenni hans. Hann skrifaði á notað umslag stutta setningu til að gleðja litla afasoninn: „Shoghi Effendi er vitur maður—en hann hleypur mikið um!“

Af þessu má samt ekki draga þá ályktun að Shoghi Effendi hafi verið óstýrilátur. Börnum í Austurlöndum—og þá ekki síst börnum 'Abdu'l-Bahá—var kennd háttprýði og siðavendni frá blautu barnsbeini. Fjölskylda Bahá'u'lláh var af konungaættum og fjölskylduhefðin, án tillits til guðdómlegra kenninga hans um háttprýði sem skyldu, tryggði að háttvísi og kurteisi einkenndi Shoghi Effendi frá unga aldri.

Í æsku Shoghi Effendi var venja að fara á fætur við sólarupprás og eyða fyrstu stund dagsins í herbergi Meistarans þar sem bænir voru

beðnar og öll fjölskyldan snæddi morgunverð með honum. Börnin sátu á gólfinu með krosslagðar fætur. Þau sungu bænir fyrir ‘Abdu’l-Bahá, þegar þau voru beðin; það var engin háreysti eða fyrirgangur. Morgunverðurinn var te sem var lagað í samóvar, rússneskum tehitunarkatli, og borið fram í litlum kristalglösum, sjóðheitt og sætt, með hreinu hveitibrauði og geitarosti. Dr. Zia Baghdadi, sem var nákominn fjölskyldunni, segir í endurminningum sínum frá þessum tíma að Shoghi Effendi hafi alltaf verið fyrstur til að fara á fætur og koma tímanlega—eftir að hafa fengið ofanígjöf frá engum öðrum en afa sínum!

Hann segir okkur líka söguna af fyrstu töflunni sem Shoghi Effendi fékk frá ‘Abdu’l-Bahá. Dr. Baghdadi segir að þegar Shoghi Effendi var aðeins fimm ára gamall hafi hann suðað í Meistaránám og beðið hann að skrifa eitthvað fyrir sig. ‘Abdu’l-Bahá ritaði þetta hjartnæma og upplýsandi bréf með eigin hendi:

Hann er Guð!

Ó Shoghi minn, ég hef engan tíma til að tala, láttu mig í friði! Þú sagðir „skrifa“—ég hef skrifað. Hvað annað var hægt að gera? Nú er ekki tími fyrir þig að lesa og skrifa heldur að hlaupa um og hrópa „Ó Guð minn!“; leggja síðan á minnið bænir Hinnar blessuðu fegurðar og syngja þær svo ég megi heyra því það er ekki tími til neins annars.

Svo virðist að þegar barninu barst þessi dásamlega gjöf hafi það ákveðið að læra utan að nokkrar bænir Bahá’u’lláh og syngja þær svo hátt að heyrðist um allt nágrennið. Þegar foreldrar hans og aðrir meðlimir í fjölskyldu Meistarans kvörtuðu svaraði Shoghi Effendi, að sögn dr. Baghdadi, „Meistarinn sagði mér að syngja svo hann gæti heyrt til mín! Ég er að gera mitt best!“ Hann hélt áfram að syngja eins hátt og hann gat margar klukkustundir á dag. Loks báðu foreldrar hans Meistarinn um að þagga niður í honum en hann sagði þeim að láta Shoghi Effendi vera. Þetta var ein hliðin á söng litla drengsins. Okkur er sagt að það hafi verið önnur hlið: hann hafði lagt á minnið nokkrar hjartnæmar málsgreinar sem ‘Abdu’l-Bahá hafði skrifað eftir uppstigningu Bahá’u’lláh og þegar hann söng þær runnu tárin niður litla alvörufegna andlitið. Annar heimildarmaður sagði okkur að þegar vestrænn vinur sem bjó á heimili Meistarans á þeim tíma bað hann að opinbera bæn fyrir börn gerði hann það og sá fyrsti sem lærði bænina og söng hana var Shoghi Effendi. Hann söng hana einnig á fundum vinanna.

Barnfóstra Shoghi Effendi var vön að segja að þegar hann var enn á barnsaldri hafi Meistarinn verið vanur að fá einn múslímanna sem söng í moskunn til að koma a.m.k. einu sinni í viku og syngja fyrir barnið hljómpýðri rödd fagrar og göfugar ritningargreinar Kóransins. Meistarinn sjálfur, móðir Verndarans og margir aðrir á heimilinu sungu öll vel. Allt þetta hlýtur að hafa haft mikil áhrif á Shoghi Effendi sem hélt áfram að syngja bænir til æviloka. Hann hafði ólýsanlega rödd með mikilli fyllingu, hún var hvorki mjög há né lág og hljómfallið fagurt hvort heldur hann talaði á ensku eða persnesku. Mér þótti röddin alltaf bera keim af kveinstöfum dúfu sem kurrar við sjálfa sig á trjágrein. Þessi raunamæddi og angurværi undirtónn öruggar hljómpýðrar söngraddar nísti hjartað. Sérkennilegt þótti mér að heyra þann greinilega blæbrigðamun sem var á röddinni eftir að hann hafði sungið bæn í grafhýsi Bábsins og síðan farið inn í grafhýsi Meistarans og sungið þar bæn ‘Abdu’l-Bahá „*Auðmjúkur og tárfeðlandi teygi ég biðjandi hendur mínar til þín.*“ Rödd Verndarans fylltist blíðu og löngun sem ekki heyrðist annarsstaðar. Þessi blæbrigðamunur brást aldrei og breyttist ekki.

Einn bahá’íanna hefur í endurminningum sínum um þessa fyrstu daga skrifað að dag nokkurn hafi Shoghi Effendi komið inn í herbergi Meistarans, tekið upp penna og reynt að skrifa. ‘Abdu’l-Bahá tók hann til hliðar, klappaði blíðlega á öxl hans og sagði: „Nú er ekki tími til að skrifa, nú er tími til að leika sér, þú átt eftir að skrifa heilmikið í framtíðinni.“ Engu að síður varð lærdómsþorsti barnsins til þess að barnakennsla hófst á heimili Meistarans og kennarinn var aldraður persneskur átrúandi. Ég veit að eitt sinn þegar Shoghi Effendi var á barnsaldri, sennilega meðan hann var enn í Akka, var honum og öðrum barnabörnum kennt af ítalskri kennslukonu, gráhærðri eldri konu sem kom í heimsókn stuttu eftir að ég giftist.

Þótt þessum fyrstu árum í lífi Shoghi Effendi hafi verið eytt í fangelsisborginni Akka, sem var umlukin síkjum og múrum með varðmenn við bæði borgarhlið, þýðir það ekki að hann hafi ekki fengið tækifæri til að hreyfa sig. Hann hlýtur oft að hafa farið á heimili bahá’ía sem bjuggu í borginni, til pílagrímahússins, í Riðvángarðinn og til Bahjí. Oft var hann himinlifandi félagi afa síns á þessum ferðum. Okkur er sagt að stundum hafi hann dvalið nætursakir í Bahjí, í húsinu sem nú er notað sem pílagrímmamiðstöð. ‘Abdu’l-Bahá kom stundum sjálfur, breiddi ofan á hann og sagði „Ég þarf á honum

að halda.“ Einnig var farið með hann til Beirut, einu stórborgarinnar á öllu þessu svæði sem meðlimir í fjölskyldu ‘Abdu’l-Bahá’ heimsóttu oft. Dr. Baghdadi segir frá því að í einni heimsókninni hafi Shoghi Effendi, sem þá var 5 eða 6 ára gamall, komið með foreldrum sínum, Hinu helgasta laufi og öðrum úr fjölskyldunni, eytt mestöllum tímanum í herbergi dr. Baghdadi, skoðað myndirnar í læknabókunum hans og spurt spurninga. Svo virðist sem hann hafi viljað sjá eitthvað krufið; hann gerði sér ekki að góðu að sjá bara myndirnar. Þekkingarþráin (og efalaust þessi stóru augu, svo krefjandi og gáfuleg) bræddu hjarta unga læknanemans sem fékk þjón til að skjóta stóran villikött og krufði hann að Shoghi Effendi, frænku hans og þjóninum viðstöddum. Þau horfðu á þetta þegjandi og gagntekin. Að krufningu lokinni spurði dr. Baghdadi sjálfan sig að því hvernig svona lítið barn gæti hafa skilið það sem fram fór og varð furðu lostinn þegar hann heyrði Shoghi Effendi endurtaka orð fyrir orð helstu atríði þess sem hann hafði lýst meðan á krufningunni stóð. „Ég sagði við sjálfan mig,“ skrifar dr. Baghdadi, „þetta er ekkert venjulegt barn, þetta er sannarlega dýrmætur og ástkær engill!“ Ein af fyrstu námsgreinum Shoghi Effendi árið 1916 var dýrafræði og hann hefur þá efalaust minnst þessarar fyrstu kennslustundar sinnar í líffærafræði. Dr. Baghdadi segir einnig frá því að fyrir utan ríka námshæfileika hafi hjarta Shoghi Effendi verið svo blítt og viðkvæmt að ef hann gerði á hlut einhvers leikfélaga—jafnvel þótt hann hefði aldrei gert slíkt nema félaginn hefði haft rangt við—gat hann ekki farið að sofa fyrr en hann hafði faðmað hann og sætst við hann. Hann hvatti ætíð litlu félagana sína til að jafna ágreining sinn áður en þeir færu að sofa.

Shoghi Effendi dreymdi stundum áhrifamikla og merkilega drauma, bæði þægilega og ónotalega. Sagt er að þegar hann var barn að aldri hafi hann vaknað eina nóttina grátandi. Meistarinn sagði barnfóstrunni að koma með hann til sín til þess að hann gæti huggað hann. Meistarinn sagði þá við systur sína, Hið helgasta lauf: „Sjáðu, hann er strax farinn að dreyma!“

Það fara litlar sögur af því hvað öðrum en bahá’íum fannst um þennan afason ‘Abdu’l-Bahá. Ein þeirra er þó þess virði að hún sé sögð. Hana er að finna í endurminningum þýskrar konu, dr. J. Fallscheer, sem var læknir og sinnti konunum á heimili ‘Abdu’l-Bahá. Þess ber að minnast að þessi sérlega athyglisverða frásögn var ekki rituð fyrr en 11 árum eftir að sá atburður gerðist sem hún lýsir en engu að síður hefur

hún mikla þýðingu:

Þegar ég kom aftur heim 6. ágúst 1910 eftir að hafa sinnt læknerindum á Karmel-fjalli sagði gamli þjónninn okkar, Hadtschile, við mig: „Rétt í þessu var þjónn Abbas Effendi hér og sagði að læknerinn ætti að koma ‘asser’ (kl. 3) til híbýla kvennanna hjá Meistarannum því að ein þjónustustúlkan væri með slæmt sár á fingri. Mér var ekki um að hefja vitjanir mínar svo snemma á laugardags eftirmiðdegi en ég vissi að Meistarinn myndi aldrei gera boð eftir mér utan vinnutíma nema brýn ástæða væri til og því ákvað ég að fara . . . Þegar allt var afstaðið og bundið hafði verið um fingurinn og höndin sett í fatla sendi Behia Khánum hina þjáðu stúlku í rúmið og bauð mér upp á hressingu með sér og konunum á heimilinu. Þegar við vorum að drekka kaffi töluðum við tyrknesku, sem var auðveldari fyrir mig en arabíska. Þá kom þjónn og sagði: „Abbas Effendi biður læknerinn að koma til sín í *selamlik* (setustofuna) áður en hún fer . . . Meistarinn spurði mig um liðan ungu stúlkunnar og hvort hættan á blóðeitrun væri liðin hjá. Ég gat fært honum jákvæðar fréttir. Þá kom tengdasonurinn (eiginmaður elstu dóttur Abbas Effendi) inn í herbergið, auðsjáanlega í þeim erindagerðum að ræða við Meistarann. Í fyrstu tók ég ekki eftir að á hæla hins hávaxna virðulega manns kom elsti sonur hans, Shoghi Effendi, inn í herbergið. Hann heilsaði virðulegum afa sínum að austurlenskum sið með því að kyssa á hendi hans. Ég hafði áður séð drenginn tilsýndar við önnur tækifæri. Behia Khánum hafði nýlega sagt mér að þessi drengur, sem sennilega var 12 ára gamall, væri elsti afkomandi fjölskyldu spámansins í beinan karlegg og honum einum væri ætlað að verða arftaki og fulltrúi (vazir) Meistarans. Meðan Abbas Effendi ræddi á persnesku um eitthvert málefni við Abu Shoghi (föður Shoghi Effendi), sem stóð fyrir framan hann, heilsaði drengurinn okkur hæversklega og kyssti einnig hönd frænku sinnar en stóð síðan nálægt dyrunum. Allt fas hans og viðmót lýsti djúpri virðingu. Þá komu nokkrir persneskir menn inn í herbergið og í um það bil stundarfjórðung skiptust þeir á kveðjum, komu og fóru, heilsuðu og kvöddu. Behia Khánum og ég drógum okkur í hlé hægra megin í herberginu nálægt glugganum og héldum áfram að tala saman á tyrknesku lágum rómi. Ég hafði samt ekki augun af hinum kornunga Abbas Effendi. Hann var klæddur í evrópsk sumarföt, stuttbuxur og háa sokka sem náðu upp yfir hnén, og stuttan jakka. Af hæð hans að dæma gæti hann hafa verið 13 eða 14 ára gamall . . . Í andlitinu, sem enn var barnslegt, vöktu dökk, fullorðinsleg og angurvær augu strax athygli mína. Drengurinn stóð þarna hreyfingarlaus með undirgefnu látbragði. Eftir að faðir hans og maðurinn sem með honum var höfðu kvatt Meistarann hvíslaði faðir hans einhverju að honum. Unglingurinn nálgadist þá elskaðan afa sinn hægum

rólegum skrefum eins og fullorðinn maður, beið þess að verða ávarpaður og svaraði síðan afdráttarlaust á persnesku, var kvaddur með brosi og leyft að kyssa hönd afans með virðingu. Það hafði mikil áhrif á mig hvernig unglingurinn gekk aftur á bak þegar hann yfirgaf herbergið og hvernig dökk, einlæg og hjartanleg augu hans viku aldrei eitt andartak af bláu töfrumþrungna augnaráði afa hans.

Abbas Effendi reis á fætur og kom til okkar og við stóðum strax upp en Meistarinn hvatti okkur til að setjast og settist sjálfur án allra formlegheita á stól beint á móti okkur. Eins og venjulega biðum við þess þegjandi að hann ávarpaði okkur sem hann og gerði: „Jæja dóttir mín,“ sagði hann, „Hvernig líst á minn framtíðar Elísa?“ „Meistari, ef ég má tala hreint út verð ég að segja að í andliti þessa dreng sé ég augu þjáningar, augu þess sem mikið mun þjást!“ Hugi horfði Meistarinn framhá okkur út í fjarskann og löng stund leið áður en hann leit aftur á okkur og sagði: „Afasonur minn hefur ekki augu frumkvöðuls, bardagamanns eða sigurvegara, en í augum hans býr djúp tryggn, þolgæði og samviskusemi. Og veist þú dóttir mín hversvegna hann mun erfa þá þungu byrði að verða vesír minn (háttsettur fulltrúi)?“ Án þess að biða eftir svári mínu beindi hann meira augnaráði sínu að systur sinni en mér eins og hann hefði gleymt nærveru minni og sagði: „Bahá'u'lláh, Hin mikla fullkomnun—blessuð veri orð hans í fortíð, nútíð og allri framtíð—valdi mig þýðingarlausan sem arftaka sinn, ekki vegna þess að ég var frumburður hans, heldur vegna þess að innri augu hans höfðu séð innsigli Guðs á enni mínu.

Áður en Hinn blessaði opinberandi steig upp til hins eilífa ljóss minnti hann mig á að ég yrði líka, án tillits til aldurs eða frumburðarréttar, að gæta að því meðal sona minna og sona þeirra hverjum Guð hefði ætlað þetta embætti. Synir mínir létust á viðkvæmasta skeiði og meðal afkomenda minna hafði aðeins Shoghi litli skuggann af mikilli köllun í djúpum augna sinna.“ Síðan varð aftur löng þögn og þá sneri Meistarinn sér aftur að mér og sagði: „Eins og stendur er breska heimsveldið hið stærsta í heimi, það stækkar enn og tungumál þess er heimstungumál. Í Englandi verður framtíðar-vesírin minn búinn undir sitt þungvæga embætti eftir að hann hefur fengið grundvallarþekkingu á Austurlandamálum og visku Austurlanda hér í Palestínu.“

Ég dirfðist þá að skjóta inn athugasemd: „Verður ekki vestræn menntun og þjálfun í Englandi til þess að endurmóta eðli hans, loka alhliða og fjölhæfum huga hans í stirðnaðri vitsmunahyggju, kæfa austrænt innsæi hans og dulvitund með kreddum og siðvenjum þannig að hann verði ekki lengur þjónn Hins almáttuga heldur þræll vestrænnar tækifærishyggju og grunnhyggni hversdagslífsins?“ Það varð löng þögn! Þá reis Abbas Effendi 'Abdu'l-Bahá á fætur og sagði sterkri alvörubrúninginni rödd: „Ég gef Bretum ekki Elísa minn til að uppfræða hann. Ég gef hann og helga

Hinum almáttuga. Augu Guðs munu vaka yfir barninu mínu, einnig í Oxford—Inshallah!“

Orðalaust og án þess að kveðja yfirgaf Meistarinn herbergið.

Ég kvaddi Behia Khanum og þegar ég fór sá ég Meistarann standa í garðinum, að því er virtist djúpt sokkinn í hugsanir sínar og horfa á fíkjutré sem svignaði undan ávöxtum.

Þegar ég dvaldi í Lugano í nóvember 1921 frétti ég af andláti Abbas Effendi ‘Abdu’l-Bahá í Haifa og hugurinn leitaði aftur til þessarar löngu liðnu stundar í ágúst 1910. Ég óska Elísa—Shoghi—allra heilla og alls góðs—Inshallah.

Mörgum árum seinna bað ‘Abdu’l-Bahá vin sinn, Lamington lávarð, virtan skoskan aðalsmann, sem dáði og virti ‘Abdu’l-Bahá, að nota sambönd sín til að Shoghi Effendi fengi inngöngu í háskólann í Oxford. Ekki er útilokað að hann hafi nefnt þessa fyrirætlan sína í samtali við dr. Fallscheer, en við höfum vitanlega ekkert í höndunum sem stutt gæti frásögn hennar.

Þegar ‘Abdu’l-Bahá flutti fyrst inn á nýtt heimili í Haifa (sem meðlimir fjölskyldu hans höfðu notað frá því í febrúar 1907, ef ekki fyrr) voru fjölskyldumeðlimirnir í öllum vistarverum hússins; en fjölskyldur tveggja dætra hans fluttu til sinna eigin heimila í grenndinni. Í húsinu var alltaf þröng ættingja, barna, þjóna, pílagríma og gesta. Síðar meir þegar Shoghi Effendi var ekki í skóla bjó hann í litlu herbergi við hliðina á ‘Abdu’l-Bahá. Húsið fékk ekki rafmagn fyrr en skömmu fyrir andlát ‘Abdu’l-Bahá og það var ekki tengt fyrr en eftir útför hans. Fjölskyldan notaði lampa. Oft sá Meistarinn ljós loga í herbergi Shoghi Effendi seint um kvöld og fór þá að dyrunum og sagði: „Gott! Gott! Farðu að sofa!“ Hann var hinsvegar mjög ánægður með alvörufefni Shoghi Effendi, Verndarinn sagði mér eitt sinn að Meistarinn hafi komið til hans í setustofunni þar sem hann var að vinna. Hann stóð við gluggann og horfði út í garðinn og sneri baki í Shoghi Effendi. Hlátur og mas fjölskyldunnar barst frá annarri vistarveru. ‘Abdu’l-Bahá sneri sér að Shoghi Effendi og sagði „Ég vil ekki að þú verðir eins og þau—veraldlegur.“ Í annað sinn sagði Shoghi Effendi mér að Meistarinn hefði snúið sér að eiginkonu sinni og sagt „Horfðu á augu hans, þau eru eins og tært vatn.“ Shoghi Effendi minntist þess líka hvernig Meistarinn sem augsýnilega hafði staðið við glugga andspænis aðalhliðinu, hefði séð Shoghi Effendi ganga rösklega upp tröppurnar. Hann sendi honum skilaboð: „Ekki ganga

svona, gakktu með virðuleik!“ Shoghi Effendi var þá fullorðinn maður og þjónaði meistaranum með margvíslegum hætti. Í þá daga áður en hann fór til Englands gekk hann í síðum kyrtlum, með mittislinda og rauða Tyrkjahúfu á höfðinu. Myndir sýna að húfan var aftarlega á höfðinu, mjúkt næstum svart hárið bylgjaðist undan henni, enni hans breitt og hrukkulaust, fylling í andliti hans, fagursköpuð einbeitt haka og stór augu sem virtust vera dökk. Varir hans voru sérkennilegar að því leyti af sú neðri virtist samhverfa þeirri efri, báðar greinilega rjóðar að lit. Eftir unglingsárin var hann alltaf með lítið velhirt dökkt yfirvaraskegg.

Áður en Meistarinn fór í ferðir sínar til Vesturlanda voru heimilisvenjurnar mjög að austrænni fyrirmynd. Þegar hann sneri heim aftur voru nokkrar vestrænar venjur innleiddar smám saman. Í dagbók mína hef ég skrifað: „Shoghi Effendi var rétt í þessu að lýsa fyrir mér mjög líflegum hádegisverði á tímum Meistarans. Hann sagði að kl. 11 fyrir hádegi hafi Meistarinn kominn inn í stóra salinn og spurt Am Quli „*Saat chaneh?*“ [Hvað er klukkan?] Am Quli hafði það verkefni að fylgjast með tímanum. Þjónustustúlkurnar settu teppi á gólfið í gömlu testofunni og náðu í lágt en gríðarstórt kringlótt borð sem geymt var í ganginum. Þær settu borðið á teppið og lögðu á það nokkra gamaldags málmdiska [sennilega gljábrennda] og nokkrar skeiðar—allt af tilviljun, aldrei var nóg af þeim handa öllum. Þær dreifðu brauði yfir borðið ásamt nokkrum munnþurrkum... Meistarinn kom inn, settist og kallaði til þeirra sem voru viðstaddir—tengdasona, frænda, annarra skyldmenna o.s.frv. „*biya beshnid*“ [komið og setjist]...Hann snæddi stundum með skeið, stundum notaði hann hendurnar. Hann þjónaði einnig öðrum til borðs og færði þeim hrísgrjón. Þegar máltíðin var um það bil hálfnuð kom Khánum [Hið helgasta lauf] inn frá eldhúsinu, skipti um inniskó við innganginn.. settist síðan með disk af snarli við hlið Meistarans; þar átti hún sér alltaf víst sæti. Smámsaman bættust fleiri í hópinn, konur, gestir, börn, dætur Meistarans o.s.frv. [Meistarinn og karlmennirnir sem borðuðu fyrst voru þá farnir út.] Shoghi Effendi sagði að þá hafi brotist út gauragangur, börnin grétu, hrópuðu, allir töluðu og það var almenn ringulreið. Hann sagði að barnabörnin, þar með talinn hann sjálfur, hafi beðið eftir munnfylli af mat Khánum því hann bragðaðist alltaf best. Verndarinn fékk venjulega þessa munnfylli enda eftirlætið hennar! Þegar konurnar á heimilinu voru búnar að borða settust þjónustustúlkurnar við sama borð og snædd... Þegar

Meistarinn kom aftur frá Vesturlöndum voru vestrænir síðir smám saman teknir upp varðandi borðhald, leirtau, stólar, hnífapör o.s.frv.“

Snúum þá aftur til Akka og æskuára Shoghi Effendi. Þótt enginn vafi leiki á því að ‘Abdu’l-Bahá hafi gert allt til að tryggja að æskuár Shoghi Effendi væru eins hamingjusöm og áhyggjulaus og unnt var, er útilokað að svo næmt og gáfað barn hafi ekki orðið vart við þær miklu hættur sem vofðu yfir ástkærum afa hans á árunum skömmu áður en Tyrkjasoldán var velt úr sessi. Heimsóknir tyrkneskra yfirvalda sem send voru til að kanna eittraðar ákærur sáttmálsbrjótanna á hendur ‘Abdu’l-Bahá, stöðugt leynimakk þeirra um að ráða hann af dögum, hótun um aðskilnað og nýja útleið til Libíu hlýtur að hafa skapað andrúmsloft kvíða og mikillar spennu í fjölskyldu Meistarans. Það er óhugsandi að þetta hafi látið Shoghi Effendi ósnortinn. Þetta var tími ofsafenginna sáttmálsbrota; samfélag átrúendanna sem hafði komið í útleiðina með Bahá’u’lláh, að fáeinum trúföstum sálum undanskildum, var að mestu leysi smitað af vírus þessa banvæna andlega sjúkdóms. Sumir gengu opinskátt í lið með Muḥammad ‘Alí, uppreisnargjörnum hálfbróður ‘Abdu’l-Bahá, sumir sýndu honum opinskátt samúð. Það var á þessum tíma sem ‘Abdu’l-Bahá sagði Shoghi Effendi að hann mætti aldrei drekka kaffi á heimili neins bahá’ía. Hann var hræddur um að þessu dýrmæta barnabarni sínu yrði byrjað eitur! Shoghi Effendi sagði mér þetta sjálfur og þegar haft er í huga að hann var aðeins ungur drengur á þessum tíma er ljóst hve alvarlegar hættur stöðjuðu að þeim öllum á þessum tíma.

Það var hugsanlega vegna þessa ástands sem stöðugt varð alvarlegra að ‘Abdu’l-Bahá sendi Shoghi Effendi til Haifa með barnfóstru sinni en þar bjuggu nokkrir átrúendur. Dagsetninguna veit ég ekki en þetta gerðist meðan hann var enn á barnsaldri. Franska var fyrsta erlenda tungumálið sem hann lærði og þótt hann hafi síðar verið ófús að tala frönsku opinberlega þar sem honum þótti hann hafa ryðgað í málinu vegna lítillar notkunar, hafði hann, a.m.k. í mínum eyrum, fullkomið vald á henni. Þegar hann var að reikna og leggja saman tölur gerði hann það alltaf eldingarsnöggt á frönsku. Árið 1907 bjó hann með þessari sömu barnfóstru, Hájar Khátún, sem hafði verið með honum frá því hann var hvítvoðungur, í nýbyggðu húsi, sem varð síðasta heimili ‘Abdu’l-Bahá og síðar heimili Verndarans. Það var í þessu húsi sem Shoghi Effendi dreymdi mjög þýðingarmikinn draum sem hann sagði mér síðar og ég skrifaði niður. Hann sagði að þegar hann var 9 eða 10

ára gamall og bjó með barnfóstrunni í þessu húsi og sótti skóla í Haifa hafi hann dreymt að hann og annað barn, arabískur skólafélagi, hafi verið í stofunni sem ‘Abdu’l-Bahá notaði til að taka á móti gestum og þar sem Meistarinn bjó sjálfur og Shoghi Effendi hafði fæðst. Bábin kom inn í herbergið. Á eftir honum kom maður með skammbyssu og skaut á Bábin. Hann sagði síðan við Shoghi Effendi „Nú er komið að þér“ og byrjaði að elta hann um herbergið með byssuna á lofti. Við það vaknaði Shoghi Effendi. Hann sagði barnfóstru sinni drauminn en hún sagði honum að segja Mirza Asadullah frá honum og biðja hann að segja Meistarinum. Meistarinn svaraði með því að opinbera eftirfarandi töflu. Sérkennilegt var, að sögn Shoghi Effendi, að einmitt á þessum tíma hafi ‘Abdu’l-Bahá verið í mikilli hættu og skrifað eina af erfðaskráum sínum þar sem hann útnefndi Shoghi Effendi Verndara trúarinnar.

Hann er Guð

Shoghi minn

Þessi draumur er mjög góður. Vertu þess fullviss að návist Hans heilagleika, hins upphafna, megí sál minni verða fórnað honum, er sönnun þess að þér hefur hlotnast náð Guðs og öðlast mestu hylli hans og ædstu gjafir. Hið sama gildir um það sem síðar kom í drauminum. Það er von mín að þú megir birta góðar gjafir Abhá fegurðarinnar og vaxa dag frá degi í trú og þekkingu. Á næturnar skaltu biðja og sárþæna og á daginn gera það sem er krafist af þér.

‘Abdu’l-Bahá

Shoghi Effendi var sérstaklega hændur að barnfóstru sinni sem ‘Abdu’l-Bahá minnst á í bréfi til systur sinnar þar sem hann segir: „Kysstu blómið í garði sætleikans og færðu Hájar Khátún kveðju.“ Ég hef skrifað í dagbók mína: „Shoghi Effendi sagði mér í kvöld hve hryggur hann hafi orðið þegar barnfóstran sem hafði alið hann upp lést í Alexandretta. Hann sagði að móðir sín hefði verið staðráðin í að losna við hana þegar hún varð eldri. Hann skynjaði það og tók það mjög óstínt upp þótt hann væri aðeins 9 eða 10 ára. Þegar fréttir bárust um andlát hennar var hann staddur í Carm, í garði föður síns. Hann sagði að hann hefði farið í burtu í myrkrinu og grátið yfir henni. Þá var hann aðeins 12 ára. Hollusta hans við barnfóstruna var orðlögð í fjölskyldunni.“

Shoghi Effendi gekk í besta skólann í Haifa, *College des Freres*,

sem stjórnað var af jesúítum. Hann sagði mér að hann hefði verið mjög vansæll þar. Mér skildist raunar á honum að hann hafi aldrei unað sér vel, hvorki í skóla né háskóla. Þrátt fyrir glaðlyndið í eðli hans, hlaut viðkvæmni hans og bakgrunnur—svo ólíkur öðrum á allan hátt—að aðgreina hann frá öðrum og valda margskonar hjartasorg. Hann var að sönnu einn þeirra sem hafa svo opin og saklaus hjörtu, skarpa greind og ástúðlegt eðli að þeim falla í skaut þyngri áföll og þjáningar en flestum öðrum. Vegna þess hve vansæll hann var í þessum skóla ákvað 'Abdu'l-Bahá að senda hann til Beirut þar sem hann gekk í annan kaþólskan skóla, dvaldi á heimavist en var jafn vansæll og fyrr. Þegar fjölskylda hans frétti af þessu sendi hún konu, bahá'ía sem hún treysti, til að leigja húsnæði fyrir Shoghi Effendi í Beirut og annast hann. Ekki leið á löngu uns hún skrifaði föður hans að hann væri mjög óánægður í skólanum, neitaði stundum að fara í skóla dögum saman, væri að grennast og veslast upp. Faðir hans sýndi 'Abdu'l-Bahá bréfið og hann gerði ráðstafanir til þess að Shoghi Effendi fengi inngöngu í sýrlenskan mótmælendaskóla, sem var framhaldsskóli og fékk síðar heitið Ameríski háskólinn í Beirut. Verndarinn fór í þennan skóla að loknu grunnskólanámi. Hann eyddi fríunum heima í Haifa eins oft og hann gat í návist afa síns, sem hann elskaði og dáði og var einráðinn í að helga líf sitt þjónustu við hann. Allt nám Shoghi Effendi miðaði að því að gera hann hæfan til að þjóna Meistar anum, túlka fyrir hann og þýða bréf hans á ensku.

Shoghi Effendi sagði mér að á þessum fyrstu námsárum í Haifa hafi hann beðið 'Abdu'l-Bahá að gefa sér sitt eigið nafn til þess að honum yrði ekki ruglað saman við frændur hans sem allir voru kallaðir Afnan. Meistarinn gaf honum þá nafnið Rabbani, sem þýðir „himneskur“. Það var einnig notað af bræðrum hans og systur. Í þá daga voru engin eftirnöfn, fólk var kallað eftir heimaborg sinni, elsta syni eða framámanni í fjölskyldunni.

Það er afar erfitt að rekja nákvæma atburðarás þessara ára. Allra augu beindust að afanum og hversu mjög sem fólkið elskaði og virti elsta barnabarn hans er staðreyndin sú, að þegar sólin skín sjá menn ekki ljósið sem skín í lampanum! Í nokkrum frásögnum pílagríma, eins og Thornton Chase, fyrsta ameríska átrúandans sem heimsótti Meistarann 1907, er minnst á „Shoghi Afnan“. Chase birti reyndar mynd af Shoghi Effendi í fötum sem hann klæddist venjulega í þá daga, stuttbuxum, löngum dökkum sokkum, með tyrkjahúfu á höfðinu, í jakka með

risastóran sjómannaþruga sem huldi axlir hans. En heimildirnar nægja ekki til að fylla í allar eyðurnar. Jafnvel þeir sem fylgdu 'Abdu'l-Bahá á ferðum hans til Vesturlanda og héldu nákvæmar dagbækur skráðu ekki mikið um athafnir barns sem var aðeins 13 ára gamalt þegar 'Abdu'l-Bahá lagði af stað í sögulegar ferðir sínar til Evrópu og Ameríku.

Ekki fyrr hafði 'Abdu'l-Bahá verið leystur úr langri fangavist og sest að í Haifa en hann byrjaði að hugleiða þessar ferðir. Í frétt sem birtist ameríska fréttabréfinu *Bahá'í News* 1910 segir: „Þú hefur spurt um brottför 'Abdu'l-Bahá til Egyptalands. 'Abdu'l-Bahá sagði engum að hann væri að fara frá Haifa . . . innan tveggja daga kallaði hann til sín M.N., Shoghi Effendi, K. og þennan þjón.“ Einn bahá'íanna minnst þess að skömmu fyrir sólsetur síðdegis sama septemberdag og skip 'Abdu'l-Bahá hélt til Port Said í Egyptalandi, hafi Shoghi Effendi setið á tröppunum við hús Meistarans, raunamæddur, einn og yfirgefinn, og sagt eitthvað á þessa leið: „Meistarinn er um borð í skipinu. Hann skildi mig eftir en það er áreiðanlega einhver viska í þessu!“ Ástríkur Meistarinn vissi án efa vel hvað fram fór í huga afasonarins og sendi eftir honum til að milda þetta áfall af fyrsta alvarlega viðskilnaðinum. Frekari upplýsingar er ekki að finna um þetta atvik. Við vitum að Meistarinn dvaldi í um það bil einn mánuð í Port Said og fór síðan til Alexandríu í stað Evrópu eins og hann ætlaði upprunalega. Hversu lengi Shoghi Effendi var með honum í Egyptalandi vitum við ekki en gera má ráð fyrir að hann hafi farið strax til Sírlands þegar skólinn hófst snemma í október. Við vitum að í apríl 1911 var Shoghi Effendi aftur með Meistarinum í Ramleh, úthverfi Alexandríu, því að bahá'í gestur frá Ameríku, Louis Gregory, fyrsta þeldökka Hönd málstaðarins, nefnir að hann hafi þann 16. apríl hitt Shoghi, „mjög fallegan dreng, afason 'Abdu'l-Bahá“, og segir að hann hafi sýnt pílgrímunum mikla ástúð. Í ágúst sama ár fór Meistarinn í fyrstu heimsókn sína til Evrópu og kom aftur í desember 1911. Hve langur tími leið þangað til hann sendi eftir elsta afasyni sínum vitum við ekki en við vitum þó að hann var búinn að gera áætlun—kannski vegna þeirra áhrifa sem ferðin til Evrópu hafði á hann, kannski vegna þess hve mjög hann saknaði Shoghi Effendi—og sú áætlun gerði ráð fyrir að Shoghi Effendi færi með í ferðina til Ameríku.

Verndarinn sagði mér sjálfur frá því að Meistarinn hafi pantað fyrir hann síða kyrtla og tvo túrbana, annan grænan og hinn hvítan eins og Meistarinn bar sjálfur. Þessu átti Shoghi Effendi að klæðast í Ameríku.

Þegar fatnaðurinn kom og Shoghi Effendi klæddist honum til að sýna ‘Abdu’l-Bahá, sagði hann að augu Meistarans hefðu ljómað af stolti og gleði. Hvaða þýðingu þessi ferð til Vesturlanda í návist ‘Abdu’l-Bahá kynni að hafa haft fyrir Shoghi Effendi er útilokað að segja. Vélabrögð svikuls og fyrirlitlegs sáttmálsbrjótis kom í veg fyrir að af henni yrði. Þetta var dr. Amin Fareed, frændi eiginkonu ‘Abdu’l-Bahá. Hann olli Meistarinum svo stöðugu hugarangri, að Shoghi Effendi sagði að þegar Meistarinn kom loks heim aftur til Haifa 5. desember 1913 hafi hann strax farið til herbergis konu sinnar, sest niður, veifað hendinni og sagt veikri rödd: „Doktor Fareed hefur bugað mig!“ Shoghi Effendi var aldrei í vafa um að Fareed hafi átt sök á því að hann komst ekki í þetta sögulega ferðalag.

Þann 25. mars 1912 héldu ‘Abdu’l-Bahá, Shoghi Effendi og nokkrir ritara og þjónar áleiðis til Evrópu frá Alexandríu á skipinu S.S. *Cedric* frá White Star skipafélaginu. Þegar skipið kom til Napolí kváðu ítalskir fulltrúar frá heilbrigðiseftirlitinu upp þann úrskurð að augu eins ritarans, eins þjónsins og Shoghi Effendi væru sýkt. Þeim var skipað að snúa aftur til Miðausturlanda. Í dagbók sinni segir Mirza Mahmud frá þessum atburði og bætir því við að þótt ‘Abdu’l-Bahá, förunautar hans og amerísku vinirnir hafi gert allt sem í þeirra valdi stóð, hafi þessum þremur verið meinuð landganga. Yfirvöldin sögðu að jafnvel þótt þeim yrði leyft að fara áfram til Ameríku myndu heilbrigðisyfirvöld þar senda þá tilbaka. ‘Abdu’l-Bahá eyddi heilum degi í að reyna að telja þeim hughvarf en þá um kvöldið eftir raunalega kveðjustund hafi hann neyðst til að fara um borð í skipið sem sigldi til Ameríku. Af orðunum sem hann beindi það kvöld til fylgdarmanna sinna mátti greinilega ráða að hann taldi að úrskurður um sýkingu í auga Shoghi Effendi væri uppspuni og hafður að yfirvarpi til að senda hann heim aftur: „Þessir Ítalir héldu að við værum Tyrkir og skráðu okkur sem slíka. Þeir hafa stöðvað þrjá í hópnum okkar. Einn var ritari og annar kokkur—það var ekki mikilvægt. En þetta barn, Shoghi Effendi, var hjálparlaust, hversvegna voru þeir svona strangir við hann? Þeir hafa misboðið okkur með þessu háttalagi. Ég hef alltaf stutt og aðstoðað samfélag þeirra hvort heldur var í Alexandríu eða Haifa . . .“

Shoghi Effendi sagði mér að augu hans hefðu verið alheilbrigð (hann hafði alltaf mjög góða sjón) en dr. Fareed hefði gengið hart eftir því við ‘Abdu’l-Bahá að hann yrði sendur heim aftur og færði allskonar röksemdir máli ítalska læknisins til stuðnings. Hann eignaði allt þetta

íhlutun Fareed, sem var svo dæmigerð fyrir takmarkalausán metnað og endalaust leynimakk sem viðgekkst í austurlenskum fjölskyldum. Menn geta rétt ímyndað sér hvílíkri sorg þetta hefur valdið hjarta fimmtán ára gamals drengs sem var að leggja í fyrsta stóra ævintýri lífsins, hversu þá miklu fremur Shoghi Effendi, sem var svo náinn afa sínum, uppnuminn af þessari ferð um borð í stóru skipi, þessu mikla ferðalagi til Vesturlanda á tímum þegar langferðir af þessu tagi voru tiltölulega sjaldgæfar og viðburðaríkar! Hann minntist þessara atburða ævinlega með hryggð, en þó í þeim hjartnæma anda undirgefni við þau stöðugu áföll sem voru hlutskipti hans alla ævi. Auðvelt er að segja að þetta hafi verið vilji Guðs—en hver veit hversu oft næsta skrefi sem Guð áformar er snúið til annars og ófullkonnari vegar með illgjörnu ráðabruggi manna? Enginn vafi er á því að þessi atburður hefur fengið mjög á Meistarann en hann varð að fylgja sínum eigin ráðleggingum svo hulunni yrði ekki svipt of snemma af leyndardómnum um framtíð Shoghi Effendi og ennþá verra hlutskipti myndi bíða hans vegna öfundar og illgirni annarra.

Í fórum okkar er bréf sem Shoghi Effendi skrifaði sex mánuðum síðar til eins af riturum ‘Abdu’l-Bahá í Ameríku. Þar segir hann að þótt hann sé áskrifandi að *Star of the West* hafi nokkur eintök ekki borist. Hann biður um að fá öll eintök tímaritsins þar sem sagt er frá ferðum Meistarans í Ameríku. Hann segir að heimilisfang sitt frá og með október verði Sýrlenski mótmælendaháskólinn í Beirut þar sem hann sé innritaður. Hann undirritar bréf með nafninu „Choki Rabbani“. Hann virðist hafa stafsett nafn sitt þannig fyrstu árin, stundum þó „Shawki“ eða „Shogi“. Loks tók hann upp ritháttinn „Shoghi“, sem lýsir betur réttum framburði nafnsins á ensku. Í minnisbók sína um þessa tíma í Beirut hefur hann umritað nafnið „Shawqi Rabbani“ sem sýnir að hann var meðvitaður um þennan rithátt—þótt hann notaði hann aldrei.

Þrátt fyrir þau torveldu og lýjandi viðfangsefni sem ‘Abdu’l-Bahá stóð frammi fyrir þá mánuði sem hann dvaldi í Ameríku og síðar í Evrópu hljóta hugsanir hans oft að hafa leitað til afasonarins elskaða. Í þremur bréfum sem Meistarinn skrifaði systur sinni, Bahíyyih Khánum, Hinu helgasta laufi, meðan á ferðum hans stóð koma áhyggjur hans og ást á Shoghi Effendi í ljós: „Skrifaðu mér strax um ástand og aðstæður Shoghi Effendi, segðu frá öllu og leyndu engu; það er besta leiðin.“ „Kysstu Shoghi Effendi, ljósið og augasteininn í félagsskap hinna andlegu sálna.“ „Kysstu blómið ferska í garði sætleikans, Shoghi

Effendi.“ Orð sem þessi gefa skýrt til kynna áhyggjur hans af barni sem ekki hafði alltaf verið heilsuhraust og sem hann vissi að saknaði hans mjög sárt. Við höfum líka töflu frá ‘Abdu’l-Bahá til Shoghi Effendi þar sem hann lýsir áhyggjum sínum af heilsu hans en hvenær þessi tafla var skrifuð veit ég ekki:

Hann er Guð!

Shoghi Effendi, yfir honum hvíli dýrð hins aldyrlega! Ó þú sem ert ungur að árum og með geislandi ásýnd. Ég veit að þú hefur verið veikur og þarft að hvíla þig; það gerir ekkert til, hvíld er nauðsynleg öðru hvoru, annars verður þú aðeins veikburða og máttfarinn af of miklu striti og getur ekki unnið. Hvíldu þig í fáeina daga, það gerir ekki til. Ég vona að þú verðir undir umsjá og vernd Hinnar blessuðu fullkonnunar.

Loks var þessari löngu ferð lokið og Meistarinn sneri aftur til Egyptalands 16. júní 1913, sextíu og níu ára gamall, örmagna eftir það feiknlega átak og erfiði sem ferðinni fylgdi. Fjölskylda hans hraðaði sér til fundar við hann. Með þeim var Shoghi Effendi, sem fór til hans sex vikum eftir heimkomuna frá Ameríku. Það kynni að virðast undarlegt að hann hafi ekki farið fyrr, en þess ber að minnast að skólinn var ekki búinn fyrr en eftir fyrstu vikuna í júlí og þá þurfti Shoghi Effendi sennilega að fara sjóleiðis til Haifa frá Beirut (annar möguleiki var að fara landleiðina með ferðamannalest sem var ódýrari leið en erfiðari og tók lengri tíma). Þar hitti hann nokkra úr fjölskyldunni og þau fóru síðan öll með skipi frá Haifa til Egyptalands. Ásamt Hinu helgasta laufi og öðrum komu þau til Ramleh þann 1. ágúst, en þar hafði ‘Abdu’l-Bahá leigt einbýlishús. Shoghi Effendi sagði oft „Meistarinn var eins og úthaf“. Merkingin var sú að hann gæti tekið við öllu og gefið aftur án þess að sýna minnsta vott um óróleika eða truflun. Þessi feikilega sjálfsstjórn kemur hvergi betur í ljós en í minnisblöðum dagbókarhöfundarins. Þegar ‘Abdu’l-Bahá heyrði um komu þeirra tveggja persóna sem hann unni heitast í veröldinni sat hann í klukkustund með bahá’íum og vinum áður en hann fór heim til að bjóða þau velkomin! Í minnisbókinni 2. ágúst stendur: „Í dag kom ástvinurinn ekki strax til að hitta okkur um morguninn vegna þess að hann var að ræða við „Hið helgasta lauf“ og aðra vini sem komu með henni.“ Þegar maður setur sér fyrir sjónir fögnuð endurfundanna og les þessa hversdagslegu athugasemd fær maður ofurlitla svipmynd af þeirri hæversku, hlédrægni og virðingu sem alltaf einkenndi fjölskyldu ‘Abdu’l-Bahá. Engu að

síður fáum við þarna vísbendingu um líf Shoghi Effendi: gamlar venjur um bænahald í návist 'Abdu'l-Bahá voru teknar upp aftur og Shoghi Effendi söng einnig bænir ungri og fagurri rödd. 'Abdu'l-Bahá leiðrétti hann stundum og uppræddi. Það var ekkert óvenjulegt við þetta; ég hef sjálf oft heyrt eldri meðlimi fjölskyldunnar leiðréttu söng eða framburð þeirra sem fóru upphátt með ritningargreinar eða kvæði; enginn vafi er á því að Meistarinn hefur oft gert þetta við Shoghi Effendi. Shoghi Effendi, sem ávallt var virkur og hæfur, varð 'Abdu'l-Bahá að stöðugu gagni mánuðina sem hann dvaldi með honum áður en hann sneri aftur til námsins í Beirut. Hann tók niður bréf til persnesku átrúendanna sem 'Abdu'l-Bahá las honum fyrir meðan hann sat í garðinum þar sem hann var vanur að drekka te og taka á móti gestum. Shoghi Effendi þjónaði honum, rak erindi hans eða var sendur ásamt öðrum til að taka á móti gestum hans eða hitta þá á járnbrautarstöðinni. Okkur er sagt að 'Abdu'l-Bahá hafi sent Shoghi Effendi til að sýna nokkrum vinanna hinn fræga almennings- og dýragarð í Alexandríu. Shoghi Effendi fór til Kairó og hefur án efa strax farið að skoða pýramídana því hann var djarfur og áræðinn og þráði að heimsækja fjarlægja staði eins og mikill áhugi hans á nokkrum amerískum ferðatímamörum ber vitni.

Það var allt á fullri ferð í kringum 'Abdu'l-Bahá; píligrímar komu frá austri og vestri, meðal þeirra þekktir gamlir bahá'íar eins og Lua Getsinger og Mirza Abul Fazl, sem að lokum fengu jarðneska hvíld undir sama grafsteini í Egyptalandi mörgum árum síðar. Þá eru ótaldir átrúendur á leið til Indlands til að breiða út boðskap Bahá'u'lláh; sendinefndir ungra bahá'í stúdenta frá Beirut og Persíu; viðtöl sem Meistarinn veitti fjölmiðlum, framámönnum og háttsettum embættismönnum. Einn af riturum hans sem hafði verið með honum í Ameríku skrifaði á þessum tíma um þá takmarkalaus gleði og fögnuð sem þessir dýrmætu dagar í návist Meistarans veittu sér. Og hafi þessir dagar verið svona lifandi og skýrir í huga ritarans, hversu mikil hafa þá áhrifin ekki verið á Shoghi Effendi, jafn vonsvikinn og hann varð þegar honum var meinuð sú gleðigjöf að fara með 'Abdu'l-Bahá til Vesturlanda, jafn heitt og hann þráði návist Meistarans og fréttir af honum þá fimmtán mánuði sem þeir voru aðskildir. Hjarta sextán ára unglings er hrifnæmt og getur rúmað fögnuð sem sjaldan kemur aftur í lífinu. Ég hygg að þrátt fyrir stríðsárin sem framundan voru og allt fram að andláti Meistarans 1921 hafi þessi tími verið hinn hamingjuríkasti í lífi Shoghi Effendi.



ÞETTA BARN ER KOMIÐ Í HEIMINN

„Vissulega er þetta barn komið í heiminn. Það verður höfundur undursamlegra verka sem þú munt heyra um í framtíðinni.“

‘Abdu’l-Bahá



FÆÐINGARSTAÐUR VERNDARANS

Shoghi Effendi fæddist í þessu húsi í fangelsisborginni Akka 1897.



SHOGHI EFFENDI OG SYSTIR HANS
Myndin var tekin í Akka í kringum 1902.



SHOGHI EFFENDI
Á FYRSTU SKÓLAÁRUM SÍNUM



*„Ó Guð! Þetta er grein sem vaxið hefur á tré miskunnar þinnar...
gef honum nafnið Shoghi til þess að hann megi þrá ríki þitt...“
‘Abdu’l-Bahá*




UNGI NÁMSMAÐURINN



VERK KORTAGERÐARMANNSINS

Eitt af fyrstu kortum Shoghi Effendi var teiknað 1914 og sýnir rómverska heimsveldið.



‘ABDU’L-BAHÁ VIÐ HEIMILI SITT

Framtíðar Verndarinn er þriðji frá hægri í fremstu röð.
Myndin er tekin um 1914.

Ég man eftir tveimur sögum frá þessum dögum þegar Shoghi Effendi var í Egyptalandi með Meistarannum og hann sagði mér sjálfur. Dag einn eftir sérlega ríkulega máltíð minntist Meistarinn þess tíma í Baghdad þegar faðir hans kom úr sjálfviljugri útlegð sinni í fjöllum Sulaimaniya. Þau voru blátæk á þessum tíma en frá penna Bahá'u'lláh streymdi flóð upphafinna ritninga og nótt eftir nótt komu átrúendurnir saman allt fram í dögum og hlustuðu hugfangnir á ritningar þessarar undursamlegu opinberunar sungnar. Meistarinn sagði að þurrt brauð og döðlur á þeim dögum hefðu verið gómsætari en öll heimsins fæða. Hin sagan kom mér á óvart og gladdi mig; ég heyrði hana oft en einu sinn: Shoghi Effendi sagði að dag nokkurn hefði hann verið á leiðinni frá Alexandríu til Ramleh með Meistarannum í leigðum vagni í fylgd háttsetts tyrknesks embættismanns (Pasha) sem var á leið í heimsókn. Þegar þeir komu að húsinu og stigu út úr vagninum spurði Meistarinn stóran og stæðilegan vagnstjóran hve mikið þeir skulduðu honum. Maðurinn nefndi óhóflega háa fjárhæð. 'Abdu'l-Bahá neitaði að greiða hana en maðurinn þráaðist við og gerðist orðljótur, greip loks um mittisborða Meistarans, hratt honum fram og til baka og heimtaði greiðslu. Shoghi Effendi sagði að þetta atvik fyrir framan virtan gest hefði gert hann mjög vandræðalegan. Hann var of lítill til að geta aðstoðað Meistarann og fann til smánar og skelfingar. 'Abdu'l-Bahá var hinsvegar fullkomlega rólegur og neitaði að láta undan. Þegar maðurinn loksins sleppti 'Abdu'l-Bahá greiddi hann honum nákvæmlega það sem hann skuldaði og sagði vagnstjóranum að vegna framkomu sinnar fengi hann ekki þá vænu summu sem ætlunin var að gefa honum í þjófnefnd; hann gekk síðan burt með Shoghi Effendi og Pashanum! Enginn vafi er á því að atvik sem þetta markaði lyndiseinkunn Verndarans ævilangt. Hann leyfði aldrei að sér væri ógnað eða á sér svindlað, hversu óþægilegt eða vandræðalegt sem það var fyrir hann sjálfan og þá sem störfuðu fyrir hann.

Þau persónueinkenni sem við sáum í Shoghi Effendi þegar hann var útnefndur Verndari trúarinnar voru þegar til í fari hans í barnæsku og á unglingsárum. Í bréfi sem hann skrifar frá Beirut 8. mars 1914 til eins af riturum Meistarans í Haifa, sem hann þekkti vel, ávítar hann ritarann fyrir að vanrækja bréfaskriftir til sín: „Langur tími hefur liðið og ég hef engar fréttir fengið frá Haifa, ekki orð frá þér. Ég vona að hér verði breyting á og ég fái mörg bréf sneisafull af góðum fréttum frá landinu helga.“ Unglingurinn, sautján ára gamall, er fastur fyrir og

skörulegur. Hann heldur áfram og segist vona að „Drottinn okkar og Meistari sé við góða heilsu“ og biður um að öll ávörp og tilvísanir auk upplýsinga sem bréfritarinn kann að hafa varðandi spurninguna um Hæstarétt verði sent til hans fyrir 20. mars. Hann fylgdist af mikilli athygli með ávörpum og íhugunum Meistarans eins og sést af þessu bréfi auk þess sem hann bað um öll eintök af tímaritinu *Star of the West* þar sem sagt var frá heimsókn ‘Abdu’l-Bahá til Ameríku. En það varpar þó enn meira ljósi á áhuga og eðli Shoghi Effendi þegar hann segir í sama bréfi: „Ég er að leggja lokahönd á kort af Bandaríkjunum. Það er mjög myndrænt og fallett landakort. Vinsamlega sendu mér lista yfir allar borgir sem Drottinn okkar heimsótti í rétttri röð. Ég get þá fundið þær á kortinu.“ Hinn mikli kortagerðarmaður bahá’í heimsins var þegar tekinn til starfa!

Í minnisbókum Shoghi Effendi frá árinu 1917 sjáum við að hann hefur merkt við dagana þegar komið var með ís á heimili hans í Beirut—þetta var dæmigert fyrir skipulagshæfileika hans og nákvæmni í öllu sem hann gerði. Til æviloka var hann vanur að halda skrá yfir þá daga þegar dagblaðið hans *The Times* barst honum í hendur. Meðan hann bjó í Englandi gerðist hann áskrifandi að þessu blaði—hugsanlega besta dagblaði heims á enskri tungu og eina dagblaðinu sem Bahá’u’lláh nefnir með nafni í einni af töflum sínum. Í minnisbókunum er einnig nákvæm skrá yfir bahá’í dagatalið, meginreglur trúarinnar, minnispointar um tímabil spámanna gamla testamentisins á frönsku, útreikningar á sól- og tunglárnum, mælieiningar, vigt, afrit af töflum og upplýsingar sem sýna að hann hafði vald á Abjad talnakerfinu auk fjölda annarra upplýsinga. Höfuðeinkenni Verndarans birtast hér strax í drengnum unga.

Shoghi Effendi skrifaðist alltaf persónulega á við bahá’í vini. Eitt þessara bréfa var stílað til „Syed Mustafa Roumie“ í Burma, og dagsett „Caiffa, Sírlandi, 28. júlí, 1914“. Þar segir hann að hann sé mjög ánægður með „gleðitíðindin af hröðum framförum málstaðarins í Austurlöndum fjær“. Við sjáum einnig að hann deildi þessu bréfi með Meistarinum og segir: „Blítt heilagt bros kom á ljómandi ásýnd hans og hjarta mitt fylltist gleði. Ég vissi þá að Meistarinn er við góða heilsu því ég tók saman ummæli hans sem ég vitna til núna. „Hvar og hvenær sem ég heyri góðar fréttir af málstaðnum batnar líkamleg heilsa mín.“ Því get ég sagt þér að Meistarinum líður mjög vel og hann er hamingjusamur. Berðu indversku átrúendunum þessar góðu fréttir.

Ég vona að þær muni tvíefla hugrekki þeirra, staðfestu og löngun til að útbreiða málstaðinn.“

Shoghi Effendi gegndi líka veigamiklu hlutverki í starfi bahá'í stúdenta í Beirut. Fjöldi pílagríma frá Persíu og Austurlöndum fjær komu við í borginni á leið til og frá Haifa. Hann skrifar í öðru bréfi til sama bréfavinar með yfirskriftinni „Mótmælendaskólinn í Beirut, Sírlandi, 3. maí 1914“: „Svo aftur sé vikið að skólastarfi okkar þá hafa bahá'í fundir okkar verið endurskipulagðir og fyrst í dag erum við að senda bréf með góðum fréttum frá landinu helga til bahá'í ráða í ýmsum löndum.“

Í febrúar 1915 vann Shoghi Effendi fyrstu verðlaun í samkeppni nemenda á fyrsta og öðru ári í menntaskólanum, ekki er sagt fyrir hvað. Það var nemendafélagið sem veitti þessi verðlaun. Hann var góður nemandi en kvaðst sjálfur aldrei hafa verið talinn framúrskarandi námsmaður. Það er mikill munur á djúpum, víðum, framsýnum og rökrænum huga og eiginleikum þess gáfnafars sem iðulega er rekið áfram af metnaði og drambi og hlýtur hrós skólans og samnemendanna. Dramb eða metnaður var ekki til í eðli Shoghi Effendi. Æðsta löngun hans var að þjóna 'Abdu'l-Bahá og létta af honum einhverju af byrðum hans og áhyggjum. Í bréfi dagsettu 15. janúar 1918, sem Shoghi Effendi skrifaði til hans frá Beirut, orðar hann þetta þannig: „Ég er tekinn til við námið á ný, einbeiti mér af öllum kröfum að því og geri mitt besta til að tileinka mér það sem geti komið að gagni og búið mig undir þjónustu við málstaðinn á komandi dögum.“ Shoghi Effendi var nýkominn til Beirut frá Haifa, augsýnilega eftir jólafrí og „komst“ skrifar hann „heilum og höldnu til háskólans“ eftir að hafa lent í kulda og rigningu á leiðinni. Shoghi Effendi opinberar í öllu sem hann skrifar „ást mína og þrá eftir þér“ og lýkur bréfinu þannig: „Ég hef sent þér ostbita með póstinum og vona að þér líki hann vel.“ Hann undirskrifar bréfið „Þinn auðmjúki og lítilláti þjónn Shoghi“. Þegar þess er minnst að tugir þúsunda manna og kvenna eru taldar hafa soltið í hel í stríðinu í Líbanon fær þessi gjöf á einum ostbita á sig aðra mynd.

Á stríðsárunum stundaði Shoghi Effendi BA-nám við Ameríska háskólann í Beirut. Þessi tími varpaði djúpum kvíðaskugga á annars glatt og léttlynt eðli hans. Þetta kemur fram í einu af bréfum hans sem var skrifað í apríl 1919, þar sem hann vísar til „langra og ömurlegra styrjaldarára, blóðsúthellinga, hungursneyðar og plágu þegar landið helga einangraðist frá öðrum svæðum heims og varð að þola

átakanlegustu kúgun, harðstjórn og eyðileggingu...“ Þessi ár höfðu í för með sér stöðugt vaxandi hættu fyrir elskaðan afa hans og þungbæran sult og skort fyrir flesta íbúana, þar á meðal hans eigin fjölskylda. Þegar heimsstyrjöldinni var að ljúka varð ógnin um loftárásir á Haifa svo þrúgandi að ‘Abdu’l-Bahá flutti fjölskyldu sína til þorps við rætur fjallanna hinumegin við Akka-flóann. Þar var hún í nokkra mánuði og ‘Abdu’l-Bahá dvaldi þar einnig um tíma. En mesta ógnin við líf Meistarans kom þegar yfirmaður tyrkneska heraflans, „hinn grimmi, voldugi og samviskulausi Jamal Pasha, gamall óvinur trúarinnar,“ eins og Shoghi Effendi lýsti honum, ráðgerði að krossfesta Meistarann og alla fjölskyldu hans, að sögn Tudor Poles, ofursta í sigursælum her Allenbys hershöfðingja sem kom til Haifa í ágúst 1918. Hann segir að þessi hroðalegi verknaður hafi átt að eiga sér stað tveimur dögum fyrir innrásina en hröð sókn breska hersins og flótti tyrknesku herdeildanna hafi komið í veg fyrir hann. Við gerum ráð fyrir að Shoghi Effendi hafi lokið námi sínu í Beirut, verið með ‘Abdu’l-Bahá á þessum tíma og upplifað skelfilega óvissu þessara daga. Er ég skrifa þessi orð finnst mér undarlegt hversu sjaldan Shoghi Effendi minntist á persónulega atburði í lífi sínu; honum var meinilla við slíkar sögur og hafði engan tíma fyrir minningar um hið liðna þegar hann átti sjálfur í hlut. Þreyttur hugur hans og andi voru, á þeim tíma sem ég naut þeirra forréttinda að vera með honum, stöðugt upptekinn af starfi málstaðarins, næsta brýna verkefninu sem beið hans og íþyngdi honum á hverjum degi.

Shoghi Effendi lauk BA prófi 1918. Í bréfi sem hann skrifar vini í Englandi 19. nóvember sama ár segir hann:

Ég er svo glaður yfir að njóta þeirra forréttinda að geta aftur farið að þjóna Ástvini mínum eftir að hafa lokið námi í listum og vísindum við Ameríska háskólann í Beirut. Ég bið þess í ofvæni að heyra frá þér og um þjónustu þína við málstaðinn því þegar ég færi Ástvininum slíkar fréttir verður hann hamingjusamur, glaður og sterkur. Síðustu fjögur ár hafa verið tími veseldar, mikillar hungursneyðar og örvæntingar, blóðsúthellinga og átaka sem eiga sér engin fordæmi. Nú þegar dúfa friðarins hefur snúið aftur til hreiðurs síns býðst gullið tækifæri til að útbreiða orð Guðs. Það verður nú gert og boðskapurinn borinn til hins frelsaða landsvæðis án nokkurrar móstöðu. Þetta er að sönnu sögulegur tími þjónustu.

Ekkert gæti varpað skýrara ljósi á skapgerð Verndarans fyrirheitna en þessi orð sem sýna hollustu hans við starf Meistarans og innilega löngun hans til að sjá hann hamingjusaman og heilbrigðan. Hann

útlistar í smáatriðum hvar hann stendur sjálfur gagnvart þessari þjónustu og greinir hvaða þýðingu stríðslokin hafa fyrir nánustu framtíð bahá'í starfsins. Mælskur stíll hans er í mótun en tókin á enskunnni eru ekki fullkomin. Þá þegar sjást glampar af mikilleika framtíðarinnar í málsgreinum eins og þessari: „vinirnir . . . eru allir . . . stórir og smáir, ungir og gamlir, sjúkir og heilbrigðir, heima og erlendis, himinlifandi yfir þeim atburðum sem gerst hafa nýlega; þeir eru ein sál í ýmsum líkömum, sameinaðir og samhuga, þjóna nú þegar og stefna að þjónustu við einingu mannkyns.“

Shoghi Effendi var orðinn 21 árs. Persónuleg tengsl hans við 'Abdu'l-Bahá koma skýrt í ljós í nokkrum af þessum fyrstu bréfum, sem flest voru skrifuð 1919. Þar talar hann um „afa minn, 'Abdu'l-Bahá“ og undirritar bréfin með nafninu „Shoghi Rabbani afasonur 'Abdu'l-Bahá“. Þess verður að minnast að fyrstu mánuðina eftir að stríðinu lauk og samskipti, sem legið höfðu niðri vegna langvarandi stríðsástands, hófust aftur milli Meistarans og átrúendanna í mörgum löndum, var nauðsynlegt að bahá'íar og aðrir fengju að vita hver þessi „Shoghi Rabbani“ var sem nú starfaði sem ritari Meistarans og hægri hönd. Tímaritið *Star of the West* birti 27 september 1919 heilsíðuljósmynd af Shoghi Effendi með textanum „Shoghi Rabbani, afasonur 'Abdu'l-Bahá“. Þar segir að hann hafi þýtt nýlegar töflur og dagbókarfærslur hans hefjist í þessu tölublaði. Það er persónuleg skoðun mín byggð á reynslu af því hvernig Shoghi Effendi stjórnaði sérhverju smáatriði við Heimsmiðstöðina að sennilega hafi Meistarinn sjálfur sagt honum að gera ættartengsl þeirra opinber.

Annir 'Abdu'l-Bahá fóru vaxandi með hverjum deginum þegar bréf, skýrslur og loks pílagrímar byrjuðu að streyma til Haifa. Þetta kemur fram í persónulegum bréfum frá Shoghi Effendi til ýmissa bahá'í vina: „ . . . það hlé sem hefur orðið á bréfaskrifum mínum til ykkar stafar eingöngu af miklu annríki vegna þýðinga á töflum og bréfum sem mér eru lesin fyrir . . . Allur síðari hluti dags hefur farið í að þýða fyrir hann innihaldið af litlum hluta þeirra beiðna sem berast frá London.“ Hann lýkur bréfinu á þessum orðum: „Vegna bahá'í vináttu okkar og sérstaks hlýhugar í þinn garð læt ég tvær ljósmyndir fylgja þessu bréfi . . .“ „Allt hringsnýst í höfðinu á mér því að dagurinn hefur verið svo viðburðaríkur og annasamur. Tugir gesta hafa beðið um viðtal við 'Abdu'l-Bahá, prinsar, tignir gestir og óbrottnir hermenn.“ „Ástvinurinn er upptekinn af því frá morgni til kvölds og jafnvel

um miðnætti að opinbera töflur og senda frá sér uppbyggilegar og styrkjandi hugleiðingar um ást og grundvallarreglur til niðurdreginnar og vonsvikinnar veraldar.“ „Meðan ég skrifa þessar línur þarf ég að fara til hans aftur og taka niður svör hans við nýkomnum bréfum og beiðnum.“ Hvert orð endurspeglar takmarkalaus orku, hollustu og brennandi áhuga þessa prins sem þjónaði öldnum konungi og studdi hann með öllum sínum æskuþrótti og þeim eldheita ákafa sem bjó í eðli hans.

Shoghi Effendi var oft í fylgd Meistarans við opinberar athafnir og móttökur sem honum var boðið að sækja og sem urðu stöðugt fleiri. Þar má nefna heimsóknir til breska herstjórans í Haifa og viðtöl við Sir Edmund Allenby, hershöfðingjann sem fór fyrir herafra bandamanna í Palestínu og kom því að miklu leyti til leiðar að breska stjórnin sæmdi 'Abdu'l-Bahá aðalsnafnbót. Shoghi Effendi skrifaði: „Þetta var í annað sinn sem 'Abdu'l-Bahá heimsótti hershöfðingjann og í þetta sinn snerist samtalið um málstaðinn og framþróun hans... Hann er mjög mildur í fasi, hæverskur og mikilúðlegur, hlýr í viðmóti en samt valdsmannslegur.“ Afasonur 'Abdu'l-Bahá var nú farinn að geta sér nafn í þessu umhverfi. Í opinberu bréfi frá herstjóranum til 'Abdu'l-Bahá segir: „Yðar tign: Ég hef nú fengið frá afasyni yðar upphæðina ____“. Þetta var eftir að Shoghi Effendi hafði heimsótt hann og fært honum nýtt framlag frá Meistarannum til „Hjálparsjóðs Haifa“. Shoghi Effendi eyddi einnig miklum tíma með pílágrímum án þess að 'Abdu'l-Bahá væri viðstaddur. Þá leitaði hann fullur ákafa upplýsinga um framþróun bahá'í starfseminnar frá pílágrímum í ýmsum löndum.

Þótt starf Meistarans hefði vaxið svo að umfangi að margir voru önnur kafnir við að þjóna honum og aðstoða gæti enginn þeirra hafa komist í hálfkvisti við Shoghi Effendi. Ég minnst þess að Verndarinn sagði mér að einn af gömlu amerísku átrúendunum hefði sent Meistarannum (sennilega snemma á öðrum áratugnum) Cunningham bifreið að gjöf. Tilkynning um komu hennar til hafnar barst í helgarbyrjun og Meistarinn gaf Shoghi Effendi fyrirmæli um að sjá til þess að gjöfin yrði tollafgreidd og flutt heim. Shoghi Effendi sagði mér að þótt engir háttsettir embættismenn hefðu verið við höfnina næsta dag, enda ekki virkur dagur, hafi honum tekist að fá bílinn afhentan. Þegar komið var með bílinn fór Shoghi Effendi til Meistarans og tilkynnti honum að bifreiðin stæði við útidyrnar. Hann sagði að Meistarinn hafi orðið

undrandi og himinlifandi og spurt hvernig hann hefði farið að þessu. Shoghi Effendi svaraði að hann hefði farið með pappírana heim til embættismannanna, beðið þá um að skrifa undir skjölin og gefa nauðsynleg fyrirmæli um að bifreið Sir 'Abdu'l-Bahá 'Abbas yrði flutt án tafar heim til hans. Þetta var dæmigert fyrir hvernig Shoghi Effendi starfaði alla sína ævi. Hann vildi að allt yrði gert strax, og helst fyrr. Allt sem hann stjórnaði persónulega var framkvæmt hratt og tafarlaust.

Hvert sem 'Abdu'l-Bahá fór var elskaður afasonur hans í för með honum hvenær sem færi gafst. Þetta stöðuga samneyti sem stóð í um tvö ár hlýtur að hafa verið þeim báðum mikið gleðiefni og haft djúp og varanleg áhrif á Shoghi Effendi. Á þessum árum jókst orðstír og frægd 'Abdu'l-Bahá, bæði í Palestínu og á alþjóðavettvangi. Shoghi Effendi fékk tækifæri til að sjá hvernig Meistarinn umgekkst háttsetta embættismenn og virðingarmenn af ýmsu tagi sem löðuðust að honum en margir litu á hann nánast sem austurlenskan spámann og mesta trúarvitring Asíu. Hann sá einnig hvernig Meistarinn brást við stöðugri öfund og leynimakki óvina sinna og óvildarmanna. Lærdómurinn sem Shoghi Effendi dró af öllu þessu endurspegladist í hans eigin starfi meðan hann hafði forystu fyrir trú Bahá'u'lláh í þrjátíu og sex ár.

Í bréfi til vinar 18. febrúar 1919 skrifar Shoghi Effendi að hann sé í Bahjí með Meistarinum. Bréfið hefst á þessum orðum: „Kveðjur og ljúfustu endurminningar færi ég þér, fjarlægi vinur, frá þessum helga stað!“ Hann heldur áfram og lýsir friðsældinni í Bahjí eftir aukin umsvif og annríki í Haifa og segir „Loftið þar er mettað stöðugum olú- og gufueim frá vélum en hér er andrúmsloftið eins tært og ilmandi og það getur orðið.“ Þegar ég minnst þess að ég fór til Bahjí 1923 í hestakerru 'Abdu'l-Bahá, og að eftir stríðið 1918 var bílaumferð nánast óþekkt í Palestínu, verður að draga þá ályktun að Shoghi Effendi hafði verið óvenjulega mikill náttúruunnandi—og það var hann sannarlega! Lýsing hans á Meistarinum sem heimsótti hin helgu graphýsi tvisvar á dag og gönguferðum um villt blómum vaxin svæði sýnir hve hamingjusamur hann var þessa dýrmæta daga í návist ástvinar síns. En blessunin sem Shoghi Effendi hafði fallið í skaut var brátt á enda. Ákveðið var að hann færi í háskólann í Oxford í Englandi og yfirlýst markmið hans var að ná fullkomnu valdi á enskri tungu til þess að geta betur þýtt töflur 'Abdu'l-Bahá, sem og aðrar helgar ritningar, á enska tungu.

Sú ákvörðun Shoghi Effendi að yfirgefa ‘Abdu’l-Bahá eftir tæpra tveggja ára stöðuga þjónustu við hann, á sama tíma og umfangsmiklar bréfaskriftir Meistarans eftir stríðið fóru sívaxandi, átti sér ýmsar ástæður. Ef hann ætlaði að halda áfram námi var betra að gera það fyrr en síðar; ‘Abdu’l-Bahá hafði þá þegar í sinni þjónustu nokkra ritara. Elsti frændi Shoghi Effendi hafði lokið námi í Beirut og var nú kominn heim; aðstæður og fyrirætlanir Meistarans voru hagstæðar og umfram allt hafði heilsa hans stöðugt farið batnandi. Tudor Pole sem var í för með sigursælum her Allenbys í Palestínu skrifaði 1918: „... Meistarinn er þróttmikill og heilsuhraustari en þegar hann var í London.“ Shoghi Effendi staðfestir þetta í bréfum sem hann skrifaði í apríl og ágúst: „Ástvinurinn er við ágæta heilsu, sterkur og þróttmikill, glaður og hamingjusamur...“ „Meistarinn elskaði er að sönnu við ágæta heilsu, líkamlega sterkur, stöðugt starfandi, opinberar hundruð taflna í hverri viku, fer með ótal bænir, fær marga gesti og pílagraíma og vaknar oft á miðnætti til að hugleiða og biðja.“ Á þessum sama tíma flytur Shoghi Effendi þau merkilegu tíðindi í bréfum til vina í Englandi og Burma, að ‘Abdu’l-Bahá sé alvarlega að íhuga möguleika á að fara í annað langt og mikið ferðalag:

„Það sem er þýðingarmikið og heillandi er að ástvinurinn hefur sjálfur gefið til kynna að hann sé að undirbúa og íhuga slíka ferð yfir Indlandshaf. Hann lýsti því jafnvel yfir, að með leyfi Guðs ætli hann að fara til Indlands og þaðan til Indókína, Japans og Hawai, þaðan yfir meginland Ameríku til Lundúna, þinnar ástkæru borgar, síðan til Frakklands, Þýskalands og Egyptalands. Ó! Hve innleg, djúp og einlæg er ekki sú von okkar að þessi mikla ferð, sem hann segir að taki fjögur til fimm ár, verði farin. Við skulum vona það og undirbúa okkur.“ „Ástvinurinn hefur nýlega gefið til kynna áform sín um að heimsækja Indland og við vonum að þau verði brátt að veruleika og að Indland muni með einingu og orku vinanna öðlast hæfni til að taka á móti honum.“

Þegar við erum 23 ára geta fæst okkar ímyndað sér að ástvinir okkar deyi, síst af öllu þegar þeir eru við góða heilsu og byrjaðir að skipuleggja slíkt ferðalag! Það er því ekki undarlegt að Shoghi Effendi skuli hafi kvatt ‘Abdu’l-Bahá vorið 1920 með góðri samvisku, fullviss um að hann muni snúa heim aftur ennþá betur í stakk búinn til að þjóna honum, Ég er í engum vafa um að hann hafi í hjarta sínu verið sannfærður um að í þetta sinn myndi hann fara með afa sínum í þetta

stórkostlega ferðalag og njóta þeirra forréttinda að þjóna honum dag og nótt í mörg ár í viðbót. Shoghi Effendi hlakkaði til árána sem voru framundan hjá 'Abdu'l-Bahá og leiddi ekki hugann að aldri hans (Meistarinn var sjötíu og sex ára gamall) og ekki heldur að staðreynd sem oft gerir vonir okkar að engu og kremur hjörtun—órannsakanlegri íhlutun forsónarinnar í líf okkar og áform. Hve þungbært þetta skyndilega áfall var fyrir Verndarann unga kemur fram í raunalegum orðum hans í bréfi til fjarskylds ættingja í febrúar 1922, nokkrum mánuðum eftir fráfall afa hans: „Ó, hve sárt ég harma að hafa ekki verið hjá honum síðustu dagana í lífi hans á þessari jörð, það mun hvíla á mér til æviloka hvað svo sem ég kann að gera fyrir hann í framtíðinni, og hversu mjög sem nám mitt í Englandi kann að endurgjalda undursamlega ást hans á mér.“

Það varpar þýðingarmiklu ljósi á líf Shoghi Effendi sem Verndara trúarinnar og á ótímabært andlát hans á sextugasta aldursári, að þótt hann hafi aðeins verið rúmlega tvítugur árið 1920 þegar 'Abdu'l-Bahá sendi hann til náms erlendis í félagsskap Lotfullah Hakim, sem var á leið til Englands eftir fyrstu píligrímsför sína til Haifa, krafðist Meistarinn þess að hann færi fyrst á heilsuhæli og hvíldi sig vel. Þetta sýnir hve viðkvæmt heilsufar Shoghi Effendi hefur verið eftir öll stríðsárin og álagið sem þeim fylgdi, alla vinnuna eftir að styrjöldinni lauk og ötult starf í þjónustu við Meistarann. Það sýnir líka hve mikla umhyggju afi hans bar fyrir heilsu hans á þessum tíma. Shoghi Effendi fékk þá hvíld sem hann hafði verið hvattur til taka sér á heilsuhæli í Neuilly, úthverfi Parísar. Hann var ekki veikur heldur þreyttur; hann hafði samband við átrúendurnar þar, spilaði tennis, fór í útsýnisferðir og kynntist borg sem er afburða fögur og hýsir eitt af merkustu söfnum heims. Hann heimsótti nokkra bahá'fa í bænum Barbizon, dvaldi í Frakklandi í um tvo mánuði og fór til Englands í júlí.

Þar tóku nokkrir einlægir vinir 'Abdu'l-Bahá á móti honum með ósvikinni hlýju og ástúð. Suma þekkti hann þegar, þar á meðal dr. J. E. Esslemont, sem hafði nýlega verið í Haifa og unnið með honum og öðrum vinum að þýðingu á mikilvægri töflu Meistarans. Hann hitti einnig Lamington lávarð og W. Tudor Pole, ofurstann sem hafði hitt 'Abdu'l-Bahá meðan á dvöl hans í London stóð, var með breska hernámsliðinu í Palestínu og veitti átrúendunum þar alla þá hjálp sem í hans valdi stóð.

Shoghi Effendi hafði meðferðis bréf frá afa sínum til nokkurra

enskra vina hans eins og fram kemur í bréfi sem hann skrifaði skömmu eftir komu sína til eiginkonu Ali Kuli Khan í Frakklandi:

28. júlí, 1920

Mín kæra bahá'í systir:

Ég hef verið mjög upptekinn síðan ég kom til Bretlands og fram til þessa hefur starf mitt gengið mjög vel. Ég hafði meðferðis töflur Meistarans til lafði Blomfield, Lamingtons lávarðar og Tudor Pole ofursta og með þeirra tilstuðlan komst ég í náin kynni við þekktu prófessora og Austurlandafræðinga bæði í Oxford og við Lundúnaháskóla. Eftir að hafa fengið kynningar- og meðmælabréf frá Sir Denison Ross og prófessor Ker til Sir Walter Raleigh—prófessors í enskum bókmenntum við Oxfordháskóla—og prófessors Margoliouth—hins merka Austurlandafræðings og fræðimanns í arabísku við sama háskóla—skundaði ég til Oxford eftir annasama viku í London. Áður en ég fór til Oxford fékk ég bréf frá Margoliouth þar sem hann kvaðst myndi gera allt sem í hans valdi stæði til að aðstoða ættingja 'Abdu'l-Bahá. Ég fékk tækifæri til að tala um málstaðinn við hann og rektorinn í Balliol College og útskýra nokkur atriði sem höfðu vafist mjög fyrir þessu önnum köfnu fræðimönnum. Frá Balliol College hafa útskrifast mikilmenni eins og Grey lávarður, George Curzon jarl, Milner lávarður, Asquith, Swinburne og Sir Herbert Samuel.

Viltu biðja fyrir því eins og ég hef beðið þig um frá því ég fór, að mér takist að ná markmiði mínu í þessu mikla lærdómssetri . . .

Sérstaka athygli vekur bréf sem Lamington lávarður skrifaði nokkrum dögum síðar til Meistarans:

8. ágúst 1920

Minn kæri vinur

Það gladdi mig að taka við bréfi þínu úr höndum Shoghi Rabbani og heyra frá honum að þú sért við góða heilsu. Gáfur hans og opið einlægt viðmót vakti enn á ný aðdáun mína.

Ég vona að honum takist að fá þá þjálfun sem hann sækist eftir í Oxford. Hann kom í lávarðadeildina í tvo eða þrjá daga en ég er hræddur um að ekkert af þessum tækifærum hafi verið sérlega áhugavert . . .

Þessi bréfaskipti gefa okkur hugmynd um veru Shoghi Effendi í London. Þar sem hann hafði meðferðis bréf frá 'Abdu'l-Bahá til Lamington lávarðar getum við ályktað að hann hafi strax afhent honum bréfið og við getum gert okkur í hugarlund ákefð unga mannsins þegar hann fær tækifæri til að fylgjast með starfinu í breska þinginu, móður

þjóðþinga. Þessi áhugi hefur ekki dulist hinum góðgjarna og reynda aðalsmanni sem sá til þess að Shoghi Effendi fékk aðgang að nokkrum fundum í lávarðadeildinni og þinginu. Ég man eftir því að þegar við fórum fyrst saman til London eftir að við giftumst fór hann með mér í þinghúsið og við sátum á áheyrendapöllum meðan þingfundur stóð yfir. Hafi þetta verið mikil reynsla fyrir mig—sem enn var yfirþyrmd og ringluð eftir að hafa orðið þess heiðurs aðnjótandi að vera svo nálægt tákni Guðs á jörðu—getum við ímyndað okkur hve hrifinn og hugfanginn Shoghi Effendi hefur verið sem ungur maður. Hann varð nákunnugur Lundúnum meðan hann dvaldi í Englandi og heimsótti þar þekktu staði. Oftar en einu sinni varð ég þess var hversu sterka tengingu hann hafði við þessa frægu borg frá námsárum sínum þegar við heimsóttum staði eins og Westminster Abbey, St. Paul's, Tower of London, British Museum, National Gallery listasafnið, Victoria og Albert safnið, City, Kew garðana o.s.frv. Hann reyndi án efa að fara eins víða og hann gat á Englandi á þeim afar takmarkaða námsstyrk sem hann fékk frá 'Abdu'l-Bahá. Að hann var sparsamur varð mér ljóst þegar hann t.d. sagði mér, að hann hefði keypt sér straujárn til að strauja fötin sín!

Shoghi Effendi heimsótti dr. Esslemont oftar en einu sinni á einkaheilsuhæli hans í Bournemouth. Ljósmynd sýnir þá báða standa þétt saman fyrir framan byggingu og bréf frá Shoghi Effendi til dr. Hall, ritað eftir andlát Esslemonts, lýsir því vel hvað þessar heimsóknir höfðu mikla þýðingu fyrir hann: „Ég mun ætíð minnst þeirra sælu og kyrrlátu daga sem ég eyddi í Bournemouth í félagsskap hins látna vinar okkar John Esslemonts og ég gleymi ekki þeim ánægjulegu stundum sem við áttum meðan við snæddum saman á heilsuhælinu.“ Meðan hann var í þessum landshluta heimsótti Shoghi Effendi einnig baðströndina í Torquay. Mörgum árum seinna fórum við þangað saman og Verndarinn sýndi mér hinar nafnkunnu Babbacombe kalkhæðir og við gengum í garðinum sem hann hafði heimsótt löngu áður—garði með fagurrauðum göngustígum sem ég tel að hafi verið ofarlega í huga hans vegna fegurðar rauðu stíganna, grænu grasflatanna og skrautvasanna þegar hann mótaði garðana undurfögru í Bahjí og á Karmel-fjalli.

Minningarnar um þessi námsár hurfu reyndar aldrei úr huga hans. Ég man eftir því að hann sagði eitt sinn við enskan píligrím á síðustu árum æfi sinnar frá því hversu ljúffengar honum hefðu fundist þykkar

rúgbrauðssneiðar með hindberjasultu og rjóma frá Devonskíri.

Meðan hann dvaldi í Englandi var hann sérstaklega náinn Ziaollah Asgarzadeh, sem var einn af gömlu og traustu persnesku átrúendum sem áttu heima í London, einnig dr. Esslemont, lafði Blomfield og öðrum, m.a. nokkrum bahá'íum í Manchester. Þrátt fyrir þá staðreynd að hann eyddi mestöllum tíma sínum í Oxford og einbeitti sér að náminu var hann í nánnum tengslum við breska bahá'í samfélagið og tók þátt í störfum þess. Í bréfi frá 5. mars 1921, sem indverskur átrúandi í Englandi skrifaði segir m.a.: „Á miðvikudagskvöld fór ég á hinn venjubundna bahá'í fund í Lindsay Hall. Hr. Shoghi Rabbani las ritgerð um efnahagsleg vandamál og lausn þeirra. Fyrirlestur hans var einstaklega vel orðaður og mjög áheyrilegur . . .“ Svo virðist sem fyrirlestahald hans hafi ekki einskorðast við bahá'í fundi því í bréfi frá Balliol College til eins af átrúendum segir hann: „Ég ætla einnig að senda þér seinna ritgerð um [bahá'í] hreyfinguna sem ég flutti fyrir nokkru í einum af fremstu samtökunum í Oxford.“

Oxford og Cambridge eru ennþá táknræn nöfn þrúngin merkingu; árið 1920 stóð af þeim enn meiri ljómi akademískrar sérstöðu en á okkar tímum þegar háskólar og háskólamenntun er orðin algengari. Balliol, sem tók við Shoghi Effendi, var mjög mikilsmetinn skóli, ein elsta háskóladeildin í Oxford. Þangað fór ég líka mörgum árum seinna í fylgd Verndarans til að sjá göturnar sem hann gekk um, Bodleian bókasafnið, ána lygnu sem liðaðist gegnum grænan grassvörðinn handan við hlið úr hömruðu jární, þúsund ára gamla Kristskirkju með sitt gríðarstóra eldhús og vef gotneskra boga, fegurð Magdalen og friðsæla háskólaportið innan veggja Balliol, þar sem Shoghi Effendi gekk þegar hann fór til fyrirlestra, matsalinn þar sem hann snæddi og þröngan innganginn að herberginu þar sem hann bjó eitt sinn sem stúdent. Allt færði þetta honum augsýnilega margar minningar en ég held að fáar þeirra hafi verið sérlega sælar.

Fyrir mörgum árum skrifaði einn bahá'íanna til Verndarans um samtali sem hann hafði átt við A. D. Lindsay, sem þá var orðinn rektor Balliol en hafði verið kennari Shoghi Effendi á námsárum hans. Ég á afrit af orðum hans en þess ber að minnast að þau voru látin falla í stuttu óformlegu samtali en ekki í sérstöku viðtali. „Hugmynd Shoghi Effendi um menntun fólst í því að finna einhvern sem hafði skoðanir sem hann mat mikils og leggja síðan fyrir hann spurningar. Þegar Shoghi Effendi fékk svörin skrifaði hann þau niður í litla svarta bók. Ég

hafði sett upp námsskrána og þá kom Shoghi Effendi til mín og spurði, ‘Hvað ertu að gera milli kl. 7 og hálf níu?’ ‘Hvað heldur þú,’ hrópaði ég, ‘Ég er að borða kvöldmat!’ ‘Ó’, sagði Shoghi Effendi greinlega vonsvikinn, ‘en þarftu að taka allan þennan tíma?’ Ég hef engan hitt í Oxford sem var jafn fróðleiksfús. Ég gaf honum því stundarfjórðung af tíma mínum og lét mig hafa það að borða minna af kvöldmatnum. Þannig var það—ég þjáðist hans vegna.“ Þetta gerðist vegna þess að Shoghi Effendi vildi að kennari hans gæfi honum meiri tíma en honum hafði verið ætlaður.“ Þrátt fyrir þessar athugasemdir sem voru settar fram í mikilli vinsemd er ekki að sjá að þessi lærdómsmaður hafi haft minnsta grun um að eina raunverulega upphefð hans í augum komandi kynslóða er að hafa kennt Shoghi Effendi. Þótt allir í háskólanum, ekki síst kennari hans, hafi vitað hversvegna Shoghi Effendi hætti námi og fór aftur til Palestínu er hvergi bréf að finna þar sem minnsti vottur af persónulegum tilfinningum er látinn í ljós gagnvart þessum nemanda.

Hinsvegar eru til bréfastipti frá 1927 þegar Shoghi Effendi skrifaði dr. Lindsay C.B.E. og segist ætla að senda honum bahá’í árbókina „sem sýnir einkenni starfsins sem hefur átt hug minn allan eftir að ég var kallaður heim skyndilega frá Balliol, mér til mikillar eftirsjár.“ Hann segir síðan „Sú ómetanlega aðstoð sem ég fékk undir þinni leiðsögn hefur orðið mér að miklu gagni í erfiðu og ábyrgðarmiklu verkefni og ég fagna því að fá þetta tækifæri til að láta í ljós þakklæti mitt fyrir allt sem þú hefur gert fyrir mig.“ Meira en tveimur árum síðar sendi Lindsay honum bréf þar sem allir eldri nemendur skólans eru beðnir að gefa í sjóð fyrir eitthvað sem skólann vanhagaði um og þá þakkar Lindsay honum fyrir bókina. Shoghi Effendi svaraði næsta dag, sendi 20 punda framlag og þakkar honum bréfið „sem varð til þess að minna mig á þá hamingjusömu og dýrmætu daga sem ég eyddi undir þinni leiðsögn í Balliol.“ Staða Verndarans var mikil en hæverska hans, réttlætiskennnd og kurteisi knúði hann alltaf til að veita viðurkenningu þeim sem verðskulduðu hana. Í bréfi til prófessor Dodge við Ameríska háskólann í Beirut vitnaði hann til „þessarar miklu menntastofnunar sem ég á svo mikið að þakka...“

Viðhorf prófessors D. S. Margoliouth og konu hans var allt annað. Árið 1930 þakkar hún Shoghi Effendi fyrir bók sem hann hafði sent þeim hjónum og skrifar: „Okkur fellur vel að minnst þeirrar ánægju sem það veitti okkur að bjóða þig velkominn í þetta hús meðan á allt of skammri dvöl þinni í Oxford stóð.“ Þetta var ekki eina heimilið

sem tók á móti honum því við höfum bréf frá honum til frú Whyte, fimm árum eftir að hann fór frá Englandi þar sem hann segir: „Ég mun alltaf minnast með mikilli ánægju þeirrar dýrmætu aðstoðar sem þú veittir mér og gestrisni þinnar meðan ég dvaldi í Oxford... Ætíð þinn þakkláti og ástúðlegi vinur Shoghi“.

Í skólaskrá frá 1920 sjáum við að Verndarinn hefur skrifaði nafn sitt með eigin hendi sem Shawqí Hádí Rabbání, elsti sonur Mírzá Hádí Shírází, 23 ára gamall. Í minnisbók hans finnum við eftirfarandi lista vandlega skrifaðan með dagsetningum frá námi hans árið 1920:

- 14. okt. 1920 Stjórn málafræði:—Sr. Carlyle
- 15. okt. 1920 Félagsleg og pólitísk vandamál:—Hr. Smith (Rektor í Balliol)
- 13. okt. 1920 Spurningar sem lúta að iðnaði og þjóðfélagsmálum:—Sr. Carlyle
- 12. okt. 1920 Stjórn málahagfræði:—Sir T. H. Penson M.A.
- 16. okt. 1920 Hagsaga Englands frá 1688:—Sir Penson
- 11. okt. 1920 Rökfræði:—Hr. Ross M.A.
- 12. okt. 1920 Málefni Austurlanda:—F.F Urquhart M.A.
- 19. okt. 1920 Tengsl auðmagns og vinnu:—Clay, New College

Hann hélt minnisblöð yfir sumar af þessum kennslustundum, a.m.k. fyrst í stað. Verndaranum var það fullljóst hversvegna hann var í Oxford. Svo vel vill til að hann útskýrir þetta í bréfi sem hann skrifaði átrúenda í Austurlöndum 18. október 1920: „Kæri andlegi vinur... Guði sé lof að ég er við góða heilsu, vongóður og geri mitt besta til að búa mig undir það sem af mér verður krafist í þjónustu minni við málstaðinn í framtíðinni. Von mín er sú að ég geti fljótt og vel öðlast það besta sem þetta land og þetta þjóðfélag hefur upp á að bjóða og síðan farið heim og endurmótað sannindi trúarinnar í nýju formi og þannig þjónað Hinni helgu fótiskör.“ Enginn vafi leikur á því að hann er hér að vísa til framtíðarþýðinga sinna á kenningunum á þeirri fullkomnu ensku sem hann náði valdi á meðan hann dvaldi í Englandi.

Í bréfi til eins af ensku átrúendunum sem var skrifað 22. nóvember 1921 kemur það skýrt fram hve miklum framförum Shoghi Effendi tók í háskólanáminu. Lesandinn fær tilfinningu fyrir nýju valdi og sjálfstrausti: „...Ég hef nýlega verið niðursokkinn í starfið, endurskoðað margar þýðingar og sent hr. Hall mína útgáfu á töflunni

til Viktoríu drottningar sem er full af mikilsverðustu ráðgjöf sem þessi niðurdregna og vonsvikna veröld þarf svo mjög á að halda! Hafir þú ekki enn lesið hana fáðu hana þá hjá hr. Hall því að hún er að mínu mati ein fremsta og eindregnasta yfirlýsing Bahá'u'lláh varðandi heimsmálefnið.“ Hann heldur áfram og segir að hann sendi útdrætti „suma nýja og aðra gamla“ sem hann hafi gert „um Hreyfinguna meðan á námi og lestri stóð í Bodleian.“ Í persnesku bréfi frá sama tíma til vinar í London bendir hann á þá staðreynd að hann sé „önnur kafinn í þessu landi, dag og nótt, við að ná fullkomnu valdi á þýðingarlistinni . . . Ég ann mér ekki andtaks hvíldar. Guði sé þökk að árangurinn er góður, að einhverju leyti að minnsta kosti.“ Hann segir að annir hans og nám sem og skólareglur séu þannig að hann sé aðeins laus á sunnudögum og biður vin sinn að koma og hitta sig á sunnudegi að Broad Street 45.

Frá því hann dvaldi í Beirut og allt til æviloka lagði Shoghi Effendi það í vana sinn að skrifa orð og dæmigerð ensk orðasambönd í minnisbækur. Hundruð orða og setninga hafa verið skráðar og gefa skýra mynd af þeim fjölmörgu árum náms og bóklesturs sem hann varði til að ná tókum á tungumáli sem hann elskaði og naut þess að skrifa. Fyrir honum komst ekkert í hálfkvisti við enska tungu. Hann las oft og iðulega King James þýðingu biblíunnar og sagnfræðingana Carlyle og Gibbon. Hann dáði mjög stíl þeirra, einkum Gibbons. Honum þótti svo vænt um bók Gibbons *Hnignun og fall Rómaveldis* að ég minnst þess að hann var alltaf með bindi af bókinni í litla herberginu sínu og venjulega á öllum ferðalögum sínum. Lítil Everyman's útgáfa af hluta þessarar bókar var á náttborðinu við rúmið hans þegar hann dó. Þetta var biblía enskrar tungu í hans augum. Hann las oft fyrir mig kafla úr henni og hrópaði stundum „Ó hvílík ritsnilld; hvílíkt vald á enskunni; hve kliðandi og kraftmiklar setningar; hlustaðu á þetta!“ Í hljómfagurri rödd hans og framburði—með ávæningi af því sem við köllum Oxford framburð, þó ekki ýktan—glóðu orðin og tóku á sig lit, gildi þeirra og merking birtust eins og skínandi gimsteinar. Ég man sérstaklega eftir friðsælli stund (sem því miður voru svo sjaldgæfar) þegar við sátum á bekk á sumarsíðdeggi við stöðuvatnið í St. James Park í London og hann las Gibbon upphátt. Hann naut málsins og í öllum ritum Shoghi Effendi má greinilega sjá áhrifin af stíl hans og á sama hátt endurspeglast enskt tungutak King James biblíunnar í þýðingum hans á bænum Bahá'u'lláh, *Huldum orðum* hans og töflum.

Ég veit að Shoghi Effendi var í Oxford á sama tíma og Anthony Eden; þeir voru kunningjar en ekki vinir. Reyndar minnst ég þess ekki að hann hafi minnst á neinn sem kalla mætti vin hans; hann tengdist sumum prófessorunum en hann virðist hafa haldið sig til hlés frá öðrum, hugsanlega vegna feimni sem ekki var auðvelt að greina í tígulegri framkomu Verndarans en einkenndi mjög mannlegt eðli hans. Hann var meðlimur í málfundafélagi og hafði gaman af að spila tennis; en það hvílir hula yfir smáatriðunum í lífi hans í Oxford. Andlát Meistarans varpaði svo dimmum skugga á þennan tíma í lífi hans og gekk svo nærri honum, að einu raunverulegu heimildirnar sem við höfum um dvöl hans í Oxford eru áhrifin sem hún hafði á rit hans og skapgerð. Jafnvel svo stutt háskólanám í því andrúmi og með þeim gæðum sem Oxford bauð upp á mótaði og skerpti skýran og rökvísan huga, jók gjörhygli hans, styrkti réttlætiskennd og rökleiðsluhæfni, og sameinaði þann blæ menningar sem við tengjum fágúðustu gerð hins enska heiðursmanns þeirri austrænu göfgi sem einkenndi fjölskyldu Bahá'u'lláh.

II

ANDLÁT 'ABDU'L-BAHÁ OG AFLEIÐINGAR ÞESS

Heimili Tudor Pole ofursta í London var oft notað sem dreifingar-
miðstöð fyrir símskeyti og bréf til bahá'íanna. Þegar Shoghi Effendi
átti erindi til London fór hann venjulega þangað í heimsókn.
Eftirfarandi símskeyti barst þangað þann 29. nóvember 1921 kl. 9.30
um morguninn:

Cyclometry London

Hans heilagleiki 'Abdu'l-Bahá horfinn á braut til Abhá ríkisins.

Upplýsið vinina.

Hið helgasta lauf

Í minnisblöðum sem Tudor Pole skrifaði um þetta mikla áfall og
eftirköst þess kemur fram að hann hafi þegar í stað gert vinunum
viðvart með skeytum, símleiðis og bréfleiðis. Ég tel að hann hljóti
að hafa hringt til Shoghi Effendi og beðið hann að koma strax á
skrifstofuna til sín en ekki sagt honum í síma þá frétt sem hann vissi
mætavel að kæmi eins og reiðarslag yfir hann. Hvernig sem þessu
var háttað kom Shoghi Effendi til London um hádegisbil, fór til St.
James' Street 61 (við Piccadilly, ekki langt frá Buckingham höll) og
var vísað inn í eina skrifstofuna. Tudor Pole var ekki á staðnum þegar
hann kom inn. Þar sem hann stóð og beið sá hann nafn 'Abdu'l-Bahá í
símskeyti sem lá á borðinu og las það. Andartaki síðar kom Tudor Pole
að Shoghi Effendi ráðvilltum og niðurbrotnum eftir þessar hörmulegu
fréttir. Farið var með hann heim til ungrú Grand, sem var einn af
átrúendunum í London, og þar lá hann rúmfastur í nokkra daga.
Rouhangeze, systir Shoghi Effendi, var við nám í London og hún, lafði
Blomfield og aðrir gerðu sitt besta til að hughreysta unga manninn sem
var bugaður eftir áfallið.

Dr. Esslemont brást strax við og hugaði að þörfum hans. Þegar hann heyrði fréttirnar hugsaði hann fyrst af öllu til Shoghi Effendi. Í bréfi frá 29. nóvember segir hann:

Home Sanatorium Bournemouth

Kæri Shoghi,

Símskeytið sem ég fékk frá Tudor Pole í morgun kom vissulega eins og þruma úr heiðskíru lofti: „Meistarinn fékk hægt andlát í Haifa í gærmorgun“ . . . Þetta hlýtur að hafa verið þér mjög þungbært, svo fjarri fjölskyldu þinni og jafnvel öllum bahá'í vinum. Hvað ætlar þú að gera núna? Ég geri ráð fyrir að þú farir til Haifa eins fljótt og þú getur. Á meðan ert þú hjartanlega velkominn hingað í nokkra daga . . . Sendu mér bara símskeyti . . . og ég skal hafa herbergi tilbúið fyrir þig . . . það myndi gleðja mig innilega ef ég gæti orðið þér að einhverju liði. Ég get vel ímyndað mér hversu sár þessi missir er fyrir þig, hve gjarnan þú vildir vera kominn heim og hve skelfilegt tómarúm þú hlýtur að finna í lífi þínu . . . Kristur var nær ástvinum sínum eftir uppstigninguna en fyrir hana og ég bið þess að þannig verði það einnig hjá okkur og ástvinum okkar. Við verðum að gera það sem við getum til að axla ábyrgðina sem málstaðurinn leggur okkur á herðar. Andi hans og máttur verður með okkur og í okkur.

Eftir fáeina daga á heimili ungfrú Grand hófst Shoghi Effendi handa um að ganga frá sínum málum og snúa aftur til landsins helga. Í bréfi til amerísku vinanna, dagsettu 2. desember, skrifaði Tudor Pole: „Shoghi Rabbani og systir hans fara aftur til Haifa í lok þessa mánaðar í fylgd lafði Blomfield . . .“ Við gerum ráð fyrir að Shoghi Effendi hafi verið í Oxford 3. desember, því prófessor Margoliouth vottaði honum samúð sína þann dag og bauð honum í heimsókn. Úr bréfi, sem því miður er ódagsett og sent bahá'í háskólanema í London, vitum við að hann þáði boð dr. Esslemonts. Hann skrifar:

Þessar hörmulegu fréttir tóku svo mjög á mig bæði andlega og líkamlega að ég lá rænulaus í tvo daga, utan við mig og í miklu uppnámi. Smám saman endurlífgaði máttur Hans mig og fyllti mig trausti sem ég vona að muni héðan í frá leiðbeina mér og verða mér innblástur í auðmjúkri þjónustu minni. Þessi dagur hlaut að koma, en hve skyndilega og óvænt gerðist það ekki. Sú staðreynd að málstaður hans hefur skapað svo margar og dásamlegar sálir um allan heim er samt örugg trygging þess að málstaðurinn mun lifa og dafna og ná til alls heimsins áður en langt um líður! Ég fer strax til Haifa til að kynna mér fyrirmælin sem Meistarinn hefur skilið eftir og núna hef ég tekið þá óhagganlegu ákvörðun að helga

líf mitt þjónustu við hann og framkvæma með aðstoð hans öll fyrirmæli hans alla daga lífs míns.

Vinirnir hafa krafist þess að ég dveljist einn eða tvo daga og hvíli mig eftir áfallið á þessum stað með dr. Esslemont. Á morgun fer ég aftur til London og þaðan til landsins helga.

Ókyrrðin sem þetta hefur valdið í bahá'í heiminum virkar sem drifkraftur fyrir málstað Hans og mun verða sérhverjum tryggum vini hvatning til að axla ábyrgðina sem Meistarinn hefur falið okkur öllum.

Landið helga verður áfram miðpunktur bahá'í heimsins. Það heldur nú á vit nýrrar aldar. Meistarinn hefur með mikilli framsýni treyst verk sitt og andi hans fullvissar mig um að árangurinn muni brátt koma í ljós.

Ég legg af stað til Haifa ásamt lafði Blomfield og ef við tefjumst í London á ferð okkar mun ég koma og hitta þig og segja þér hversu undursamlega Meistarinn hefur skipulagt starf sitt eftir sinn dag og hve merkileg ummæli hann hefur látið falla um framtíð málstaðarins . . .

Með bæn og trú á málstað Hans er ég velunnari þinn í þjónustu Hans.

Shoghi

Það sætir nokkurri furðu að þetta bréf hafi verið skrifað áður en fyrirmælunum í erfðaskrá Meistarans hafði verið dreift eða þau gerð heyrinkunn, þótt ljóst virðist að Shoghi Effendi hafi verið tjáð að þegar hann kæmi til Haifa biði hans áritað umslag frá Meistarinum. Það má með sanni segja að þegar andi Meistarans tók sitt eilífa flug hafði hann farið yfir England og látið kyrtil sinn falla yfir frumburð ættar sinnar. Ein af dætrum 'Abdu'l-Bahá skrifaði 22 desember 1921: „Hann hefur ritað síðustu fyrirmæli sín, sett þau í umslag og áritað til Shoghi Effendi. Þess vegna getum við ekki opnað það fyrr en hann kemur, sem við vonum að verði í lok þessa mánaðar því hann er nú á leiðinni hingað.“

Það háa embætti sem honum var brátt kynnt, áralöng þjálfun í umsjá ástríks afa—allt virðist þetta hafa gætt Shoghi Effendi andlegum styrk á mestu sorgarstund lífsins. Hann gaf sér tíma mitt í þjáningunni til að hughreysta aðra eins og eftirfarandi hjartnæmt bréf ber vitni. E. T. Hall, einn gömlu átrúendanna í Manchester, skrifaði það 5. desember :

Ástúðlegt, blítt og göfugt bréf þitt, fullt hlýju og hugprýði, barst þegar við vorum mjög sorgmædd en samt ákveðin, í miklu áfalli en þó full skilnings. Það færði okkur mikinn frið og þolgæði í vilja Guðs . . . Þitt göfuglynda bréf var okkur öllum uppörvun, endurnýjaði styrk okkar og

ásetning, því ef þú getur náð kröftum og hafið þig yfir svo hörmulegt áfall og hughreyst okkur hin, getum við ekki gert neitt minna en rísa upp og þjóna þessum málstað sem er móðir okkar. . . Ég veit að þín biða miklar annir áður en þú ferð til landsins helga en við elskum þig öll hjartanlega og erum sameinuð og sterkari en nokkru sinni fyrr. Ást okkar og samúð fylgir þér og allar hjartans óskir okkar til hins helga staðar því við erum ávallt sameinuð þér.

Vandkvæði með vegabréf urðu til þess að Shoghi Effendi sendi símskeyti til Haifa þess efnis að hann gæti ekki komið fyrr en í lok mánaðarins. Hann sigldi frá Englandi 16. desember í fylgd lafði Blomfield og Rouhangeze og kom til Haifa með lest klukkan 5:20 eftir hádegi 29. desember frá Egyptalandi, en þangað hafði för skipsins verið heitið. Margir vinanna komu á stöðina til þess að fylgja honum heim. Sagt er að hann hafi verið svo illa á sig komin að það hafi þurft að hjálpa honum upp þrepin. Í húsinu beið hans eina persónan sem gat í einhverju mæli linað þjáningu hans. Það var elskuð afasystir hans, systir 'Abdu'l-Bahá. Þótt hún sjálf væri veikburða, hljóðlát og hæversk, hafði hún strax síðustu vikurnar sýnt að hún var kletturinn þar sem átrúendurnir gátu leitað skjóls í miðju fárviðrinu sem svo skyndilega var skolið á. Eiginleikar sálar hennar, uppeldi og staða, gerði hana hæfa til að takast á hendur það hlutverk sem hún gegndi í málstaðnum og í lífi Shoghi Effendi á þessum erfiðu og hættulegu tímum.

Þegar 'Abdu'l-Bahá fékk hægt og óvænt andlát án undangengins alvarlegs sjúkdóms, fóru ráðvilltir fjölskyldumeðlimir í gegnum skjöl hans til að kanna hvort hann hefði skilið eftir fyrirmæli um hvar ætti að jarðsetja hann. Þar sem þeir fundu ekkert var hann jarðsettur miðsvæðis í þeim þremur vistarverum sem tengjast innra grafhýsi Bábsins. Þau fundu erfðaskrá hans sem var í þremur hlutum. Enginn þeirra var skrifaður á sama tíma en í heild mynduðu þeir eitt skjal, sem var áritað til Shoghi Effendi. Nú beið Shoghi Effendi sú erfiða skylda að heyra hvað þessi erfðaskrá hafði að geyma. Nokkrum dögum eftir komu hans var erfðaskráin lesin fyrir hann. Til þess að skilja aðeins þótt ekki sé nema lítið brot af þeim áhrifum sem það hafði á hann verðum við að minnst þess sem hann sagði sjálfur oftast en einu sinni, ekki aðeins við mig heldur við aðra sem voru viðstaddir borðhald í vestræna pílagrímahúsinu. Hann sagði að hann hefði ekki haft neina vitneskju um að stofnun Verndarans væri til, enn síður að hann hefði verið skipaður Verndari trúarinnar. Það sem hann hefði helst vænst

var að ef til vill hefði 'Abdu'l-Bahá skilið eftir fyrirmæli til hans, sem elsta afasonar síns, um hvernig standa ætti að kosningu Allsherjarhúss réttvísinnar og að honum kynni að hafa verið ætlað að sjá til þess að fyrirmælin væru framkvæmd og kalla þá saman sem áttu að kjósa til Allsherjarhússins.

Í þessu húsi, sem nú var svo skelfilega tómlegt og þar sem sérhvert skref minnti hann á návist Meistarans sem var horfinn að eilífu, sökk hann í dýpstu örvæntingu og sorg.

Hann skrifar til frú Whyte: „Oft koma þær stundir að ég fyllist dapurleika, dýpstu hryggð og uppnámi og þetta gerist oft því hvert sem ég fer minnst ég afa míns elskulega og hvað sem ég geri finn ég til þeirrar feiknlegu ábyrgðar sem hann hefur svo óvænt lagt á veikburða herðar mínar.“ Í þessu bréfi sem var skrifað 6. febrúar 1922 rúmunum mánuði eftir heimkomu hans leysir hann frá skjóðunni og segir: „Hversu sterkt finn ég ekki brýna þörf á algjörri endurnýjun innra með mér, á voldugri úthellingu styrks og sjálfstrausts, að guðlegur andi fylli löngunarfulla sál mína áður en ég rís upp til þess starfs sem mér var ákvarðað, í fararbroddi hreyfingar sem heldur á lofti svo dýrlegum meginreglum. Ég veit að hann mun ekki láta mig eftir einan. Ég treysti á leiðsögn hans og trúi á visku hans en það sem ég þarfnast svo mjög er varanlegt traust og fullvissa um að hann muni ekki bregðast mér. Verkefnið er svo yfirþyrmandi og ég finn svo mjög til vanmáttar míns að ég get ekki annað en látið undan og drúpt höfði þegar ég stend frammi fyrir verkefni mínu...“ Þessi göfuglynda kona hafði greinilega skrifað svo hjartnæmt bréf til Shoghi Effendi að hann segir henni að hann hafi tárast við lesturinn. Hann heldur áfram og hrópar upp: „Ó hversu mjög þarfnast ég ekki öðru hvoru í æsku minni og veikleika öflugrar hvatningar, kröftugrar áminningar, hughreystingar og uppörvandi orða!“ Hann endar bréf sitt á afar þýðingarmiklum orðum og segir að hann hafi oft sagt konunum á heimilinu frá viturlegum ráðleggingum hennar um að ekki megi „gera hreyfinguna að sértrúarflokki“ og undirskrifar bréfið „Þinn með innilegri ástúð!“

Pennan sama mánuð skrifar hann í öðru bréfi: „...sársaukinn, nei angistin vegna fráfalls hans er yfirþyrmandi...“ Mitt í þessari þrengingu komst þessi tuttugu og fjögurra ára gamli maður þó að því að hann var ekki aðeins útnefndur „*hin blessaða og helga grein sem sprottið hefur af hinum helgu tvíburatrjám*“ og skuggi hans „*skýlir öllu mannkyni*“, heldur var hann einnig „*tákn Guðs, hin útvalda*

grein, Verndari málstaðar Guðs, sá sem allir Aghsan, [afkomendur Bahá'u'lláh í karlegg] Afnan, [ættingjar Bábsins], Hendur málstaðar Guðs og ástvinir hans verða að snúa sér til.“

Við getum aðeins vonað að sú staðreynd að honum hafði verið falið þetta hlutverk strax á barnsaldri hafi verið honum einhver huggun. Erfðaskrá 'Abdu'l-Bahá er í þremur hlutum. Mörgum árum seinna skrifaði Shoghi Effendi að fyrsti hluti hennar hefði verið ritaður á myrkasta tíma innilokunar hans í fangavirkinu í Akká. Það var í þessum fyrsta hluta sem Shoghi Effendi var skipaður í volduga stöðu Verndarans, en 'Abdu'l-Bahá hélt þessu vandlega leyndu. Hann hafði skrifað á erfðaskrána með eigin hönd að „þetta ritaða skjal hefur lengi verið varðveitt á leyndum stað... landið helga var sárþjád og þess vegna var ekki frá því gengið.“

Shoghi Effendi uppgötvaði líka að hann var „útskýrandi orða Guðs“ og hver sá sem sýndi honum mótþróa, deildi við hann, efaðist eða trúði ekki á hann, hefði sýnt Guði mótþróa; að hver sá sem sneri af brautinni, hefði sagt skilið við Guð, og að Meistarinn kallaði yfir hann reiði, vanvirðu og hefnd Guðs! Hann sá einnig að hann hafði verið skipaður í ævilangt embætti sem yfirmaður Allsherjarhúss Réttvísinnar, að hann sjálfur og sú stofnun væru undir óskeikulli leiðsögn Bábsins og Bahá'u'lláh og að ákvarðanir þeirra væru frá Guði. Allir sem óhlýðnuðust þeim og gerðu uppreisn gegn þeim óhlýðnuðust Guði og gerðu uppreisn gegn honum. Hann komst að því að hann átti að velja elsta son sinn sem eftirmann eða, ef sá sonur hefði ekki til að bera þann nauðsynlega eiginleika að vera „*leyndur eðliskjarni föður síns*“, ætti önnur grein eða annar sonur að taka við af honum. Hann komst að því að Meistarinn hafði minnst hans blíðlega með þessum orðum: „*Ó þér tryggir ástvinir 'Abdu'l-Bahá. Yður ber skylda til að bera mikla umhyggju fyrir Shoghi Effendi... til þess að enginn vottur örvæntingar megi flekka geislandi eðli hans og hann megi dag frá degi verða hamingjusamari, glaðari og andlegri, vaxa og bera ríkulegan ávöxt.*“ Það er tiltölulega auðvelt að viðurkenna að einhver muni bera heiminn á herðum sér en það er erfitt að viðurkenna þá staðreynd að það sért þú sjálfur sem eigir að gera það. Átrúendurnir viðurkenndu Shoghi Effendi en sá kross sem honum veittist erfiðast að bera var að viðurkenna sjálfan sig.

Það leikur engin vafi á því að Hið helgasta lauf og sennilega fáeinir útvaldir úr fjölskyldu Meistarans þekktu til meginatriða

erfðaskrárinnar áður en Shoghi Effendi kom til Haifa vegna þess að hún hafði verið könnuð til að athuga hvort 'Abdu'l-Bahá hefði gefið fyrirmæli um útför sína. Þessu bera vitni símskeyti sem Hið helgasta lauf sendi til persneskra og amerískra átrúenda þann 21 desember 1921. Símskeytið til Ameríku hljóðar svo: „Minningarathafnir um allan heim 7. janúar. Biðjum fyrir einingu og staðfestu. Meistarinn skildi eftir ítarleg fyrirmæli í erfðaskrá sinni. Þýðing verður send. Upplýsið vinina.“ Fyrirmæli erfðaskrárinnar voru þó ekki gerð opinber fyrr en þau höfðu fyrst verið lesin fyrir Shoghi Effendi. Sá atburður átti sér stað 3 janúar 1922.

Ég er í engum vafa um það að Shoghi Effendi og öll fjölskylda Meistarans liðu ómældar þjáningar þessa daga og í rauninni einnig næstu ár. Oft þegar hann var mjög örvílnaður sá ég hann á síðari árum fara í rúmið, neita að borða og drekka, neita að tala, bæla sig undir sæng og ekki aðhafast neitt nema þjást eins og sá sem sleginn er til jarðar af fárviðri. Þetta ástand stóð stundum dögum saman þangað til öflin innra með honum sjálfum höfðu náð jafnvægi og hann komst aftur á fætur. Hann virtist týndur í sinni eigin veröld þar sem engin gat fylgt honum eftir. Eitt sinn sagði hann við mig: „Ég veit að þetta er þjáningavegur; ég verð að ganga hann allt til enda, allt verður að gerast með þjáningu.“

Tilfinningin um að hafa verið yfirgefinn, að vera óverðugur, ástríðufull þrá hans eftir 'Abdu'l-Bahá sem var svo sterk fyrstu ár hans sem Verndara—allt þetta sker enn meira í hjartað þegar við minnumst ákveðinnar staðreyndar sem mér var sögð. Móðir hans sagði nokkrum persneskum konum frá þessu og einn amerísku bahá'íanna sem var viðstaddur andlát Meistarans, sagði frá því í bréfi sem var skrifað nokkrum dögum seinna. Nokkrum vikum áður en 'Abdu'l-Bahá dó mun hann hafa komið í skyndingu inn í herbergi þar sem faðir Shoghi Effendi var staddur og sagt: „Sendið Shoghi Effendi símskeyti um að hann eigi að koma strax heim.“ Móðir hans sagði okkur að þegar hún heyrði þetta hafi hún rætt við móður sína og ákveðið var að senda ekki þetta skeyti því það myndi hafa í för með sér óþarfa áhyggjur fyrir Shoghi Effendi. Þau ákváðu því að skrifa bréf um þessi fyrirmæli Meistarans í staðinn fyrir að senda skeyti. Bréfið barst eftir andlát hans. Hún sagði að Meistarinn hefði verið við mjög góða heilsu og það hefði ekki hvarflað að þeim að hann myndi brátt deyja. Engin vafi er á því að þetta var gert af góðum hug en er samt dæmigert fyrir

afskipti fjölskyldunnar af því sem þau töldu vera fjölskyldumál. Þau voru of skammsýn til að gera sér grein fyrir því að 'Abdu'l-Bahá hafði alltaf rétt fyrir sér og fyrirmælum hans ætti ávallt að hlýða. Það er engin vafi á því að þessi mannlega skammsýni, svo hörmuleg sem hún var, olli ósegjanlegu tjóni á dögum Bahá'u'lláh, 'Abdu'l-Bahá og Shoghi Effendi. Það kom allavega í veg fyrir að Shoghi Effendi gæti séð afa sinn aftur. Hann sagði oft og mörgum sinnum að sér fyndist að hefði það tekist hefði Meistarinn getað gefið honum ráðleggingar eða fyrirmæli, að ekki sé minnst á þá miklu hughreystingu sem það hefði veitt honum að sjá andlit 'Abdu'l-Bahá einu sinni enn í þessum heimi.

Eftir að Shoghi Effendi kom til Haifa flutti hann aftur í gamla herbergið sitt næst vistarverum 'Abdu'l-Bahá. En nokkrum dögum síðar flutti hann í herbergi á heimili frænku sinnar í næsta húsi og var þar ævinlega meðan hann dvaldi í Haifa eða allt þar til Hið helgasta lauf lét byggja fyrir hann tvö herbergi og lítið baðherbergi á þakinu á heimili Meistarans sumarið 1923. Enginn vafi leikur á því að ýmsar ástæður voru fyrir þeirri ákvörðun hans að dvelja stundarsakir á öðru heimili. Sárar minningar fylgdu gamla herberginu; fjöldi fólks kom og fór í húsi Meistarans. Annað sem var dæmigert fyrir Shoghi Effendi var sterk réttlætistilfinning hans. Einum af sonum fjölskyldunnar hafði hlotnast svo há staða og mikill heiður að hann varð nú að auðsýna frænkum sínum, frændum og ættingjum heiður og gæsku til þess að jafna málin að einhverju leyti.

Við þessa heimkomu fékk Shoghi Effendi ekkert tækifæri til að jafna sig eftir þau áföll sem hann hafði orðið fyrir, allt frá þeim degi þegar hann stóð í skrifstofu Tudor Poles og las þar örlagaríka símskeytið um andlát Meistarans. Þrátt fyrir aðstæður hans og ásigkomulag hafði staðan sem erfðaskrá Meistarans veitti honum lagt honum á herðar ábyrgð sem hann gat ekki deilt með neinum einstaklingi eða stofnun allt til æviloka. Hann var þannig í sporum Meistarans sem axlaði ábyrgð sem arftaki Bahá'u'lláh samkvæmt erfðaskrá hans við uppstigningu hans. Taka varð ákvarðanir og sú fyrsta snerist um hvernig gera ætti erfðaskrána opinbera.

Ýmsar heimildir skýra frá því að morguninn 3. janúar 1922 hafi Shoghi Effendi heimsótt graphýsi Bábsins og legstað afa síns. Síðar þann sama dag var erfðaskrá Meistarans lesin upp fyrir níu manns heima hjá frænku hans. Shoghi Effendi var ekki viðstaddur þessa athöfn. Flestir viðstaddir voru meðlimir fjölskyldu 'Abdu'l-Bahá. Þeim

var sýnt innsigli erfðaskrárinnar, undirskrift og rithönd 'Abdu'l-Bahá á erfðaskránni. Verndarinn gaf einum viðstaddra, átrúanda frá Persíu, fyrirmæli um að gera staðfest afrit. Í bréfi sem Shoghi Effendi skrifaði sjálfur til gamals bahá'ía nokkrum vikum síðar segir: „Erfðaskrá 'Abdu'l-Bahá var lesin upp 7. janúar 1922 í húsi hans í návist bahá'ía frá Persíu, Indlandi, Egyptalandi, Englandi, Ítalíu, Þýskalandi, Ameríku og Japan.“ Verndarinn sótti ekki heldur þennan samfund, vafalaust vegna þess að hann var of veikur og viðkvæmur. Í samræmi við þá siði sem tíðkast á þessu svæði var haldin minningarathöfn á fertugasta degi eftir andlát 'Abdu'l-Bahá. Nokkrir bahá'íar og margir virðingarmenn, meðal annars borgarstjórinn í Haifa, komu saman í stofu á heimili Meistarans. Þeim var færður hádegisverður og síðan var haldin stór samkoma í sömu salarkynnum þar sem ræður voru haldnar til heiðurs hinum látna Meistara og fyrirmælin í erfðaskrá hans kunngerð. Gestirnir biðu þess eftirvæntingarfullir að Shoghi Effendi ávarpaði þá stuttlega og einn vinanna fór með þessi skilaboð til hans. Shoghi Effendi sem var staddur hjá Hinu helgasta laufi í herbergi hennar kvaðst vera of örvílnaður og máttfarinn til að geta orðið við beiðni þeirra og skrifaði í staðinn nokkur orð sem lesa átti fyrir hans hönd. Þar tjáði hann hjartans þakkir sínar og fjölskyldu 'Abdu'l-Bahá fyrir návist borgarstjórans og ræðumannanna sem með einlægum orðum sínum höfðu „endurlífgað heilaga minningu hans í hjörtum okkar . . . Ég leyfi mér að vona að við, ættingjar hans og fjölskylda, megum með gerðum okkar og orðum verða verðug þess dýrlega fordæmis sem hann gaf okkur og ávinna okkur þannig virðingu ykkar og ástúð. Megi eilífur andi hans vera með okkur öllum og tengja okkur öll um alla eilífð!“ Hann byrjar þessi skilaboð þannig: „Áfallið var of hörmulegt og kom of skyndilega fyrir ungan aldur minn til þess að ég geti verið viðstaddur þennan fund ástvina okkar elskaða 'Abdu'l-Bahá.“

Það var við hæfi að Hið helgasta lauf kynnti bahá'í heiminum fyrirmælin í erfðaskrá Meistarans en ekki Shoghi Effendi sjálfur. Þann 7. janúar sendi hún tvö símskeyti til Persíu svohljóðandi: „Minningarathafnir hafa verið haldnar um allan heim. Drottinn allra veraldanna hefur í erfðaskrá sinni opinberað fyrirmælin sín. Afrit verður sent. Upplýsið átrúendurnar . . .“ og einnig: „Erfðaskrá framsend Shoghi Effendi miðstöð málstaðarins.“ Það er mikilvægt að minnast þess að 'Abdu'l-Bahá sem efalaust sá fyrir þessa atburði, hafði skrifað í svari sínu við fyrirspurn frá ráðinu í Teheran: „Þið hafið spurt í nafni

hvers eigi að skrá hjá ríkisstjórninni fasteignir og byggingar sem gefnar hafa verið og hvaða lögformleg skjöl hafi verið gefin út. Þau á öll að skrá í nafni Mirza Shoghi Rabbani sem er sonur Mirza Hadi Shirazi og er í London“. Hversu mikið áfall og sorgarefni sem andlát Meistarans var fyrir átrúendurnar í Persíu er það ólíklegt að fréttirnar um skipun Shoghi Effendi hafi komið hinum upplýstari meðal vinanna þar mjög á óvart, sérstaklega eftir að þeir höfðu fengið svo skýr fyrirmæli frá ‘Abdu’l-Bahá. Hið helgasta lauf sendi símskeyti til Bandaríkjanna 16. janúar þar sem segir: „Í erfðaskrá er Shoghi Effendi skipaður Verndari málstaðarins og forstöðumaður Húss réttvísinnar. Upplýsið amerísku vinina.“ Þrátt fyrir þá staðreynd að Shoghi Effendi hafi frá upphafi fjallað á hógværan og myndugan hátt um þau vandamál sem stöðugt blöstu við honum, treysti hann mjög á Hið helgasta lauf sem með skapgerð sinni, hárrí stöðu og ást var hvortveggja í senn stuðningur hans og athvarf.

Strax eftir þessa atburði valdi Shoghi Effendi átta málsgreinar úr erfðaskránni og dreifði þeim meðal átrúendanna. Aðeins ein þeirra vísaði til hans sjálfs. Hún var mjög stutt og hljóðaði svo: „Ó þér trúfastir ástvinir ‘Abdu’l-Bahá! Yður ber skylda til að sýna Shoghi Effendi hina mestu umhyggju... Því hann er eftir daga ‘Abdu’l-Bahá Verndari málstaðar Guðs. Afnan, Hendur málstaðarins og ástvinir Guðs verða að hlýðnast honum og snúa sér til hans.“ Af öllum þeim kröftugu og magnþrungnu málsgreinum í erfðaskránni sem vísa til Shoghi Effendi valdi hann þá sem kom minnst á óvart og var síst ögrandi til dreifingar fyrst í stað. Frá upphafi naut hann leiðsagnar og var sjálfur sá sem leiðbeindi.

Þessi fyrstu ár Verndarans verður að sjá sem stöðuga göngu manns sem fellur til jarðar og rís upp aftur, reikar iðulega undan þeim reiðarslögum sem dundu yfir hann en ósveigjanlega staðfastur í ákvörðun sinni. Það var ást hans á ‘Abdu’l-Bahá sem ávallt reisti hann við: „Samt trúi ég“, hrópar hann, „staðfastlega á vald hans, leiðsögn og eilífa návist...“ Í bréfi sem hann skrifaði í febrúar 1922 til Nayir Afnan, frænda ‘Abdu’l-Bahá, kemur sálarangist hans vel í ljós: „Bréf... þitt barst mér mitt í sorg minni, áhyggjum og þrengingum... sársaukinn, nei, angistin vegna fráfalls hans er svo yfirþyrmandi, ábyrgðin sem hann hefur lagt á ungar og veikburða herðar mínar svo yfirþyrmandi...“ Hann heldur áfram og segir: „Ég sendi þér persónulega með þessu bréfi afrit af erfðaskrá Meistarans

kæra. Þegar þú lest hana sérðu hvað hann hefur mátt þola af hendi ættingja sinna... þú munt einnig sjá hversu mikla ábyrgð hann hefur falið mér og ekkert nema skapandi vald orða hans getur hjálpað mér að horfast í augu við þá ábyrgð...“ Þetta bréf gefur ekki aðeins til kynna tilfinningar hans en sú staðreynd að hann skrifaði það til manns sem var einn af óvinum Meistarans dagana eftir uppstigningu Bahá'u'lláh og tilheyrði þeim ættingjum sem hann hafði svo harðlega fordæmt í erfðaskrá sinni sýnir hversu djarflega Shoghi Effendi sýnir honum í spegil fortíðarinnar um leið og hann höfðar til stuðnings hans og hollustu við þær nýju kringumstæðar sem höfðu skapast.

Fyrstu bréf Shoghi Effendi opinbera þann styrk sem honum var eiginlegur, visku hans og tign. Hann skrifaði einum prófessoranna við Ameríska háskólann í Beirut 19. mars 1922 og fjallar þar skýrt og ótvírætt um sína eigin stöðu: „Varðandi spurningu þína um hvort ég hafi verið formlega útnefndur talsmaður bahá'í samfélagsins: 'Abdu'l-Bahá hefur í erfðaskrá sinni skipað mig forstöðumann allsherjarráðsins sem kosið verður á tilsettum tíma af kjörnum þjóðarráðsfulltrúum fylgjenda Bahá'u'lláh í ýmsum löndum...“

Ekki má samt halda að dreifing á erfðaskrá Meistarans hafi leyst öll vandamál og gert brautina greiða fyrir nýja tíma í þróun málstaðarins. Því fer fjarri. Áður en Shoghi Effendi kom til Haifa hafði Hið helgasta lauf séð sig til þess knúna að senda eftirfarandi símskeyti til Ameríku þann 14. desember: „Nú er tími mikilla prófrauna. Vinirnir ættu að vera staðfastir og sameinaðir í vörn málstaðarins. Nakeseens [sáttmálsbrjótur] eru farnir að starfa í gegnum fjölmiðla og eftir öðrum leiðum um allan heim. Veljið nefnd viturra og yfirvegaðra átrúenda til að bregðast við fjölmiðlaáróðri í Ameríku.“ Þá alvarlegu atburði sem gefnir eru í skyn í þessu símskeyti er aðeins hægt að skoða í samhengi við það alvarlega ástand sem ríkti í Ameríku þegar 'Abdu'l-Bahá lést. Hann hafði um nokkurt skeið haft miklar áhyggjur af sáttmálsbrotum þar í landi og í bréfi sem ritað var nokkrum árum áður sagði hann jafnvel fyrir um storm sem bresta myndi á eftir andlát sitt og að hann myndi biðja fyrir vernd átrúendanna. Þann 8. nóvember 1921 sendi hann Roy Wilhelm, traustum bréfavini sínum, símskeyti: „Hvernig er ástandið og hvernig heilsast vinunum?“ Wilhelm svaraði þessu næsta dag: „Í Chicago, Washington og Philadelphia eru brot og uppnám sem snýst um Fernald, Dyer og Watson. New York og Boston neita að taka þátt og styðja heilshugar uppbyggilega stefnu.“ 'Abdu'l-Bahá sendi

harðort svar um hæl í símskeyti 12. nóvember, sem gaf áhyggjur hans skýrt til kynna: „*Sá sem situr með holdsveikum verður holdsveikur. Sá sem fylgir Kristi forðast Farísea og hefur andstygð á Júdasi Iskariot. Forðist vissulega hina brotlegu. Látið Goodall, True og Parsons vita símleiðis.*“ Þann sama dag sagði Meistarinn í öðru símskeyti til Roy Wilhelm: „*Ég sárþæni Hinn himneska gjafara um heilsu*“. Þetta voru allra síðustu boðin sem Ameríka fékk frá honum.

Skyndilegt fráfall ‘Abdu’l-Bahá varð ekki til þess að bæta ástandið. Það var vitundin um hversu alvarlegt það var sem án efa fékk Hið helgasta lauf til að senda símskeytið þar sem amerísku vinunum var sagt að Meistarinn hefði skilið eftir ítarleg fyrirmæli í erfðaskrá sinni. Það stöðuga uppnám sem Muḥammad ‘Alí hafði valdið allt frá uppstigningu Bahá’u’lláh hafði ekki lægt og handbendi hans í Bandaríkjunum voru virk og fylgdust vel með. Á þeim tíma var tímaritið *Reality* bahá’í mál gagn og birti fréttir af sáttmálsbrjótunum og starfsemi þeirra; þetta olli viturri og reyndari átrúendum þungum áhyggjum, sérstaklega þeim sem höfðu notið þeirra forréttinda að þekkja ‘Abdu’l-Bahá persónulega, en hinir ungu, óreyndu og „frjálslyndu“ héldu ró sinni og voru sér ekki meðvitandi um hættuna sem steðjaði að þeim. Það var vegna þessa linkulega og óráðna viðhorfs sem ‘Abdu’l-Bahá tæpum tveimur mánuðum fyrir andlát sitt hafði skrifað töflu, sem birt var í *Star of the West*, þar sem hann reyndi að leiða vinunum fyrir sjónir að þeir tækju alvarlega áhættu með því að sýna slíkum málum léttúð og að Bahá’u’lláh hafði varað fylgjendur sína við ódaun sem bærisk frá engum öðrum en hinum brotlegu. Þetta var ástandið sem Shoghi Effendi fékk í arf.

Einn af elstu og dyggustu amerísku átrúendunum skrifaði til Shoghi Effendi 18. janúar 1922, tæpum tveimur vikum eftir að fyrirmælin í erfðaskrá ‘Abdu’l-Bahá höfðu verið kunngerð: „Eins og þú veist valda sáttmálsbrjótarnir mikilli sorg og erfiðleikum fyrir málstaðinn í Ameríku. Þetta eiturfur grafið mjög um sig meðal vinanna...“ Margar skýrslur fluttu Verndaranum unga nákvæmar ásakanir og staðreyndir. Auðvitað var önnur hlið á málinu. Bahá’íar í austri og vestri fylktu sér af hjartnæmri einlægni og trausti um sinn unga leiðtoga og frá þeim streymdu heitstrengingar um ást og tryggð: „Við þráum að aðstoða Verndarann á allan hátt og hjörta okkar eru meðvituð um byrðina sem lögð er á ungar herðar hans...“ „Okkur hefur borist sú orðsending hér í Washington að ástkær Meistari okkar hafi falið

leiðsögn og vernd hins heilaga málstaðar í hendur þínar og skipað þig yfirmann Húss réttvísinnar. Ég skrifa þér þessar línur sem svar hjarta míns við heilögum fyrirmælum okkar elskaða Drottins og fullvissa þig um allan þann stuðning og trygð sem ég er fær um að veita . . .“ „Ástvinur ástvinnar okkar,“ þannig ávörpuðu hann tveir átrúendur, sem voru stoð og stytta trúarinnar í Ameríku. „Hjörtu okkar sungu af fögnuði þegar við heyrðum þær fréttir að Meistarinn hefði ekki skilið okkur eftir án huggunar heldur gert þig, ástvin sinn, að miðpunkti einingar málstaðar síns til þess að hjörtu allra vinanna megi finna frið og öryggi.“ „Líf okkar hefur verið hjúpað niðamyrkri þangað til blessað símskeyti Hins helgasta laufs bar með sér fyrsta ljósgeislann, sem er að hinn miskunnsemi Drottinn hefur skipað þig Verndara okkar og leiðtoga og einnig Verndara málstaðar Guðs og yfirmann Húss réttvísinnar.“ „Hvað sem Verndari málstaðarins vill eða ráðleggur þessum þjónum að gera, sú er einnig þrá okkar og fyrirætlan.“ Í bréfi til Hins helgasta laufs skrifar einn af gömlu átrúendunum, nýkominn frá Haifa, í ágúst 1922: „Vinirnir eru að laðast mjög að Shoghi Effendi og þeir þrá aðeins að fylgja þeim fyrirmælum Drottins okkar að við ættum öll styðja Verndara þessa heilaga málstaðar . . .“ Annar gamall átrúandi skrifaði á svipuðum tíma til Shoghi Effendi og fullvissaði hann um að þótt „ýmsir erfiðleikar og nokkur sárindi blasi enn við okkur skynja ég hinn græðandi kraft og trúi því að almennt hafi málstaðurinn í Ameríku aldrei verið jafn heilbrigður og rist eins djúpt og nú um stundir . . .“ Slík bréf færðu eflaust mikla huggun en í samanburði við fjölda átrúendanna á Vesturlöndum og hjartasár Verndarans virðast þau hafa verið hörmulega fá. Það er sorgleg staðreynd að margir þeirra sem játuðu honum staðfastan stuðning sinn yfirgáfu síðar málstaðinn og snerust jafnvel gegn honum. Hvirfilvindurinn rífur upp hávöxnu trén en hreyfir vart við grasinu sem lætur lítið yfir sér.

Enginn vafi er á því að mikil alda ástar og hollustu fór yfir bahá'í heiminn þegar hann heyrði fyrirmælin í erfðaskrá Meistarans. Hún hafði þó þau áhrif á sáttmálsbrjótana að þeir gripu til heiftúðugra aðgerða. Líkt og á marghöfða skrímsli, hvæstu höfuðin meinfýsislega hvert í kapp við annað, teygðu sig fram og hjuggu í átt til hins unga arftaka Meistarans. Hálfbróðir 'Abdu'l-Bahá, Muḥammad 'Alí, bróðir hans, synir og handbendi, gamalkunnir óvinir trúarinnar í Persíu, hinir óánægðu, hálfvolgu, metnaðargjörnu—hvar sem þeir voru og hverjir sem þeir voru—byrjuðu að stofna til vandræða. Þann 16. janúar

skrifuðu tveir gamalreyndir amerískir bahá'íar sem þjónuðu í Teheran til fjölskyldu Meistarans og brugðu upp mynd af því sem þar fór fram. Ein þýðingarmesta staðreyndin sem kemur fram í bréfum þeirra er að 'Abdu'l-Bahá hafði sent bréf til Persíu. Vinunum til upplýsingar lét hann fylgja með því bréf sem Shoghi Effendi hafði skrifað honum og sagt fréttir af málstaðnum í Englandi. Þetta bréf barst eftir fráfall hans en það sýnir hve stoltur Meistarans var af afasyni sínum. Það virðist ekki hafa verið nein tilviljun þegar haft er í huga að fréttirnar af uppstigningu hans og skipun Shoghi Effendi í embætti Verndarans komu skömmu síðar. Í bréfinu stendur: „...hróp og köll heyrast og beinast gegn málstaðnum... en hjörðin dreifðist hvorki né gleymdist. Hún er staðföst og ákveðin og fylkir sér um leiðtogann unga og hugrakka sem Ástvinurinn hefur blessað okkur með. Við höfum alltaf þekkt nafn Shoghi Effendi og öll bahá'í þjóðin fagnar honum opnum örmum í dag. „Sæll er sá sem kemur í nafni Drottins“...“ „...Ég óska þess að þið gætuð heyrt þakklætisorð átrúendanna: Nú höfum við fengið hughreystingu. Nú erum við sátt. Málstaðurinn hefur gengið í endurnýjun lífdaga.“

Þann 16. janúar skrifaði Verndarinn fyrsta bréf sitt til persnesku átrúendanna. Hann hvatti þá til að vera staðfasta og vernda trúna og deildi með þeim sorg sinni vegna fráfalls Meistarans elskaða með hjartnæmu orðalagi. Þann 22. janúar sendi Shoghi Effendi símskeyti til amerísku bahá'íanna: „Heilög lauf láta huggast vegna óbifanlegrar hollustu Ameríkumanna og göfugs ásetnings þeirra. Dagur staðfestu. Þiggið boð mitt um ástríka samvinnu.“ Daginn áður hafði hann skrifað þeim sitt fyrsta bréf sem hefst á þessum orðum: „Nú þegar dagur er í þann veginn að renna upp yfir landið helga og meðan dapurleikinn vegna fráfalls Meistarans dvelur enn í hjörtunum, finnst mér að hjarta mitt verði að horfa fullt ástar og vonar til hins mikla fjölda ástvina hans handan hafsins...“ Hann hafði þegar tekið við stjórntaumunum og sá glögg þau sund sem hann varð að sigla „hinn breiða og beina veg kennslunnar“ eins og hann orðaði það. Eining, sjálfsleysi, andleg lausn, fyrirbyggja, varfærni, stöðug viðleitni til að framkvæma óskir Meistarans, vitund um návist hans, nauðsyn þess að forðast óvini málstaðarins—þetta varð að vera markmið og hvatning átrúendanna. Fjórum dögum seinna skrifar hann sitt fyrsta bréf til japönsku átrúendanna: „Þótt ég sé örvílnaður og sorgmæddur þessa dimmu daga, lifnar vonin ætíð innra með mér þegar ég minnst þeirra vona

Meistarans sem hann fullur trúnaðartrausts batt við vinina í landi ykkar í Austurlöndum fjær. Þá hverfur sorgin yfir fráfalli hans. Sem ritari hans og þjónn í næstum tvö ár eftir stríðslok minnst ég vel þeirrar geislandi gleði sem lýsti af andliti hans í hvert sinn sem ég opnaði bréf ykkar og bænaskrár að honum viðstöddum...“

Þessa daga var Shoghi Effendi einnig önnum kafinn við að þýða erfðaskrá afa síns á ensku. Emogene Hoagg, sem hafði búið í Haifa um tíma áður en 'Abdu'l-Bahá lést, skrifaði 24. janúar: „Áður en langt um líður verður erfðaskrá Meistarans elskaða tilbúin til að senda til Ameríku og annarra landa. Shoghi Effendi vinnur nú að þýðingu hennar.“

Meðan Shoghi Effendi vann að þessu, safnaði kröftum og skrifaði fyrstu bréfin til bahá'ía í ýmsum löndum, fékk hann eftirfarandi bréf frá landsstjóranum í Palestínu, Sir Herbert Samuel, dagsett 24. janúar 1922:

Kæri hr. Rabbani,

Ég staðfesti móttöku á bréfi þínu frá 16. janúar og þakka þér vingjarnleg orð þín. Það væri óheppilegt ef fráfall 'Abdu'l-Bahá, sem við stöðugt hörmum, kæmi í veg fyrir að þú lykir námi þínu í Oxford og ég vona að svo verði ekki. Ég hef mikinn áhuga á því að heyra um þær ráðstafanir sem gerðar eru til að tryggja stöðugleika bahá'í hreyfingarinnar. Ef þú einhverju sinni kemur til Jerúsalem yrði það mér ánægja að hitta þig hér.

Þinn einlægur,

Herbert Samuel

Þótt tónninn í þessu bréfi sé vinsamlegur er ljóst að breska stjórnin krefst þess að fá að vita hvað sé að gerast. Þetta kemur engan veginn á óvart í ljósi starfsemi Muḥammad 'Alí. Stuttu eftir uppstigningu 'Abdu'l-Bahá hafði þessi óánægði og svikuli hálfbróðir hans gert tilkall byggt á lögum íslam (þetta var sami maður og hélt því fram að hann hefði ennþá rétt til þess að verða arftaki Bahá'u'lláh!) til hluta af landareign 'Abdu'l-Bahá og kvaðst hafa rétt til hennar sem bróðir hans. Hann hafði sent eftir syni sínum, sem dvaldi í Ameríku og rekið áróður fyrir kröfum föður síns þar og fékk hann í lið með sér í þessari nýju og harðvítugu árás á Meistarann og fjölskyldu hans. Það nægði honum ekki að sýna þannig sitt rétta eðli heldur fór hann þess á leit við borgaraleg yfirvöld að þau afhentu honum vörsluna yfir grafhýsi Bahá'u'lláh á þeirri forsendu að hann væri löglegur arftaki

‘Abdu’l-Bahá. Bresk yfirvöld höfðu þessu enda virtist hér um trúarleg málefni að ræða. Hann sneri sér þá til æðsta klerks múslíma í Akka og bað hann að taka við formlegri stjórn á grafhýsi Bahá’u’lláh. Þessi framámaður kvaðst hinsvegar ekki sjá hvernig hann gæti gert það þar sem bahá’í kenningar væru ekki í samræmi við trúarlöggjöf Kóransins. Þegar allt annað brást sendi Muḥammad ‘Alí yngsta bróður sinn, Badiullah, ásamt nokkrum stuðningsmönnum sínum í heimsókn í grafhýsi Bahá’u’lláh. Þriðjudaginn 30. janúar tóku þeir lykavöldin með valdi af umsjónarmanni hins helga grafhýsis, og kröfðust þannig viðurkenningar á réttindum Muḥammad ‘Alí sem löglegs umsjónarmanns með legstað Föður hans. Þessi ósvífna gerð olli slíku uppnámi í bahá’í samfélaginu að borgarstjórinn í Akka skipaði að lykarnir skyldu afhentir yfirvöldum. Hann setti verði við grafhýsið en gekk ekki lengra og hvorugur aðilinn fékk lyklna.

Það þarf ekki mikið ímyndunarafl til að sjá að þetta var enn eitt áfallið fyrir Shoghi Effendi. Æstur og mäsandi sendiboði bar fréttirnar að kvöldlagi, allir átrúendurnir voru í uppnámi og óttaslegnari en orð fá lýst við þá tilhugsun að í fyrsta sinn í marga áratugi höfðu þessar helgustu jarðnesku leifar fallið í hendur gamalgróins óvinnar Miðju sáttmálans. Einn amerísku átrúendanna sem heimsótti grafhýsið með Shoghi Effendi í mars 1922 lýsir þessu þannig í dagbók sinni: „Í öllum þremur nýlegum heimsóknum mínum til Behje komumst við aðeins að forgarði grafhýsisins—innri helgidómurinn var innsiglaður Muḥammad ‘Alí... Og þar sem enginn veit hvernig þessu mun lykta hefur Shoghi Effendi miklar áhyggjur af málinu.“ Þrátt fyrir persónulegar tilfinningar sínar fylgdi Shoghi Effendi trúfastur í fótspor Meistarans þegar árásir og stormar gengu yfir. Hann gaf rósamur fyrirskipanir um hvar setja ætti upp ljósin inni í grafhýsinu og utan við það, því að nú var verið að raflýsa það.

Þessi sami heimildarmaður sagði að meðan Verndarinn var í Haifa hefði hann sent símskeyti til Feisals konungs í Írak þar sem yfirtöku stjórnar hans á blessuðu húsi Bahá’u’lláh (pílagrímsstað fyrir bahá’ía um allan heim) var mótmælt. Hann gerði ráðstafanir til þess að önnur bahá’í samfélög sendu svipuð boð. Þetta var enn eitt áfallið fyrir Shoghi Effendi; á fáeinum mánuðum hafði hann orðið fyrir fjórum slíkum og hvert þeirra um sig hefði nægt til að setja hann í óbærilega stöðu.

Aðstæður Shoghi Effendi á þessum tíma voru svo sannarlega erfiðar. Þótt allur þorri átrúendanna sýndi honum hollustu var ráðist á



ARFTAKI MEISTARANS

Myndin er líklega tekin um sama leyti og 'Abdu'l-Bahá hóf ferðir sínar til Vesturlanda.



NÁMSÁRIN Í BEIRUT

Shoghi Effendi er þriðji frá vinstri í næstfremstu röð með bekkjarfélögum í Sírlenska mótmælendaskólanum, um 1914.



SHOGHI EFFENDI Í AUSTURLENSKUM KLÆÐUM

Þannig klæddist Verndarinn áður en hann hélt til náms í Englandi.



SHOGHI EFFENDI Á TVÍTUGSALDRI



RITARI MEISTARANS

Hér situr Shoghi Effendi við litlu ritvélina sína á svölum herbergis síns næst herbergi 'Abdu'l-Bahá – sennilega að þýða töflur Meistarans 1914.



SAMÓVARINN

Shoghi Effendi (annar frá vinstri) á þaki hlöðu við heimili
'Abdu'l-Bahá í Haifa.



SHOGHI EFFENDI MEÐ HARRY RANDALL

Myndin er tekin í Ridván-garðinum í grennd við Akka 1919.



SHOGHI EFFENDI ÁÐUR EN HANN VAR SKIPAÐUR VERNDARI



SHOGHI EFFENDI, ELSTI AFASONUR 'ABDU'L-BAHÁ
„Horfið í augu hans, þau eru eins og tært vatn,“ sagði 'Abdu'l-Bahá.



NOKKRIR VIRTIR BAHÁ'ÍAR MEÐ 'ABDU'L-BAHÁ

Shoghi Effendi er annar frá vinstri, Agnes Parsons (fyrir aftan 'Abdu'l-Bahá) J.E. Esslemont og Lothullah Hakim (efstir frá hægri til vinstri). Myndin var tekin áður en Shoghi Effendi fór til Englands í mars 1920.

málstaðinn úr öllum áttum. Það gerðu óvinir sem hafði aukist kjarkur og fögnuðu yfir fráfalli 'Abdu'l-Bahá. Okkur er sagt af einum af gömlu bahá'íunum sem sjálfur var ritari borgarstjórans í Haifa á þeim tíma að yfirvöldin á staðnum hefðu venjulega vísað til Verndarans sem „piltins“. Þessi skegglaus Oxford stúdent var augsýnilega kornungur, en hversu vel og tígulega sem hann bar sig, neitaði hann að láta eins og hann væri einn af skeggjuðu patriörkunum sem allir þekktu vel og settu svo sterkan svip á Haifa. Hversu elskaðir eða hataðir sem þeir voru var alltaf litið á þá sem helstu fyrimenn borgarinnar. Shoghi Effendi neitaði að ganga með vefjarhött og klæðast síðu austurlensku kyrtlunum sem Meistarinn hafði alltaf gengið í. Hann neitaði að fara í moskuna á föstudögum eins og 'Abdu'l-Bahá var vanur að gera. Hann neitaði að eyða tímanum með múslímskum prestum sem komu í heimsókn og voru vanir að eyða dagsstund með Meistarinum og brunnu án efa í skinninu eftir að virða fyrir sér, vega og meta, unglingspiltinn sem 'Abdu'l-Bahá hafði gert að leiðtoga trúarinnar. Þegar meðlimir fjölskyldu 'Abdu'l-Bahá reyndu að áminna hann fyrir að fara ekki að venjum Meistarans svaraði Verndarinn því til að hann yrði að ganga óskiptur að starfi málstaðarins. Allt þetta hlýtur að hafa aukið á þjáningar hans og valdið miklu uppnámi innan fjölskyldunnar og samfélagsins á svæðinu. Suma þeirra grunaði innst inni að Shoghi Effendi vissi í rauninni ekki hvað hann ætti að gera; hann þyrfti á eldri og viturri ráðgjöfum að halda og því fyrir sem Allsherjarhús réttvísinnar væri stofnað þeim mun betra yrði það fyrir málstaðinn og alla sem í hlut áttu.

Verndarinn var ýmist tilbeðinn og dáður, honum ögrað og lagðar lífsreglur, hann tortryggður og áminntur. Allt þetta fyllti hann án efa örvæntingu og hann fann hjá sér þörf fyrir stuðning og samráð. Í mars 1922 kallaði hann saman í Haifa hóp þekktra og mikilsvirtra bahá'ía. Lafði Blomfield hafði komið með honum frá Englandi, Emogene Hoagg bjó í Haifa og í hópinn bættust ungfrú Rosenberg frá Englandi, Roy Wilhelm, Mountfort Mills og Mason Remey frá Ameríku, Laura and Hippolyte Dreyfus-Barney frá Frakklandi, Consul og Alice Schwarz frá Þýskalandi og Tudor Pole ofursti. Tveir velþekktir bahá'í kennarar frá Persíu, Avarih og Fazel, voru einnig kallaðir til Haifa en koma þeirra tafðist af óviðráðanlegum ástæðum. Síðar sendi Verndarinn þá í langar kennsluferðir til Evrópu og N-Ameríku. Síðar komu Siyyid Mustafa Roumie frá Búrma, Corinne True og dóttir

hennar, Katherine, frá Bandaríkjunum. Aðrir pílagrímar komu og fóru þessa fyrstu mánuði. En það er mikilvæg staðreynd að það voru ekki aðeins margir gömlu bahá'íanna sem töldu að næsta skrefið yrði stofnun Allsherjarhúss réttvísinnar heldur tók borgarstjórinn í Haifa upp þetta mál í samræðum við einn af bahá'íunum sem Shoghi Effendi hafði sent eftir. Hann sagðist telja að þegar búið væri að stofna hús réttvísinnar og skrá bahá'í helgistaði í þess nafni væri ekki lengur um fjölskyldudeilur að ræða—þá væri kominn lagagrundvöllur fyrir trúarleg samtök. Á þessari skoðun voru ekki aðeins breskur embættismaður heldur einnig nokkrir meðlimir fjölskyldu 'Abdu'l-Bahá ásamt nokkrum átrúendum. Sú afstaða endurspeglar vel afstöðu sumra þeirra til Verndarans. Vegna æsku hans og aðstæðna við upphaf embættistökunnar töldu þeir að hann þyrfti á að halda hjálp og ráðleggingum frá öðrum meðlimum ráðs þar sem hann væri í forsæti. Það myndi einnig tryggja stöðugri lagagrundvöll og auðvelda baráttu gegn kröfum sem óvinir í Palestínu og Írak gerðu til bahá'í helgistaða samkvæmt sharía lögum íslam.

Hversu þjáður sem Shoghi Effendi kann oft að hafa verið persónulega, einkenndust viðbrögð hans við þessum skoðunum og samráðinu sem hann hafði við bahá'íana sem hann kallaði til sín, ætíð af viðbrögðum framúrskarandi hershöfðingja sem hefur yfirsýn yfir allar vígstöðvar og lætur aldrei blindast af smáatriðum eða neyðarástandi. Í áður nefndri dagbók stendur: „Fyrstu dagana í heimsókn minni var Shoghi Effendi oftast upptekinn af samráði við Mountfort Mills, Roy Wilhelm, Dreyfus-Barney hjónin, lafði Blomfield og Tudor Pole ofursta og síðar Schwarzes hjónin um stofnun Allsherjarhúss réttvísinnar. Það sem ég heyrði um málefnið sem þau ræddu var almenns eðlis. Svo virðist sem ekki sé hægt að stofna Allsherjarhúsið fyrr en svæðis- og þjóðarhús eru starfandi í þeim löndum þar sem bahá'íar eru. Mér skilst að Shoghi Effendi hafi kallað ákveðna vini frá Persíu og Indlandi til þessarar ráðstefnu en þeir komu ekki nógu tímanlega til að hitta vestrænu vinina sem ég hef minnst á.“

Niðurstaða þessara umræðna virðist hafa verið sú að Verndarinn gaf Schwarzes hjónunum fyrirmæli um að fara aftur til Þýskalands og starfa að myndun svæðisráða og þjóðarráðs. Roy Wilhelm og Mountfort Mills áttu að flytja Ameríku þau boð á komandi landsþingi að Framkvæmdaráðið—þjóðarráð bahá'ía í N-Ameríku—ætti að verða löggefandi stofnun með það hlutverk að vera í fararbroddi í öllum þjóðlegum málefnum en ekki aðeins framkvæma ákvarðanir og

tillögur frá árlegu landsþingi þar sem fulltrúar höfðu samráð. Enginn vafi er á því að breskum bahá'íum sem voru viðstaddir var falið að flytja sínum eigin samfélögum sama heildarboðskap. Þetta táknar að rétt rúmum tveimur mánuðum eftir að hann tók við stöðu Verndarans byrjaði Shoghi Effendi að leggja grundvöllinn að stjórnskipulagi trúarinnar eins og það var sett fram í erfðaskrá 'Abdu'l-Bahá.

En álagið var meira en hann fékk borið. Hann skipaði níu manna ráð sem átti að starfa til bráðabirgða. Í skýrslu ráðsins 7. apríl 1922 kemur fram að bréf hafi borist frá Hinu helgasta laufi þar sem hún segir: „Verndari málstaðar Guðs, hin útvalda grein, leiðtogi fylgjenda Bahá Shoghi Effendi, hefur vegna sorgar og ósegjanlegs harms neyðst til að hverfa héðan um stundarsakir til þess að hvílast og safna kröftum. Hann kemur síðan aftur til landsins helga til að veita þessa þjónustu og sinna ábyrgðarstarfi sínu.“ Hún heldur áfram og segir að í samræmi við bréf sem hún lætur fylgja með hafi hann skipað hana til að hafa yfirumsjón með öllum bahá'í málefnum í fjarvist hans í samráði við fjölskyldu 'Abdu'l-Bahá og sérstakt bahá'í ráð. Shoghi Effendi var þegar farinn frá Haifa til Evrópu 5. apríl í fylgd elsta frænda síns. Hið helgasta lauf sendi þessa ákvörðun og bréf Verndarans til ritstjóra *Star of the West*. Þar birtist það í þýðingu með ljósritum af upprunalegum persneskum bréfum hennar og Shoghi Effendi. Enginn vafi er á að svipuð bréf voru send til annarra þýðingarmikilla bahá'í miðstöðva. Í bréfi til *Star of the West* útskýrði Hið helgasta lauf að hún hafi stofnað ráð þeirra sem Shoghi Effendi hafði útnefnt. Í bréfi Verndarans segir:

Hann er Guð!

Eftir þann hörmulega atburð og miklu ógæfu—uppstigningu hans heilagleika 'Abdu'l-Bahá til Abhá ríkisins—hefur þessi þjónn verið svo altekinn sorg og sársauka og svo flæktur í erfiðleikana sem óvinir málstaðar Guðs hafa skapað, að ég tel návist mína hér á þessum tíma og í slíku andrúmslofti ekki samræmast mikilvægum og helgum skyldum mínum. Af þessari ástæðu og þar sem ég sé ekki aðra kosti hef ég um stundarsakir falið málefni málstaðarins, bæði heima og erlendis, umsjá hinnar helgu fjölskyldu og yfirstjórn Hins helgasta laufs—megi sál minni verða fórnað fyrir hana. Þetta geri ég þangað til ég fyrir miskunn Guðs hef fengið heilsu, styrk, sjálfstraust og andlega orku og get byrjað að sinna með reglubundnum hætti og til fulls þjónustustarfi mínu í samræmi við markmið mín og þrár og uppfyllt æðstu andlegar vonir mínar og metnað.

Þjónn við fótiskör Hans,

Shoghi

Þann 8. apríl skrifaði Hið helgasta lauf almennt bréf til vinanna. Hún nefnir fyrst stuðningsbréfin sem þeir hafa sent og segir að Shoghi Effendi treysti á samvinnu þeirra við útbreiðslu málstaðarins. Bahá'í heimurinn verði nú að tengjast með tilstyrk andlegu ráðanna og undir þau verði að bera spurningar sem varða þeirra eigin svæði. Hún heldur síðan áfram og segir: „Eftir uppstigningu okkar elskaða ‘Abdu’l-Bahá hefur Shoghi Effendi verið svo harmi sleginn . . . að hann hefur leitað nauðsynlegs næðis til að hugleiða það umfangsmikla verkefni sem bíður hans og það er í þessu skyni sem hann hefur yfirgefið land okkar um hríð. Meðan hann er fjarverandi hefur hann skipað mig fulltrúa sinn og meðan hann er upptekinn af þessu mikla verkefni, er fjölskylda ‘Abdu’l-Bahá þess fullviss að þið munið öll starfa heilshugar að sigursælli sókn málstaðar Bahá’u’lláh . . .“ Vélritað bréfið á ensku er undirritað á persnesku með „Bahá’íyyih“ og innsiglað með innsigli hennar.

Á ytra borði virtist allt vera með kyrrum kjörum en undir niðri geisaði stormur í hjarta og sál Shoghi Effendi. „Hann er farinn“, skrifaði Hið helgasta lauf, „í ferð til ýmissa landa.“ Hann fór með frænda sínum til Þýskalands að leita læknis. Ég man að hann sagði mér að hann hefði nánast engin ósjálfráð viðbrögð haft í vöðvum og læknar hefðu talið það mjög alvarlegt. Í auðninni fékk hann nokkra græðingu eins og svo margir aðrir á undan honum. Nokkrum árum síðar, 1926, skrifaði hann til Hippolyte Dreyfus, sem hafði þekkt hann frá barnæsku og sem hann greinilega taldi sig geta talað við sem vin. Hann skrifaði að bréf hans hefði borist sér „á leiðinni til Bernarhálandisins sem er orðið mitt annað heimili. Í vígjum og fylgsnum heillandi fjalla reyni ég að gleyma þeim grimmilegu skapraunum sem hafa hrjáð mig svo lengi . . . Ég harma mjög að eins og heilsu minni er nú varið er ég lítt hneigður og jafnvel ófær um að halda uppi alvarlegum umræðum um þessi mikilvægu mál sem við mér blasa og sem þú sjálfur þekkir. Andrúmsloftið í Haifa er ópolandi og róttækar breytingar eru óraunhæfar. Að flytja starf mitt til einhverrar annarrar miðstöðvar er óhugsandi, óæskilegt og jaðraði réttilega við hneyksli að álit margra . . . Ég get ekki tjáð mig betur en ég hef gert því minni mínu hefur hrakað mjög.“

Fyrstu árin eftir fráfall ‘Abdu’l-Bahá ferðaðist Shoghi Effendi oft um Evrópu, ekki aðeins með eirðarlausum áhuga ungmennis heldur einnig manns sem starfaði undir þrúgandi fargi gífurlegrar ábyrgðar

og stöðugra krafna. Hann sneri aftur og aftur til svissnesku fjallanna, villtra og voldugra, og tignarlegs einmanaleika þeirra.

Bréfaskriftir Shoghi Effendi á frönsku við þýskan Svisslending sem Shoghi Effendi gisti hjá mörg sumur lýsa best eðli hans, ást hans á þeim sem hann kallar „gott, einfalt fólk“ og þeirri hjartahlýju sem svo oft einkenndi vináttu hans við aðra.

22. des. 1923

Kæri hr. Hauser,

Ég hef fengið vingjarnlegt kort þitt og það eitt að sjá fjallið Jungfrau með fagurri mynd af Interlaken vöktu með mér ógleymanlegar minningar um vinsemi þína, góðsemi og gestrisni meðan á yndislegri dvöl minni hjá þér stóð. Ég mun aldrei gleyma þessu og ætíð varðveita þessa minningu með þakklæti og blíðum hug.

Ég sendi þér nokkur frímerki sem ég vona að veki áhuga þinn. Ég óska þér af öllu hjarta, kæri hr. Hauser, góðs nýs árs og langra, farsælla og gæfuríkra lífdaga.

Vonast til að sjá þig aftur og gleymi þér aldrei,

Þinn einlægur

Shoghi

Næsta ár 26. september skrifar hann aftur:

Minn kæri hr. Hauser,

Ég er kominn aftur og fyrsta bréfið sem mig langaði til að skrifa á heimleiðinni var til míns ógleymanlega og kæra Hauser sem ég dvaldi hjá meðan ég naut fagurrar svissneskrar náttúru og heillandi gestrisni sem mér mun aldrei hverfa úr minni.

Þegar ég minnst reynslu minnar og þrotlausra ævintýraferða milli þess sem ég naut þeirrar hvíldar sem mér bauðst í þægilegu og hóglátu andrúmslofti Chalet Hoheweg, heillandi stað sem ég mun aldrei gleyma, finn ég oft til sterkar löngunar til að sjá þig einhvern daginn á heimili okkar í skauti fjölskyldu minnar og sýna þér vitnisburð um þakklæti mitt og vináttu! Og ef það er ekki mögulegt vona ég að þú munir alltaf minnast þakklætis míns og innilegrar vináttu.

Ég er nýbúinn að fá með pósti nokkur ný persnesk frímerki með mynd af nýja keisaranum sem ég vona að veki áhuga þinn.

Ég óska þér af öllu hjarta langra, gleðilegra og farsælla lífdaga og vonast til að hitta þig aftur einhvern daginn í Interlaken, í hjarta þess elskaða lands.

Ég verð ávallt þinn trúfasti vinur.

Þann 18. desember þakkar hann þessum vini fyrir póstkort og sendir honum „lítinn minjagrip frá Haifa-borg, sem er svo ólík og jafnast engan veginn á við hrífandi staði í landinu þínu fagra, Sviss“, og óskar „kærum og ógleymanlegum vini farsæls nýs árs.“

Þessi maður var gamall svissneskur leiðsögumaður. Í húsi hans við aðalgötuna hafði Shoghi Effendi leigt lítið herbergi undir súð og greiddi fyrir það einn franka á sólahring. Svo lágt var undir loft að þegar mágur hans, hávaxinn maður, kom til að hitta hann gat hann ekki staðið uppréttur. Þarna var lítið rúm, vaskur og kanna með köldu þvottavatni. Interlaken er í hjarta hálendisins á Bernar-svæðinu. Þaðan var haldið í ótölulegar ferðir til nálægra fjalla og dala. Shoghi Effendi hóf oft ferðina löngu fyrir sólarupprás, klæddur hnébuxum, Norfolk jakka og svörtum ullarlegghlífum, slitsterkum fjallastígvélum með staf og lítinn ódýran strigabakpoka. Hann tók lest að rötum fjalla eða fjallaskarða og gekk oft 10–16 klst., venjulega einn, en stundum í fylgd með einhverjum ungum ættingja. Þeir gátu sjaldan haldið í við hann og byrjuðu að afsaka sig eftir nokkra daga. Þaðan kleif hann nokkur hærri fjöll ásamt leiðsögumanni sem hann var bundinn við með taug. Þessir leiðangrar stóðu allt fram til þess tíma er hann kvæntist. Ég man að þegar við fórum fyrst til Interlaken sumarið 1937 fór Shoghi Effendi með mig að heimili Hausers. Hann vildi kynna konuna sína fyrir gamla manningnum sem honum þótti svo vænt um og sem hafði hlustað með svo miklum áhuga á sögur sem Shoghi Effendi sagði honum fullur ákafa af fjallgöngum dagsins, meðan hann dáðist að óbilandi orku og einbeitni unga mannsins. Í ljós kom að Hauser var dáinn. Verndarinn fór að friðsælum litlum fjallakirkjugarði til að heimsækja gröf hans og tók mig með sér. Shoghi Effendi sagði mér oft sögurnar af þessum fyrstu árum og sýndi mér tindana sem hann hafði klifið eða skörðin sem hann hafði farið um. Lengsta gangan var að hans sögn 42 kílómetrar yfir tvö fjallaskörð. Oft lenti hann í rigningu og gekk þangað til fötin þornuðu utan á honum. Hann hafði mikla ást á náttúrunni og ég tel að þessar eirðarlausu, löngu og erfiðu göngur hafi að einhverju leyti grætt þau djúpu sár sem fráfall Meistarans hafði skilið eftir í hjarta hans.

Shoghi Effendi sagði mér oft að hann hefði í rauninni aldrei matast fyrr en hann kom heim á kvöldin. Þá fór hann á lítið hótél (hann fór stundum með mig á sama litla fábrotna veitingastaðinn) og pantaði steiktar kartöflur, steikt egg og salat því þetta var ódýrt og seðjandi.

Hann fór síðan í litla herbergið sitt undir súðinni og sofnaði örmagna, uns hann knúinn skelfilegu eirðarleysi sálarinnar fór aftur á fætur og hélt af stað fyrir sólarupprás. Það var eitthvað sérkennilegt og afar hjartnæmt við það hvernig hann síðasta sumarið sem hann lifði hélt aftur til allra þeirra staða sem hann elskaði mest til þess að sjá þá aftur. Það var eins og langur skuggi einhvers fjallsins teygði sig til hans. Þessi fyrstu ár voru ekki aðeins sá tími þegar örvænting hans var dýpst heldur einnig sá tími þegar hann neitaði sér um mest.

Hann beitti sjálfan sig og þá sem með honum voru hörðum aga. Smávægileg upphæð var sett til hliðar fyrir sumarið og var látin nægja hvort sem hann var einn eða, eins og stundum gerðist, með einhverjum fjölskyldumeðlim, ferðafélaga og ritara. Efnahagurinn var rýmri ef fleiri voru í för. Hann ferðaðist aðeins á þriðja farrými, einnig þegar hann var kominn á miðjan aldur. Ég man eftir örfáum skiptum þegar við ferðuðumst á fyrsta eða öðru farrými og þá aðeins ef lestin var of skítug eða of troðin til að hægt væri að ferðast á þriðja farrými. Ef hann ferðast að næturlagi svaf hann á hörðum trébekkjum með höfuðið á bakpokanum og það var meira en þeir sem með honum voru gátu þolað. Hann hafði tvo mælikvarða, einn fyrir sjálfan sig sem leiðtoga trúarinnar. Þá snerist málið um almenningsálitið og heiður málstaðarins sem jafngilti heiðri hans sjálfs. Hann hafði annan mælikvarða fyrir sjálfan sig sem einstakling í einkaerindum og þurfti því ekki að koma fyrir sjónir annarra öðruvísi en maður sem var hógvær og samviskusamur í eðli sínu og vildi ekki eyða í munað þeim fjármunum sem embætti hans veitti honum aðgang að. Hann þurfti ekki að standa neinum skil á gerðum sínum, enginn bahá'í hefði dregið neitt í efa sem honum þóknaðist að gera, en hann efaðist um sjálfan sig og var sjálfum sér harður húsbóndi.

Þegar aldurinn færðist yfir hann og byrðar hans íþyngdu honum sífellt meira reyndi ég að gera það sem ég þorði til að fá hann til að vera aðeins betri við sjálfan sig, ekki eins strangan, og leyfa sér að minnsta kosti látlaus þægindi þokkalegs hótels, leita sér stundum lækninga, taka herbergi með baði, borða mat sem var betri og næringarríkari, því hann mataðist aðeins einu sinni á dag. Þessa lítilsháttar breytingu þáði hann aðeins vegna þess að Milly Collins sem þótti svo innilega vænt um hann var vön að bjóða honum peningaupphæð áður en „hvíld“ hans hófst og sárbað hann um að nota hana fyrir sjálfan sig og gera hvað sem hann vildi. Það var aðeins fyrir þrábeiðni mína sem

hann þáði það sem Milly gaf honum með svo djúpri ást og umhyggju fyrir honum persónulega. Hann notaði lítinn hluta þess fyrir sjálfan sig—en afganginum eyddi hann í kaup fyrir garðana, helgistaðina og skjalasafnið. Þetta veitti honum raunverulega gleði þannig að með einum eða öðrum hætti fékk Milly óskir sínar uppfylltar.

Shoghi Effendi sagði mér að fyrsta eða annað sumarið á embættisferli sínum hefði hann keypt reiðhjól og hjólað marga fjallavegi. Ég furðaði mig oft á hvernig hann komst heim aftur heill á húfi, djarfhuga sem hann var, fullur orku og með litla tilfinningu fyrir hinu vélræna. Það tókst honum þó alltaf! Hann hafði litla tilfinningu fyrir öllu sem laut að vélum, hann var dæmigerður hugsuður þótt hann gæti skapað afar fíngerða hluti í höndunum þegar hann vildi.

Þótt hann drægi sig í hlé—og það gerði hann í rauninni þegar hann fór fyrst frá landinu helga—voru öflin sem Shoghi Effendi hafði sett af stað byrjuð að bera ávexti. Einn pílagrímana sem hafði verið í Haifa upplýsti ameríska bahá'í landsþingið um það í apríl 1922 að „heimsókn okkar hafi verið að frumkvæði Shoghi Effendi. Í Haifa hittum við bahá'ía frá Persíu, Indlandi, Búrma, Egyptalandi, Ítalíu, Englandi og Frakklandi... Þegar við komum fékk ég það sterklega á tilfinningu að Guð væri á sínum stað og veröldin öll í góðu lagi... Við hittum Shoghi Effendi, hann var svartklæddur og persónuleiki hans snart okkur djúpt. Hugsíð ykkur hvað hann stendur fyrir í dag! Öll flóknu vandamálin sem leiðtogar heimsins fást við eru sem barnaleikur í samanburði við þann gríðarlega vanda sem þessi ungi maður stendur frammi fyrir, því við honum blasa vandamál alls heimsins... Enginn getur gert sér grein fyrir þeim yfirþyrmandi erfiðleikum sem hann glímir við... Meistarinn er ekki farinn. Andi hans er nálægur og afl hans og vald meira en áður... Mitt í þessum ljóma stendur ungmennið, Shoghi Effendi. Andinn streymir frá þessum unga manni. Hann er að sönnu ungur í ásýnd og viðmóti, samt er hjarta hans miðja heimsins í dag. Sterk skapgerð og guðlegur andi geislar frá honum. Hann einn getur... bjargað heiminum og skapað sanna siðmenningu. Hann er svo auðmjúkur, hógvær og sjálflaus að maður verður djúpt snortinn. Bréfaskrif hans sæta undrum. Guð hefur í mikilli visku sinni gefið okkur þennan mikla miðpunkt leiðsagnar til að mæta erfiðum vandamálum sem, líkt og okkar eigin, steðja að honum frá öllum heimshlutum. Hann bregst við þeim og leysir þau á mjög óformlegan hátt... Þær miklu meginreglur sem Bahá'u'lláh og 'Abdu'l-Bahá settu

fram hafa nú verið grundvallaðar með ytri birtingu ríkis Guðs á jörðu og þennan grundvöll er Shoghi Effendi að leggja styrkri hendi í Haifa í dag.“ Annar einstaklingur sem hafði verið kvaddur til Haifa til samráðs sagði: „Þegar maður kemur til Haifa, hittir Shoghi Effendi og sér hvernig hugur hans og hjarta starfar, undraverðan anda hans og skilning á hlutunum—það er sannarlega dásamleg reynsla.“ Þeir sögðu frá því að í Haifa hefðu þeir heyrt að Shoghi Effendi gengi til náða klukkan 3 eftir miðnætti og færi á fætur klukkan 6 og hefði eitt sinn unnið í samfleytt fjörutíu og átta stundir án matar og drykkjar. Shoghi Effendi sendi fjólúvönd til vinanna á landsþinginu með einum pílagrímanna ásamt ástúðlegum kveðjum til allra átrúendanna. Í skýrslu landsþingsins segir: „Það varð öllum ljóst að tíminn fyrir skipulagningu ríkis Guðs á jörðu var kominn...“ Vegna fyrirmæla sem amerísku bahá'íunum sem höfðu heimsótt Haifa voru gefin snemma árs 1922 kaus þetta landsþing andlegt þjóðarráð sem kom í stað eldri framkvæmdanefndar bahá'í Musteriseiningarinnar svonefndu. Starf trúarinnar í Norður Ameríku var þar með komið á algjörlega nýjan grunn.

Haustið 1922 sendi Hið helgasta lauf, sem var orðin mjög áhyggjufull vegna langrar fjarvistar Shoghi Effendi, meðlimi úr fjölskyldu hans til að finna hann og sárþæna hann um að koma aftur til landsins helga. Shoghi Effendi rakst á móður sína eitt kvöldið þar sem hún leitaði hans á götu lítils fjallaþorps þegar hann var á heimleið úr dagsferð. Hún hafði komið alla leið frá Palestínu í þessum tilgangi ásamt öðrum meðlimi úr fjölskyldu Meistarans. Tárivot sagði hún honum frá áhyggjum Bahíyyih Khánum, fjölskyldu og vina, og taldi hann á að snúa heim aftur og taka við sínu réttmæta hlutverki.

Í tilkynningu í amerísku Bahá'í tíðindum *Star of the West* segir: „Shoghi Effendi... sneri aftur til Haifa síðdegis á föstudag 15. desember, glaður og við góða heilsu, og tók við stjórntaumunum sem honum voru afhentir í erfðaskrá 'Abdu'l-Bahá sem Verndara bahá'í málstaðarins.“ Bréf og símskeyti Verndarans endurspeglar breytinguna á heilsu hans. Tveimur dögum eftir heimkomuna skrifaði hann átrúendunum í Þýskalandi: „Það er mér mikið hryggðarefni og veldur mér furðu og eftirsjá að hafa ekki geta haft náíð og stöðugt samband við ykkur vegna hörmulegra kringumstæðna sem ég réði ekki við...“ Hann heldur áfram og segir að hann hafi nú „snúið aftur til landsins helga með nýjum krafti og endurnærðum anda“. Sama dag skrifaði hann til frönsku bahá'íanna: „Nú þegar ég endurnærður og fullvissaður

tek aftur til við að sinna erfiðu skyldustarfi mínu.“ Hann skrifar einnig til japönsku bahá'íanna og segir að nú þegar hann ljúki löngum kafla hvíldar og hugleiðslu hafi það aldrei hvarflað að honum að skyndileg brottför af vettvangi virkrar þjónustu myndi draga úr blíðum vonum þeirra og væntingum. Hann gerði það einnig ljóst að fyrir honum hefði þetta „skyndilega brotthvarf“ verið nauðsynlegt: „Þótt þessi tími hafi verið langur,“ skrifaði hann til Ameríku 16. desember 1922, „hef ég samt haft þá sterku tilfinningu eftir að þessi nýi dagur rann upp yfir mig að þrátt fyrir tímabundna erfiðleika sem þessi nauðsynlega hvíld gæti haft í för með sér myndi hún bera miklu meiri árangur en nokkur sú þjónusta sem ég hefði strax getað veitt í auðmýkt við fótiskör Bahá'u'lláh“. Í einveru sinni hafði Shoghi Effendi minnst þess að ár var liðið frá fráfalli Meistarans; að horfast í augu við slíkan viðburð í Haifa í grafhýsi 'Abdu'l-Bahá hefði líklega verið meira en hann hefði getað afborið á fyrsta ári sínu sem Verndari trúarinnar.

Shoghi Effendi fór nú að starfa af fullum krafti, „með fagnaðaríkri fullvissu“ eins og hann orðaði það. Eitthvað upprunalegt í eðli hans var komið aftur, það sem fékk einn bahá'ía til að skrifa til hans þegar hann var nemandi í Beirut: „Brosandi andlit þitt stendur mér ávallt fyrir hugskotssjónum“. Þessi kraftur kom greinilega í ljós í þeim bunka af símskeytum sem hann sendi 16. desember 1922, daginn eftir heimkomuna, til nánast alls bahá'í heimsins. Ég vitna nú orðrétt í þessi skeyti:

PERSÍA

„Vissulega bið ég þess í einlægni að nú þegar ég geng aftur inn á vettvang þjónustu megi Drottinn herskaranna veita hugrökkum stríðsmönnum hans í því elskaða landi nýja blessun.“

AMERÍKA

„Sókn málstaðarins hefur ekki verið stöðvuð og hana verður aldrei hægt að stöðva. Ég bið Hinn almáttuga að viðleitni mín, sem hefur styrkst og endurnýjast, megi með stöðugum stuðningi ykkar leiða hann til dýrlegs sigurs.“

STÓRA BRETLAND

„Ég hef fundið hughreystingu og styrk og tengi fábrottnar tilraunir mínar við óþreytandi viðleitni ykkar í þágu málstaðar Bahá'u'lláh.“

ÞÝSKALAND

„Ég hef fram til þessa verið með ykkur í huganum og hugleiðslu og treysti nú frekari bönd virkrar þátttöku í ævilangri þjónustu við fótiskör Bahá'u'lláh.“

INDLAND

„Megi endurfundir okkar á dýrlegum vettvangi þjónustu reynast fyrirboði mikilla sigra á andlegum akri landsins.“

JAPAN

„Endurnærður og fullvissaður rétti ég ykkur yfir fjarlæg höf hönd bróðurlegrar samvinnu í málstað Bahá.“

MESÓPÓTAMIA

„Með brennandi áhuga og endurnýjuðum styrk bíð ég í landinu helga góðra fréttu.“

TYRKLAND

„Til þessa helgaða umhverfis rétti ég hönd vináttu minnar og þjónustu í málstað Bahá'u'lláh.“

FRAKKLAND

„Bíð gleðitíðinda frá ykkur í landinu helga.“

18. desember sendi hann símskeyti til:

SVISS

„Fullvissið svissneska vini mína um óbrigðula samvinnu mína nú þegar ég sný glaður aftur heim til landsins helga.“

Og 19. desember send hann eftirfarandi tvö símskeyti:

ÍTALÍA

„Færið ítölsku vinunum bestu óskir mínar nú þegar ég sný aftur til landsins helga.“

Til DUNN

„Bíð í landinu helga með ástúð gleðitíðinda frá áströlsku vinunum.“

Shoghi Effendi sendi líka símskeyti til nokkurra ættingja sinna þar sem einbeitni hans kemur skýrt í ljós, ákafi hans og æskufjör sem fær hjarta manns til að klökkna af samúð með honum. Þann 18. desember sendi hann þetta símskeyti til einnar frænku sinnar sem var í heimsókn í Egyptalandi: „Held þétt og ákveðið í stjórnartaumana. Sakna þín mjög. Láttu mig vita hvernig þér heilsast“. Til frænda síns sendi hann símskeyti sama dag, „Er genginn aftur inn á vettvang þjónustu. Treysti á staðfasta samvinnu þína.“ Öðrum fjarskyldum ættingja sendi hann næsta dag skeyti þar sem hann sagðist „...treysta fullvissaður á bróðurlega samvinnu þína.“

Í eðli sínu var Shoghi Effendi mjög skipulagður og þessi fyrstu ár

hélt hann tiltölulega heildstæðar skrár og afrit af bréfum sem voru send. Seinna komu vinnuálag og vandamál í veg fyrir að hann gæti gert þetta. Símskeytin eru þó undanskilin en af þeim geymdi hann dagsett afrit. Hann telur upp 67 miðstöðvar sem hann skrifaði til í Austurlöndum og Vesturlöndum þá mánuði sem hann var í landinu helga 1922. Frá 16. desember 1922 til 23. febrúar 1923 skrír hann 132 staði sem hann skrifaði til, sumum oftast en einu sinni. Í bréfi dagsettu 16. desember 1922 skrifaði hann: „...Ég bíð nú í eftirvæntingu góðra fréttu af framgangi málstaðarins og aukinni starfsemi ykkar og mun nota hvert tækifæri til að deila með hinum trúföstu hér og í öðrum löndum góðum fréttum af framsókn málstaðarins.“ Bréfaskriftir á þessum tíma ná til 21 lands og 67 borga en hann virðist ekki hafa skrifað fleiri en tuttugu einstaklingum. Margir þeirra voru ekki bahá'íar. Meðal landa sem hann skrifaði til strax í upphafi embættisferils síns voru Persía, Bretland, Frakkland, Þýskaland, Ítalía, Svíþjóð, Sviss, Bandaríkin, Kanada, Ástralía, Kyrrahafseyjar, Japan, Indland, Búrma, Kákasus, Turkistan, Tyrkland, Sýrland, Mesópótamía, Palestína og Egyptaland.

Með dæmigerðum ákafa og samviskusemi settist Shoghi Effendi niður daginn eftir heimkomuna í desember 1922 og skrifaði til vina sinna í Bretlandi:

Kæru bræður mínir og systur í trú Guðs!

Mig langar til að hefja þetta fyrsta bréf mitt til ykkar á því að tala til hjartna ykkar af djúpri einlægni og innileika og segja ykkur, hversu ófullnægjandi sem þessi orð eru, frá óþolinmæði minni og brennandi löngun meðan ég var fjarverandi til að snúa fljótt heim aftur og taka höndum saman við ykkur um það mikla treystingarstarf sem bíður sérhvers einlægs átrúanda í málstað Bahá'u'lláh. Nú finn ég mér til gleði að ég get á ný tekið til við að sinna margþættum skyldustörfum mínum af fullum þrótti. Beiskja vonbrigðanna sem ég hef orðið fyrir á þessum síðustu erfiðu mánuðum snýst í hamingju á þessari stundu þegar ég geri mér grein fyrir að andlega og líkamlega er ég betur í stakk búinn að takast á hendur ábyrgðarstörf málstaðarins... Ég þarf varla að segja ykkur hve glaður og þakklátur ég varð þegar ég heyrði um myndun þjóðlegs ráðs sem hefur það meginmarkmið að leiða, samræma og samstilla ýmsa starfsemi vinanna...

Hann lýkur bréfinu með því að fullvissa þau um að hann bíði í eftirvæntingu fréttu frá þeim með „stöðugri ást og endurnýjuðum krafti“. Bréfið undirritar hann einfaldlega „bróðir ykkar Shoghi“. Í öðru bréfi til þeirra sem er dagsett 23. sama mánaðar segir hann: „Ég hef síðustu

dagana beðið eftirvæntingarfullur eftir að mér væru send fyrstu skriflegu skilaboðin frá vestrænum vinum mínum eftir að þeir heyrðu um heimkomu mína til landsins helga.“ Hann segir að fyrsta bréfið sem hafi borist frá Vesturlöndum hafi verið frá enskum átrúanda og heldur áfram: „Ég óska þess í mikilli einlægni að nú þegar ég er tekinn að fullu til starfa aftur megí mér auðnast að leggja af auðmýkt fram minn skerf til að aðstoða og ráðleggja ykkur í því mikilvæga starfi sem bíður ykkar.“ Í persónulegu bréfi til ættingja, skrifað 20. desember, orðar hann innstu tilfinningar sínar: „Það er rétt að verkefni mitt er risavaxið, ábyrgð mín mikil og margþætt, en fullvissan sem orð hins alvitra Meistara gefa mér í starfi mínu er skjöldur minn, stoð og stytta á þeirri leið sem nú blasir við augum.“

Í fyrsta bréfi sínu til nýkjörins þjóðarráðs Ameríku skrifar hann 23. desember: „Það veldur mér mikilli eftirsjá og leiða að vegna ófyrirsjáanlegra og óviðráðanlegra kringumstæðna hef ég ekki getað skrifað ykkur frá því þið tókuð til við margþætt og erfið skyldustörf ykkar.“ Þetta eru orð manns sem rís upp af djúpri martröð og hugleiðir hyldýpi þrenginganna undanfarið ár. Hann heldur áfram og segir: „Enginn skuggi fellur þó á þá sannfæringu sem fullvissar mig og veitir mér styrk, að allt sem gerast mun í málstað Guðs, hversu uggvænlegt sem það virðist í fyrstu, er þrungið takmarkalausri visku og mun að endingu styrkja hagsmuni málstaðarins í heiminum.“

Í þessum fyrstu bréfum býður hann ráðunum að skrifa til sín og biður þau að senda upplýsingar um „þarfir sínar og þrár, áætlanir og starfsemi“ til þess að hann geti „með bænum mínum og bróðurlegri aðstoð lagt eitthvað af mörkum til framgangs dýrlegu ætlunarverki þeirra í þessum heimi.“ Hann er afar þakklátur fyrir hvernig „auðmjúkar tillögur mínar“ hafa verið framkvæmdar og hann fullvissar vinina um staðfasta bróðurlega aðstoð sína.

Þegar þessi símskeyti báru þær fréttir að Verndarinn var kominn aftur til Haifa streymdu bréf og skeyti til hans frá öllum heimshornum. Þótt þetta væri uppörvandi fyrir Shoghi Effendi setti það hann í alvarlegan bobba. Hann segir skilmerkilega frá því í bréfi til fjarskylds ættingja á fyrstu árum sínum í embætti Verndarans: „Eitt mest aðkallandi vandmálið eru bréfastipti við einstaklinga. Það væri djarft af mér að hafa sama háttinn á og Meistarinn og líka óraunhæft með hliðsjón af hröðum vexti hreyfingarinnar. Ég veit að þú skilur að persónuleg bréfastipti við suma en ekki aðra myndi smámsaman leiða til árekstra,

vonbrigða og jafnvel óvináttu því þú kannast vel við þann allstóra hóp vina sem væntir mikils en gerir lítið. Það er einnig erfiðleikum bundið að hætta algjörlega að skiptast á bréfum við einstaklinga og treysta á óbein skrifleg skilaboð sem aðstoðarfólk mitt og samstarfsmenn myndu rita meðan ég helgaði mig samskiptum við bahá'í ráð um allan heim. Ég met mikils skoðanir þínar á þessu erfiða vandamáli. Það mælir augljóslega gegn síðari leiðinni að hún yrði til þess að rjúfa öll persónuleg tengsl við bahá'í einstaklinga.“ Í janúar 1923 skrifaði Verndarinn til þýsku átrúendanna að með hliðsjón af „undraverðum hraða í útbreiðslu hreyfingarinnar um allan heim“ gæti hann ekki sinnt bréfaskriftum við alla átrúendurnar í Austur- og Vesturlöndum því það „útheimtir svo mikinn tíma og orku af minni hálfu að ég gæti ekki haft hugann nægilega vel við önnur skyldustörf sem eru svo brýn og áriðandi þessa dagana. Ég verð því með mikilli eftirsjá að láta mér nægja bein bréfaskipti við alla bahá'ía hópa á hverju svæði, hvort sem um er að ræða borg eða þorp . . . og samræma . . . starfsemi þeirra með milligöngu þjóðarráðsins . . .“ Þetta vandamál veldur honum enn áhyggjum í nóvember 1923. Hann skrifar breska þjóðarráðinu að það eigi „mikla og óskipta athygli“ sína og segir: „Ég og enginn annar opnar og les fyrstur allra skrifleg skilaboð, hversu lítilvæg sem þau eru.“ Árið 1926 skrifar hann: „Ég er svo ráðvilltur og önnum kafinn að ég hef varla nokkurn tíma til beinna bréfaskrifta.“

Í mörg ár, raunar öll þau þrjátíu og sex ár sem Verndarinn starfaði, átti hann erfitt með að finna tíma til að svara öllum þeim pósti sem honum barst. Loks ákvað hann að hætta ekki að svara bréfum einstaklinga, sérstaklega þeim sem komu frá Vesturlöndum og löndum þar sem voru nýir átrúendur. Sársaukafull reynsla hafði sýnt honum að ráðin voru ekki alltaf í stakk búin til að fara með málefni einstaklinga þannig að sárin greru og þeir yrðu áfram virkir í trúnni. Þessum bréfaskiptum við einstaklinga var ekki alltaf vel tekið af hálfu þjóðlegra stofnana sem töldu að þær ættu að vera opinber farvegur slíkra upplýsinga, ekki síst þegar þær komust að raun um að einstaklingur í samfélaginu hafði fengið bréf þar sem skýrt var frá mikilvægri staðreynd. Í bréfi sem ritari Verndarans skrifaði fyrir hans hönd til ákveðins þjóðarráðs árið 1941 má finna hans eigin útskýringar á stefnu hans í slíkum málum: „Shoghi Effendi hefur ítrekað sagt við átrúendur í öllum heimshlutum að bahá'íum sé fullkomlega frjálst að skrifa til hans um öll þau málefni sem þeim þóknast. Á þessum tíma þegar stofnanir málstaðarins eru rétt

í þann mund að byrja að starfa telur hann nauðsynlegt að halda uppi þessum miklu bréfaskriftum þótt þau séu honum aukin byrði. Stundum er það svo að hann fær fyrstu vísbendinguna um eitthvert mikilvægt skref sem á einn eða annan hátt hefur áhrif á hagsmuni trúarinnar í bréfi frá einstaklingi fremur en ráði. Það væri auðvitað æskilegra að upplýsingarnar kæmu frá stjórnarstofnun en hver sem uppruni þeirra er hefur Verndarinn eingöngu velferð trúarinnar í huga og þegar hann telur eitthvert skref misráðið lætur hann þá skoðun í ljós í svari sínu. Hann hefur fullt frelsi til að standa þannig að málum.“

Í bréfi til Tudor Pole 1923 segir Shoghi Effendi: „Ég er nú kominn til fullrar heilsu og önnum kafinn við störf mín um þessar mundir.“ Bréfaskriftir voru þó langt í frá eina starf hans. Hann var líka „upptekinn af þjónustu við ýmsa pílagríma sem nú eru í heimsókn á þessum helga stað.“ Það var vani hans fyrst eftir að hann tók við starfi Verndarans að halda reglulega fundi á heimili 'Abdu'l-Bahá. Fimm dögum eftir að hann kom heim aftur í desember 1922 skrifar hann: „Ég hef deilt öllum fréttum þínum með þeim kæru pílagrímum og vinum sem dvelja í landinu helga og sem ég hitti reglulega í áheyrnarherbergi Meistarans.“ Auk þess að sinna þörfum gesta sinna, snæða með vestrænum pílagrímum í pílagrímshúsinu gegnt heimili 'Abdu'l-Bahá og heimsækja grafhýsi Bábsins og Meistarans með austrænum vinum og drekka stundum með þeim te í aðliggjandi austurlenska pílagrímahúsinu, var Shoghi Effendi þegar byrjaður að verja miklum tíma í stækkun Heimsmiðstöðvar trúarinnar. Þann 9. apríl 1922 hófst vinna við nýja vestræna pílagrímahúsið en áætlanir um það höfðu verið gerðar á tímum 'Abdu'l-Bahá. Shoghi Effendi hratt þeim nú í framkvæmd af miklum krafti. Þótt Shoghi Effendi hafi sjálfur farið frá Haifa voru bæði grafhýsi Bahá'u'lláh og Bábsins raflýst í fyrsta sinn á fyrsta degi Riðván í samræmi við ráðstafanir sem gerðar höfðu verið fyrir andlát Meistarans og síðar undir umjón Shoghi Effendi. Þegar Remey kom í heimsókn í mars 1922 hafði Shoghi Effendi rætt lengi við hann ýmsa möguleika um endanlega byggingu grafhýsis fyrir 'Abdu'l-Bahá, staðsetningu framtíðar bahá'í musteris á Karmel fjalli og almenna áætlun um fegrun landsins þar sem bahá'í eignirnar stóðu.

Þessum önnum má lýsa sem ánægjulegri þáttum í starfi hans sem Varðar málstaðarins þótt þeir hafi tekið mikið af tíma hans og orku. En það sem mest reyndi á hann og olli honum þyngstri hugraun voru athafnir sáttmálsbrjótanna. Daginn eftir að hann kom til Haifa skrifaði

hann: „Nú þegar... hafa ógnvænlegar spár ‘Abdu’l-Bahá varðandi sáttmálsbrjótana ræst á sláandi hátt!“ Ástandið varð stöðugt alvarlegra. Í febrúar 1923 taldi hann nauðsynlegt að senda eftirfarandi símskeyti til Ameríku: „Skráðið allan póst. Upplýsið vinina.“ Þetta sýnir að hann var farinn að hafa verulegar áhyggjur af því að póstur til hans bærist ekki með öruggum hætti. Í janúar skrifaði hann til Hussein Afnan: „Ég geri ráð fyrir að þú vitir af fyrri reynslu að ég ætlast til algjörar einlægni, óbifanlegs réttlætis í öllum málum sem varða málstaðinn og vil engar málamiðlanir á viðhorfinu gegn óvinum hreyfingarinnar, sáttmálsbrjótunum (Nakezeen). Guð einn mun gera þetta linnulausa og andstyggilega starf þeirra að engu.“ Maðurinn sem fékk þetta bréf, barnabarn Bahá’u’lláh og sonur hálf systur ‘Abdu’l-Bahá, gerðist sjálfur illræmdur sáttmálsbrjótur ekki löngu síðar. Það voru bræður hans þrír sem kvæntust þremur stúlkum, barnabörnum Meistarans—tvær þeirra voru systur Verndarans sjálfs. Innan fjölskyldunnar varð þannig til óleysanlegur vefur andstæðra tilfinninga, ótryggðar og haturs sem að lokum náði til allrar fjölskyldu ‘Abdu’l-Bahá. Shoghi Effendi missti alla ættingja sína. Hér sjáum við glampa af stáli stjórnvissunnar í saklausum huga Verndarans, hins mikla yfirskyggjandi verndara trúarinnar og verjanda hinna trúföstu, mestu gjöfina og dýrmætustu eignina sem ‘Abdu’l-Bahá hafði fært fylgjendum sínum. Undir lok sama bréfs fullvissar Shoghi Effendi hann með eftirfarandi orðum: „Ég bíð eftirvæntingarfullur og með hreinu hjarta eftir þeim táknum sem án nokkurs vafa munu leiða í ljós löngun þína og einarðan ásetning að halda fast við erfðaskrá Meistarans og forðast sáttmálsbrjótana á allan hátt.“ Með orðum Shoghi Effendi sjálfs varð hann að halda áfram starfi sínu „mitt í svækjunni og moldviðrinu sem árásir sívökuls óvinnar þyrlandi upp.“

Staða trúarinnar gerði kröfu til þess að lögð væri mikil rækt við stjórnvöld í Palestínu. ‘Abdu’l-Bahá hafði verið vel þekktur og mikilvirtur þótt ólíklegt sé að nokkur í Palestínu hefði haft minnstu hugmynd um hina feiknlegu framtíðarsýn „hreyfingarinnar“ eins og trúin var oft nefnd í þá daga með ‘Abdu’l-Bahá sem viðurkenndan leiðtoga. Þann 19. desember 1922 sendi Shoghi Effendi símskeyti til landsstjóra Palestínu í Jerúsalem: „Sendi þér árnaðaróskir mínar og bestu kveðjur nú þegar ég sný aftur til landsins helga og tek við opinberu embætti mínu.“ Þetta var ekki aðeins kurteisissvottur af hálfu Shoghi Effendi heldur var skeytið sent af yfirlögðu ráði. Töluverðar gróusögur hljóta að hafa

gengið um átta mánaða fjarveru hans og sáttmálsbrjótarnir hafa án efa kynt vel undir þeim.

Það sem olli Shoghi Effendi mestum áhyggjum var þó grafhýsi Bahá'u'lláh í Bahjí. Lyklar að innra grafhýsinu voru enn í vörslu stjórnvalda. Bæði bahá'íar og sáttmálsbrjótar höfðu aðgang að öðrum vistarverum grafhýsisins. Umsjónarmaðurinn sem var bahá'í sinni eftirliti með því eins og áður og öll mál varðandi það virtust óútkljáð. Shoghi Effendi unni sér ekki hvíldar fyrr en honum tókst að fá umsjón og vörslu grafhýsisins aftur í sínar hendur með skírskotunum til yfirvalda og miklum þrýstingi frá bahá'íum um allan heim. Þann 7. febrúar 1923 skrifaði hann til Tudor Pole: „Ég hef talað lengi við Symes ofursta, útskýrt nákvæmlega fyrir honum hvernig málin standa og sagt honum frá háværum kröfum alls bahá'í samfélagsins og óhagganlegri ákvörðun þeirra að halda fast við erfðaskrá 'Abdu'l-Bahá. Nýlega sendi hann boð til Muḥammad 'Alí og krafði hann um 108 sterlingspund vegna kostnaðar fyrir lögreglumann og fullyrti að þar sem hann væri sóknaraðilinn væri það hans að mæta þessum kostnaði. Hann hefur ekki enn orðið við þessari kröfu og ég bíð þess áhyggjufullur hvernig þessi mál munu þróast.“

Næsta dag fékk Shoghi Effendi þetta skeyti frá ættingja sínum sem var í Jerúsalem:

Hæstvirtur Shoghi Effendi Rabbani, Haifa.

Hef fengið bréf um tafarlausar ráðstafanir, lokaákvörðun landstjórans er okkur í hag og lykillinn er þinn.

Bréfið sem vísað var til var það sem Sir Gilbert Clayton, borgarstjórinn í Akka, hafði skrifað landsstjóranum. Shoghi Effendi sagði Tudor Pole í öðru bréfi að hann væri í góðu vinfengi við G. Stewart Symes ofursta, borgarstjóra í Haifa, og hafi hitt Sir Gilbert. Enginn vafi er á því að vegna þessa sambands var úrskurður yfirvalda Verndaranum í hag og lykлавöldum var skilað aftur til löglegs bahá'í umsjónarmanns grafhýsisins, en þeir höfðu verið teknir af honum með valdi rúmlega ári áður.

Þótt öryggi Qiblih [bænaráttar] bahá'í heimsins væri nú tryggt í eitt skipti fyrir öll var húsið þar sem Bahá'u'lláh hafði búið í Bagdað ennþá í höndum sh'ah óvina trúarinnar og er það enn þann dag í dag. Baráttan um að ná því aftur á vald bahá'ía átti eftir að valda Shoghi Effendi óróleika og áhyggjum í mörg ár.

Í hvert sinn sem grennslast er nánar fyrir um eitthvert ákveðið tímabil í lífi Verndarans freistast maður til að segja „þetta var versti tíminn“—slíkur voru vandamálin og sú óþolandi streita sem settu mark á allan embættisferil hans. En við sjáum líka mynstur, ákveðin þemu, hæðir og lægðir. Persónulega mynstrið í lífi hans á árunum 1922, 1923 og 1924 eru hetjulegar tilraunir til að ná tökum á þessum mikla dreka (levjatan)—málstað Guðs—sem honum hafði verið skipað að temja. Aftur og aftur var honum varpað af baki. Með nagandi efasemdir um sína eigin verðleika sem arftaki 'Abdu'l-Bahá, átti hann í baráttu við sjálfan sig eins og margir spámenn og útvaldir höfðu gert fyrir hans daga. Hann deildi í djúpum sálar sinnar við forlög sín, mótmælti örlögum sínum, bað til Guðs um lausn—en það stóðaði hann lítið. Hann var fastur í neti máttugrar erfðaskrár Meistarans. Hann gefur þetta oft í skyn í bréfum sínum: „... streitan og stormurinn sem hefur geisað í lífi mínu eftir fráfall 'Abdu'l-Bahá...“ „Ég fyrir mitt leyti horfi um öxl... á afleitar aðstæður, slæma heilsu og líkamlega þreytu sem fylgdi fyrstu árum mínum í þjónustu við málstaðinn, finn til lítillar gleði og myndi fyllast örvæntingu væri það ekki fyrir vitundina um styrkjandi og innblásandi fordæmi stöðugar viðleitni samstarfsmanna minna um allan heim þessi tvö ár í þjónustunni við málstaðinn.“ Í öðru bréfi skrifar hann: „... horfi um öxl á þessa döpru daga fjarvistar minnar, beiskju blandna vegna áhyggju og sorgar... get ég vel ímyndað mér hvílíkur óróleiki, nei öllu heldur þjáning, hlýtur að hafa hrjád huga og sál sérhvers ástríks og trúfasts þjóns Ástvinarins þá löngu mánuði sem þeir þreyðu í spennu og við þjakandi þögn...“

Útdrættir úr bréfum hans sýna að það sem fékk meira á hann en nokkuð annað í mörg ár var ástand hans sjálfs. Þeir sýna að hann taldi að sér hefði mistekist að takast á við þær aðstæður sem fráfall Meistarans sköpuðu. Í september 1924 skrifaði hann: „Ég harma þá trúflun sem þvingað og ítrekað brotthvarf mitt af vettvangi þjónustu hefur haft... langar fjarvistir og fullkomið aðgerðarleysi ætti þó ekki aðeins að eigna vissum ytri ummerkjum ósamlyndis, óánægju og ótryggðar—hversu lamandi sem áhrif þeirra voru fyrir starf mitt—heldur einnig mínu eigin verðleikaleysi, ófullkomleika og viðkvæmni.“ Erfiðasta verk hans var frá upphafi að viðurkenna sjálfan sig.

Snemmsumars 1923 fór Shoghi Effendi aftur frá Haifa og leitaði sér hughreystingar og heilsubótar í stoltum einmanaleik svissnesku Alpanna. En ólíkt því sem síðar gerðist þegar hann var í stöðugum tengslum við

starfsemi málstaðarins með símskeytum og bréfaskriftum, var hér enn einu sinni um algjöra hvíld að ræða, flóttá út í eyðimörkina, sálarleit, samneyti hans við sinn eigin anda og forlögin í þeim tilgangi að finna styrk til að hverfa heim aftur og taka við stjórntaumum málstaðarins. Hann sneri aftur í nóvember 1923. Í bréfinu sem hann skrifaði amerísku átrúendumum 14. þess mánaðar þar sem hann segist vera kominn aftur úr „þvingaðri“ fjarvist er að finna setningu sem gefur til kynna hvað leitaði á huga hans á þeim tíma. Hann segir: „Eftirtæktarverð ummæli sem erfðaskrá Ástvinarins opinberar, svo merkileg og undraverð hvar sem á þau er litið, hafa ögrað skörpustu hugum og fyllt þá ráðleysi . . .“ Er hægt að efast um að þær hafa líka fyllt hann ráðleysi? Auðmýkt og lítillæti annarsvegar og mikil trú og fullvissa um Meistarann hinsvegar voru mjög sterkir þættir í eðli Shoghi Effendi. Hann hlýtur því oft að hafa hugleitt hvað erfðaskráin fól í sér og hvaða stefnu hann ætti að taka þegar hann kæmi heim aftur til að hefja á ný þjónustustarf sitt við málstað Bahá'u'lláh eftir „langa og órofna þögn“

Í þetta sinn lagði hann áherslu á að koma heim aftur áður en minningarathöfn um aðra ártíð Meistarans var haldin. Það kemur fram í símskeytum sem hann sendi til ýmissa landa á þeim tíma hversu mjög hún snart hann. Þar talar hann um „sárar minningar“, „sorgina og angistina“ sem þessi ártíð vakti. Hann sendi eftirfarandi símskeyti til Persíu: „Megi dimmasta stund angistar þessa kvölds vera fyrirboði nýs dags fyrir heittelskaða Persíu.“ Í mörg ár og í mörgum skilaboðum leggur hann áherslu á þessa ártíð og minningar henni tengdar; hún vakti ætíð með honum djúpar og sárar minningar. Ég minnst þess að eftir þrítugustu og fimmtu ártíð 'Abdu'l-Bahá að Shoghi Effendi sagði oft „Veistu að ég hef borið þessa byrði í þrjátíu og sex ár? Ég er þreyttur, þreyttur!“

Eftir 1923 má segja með nokkrum sanni að Verndarinn hafi tekið flugið úr púpu æskunnar eins og ný vera. Vængirnir voru kannski ekki þandir til fulls, en vængjatökin urðu stöðugri og fullvissaðri með árunum uns skuggann af þessum vængjum bar að lokum yfir allt mannkyn. Í fyrstu ritum hans má sjá snilligáfu hans afhjúpast í stílblöggðum, hugsun og þrótti. Við getum nefnt af handahófi nokkrar staðreyndir og tilvitnanir og séð hversu vel þær lýsa þeirri þróun sem átti sér stað. Allt frá upphafi sneri hann sér til átrúendanna með því óviðjafnanlega trúnaðartrausti sem bræddi öll hjörtu og bað þá að biðja fyrir sér til þess að hann gæti í samvinnu við þá unnið „skjótan sigur

fyrir málstað Guðs“ í öllum löndum. Spurningar hans eru ögrandi, hugsun hans skörp: „Eigum við að láta berast með flóði innantómra og mótsagnakenndra hugmynda eða eigum við að taka okkur stöðu, djörf, einörð og óflekkuð, á eilífum kletti himneskra fyrirmæla Guðs?“ „...eigum við að trúa því að allt sem okkur fellur í hlut sé guðlega ákvarðað og á engan hátt afleiðing af okkar eigin hugleysi og vanrækslu?“ Strax árið 1923 sér hann heiminn og málstaðinn sem tvö aðskilin fyrirbæri sem eiga ekki renna saman í tilfinninga- og tilviljanakennt fyrirbæri í hugum okkar. Vilji Guðs segir hann „er frábrugðinn skuggalegum hugmyndum, getulausum kenningum, hálf-bökuðum fræðum, fánýtum ímyndunum og tískuskoðunum hverfullar og róstudsamrar aldar.“

Í þessum fyrstu bréfum minnst Shoghi Effendi æ ofan í æ á þörfina fyrir að við „rísum upp og leggjum fram okkar skerf í þjónustu við þessa gálausu og þjáðu veröld.“ Í bréfi til eins af vinum sínum gerir hann þennan þýðingarmikla greinarmun: „Tími er til þess kominn fyrir vinina...að hugsa ekki um hvernig þeir eigi að þjóna málstaðnum heldur hvernig málstaðnum beri að þjóna.“ Við getum vel haldið áfram í dag að hugleiða þessi orð. Hverjar eru þarfir hans, hver er stefnan, hver eru markmiðin?

Áhugi Shoghi Effendi á Kyrrahafinu og vitund hans um framtíðarþróun málstaðarins í þeim heimshluta kom í ljós á fyrstu dögum hans sem Verndara trúarinnar. Rómantík einkenndi orð hans þegar hann skrifaði til Kyrrahafseyjanna í janúar 1923: „Nöfn þeirra ein og sér vekja svo bjartar vonir og aðdáun í brjóstum okkar að tíminn og hverfulleiki lífsins getur aldrei eytt eða dregið úr þeim“. Hann segir í bréfi í janúar 1924 „Til ástvina ‘Abdu’l-Bahá í Ástralíu, Nýja Sjálandi, Tasmaníu og nærliggjandi eyjum Kyrrahafsins. Vinir og kallrar ríkis Bahá’ulláh! Ferskur andvari, þrunginn ilmi ástar ykkar og hollustu við elskaðan málstað okkar, barst aftur frá fjarlægum ströndum suðursins til landsins helga og verður til þess að minna okkur á þann óslökkvandi anda þjónustu og sjálfsfórnar sem andlát Ástvinar okkar hefur á þessum tímum vakið í nær öllum heimshlutum.“

Orðin sem hann skrifaði til eins af amerísku ráðunum í desember 1923 hljóma næstum eins og eintal sálarinnar: „Órannsakanleg viska Guðs hefur ákvarðað að við sem höfum valist til að bera þjáðu mannkyni mesta boðskap heimsins verðum að starfa og strita við erfiðustu aðstæður lífsins, í mótdrægu umhverfi, andspænis fordæma-

lausum raunum, án efnislegra meðala, áhrifa eða stuðnings, og sigrast þannig hægt og örugglega á hjörtum mannanna og endurnýja þau.“ Mörg þessara fyrstu bréfa til ýmissa andlegra ráða hafa þessi sömu einkenni. Þau eru ekki löng og ítarleg, heldur orðar hann þar innstu hugrenningar sínar. Í sama mánuði skrifaði hann: „... Það er rétt að framþróun þess starfs sem við vinnum hefur verið hæg og sársaukafull í samburði við tilkomumikið upphaf og þróun jarðnesks málstaðar. Samt trúum við því staðfastlega og drögum aldrei í efa að sú mikla andlega bylting sem Hinn almáttugi er að koma til leiðar með okkar tilstyrk muni hægt og örugglega verða til þess að endurreisa fullkomlega allt mannkyn.“ „Hversu miklar sem þjáningar okkar kunna að verða, hversu óvæntar sem raunir lífsins eru, minnumst ætíð þess lífs sem hann [Meistarinn] lifði á undan okkur og berum byrðar okkar innblásin og þakklát með staðfestu og hugrekki til þess að við getum í komandi heimi fengið umbun erfiðis og sanna huggun ástríks huggara okkar í himneskri návist hans.“ „Hvað sem okkur kann að falla í skaut og hversu dimmar sem framtíðarhorfurnar kunna að virðast getum við verið þess fullviss, ef við gerum okkar besta, að hönd hins óséða er að verki, skapar og mótar atburði og kringumstæður heimsins og ryður brautina til þess að markmið okkar og vonir fyrir mannkynið verði loks að veruleika.“ „Fremsta skylda okkar er að skapa með orðum okkar og gerðum, framferði og fordæmi, andrúmsloftið þar sem frá orða Bahá'u'lláh og 'Abdu'l-Bahá, sem svo ríkulega var sáð í næstum 80 ár, geti þroskast og borið þá ávexti sem einir geta tryggt þessum heimi frið og farsæld.“ „... rísum upp til að kenna málstað hans af réttysíni, sannfæringu, skilningi og krafti... Gerum þetta að ríkjandi ástríðu í lífi okkar. Dreifum okkur til ystu marka jarðar, fórnum persónulegum hagsmunum, þægindum, smekk og ánægjuefnum; blöndum geði við hina ýmsu kynþætti og þjóðir heims, kynnum okkur siði þeirra, hefðir, hugsunarhátt og venjur.“ Tónn sumra þessara ummæla minnir á mikilfenglegan boðskap hans meðan á hinni guðlegu áætlun 'Abdu'l-Bahá stóð, en þessi orð voru skrifuð veturinn 1923–4. Hann hafði sett sér það markmið að trúin kæmi fram í „dagsljósið og nyti allsherjar viðurkenningar“—þetta voru orðin sem hann notaði þetta sama ár.

Shoghi Effendi var alinn upp í kenningunum frá blautu barnsbeini og hafði notið þeirra forréttinda í æsku að heyra, lesa og rita niður fjölmörg ummæli Meistarans. Hann leiddi vinina í austri og vestri með stöðugri hendi á þeirra forákvörðuðu braut. Strax í mars 1922

sagði hann í einu af fyrstu bréfum sínum til amerísku átrúendanna: „Vinum Guðs um allan heim er stranglega bannað að hafa afskipti af stjórnmálum.“ Hann notar orðið „brautryðjandi“ í fyrstu bréfunum og 1925 gerir hann lista yfir bahá'í miðstöðvar um allan heim.

Þrátt fyrir það sem Shoghi Effendi nefnir „þyrnum stráða braut erfiðra skyldustarfa“ og þrátt fyrir „þjakandi ábyrgð og áhyggjur sem eru hvorutveggja í senn hlutskipti mitt og forréttindi“ voru útskýringar hans á þörfum málstaðarins skýrar og skilningur hans á þeim verkefnum sem blöstu við átrúendunum framúrskarandi. Jafn skýrt og afdráttarlaust skilgreindi hann tengslin sem hann vildi að bahá'íar hefðu við hann og hvernig þeim bæri að líta á hann. Þann 6. febrúar 1922 skrifaði hann einum af persnesku bahá'íunum: „Hversu langt sem ég mun ná í framtíðinni vil ég lifa og verða þekktur sem einn, og aðeins einn, af mörgum verkamönnum í víngarði hans . . . hvað sem kann að gerast treysti ég á undursamlega ást hans [‘Abdu’l-Bahá] á mér. Megi ég á engan hátt með gerðum mínum, hugsunum eða orðum tálma straumi endurlífandi anda hans sem ég þarf svo mjög á að halda þegar ég stend andspænis þeirri ábyrgð sem hann hefur gert ungum öxlum mínum að bera . . .“. Þann 5. mars bætir hann eftirfarandi eftirskrift við bréf til amerísku vinanna: „Mig langar einnig að tjá þá hjartans ósk mína að vinir Guðs í öllum löndum sjái mig ekki í neinu öðru ljósi en sem sannan bróður, sameinaðan þeim í þjónustu okkar við heilaga fótiskör Meistarans, og vísi ætíð til mín munnlega og skriflega sem Shoghi Effendi, því ég vil ekki kannast við neitt annað nafn en það sem að Meistarinn elskaði nefndi mig, nafn sem stuðlar að andlegum þroska mínum og framförum meira en öll önnur nöfn og titlar.“ Árið 1924 sendi hann skýrt og skorinort símskeyti til Indlands: „Ekki á að halda afmælisdag minn hátíðlegan.“ Árið 1930 skrifaði ritari hans fyrir hans hönd: „Varðandi stöðu Shoghi Effendi: hann hefur enga aðra stöðu en þá sem Meistarinn veitti honum í erfðaskrá sinni og sú erfðaskrá segir einnig til um hver staða Shoghi Effendi er. Ef einhver mistúlkar einn hluta erfðaskrárinnar mistúlkar hann alla erfðaskrána.“ Þegar Shoghi Effendi skrifaði þann almenna pistil sem þekktur er sem *Trúarkerfi Bahá'u'lláh* gerði hann það ljóst í eitt skipti fyrir öll hver staða hans væri. Hann hafnaði afdráttarlaust þeim forréttindum og þeirri stöðu sem Bahá'u'lláh hafði veitt ‘Abdu’l-Bahá: „Í ljósi þessa sannleika jafngilti það fráhvarfi frá þeim staðfestu kenningum sem eru varðveittar í ástkærri trú okkar, að biðja til Verndara trúarinnar,

ávarpa hann sem drottinn eða meistara, nefna hann „hans heilagleika“, leita blessunar hans, halda fæðingardag hans hátíðlegan eða minnst einhvers atburðar sem tengdur er lífi hans. „Árið 1945 skrifaði ritara hans fyrir hans hönd: „... hann hefur aldrei gengið svo langt að banna vinunum að eiga myndir af sér; hann vill aðeins að þeir leggi áherslu á Meistarann ástkæra.“

III

FYRSTU ÁR VERNDARSTOFNUNARINNAR

Tími er til þess kominn að við veltum fyrir okkur hverskonar maður það hafi verið sem skrifaði þannig um sjálfan sig. Hvaða áhrif hafði hann á aðra og hvernig kom hann öðrum fyrir sjónir?

Í dagbók eins af amerísku átrúendunum sem Shoghi Effendi kallaði til Haifa í mars 1922 finnum við eftirfarandi lýsingu: „...Shoghi Effendi birtist og heilsaði mér með mikilli vinsemd og ástúð. Ég hafði ekki séð hann í átta ár og varð vitanlega undrandi á hversu mjög hann hafði breyst og þroskast. Í staðinn fyrir drenginn sem ég þekkti var hér kominn maður, að vísu ungur að árum en langt á undan jafnöldrum sínum í fasi og andlegri dýpt...“ Shoghi Effendi lét hann hafa vélritað eintak af erfðaskrá Meistarans og hann lýsir viðbrögðum sínum við fyrirmælum hennar þannig: „Ég hef aldrei lesið neitt sem hefur fært hjarta mínu jafn mikla gleði og innblástur og þetta heilaga skjal. Það...sýndi mér hvert ég átti að snúa mér, þann stöðuga miðpunkt sem við öll verðum að beina sjónum okkar að meðan við erum í þessu landi...konung konunga sem stýrir veröldinni og verndar alla jafnt, háa sem lága.“ Hann heldur áfram að lýsa þeim áhrifum sem Shoghi Effendi hafði á hann: „Þegar ég sat við borðið og horfði á Shoghi Effendi fannst mér hann lifandi eftirmynd Meistarans. Höfuðlag hans, hvernig hann bar sig, axlir hans, göngulag og almennt látbragð. Síðan skynjaði ég þá skelfilegu ábyrgð og þungu byrði sem lögð hafði verið á þetta ungmenni. Frá mannlegu og veraldlegu sjónarmiði virtist næsta óskiljanlegt að honum skuli hafa verið falin slík ábyrgð í upphafi lífs síns og æskublóma—ábyrgð sem gerði slíkar kröfur til hans að hún útilokaði frelsi og gleði mannlegra hliða lífsins sem eiga sér ákveðið tilkall í lífi hvers manns þótt ekki séu þær varanlegar.“

Árið 1929 skrifaði indverskur pílagrímur um Shoghi Effendi: „Við verðum að skilja Shoghi Effendi til þess að geta hjálpað honum að ljúka því feiknlega verki sem hann hefur trúað okkur fyrir. Hann er svo rólyndur og samt svo geislandi, svo stöðugur og samt svo fullur af orku.“

Þetta er framúrskarandi lýsing á einni hlið í fari Verndarans. Áhrifin sem hann hafði á fyrstu amerísku bahá'íana sem hann kallaði til Haifa eftir síðari heimsstyrjöldina 1947 sýna aðra þætti í eðli hans: „Fyrstu áhrifin voru af hlýju, ástúðlegu brosi og handtaki sem róaði mig strax algjörlega... Meðan á þessum samtölum stóð varð ég í vaxandi mæli meðvitaður um marga eiginleika hans,—göfuglyndi hans, persónulega tign, eldmóð og ákafa, getu hans til að spanna allan skalann frá geislandi myndni til réttlátrar reiði, en ætíð setti hann bahá'í trúna frammar öllu öðru... Á sinn praktíska, rökvísa hátt lét Shoghi Effendi mig finna að ég var bæði velkominn gestur og þarfur aðstoðarmaður. Hann útskýrði ýmsar hliðar skyldustarfa minna sem hófust strax næsta dag! Ráðin sem hann gaf mér í fyrstu heimsókninni áttu eftir að setja mark á allt mitt starf í hans þágu; hann sagðist vilja að ég fylgdi fyrir mælum hans út í æsar, og ef mér tækist það ekki eða lenti í erfiðleikum ætti ég að útskýra það nákvæmlega og fengi þá nýja aðgerðaáætlun frá honum... Bahá'íum sem unnu við alþjóðamiðstöðina, a.m.k. á þessum tíma, var ekki ætlaður neinn sérstakur hvíldardagur. Það var þá sem maður lærði að sérhvert andartak tilheyrði málstaðnum...“ Konan sem þetta skrifar segir síðan frá þeim kvöldum þegar Shoghi Effendi sagði bahá'íum við kvöldverðarborðið frá sérstökum áætlunum, símskeytum og skilaboðum sem hann var að senda út. Stundum greindi hann frá dýrmætum skjölum sem voru í hans eigu: „... Geislandi af ákafa með nýjar áætlanir dró hann skilaboð og bréf upp úr vösum sínum, ýtti oft frá sér disknum án þess að snerta matinn, bað um pappír og penna og heillaði okkur öll með nýjum hugmyndum og vonum sem bahá'íar áttu að framkvæma... Verndaranum ástkæra var afar illa við að teknar væru af honum ljósmyndir og engar myndir sem til eru af honum endurspeglja sanna „ímynd“ hans. Í fyrsta lagi ólguðu tilfinningarnar í svip hans og látbragði og taka hefði þurft margar myndir til að ná þeim öllum. Það var yndislegt að sjá og heyra hann hlægja... hann virtist tindra eins og stjarna þegar einhverri áætlun hafði lokið með góðum árangri. Kímnigáfa hans var frábær! Hann var eins og mikið fjall, sterkur, alltaf til staðar en aldrei sigraður, fullur af óvæntum hæðum og lægðum... hann var gríðarlega nákvæmur og gaf okkur nýjan skilning á fullkomnun og tilfinningu fyrir smáatriðum... hann fylgdist náíð með öllum tilkostnaði... Hann hafði mikinn áhuga á bahá'í tölfræði... Við gátum aldrei skilið þá yfirsýn sem hann hafði á öllum málefnum sem snertu bahá'í starfseminu, allt frá „grasrótinni“

upp að sjálfri Heimsmiðstöðinni . . .“

Eiginmaður konunnar sem þetta skrifar naut einnig þeirra forréttinda að þjóna við Heimsmiðstöðina. Árið 1948 lýsir hann í bréfi til eins af amerísku bahá'íunum áhrifunum sem Verndarinn hafði á hann: „Það litla sem ég hef séð segir mér að ekki gætu margir Austurlandamenn fylgt Verndaranum eftir. Ég get aðeins furðað mig á hugarafli hans og styrk. En þótt hann sé bæði eldur og stál er hann líka elskulegasti, skilningsríkasti, samúðarfyllsti og tillitssamasti maður sem ég hef nokkru sinni kynnst. Hann á sér engan jafningja. Enginn er honum líkur. Ég vildi óska þess að aðrir bahá'íar gætu notið sömu forréttinda og við Gladys og fengið að kynnast honum persónulega. Þegar ég skrifa þetta er ég ekki að skrifa um stöðu hans sem Verndara, slíkt er langt ofar minni getu. Hversu feginn vildi ég ekki að allir bahá'íar störfuðu fyrir þetta mikilmenni! Byrði hans er þung.“

Árið 1956 skráði pílagrímur af nákvæmni og glöggskyggni þau áhrif sem Verndarinn hafði á hann: „Andlit hans er fallett, svipbrigði þess svo hrein og tær, svo ópersónuleg en um leið samt svo blíð og tignarleg . . . ég sá stór gráblá augu hans . . . Nef hans er hátt eins og nef Meistarans en samt drengjalegt eins og á ljósmyndum af honum ungum. Hann virðist ekki meira en 48 ára gamall en er þó sextugur. Hann hafði lítið þétt yfirskegg. Varir hans eru vel mótaðar, tennurnar hvítar og fallegar. Bros hans er dýrmæt gjöf . . . Hann er fullkomlega látlaus í hátterni, hreinn og beinn. Hann krefst sjálfur ekki allrar þeirrar virðingar sem honum er sýnd, en það eitt að vera í návist hans gerir að verkum að okkur finnst við verða „veikburða og lítils megnug“. Verndarinn er alltaf kurteis og missir ekki þolinmæðina þegar hann fær barnalegar spurningar. Hann lætur samt fólk finna af festu hvaða spurningar skipta máli og hverjum verður síðar svarað af Allsherjarhúsi réttvísinnar . . .“ Hún sagði að Shoghi Effendi hefði verið í forsæti við borðhald „svo látlaus og samt með yfirbragði mikils konungs, látleysi sem aðeins prýðir mikla konunga . . . Mér fannst sem hann væri eins og mikil og öflug eimreið sem dregur á eftir sér afar langa vagnlest yfirhlaðna—ekki af alveg líflausu hlassi—en stundum verulega líflausu! Þessi vagnlest eru átrúendurnir sem verður að ýta eða draga eða skjalla viðstöðulaust til að fá þá til starfa. Verndarinn ástkæri sér þarfir, tímaskort, hindranir og vandamál langt fram í tímann. Hann dregur okkur á eftir sér og vísar okkur veginn með öflugri leiðsögn sinni. Hann getur líka farið beint af augum eins og

eimreiðin, hratt eða hægt, en hann GETUR ekki farið út af brautinni, hann VERÐUR að fylgja þeirri braut sem er guðleg leiðsögn hans. Maður fær þá tilfinningu að hann sé fullkomið verkfæri í höndum Guðs – mjög ópersónulegt en ofurnæmt á sérhverja hugsun og allar kringumstæður. Hugsun hans verður ekki haggð. Vinátta, valkostir, peningar, viðkvæmni annarra eða tilfinningar þeirra—ekkert af þessu hefur áhrif á hann, hann er algjörlega yfir slíkt hafinn... Verndarinn lét það líka skýrt í ljós að nú væri ekki tími til að huga að hinum dulræna hluta kenninganna—þvert á móti, „við verðum að vera VIRK og jákvæð og ljúka tíu ára áætluninni“... Hann talar, gerir athugasemdir og lýkur máli sínu, brýtur síðan saman munnþurrkuna, rís úr stól sínum... ómögulegt að lýsa eða miðla á minnsta hátt ljóma og fegurð Verndarans. Ef hann brosir við þér—eða lítur á þig með þessu snögga gagntakandi augnaráði—það er heillandi tilfinning sem snertir sálina... umræður hans fjalla alltaf um málstaðinn og hvernig hægt er að ljúka tíu ára áætluninni. Hann gleðst við góðar fréttir og verður mjög dapur þegar hann heyrir slæmar fréttir... Þótt Verndarinn elski að heyra menn hrósa fegurð garðanna og grafhýsanna og bera lof á skipulag þeirra, virðist hann forðast persónulegt lof eða þakkir... við reyndum allt sem við gátum til að festa ástkæra ásýnd hans í minni um alla eilífð og ekki missa af minnstu blæbrigðum tjáningar hans, alltaf ópersónulegrar, skyndilegrar, fjölbreyttrar og óvæntrar... Því miður hafa ský allt of oft myrkvað „geislandi eðli“ Shoghi Effendi og hann orðið hryggur vegna fávísku vinanna, smánarlegrar óhlýðni eða virðingarleysi við fyrirmæli hans. Harmþrunginn veltir maður fyrir sér hver hafi ekki brugðist honum á einn eða annan hátt!“

Ég hef vitnað í þessu bréf vegna þess að mér finnst þau lýsa Verndaranum svo vel eins og ég sá hann sjálf. Þar sem ég man ekki eftir ‘Abdu’l-Bahá get ég ekki borið því vitni sem margir gömlu bahá’íanna sögðu—að þeir sæju Meistarann skýrt í Shoghi Effendi. Ég vitna nú til minna eigin dagbóka þar sem sagt er frá Verndara málstaðar Guðs.

„Að upplagi er Shoghi Effendi maður framkvæmda, byggjandi, skipuleggjandi með andstyggð á hinu óhlutstæða!... Enginn sem fylgist með Shoghi Effendi getur efast um það eitt andartak að hann er fullkomlega hæfur til að takast á við þennan áfanga málstaðarins og ég trúí því að hann hafi verið skapaður til að gera nákvæmlega það sem hann er að gera. Hann er langsamlega stefnufastasti maður sem ég hef kynnst. Smekkur hans, það sem honum líkar eða mislíkar—allt

í eðli hans ber vott um eðlislægan styrk. Hann stefnir að einu marki á miklum hraða og það gefur honum næstum takmarkalaust afl. Prautseigja hans er ómótstæðileg; hann dreifir ekki kröftum sínum. Hann vill aðeins þetta eina og það strax, algjörlega og fullkomlega. Bygging musterisins—stigaprep hér í garðinum. Hann er eins og hvirfilbylur og hættir ekki fyrr en verkinu er lokið. Hann keyrir áfram. Það er einstakt. Hann kann vel að meta grænar grasflatir, rauða og hvíta göngustíga, rauðar geraníur, kýprestré og auðvitað ýmislegt annað—en hann vill ekki hvaða tré sem er eða hvaða blóm sem er. Nei, aðeins þessi fáeinu og einmitt á þessum ákveðna stað. Sama gildir um mat, liti, klæðnað—aðeins fáeinir hlutir, hann hefur mikið dálæti á þeim, vill ekkert annað og þreytist ekki á því! Það er þessi afmarkaða krafa um eitt eða tvö viðfangsefni sem hefur gert honum kleift að leggja á tuttugu árum slíkan grunn að málstaðnum. Manni með venjulegri smekk og skapgerð hefði „aldrei tekist það!“

„Verndarinn er næmari en skjálftamælir, það er eitthvað í verund hans sem ristir miklu dýpra en vitsmunir eða einhverjar ytri upplýsingar sem hann kann að fá í hendur. Hann skynjar ástand einstaklings, skynjar hluti sem jafnvel einstaklingurinn sjálfur er sér ekki meðvitaður um.“ „Ég held að við ættum að nota hann sem okkar mælistiku og ef hann skynjar vankanta á einhverjum smágerðum þáttum í viðhorfi okkar ættum við að leita uns við finnum hvað það er.“ Við gætum spurt okkur hvort þetta ætti ekki alltaf að vera okkur til leiðsagnar og við getum einnig spurt ef við lesum rit hans vandlega hvort við getum ekki fundið vísbendingar um vankanta okkar sem einstaklinga, þjóða eða kynþátta og tekið þær til okkar sem viðvörun og leiðsögn. Ég skrifaði að Shoghi Effendi sé „sannur eins og hin eina sanna tónkvísl kenninganna...“ „Hann er Verndarinn og eðli sambands hans við Guð er auðvitað leyndardómur. Hann getur skilið hvaða leyndardóm sem er, hann getur túlkað dulsæjustu kafla trúarinnar, hann getur skrifað ýmislegt sem hefur á sér sterkan blæ dulúðar—hann „hefur til þess innri hneigð.“

„Bahá'u'lláh var boðberinn. Hann gerði og sagði allt sem heimurinn þarf nú á að halda. Meistarinn var holdtekja valds hans og kenninga. Hann færði heiminum þjónustu í sönnum skilningi þess orðs, gæsku og trúarlíf í sinni æðstu og óförgengilegu mynd. Síðan var þörf á einhverju öðru og það var hér... sem margir, þar á meðal meðlimir í fjölskyldu Meistarans og nokkrir bahá'íar, misstigu sig í viðhorfi sínu og sýn á málstaðinn. Þeir vildu annan 'Abdu'l-Bahá—þeir sáu fyrir sér

Verndara málstaðarins sem föðurlega öldunga sem allir áttu að líkjast ‘Abdu’l-Bahá. En Guð virðist hafa haft aðrar hugmyndir. Sterkasta tilfinningin sem ég hef alltaf gagnvart Shoghi Effendi er af einhverju sem stefnir í eina átt með gríðarlegu afli og hraða. Hafi Bahá’u’lláh skinið eins og sólin og Meistarinn gefið frá sér mildan ljóma eins og máninn, þá er Shoghi Effendi ólíkur þeim, hann er eins og halastjarna sem stefnir á markmið sitt frá kyrrstæðum geislandi punkti. Einnig mætti taka líkingu úr efnafræðinni. Bahá’u’lláh safnaði öllum þeim efnum sem þörf var á. Meistarinn blandaði þeim saman og undirbjó efnablönduna; síðan bætir Guð við einum þætti, algildu felliefni sem þarf til að gera blönduna tæra og uppfylla eðli hennar. Þessi þáttur er Verndarinn... hann kemur til að „uppfylla með nákvæmum hætti þarfir málstaðarins—og þar með plánetunnar sjálfar—á okkar tímum.“

Þótt í eðli sínu hljóti Shoghi Effendi ætíð að vera leyndardómur öllum hér í heimi—þangað til nýr opinberandi Guðs, honum æðri, kýs að túlka hann fyrir okkur sem stöndum honum svo langt að baki, þá vitum við engu að síður mikið um hann og höfum rétt til að varðveita þá blíðu minningu, jafnvel þótt hún sé ófullnægjandi.

Fyrstu árin á embættisferli hans duldist engum ákafi og eldmóður þessa kornunga manns þrátt fyrir sorgir hans og þrengingar. Hann var alltaf ákafur í eðli sínu—og hélt þeim einkennum til æviloka—en í þá daga kom þessi eðlisþáttur skýrt í ljós í bréfum hans og símskeytum, sem og í persónulegum samskiptum við aðra.

Eina tómtundaiðja hans var ljósmyndun. Hann tók framúrskarandi listrænar myndir af landslagi í Sviss og öðrum stöðum þessi fyrstu ár og til er afrit af bréfi sem skrifað var til ljósmyndara í litlum svissneskum bæ 1924 þar sem hann segir (á frönsku): „Ég bíð ópolinmóður eftir ljósmyndunum sem ég sendi þér... Ég vona að þú hafir fengið þær. Þær eru mér mjög kærar. Vinsamlega sendu mér strax póstkort og láttu mig vita. Ég vona að allt hafi tekist vel... Með fyrirfram þökkum, þinn einlægur.“ Jafnvel afritið er undirritað „Shoghi“ þótt það sé skrifað með flúradri rithönd einhvers annars!

Löngun hans til að framkvæma hlutina fljótt og vel kemur ekki síður í ljós á sviði garðyrkju. Hann var ákveðinn í að hafa grasflatir framan við graphýsi Bábsins og annarsstaðar á bahá’í landareignum. Í maí 1923 sendi hann gömlum bahá’í vini í París svohljóðandi símskeyti: „Hvað er að fréttu af verkefni okkar varðandi grasflötina?“ Þegar hann fékk ekkert svar sendi hann annað símskeyti tíu dögum síðar: „Bréfi

ekki svarað. Hvað um grasfræin?“ Loks komu þau en árangurinn virðist hafa verið ófullnægjandi því þegar Shoghi Effendi kom aftur til Haifa um haustið virðist hann hafa sett af stað herferð í þessu skyni—þrátt fyrir fordóma garðyrkjumanns ‘Abdu’l-Bahá sem fullyrti að ekki væri hægt að rækta upp grasflatir í Palestínu! Þann 29. september sendi Shoghi Effendi frænda sínum í Egyptalandi þessar upplýsingar: „Grasfræið okkar virðist ófullnægjandi. Viltu senda mér þrjátíu kíló af besta gæðafraei sem er fánlegt í Egyptalandi og hæfir sérstaklega loftslagi okkar.“ Viku seinna virðist hann hafa fengið svar sem hann skilur ekki og sendir annað símskeyti: „Undrandi. Vinsamlega útskýrðu með pósti.“ Útskýringin virðist hafa verið ófullnægjandi eins og í fyrra skiptið og Shoghi Effendi hættir að treysta á ættingja og vini. Hann skrifaði sjálfur 18. desember til fjögurra garðyrkjufyrirtækja og frækaupmanna—eins í Frakklandi og þriggja í Englandi. Hann pantaði grasfræ, blómfræ, lauka og afskurði. Hann skrifar að hann bíði svars „eftirvæntingarfullur“! Þetta sumar eða sumarið áður hlýtur hann að hafa gert ráðstafanir til að fá runna til Haifa því hann sendir Dreyfus-Barney í París símskeyti í desember, „Karmel bíður ykkar beggja með Orleans rósum“.

Ljóst er að samskipti Shoghi Effendi við suma þeirra kaupmanna sem hann verslaði við hafa verið mjög vinsamleg því í bréfi sem er skrifað á frönsku í janúar 1925 segir hann: „Ég sendi þér hér með ___ og bið þig vinsamlega að senda mér strax rúggrasfræið fyrir grasflötina. Ég er mjög ánægður með árangurinn af grasfræinu sem þú sendir mér síðast og vonast til að fá fræin við fyrsta tækifæri. Með fyrirfram þökkum fyrir sendinguna fullvissa ég þig, kæri herra, um einlægustu vinsemd mína. Shoghi Rabbani“. Mér skilst að þessar graflatar hafi verið þær fyrstu sem ræktaðar voru í stórum stíl í Palestínu. Shoghi Effendi skrifaði til ensks garðyrkjufyrirtækis í Norwich „...ég ann blómum og görðum. Ég sendi hér annað pund fyrir hverja þá fallegu plöntu sem þér gætuð talið henta þessum áformum mínum.“

Ég efast um að Shoghi Effendi hafi nokkurn tíma gróðursett nokkuð sjálfur eða haft löngun til þess. Hann hafði áhuga á görðum en ekki garðyrkju og notaði hvert tækifæri sem gafst til að heimsækja fagra eða fræga garða. Ég get ekki talið alla þá garða sem við heimsóttum saman í tuttugu ár. Þeir virðast hafa verið allstaðar á ferðum okkar og oft fórum við ár eftir ár í sama garðinn eins og til að hitta aftur gamlan vin. Fyrstu tíu árin eða svo á ferli sínum gerði Shoghi Effendi allt sem

hann gat til að tryggja að áhrifin af þeim plöntum sem hann dáðist að í öðrum löndum kæmu einnig fram í görðum hans sjálfs í landinu helga. Hann pantaði þúsundir lauka frá Hollandi eitt árið, hundruð rósarunna frá Frakklandi annað ár. Hann lét jafnvel senda sér burkna frá Ástralíu en hæfni garðyrkjumannanna (ásamt í nokkrum tilvikum náttúruleg vanhæfni plöntunnar, svo sem burkna, lilja, goðlilja, krókusa, alparósa o.s.frv.) komu í veg fyrir allar tilraunir hans og að lokum hætti hann að flytja inn nokkuð annað en grasfræ.

Á dögum 'Abdu'l-Bahá þegar vatnsskortur var meiriháttar vandamál hafði hann gert litla garða nálægt grafhýsunum Bahjí og á Karmelfjalli þar sem yfirleitt mátti finna sítrustré og blóm. Shoghi Effendi breytti, stækkaði og mótaði þessa garða. Ég man 1923 þegar ég kom í fyrstu pílgrímsferð mína með móður minni talaði hún um hönnun lítils garðsvæðis næst grafhýsi Bábsins og sagði að það væri tákni um stjórnskipulagið sem Verndarinn væri að byggja upp um allan heim. Ég er viss um að Shoghi Effendi hafi ekki dottið þetta í hug, en mynstur og skipulag var honum svo inngróið að hann gat ekki unnið á neinn annan hátt.

Prófessor Alain Locke frá Howard háskólanum í Washington var einn þeirra bahá'ía sem heimsóttu Haifa á fyrstu árum Shoghi Effendi sem Verndara. Hann lýsir áhrifunum sem hann varð fyrir þegar hann gekk með Shoghi Effendi í görðunum við grafhýsi Bábsins: „Shoghi Effendi er meistari bæði smáatriðanna og meginreglunnar. Hann hefur framsýni framkvæmdamannsins og sér inn í framtíðina. Þegar ég ræddi við hann um áætlanir um fegrun og hönnun stallanna og garðanna hef ég aldrei heyrt smáatriðum lýst svo vel án þess að þau sýndust léttvæg. Þetta var mikilvægt vegna þess að allt átti það að efla andblæ staðarins og örva sálina með hjálp skilningarvitanna.“

Shoghi Effendi jók stöðugt við þessa garða og hróður þeirra óx að sama skapi. Þegar hann lést komu þangað um 90.000 gestir á ári sem einnig heimsóttu grafhýsi Bábsins. Það sem einn gestanna skrifaði honum 1935 lýsir á einfaldan hátt áhrifunum sem slík heimsókn hafði á marga. Hún hafði verið „mjög snortin af þögulli fegurð grafhýsanna og hamingju garðanna.“

Á hverju ári var hann vanur að stækka ræktaða svæðið umhverfis grafhýsi Bábsins og 'Abdu'l-Bahá. Enginn vafi er á því að fyrsta hvatningin átti sér upptök í meðvitaðri löngun hans til að fara að óskum Meistara síns á öllum sviðum. Hann vissi að 'Abdu'l-Bahá hafði

skipulagt röð af stöllum frá gömlu þýsku nýlendunni upp að grafhýsi Bábsins. Reyndar var Meistarinn byrjaður að undirbúa fyrsta stallinn. Shoghi Effendi einsetti sér að ljúka þessu verki og þegar hann var að kynna sér þessa áætlun þróaðist án efa með honum hugmyndin um garðana umhverfis grafhýsið, því þar eru margir garðar, ekki bara einn. Til að skilja og meta þau undursamlegu áhrif sem Shoghi Effendi hefur skapað með gördunum á Karmel fjalli og í Bahjí verða menn að skilja aðferð hans.

Hann fór upp að svæðinu við grafhýsið nánast hvern einasta dag sem hann var í Haifa, heimsótti oft grafhýsi Bábsins og Meistarans til skiptis og bæði grafhýsin á hátíðisdögum. Þegar hann svipaðist um gerjuðust hugmyndir um þróun og umbætur í huga hans. Hann vissi að 'Abdu'l-Bahá hafði ætlað að hafa níu vistarverur í grafhýsinu og lauk þremur síðustu sunnanmegin við grafhýsið. Hann lét rjúfa tvo veggj austan og vestanmegin í innra grafhýsi Bábsins þar sem áður voru tvær venjulegar viðardyr. Gerðir voru víðir bogar sem gáfu yfirsýn yfir hið allraheilagasta og voru mjög til bóta fyrir umhverfið innanhúss. Í árána rás breytti hann skreytingum inni í grafhýsinu og bætti við þær án þess að missa nokkurn tíma tilfinninguna fyrir þeim einfaldleika og óformleika sem eykur svo mjög töfra þessa helga staðar. Þegar hann var að gera þessar endurbætur—sem náðu hámarki með yfirbyggingu grafhýsisins—kannaði Shoghi Effendi nakta og gróðurvana fjallshlíðina í kring og byrjaði smám saman í gegnum árin að þróa ýmsa hluta hennar. Að stöllum undanskildum verðum við að hafa í huga að hann gerði aldrei neina heildaráætlun. Það er einmitt þetta sem gefur gördunum á Karmel-fjalli sinn einstæða svip. Þegar Shoghi Effendi gekk um svæðið fékk hann hugmynd um garð sem féll vel inn í landslagið. Án nokkurs umstangs, ráðlegginga eða aðstoðar frá ómenntuðum bændum sem störfuðu sem garðyrkjumenn gerði hann áætlun fyrir þetta svæði. Ef nauðsyn bar til lét hann aðra mæla út svæðið, línur þess og boga, en oft gerði hann þetta allt sjálfur.

Af lýsingum Shoghi Effendi á því sem hann uppgötvaði og ætlaði að gera og sem ég heyrði frá honum þegar hann kom heim, skildist mér að aðferð hans væri sú að kanna svæðið sem hann ætlaði að rækta upp; meðan hann var að þessu kviknaði hugmynd að mynstri og hann vann að henni, ekki aðeins á staðnum með því að skoða svæðið, heldur á teikningum sem hann gerði sjálfur. Þótt hugmyndir Shoghi Effendi á mörgum sviðum í starfi hans kæmu til hans í hugljómum, og þótt hann



‘ABDU’L-BAHÁ OG SHOGHI EFFENDI

Miðja sáttmálans og framtíðar Verndarinn. Myndin er tekin við heimili ‘Abdu’l-Bahá í Haifa síðasta árið sem þeir voru saman.



SHOGHI EFFENDI Í ALEXANDRÍU, EGYPTALANDI

Myndin var tekin 21. mars 1920 skömmu áður en hann fór til Evrópu. Shoghi Effendi er þriðji frá hægri í næstfremstu röð. Fyrir aftan hann stendur Lotfullah Hakim.

kunni stundum að hafa séð fyrir sér heildaráætlun um skipulag garðsins lagði hann mælieiningar og önnur atriði niður fyrir sér af vandvirkni í teikningum sem ekki voru gerðar í réttum hlutföllum—því það hefði tekið of mikinn tíma. Allar mælieiningar voru hinsvegar reiknaðar út. Til dæmis átti aðalgöngustígurinn að vera 25 metra langur og 2 metra breiður; auk þess gerði hann ráð fyrir 25 sentimetra kanti, 1,20 metra víðri rönd fyrir kyprestré sem átt að planta með 1,5 metra millibili, o.s.frv. Þegar hann hafði skipulagt allt gaf hann garðyrkjumönnum fyrirmæli um hvernig ætti að standa að verkinu. Með bandi sem fest var í hæla fyrir löngu línurnar, hæl og band sem sirkil til að marka hringi, sem mælieiningu fyrir fjarlægðina milli trjána, notuðu þeir spönn (bilið milli þumalfingurs og litla fingurs útglennta) og ljósan jarðveg til að marka línu. Aðrar ámóta einfaldar aðferðir notaði hann; á einu eftirmiðdegi tókst oft að skipuleggja heilan garð í smáatriðum. Þar sem hann vissi venjulega nákvæmlega hvað hann ætlaði sér kallaði Shoghi Effendi á garðyrkjumenn til að fylgja þeim eftir sem unnu við hönnunina, þannig að skipulagið var mælt út á jörðina, grafið fyrir kyprestrjám, trjám plantað og blómabeð skipulögð meðan Shoghi Effendi gekk á undan þeim og gaf fyrirmælin! Arabar eiga sér málshátt sem segir að hver sá sem gangi með hring Salómons konungs geti breytt öllu á einu augabragði með því einu að snúa hringnum. Sumir arabísku verkamennirnir höfðu á orði að Shoghi Effendi hefði fundið hring Salómons konungs!

Erfitt er að átta sig á hversvegna flestir menn gera hlutina svo hægt þegar Shoghi Effendi tókst að framkvæma þá svo hratt. Góðlátlegt kvak um að hann hafi notið „leiðsagnar Guðs“ virðist mér ekki nægilega haldgóð skýring. Ég held að mikilmenni sjái hlutina í miklum víddum, litlir menn flækja sig í smáatriðum. Shoghi Effendi sem sannarlega var mikilmenni hafði skýra hugmynd um hvað hann vildi gera, sá enga ástæðu til að smámunir—eins og að gefa undirmönnum fyrirmæli og láta þá síðan um að vinna verkið á sínum eigin hraða—ættu að koma í veg fyrir að allt verkið væri unnið að honum viðstöddum í einni verklotu. Hann skipulagði hlutina fullkomlega og þeir voru framkvæmdir strax og á fullkominn hátt; allt sem hann gat gert sjálfur var ævinlega gert með þessum hætti. Tafir og vonbrigði gerðu venjulega vart við sig þegar hann þurfti að láta öðrum eftir að vinna verkið.

Shoghi Effendi hafði fullkominn skilning á hlutföllum. Hann sagði alltaf sjálfur að hann gæti ekki sett sér hlutina fyrir hugskotssjónir;

sú hæfni listamannsins að loka augunum og sjá allt fyrir sér eins og það lítur út þegar verkinu er lokið var honum ekki gefin. En þegar hann var að teikna eða hafði sjálfur ákveðið mælieiningarnar eftir að hafa skoðað landslagið var skilningur hans á hlutföllum algjörlega fullkominn. Það er sambland af þessum tilfinningum fyrir hlutföllum og frumleika, sem gamalgróin hefð eða flæði upplýsinga gat ekki eyðilagt. Þetta var það sem gerði garðana hans svo einstæða, svo heillandi fagra. Ef hann að eigin sögn skorti algjörlega hæfileikann til að setja sér hlutina fyrir hugskotssjónir, hafði hann til að bera aðra skapandi hæfni listamannsins í ríkum mæli—hæfnina til að láta hlutina þróast í höndum sér, vera opin fyrir innblæstri fremur en festa sig við fyrirfram ákveðna hugmynd.

Hvergi kom þetta betur í ljós en í skipulagningu hans á landinu umhverfis grafhýsi Bahá'u'lláh og Bahj. Hann ætlaði upphaflega að skipuleggja landið sem vagnhjól með hið helga grafhýsi sem nöf og aðliggjandi stíga sem pílára. Eftir að gengið hafði verið frá landakaupum við Ísraelsríki 1952 og tryggðir höfðu verið 145.000 fermetrar lands umhverfis hið helga grafhýsi hófst hann handa við að slétta þann hluta eyðimerkurinnar sem var um það bil fjórðungur af því mikla hringsvæði sem blasti við frá grafhýsinu. Jarðýta var tekin á leigu og í marga daga bjó Shoghi Effendi í Bahj til að hafa umsjón með framkvæmdum.

Það voru húsarústir í jaðri vinnusvæðisins. Shoghi Effendi vildi fá yfirsýn yfir allt landið og klifraði upp á rústirnar. Hann sá að þessi nýi sjónarhóll skipti svo miklu máli að hann lét gera við vegg og þak hússins, utánaliggjandi tréstiga var komið fyrir sem náði upp á þakið og húsið búið húsgögnum. Hann notaði það síðan sem skrifstofu þar sem hann svaraði pósti. Þegar hann fylgdist með og stjórnaði verkinu frá þessum nýja sjónarhóli fékk hann algjörlega nýja sýn á landið umhverfis grafhýsið sem er á miðri flatrí sléttu. Þá fékk hann nýja hugmynd. Mikið af mold og jarðvegi féll til þegar landið var sléttað. Hann lét flytja allan jarðveginn til austurs. Þar var gerður mikill bakki og sá sem stóð uppi á honum gat séð allt svæðið breiðast út fyrir framan sig eins og fagurlega mynstrað teppi. Verndarinn var svo ánægður með árangurinn að hann lét byggja tvo aflíðandi stalla sem jöfnuðust á við lága hæð.

Það var dæmigert fyrir allt viðhorf Verndarans til málstaðar Guðs, sem hann varði og verndaði, að þegar þetta nýja svæði var loks

fullgert, grasflatir gerðar, blómabeð komin á sinn stað og ljósastólpum raðað meðfram rauðu gangstígunum flutti hann strax fundi sem hann hélt til útjaðarsins á þessu nýja svæði. Gestirnir voru látnir sitja meðfram stígunum sem liggur í boga gegnt grafhýsinu í næstum 100 metra fjarlægð frá þeim stað þar sem hann hafði verið vanur að sitja. Ég vissi ekki hvort þetta var með ráðum gert og um kvöldið þegar ég sneri heim til Haifa eftir þennan fund spurði ég Shoghi Effendi að þessu. Hann sagði að „í virðingarskyni við grafhýsið“ hefði hann flutt fundinn lengra frá því. Þaðan í frá voru allir fundir í Bahjí, þar á meðal minningarathafnir um uppstigningu Bahá'u'lláh sem fóru fram eftir miðnætti, haldnir á þessum nýja stað.

Til þess að ljúka þeim fyrirætlunum sem Shoghi Effendi hafði haft í huga var þriðja stallinum bætt við eftir andlát hans og lokahönd þannig lögð á mikilfenglegt skipulag Verndarans fyrir garða grafhýsisins. Þessi nýja hugmynd þýddi að horfið var frá upprunalegri vagnhólshugmynd hans fyrir garðana því að skipulag göngustíga sem allir enduðu í sömu miðju var ekki lengur framkvæmanlegt. Oft breytti Shoghi Effendi áætlunum sínum vegna þess að hann sá fyrir sér eitthvað sem hann taldi fegurra og verðugra.

Shoghi Effendi elskaði ljósið eins og Meistarinn á undan honum. Hann hataði dimmar vistarverur. Þessi ást á skæru ljósi var svo sterk að ég var vön að kvarta við hann þegar hann vann undir öflugum skrifborðslampa sem skein beint í augu hans því ég var hrædd um að þau þyldu það ekki. Hans eigið herbergi var alltaf vel upplýst og grafhýsin voru öll full af ljósum, stórum og smáum. Eitt af fyrstu verkum hans sem Verndara var að koma fyrir björtu ljóskeri yfir dyrunum á grafhýsi Bábsins gegnt stöllum og breiðgötunni við rætur fjallsins sem liggur að hafinu. Ég man hvernig borgarbúar gerðu grín að þessu árið 1923 og spurðu hvaða gagn væri yfirleitt að þessu. Enginn vafi er á því að það var þetta sem fékk ofstækisfullan kristinn mann, Dumit að nafni, til að reisa nokkrum árum síðar stóran upplýstan kross á þakinu á húsi sínu ekki allfjarri grafhýsi Bábsins. Verndaranum gramdist þetta alls ekki, hann lýsti því sem blómi í hnappagati grafhýsisins!

Smám saman voru garðarnir í Haifa og Bahjí upplýstir með fögrum og vönduðum fjörgreindum ljósastikum. Aðeins í Bahjí voru nútíu og níu slíkar stikur reistar. Fyrstu nóttina sem kveikt var á þeim á Ríðván hátíðinni 1953 komum við til Bahjí í bíl og himininn glóði eins og við værum að nálgast litla borg! Verndarinn sagði persnesku

pílagrímunum að þar hefði alltaf verið ljós en núna væri þar „ljós á ljós ofan“. (Á frummálinu er þetta fallegur orðaleikur þar sem vísað er til Bahá'u'lláh sem ljóss.) Auk þessa var grafhýsið í Haifa upplýst með flóðljósum að næturlagi ásamt legstöðum Hins helgasta laufs og móður og bróður 'Abdu'l-Bahá. Öflugir endurskinslampar lýstu upp alþjóðalega skjallasafnið.

Allt sem Verndarinn tók sér fyrir hendur var gert af stakri nákvæmni, tilviljun fékk aldrei að ráða og hann lét mjög lítið eftir dómgreind samverkamanna sinna. Aðeins eitt af ótölulegum dæmum um þetta er nákvæmni hans þegar hann gekk úr skugga um dagsetningu á bahá'í minningarathöfn í Haifa. Þar sem munur er á dagsetningum tunglára—þær miðast í sumum tilvikum við klukkustundina þegar nýr máni rís—gætti Shoghi Effendi þess vel að ganga úr skugga um þetta, sem og nákvæma tímasetningu jafndægurs á vori. Ef hún verður á vissum tíma þýðir það að bahá'í nýárið verður 20. mars í stað 21. mars. Við finnum símskeyti eins og þetta sem var sent árið 1923 til frænda hans í Beirut: „Kannaðu og sendu upplýsingar um nákvæma tímasetningu vorjafndægurs.“ Hann taldi efalaust að vísindalegri upplýsingar kæmu frá Ameríska háskólanum en frá Haifa. Árið 1932 sendi hann bróður sínum sem var við nám í sama háskóla þetta símskeyti: „Kannaðu hver íbúatala Rómaveldis var nokkurn veginn fyrstu tvær aldirnar eftir Krist...“ Hann var ekki aðeins nákvæmur heldur gerði sér grein fyrir með skarpskyggni mikils rithöfundar að staðreyndir sem vitnað er til á réttum stað geta haft sömu áhrif og dýrmætir eðalsteinar sem settir eru í skargripi—þeir fullkomna sköpunina. Tökum sem dæmi þá þurru staðreynd að McMurdo sundið er 77° suðlæggar breiddar í Ross hafi. Þegar Shoghi Effendi upplýsti átrúendurnar um að bahá'í bækur hefðu verið sendar til ameríska suðurskautsleiðangursins sem var með bækistöð á McMurdo sundi og bætti við nákvæmri breiddargráðu, lifnaði frásögnin strax við og varð töfrandi rómantísk!

Árið 1924 gerði Shoghi Effendi einbeitta tilraun til að leysa eitt þeirra vandamála sem við honum blasti. Hann hafði þegar gert þeim sem óskuðu honum ills ljóst að hann var hvorki veiklundaður né skorti stefnufestu og dómgreind þrátt fyrir það áfall sem fráfall Meistarans hafði verið honum. Í einu bréfa sinna skrifar hann: „Það er erfitt að losa sig undan sumum venjum og hefðum fortíðar og gera bahá'íum, sem hafa svo fjölbreytt viðhorf og hugmyndir, kunnugt um nauðsynlegar

breytingar og þarfir þessa nýja áfanga í sögu málstaðarins.“ Engu að síður var hann að vinna að því með góðum árangri. Hann þarfnaðist sárlega fleiri aðstoðarmanna í Haifa. Faðir hans kunni mjög lítið í ensku; af þremur svilum hans stunduðu tveir viðskipti í Haifa og sá þriðji bjó í Egyptalandi. Eldri frændur hans og bróðir voru ýmist að vinna eða í skóla. Þótt hann fengi aðstoð frá ýmsum meðlimum í fjölskyldu ‘Abdu’l-Bahá jókst starfsemi málstaðarins stöðugt og Shoghi Effendi var þegar byrjaður að þýða mörg ritanna á enska og senda þau til Vesturlanda. Auk þess jukust bréfaskipti hans og sköpuðu raunverulegt vandamál. Í janúar 1923 skrifaði hann til bahá’íanna í London: „Það væri æskilegt og mikið fagnaðarefni að fá núna hæfan aðstoðarmann til að starfa með mér við þýðingar hér í Haifa. Ég ber þetta mál undir meðlimi Ráðsins svo þeir geti kannað hvort hægt sé að senda einn af ensku vinunum sem gæti unnið að þessu stórmikilvæga starfi með mér.“

Sá sem virðist hafa svarað þessu kalli var enginn annar en elskaður vinur Shoghi Effendi, dr. Esslemont. Hann bjó í Haifa og vann með og þjónaði Shoghi Effendi þangað til hann lést fyrir aldur fram 22. nóvember 1925. Hann hafði ekki verið heilsuhraustur og strax eftir fráfall Meistarans sendi hann Shoghi Effendi símskeyti í febrúar 1922: „Er að ná mér vel aftur, fékk erfðaskrána, þinn einlægur.“ Mjög nán bönd voru milli þeirra og þegar óvænt andlát dr. Esslemonts bar að sendi Shoghi Effendi ættingjum hans símskeyti: „Altekinn sorg eftir andlát heittelskaðs Esslemonts. Einlæg viðleitni bar ekki árangur. Fullvissa ykkur um hjartanlegar samúðarkveðjur mínar og bahá’ía um allan heim. Bréf fylgir.“ Fjórum dögum síðar skrifar hann þeim: „Ég ýki ekki þegar ég segi að orð fá ekki lýst tilfinningum mínum og persónulegum missi við andlát míns kæra samstarfsmanns og vinar John Esslemonts.“ Esslemont naut ekki aðeins alþjóðlegrar virðingar í bahá’í heiminum sem höfundur bókar sem Shoghi Effendi sagði að yrði „innblástur óbornum kynslóðum“ (*Bahá’u’lláh og nýi tíminn*, bók sem hefur verið þýdd á hundruð tungumála). Hann hafði líka verið honum persónulega „einlægastur vina, ráðgjafi sem naut trausts, óþreytandi samstarfsmaður, elskulegur félagi.“ Hann hafði bundið „bestu vonir sínar“ við nána samvinnu við Esslemont og nú var hann skyndilega horfinn á braut. Verndarinn harmaði sáran vin sinn frá stúdentsárunum en eins og venjulega var hann tilneyddur að halda áfram starfi sínu sem Verndari þrátt fyrir sorg sína. Hann sendi

strax símskeyti til Englands, Ameríku, Þýskalands, Persíu og Indlands þess efnis að löndin sendu samúðarkveðjur til ættingja Esslemonts. Enginn þessara ættingja var bahá'í. Shoghi Effendi sagði þeim að halda sérstakar minningarathafnir og gerði dr. Esslemont að Hönd málstaðarins að honum látnum.

Koma dr. Esslemont til Haifa hafði engan veginn leyst vandamál Shoghi Effendi heldur orðið til þess að hryggja hjarta hans sem var sárþjáð fyrir. Í janúar 1926 kvartar Shoghi Effendi undan „þrúgandi ábyrgð og áhyggjur sem fallið hafa mér í skaut og eru forréttindi mín að axla.“ Hann heldur áfram og talar um „látlaust erfiði, mæðu og ráðleysi“ og „þyrnum stráða braut“ „erfiðra skyldustarfa“. Fjórum mánuðum síðar skrifar hann til Horace Holley: „Ég hef oft fundið til þess hversu æskilegt það væri að hafa samstarfsmann eins og þig mér við hlið hér í Haifa. Ég finn sárt fyrir missi dr. Esslemonts og það er von mín að aðstæður hér og erlendis geri mér kleift að koma starfinu hér í Haifa á skipulegri grundvöll. Ég bíð hagkvæms tíma.“ Þetta var skrifað í maí. Í september skrifar hann aftur til Holley, hrósar honum fyrir þjónustu hans og endurtekur: „Hversu mjög finn ég ekki fyrir þörfinni á slíkum starfsmanni við hlið mína í Haifa, jafn hæfum, nákvæmum, skipulögðum og árvökulum og þú ert. Þú getur ekki og ættir ekki að yfirgefa starfsstöð þína eins og sakir standa. Haifa verður að sjá um sig sjálf um nokkurt skeið.“ Það var í hléinu milli þessara tveggja bréfa meðan Shoghi Effendi var í Sviss að hann skrifaði til Hippolyte Dreyfus-Barney 30. júní 1926: „Ég þarfnast hæfs, áreiðanlegs, duglegs, skipulagðs og reynds ritara sem sameinar kosti bókmenntalegrar framsetningar og viðurkenndrar stöðu í bahá'í heiminum. Dr. Esslemont var hinn ákjósanlegasti félagi, óbundinn, vandvirkur, skyldurækinn, hógvær og hæfur. Ég syrgi fráfall hans... Hæfur og vandvirkur ritari sem er heilshugar helgaður starfi sínu og tveir aðalráðgjafar sem gætu komið fram af virðingu og helgun fyrir hönd hreyfingarinnar við sérstök tækifæri ásamt tveimur austrænum samstarfsmönnum, árvökulum og með sérfræðipækkingu—þetta myndi koma mér að miklu gagni og leysa úr lædingi öflin sem munu tryggja málstaðnum það frelsi og þann sigur sem honum er ákvarðaður... Ég get ekki tjáð mig betur en ég hef gert því minni mínu hefur hrakað stórlega.“

Þótt hann skrifaði þessi bréf til einstaklinga fór hann ekki í launkofa með þarfir sínar. Í október 1926 skrifaði hann til Ameríku „... vaxandi

þýðing og flóknar þarfir starfsins sem nauðsyn er að vinna í landinu helga hefur orðið til þess að styrkja tilfinninguna um algjöra nauðsyn þess að mynduð verði einskonar alþjóðleg bahá'í ritaradeild í Haifa, sem myndi aðstoða mig bæði hvað varðar framkvæmd og ráðgjöf í umgangsmiklu og kröfuhörðu starfi mínu.“ Hann heldur áfram og segir að hann hafi „íhugað þetta mikilvæga mál óþreyjufullur“ og beðið þrjá fulltrúa frá Ameríku, Evrópu og Persíu að koma til landsins helga til að eiga samráð við hann um þær ráðstafanir sem verði að gera til að mæta þörfum málstaðarins. Hann segir að það muni ekki aðeins koma honum að gagni og styrkja böndin milli Heimsmiðstöðvarinnar og bahá'í heimsins, heldur verða fyrstu skrefin í átt til stofnunar „fyrsta alþjóðahúss réttvísinnar.“ Þegar í maí hafði hann skrifað einum þeirra sem hann hafði í huga „Ég velti fyrir mér hvort þú getir komið til mín í haust með H_____ og aðstoðað við starf mitt hér í Haifa. Mjög flókin og viðkvæm vandamál blasa við mér og ég hef þörf fyrir hæfa, óttalaus og áreiðanlega samstarfsmenn... Ég verð að hætta því ég á erfitt með að ná jafnvægi hugans.“

Það samstarf sem Shoghi Effendi sá fyrir sér í þessu bréfi varð aldrei að veruleika þrátt fyrir allar tilraunir hans. Veikindi, atburðir innan málstaðarins, fjölskyldumál og viðskiptaflækjur sem allir sem hann hafði í huga áttu við að glíma—allt varð þetta til þess að skortur á hæfu aðstoðarfólki var jafn tilfinnanlegur og þegar hann tók við embætti Verndarans 1922. Til eins þeirra sem hann hafði valið skrifaði hann í febrúar 1927: „... vona að þú getir lagt mér lið í erfiðu starfi mínu strax og það er mögulegt og hagkvæmt.“ Í september skrifar hann aftur til þessa vinar sem ekki gat komið vegna veikinda: „Ég horfi áhyggjufullur til starfsins í vetur því ég geri mér grein fyrir stærð og umfangi verksins og að ég stend einn míns liðs frammi fyrir því feiknalega verkefni sem blasir við mér. Eins og ég hef sagt koma ráðstefnur ekki að gagni; það sem ég þarf er náin og samfelld samvinna til þess að hægt verði að taka frumkvæði að og framkvæma þær ráðstafanir sem eru nauðsynlegar fyrir útbreiðslu og treystingu málstaðarins. Á meðan verð ég að vinna þetta starf sem mér finnst ekki eins mikilvægt og sem ritaradeild gæti auðveldlega sinnt...“ Aftur skrifar hann þessum sama bahá'ía í október: „Ég er einn eins og sakir standa og geri eins vel og ég get.“ Og í janúar 1928: „Öll önnur mál eru í bið og ég bíð eftir að fá athygli og aðstoð hæfra, helgaðra og reyndra aðstoðarmanna.“

Sú mynd sem þetta gefur okkur af Verndaranum sker í hjartað. Hann er ekki lengur kornungur maður og ekki niðurbrotinn af sorg eins og á fyrstu árum embættisferils síns. Hann skilur þarfir málstaðarins og tækifærin sem gæfust ef hann fengi meiri hjálp og gæti helgað sig því sem skiptir höfuðmáli—en allt kemur fyrir ekki. Þeir aðstoðarmenn sem hann hefur þörf fyrir annaðhvort geta ekki eða eru ekki fúsir til að snúa baki við öllu sínu og setjast að í Haifa. Í bréfi sem pílagrímur frá Indlandi skrifaði kemur ástandið skýrt í ljós og það er enginn vafi að sá sem útskýrði það var Shoghi Effendi sjálfur því hann var vanur að tala mjög frjállega við bahá'í pílagríma sem komu til landsins helga. Þessi átrúandi skrifaði 15. júní 1929: „Shoghi Effendi vill að alþjóðlegri ritaradeild verði komið upp í Haifa áður en við getum fengið nokkra aðra alþjóðlega stofnun en hugmyndin hefur ekki orðið að veruleika vegna skorts á hæfum og áreiðanlegum bahá'íum...“

Málinu var slegið á frest þangað til Alþjóðlegt ráð bahá'ía var myndað 1951. Shoghi Effendi sætti sig við þá harkalegu staðreynd að hann stóð svo að segja einn og hann treysti í auknum mæli á sjálfan sig. Hann einsetti sér að gera allt sjálfur, notaði ýmsa meðlimi í fjölskyldu Meistarans sem ritara og sætti vaxandi óvild þeirra. Hann gerði sér að góðu endalausán þrældóm við smávægileg verkefni sem og hin stóru og mikilvægu, beygði sig undir örlög sín, oft í örvæntingu en alltaf með tryggð og hugprýði. Það má með sanni segja að hann hafi einn síns liðs lagt grunn um allan heim að málstað guðlega innblásinna forfeðra sinna og sannað að hann tilheyrði þeirri háu og göfugu stétt.

Á þessum árum þegar Shoghi Effendi gerði sitt ýtrasta til að safna um sig hópi hæfra samstarfsmanna skall yfir hann kreppa sem átti sér engin fordæmi. Haf málstaðar Guðs sem vindar forlaga og tilviljana höfðu ýft, ólgaði nú og svall í miklum stormi. Holskeflur þess gengu yfir Shoghi Effendi og reyndu á styrk hans og taugar og öll þau tæki sem hann hafði til umráða. Hið blessaða hús sem var dvalarstaður Bahá'u'lláh í Bagdad og sem hann hafði, með orðum Shoghi Effendi, gert að „helgu, blessuðu og ástkæru takmarki bahá'í pílagrímssferða og lotningar“ hafði strax á dögum 'Abdu'l-Bahá verið tekið eignarnámi af shí'ah múslímum sem beittu til þess svívirðilegum brögðum en bresk yfirvöld höfðu skilað því aftur í hendur réttmætra umsjónarmanna. Þegar fréttirnar um fráfall 'Abdu'l-Bahá bárust gömlum óvinum trúarinnar gerðu þeir nýja atögu og kröfðust yfirráða yfir húsinu. Árið 1922 tók ríkisstjórnin lykjavöldin að húsinu þrátt fyrir loforð sem

Feisal konungur hafði gefið um að hann myndi virða tilkall bahá'ía til þessarar byggingar sem fulltrúar bahá'í samfélagsins höfðu búið í síðan Bahá'u'lláh yfirgaf Bagdað. Af pólitískum ástæðum gekk konungurinn á bak orða sinna og árið 1923 voru lyklnir teknir með ólögmetum hætti og fengnir aftur í hendur shí'ah múslímum. Frá því skömmu eftir fráfall 'Abdu'l-Bahá fram í nóvember 1925 háðu bahá'íar stöðuga baráttu til að vernda hið helgasta hús. Shí'ah múslímar höfuð fyrst farið með málið fyrir sinn eigin trúarrétt en þaðan var því fljótlega vísað til sáttasemjara og síðan til undirréttar sem úrskurðaði bahá'íum í vil. Þessi ákvörðun fór síðan fyrir hæstarétt Íraks sem sneri við dómi undirréttar og úrskurðaði shí'ah múslímum í vil.

Þegar Verndaranum var skýrt frá þessu réttarhneyksli virkjaði hann þegar í stað allan bahá'í heiminn til aðgerða. Hann sendi nítján símskeyti til ýmissa einstaklinga og þjóðarráða í Persíu, Kákasus, Turkistan, Írak, Japan, Búrma, Kína, Tyrklandi, Moskvu, Indlandi, Ástralíu, Nýja Sjálandi, Kanada, Bandaríkjunum, Þýskalandi, Austurríki, Frakklandi, Stóra Bretlandi og Kyrrahafseyjunum. Samkvæmt fyrirmælum áttu bahá'íar að senda símskeyti og mótmæla þessari ákvörðun við landsstjórnann í Írak. Bahá'íum í Persíu og Norður Ameríku—þar sem bahá'í samfélög voru tölulega sterk—var tjáð að sérhvert svæðisráð ætti að mótmæla milliliðalaust og auk þess ætti þjóðarráðið ekki aðeins að hafa samband við landsstjórnann heldur einnig að senda mótmæli beint til Feisals konungs í Írak og breskra stjórnvalda í London. Ráðin í Indlandi og Búrma átti einnig að bera upp mótmæli milliliðalaust við konung en ekki við aðila í London. Á svæðum þar sem bahá'íar voru fámennir, eins og Frakklandi og Kína, mæltist Shoghi Effendi til þess að einstaklingar undirrituðu mótmælin. Öll þessi fyrirmæli sýna glögg skipulagssnilld Shoghi Effendi. Í símskeytum sínum til bahá'í heimsins sagði hann að ástandið væri of „hættulegt“, „afleiðingarnar mjög alvarlegar“; og þau yrðu að fara fram á „tafarlausar aðgerðir til að verja andlegt tilkall bahá'ía til þessa heittelskaða staðar,“ „þessara helgu hífýla,“ „heilags húss Bahá'u'lláh“. Hann ráðlagði þeim og lagði þeim jafnframt orð í munn. Austrænum vinum var sagt að þeir ættu „kurteislega og í mikilli einlægni“, „með staðföstu og nærfærnu orðalagi“, að bera fram þá einlægu beiðni að tillit yrði tekið til „andlegs tilkalls þeirra til húseignarinnar“ og til „breskrar réttlætiskenndar“. Vestrænu átrúendurnir var sagt að „brýn þörf væri á tafarlausum áhrifaríkum aðgerðum...mótmæla verði

hróplegu óréttlæti dómstólsins og höfða til breskrar sómakennar um endurupptöku málsins, halda verður fram andlegu tilkalli bahá'ía ... þeir verða að lýsa yfir staðfastri ákvörðun sinni um að gera sitt ýtrasta til að færa sönnur á réttmætan og heilagan rétt sinn.“ Nákvæmur að venju ráðlagði Shoghi Effendi amerísku svæðisráðunum að orða skilaboðin sem þau sendu „hvert með sínum hætti.“

Á sex mánaða tímabili voru næstum hundrað símskeyti send auk fjölda bréfa til ýmissa aðila sem unnu að verndun hins helgasta húss. Bæði magn og efnistöð allra þessara skilaboða bera því vitni hve upptekinn Shoghi Effendi var af þessu vandamáli. Eitt af fyrstu verkum hans þegar hann fékk fréttirnar um úrskurð hæstaréttar var að senda landsstjóranum í Bagdad símskeyti: „Bahá'íar um allan heim eru undrandi og felmtri slegnir vegna óvænts dóms varðandi eignarhald á heilögu húsi Bahá'u'lláh. Þeir minna á langvarandi og samfellda dvöl sína í þessu húsi og neita að trúa því að þér munið samþykkja svo augljóst ranglæti. Þeir heita því að standa staðfastlega vörð um réttindi sín. Þeir höfða til mikillar heiðurs- og réttlætistilfinningar sem þeir trúu og treysta að stjórn yðar hafi til að bera. Í nafni fjölskyldu Sir 'Abdu'l-Bahá 'Abbas og alls bahá'í samfélagsins, Shoghi Rabbani“. Sama dag sendi hann sárhryggum umsjónarmanni í húsi Bahá'u'lláh þetta skeyti: „Vertu ekki hryggur. Málið í Guðs höndum. Treystu því.“

Næstu mánuði innihalda mörg símskeyti frá Shoghi Effendi setningar eins og „Málinu varðandi húsið verður að fylgja fast eftir.“ Hann sendi mörgum framámönnum sem ekki voru bahá'íar símskeyti og samræmdi viðleitni liðsmanna sinna í ýmsum heimshlutum. Þegar meira en mánuður var liðinn sendi Shoghi Effendi ýmsum þjóðarráðum símskeyti og sagði þeim að grenslast fyrir um það hjá landsstjóranum með „kurteislegu orðalagi“ hverjar væru „niðurstöður rannsóknarinnar“ sem bresk yfirvöld höfðu lofað að framkvæma. Þetta var barátta sem ekki var hægt að vinna því að pólitískir og trúarlegir aðilar í Írak börðust fyrir sameiginlegum málstað og neituðu að beygja sig fyrir þrýstingi sem þeir voru beittir, meðal annars af bresku stjórninni.

Shoghi Effendi tók þó ekki ósigri léttilega og unni sér ekki hvíldar fyrr en máli hins helga húss hafði verið skotið til fastanefndar þjóðabandalagsins í nóvember 1928. Landsstjórnin hafði stutt eignarrétt bahá'ía á húsinu og fastanefndin lagði til við yfirstjórn þjóðabandalagsins að hún mæltist til þess við bresku stjórnina að hún

færi þess á leit við Íraksstjórn að rétta hlut bahá'íanna í þessu máli. Bahá'íar héldu áfram að knýja á um svör frá 1928-1933, en án árangurs því að engin tæki voru til að framfylgja ákvörðuninni og vald shí'ah múslíma í Írak var slíkt að Íraksstjórn lét allt málið niður falla hvenær sem þessi ákvörðun var borin upp.

Stutt yfirlit yfir atburði sem þessa getur ekki komið til skila þeirri daglegu spennu sem þeim voru samfara, vonirnar og óttann sem þeim fylgdi, góðu og slæmu fréttirnar sem bárust sitt á hvað og reyndu á líkama og sál. Fyrstu fregnirnar um ákvörðun hæstaréttar voru nýkomnar þegar dr. Esslemont lést skyndilega. Missir vinar á krepputíma var tvöfalt reiðarslag fyrir Verndarann.

Aðeins viku áður en þetta gerðist hafði Shoghi Effendi sent boð til bahá'í heimsins sem endurspegluðu annað áhyggjuefni hans. Kvittur var kominn upp um að flytja ætti jarðneskar leifar þekkt forystumanns sionista til landsins helga og jarðsetja þær með viðhöfn á Karmel-fjalli. Með hliðsjón af þessu höfðaði Shoghi Effendi til átrúendanna um framlög í sjóðinn til þess að hægt væri þegar í stað að kaupa land í grennd við graphýsi Bábsins og að nokkru leyti ofan við það til þess að vernda þennan heilaga stað. Viðbrögðin urðu slík að aðeins rúmum mánuði síðar gat Shoghi Effendi tilkynnt að örlæti þeirra og skjót viðbrögð þeirra hefðu tryggt kaupin. Enginn vafi er á því að minnsta kosti um tíma var þetta aukin byrði ofan á allar aðrar áhyggjur hans.

Svo þung var þessi byrði að í febrúar 1926 skrifaði hann einum af átrúendum: „Ég er niðursokkinn í starf, áhyggjur og annríki. Ég er mjög þreyttur andlega og mér finnst ég vera seinn og duglítill vegna þessarar þreytu hugans.“ Ástandið varð svo slæmt að hann neyddist til að fara á brott til að fá hvíld. „Byrði yfirþyrmandi ábyrgðar og verkefna,“ skrifaði hann í lok mars, „varð til þess að það reyndist nauðsynlegt fyrir mig að hverfa á brott á sama tíma og...ég var önnum kafinn við að taka á móti vinum mínum og samstarfsmönnum frá ýmsum heimshlutum.“ Veikindi hljóta að hafa orðið til þess að hann yfirgaf Haifa og gesti sína en hvernig sem líðan hans var í febrúar og mars var hún með skárra móti í samanburði við viðbrögð hans við símskeyti frá Shíraz í Persíu 11. apríl: „Tólf vinir í Jahrom liðu píslarvætti—uppnám gæti breiðst út til annarra staða“. Hann svaraði sama dag: „Skelfingu lostinn vegna skyndilegrar ógæfu. Hættið starfsemi. Höfðið til stjórnvalda. Færið ættingjum innilegustu samúðarkveðjur.“ Sama dag sendi hann símskeyti til Teheran sem er

svo mikilvægt fyrir anda trúarinnar að ekki er hægt að slíta það úr samhengi við atburðina í Jahrum: „Ég beini þeirri einlægu ósk til allra átrúenda í Persíu, Turkistan og Kákasus að þeir taki heilshugar þátt í nýjum kosningum til svæðisráða. Enginn sannur bahá'í getur vikið sér undan þessu. Niðurstöður ætti að senda strax til landsins helga með aðstoð miðlægs ráðs sem er í samskiptum strax við sérhverja miðstöð. Farið varlega. Bið um guðlega aðstoð.“ Næsta dag bárust ítarlegri fréttir í símskeyti frá Shíraz um að höfuðpaurinn í múgæsingunum hafi verið handtekinn. Shoghi Effendi sendi símskeyti til Teheran með ákveðnum tillögum: „Sorgmæddur vegna píslarvættisdauða í Jahrum. Færið hans hátign fyrir mína hönd og allra bahá'ía innilegustu þakkir okkar fyrir tafarlausu íhlotun hans og einlæga ósk okkar um að þeim sem drýgja svo svívirðilegan glæp verði refsað þegar í stað. Hvetjið öll ráð í Persíu til að senda svipuð boð.“ Það var lítilvæg en þýðingarmikil vísbending um hugarástand hans að í fyrstu símskeytunum skrifar hann „Jahrom“ en breytir því síðan samkvæmt réttri umritun í „Jahrum“.

Shoghi Effendi lýsir því hvað allt þetta þýddi fyrir hann í bréfi til eins samverkamanns 24. apríl. Eftir að hafa þakkað fyrir mörg bréf hans útskýrir hann tafirnar á svari við þeim með því að segja að þær stafi af „óheppilegum veikindum mínum, sem nánast má jafna við líkamlegt og andlegt áfall samfara hörmulegum fréttum frá Persíu um píslarvætti tólf vina okkar í bænum Jahrum suður af Shíraz. Ég hef beðið um ítarlega greinargerð og mun senda hana til hinna ýmsu bahá'í miðstöðva um leið og ég fæ betri upplýsingar. Pólitík og persónulegur metingur virðist eiga ekki lítinn þátt í þessum atburðum... Ég hef sent skilaboð til keisarans með fulltingi persneska þjóðarráðsins. Ég hef einnig beðið erlend ráð að birta opinberlega þessar greinargerðir með friðsamlegu orðalagi í dagblöðum landa sinna en finnst of snemmt fyrir þau að stofna til beinna samskipta við keisarann... Það er sorglegt og gremjulegt að hugsa til þess að bahá'íar sem búa við svo margháttaða erfiðleika og auðmýkjandi kringumstæður virðast getu- og hjálparlausir í viðleitni sinni til að tryggja nauðsynlega aðstoð viðurkenndra yfirvalda. Einhver viska hlýtur vissulega að vera að baki þessari ötulu en árangurslausu viðleitni þeirra.“ Í símskeyti til þessa sama einstaklings sem sent var tveimur vikum síðar segir Shoghi Effendi að hann sé „sárþjáður“.

Þann 21. maí skrifar hann aftur til þessa sama bahá'ía og opnar hjarta sitt fyrir honum: „Ég er sjálfur of þreyttur til að gera eitthvað að

gagni eins og nú standa sakir. Ég er orðinn seinvirkur, óþolinmóður, duglítill . . . Ég er að reyna að komast burt ef engin skyndileg kreppa ríður yfir aftur. Þær eru orðnar svo margar á síðustu mánuðum . . .“ Samt tókst Shoghi Effendi í þessu ástandi að gera það sem honum fannst að hægt væri að gera: „Ég tel að með þolinmæði, hæversku, hugrekki og öðru sem okkur stendur til boða getum við notað þessa atburði til að efla hagsmuni og auka áhrif málstaðarins.“ Hann hafði virkjað öfl bahá'í heimsins til varnar hinu kúgaða persneska samfélagi, gengið úr skugga um að erlendir fjölmiðlar fjölluðu um þessi písklarvætti og verið ýmsum þjóðarráðum stöðugt innanhandar í því verki sem þau áttu að vinna í þessu máli og í máli hins helgasta húss.

Þetta er frásaga um eitt tímabil í ævi Verndarans. Hversu mörg áföll þurfti hann ekki að þola á þessum rúmu sex mánuðum á sama tíma og hann var að reyna að ná jafnvæginu með þá þungu byrði sem Meistarinn hafði lagt honum á herðar.

IV

MARTA ROOT OG MARIE DROTTNING AF RÚMENÍU

Shoghi Effendi sagði oft að svo virtist sem þjáningar hans bæru alltaf einhvern ávöxt. Hann fór í gegnum þessar eldraunir—því hann virtist brenna af þjáningu—og síðan kom regn af himnum í formi góðra fréttu og lífgaði hann við aftur. Ég er hrædd um að leyndardómur fórnarinnar sé mér ennþá dulinn en helgir menn þessa heims keyptu sigra sína sannarlega dýru verði.

Það var á þessum tíma þegar þrengingar Verndarans voru bókstaflega yfirþyrmandi að blaðið *Toronto Daily Star* birti mjög jákvæða yfirlýsingu Marie Rúmeníudrottningar um bahá'í trúna. Fleiri yfirlýsingar fylgdu meðan á heimsókn hennar stóð í Bandaríkjunum og Kanada. Þær birtust í um 200 dagblöðum og voru einhver víðtækasta og tilkomumesta fjölmiðaumfjöllun sem trúin hefur nokkru sinni fengið. Í trúnaðarbréfi sem Verndarinn skrifaði 29. maí sagði hann þennan atburð vera „undraverðan í hæsta máta og mjög þýðingarmikinn fyrir þróun málstaðarins.“

Rúmenska drottningin er fyrsti konungborni þjóðhöfðinginn sem játastrúnni. Viðurkenning hennar á stöðu Bahá'u'lláh er í sjálfu sér sérstakur kafli í lífi Shoghi Effendi og órjúfanlega tengd þjónustu Mörtu Root, „fremsta þjóni trúarinnar“ eins og Shoghi Effendi kallaði hana, og þeim þætti sem hún átti í lífi hans. Frásögn af lífi hans yrði aldrei nokkru sinni fullkomin án þess að sagt væri frá sambandi hans við þessa göfugu sál. Marta Root var blaðamaður að atvinnu, af virtum amerískum ættum. Hún hitti Meistarann meðan á heimsókn hans til Bandaríkjanna stóð. Hún upptendraðist af Töflum hinnar guðlegu áætlunar og árið 1919 hóf hún sögulegar ferðir sínar í þjónustu málstaðarins. Hún ferðaðist ekki aðeins lengra og víðar en nokkur bahá'í hefur gert frá upphafi heldur ferðaðist hún líka oft við „gríðarlega hættulegar aðstæður“ eins og Verndarinn komst að orði.

Þegar 'Abdu'l-Bahá lést var hún þegar orðin 49 ára gömul, látlaus kona, jafnvel hversdagsleg, en með einstaklega falleg, hreinskilin blá augu og einstæða óbilandi trú sem sannfærði hana um að Bahá'u'lláh gæti gert allt, og myndi gera allt ef maður sjálfur viki til hliðar, eins og hún orðaði það, og léti hann um að vinna verkið. Það voru hinar miklu kennsluferðir hennar—fjórum sinnum hringinn í kringum jörðina—ásamt framúrskarandi persónulegum eiginleikum sem gerðu hana svo kæra Shoghi Effendi að hann nefndi hana „helstu fyrirmynd bahá'í ferðakennara.“ Enginn annar átrúandi færði honum jafn mikla gleði með þjónustu sinni og einstæðum sigrum Shoghi Effendi skrifaði um hana í október 1926: „Í hennar tilfelli höfum við sannarlega séð með óbyggjandi hætti hverju máttur geiglausrar trúar og framúrskarandi lyndiseinkunnar getur komið til vegar, hverskonar krafta þetta tvennt getur leyst úr læðingi og til hverskonar hæða það getur risið.“

Frá því Shoghi Effendi tók við embætti sínu beindi hún ekki aðeins sínu stóra og ástríka hjarta til hans heldur það hann sífellt um ráð varðandi fyrirætlanir sínar. Það eru engar ýkjur að þau hafi verið félagar í öllu sem hún tók sér fyrir hendur og samband þeirra einkenndist af gagnkvæmri ást og trausti sem var allt of sjaldgæft í friðlausu lífi Verndarans. Þau voru í nánum tengslum. Honum barst flóð af bréfum frá henni þar sem hún sagði frá áætlunum sínum, þörfum, sigrum, bar fram beiðni um leiðsögn og fékk óbrigðul svör hans, hvatningar og ráðgjöf. Árið 1932 kallaði Shoghi Effendi hana „óbugandi og kappsaman lærisvein 'Abdu'l-Bahá“ og í bréfum sínum til hennar endurtekur hann hlý orð í hennar garð. Hann segir að hann hafi lesið bréf hennar með „stolti og þakklæti“, að bréfin „hafa glatt hjarta mitt eins og venjulega“, og „alltaf er gleðiefni af heyra frá þér, elsku Marta.“ Hann skrifaði til hennar í júlí 1926, þegar hún var í miklu sambandi við konungborið fólk í Evrópu: „... skrifaðu mér oft og ítarlega því ég þrái að heyra í smáatriðum um allt sem þú gerir og afrekar. Fullvissa þig um takmarkalaus ást mína á þér...“. Í ágúst segir hann: „Mig þyrstir að heyra í smáatriðum um sigursæla sókn þínar á vettvangi þjónustu... Ég sendi hér með afrit af bréfi mínu til drottningarinnar. Ekki deila innihaldi þess með neinum.“ En hann flýtti sér að deila því sjálfur með Mörtu, sem var kennari drottningarinnar. Í september skrifaði hann: „Það gleður mig að deila með þér svári Rúmeníudrottningar við bréfi mínu. Mér finnst það merkilegt bréf, framar okkar bestu vonum. Breytingin á henni sem þú hefur komið til

leiðar, hispurslaus framkoma hennar, öflugur vitnisburður og hugrekki eru vissulega mælsk og sannfærandi sönnun um alltsigrandi mátt lifandi trúar Guðs og þá framúrskarandi þjónustu sem þú færir málstað hans.“

Trúnaðarsamband Shoghi Effendi og Mörtu kemur glöggt í ljós í þessum símskeytum í október 1926: „Elskaði, samþykkir þú að ég haldi mig við upprunalega áætlun og byrji í Portúgal seinnipart nóvember, vinsamlega sendu símskeyti.“ Þannig hljóðar símskeyti hennar. Ekkert gæti sýnt betur blítt eðlisfar Mörtu en þetta sterka ávarpsorð „Elskaði“ sem kom svo oft eðlilega og ómeðvitað í bréfum hennar til Verndarans sem hún dáði. Hann svaraði: „Gerðu eins og guðleg leiðsögn blæs þér í brjóst. Innileg ást.“ Skömmu síðar sendir hann henni 50 pund „sem er hógvært framlag mitt til þess frábæra starfs sem þú ert að vinna fyrir okkar elskaða málstað.“ Þetta gerðist oft—öðru hvoru sendi hann henni peningaupphæð fyrir „framúrskarandi starf þitt í hinum himneska víngarði“ og til að hjálpa til við „þessi miklu ferðalög þín, aukinn kostnað og frábært starf“, eins og hann orðaði það. Að minnsta kosti einu sinni sendi hann henni peninga þegar honum bárust þær fréttir að hún væri veik. Hann sendi henni líka peninga til að hjálpa til við þýðingu og útgáfu ýmissa þýðinga á bók dr. Esslemont, sem Shoghi Effendi nefndi kennslubók trúarinnar. Hún var upptekinn af þessu starfi og hann hvatti hana stöðugt til að fylgja því eftir. Stundum sendi hann peninga í einhverjum öðrum tilgangi. Gjafirnar voru engan veginn einhliða. Við sjáum að Shoghi Effendi skrifar: „Ég hef fengið gullhringinn sem þú sendir mér, gekk með hann sjálfur... og bauð síðan Hinu helgasta laufi að hafa hann... þú getur ekki ímyndað þér hve mikla siðferðilega aðstoð, huggun og innblástur þú ert að færa hrjáðum og sárþjáðum bræðrum okkar í Persíu. Mikil að sönnu verður umbun þínu í heimi komanda! Með aðdáun og von um áframhaldandi árangur!“ Í eftirskrift við þetta bréf frá því í febrúar 1929 segir hann: „Ég hef fengið fallega vasaklútinn sem þú sendir mér og nota hann að staðaldri til minnis um þig.“ Það er svo dæmigert fyrir Shoghi Effendi að detta skyndilega í hug að það kynni að særa Mörtu að gefa öðrum hringinn og flýta sér að fullvissa hana um vasaklútinn! Þau virðast hafa sent margt sín á milli; hann var vanur að senda bækur til dreifingar og í bréfi sem hann skrifar til hennar 1931 segir hann að hann sendi henni tvo pakka af bréfsefni stimplað með Hinu mesta nafni „sem þú getur notað í bréfaskiptum við tigið fólk.“ Við sjáum að einu sinni sendir hún

honum 19 dali til að standa straum af kostnaði við símskeyti sem hann sendi sem svar við spurningum hennar.

Í einu símskeyti sínu til Shoghi Effendi segir Marta: „Innileg ást, þrái að heyra frá þér.“ Í einu bréfa Shoghi Effendi til hennar segir: „... Óbornar kynslóðir munu gleðjast yfir minningu þeirrar konu sem hefur af slíkri orku, svo hratt og fágætlega vel, rutt brautina fyrir allsherjar viðurkenningu á trúnni.“ Hann nefnir hana „óviðjafnanlegan kallara málstaðarins“. Ekki er hægt að lýsa því hvað þjónusta hennar og bréf þýddu fyrir Shoghi Effendi fyrstu tíu árin á embættisferli hans á sama tíma og hann skrifar til hennar að viðbrögð átrúendanna við þörfum á vettvangi kennslunnar væri „svo lítil og ófullnægjandi!“ „Bréfin þín...“, skrifaði hann henni 10. júlí 1926, „hafa veitt mér gleði, styrk og uppörvun þegar ég var niðurdreginn, þreyttur og vonsvikinn.“ Í júní árið 1927 fullvissar hann hana um að bréfaskriftir hennar sé honum engin byrði, „... þvert á móti endurnæra þau þreytta sál mína og glæða í mér anda vonar og fullvissu sem miklir erfiðleikar og margvísleg áhyggjuefni verða stundum til að myrkva.“ Í desember sama ár þegar afrit af bréfi Ileana Rúmeníuprinsessu til Mörtu var sent til Haifa fullvissaði Shoghi Effendi hana um að bréfið hefði „fengið Hið helgasta lauf til að tárast af gleði... Ég er viss um að þú gerir þér ekki grein fyrir því sem þú kemur til leiðar fyrir málstað Guðs!“ Í öðru bréfi sem var skrifað í september 1928 og hefst þannig: „Mín elskulegasta og dýrmætasta Marta,“ segir Shoghi Effendi eftir að hafa minnst á hryggð sína yfir stöðu trúarinnar í Rússlandi: „Ég fullvissa þig um að ef ekki væri fyrir bréfin þín gæti ég ekki skrifað meira því ég er þreyttur og úttaugaður. Þinn sármæddi en þakkláti bróðir.“ Í nóvember fékk hann fimm bréf frá henni—sem gefur nokkra hugmynd um hversu oft hún skrifaði til hans—og segir: „Það er mér svo mikil huggun og uppörvun í starfi mínu að fá í dásamlegum bréfum þínum stöðuga áminningu um allsigrandi afl Bahá'u'lláh sem skín í gegnum þig í öllu þínu umfangsmikla og heilaga starfi...“ Hann sendir henni núu hringsteina „sem þú getur gefið þeim sem þér finnst eiga þá skilið“ og 30 [pund] „svo lítilfjörlegt og ófullnægjandi í samanburði við stórkostlegt starf þitt...“

Hún sneri sér stöðugt til hans og hikaði ekki við að senda honum beiðnir sem hún taldi vera í þágu trúarinnar. Verndarinn var sér vel meðvitandi um hreinar hvatir hennar og góða dómgreind. Hann varð nær undantekningarlaust við þessum beiðnum sem snerust um

hvatningarbréf til einstaklinga eða símskeyti til mjög háttsettra manna. „Ég sendi hér með samkvæmt beiðni þinni bréfin sem þú baðst mig að skrifa,“ segir hann. Hann bað hana um margt í staðinn og notaði hana sem viljugt verkfæri til að efla hagsmuni trúarinnar og verja hana gegn óvinum hennar. Hann hvatti hana til að sækja ýmsar alþjóðlegar ráðstefnur og sendi hana reyndar stundum sem fulltrúa sinn á slíkar ráðstefnur og þing sem haldin voru um mál og tilefni sem bahá'í trúin gat léð stuðning sinn. Dæmi um þetta er bréf hans frá 12. júní 1929 sem beint er „Til þriðju ráðstefnu heimssambands menntasamtaka“ í Genf: „Kæru samstarfsmenn fyrir mannkynið: Ég sendi ungfrú Mörtu L. Root, ameríska blaðakonu og alþjóðlegan bahá'í fyrirlesara og kennara sem fulltrúa alþjóðlega bahá'í samfélagsins á ráðstefnu ykkar í júlí. Hún mun bera hinni miklu ráðstefnu ykkar kveðju mína og erindi. Bestu árnaðaróskir í göfugu starfi ykkar. Bróðir ykkar og samstarfsmaður, Shoghi.“ Margar þessara ráðstefna voru Esperanto-þing, en Marta talaði það mál reiprennandi. Símskeyti á borð við þetta, sent í apríl 1938, voru ekki sjaldgæf: „Marta Root, Bombay. Færið Altrúarbandalaginu bestu óskir um árangursríka ráðstefnu. Megi guðleg leiðsögn gera samankomnum fulltrúum kleift að ná háleitu markmiði sínu og færa út svið lofsverðrar starfsemi sinnar.“

Í mars 1936 sendi hún honum símskeyti um andlát systur Marie Rúmeníudrottningar. Næsta dag sendi Verndarinn henni eftirfarandi símskeyti: „... Vottaðu drottningunni kæru mínar dýpstu samúðarkveðjur...“ Bæði hann og hún voru sér mjög vel meðvituð um hvernig gera ætti hlutina á viðeigandi, vingjarnlegan og viturlegan hátt. Marta var látlaus, hlý og heillandi kona. Enginn vafi er á því að það var þetta ósvikna látleysi, þessi einfaldleiki og göfuga eðli sem gerði hana svo kæra Verndaranum, konungi Bahá'u'lláh, og fyrstu drottningunni sem játaðist trúnni. Í einu símskeyti sínu til Shoghi Effendi 1934 segir hún „Marie okkar sendir ást sína og þakkar, dásamleg samtöl.“

Eitt sinn sendi hún Verndaranum þetta símskeyti: „... þér fyndist ef til vill rétt að senda mér strax kveðju til Hoover forseta.“ Shoghi Effendi svaraði með símskeyti strax næsta dag: „Vinsamlega fullvissaðu Hoover forseta um innilegar bænir bahá'ía um allan heim fyrir árangri í ósérhlífinni viðleitni hans að stuðla að málstað alþjóðlegs bræðralags og friðar—málstað sem þeir hafa staðfastlega unnið að í nær heila öld.“ Nákvæmlega einu ári áður meðan á heimsókn hennar til Japans stóð í nóvember 1930 fara svipuð símskeyti þeirra á milli.

Marta sagði: „Elskaði, sendu mér símskeyti með fallegru kveðju til keisarans.“ Shoghi Effendi svaraði sama dag: „Vinsamlega flyttu hans keisaralegu hátign í Japan kveðju mína og bahá'ía um heim allan og vottaðu honum innilegustu ást okkar og fullvissu um einlæggar bænir fyrir velferð hans og farsæld hans forna ríkis.“ Ástin elur af sér ást. Mikil ást Mörtu á Shoghi Effendi kallaði fram ást hans og viðbrögð eins og þegar demantur endurspeglar ljósgeisla.

Í mars 1927 skrifaði Shoghi Effendi til Mörtu: „...Ég fullvissa þig um, kæra Marta, að hvar sem þú ert í Skandinavíu, Mið-Evrópu, Rússlandi, Tyrklandi eða Persíu, fylgja þér heitar og stöðugar bænir mínar og ég treysti því að þú verðir vernduð, fáir styrk og leiðsögn til að ljúka einstæðu og fordæmalausum ætlunarverki þínu sem fyrirmyndar talsmaður bahá'í trúarinnar.“

Þótt Mörtu tækist aldrei að fara til Rússlands fór hún til Persíu í þá heimsókn sem Verndarinn þræði svo mjög. Þann 22. janúar 1930 sendi Shoghi Effendi henni símskeyti: „Megi Hinn elskaði styrkja þig í sigursælli ferð í Persíu.“ Í byrjun apríl þegar hún var komin til Indlands skrifaði Shoghi Effendi henni ekki færri en 12 bréf í viðurkenningarskyni: „Þú átt fullkomlega skilið allan þann heiður, ást og gestrisni sem persnesku vinirnir hafa sýnt þér með svo markverðum hætti. Ég hef verið svo önnum kafinn eftir löng og slæm veikindi, að ég hef ekki getað svarað bréfum þínum tímanlega en þú hefur alltaf verið í huga mér sérstaklega þær stundir þegar ég heimsæki hin helgu grafhýsi og legg ennið á hina helgu fótiskör.“ Árin liðu og Marta Root hélt áfram að ferðast gráhærð, veikburða og óbugandi uns hún fékk „sársaukafullan og ólæknandi sjúkdóm“ eins og Shoghi Effendi orðaði það og lést í Honolulu 28. september 1939. Hún var mjög þjáð síðustu vikurnar á ferðalagi sínu um Ástralíu og Nýja Sjáland. Á leiðinni aftur til Ameríku til að aðstoða við framkvæmd fyrstu sjö ára áætlunarinnar kvaddi hún það líf sem Verndarinn sagði að vel mætti skoða sem fegursta ávöxt mótunaraldar trúarkerfis Bahá'u'lláh fram til þess tíma.

Ég man vel daginn þegar Shoghi Effendi fékk símskeyti með fregn af andláti hennar. Hann var sjálfur fársjúkur með háan hita (40° stig) og hefði ekki átt að fá slíka frétt þannig á sig komin! En það var engin leið fyrir okkur að leyna þessu fyrir honum. Hann var Verndarinn og það var Marta Root sem var dáin. Þrátt fyrir áköf mótmæli móður hans, bróður og mín settist hann upp í rúminu, skelfilega máttfarinn, náfölnur og illa haldinn eftir þessa skyndilegu

frétt. Hann las fyrir símskeyti til Ameríku þar sem tilkynnt var um andlát hennar. Hann spurði hvað annað væri hægt að gera—allur bahá'í heimurinn biði þess sem hann segði. Í þessu langa skeyti sagði hann m.a.: „Ótaldir aðdáendur Mörtu um bahá'í heiminn syrgja með mér jarðneskt fráfall þessarar kvenhetju . . . Framtíðin mun minnst hennar sem fremstu Handar . . . fyrstu bahá'í aldarinnar . . . fyrsta og besta ávaxtar mótnaraldar trúarinnar . . .“ Hann kvaðst til þess knúinn að deila kostnaði af legstað hennar með ameríska þjóðarráðinu. Þetta var legstaður konu sem „með verkum sínum hefur varpað ævarandi ljóma á ameríska bahá'í samfélagið.“ Það voru síðustu peningarnir sem eytt var í þetta einstæða samband sem hafði staðið í 18 ár. Til vinar sem hafði hýst hana á heimili sínu sendi hann þetta skeyti: „. . . fagna yfir að hún hefur tekið sér sæti með hinum hæstu herskörum . . .“

Veruleikinn var sá að Shoghi Effendi var löngu búinn að sýna hinni „óviðjafnanlegu“ Mörtu Root fullan sóma, „fremsta sendiherra trúar Bahá'u'lláh“ eins og hann kallaði hana. Þetta gerði hann í almennu bréfi til bahá'ía á Vesturlöndum árið 1929: „Og að lokum vil ég með fáeinum orðum ljúka lofsorði, hversu ófullnægjandi sem það kann að vera, á stórkostlega þjónustu heittelskaðrar systur okkar Mörtu Root, framúrskarandi og ópreytandi kennara málstaðarins. Alþjóðlegar ferðir hennar í þágu bahá'í trúarinnar hafa verið svo umfangsmiklar, staðið svo lengi og veitt svo mikinn innblástur. Með þeim árangri sem þær hafa borið munu þær prýða og auðga annála ódauðlegrar trúar Guðs. Fyrstu ferðir hennar til syðstu marka ameríska meginlandsins, til Indlands og Suður-Afríku, til Austur-Asíu, eyja í Suðurhöfum og skandinavísku landanna í norðri; nýleg tengsl hennar við stjórnendur og þjóðhöfðingja Evrópu og þau áhrif sem óbilandi andi hennar skapaði meðal konungborins fólks í Balkanlöndum; náið samstarf hennar við alþjóðlegar hreyfingar, friðar- og mannúðarsamtök og félög esperantista; og síðustu sigrar hennar á háskólavettvangi—allt er þetta knýjandi vitnisburður um það sem máttur Bahá'u'lláh fær áorkað. Það sögulega starf, sem hún vann ein síns liðs við bágborinn fjárhag og slæma heilsu hefur ætíð einkennst af óviðjafnanlegri tryggð, sjálfsleysi, nákvæmni og þrótti.“ Hún hefur „komist næst því fordæmi sem 'Abdu'l-Bahá sjálfur setti á ferðum sínum um Vesturlönd.“

Marta Root var sannfærð um að hún ætti í fórum sínum verðmætasta gimstein sem heimurinn hefði nokkru sinni litið—boðskap Bahá'u'lláh. Hún trúði því að með því að sýna þennan gimstein og bjóða hann öllum,

konungum jafnt sem smábændum, væri hún að færa viðtakandanum þá veglegustu gjöf sem hann myndi nokkru sinni eignast. Hún átti engar eignir og gegndi engri þjóðfélagsstöðu, var einföld í háttum, kauðalega klædd, hvorki mikill fræðimaður sé framúrskarandi gáfnaljós en það var þessi stolta fullvissa um gjöfina dýrmætu sem gerði henni kleift að hitta fleiri konunga, drottningar, prinssa og prinsessur, forseta og fyrimenn, hina frægu og nafntoguðu og segja þeim frá bahá'í trúnni en nokkur annar bahá'íi hefur gert í sögu þessa málstaðar. Þar sem þessi saga snýst um Verndara trúarinnar og líf hans en ekki um aðra er útilokað að fara út í smáatriði. Fjöldi dæma eru um þau annarsstaðar í bahá'í ritum, um þau mörgu viðtöl sem Marta fór í og viðbrögð framámanna við boðskapnum sem hún flutti þeim. Það sem við ætlum fyrst og fremst að fjalla um er samband Marie drottningar við Shoghi Effendi.

Marta Root sendi Shoghi Effendi skýrslu um fyrsta viðtalið af átta sem hún átti við Marie Rúmeníudrottningu. Það fór fram 30. janúar 1926 í Controceni höllinni í Búkarest að beiðni drottningarinnar sjálftrar eftir að hún hafði lesið bók dr. Esslemonts *Bahá'u'lláh og nýja tímamann* sem Marta sendi henni. Drottningin var augljóslega heilluð af kenningunum og þegar það fréttist að hún kynni að heimsækja N-Ameríku sendi Shoghi Effendi eftirfarandi fyrimæli til Andlegs þjóðarráðs Ameríku sem ritari hans skrifaði fyrir hans hönd 21. ágúst 1926: „Við lesum í *The Times* að Marie Rúmeníudrottning sé á leið til Ameríku. Hún virðist hafa fengið mikinn áhuga á málstaðnum. Við verðum því að vera á varðbergi gegn öllu sem gæti komið illa við hana og valdið bakslagi. Ef hún fer í þessa ferð vill Shoghi Effendi að vinirnir sýni mikla hlédrægni og visku og taki ekkert frumkvæði nema að höfðu samráði við þjóðarráðið.“

Það var í þessari heimsókn sem hennar hátign, djúpt snortin af kenningum trúarinnar, fór „dásamlega fögrum orðum“, eins og Shoghi Effendi orðaði það, „um mátt og mikilleika boðskapar Bahá'u'lláh í opnum bréfum sem voru birt í víðlesnum dagblöðum bæði í Bandaríkjunum og Kanada“. Vegna hins fyrsta af þessum bréfum fann Shoghi Effendi „há sér ómótstæðilega hvöt“ til að skrifa drottningunni um aðdáun og þakklæti sína og annarra bahá'ía í austri og vestri fyrir lofsamlega viðurkenningu hennar á trúnni. Þann 27. ágúst 1926 svaraði drottningin þessu fyrsta bréfi Verndarans og skrifaði honum bréf sem hann sagði hafa snortið sig djúpt:

Bran 27. ágúst 1926

Kæri herra,

Ég varð mjög snortin þegar ég fékk bréf þitt.

Vissulega færði boðskapur Bahá'u'lláh og 'Abdu'l-Bahá mér mikið ljós. Það kom eins og allur mikill boðskapur á tímum sárrar sorgar, innri baráttu og örvæntingar. Fræið féll því í gljúpan jarðveg

Yngsta dóttir mín finnur einnig mikinn styrk og huggun í kenningum hinna elskuðu Meistara. Við flytjum öðrum þennan boðskap munnlega og allir sem hann fá sjá skyndilega ljósið lifna fyrir framan sig. Margt sem var óljóst og torskilið verður allt í einu einfalt, augljóst og fullt vonar.

Að opið bréfi mitt hafi verið smyrsl þeim sem þjást fyrir málstaðinn veitir mér sannarlega mikla hamingju og ég tek það sem tákn þess að Guð hafi þegið mitt auðmjúka framlag.

Tækifærið sem mér var gefið til að tjá mig opinberlega var líka hans verk því að sönnu var þetta keðja kringumstæðna þar sem hver hlekkur leiddi mig óafvitandi einu skrefi nær uns allt varð ljóst fyrir augum mínum og ég skildi ástæðuna.

Þannig leiðir hann okkur loks að endanlegum ákvörðunarstað okkar.

Sumir í minni stétt undrast og mislíkar hugrekki mitt þegar ég stíg fram og mæli orð sem ekki er venja að konungborið fólk láti sér um munn fara, en ég stjórnast af hvöt sem ég fæ ekki staðið gegn.

Með beygðu höfði skil ég að ég er líka aðeins verkfæri í stærri höndum og ég fagna í þeirri vissu.

Smám saman er blæjan dregin frá, sorgin reif hana sundur. Og sorgin var líka skref sem leiddi mig stöðugt nær sannleikanum, þess vegna hrópa ég ekki gegn sorginni!

Megir þú og þeir sem hlíta leiðsögn þinni njóta blessunar og standa stöðugir í heilögum styrk þeirra sem fóru á undan ykkur.

Marie

Marie drottning var ekki aðeins rómuð fyrir fegurð, hún var einnig rithöfundur, sterk og sjálfstæð kona. Meðal þess sem hún skrifaði í „opnum bréfum” sínum sem birt voru 1926, 4. maí og 28. september í *Toronto Daily Star* og 27. september í *Philadelphia Evening Bulletin* var eftirfarandi: „Um daginn færði kona mér Bók. Ég skrifa orðið með stórum staf því það er dýrleg Bók ástar og gæsku, styrks og fegurðar... Ég mæli með henni fyrir ykkur öll. Ef þið sjáið einhvern tíma nöfn Bahá'u'lláh og 'Abdu'l-Bahá leggið ekki frá ykkur rit þeirra. Leitið að Bókum þeirra og látið dýrlegar lexíur þeirra, orð friðar og ástar, sökkva í hjörtu ykkar eins og þau hafa sokkið í hjarta mitt. Dagar mannsins gætu virst of annasamir fyrir trúarbrögð. Menn gætu líka

verið sælir í sinni trú. En kenningar þessara blíðu, vitru og gæskuríku manna eiga jafnt við öll trúarbrögð sem engin þeirra. Leitið þeirra og aukið hamingju ykkar.“ „Í fyrstu skiljum við Guð sem eitthvað eða einhvern sem er aðskilinn okkur... Svo er ekki. Við getum ekki með jarðneskum skynvitum skilið fullkomlega þýðingu Hans—ekki fremur en hægt er að skilja þýðingu eilífðarinnar... Guð er allt. Hann er aflið að baki sérhverri byrjun. Hann er óprotleg uppspretta nægta, ástar, gæsku, framfara og afreka. Þess vegna er Guð hamingjan. Hans er röddin innra með okkur sem sýnir okkur gott og illt. En yfirlétt misskiljum við þessa rödd eða virðum hana að vettugi. Þess vegna sendi hann sinn útvalda til að birtast meðal okkar hér á jörð og skýra orð sitt, sína raunverulegu merkingu. Þess vegna komu spámennirnir, þess vegna kom Kristur, Múhameð, Bahá'u'lláh, því maðurinn þarfnast öðru hvoru raddar á jörðinni sem færir honum Guð, til að skerpa vitundina um tilveru hins sanna Guðs. Raddirnar sem okkur voru sendar urðu hold til þess að við gætum heyrt og skilið með okkar jarðnesku eyrum.“

Shoghi Effendi skrifaði Mörtu Root 29. maí eftir að hann hafði fengið afrit frá Kanada af fyrsta opna bréfi drottningar. Hann sagði að þetta væri „verðskuldaður og eftirminnilegur vitnisburður um merkilegar og framúrskarandi tilraunir þínar til að breiða út elskaðan málstað okkar. Þessi vitnisburður hefur heillað mig, styrkt mjög anda minn og gefið mér þrótt. Þetta er þinn eftirminnilegi sigur, og vart tekur neitt honum fram hvað þýðingu snertir í annálum málstaðarins.“ Í þessu sama bréfi biður hann hana að íhuga hvort ráðlegt sé að nálgast hennar hátign með fréttir um píslarvætti í Jahrum og hugsanlega vekja samúð hennar vegna ofsóknanna í Persíu. Enginn vafi er á því að þetta fékk drottninguna til að gefa aðrar djarfar yfirlýsingar um trúna enda gefur bréf hennar til Shoghi Effendi þetta í skyn. Fréttirnar um þennan sigur höfðu borist Shoghi Effendi að kvöldi minningarhátíðar um andlát Bahá'u'lláh í Bahj. Hann lýsir þessu þannig í einu af almennum bréfum sínum: „... syrgjandi þjónar hans höfðu safnast saman umhverfis elskað grafhýsi hans og báðu um hjálp og lausn fyrir hina fótumtroðnu í Persíu.“ Shoghi Effendi heldur áfram og segir: „Með beygðum höfðum og þakklátum hjörtum sjáum við að þessi glæsta hylling sem konungborin persóna hefur veitt málstað Bahá'u'lláh er tímamótayfirlýsing og hún er forboði þeirra miklu atburða sem í fyllingu tímans verða tákn um sigur heilagrar trúar Guðs eins og 'Abdu'l-Bahá hefur spáð.“

Þetta markaði upphaf sambands Mörtu Root, og í fáeinum tilvikum Shoghi Effendi, ekki aðeins við drottninguna heldur einnig við annað konungborið fólk í Evrópu. Hann brýndi ekki aðeins Mörtu og leiðbeindi í þessum tengslum heldur notaði hann af eðlislægri einlægni sinni í mannlegum samskiptum þessi sambönd ekki síður til að efla hagsmuni málstaðarins með því að auka hróður hans í augum almennings. Hann sá einnig til þess að óvinum trúarinnar væri fullkunnugt um þau.

Marta Root var í nánu sambandi við drottninguna þangað til hún lést 1938. Hún upplýsti hana um bahá'í starfsemi, fékk frá henni bréf sem hún skrifaði með eigin hendi, vingjarnleg bréf sem endurspegluðu ást hennar á kenningum Bahá'u'lláh. Shoghi Effendi og drottningin skiptust einnig á bréfum en oftast sendi hann bréf til hennar með aðstoð Mörtu. Þetta var viðeigandi samskiptaleið og gerði ekki eins miklar kröfur til þeirrar háu stöðu sem þau bæði gegndu, hvort á sínu sviði. Annar þáttur sem ekki var hægt að víkja auðveldlega til hliðar var sá stöðugi þrýstingur sem drottningin, sem gegndi svo upphafinni stöðu hjá þjóð sinni, var beitt. Þjóðin velktist í pólitísku umróti í stjórnartíð hennar meðan hún ríkti sem ekkjudrottning. Bæði kirkja og stjórnmalaflokkar þrýstu á hana að þegja um trúarbrögð sem þá voru ekki eins vel þekkt og þau eru í dag. Hinir fáfróðu töldu þau af íslömskum rótum runnin og voru ekki aðeins mjög andvígir opinskáum stuðningi hennar við þau heldur töldu þau í hæsta máta óviturleg.

Drottningin minntist þess sjálf í fyrsta bréfi sínu til Verndarans: „...sumir í minni stétt undrast og mislíkar hugrekki mitt þegar ég stíg fram og mæli orð sem ekki er venja að konungborið fólk láti sér um munn fara...“ Það krafðist framúrskarandi hugrekkis og djúprar einlægni fyrir hana að lýsa aftur og aftur tilfinningum sínum gagnvart bahá'í trúnni og leyfa að það væri gert opinbert. Sumar þessara yfirlýsinga skrifaði hún sérstaklega til birtingar í *The Bahá'í World*. Þann 1. janúar 1934 skrifaði hún til Mörtu og sendi eina af sínum dýrmætu yfirlýsingum ásamt persónulegum fréttum af sjálfri sér og fjölskyldu sinni: „Nægir þetta fyrir V. bindi? Erfiðast er að endurtaka sig ekki...“

Þann 25. október 1927 skrifaði Shoghi Effendi til Mörtu: „Ég hef fengið þín góðu bréf... og gleðst yfir þeim fréttum sem þau innihalda, sérstaklega merkilegu og sögulegu viðtali þínu við drottninguna og prinsessuna. Ég sendi þér nokkra bahá'í steina...sem þú átt fyrir

mína hönd að færa drottningunni, prinsessunni og öðrum meðlimum konunglegu fjölskyldunnar sem þú telur að kunnir að meta þá að verðleikum... Fullvissaðu drottninguna og prinsessuna um innilega ást okkar á þeim, um bænir okkar fyrir hamingju þeirra og farsæld og að þær séu boðnar hjartanlegu velkomnar til landsins helga þar sem tekið verður á móti þeim á heimili Ástvinarins.“

Að baki viðtalinu við drottninguna sem Shoghi Effendi vísar til í þessu bréfi voru án efa hans eigin áhrif og staðfesting á fyrirmælum hans til Mörtu í bréfi frá 29. júní sama ár þar sem hann sagði: „Ég vona að þér takist ekki aðeins að hitta rúmensku drottninguna heldur einnig dóttur hennar, drottningu Serbíu og Boris Búlgaríukonung, og ég treysti því að þú sendir mér nákvæma skýrslu um starf þitt að svo mikilvægum málum.“ Í símskeyti Rúmeníudrottningar sem sent var frá Sinaia höllinni 27. júlí 1927 kemur fram að hún fékk gjöfina og boð Verndarans um að heimsækja Haifa:

Shoghi Effendi, Haifa

Kærar þakkir til þín og þinna sem mér finnst ég vera svo andlega náttengd.

Marie

Mörtu Root tókst líka að fylgja öðrum fyrirmælum Shoghi Effendi sem skrifaði til hennar í maí 1928: „... Undraverð og söguleg viðtöl þín við meðlimi rúmensku og serbnesku konungsfjölskyldnanna hafa innblásið og heillað okkur öll...“

Fyrir í apríl voru Marie drottning og dóttir hennar Ileana í heimsókn á Kýpur og Verndarinn segir í bréfi sínu til Mörtu Root að blöðin hafi birt fréttir þess efnis að drottningin ætli að heimsækja Haifa. Hann veltir því fyrir sér „hvort þær hafi slíka heimsókn í huga og hvort ótímabær uppljóstrun komi í veg fyrir að þær fari í fyrirhugaða pílagrímsferð sína...“ Meðan á heimsókn drottningar til Kýpur stóð sendi Verndarinn símskeyti til Sir Ronald Storrs, ríkisstjóra Kýpur, þar sem drottningin og fylgdarlið hennar voru. Þar segir: „Vinsamlega flytjið hennar hátign drottningu Rúmeníu og hennar konunglegu hátign Ileana hjartans þakkir fyrir hönd fjölskyldu og vina ‘Abdu’l-Bahá fyrir göfuglyndi þeirra í yfirlýsingum sem þær báðar hafa látið frá sér fara um hugsjónir bahá’í trúarinnar. Færið þeim okkar bestu óskir og dýpstu þakkir.“ Sir Ronald afhenti Shoghi Effendi svar drottningar og prinsessu þar sem móttaka bréfs hans var staðfest.

Hér fer á eftir uppkast af löngu bréfi, skrifað með rithönd Verndarans til Rúmeníudrottningar. Bréfið hefur sögulegt gildi:

Haifa, Palestínu,
3. desember, 1929

Hennar hátign
Marie ekkjudrottning Rúmeníu
Búkarest

Yðar hátign

Ég hef nýlega fengið fyrir milligöngu kærrar bahá'í systur minnar, ungrú Mörtu Root, eiginhandaráritaða mynd af yðar hátign með látlausum og hjartnæmum boðskap sem yðar hátign hefur þóknast að skrifa. Ég mun varðveita þessa ágætu mynd og fullvissa yður um að Hið helgasta lauf og fjölskylda 'Abdu'l-Bahá deila til fulls ánægju minni yfir að hafa fengið svo einstaklega fallega mynd af drottningu sem vakið hefur ást okkar og aðdáun.

Á undanförnum árum hef ég fylgst af mikilli hluttekningu með ýmsum róstusömum atburðum í yðar elskaða landi sem hljóta að hafa valdið yður miklum sársauka og áhyggjum. En hverjar sem ráðgátur og umskiptin eru sem mæta yðar hátign á þessari jarðnesku vegferð er ég þess fullviss að jafnvel á döprustu stundum yðar hafið þér fengið ríkulega umbun og gleði af því að hafa með sögulegum og lofsamlegum ummælum um bahá'í trúna og síðari vitnisburði um náðuga umhyggju um velferð hennar, fært fjölda trúrra og langþjáðra fylgjenda hennar í Austurlöndum varanlega huggun og styrk. Yðar er sannlega, kæra drottning, staða sem Bahá'u'lláh hefur mælt fyrir um í ríkjunum hið efra og sem jarðneskt vald getur aldrei vænst þess að höndla.

Strax þegar annað bindi af Bahá'í World hefur verið gefið út af amerísku útgáfunefndinni sendi ég þetta síðasta og yfirgripsmikla bindi beint til Búkarest á heimilisfang yðar hátignar og hennar konunglegu hátignar, Ileana prinsessu. Ég mun leyfa mér á árinu sem fer í hönd að senda yður þriðja bindið af þessari sömu útgáfu sem ég treysti að veki áhuga yðar hátignar.

Mætti ég að lokum lýsa aftur innilegu þakklæti mínu og lýsa þeirri gleði sem fjölskylda 'Abdu'l-Bahá og bahá'íar í öllum löndum finna til vegna þeirra öfluglu hvatningar sem hreinskilín og göfug orð yðar hátignar hafa léð framsókn ástkærrar trúar þeirra.

Ef þér, yðar hátign, hugið einhvern tíma á heimsókn til landsins helga býður fjölskyldan og ég yðar hátign og hennar konunglegu hátign Ileana prinsessu hjartanlega velkomnar á heimili 'Abdu'l-Bahá í Haifa og til þeirra staða sem hafa helgast og orðið minnisverðir af hetjulegu lífi og gerðum Bahá'u'lláh og 'Abdu'l-Bahá.

Shoghi

Árið 1930 heimsótti hennar hátign Egyptaland með dóttur sinni Ileana. Shoghi Effendi sem hafði slæma reynslu af ógætilegri blaðaumfjöllun meðan hún var á Kýpur sendi símskeyti til Alexandríu þann 19. febrúar: „Ráðlegg ráðinu ef drottningin kemur til Egyptalands að bjóða hana aðeins velkomna með þakkarkveðju af hálfu bahá'ía. Bréfið ætti að vera stutt og vel orðað. Ekkert því til fyrirstöðu að senda blóm. Einstaklingar forðist algjörlega að senda skeyti. Upplýsið Kairó.“

Í þeirri von að drottningin gæti heimsótt bahá'í helgistaði í Palestínu lét Verndarinn afrita töflu Bahá'u'lláh til ömmu hennar, Viktoríu drottningar, með fínlegri persneskri skrautskrift og lýsa hana í Teheran. Þann 21. febrúar sendi hann símskeyti til Teheran: „Fagurlega lýst tafla Viktoríu drottningar ætti að berast til Haifa ekki síðar en 10. mars á einni eða fleiri síðum.“ Þetta átti að vera gjöf til hennar hátignar. Þegar Verndarinn fékk engar fregnir um fyrirætlanir drottningar eftir að hún kom til Egyptalands sendi hann henni símskeyti 8. mars: „Hennar hátign, Marie ekkjudrottning Rúmeníu um borð í Mayflower, Aswan. Fjölskylda 'Abdu'l-Bahá og ég endurnýjum hjartanlegt boð okkar til yðar hátignar og hennar konunglegu hátignar Ileana prinsessu um að heimsækja heimili 'Abdu'l-Bahá í Haifa. Heimsókn yðar hátignar til grafhýsis Bahá'u'lláh og fangelsisborgarinnar 'Akka mun ekki aðeins hafa sögulega þýðingu heldur einnig verða uppspretta ómælds styrks, gleði og vonar fyrir þá sem þögulir þjást fyrir trúna í Austurlöndum. Kærustu ást okkar, bænir og árnaðaróskir fyrir hamingju og velferð yðar hátignar.“

Þegar Shoghi Effendi fékk ekki svar við þessu skeyti sendi hann annað skeyti 26. mars til drottningarinnar á Hótel Semiramis í Kairó: „Óttast að fyrra bréf mitt og símskeyti hafi misfarist með heimboði mínu og fjölskyldu 'Abdu'l-Bahá til yðar hátignar og hennar konunglegu hátignar Ileana prinsessu. Það er okkur ánægja að endurnýja boðið að það myndi gleðja okkur öll ef yðar hátign sæi sér fært að heimsækja grafhýsi Bahá'u'lláh og 'Abdu'l-Bahá og fangelsisborgina 'Akka. Harma mjög óheimila blaðaumfjöllun.“ Tveimur dögum síðar sendi rúmenski ráðherrann í Kairó símskeyti til Shoghi Effendi: „Hennar hátign harmar að hún getur ekki heimsótt þig þar sem hún ferðast ekki um Palestínu.“

Viðbrögð Verndarans við þessu má sjá í bréfi sem hann skrifaði Mörtu Root 2. apríl 1930: „Ég skrifa þér nú í fullum trúnaði varðandi fyrirhugaða heimsókn drottningar til Haifa. Því miður varð ekki af

henni. Ástæðuna leiði ég algjörlega hjá mér.“ Hann heldur áfram og segir að þrátt fyrir skriflegt heimboð sitt og símskeytin tvö sem hann vitnar í orðrétt, hafi hann aðeins fengið símskeyti frá rúmenska ráðherranum. Hann vitnar einnig til þess orðrétt. Það virðist sem sú óheimila umfjöllun sem Shoghi Effendi nefnir í símskeyti sínu til drottningarinnar hafi verið útbreidd og birst í blöðum í Palestínu, Englandi og Bandaríkjunum. Hann segir í bréfinu til Mörtu: „Blaðamenn sem hringdu til mín frá United Press of America sendu dagblöðum sínum fréttir þar sem orðum mínum var algjörlega snúið við. Þeir afbökðu sannleikann. Ég vildi að við gætum gengið úr skugga um að drottningin fengi að minnsta kosti að vita hvað raunverulega gerðist! En hvernig getum við tryggt að bréf okkar til hennar hátignar berist henni héðan í frá? Ég tel að þú ættir að skrifa henni og útskýra málið í heild sinni og segja henni frá sárum vonbrigðum mínum.“ Hann biður hana um að skoða allt þetta sem algjört trúnaðarmál og segir: „Ég vona að þessi óheppilega þróun mála muni aðeins verða til þess að auka trú og ást drottningarinnar og styrkja ákvörðun hennar um að hefjast handa og útbreiða málstaðinn.“ Verndarinn var augljóslega í öngum sínum vegna þessa leiða atburðar en hann huggar Mörtu: „Vertu ekki hrygg eða leið, kæra Marta. Fræin sem þú hefur sáð af svo mikilli helgun og kostgæfni munu spíra . . .“

Aflýst heimsókn drottningarinnar og dóttur hennar til bahá'í helgistaða sem hún hafði einsett sér að heimsækja olli ekki aðeins Shoghi Effendi sárum vonbrigðum heldur einnig henni sjálfri. Að tjaldabaki hlýtur að hafa átt sér stað raunveruleg barátta milli þessarar hugrökku og sjálfstæðu drottningar og ráðgjafa hennar því eftir langa þögn skrifaði hún með eigin hendi til Mörtu Root og lýsti að minnsta kosti að einhverju leyti því sem hafði gerst. Í bréfi sem dagsett var 28. júní 1931 sagði hún: „Bæði Ileana og ég urðu fyrir sárum vonbrigðum þegar við vorum hindraðar í að fara til hinna helgu grafhýsa og hitta Shoghi Effendi. En á þeim tíma fórum við gegnum alvarlega kreppu og allt sem ég gerði var snúið gegn mér og notað í slæmum pólitískum tilgangi. Þetta olli mér verulegum þjáningum og hefti frelsi mitt illilega. Þeir tímar koma hinsvegar að maður verður að beygja sig undir ofsóknir, hversu hátt sem hjarta manns stefnir en það fyllir mann engu að síður sárri undrun hve illkvittið og auvirðilegt fólk getur verið. Ég þurfti að vernda barnið mitt á þessum tíma; hún var að ganga í gegnum beiska reynslu og þess vegna gat ég ekki risið upp og boðið

heiminum byrginn. En fegurð sannleikans stendur eftir og ég held mér fast við hann gegnum allan hverfuleik lífsins... Það gleður mig að heyra að ferðir þínar hafa borið svo mikinn árangur og ég óska þér áframhaldandi árangurs í vitneskjunni um þann dásamlega boðskap sem þú berð frá einu landi til annars.“ Þetta bréf endar á setningu sem hefur kannski meiri þýðingu fyrir viðhorf hennar og lyndiseinkunn en allt annað: „Ég sendi hér með nokkur orð sem nota má í nýju árbókinni ykkar.“ Þegar Marta fékk þetta bréf sendi hún strax símskeyti til Shoghi Effendi um innihald þess og hann sendi skeyti tilbaka, lýsti gleði sinni og bað hana að senda sér bréfið.

Ég minnst þess að Shoghi Effendi lýsti því nokkrum sinnum fyrir mér hvernig Hið helgasta lauf beið klukkutímum saman eftir því að taka á móti drottningunni og dóttur hennar. Hennar hátign hafði siglt áleiðis til Haifa og fréttirnar um það fengu Shoghi Effendi til að trúa því að hún ætlaði í fyrirhugaða pílagrafmsferð. Tíminn leið og engar fréttir bárust jafnvel eftir að skipið var komið í höfn. Seinna frétti Verndarinn að drottningunni og fylgdarliði hennar hefði verið tilkynnt þegar skipið lagðist að bryggju að heimsókn hennar væri óhyggileg og óheimil. Hún var flutt frá Palestínu til annars Miðausturlands. Ekki að undra þótt hún hafi skrifað til Mörtu að fólk hefði verið „illkvittið og auvirðilegt“.

Hollusta þessa „konunglega trúskiptings“ eins og Shoghi Effendi nefndi hana snertu hann djúpt. Þessa hollustu sýndi hún þrátt fyrir aukna einangrun sína, háan aldur og pólitískar hræringar í Evrópu sem smám saman færðu í kaf svo marga af konungbornum ættingjum hennar. Þann 23. janúar 1934 skrifaði hann henni aftur:

Yðar hátign,

Framúrskarandi viðurkenning sem yðar hátign hefur náðarsamlega skrifað fyrir Bahá'í World hefur snortið mig og ég vil færa yður hjartanlegar þakkir fyrir þennan merkilega vitnisburð um áframhaldandi áhuga yðar hátignar á málstað Bahá'u'lláh.

Ég fann mig til þess knúinn að þýða hann sjálfur og tel víst að ótaldir fylgjendur trúarinnar í austri og vestri muni tvíeflast í stöðugu starfi sínu að stofnun hins Mesta friðar sem Bahá'u'lláh sagði fyrir um.

Með aðstoð ungrú Mörtu Root færi ég yðar hátign að gjöf dýrmætt handrit sem Bahá'u'lláh ritaði með eigin hendi og tryggur fylgjandi hans í Teheran hefur lýst.

Megi það verða tákni um aðdáun mína á þeim anda sem hefur fengið

yðar hátign til að rita af slíku veglyndi um tilfinningar sínar í garð stríðandi og ofsóttar trúar.

Með fullvissu um bæni mínar við fótiskör Bahá'u'lláh fyrir velferð og hamingju yðar hátignar, er ég yðar einlægur,

Shoghi

Shoghi Effendi sendi drottningunni afrit af *Úrvali úr ritum Bahá'u'lláh* sem hann hafði nýlega þýtt og fékk frá henni bréf með innilegustu þökkum. Hún lýkur því með þessum orðum: „Megi hinn mikli Faðir vera með okkur í anda og hjálpa okkur að lifa og hegða okkur eins og við eigum að gera“. Þá skrifaði Shoghi Effendi henni eftirfarandi bréf:

Haifa, 18. febrúar, 1936

Yðar hátign,

Ungfrú Root hefur sent mér upprunalegt eintak af lofsamlegri grein sem yðar hátign ritaði fyrir næstu útgáfu Bahá'í World. Ég er djúpt snortinn og finn til einlægs þakklætis fyrir þennan nýja vitnisburð um áhuga og aðdáun yðar hátignar á bahá'í kenningum.

Bahá'í samfélög um allan heim munu ætíð minnst með stolti og þakklæti þessa fagra, áhrifamikla og sögulega vitnisburðar yðar hátignar—vitnisburðar sem án efa mun mjög innblása og hvetja þá í áframhaldandi starfi þeirra að útbreiðslu málstaðar Bahá'u'lláh.

Það gleður mig mjög að heyra að yðar hátign hafi haft mikið gagn af því að lesa *Úrval úr ritum* og ég tel að starf mitt að þýðingu þessara úrdráttar hafi þannig verið að fullu endurgoldið.

Ég sendi yðar hátign með góðri aðstoð frá McNeill síðustu ljósmyndina sem nýlega barst frá Ameríku og sýnir framkvæmdir við byggingu bahá'í musterisins í Wilmette.

Megi andi Bahá'u'lláh ætíð blessa og viðhalda yðar hátign í göfugri viðleitni yðar við útbreiðslu trúar hans.

Með dýpstu ástúð og þakklæti,

Shoghi

Frú McNeill sem minnst er á í þessu bréfi átti heima í Mazra'ih setrinu í grennd við Akka þar sem Bahá'u'lláh hafði eitt sinn búið. Hún hafði þekkt drottninguna sem barn á Möltu og þegar hún heyrði frá Verndaranum um áhuga drottningar á trúnni sagði hún henni frá sínum eigin áhuga og sögu hússins þar sem hún bjó. Drottningin hafði skrifað henni: „Það var sannarlega gott að heyra frá þér og að hugsa sér að þú búir í grennd við Haifa og sért eins og ég fylgjandi bahá'í kenninganna... húsið þar sem þú býrð... er dýrmætt vegna tengsla

þess við Manninn sem við öll minnumst með lotningu . . .“

Síðasta prentaða viðurkenningargrein hennar hátignar um trúna birtist 1936 tveimur árum áður en hún dó og virðist lýsa vel hvaða þýðingu boðskapur Bahá'u'lláh hafði haft fyrir hana: „Fyrir þá sem leita ljóssins eru bahá'í kenningarnar stjarna sem leiðir til dýpri skilnings, til fullvissu, friðar og góðvilja í garð allra manna.“ Hún hafði áunnið sér eins og Shoghi Effendi skrifar „ófölnandi orðstír . . . í ríki Bahá'u'lláh“ með „djarflegri viðurkenningu á trú Bahá'u'lláh sem Föðurnum—viðurkenningu sem markaði tímamót.“ „Þessi nafnfræga drottning á það sannarlega skilið að verða fyrst í röð þeirra konunglegu stuðningsmanna málstaðar Guðs sem fram munu koma í framtíðinni. Sérhver þeirra er með orðum Bahá'u'lláh sjálfs hylltur sem „*sjálft auga mannkynsins, ljómandi prýði á enni sköpunarinnar, uppspretta blessunar fyrir allan heiminn.*“

Af þessum atburðum sem hófust snemma árs 1926 má ráða að sú alvarlega kreppa sem fylgdi embættistöku Shoghi Effendi sem Verndara trúarinnar leysti eins og jafnan áður úr læðingi þau andlegu öfl sem búa í trúnni og koma til leiðar sigrum á borð við trúskipti fyrstu bahá'í drottningarinnar.

LÖGMÁL LJÓSS OG SKUGGA

Ekki er hægt að fá sanna mynd af lífi Shoghi Effendi nema minnst sé á sáttmálsbrotin. Lögmál ljóss og skugga birtist í náttúrunni og mannkynssögunni, þar sem andstæðurnar vegast á og skerpa hvor aðra; sólarljósið skapar skuggann; lampinn gerir slíkt hið sama; því bjartara sem ljósið er þeim mun dekkri er skugginn; illska mannsins skerpir sýnina á hið góða; göfgi og mikilleiki hins góða undirstrikar hið illa. Allt líf Verndarans var plagað af metnaði, flónsku, öfund og hatri einstaklinga sem risu gegn málstaðnum og leiðtoga hans. Þeir héldu að þeir gætu grafið undan trúnni eða komið óorði á Verndara hennar og sjálfir orðið leiðtogar klofningshópa, unnið átrúendurnar á sitt band og fengið þá til að fallast á sína túlkun á kenningum málstaðarins og sínar aðferðir við stjórn hans. Engum tókst þetta nokkru sinni en afvegaleiddir einstaklingar hættu aldrei að reyna, hver á fætur öðrum. Forsprakkarnir leiddu flónin afvega, hinir brottreknun reyndu að spilla hinum trúföstu.

Eftir að lyklarnir að grafhýsi Bahá'u'lláh voru teknir af þeim sem rufu sáttmálann á dögum 'Abdu'l-Bahá, sveikst Faeg í Egyptalandi undan merkjum á fyrstu embættisárum Shoghi Effendi. Hann stofnaði „Vísindasamfélagið“ sem sett var til höfuðs stjórnskipuninni sem Shoghi Effendi var að móta. Eftir að hafa lesið í erfðaskrá 'Abdu'l-Bahá um fordæmingu gömlu sáttmálsbrjótanna var Shoghi Effendi undir slíkar árásir búinn. En það var honum áfall og olli þungum áhyggjum þegar andstaða og illvirki sáttmálsbrjóta gerðu skyndilega vart við sig á svo óvæntum stað. Ég gleymi því aldrei hvernig hann leit út þegar hann kallaði á mig og móður mína til svefnherbergis síns árið 1923. Við stóðum við rúmið þar sem hann lá í öngum sínum, með stóra svarta bauga undir augunum. Hann sagði okkur að hann þyldi þetta ekki og ætlaði að fara burt. Það hlýtur að hafa verið skelfilegt fyrir svo ungan mann að verða skotsþónn í svo mörgum árásum og uppgötva að honum hafði verið fengið vald til að beita rétti sínum og skyldu



BALLIOL COLLEGE, OXFORD

Á námsárum sínum var Shoghi Effendi tíður gestur í þessum byggingum.



FÉLAGSHERBERGI YNGRI NÁMSMANNA Í BALLIOL COLLEGE 1920

Shoghi Effendi stendur fyrir miðju ásamt nokkrum bekkjarfélögum.

(Myndin er tekin úr stærri ljósmynd)



SHOGHI EFFENDI MEÐ DR. J.E. ESSLEMONT
Myndin er tekin í heimsókn Shoghi Effendi á heilsuhæli
dr. Esslemonts í Englandi. Þeir voru nánir vinir.



SAMKOMA Í MANCHESTER, ENGLANDI

Shoghi Effendi (þriðji frá vinstri í næstfremstu röð) fór oft í heimsókn til bahá'íanna í Manchester meðan hann var við nám í Oxford.



FRAMTÍÐARLEIÐTOGI TRÚARINNAR

Eiginleikar leiðtogans birtust í fari Shoghi Effendi
meðan hann enn var við nám.



HANN TÓK BYRÐAR 'ABDU'L-BAHÁ Í ARF
Shoghi Effendi 22 ára gamall.



SHOGHI EFFENDI Í UPPHAFI ANNARS ÁRATUGARINS



FYRSTA FLUGIÐ?

Shoghi Effendi hafði mikla trú á flugferðum strax í byrjun annars áratugarins.

til þess að útskúfa hinum brotlegu, vernda trúna og gæta hjarðarinnar fyrir úlfunum sem sveimuðu í kringum hana.

Sáttnálsbrot fengu alltaf svo mjög á Shoghi Effendi að hann varð veikur. Það var eins og hann líkamnaði málstaðinn á einhvern leyndardómsfullan hátt og sérhver árás á líkamann hefði áhrif á Shoghi Effendi sem var hjarta hans. Árið 1930 náðu árásir sérlega fáviss amerísks átrúanda hámarki, en hún hélt því fram að erfðaskrá 'Abdu'l-Bahá væri fölsuð. Shoghi Effendi skrifaði eftirfarandi til Tudor Pole: „Ekki einu sinni hörðustu og einbeittustu andstæðingar trúarinnar í Austurlöndum sem hafa dregið í efa sjálfan grundvöllinn í boðskap Bahá'u'lláh... hafa gefið í skyn þann möguleika að erfðaskráin sé fölsuð. Þeir hafa ráðist harkalega á fyrirmæli hennar en aldrei dregið í efa að hún sé ósvikin. Ég tel að því meiri umfjöllun sem þetta mikilvæga málefni fær, þeim mun betra fyrir málstaðinn jafnvel þótt einhver ríkisstjórn blandist í málið.“ Hann hélt áfram og sagði: „Ég finn til vorkunnsemi fremur en ótta vegna tilrauna frú White... hún vekur máls á mjög mikilvægu málefni sem snertir heiður trúarinnar og hlýtur fyrir eða síðar að krefjast staðfestingar... Ég er sannfærður að það uppnám sem hún kann að skapa muni ekki skaða trúna heldur verða henni til heilla.“ Hann sagði líka „að ekki léki nokkur minnsti vafi á því að erfðaskráin væri ósvikin.“ Langvarandi og umfangsmiklar ráðagerðir frú White náðu jafnvel til póstmestara Bandaríkjanna. Hún skrifaði honum og bað hann að banna ameríska þjóðarráðinu að nota bandarísku pósthjónustuna „til að útbreiða þau ósannindi að Shoghi Effendi væri arftaki 'Abdu'l-Bahá og Verndari bahá'í málstaðarins“. Hún mæltist einnig til þess við borgaraleg yfirvöld í Palestínu að þau hæfu málsókn til að lýsa erfðaskrána falsaða. Þeirri beiðni var hafnað í styttingi. Verk hennar ollu Shoghi Effendi þarflausum áhyggjum og útheimti aukna árvekni og vinnu á sama tíma og hann var ofhlaðinn og „á kafi í endalausum önnum“. Það eina sem frú White tókst að gera var að þyrlla upp tilgangslausu moldviðri um tíma. Þegar áróðursstarfsemi hennar stóð sem hæst skrifað breska þjóðarráðið til þýsku bahá'í samfélaganna með tilstyrk þjóðarráðs þeirra og fullvissaði þá um að breskir bahá'íar stæðu trúfastir að baki stjórnskipun Verndarans. Samt sem áður snerist Herrigel, einn af stofnendum þýska samfélagsins, gegn trúnni og stjórn Verndarans og yfirgaf trúna.

Áhugaverður eftirleikur þessa máls var að eiginmaður frú White sendi Shoghi Effendi símskeyti 1941 þess efnis að hann væri „sárhyggur

og iðrandi og sárþændi um fyrirgefningu . . .“ Svo virðist sem hann hafi aldrei verið sammála konu sinni. Shoghi Effendi skrifaði honum og opnaði fyrir hann endurkomuleið en jafnvel þó svo langt væri um liðið reyndist honum ómögulegt að slíta sig frá ógnvekjandi og iðrunarlausri konu sinni þannig að breyting á hugarfari hans breytti engu um stöðu hans.

Avarih var velþekktur persneskur kennari sem Shoghi Effendi hafði sent til Evrópu eftir andlát Meistarans til að stuðla að staðfestu átrúendanna. Hann neyddist síðar til að kalla Avarih „ósvífinn trúniðing“ eftir að hann yfirgaf málstaðinn og byrjaði að skrifa bækur gegn trúnni (og hélt því áfram árum saman) þar sem hann réðist með svívirðilegu orðbragði ekki aðeins á Verndarann heldur einnig Meistarann og Bahá'u'lláh sjálfan. Það er eftirtektarvert að eiginkona hans, ólíkt því sem gerðist með eiginmann frú White, sleit öllu sambandi við hann og hélt áfram sem trúfastur og mikilsvirtur bahá'í í krafti hugrekksis síns.

Ahmad Sohrab, sem var nátengdur Meistarannum, hafði þjónað sem ritari hans og notið þeirra forréttinda að vera með honum á ferðum hans í Bandaríkjunum og Kanada, bólgnaði upp af drambi og metnaði, stofnaði „Nýja sögufélagið“ og varð af verkum sínum smám saman viðskila við bahá'í systkini sín. Ekki síst réð þar úrslitum sú venja hans að vitna til orða Bahá'u'lláh og 'Abdu'l-Bahá í almennum fyrirlestrum sínum eins og þau kæmu frá honum sjálfum. Það væri hægðarleikur að skrifa bók um liðhlaup þessa eina manns og vitna til aragrúa símskeyta og bréfa sem Verndarinn sendi í tilraunum sínum til að bjarga honum frá sínum eigin gerðum og síðar afhjúpa hann og vernda ameríska bahá'í samfélagið gegn rangfærslum hans, hreinum lygum og tilraunum hans til að grafa undan stjórnskipulaginu. Aftur vekur það athygli að eiginkona hans og dóttir, báðar bahá'íar, slitu öll tengsl við hann. Hegðun hans var þeim slík auðmýking og andstyggð að þær breyttu eftirnafni sínu.

Um slíkar kreppur í lífi sínu skrifaði Shoghi Effendi eftirfarandi orð: „Við ættum einnig að líta á sérhvern storm slíkra illvirkja sem blessun í dulargervi. Þannig ráðast þeir sem svíkjast undan merkjum málstaðarins öðru hvoru á trúna eða þykjast vera talsmenn hennar. Í stað þess að grafa undan trúnni styrkja slíkar árásir, sem koma bæði að innan og utan, grundvöll hennar, efla styrk hennar og grunnstoðir. Þeim er ætlað að myrkva ljóma hennar en kunngera í staðinn öllum heimi upphafið eðli kenninga hennar, fullkomna einingu hennar, einstæða stöðu og gagntæk áhrif.“

Frásaga af liðhlaupum sem þessum segir ekki alla söguna um hvað sáttmálsbrotnin táknuðu í embættistíð Shoghi Effendi. Til að gera sér grein fyrir því verðum við að skilja gömlu söguna um Kain og Abel, söguna um fjölskylduafbrýði og öfund sem er eins og dimmur þráður í vef sögunnar, gengur aftur á öllum tímaskeiðum hennar og greina má í öllum atburðum hennar. Allt frá því að Mírzá Yahyá, yngri bróðir Bahá'u'lláh snerist gegn honum, smaug inn í trúna til frambúðar eitur sáttmálsbrota sem felast í andstöðu við Miðju sáttmálans. Það er erfitt fyrir þá sem hvorki þekkja þennan sjúkdóm af eigin reynslu né leiða hugann að honum að skilja eyðingaraflið sem hann býr yfir. Allir meðlimir fjölskyldu Bahá'u'lláh ólust upp í skugga sáttmálsbrota. Stormarnir, aðskilnaðurinn, sættirnar, hinn endanlegi aðskilnaður og vinslitin sem eiga sér stað þegar náinn, virtur og oft á tíðum kær ættingi er að deyja andlega af andlegum sjúkdómi—allt er þetta fullkomlega óskiljanlegt þeim sem ekki hafa reynt það. Veiklyndi mannhjartans sem festir sig svo oft við lítilmótlega hluti, veiklyndi mannshugarins sem hneigist til hégómlegs drambs og sjálfupphafningar í persónulegum skoðunum flækir fólk í tilfinningaróti sem villir um og blindar dómgreind þess. Í Austurlöndum þar sem fjölskylduböndin eru ennþá mjög sterk halda meðlimirnir hver í annan af miklu meiri tilfinningahita en á Vesturlöndum. Hvað sem Yahya hafði gert vottaði alltaf fyrir þeirri tilfinningu innan fjölskyldunnar að hann hefði að einhverju leyti haft rétt fyrir sér; ekki var öll réttlætiskennd í fjölskyldumálum endilega hliðholl Bahá'u'lláh. Það er auðskilið að hafi minnsti vottur af slíku viðhorfi verið ríkjandi í fjölskyldu Bahá'u'lláh sjálfs hafa börnin ekki verið alin upp til að sjá sáttmálsbrot í réttu ljósi. Meinið var þá til staðar, hin hættulegasta allra efasemda um að þegar allt kæmi til alls væri Hin fullkomni ekki fullkominn undir öllum kringumstæðum heldur mætti draga dóma hans yfir öðrum örlítið í efa. Þegar þessi efi kemur upp er sýkillinn til staðar í kerfi manns, liggur þar kannski í dvala um alla eilífd, en blossom ef til vill upp og verður að sjúkdómi. Mér hefur alltaf virst að klofningurinn sem varð í fjölskyldu Bahá'u'lláh eftir uppstigningu hans og áframhaldandi óvild í garð Shoghi Effendi tveimur kynslóðum síðar innan allrar fjölskyldu 'Abdu'l-Bahá eigi upptök sín í viðhorfi sem skapaðist í Bagdað jafnvel áður en Bahá'u'lláh kunngerði köllun sína og ætlunarverk. Rótin var þar, hinn eitraði ávöxtur sem var uppskorinn áttatíu árum síðar.

Trú og hlýðni eru mikilvægustu þættirnir í tengslum mannsins við Guð, við opinberanda hans og leiðtoga trúarinnar. Maður verður að trúa jafnvel þótt maður sjái ekki—og jafnvel þótt maður trúi ekki verður maður að hlýða. Sáttmálsbrotin innan fjölskyldu Bahá'u'lláh voru eins og vafningsviður sem læsir sig um tréð og kyrkir það; hvar sem klifurþræðirnir náðu slitu þeir upp það sem þeir höfðu vafið sig um og eyðilögðu það líka. Það er þess vegna sem svo margir af minniháttar ættingjum, riturum og meðlimum samfélagsins sem voru návistum við Miðju málstaðarins urðu þátttakendur í reglubundinni andstöðu og fjandskap ýmissa meðlima fjölskyldunnar og í hvert sinn sem einhver þessara syktu meðlima var skorinn frá fylgdu honum nokkrir blindaðir áhangendur.

Þetta virðist einfalt á pappírnum. En þegar hjartaskerandi uppnám og geðshræring ríkir á heimilinu ár eftir ár og það er skekið af átökum sem skilja mann eftir dofinn, farinn á taugum, með allar tilfinningar í uppnámi, þá er það ekki einfalt heldur í raun og veru hreint helvíti. Langur aðdragandi er að innlagningu sjúklingsins; tilraunir eru gerðar til að lina sjúkdóminn, vonin lifir um sjúklingurinn hjarni við og nái sér aftur; hann leggst á skurðarborðið og fjarlægja á sýkinguna. Þannig er þetta einnig með sáttmálsbrot; meinsins verður vart og í kjölfarið koma viðvaranir, fortölur, og ráðleggingar. Sjúklingurinn virðist ná einhverjum bata en síðan elnar sóttin og verður verri en áður; aðstæðurnar verða krampakenndar—iðrun, fyrirgefning í kjölfarið—og síðan endurtekur allt sig, hið sama gerist aftur og er verra en áður. Þetta er það sem gerðist með óendanlegum tilbrigðum í lífi Bahá'u'lláh, 'Abdu'l-Bahá og Shoghi Effendi.

Allt heyrir þetta sögunni til núna og það er vita gagnslaust að rifja upp hvert tilfelli fyrir sig. En ég tel að eitt verði að vera fullkomlega skýrt. Þar sem við venjulegir menn bregðumst við á ákveðinn hátt, bregðast þessar einstæðu mannverur við á gjörólíkan hátt. Í slíkum málum eru þeir—hversu mikill sem munurinn er á innbyrðis stöðu þeirra—fullkomlega frábrugðnir okkur. Ég undraðist oft á fyrstu árum mínum með Verndaranum hversvegna hann komst í svo mikið uppnám þegar þessir atburðir gerðust, hversvegna hann brást við á svo ofsafenginn hátt, hversvegna hann lagðist rúmfastur þegar vitnaðist um sáttmálsbrot. Smám saman skildi ég að þessar mannverur, sem eru svo ólíkar okkur, hafa einskonar leyndardómsfullar vogarskálar innbyggðar í sál sína. Ósjálfrátt skynja þeir andlegt ástand annarra,

líkt og þegar vogarskál sígur vegna ójafnvægis sem myndast um leið og eitthvað er sett á hana. Við bahá'íar erum hver um sig eins og fiskar í hafi málstaðarins. Sérhver aðskotahlutur í úthafinu sem þessar mannverur eru í eðli sínu fullkominn hluti af veldur þessum ósjálfráðu viðbrögðum; hafið skolar hinu dauða og líflausa á land.

Shoghi Effendi neyddist oft til að tilkynna opinberlega andlegt fráfall ekki aðeins velþekktra bahá'ía heldur meðlima í fjölskyldu 'Abdu'l-Bahá sjálfs og vísa til hinna síðarnefndu sem „þeirra sem hafa aðskilið sig hinu helga tré með verkum sínum og hafa fyrirgert heilögum fæðingarrétti sínum.“ Hjarta hans, sagði hann, var þjakað af „endurteknum liðhlaupum“ hinna „óverðugu skyldmenna“ Meistarans elskaða. Hann gerði ljóst að þessi liðhlaup væru „hreinsunarferli sem órannsakanleg víska beitir öðru hvoru til að losa líkami útvalinna fylgjenda sinna við saurgun hinna óæskilegu og óverðugu...“ Shoghi Effendi benti á að þeir sem væru trúnni óvinveittir litu alltaf á þetta hreinsunarferli sem einkenni um yfirvofandi klofning sem þeir vonuðust til að myndi ríða trúnni að fullu. En slíkt hefur aldrei gerst.

Sáttmálsbrot sem fyrirbrigði virðast fylgja trúarbrögðunum en það þýðir þó ekki að málstaðurinn sleppi óskaddaður frá slíkum brotum. Þvert á móti. Shoghi Effendi sendi bahá'íum símskeyti eftir andlát eins af ættingjum sínum: „Aðeins tíminn getur leitt í ljós umfang þeirrar eyðileggingar sem þessi vírus, sem kom inn í fjölskyldu 'Abdu'l-Bahá og lá þar í dvala í tvo áratugi, hefur valdið.“ Miklu tjóni hefði verið hægt að afstýra með öflugra átaki og hollustu af hálfu einstaklinga. En sáttmálsbrotin ollu fyrst og fremst sjálfri Miðju sáttmálans miklum þjáningum. Allt líf Shoghi Effendi var myrkvað af grimmilegum árásum á hann persónulega. Ég er sjálf þess fullviss að ástæðan fyrir því að heilsu Verndarans hrakaði svo mjög að hann lést árið 1957 var það óbærilega álag á hjarta hans sem látlaus barátta við röð sáttmálsbrjóta í 36 ár hafði verið. Við þetta má bæta að það var andlát mágs hans, eiginmanns systur hans, sem var ástæðan fyrir áðurnefndu símskeyti og þar getum við séð votta fyrir því sem Shoghi Effendi þurfti að ganga í gegnum aftur og aftur á ferli sínum sem Verndari málstaðarins.

Eitt sinn sendi hann símskeyti til átrúanda sem stóð honum nær og sem hann frétti að hefði orðið fyrir hraklegri meðferð af hálfu náins ættingja síns: „Hjarta mitt fyllist samúð vegna þjáninganna sem þú þolir með slíkri hugþýði. Ég hefði haft samband strax hefði ég vitað. Bæði

þú og ég höfum smakkað bikar vonbrigða vegna framkomu nánustu skyldmenna. Mér finnst ég standa þér nær í vitund um sorgir þínar og minnst framúrskarandi og óþreytandi þjónustu þinnar. Innilegar bænir í helgum grafhýsum. Með dýpstu ást.“

Kannski geta þessi orð í dagbók minni lýst áhrifum sáttmálsbrotanna ennþá betur. Þau voru skrifuð á milli 1940 og 1945 undir áhrifum af því sem ég sá Shoghi Effendi ganga í gegnum í langri og kremjandi kreppu sem svipti hann ættingjum hans:

„Hann heldur áfram eins og maður í blindhríð sem getur stundum ekki einu sinni opnað augu í kófinu.“ „Hann er eins og maður sem húðin hefur verið flegin af... það er kraftaverk að hann skuli geta haldið áfram.“ „Ég er viss um að allt mun breytast. En sú tilhugsun að fá aldrei, aldrei að sjá Shoghi Effendi eins og hann var! Ég held ekki að neitt í þessum heimi geti nokkru sinni grætt þau sár sem hann hefur hlotið á þessum síðustu árum! Tíminn er mikill græðari en hann getur ekki fjarlægt ör.“ „Það virðist sem allt hafi brotnað og verði ekki bætt.“

Enginn vafi er á því að þessar endurteknu kreppur höfðu mjög truflandi áhrif á starf hans fyrir málstaðinn. Strax árið 1926 skrifaði hann hálfvolgum átrúenda sem síðar varð fyrirlitlegur sáttmálsbrjótur: „Þú veist að ég er ekki og hef aldrei verið tilfinningasamur maður. Mig þyrstir í að starfa og hugsanir mínar beinast að því að ljúka mikilvægum verkefnum ef kringumstæðurnar leyfa það og ég er laus við árásir sem koma að innan og utan.“

Polinmæði Shoghi Effendi andspænis þessum skelfilegu aðstæðum sem komu upp í hans eigin fjölskyldu má marka af þeirri staðreynd að í eitt sinn beið hann í átta mánuði með að senda símskeyti þar sem bróður hans var útskúfað sem sáttmálsbrjótí. Á meðan reyndi hann án árangurs að tala um fyrir honum og komast hjá því að senda út boð sem ollu honum svo miklum sársauka.

Svo hörmuleg eru áhrif sáttmálsbrota á málstaðinn að eitt af síðustu verkum Shoghi Effendi var að tilkynna Höndum málstaðarins að þeir ættu að skipa annan hóp aðstoðarráðgjafa sem hefði það að markmiði að vernda trúna.

PERSÓNULEIKI SHOGHI EFFENDI

Shoghi Effendi var strangur í öllu sem sneri að vernd trúarinnar en hann gat líka verið ljúfur og góður. Innst inni var hann afar blíðlynd persóna og þegar hann fékk ró og næði kom eðlislæg gæska hans og blíða fram, ekki aðeins í samskiptum hans við þá sem hann umgekkst daglega heldur einnig með ýmsum hætti gagnvart átrúendum. Um þetta má finna fjölmörg dæmi í skeytum hans og orðsendingum. Þegar hörmungar riðu yfir land þar sem bahá'íar bjuggu sendi hann oft og iðulega fyrirspurnir sem þessa: „Látið vita um öryggi vinanna. Áhyggjufullur vegna fregna um jarðskjálfta í Persíu og Turkistan“. Í kjölfarið barst oft fjárhagsaðstoð fyrir þá sem höfðu brýna þörf fyrir hana. Þegar amerískur bahá'í fékk mænu sótt í Persíu og var á leið með konu sinni til Bandaríkjanna sendi Shoghi Effendi símskeyti til Beirut, Alexandríu og New York og það um að tekið væri á móti skipinu sem hjónin voru á og þeim veitt öll sú aðstoð sem þau þyrftu á að halda. Verndarinn sendi sjö símskeyti á skömmum tíma vegna bahá'ía sem hafði lent í ýmsum erfiðleikum við að komast til Haifa og fara heim aftur eftir að pílagrímsferðinni lauk. Nákvæmni hans og nærgætni í slíkum tilvikum kemur vel fram í þessu símskeyti sem hann sendi til Egyptalands: „Dewing, bahá'í frá Nýja Sjálandi, kemur í kvöld í einn dag til Kairó. Vil að tekið verði á móti honum á stöðinni. Hann er með hjálm. Ef þið missið af honum hittið hann í fyrramálið á skrifstofu Cooks kl. 9. Sýnið honum mikla gæsku.“ Við annað tækifæri sendi Shoghi Effendi símskeyti vegna bahá'ía sem af einhverjum ástæðum hafði ekki tekist að lenda í Haifa og það viðtakandann að „hughreysta hann fyrir mína hönd“. Þegar hann fékk símskeyti frá eiginmanni um að kona hans „væri í miklu uppnámi, finnst hún hafa glatað ást þinni, skeyti myndi róa hana,“ sendi Shoghi Effendi strax skeyti: „Fullvissaðu . . . einlæga ást og traust.“ Til átrúenda á Austurlöndum nær sem átti ættingja í Palestínu sendi hann skeyti: „Hjartanlega velkominn, ráðlegg þér að koma með börnin til að svala þrá ömmu

þeirra eftir að sjá þau.“ Í símskeyti til þekktis nýs átrúanda segir: „Sendu prinsessunni hjartans kveðju mína. Megi Bahá’u’lláh halda henni í almáttugum örmum sínum.“

Dagmar Dole, ein hinna trúföstu brautryðjenda, andaðist og var jarðsett í Sviss. Ég man hversu undrandi og djúpt snortin ég varð eitt sinn þegar ég hafði legið rúmföst í nokkra daga og Shoghi Effendi kom til mín. Hann sagðist hafa farið að legstað hennar en þangað var stutt lestarferð frá þeim stað sem við dvöldumst.

Stundum fannst honum hann þurfa að blanda sér milliliðalaust í áætlanir bahá’íanna fyrir utan þá uppörvun og almennu fyrirmæli sem hann yfirleitt gaf þeim. Sautján ára drengur vildi brautryðja til Suður Ameríku í fyrstu sjö ára áætluninni en var ráðlagt að bíða þangað til hann yrði eldri og væri lengra kominn í námi. Shoghi Effendi sendi ameríska þjóðarráðinu símskeyti, það það um að taka málið upp aftur og leyfa honum að fara. Shoghi Effendi minnst með stolti á viðbrögð unga mannsins við þörfinni fyrir brautryðjendur. Gömul kona og farlama vildi fara til Norður Afríku sem brautryðjandi. Shoghi Effendi hvatti hana til þess og staðurinn þar sem Ella Bailey andaðist er merktur með gullstjörnu á einu kortinu hans! Ég man eftir pílagrími sem sagði Shoghi Effendi eitt sinn við borðhald að hún hefði fengið samþykki eiginmanns síns til brautruðnings þeirra hjóna. Hún spurði Shoghi Effendi hvort hann hefði einhverja tillögu um hvert þau ættu að fara? Shoghi Effendi svaraði að bragði „Afríku.“ „Á einhvern sérstakan stað í Afríku?“ spurði hún. „Suður Afríku“ svaraði hann. Henni varð dálítið hverft við þessi skjótu svör og spurði „Einhverja sérstaka borg?“ „Jóhannesarborg“ svaraði hann. Þannig voru forlög hennar og fjölskyldu hennar innsiglið í fjórum orðum.

Stundum sýndu átrúendurnir slíkan baráttuanda að Shoghi Effendi breytti sínum eigin fyrirmælum. Dæmi um þetta er Marion Jack, sem ‘Abdu’l-Bahá kallaði „Jack hershöfðingja“ og Verndarinn nefndi „ódaudlega hetju“ og skínandi fordæmi fyrir brautryðjendur í austri og vestri í nútíð og framtíð. Hann sagði að enginn hefði tekið henni fram í „staðfestu, hollustu, sjálfsafneitan, og óttaleysi“ nema hin „óviðjafnanlega Martha Root“. Jackie – eins og hún var oftast kölluð – átti heima í Sofíu, höfuðborg Búlgaríu. Þegar styrjöldin braust út hafði Shoghi Effendi áhyggjur af henni vegna hættunnar sem steðjaði að henni og sendi eftirfarandi skeyti: „Ráðlegg þér að fara aftur til Kanada ef þú hefur til þess fjárhagslegt bolmagn“. Hún svaraði „... hvað um

Sviss?“ en fullvissaði hann samt um að hún myndi fara í hvívetna að fyrirmælum hans. Shoghi Effendi svaraði þessu þannig í skeyti: „Samþykki Sviss“. Hún vildi samt ekki yfirgefa brautryðjendastað sinn og bað um leyfi til þess að vera áfram í Búlgaríu. Verndarinn svaraði: „Ráðlegg þér að vera áfram í Sofíu, ástarkveðjur.“

Það er mikill leyndardómur fólginnt í hinum ýmsu stigum þjónustu. Shoghi Effendi ráðlagði vinunum alltaf að vera hófsamir og skynsamir þegar þeir tækju ákvarðanir. En ef þeir gerðu það ekki og risu til hæða hetjuskapar og sjálfsfórnar fylltist hann miklu stolti. Þegar allt kemur til alls er engin skynsemi eða hófsemd í píslarvætti – samt er það dýrð trúar okkar að fyrsti opinberandi okkar dó píslarvættisdaða og tuttugu þúsund manns fetuðu í fótspor hans. Ég hef reynt að skilja þennan leyndardóm hófsemdar annarsvegar og eftirfarandi ummæli Bahá'u'lláh um fórnina í Huldum orðum hinsvegar: „... skrifa þá með blekinu fagurraða sem úthellt hefur verið á vegi mínum. Ljúfara er mér það að sönnu en allt annað...“ Mér virðist að besta dæmið sé flugvél: þegar hún er á jörðinni er hún á jarðnesku sviði og fer sína leið eftir sinni jarðnesku braut, en þegar hún hefur sig á loft, læsir hjólunum og heldur sína leið á miklum hraða er hún á himnesku sviði og gildi hennar breytast. Þegar við erum á jörðinni fáum við staðgóðar jarðneskar ráðleggingar en ef við viljum yfirgefa jörðina og hefja okkur upp í ríki æðri þjónustu og fórnar gilda ekki lengur slík hollræði. Við ávinnum okkur ódaðlega frægð og verðum hetjur málstaðar Guðs.

Shoghi Effendi kannaði allt vandlega sem fyrir augu hans bar – einstaklinga, hluti, landsvæði – og notaði allt sem hann taldi að gæti komið að gagni fyrir trúna. Þótt hann ynni yfirleitt með aðstoð ráða og nefnda vann hann einnig milliliðalaust með tilstyrk einstaklinga. Dæmi um þetta er Victoria Bedekian, þekkt sem „Victoria frænka.“ Árum saman skrifaði hún bréf til átrúenda um allan heim og Verndarinn hvatti hana í þessu starfi og sagði henni jafnvel á hvað hún ætti að leggja áherslu í bréfum sínum.

Hann var ekki smámunasamur þegar í hlut áttu heimildarmenn og upplýsingar. Þar á ég við að hann hafi ekki alltaf beðið þangað til að opinberlega staðfestar upplýsingar bárust um nýja brautryðjendur eða hann fékk aðrar góðar fréttir í einkabréfi eða með pílagrími heldur birti hann þessar uppörvandi upplýsingar í skeytum sínum. Þetta svigrúm sem Shoghi Effendi gaf sér til aðgerða þýddi að allt starf trúarinnar varð mun hraðara en ef hann hefði farið öðruvísi að. Eins og allir miklir

leiðtogar hafði hann til að bera eiginleika góðs fjölmiðlamanns sem gerir sér fulla grein fyrir mikilvægi þess að flytja fréttir hratt og vel, að hraðinn hefur áhrif í sjálfu sér og örvar ímyndunaraflið. Þessi venja hans ætti samt ekki að villa um fyrir okkur og fá okkur til að halda að hann hafi ekki verið einstaklega nákvæmur og samviskusamur. Sú nákvæmni og vandvirkni sem hann beitti við tölfræðilegar samantektir og leit að sögulegum staðreyndum og vinnu við öll minnstu smáatriði korta og áætlana, var undraverð.

Verndarinn var ekki í persónulegum tengslum við marga átrúendur að öðru leyti en því sem ástúð hans og góðvild gagnvart öllum átrúendunum, sem voru raunverulega verðir þess að kallast bahá'íar, bar vitni um. Eitt sinn þegar Shoghi Effendi hafði verið veikur sendi Philip Sprague honum símskeyti lýsti áhyggjum sínum af veikindum hans og endaði skeytið á þessum orðum: „með hjartað fullt af ást.“ Shoghi Effendi sendi skeyti til baka: „Hef náð mér. Mikil ást þín fyllilega endurgoldin.“ Hann fékk oft tækifæri til að senda skeyti til dr. Giachery, umboðsmanns síns á Ítalíu, vegna ýmissa hluta sem Heimsmiðstöðina vanhagaði um. Mörg þessara símskeyta voru í þessum dúr: „Vinsamlega pantaðu 24 ljósastólpa til viðbótar í sama stíl og þeir sem búið er að panta, ást.“ Slík símskeyti frá Verndaranum voru alls ekki algeng.

En til var önnur hlið á þessum skeytum hans. Sum voru mjög ástúðleg og flest hefðbundin í eðli sínu en önnur gátu verið sérlega hvöss. Til eru mörg símskeyti til þjóðarráða eins og eftirfarandi sem hann sendi til Ameríku 1923: „Vænti þess að þið sendið tíðar og ítarlegar skýrslur . . .“. Hann sendi mörg önnur skeyti til ýmissa aðila með miklu sterkari orðalagi eins og sjá má af þessum dæmum: „Varastu að ganga gegn óskum mínum“, „Vara þig aftur við“, „Varastu vanrækslu“, og svo framvegis. Ekki er hægt að finna orðmörg eða óljós skeyti. „Sendu með systur 10 Corona borða svarta“ stendur í skeyti til bróður hans í Beirut. Til fyrsta bahá'íans sem bað um leyfi til að koma til Haifa eftir stríð þegar aftur var opnað fyrir pílagrímsferðir sendi Shoghi Effendi símskeyti þar sem hann sagði einfaldlega: „Velkominn“.

Allt lífsstarf Verndarans, hugur hans og tilfinningar, viðbrögð hans og fyrirmæli, endurspeglast í smækkaðri mynd í símskeytum hans. Oft voru þau persónulegri, beinskeyttari og meira afhjúpanði en þær þúsundir bréfa sem hann skrifaði til einstaklinga vegna þess að í þeim bréfum hans fjallar ritari hans venjulega um smáatriði. Orðin voru ekki Verndarans heldur ritarans en bréfin fluttu viðtakendum yfirleitt

fullvissu um bætur hans, uppörvun og ummæli um almennar meginreglur.

Eins og afi hans og langafi hafði Shoghi Effendi dásamlega kímningáfu og hún kom alltaf í ljós þegar hann fékk tækifæri til að gleðjast eða njóta örlítillar friðarstundar. Augu hans nánast dönsuðu af kátínu, hann hló með sjálfum sér og rak stundum upp skellihlátur. Við ungan pílagrím sem hafði orðað áhuga sinn á að kvænast sagði Shoghi Effendi: „Bíddu ekki of lengi og ekki búast við að einhver detti af himnum ofan!“ Í símskeyti til ungra ættingja í Beirut 1923 segir hann, „Hvenær ætla þessir tveir óstýrilátu ritara mínir að hætta í læknismeðferðinni. Sendið símskeyti.“ Hann hafði gaman af að stríða þeim í fjölskyldunni sem hann þekkti vel. Oft var ég fórnarlambið. Hann vissi að ég myndi trúa öllu sem hann sagði. Þetta notfærði hann sér og naut þess að hrella mig. Ég man til dæmis að meðan á stríðinu stóð kom ég inn í herbergið hans og sá að hann var alvörugfinn og mikill uggur í augum hans. Ég varð strax áhyggjufull. Hann sagði að hræðilegur atburður hefði gerst. Ég varð auðvitað enn áhyggjufyllri og spurði hvað hefði gerst. Hann svaraði með miklum alvörubunga að Churchill væri dáinn. Þetta var á mestu hættutímum styrjaldarinnar. Ég komst í mikið uppnám yfir þessum fréttum og spurði örvæntingarfull hvernig myndi núna fara fyrir bandamönnum þegar hinn miklu leiðtogi þeirra væri látinn o.s.frv. Shoghi Effendi stóðst mátið eins lengi og hann gat en fór síðan að skellihlæja! Þannig hrellti hann mig iðulega því honum fannst ég auðveld bráð—en smám saman dró úr trúgírni minni og eftir tuttugu ár sagði hann að það væri orðið býsna erfitt að gabba mig. Stundum reyndi ég af veikum mætti að leika þennan leik við hann en hafði ekki sama sannfæringarmátt og mér tókst nánast aldrei að leika á hann.

Annarsvegar var hann svo tígulegur, hinsvegar svo fullur trausts, saklaus í hjarta og ungur í anda—þannig var Verndarinn okkar! Þegar Shoghi Effendi vissi að ég gat málað lítilsháttar bað hann mig um að lita ýmislegt fyrir sig. Eitt af því var kort sem sýndi landareignir bahá'í samfélagsins á Karmel-fjalli. Dag nokkurn var ég að lita nokkur nýkeypt svæði og Shoghi Effendi sagði mér að nota ljósari lit. Ég spurði hversvegna. „Til að sýna að við erum nýbúin að eignast þessi svæði“, sagði hann. Þetta svar endurspegladi svo vel gleði hans yfir þessum nýju landareignum. Ég minnst þess að við annað tækifæri eyddi ég mörgum klukkustundum í að lita fyrir hann misjafnlega stórar ljósmyndir sem

sýndu upphleypta teikningu arkitekts af minnisvarða um Hið helgasta lauf. Sitt hvoru megin við hann voru tveir minnisvarðar sem áttu að fara á legstaði móður hennar og bróður.

Þetta minnir á aðra hlið á margbrotnum persónuleika Shoghi Effendi. Hann var oft mjög fastheldinn á áform sín og fyrirætlanir, afar einbeittur en aldrei þver eða óbilgjarn. Þótt hann viki aldrei frá markmiðum sínum breytti hann stundum stefnunni sem hann hafði sett til þess að ná þessum markmiðum. Teikningarnar af minnisvörðunum sem ég var að lita eru gott dæmi um þetta. Þegar hann fékk þá hugmynd að flytja jarðneskar leifar móður Bahíyyih Khánum og Mirzá Midhí, bróður hennar, frá Akka til Karmelfjalls pantaði hann strax fagra bautasteina úr marmara frá Ítalíu. Þeir voru áþekkir þeim sem var notaður á legstað Hins helgasta laufs. Þar sem þetta gerðist meðan hann var erlendis fékk hann þá hugmynd að setja bautasteinana sitt hvoru megin við legstað hennar og pantaði teikningu sem sýndi honum hvernig það myndi líta út. En þegar hann kom aftur til Haifa og skoðaði svæðið þar sem reisa átti minnisvarðana fannst honum að heildarmyndin yrði fallegri og meira viðeigandi ef minnisvarðarnir tveir yrðu reistir á öðrum stað en á sama ás. Þetta varð einnig niðurstaðan.

Í gegnum alla embættistíð Verndarans sjáum við ljós guðlegrar leiðsagnar lýsa veg hans, staðfesta ákvarðanir og innblása valkosti hans. En ófyrirsjáanlega þætti er að finna í öllum áætlunum. Vilji Guðs og öll mannanna verk verða til þess að breyta stöðugt öllum áætlunum okkar, stórum sem smáum. Þetta hefur ævinlega verið hlutskipti hinna mestu og smæstu allra manna og orð spámannanna sjálfra bera því vitni. Shoghi Effendi var sjálfur háður slíkum öflum en hann breytti líka oft sínum eigin áætlunum. Um þetta má finna mörg og áhugaverð dæmi. Eitt sinn fékk hann þá hugmynd að reisa grafhýsi Bahá'u'lláh á Karmelfjalli en síðar féll hann algjörlega frá þeirri hugmynd og ákvað að Bahjí yrði varanlegur samastaður þess um alla framtíð. Það sem síðar varð þekkt undir nafninu Heimsherferðin eða tíu ára áætlunin var fyrst kynnt sem sjö ára áætlun. Byggja átti eitt musteri meðan á þessari áætlun stóð en þau urðu þrjú. Upphafleg hugmynd hans um átta lönd í Evrópu sem markmið fyrir trúna breyttist og þau urðu tíu. Svona má lengi telja. Ef ytri öfl sem Verndarinn fékk engu um ráðið komu í veg fyrir að einhverjar áætlanir næðu fram að ganga—og þá er ekki verið að tala um að breyta eða stækka einhverja tiltekna

áætlun í ljósi kringumstæðna—bætti hann það strax upp þannig að málstaðurinn vann stærri sigur og bar meira úr bítum ef hann varð fyrir tímabundnum ósigri eða auðmýkingu.

Shoghi Effendi gat vikið frá stefnu sinni en hann vék aldrei frá markmiðum sínum og hugvitssemi hans sætti undrum. Gott dæmi um þetta var hvernig hann lét skipuleggja byggingu tveggja af þremur álfumusturum trúarinnar í tíu ára áætluninni. Hann fékk frá arkitekti sínum teikningar sem hann taldi hæfa musturunum sem átti að reisa í Sydney og Kampala. Þær voru virðulegar, hlutföllin falleg, stíllinn íhaldssamur og auk þess voru þau tiltölulegar ódýr í byggingu. Arkitektinn hafði ekki möguleika á að leggja fram nákvæmar teikningar eða hafa eftirlit með sjálfu verkinu. Smámunasamur og huglátill maður hefði litið á þetta sem ófyrstíganlega hindrun en Shoghi Effendi lét slíkt alls ekki á sig fá. Hann hélt áfram að gefa þjóðarráðunum tveimur sem í hlut áttu fyrir mæli um hvernig þau ættu að fá arkitektastofur á sínum svæðum til að sjá um öll tæknileg smáatriði og reisa byggingarnar. Shoghi Effendi breytti þeim kostnaðarsömu tillögum sem þessar stofur gerðu og fékk bæði musterin byggð innan þeirra kostnaðarmarka sem hann taldi skynsamlegt að málstaðurinn greiddi. Aftur og aftur sparadi skarpskyggni hans og heilbrigð dómgreind trúnni fjármuni svo að hægt var að verja þeim til ýmissa stórmikilvægra verkefna í stað þess að stefna í tímabundið gjaldþrot með óhyggilegri framkvæmd eins verkefnis.

Hagsýni var afar mikilvæg meginregla í öllu sem Shoghi Effendi tók sér fyrir hendur og hann hafði mjög ákveðnar hugmyndir í fjármálum. Oftar en einu sinni neitaði hann einstaklingi sem hann vissi að var skuldugur um leyfi til að koma í pílagraímsferð og sagði að hann yrði fyrst að greiða skuldir sínar. Ég sá Verndarann aldrei greiða reikning nema að lokinni vandlegri yfirferð, hvort sem verið var að greiða fyrir máltíð eða reikning upp á þúsundir dollara! Ef uppsett verð var of hátt benti hann á það, og einnig ef það var of lágt. Oft fór ég og ræddi við furðulostið fólk og benti þeim á að samlagningin væri röng og viðkomandi yrðu að reikna upp á nýtt eða tapa ella. Hann var einnig harður samningamaður og keypti aldrei neitt sem honum fannst of dýrt. Oftar en einu sinni koma það fyrir að falletur skrautmunur fyrir grafhýsin, minjasafnið og garðana var of dýr eða seljandinn vildi ekki samþykkja tilboð Verndarans. Hann keypti þá ekki muninn jafnvel þótt hann langaði í hann og hefði fjármagn til kaupanna. Honum fannst

það einfaldlega rangt og vildi ekki una því. Þótt Shoghi Effendi hefði einkabíl til afnota og bílstjóra í mörg ár (eins og ‘Abdu’l-Bahá á undan honum), lét hann selja bílinn og notaði leigubíla vegna þess að ekki var hægt að útvega varahluti á verstu stríðsárunum. Ég er í engum vafa um það að hann hafi haft nægilegt fé til að kaupa annan bíl en honum datt það aldrei í hug. Hann var á móti íburði, óhófi og munaði sem slíkum og neitaði sjálfum sér og öðrum um margt vegna þess að honum þótti það hvorki réttlætanlegt né viðeigandi.

Annað sterkt einkenni í fari Verndarans var hversu opinn hann var og hreinskiptinn. Átrúendurnir voru trúnaðarmenn hans. Frjáls og tignarlegur, fálátur en með innilegu trausti sem talaði til hjartnanna, deildi hann ekki aðeins hugmyndum sínum og túlkunum á kenningunum með pílgrímum sem voru gestir hans heldur einnig verkefnum sínum og áætlunum. Það voru engir sérstakir vinir og vildarmenn sem hann deildi hugsunum sínum með eins og þeir ættu rétt á því að heyra þær. Þrátt fyrir að þjóðarráðin væru sá farvegur sem hann vann með og tóku við hinum miklu áætlunum hans og framkvæmdu þær, var hann vanur að deila þessum áætlunum nánast í öllum smáatriðum með þeim sem hann hitti. Það gekk svo langt að margir pílgrímar sem héldu heim til sín aftur frá Haifa þekktu nær öll þau atriði sem brátt átti að kynna opinberlega öllum bahá’í heiminum. Hið sama gildi um starf hans við Heimsmiðstöðina. Hann var svo opinn og hreinskilinn að hann teiknaði stundum litlar skissur undir borðhaldi til að sýna hvað hann væri að gera í gördunum á Karmelfjalli, hvernig boginn myndi líta út, hvaða byggingar ættu að rísa á honum, og svo framvegis.

Allt það nýja sem hann setti af stað á þjóðlegum eða alþjóðlegum vettvangi fylgdi svipuðu mynstri og þegar lýsir af morgni. Fyrstu óljósu ljósskímuna mátti greina í samtölum hans við pílgríma sem komu í heimsókn; hún liggur hálfvegis í felum í bréfum hans til bahá’í heimsins; síðan glampar af markmiðum sem byrjuðu að taka á sig mynd þegar sól hugmynda hans reis hærra og hann einbeitti geislandi orku huga síns að þeim; loks birtist öll hugmyndin í skýrum ljóma og í allri sinni dýpt—sjö ára áætlunin, tíu ára áætlunin, varnaðarorð og fyrirheit í nýju og dásamlegu almennu bréfi, fullkomin fyrirmæli um meiriháttar verkefni eins og verklok við grafhýsi Bábsins, alþjóðalega minjasafnið, eitt af hinum nýju og miklu musturum, útskýringar á ákveðnum grundvallarhugmyndum í bókum eins og *Guðlegt réttlæti*

í nánd og The Promised Day Is Come (Hinn fyrirheitni dagur er runninn upp).

Samband Shoghi Effendi við pílagrímanna, hæverska hans sem gestgjafa, góðvildin sem hann sýndi þeim og sem birtist með svo margvíslegum hætti, hlutirnir sem hann ræddi opinskátt við þá—allt þetta hafði gríðarleg áhrif á starfið sem átrúendurnir voru að vinna víða um lönd því þegar þessir lánsömu átrúendur sneru aftur til sinna eigin samfélaga voru þeir eins og súrdeigið sem sýrði trúsystkini þeirra og örvaði þau til frekari átaka. Persóna Verndarans varð raunverulegri í huga þeirra sem ekki höfðu notið þeirra forréttinda að hitta hann augliti til auglitis. Það skapaði tilfinningu nálægðar við hann og Heimsmiðstöðina sem hefði verið erfitt að skapa með einhverju öðru móti. Í samræðum sínum við pílagrímanna gat hann lýst sterkum tilfinningum sínum til ákveðinna málefna, oft á mælskari og kröftugri hátt en hann hefði gert skriflega. Í pílagrímsferð okkar árið 1937 var ég svo lánsöm að geta skrifað niður það sem hann sagði við mig og móður mína undir borðhaldi en seinna gerði ég þetta mjög sjaldan. Við fáein tækifæri skrifaði ég niður það sem hann sagði. Það gerðist eitt sinn árið 1954 þegar hann talaði af mikilli mælsku við nærstadda pílagríma um brýnar þarfir Heimsherferðarinnar og viðhorf átrúendanna til brautruðnings: „Ég get varað þá við, ég get hvatt þá en ég get ekki skapað andann—það veldur mér hryggð og setur átrúendurnar í hættu . . .“ „Málstaðurinn sigrar þrátt fyrir aðgerðarleysi mikils hluta stuðningsmanna hans, hann starfar á leyndardómsfullan hátt.“ Og þegar hann fjallaði um nokkra staði þar sem vinirnir unnu sem skólakennarar sagði hann: „Þeir koma með ameríska lífshætti inn í skólana í stað þess að snúa við þeim baki og innræta bahá'í lífshætti.“ En þrátt fyrir alla þá rausn og örlæti sem hann sýndi pílagrímunum—með því að sjá fyrir þörfum þeirra sem gesta, svipta hulunni af augum þeirra og uppfræða þá í trúnni—þá gerðist það jafnan þegar einhver þeirra reyndi að tjá innilegt þakklæti sitt fyrir að hafa hlotnast sá heiður að hitta hann, að hann sneri sér strax undan og sagði að tilgangur pílagrímsferðar væri að heimsækja hin helgu grafhýsi.

Margar minningar vakna þegar ég hugsa um pílagrímanna, þar með talda mig sjálfa. Morgun einn árið 1923 þegar ég var á barnsaldri vorum við á leiðinni í bifreið Verndarans frá Bahjí þangað sem við höfðum öll farið til að sækja minningarathöfn um uppstigningu Bahá'u'lláh. Við vorum í opnum blæjubíl og ég vildi sitja á brún

blæjunnar í staðinn fyrir að sitja í sætinu. Shoghi Effendi mótmælti þessu og varaði mig við að detta en ég fullvissaði hann um að það myndi ekki gerast. Ég var of ölvuð af fegurð morgunsins og öllum þeim gjöfum og þeirri hylli sem mér hafði fallið í skaut til að vera hrædd. Í þá daga voru engir almennilegir vegir og við keyrðum eftir ströndinni milli Akka og Haifa á votum sandinum milli hafsins og sandhólanna. Hundruð lítilla hvíttra krabba flúðu bílinn ofan í holurnar sínar í endalausri flæðandi öldu fyrir framan okkur. Sólin var komin upp og öll veröldin var fersk, hrein og rósrauð. Shoghi Effendi fór að segja mér hve mjög hann langaði til að sjá Klettafjöllin í Kanada og frá ást sinni á fjöllum og fjallgöngum. Hann fylgdist af miklum áhuga til æviloka með öllum frásögnum af tilraunum til að klífa Everest. Ást hans á fögru landslagi var mikil og innileg. Hefði hann verið frjáls og óbundinn einstaklingur er ég sannfærð um að hann hefði gefið sér tíma til að heimsækja náttúruundur heimsins.

Síðasta árið sem Verndarinn lifði komu tveir svissneskir pílagrímar til Haifa. Návist þeirra vakti upp endurminningar hans um Sviss og ástin á landi þeirra leyndi sér ekki í orðum hans. Þetta var gjörólíkt venjulegri dul hans og hlédrægni þegar einkalíf hans og tilfinningar áttu í hlut. Ég var veik og rúmföst og ekki viðstödd þennan kvöldverð í pílagrímahúsinu en þegar Shoghi Effendi kom heim sagði hann mér að hann hefði „sagt allt“ – um fjöllin sem hann kleif, fjallgöngurnar sem hann hafði farið í, landslagið sem hann elskaði svo mjög. Þetta var mjög ólíkt honum, afar sjaldgæf og skýr vísbending um eitthvað sem bjó djúpt í hjarta hans.

Ég minnst þess líka að við vorum stödd í Sviss og vorum að fara frá Zermatt eitt kvöldið. Öll árin sem við ferðuðumst saman myndaði Shoghi Effendi aldrei nein persónuleg tengsl og talaði mjög sjaldan við ókunnuga. Þetta var ekki í mínu eðli og stundum fór ég út úr klefanum okkar í lestinni og lenti í fjörugum samræðum við samferðamenn. Hann vissi alltaf af þessu (og hafði ekkert við það að athuga). Ég held að hann hafa getað séð af rjóðu andliti mínu og hve hugsandi ég var á svipinn þegar ég kom aftur hvað hafði gerst og með tindrandi augnaráði spurði hann hvað ég hafi verið að gera. Við þetta sérstaka tækifæri var það þó hann sem lenti í áköfum samræðum þar sem við sátum á hörðum trébekkjum í klefanum okkar á þriðja farrými. Ungur maður, sat á móti okkur, einkar viðkunnanlegur og elskulegur drengur, sonur Hvítrússa sem bjuggu í Bandaríkjunum. Þetta var í fyrsta sinn

sem hann hafði ferðast í Sviss og af sömu góðvild og fjöri sem svo oft einkenndi samræður hans byrjaði Verndarinn að gefa honum ítarleg ráð um hvaða staði hann ætti að heimsækja á þeim takmarkaða tíma sem hann hafði til umráða. Hann tók jafnvel upp leiðsögubækling frá svissnesku járnbrautunum og sýndi honum hvaða lestar hann ætti að taka, hvert hann ætti að fara og hvenær. Ég sat og hlustaði, horfði á fallett andlit unglingsins sem var svo ánægður með þá athygli sem þessi ókunni maður sýndi honum—og ég bað þess auðvitað í hjarta mínu að sú hylli sem honum veittist—og sem ég engan veginn gat gefið honum til kynna—myndi einhvern veginn einhvern daginn leiða hann til þeirrar trúar sem þessi ókunni maður var leiðtogi fyrir!

Svo vikið sé aftur að orðaskiptum Shoghi Effendi við svissnesku pílagrímana í Haifa, sagði hann þeim að hann vildi að Sviss eignaðist sitt eigið musterisland. Það ætti að vera í grennd við höfuðborgina Bern og þaðan átti að vera gott útsýni yfir Bernar-Alpana þar sem hann hafði eytt svo mörgum mánuðum í fjallgöngur. Þann 12. ágúst 1957 sendi hann andlegu þjóðarráði Sviss og Ítalíu óskir sínar varðandi þessi mál. Ritari hans skrifaði: „Eins og hann útskýrði fyrir _____ er honum mjög umhugað um að Sviss kaupi landareign, hversu lítil og fábrotin sem hún kann að vera, fyrir framtíðar Mashriq’l-Adhkar landsins. Hann telur að hún eigi að vera í útjaðri Bern með útsýni yfir hálendi Bernar. Það gleður hann mjög að geta sjálfur gefið svissneska samfélaginu þetta land. Ekki ætti að fjalla opinberlega um þetta mál til þess að andstaða svipuð þeirri sem varð í Þýskalandi komi ekki upp hjá rétttrúnaðarkirkjunni í Bern. Þegar nefndin sem ber ábyrgð á að finna þetta land hefur fundið hæfilegan stað, vill hann að ráð ykkar sendi sér ítarlega upplýsingar.“ Þetta var einstæð gjöf og ekkert annað bahá’í samfélag í heiminum hefur verið heiðrað á þennan hátt. Frá landareigninni, næstum 2,000 fermetra svæði í útjaðri Bern, er útsýni yfir Gurbetal og þaðan má sjá hin frægu fjöll Finsteraarhorn, Monch, Eiger og Jungfrau, sem voru vettvangur margra fjallgönguferða Verndarans og einnig vettvangur þjáningarfyllstu stunda hans eftir uppstigningu ‘Abdu’l-Bahá.

Eitt sinn sagði kanadískur pílagrímur Verndaranum frá því að þegar verið væri að kenna inúítum trúna væri mjög erfitt að fá þá til að skilja merkingar líkingamáls þar sem kæmu fyrir orð eins og rós og næturgali því að þetta hefðu þeir aldrei séð né heyrt. Viðbrögð Shoghi Effendi við þessu voru dæmigerð. Þegar hann kvaddi þennan vin gaf

hann honum smáflösku með persnesku rósavatni, sem inniheldur sjálfan kjarna rósarinnar, og sagði honum að bera það á inúítana því þá fengju þeir kannski tilfinningu fyrir hvað Bahá'u'lláh hafi átt við þegar hann skrifaði um rósina.

Annað atvik kemur mér í hug. Meðal síðustu pílgrímanna sem fóru frá Haifa áður en Shoghi Effendi fór á brott þaðan sjálfur í júní 1957 og sneri aldrei aftur, voru tveir amerískir átrúendur, báðir blökkumenn. Meðan ég lifi mun ég ekki gleyma svipnum á öðrum þeirra þegar hún sat andspænis Verndaranum við borðið í Pílgrímahúsinu. Shoghi Effendi kom fram við alla menn eins og verur skapaðar af Guði og með engri annarri tilfinningu en gleði yfir því að þeir voru eins og Guð hafði skapað þá. Þegar þessir pílgrímar hittu hann var augskýnt hvernig sorgir og sárindi heillar ævi hurfu eins og döggr fyrir sólu. Hún horfði á hann með samblandi af einlægri ástúð móðurhertans og þeirri lotningu sem hæfði dýrlegri stöðu hans. Ég held að þannig hljóti svipur englanna í Paradís að vera þegar þeir horfa á Drottinn sinn.

Þeir sem nutu þeirra forréttinda að vera í návist Verndarans, hversu mikil sem lífsreynsla þeirra var og hversu lengi sem þeir höfðu verið bahá'íar—sumir frá fæðingu eins og ég sjálf—fundu hvernig hugmyndir þeirra um mikilleika málstaðarins urðu stöðugt stærri og skýrari við orð Shoghi Effendi, viðbrögð hans og fordæmi. Ég minnst þess hve undrandi ég var þegar hann í löngum Riðván boðum sínum til bahá'í heimsins 1957 minnst (greinilega með stolti því annars hefði hann ekki birt það) á „fanga sem nýlega snerist til bahá'í trúar“ í Kitalya fangelsinu í Úganda. Mér hafði aldrei dottið í hug að hægt væri að minnast á bahá'ía í fangelsi án þess að finna til skammar! En hér lýsti hann því yfir að við hefðum hóp af fylgjendum Bahá'u'lláh sem sætu í fangelsi. Hann nefndi þetta oft í viðræðum sínum við pílgríma og þegar ég hugsaði þetta og annað sem hann sagði, skildi ég að þar sem trúin er fyrir alla menn, dýrtinga og syndara, er um tvær meginreglur að ræða. Önnur þeirra er sú að samfélaginu skuli stjórnað með lögum, það njóti verndar laganna og mönnum verði refsað á grundvelli laga. Hin er að trú á opinberanda Guðs skuli ná til allra jafnt því að trúin sjálf er neistinn sem kveikir í sálinni og færir henni eilífa vitund um Guð sinn. Sérhver sál á rétt á þessu hversu mikill syndari sem hún kann að vera. Í bréfum sem Shoghi Effendi skrifaði á ýmsum tímum til ýmissa manna hvatti hann oft en einu sinni til þess að trúin væri kennd í fangelsum.

Orð og gerðir Verndarans einkenndust alltaf af þeirri samúð sem allir opinberendur Guðs hafa sýnt hinum fótumtroðnu, auðmjúku, fátæku og útskúfuðu og sem veitti þeim sérstaka hjálp, vernd og ástríka uppörvun. Við megum ekki blanda þessu viðhorfi saman við þann grundvallarsannleika að margir hópar fólks sem núna falla undir þessa skilgreiningu eiga ekki aðeins skilið sérstaka athygli helda bera þeir með sér uppsafnaðan kraft og andlegan mikilleika sem öll veröldin þarf á að halda. Tökum til dæmis indíána í Vesturálfu. ‘Abdu’l-Bahá hefur ritað eftirfarandi: *„Þið verðið að líta á indíána, frumbyggja Ameríku, sem afar mikilvæga menn og konur. Því þessum sálum má líkja við forna íbúa Arabíuskagans sem fyrir opinberun Múhameðs voru eins og villimenn. Þegar ljós Múhameðs skein mitt á meðal þeirra urðu þeir svo upptendraðir að þeir lýstu upp heiminn. Sama gildir um frumbyggjana —fái þeir menntun og rétta leiðsögn er enginn vafi á því að hinar guðlegu kenningar munu veita þeim svo mikinn trúarlegan skilning að öll jörðin uppljómast.“* Alla embættistíð sína mundi Shoghi Effendi þessi orð og hann hvatti átrúendur í Kanada og Ameríku ítrekað til að fá þessar sálir til liðs við málstað Bahá’u’lláh. Í sumum síðustu bréfum sínum sem hann skrifaði í júlí 1957 til ýmissa þjóðarráða í Vesturálfu lagði hann þunga áherslu á þetta málefni og vísaði til þess að „trúskipti amerískra indíána væru löngu tímabær.“ Ég vitna til úrdrátta úr fyrimælum hans sem ritari hans skrifaði fyrir hans hönd:

„Stærsta verkefnið er auðvitað kennslustarfið. Á sérhverjum fundi ætti ráð ykkar að beina athyglinni að því og gera það að forgangsverkefni. Allt annað ætti að koma síðar. Ekki aðeins verður að þróa mörg ný ráð sem og hópa og einangraðar miðstöðvar, heldur verður leggja sérstaka áherslu á að snúa frumbyggjum til trúarinnar. Markmiðið ætti að vera ráð sem eru eingöngu skipuð frumbyggjum til þess að þessir upprunalegu íbúar landsins sem hafa sætt mikilli misnotkun og undirokun megi skilja að þeir eru jafningjar og félagar í málstað Guðs og að Bahá’u’lláh er opinberandi Guðs fyrir „þá.“

„Það gladdi hann sérstaklega að sjá að nokkrir átrúendur meðal indíána voru viðstaddir ráðstefnuna. Hann telur það hafa mesta þýðingu að kenna upprunalegum íbúum Ameríku trúna. ‘Abdu’l-Bahá hefur sjálfur sagt hversu mikil geta þeirra og hæfileikar eru og það er réttur þeirra og skylda annarra bahá’ía að sjá til þess að þeir fái boðskap Guðs fyrir þennan dag. Eitt verðugasta markmið ráðsins ykkar er

stofnun ráða sem eingöngu eru skipuð indíánum. Aðra minnihlutahópa ætti einnig að leita uppi sérstaklega og kenna þeim. Vinirnir ættu að hafa í huga að í okkar trú, öfugt við öll önnur samfélög, njóta minnihlutahópar sérstakrar athygli, ástar og tillitssemi til að koma í veg fyrir að litið verði á þá sem lægra setta . . .

Þegar þið setjið ykkur markmið sem verða að njóta óskiptar athygli ykkar á komandi árum hvetur hann ykkur til að hafa í huga hið mikilvægasta af öllum markmiðum, þ.e. fjölgun andlegra ráða, hópa og einangraðra staða. Þetta tryggir bæði breidd og dýpt grunnsins sem þið eruð að leggja að sjálfstæðum þjóðarráðum framtíðarinnar. Hvetja ætti átrúendurnar, hvern og einn, til þess að hugleiða þarfinnar á sínu svæði og brautryðja til nálæggra og fjarlæggra borga og bæja. Ráð ykkar verður að hvetja þá til að minnast fólks sem heimurinn hefur metið lítils, oft fátækt og óþekkt, og sem breytti gangi sögunnar meira en þeir sem lifðu við auðæfi, frægð og öryggi. Það var hveitisáldrarinn sem á fyrstu dögum trúar okkar reis upp og varð hetja og píslarvottur, ekki lærðu prelátnir í borginni hans!“

Hann lét í ljós svipaðar tilfinningar varðandi aðra kynþætti. Í bréfi, dagsettu 27. júní 1957 til nýmyndaðs Andlegs þjóðarráðs Nýja Sjálands, segir hann: „Þegar þið setjið fram áætlanir ykkar og framkvæmið þær í starfinu sem ykkur er treyst fyrir næstu sex árin, óskar hann þess að þið hafið sérstaklega í huga þörfina fyrir að kenna fólki af Maóra-ættbálknum. Þessir fyrstu landnemar Nýja Sjálands eru af göfugum kynstofni, fólk sem lengi hefur vakið aðdáun fyrir mannkosti og dyggðir. Gera ætti sérstakt átak til þess ekki aðeins að stofna til tengsla við Maóra í borgunum og leiða þá inn í trúna, heldur einnig heimsækja bæi þeirra og byggðir, dvelja með þeim og stofna ráð þar sem a.m.k. meirihluti átrúendanna, ef ekki allir, eru Maórar. Þetta væri sannarlega verðugt viðfangsefni og afreksverk.“

Við pílagríma af mongólskum uppruna sagði Verndarinn að þar sem meirihluti mannkyns væri ekki hvítur væri engin ástæða til þess að meirihluti átrúendanna tilheyrði hvíta kynstofninum. Þvert á móti ætti málstaðurinn að endurspeglaríkjandi ástand í heiminum. Fyrir Shoghi Effendi var mismunur ekki eitthvað sem átti að útrýma heldur var hann miklu fremur lögmætur, nauðsynlegur og reyndar heillandi þáttur sem gerði heildina svo miklu fegurri og fullkomnari.

Shoghi Effendi innrætti bahá'íum ekki aðeins virðingu fyrir fólki af mismunandi þjóðerni og uppruna, hann kenndi þeim einnig hvað

virðing og umfram allt hvað lotning er þýðingarmikill þáttur mannglegrar göfgi. Lotningu fyrir hinu heilaga skortir átakanlega í vestrænni veröld nútímans. Á öld þar sem misskilin hugmynd um jafnrétti virðist fela í sér að öll grasstrá eigi að vera jafnlöng var djúp virðing Verndarans fyrir þeim sem voru honum æðri besta fordæmið sem hægt er að finna. Sú mikla lotning sem hann sýndi tveimur opinberendum Guðs og ‘Abdu’l-Bahá, hvort heldur var í ritum sínum, orðum eða athöfnum þegar hann nálgæðist legstaði þeirra, er varanleg fyrirmynd, mynstur sem allir bahá’ar ættu að fylgja. Ætíð þegar Shoghi Effendi nálgæðist grafhýsin skynjaði maður hvernig staðurinn gagntók alla verund hans. Hvernig hann gekk þegar hann nálgæðist grafhýsin, hvernig hann nálgæðist þau í djúpri ró, með virðuleik og lotningu, hvernig hann kraup og lagði ennið á þröskuld þeirra. Þegar hann var inni í grafhýsinu hann sneri aldrei bakinu við staðnum þar sem ein þessara óendanlega helgu og dýrmætu mannvera voru jarðsettar. Tóntegund hans, virðulegt fas og fráhrarf frá léttúð við slík tækifæri, allt bar vitni um hvernig menn eiga að nálgast hið allra-helgasta og ganga í auðmýkt á heilagri jörð. Það er í rauninni þannig sem við eigum að umgangast okkar eigin sál í þessu lífi því við tökum ekkert annað með okkur þegar við yfirgefum þennan heim. Það er þessi grundvallarhugmynd—óskýr og jafnvel gleymd í heimspeki nútímans—sem gæðir jafnvel jarðneskt duft þessara göfugu mannvera dulúðugu afli. Svo höfugur er ilmur sumra rósa að jafnvel mörgum árum eftir að þær visna má enn greina af þeim angan. Þetta er veikburða dæmi um aflíð sem býr áfram í sjálfu duftinu sem tengist rismiklum anda þessara himnesku sálna meðan þær dvöldu í þessum heimi.

Þessi dásamlega tilfinning lotningar—sem virðist feykja burt óhreinindum óþroskaðs eðlis okkar þegar við finnum til hennar—var einkennandi fyrir Verndarann sem nam hana í barnæsku þegar hann sat á hnjánum með krosslagðar hendur frammi fyrir upphafinni persónu afa síns. Ég man eftir atviki sem gerðist eftir að foreldrar mínir komu aftur til Kanada árið 1937 og sendu mér bækurnar mínar, bókaskáp og aðra hluti að heiman. Ég raðaði bókum vandlega í skápinn við enda rúmsins eins og ég hafði alltaf gert og setti á hann sömu myndina af ‘Abdu’l-Bahá. Þegar Shoghi Effendi tók eftir þessu hrópaði hann „Þú hefur sett Meistarann til fóta þér!“ Mér var brugðið, svo ekki sé meira sagt, við ákafann í þessari athugasemd og svaraði því til að þarna setti ég myndina alltaf til þess að geta séð andlit hans þegar ég vaknaði á

morgnana. Shoghi Effendi sagði að þetta væri ekki rétt. Ég yrði að setja Meistarann við höfðalagið í virðingarskyni, ekki til fóta. Það hafði aldrei hvarflað að mér áður að á herberginu mínu væri lok og botn og að tengingin við hluti eins og ljósmynd af Miðju sáttmálans og mynd af Hinu mesta nafni væri svo heilög að finna yrði þeim háan stað, jafnvel í svefnherbergi. Dæmi um þetta viðhorf Verndarans má finna í orðum sem ritari hans skrifaði fyrir hans hönd til ameríska þjóðarráðsins 1933: „Hvað varðar Töflur Bahá'u'lláh til Hins helgasta laufs telur Shoghi Effendi að það myndi bera vitni um virðingarleysi að endurprenta ljósrit af töflu sem Bahá'u'lláh ritaði með eigin hendi eins og ætlunin er að gera í fyrirhuguðum bæklingi. Hann lét endurgera þessar töflur með það fyrir augum að þær yrðu lýstar og sendar ýmsum þjóðarráðum að gjöf sem myndu varðveita þær umhyggjusamlega í skjalasöfnum sínum.“

Til eru önnur dæmi um þetta. Strax árið 1923 sendi Shoghi Effendi skeyti til sama ráðs: „Virðing málstaðarins krefst þess að notkun og dreifing á upptöku með rödd Meistarans verði takmörkuð.“ Þarna var vísað til upptöku á bænasöng 'Abdu'l-Bahá sem hafði verið gerð meðan á heimsókn hans til Bandaríkjana stóð. Við annað tækifæri gaf Shoghi Effendi þessu ráði eftirfarandi fyrirmæli: „Í allri félagslegri starfsemi á þjóðarskrifstofunni ætti hinsvegar að gæta þess vandlega að staðnum sé sýnd full virðing, sérstaklega þegar höfð er í huga nálægð hans við musterið sem gerir það ennþá brýnna að allir átrúendur semji sig að þeim mælikvarða hegðunar og félagslegra samskipta sem bahá'í kenningar kveða á um.“

Hér er ekki um helgisiði að ræða í neinum skilningi þess orðs. Engir helgisiðir eru í bahá'í trúnni. Hér er fyrst og fremst verið að tala um viðhorf. Þótt Verndarinn hafi verið vanur að falla á kné við dyr hinna heilögu grafhýsa lagði hann mikla áherslu á það í viðræðum sínum við pílagrímana að það væri þeirra sjálfra að ákveða hvort þeir gerðu slíkt hið sama. Hann gerði þetta vegna þess að það var siður í þeim hluta Austurlanda þaðan sem forfeður hans komu. En lotning er annað mál. Tjáningarmátinn sem einstaklingurinn getur valið sér er eitt, annað er sá rétti og viðeigandi andi sem hjarta tilbiðjandans ber að tileinka sér þegar hann nálgast það sem hann telur helgast í heimi.

Verndarinn fylgdi í fótspor Meistarans sem sjálfur gerði tilkall til þeirrar stöðu að vera þjónn þjóna Guðs. Hann var vanur að standa við dyr grafhýsisins og bera rósavatn á átrúendurnar þegar þeir gengu

fram hjá honum inn í grafhýsið. Sjálfur fór hann inn síðastur. En þrátt fyrir þessa einlægu þjónustu og auðmýkt, missti hann aldrei sjónar á því sem var eðlilegt og viðeigandi, þeim stöðumun sem er inngróinn mannlegu þjóðfélagi. Það var hann sem leiddi hina trúuðu í bæn. Þeir sem gegndu hæstu stöðum í Haifa fóru fyrstir inn í grafhýsið, gengu á eftir Verndaranum eða nutu þeirra forréttinda að fara með honum í bifreið hans þegar hann sótti bahá'í minningarathafnir í Bahjí. Kurteisi, virðing, lotning, allt átti sér sinn eðlilega farveg í skipulagi hlutanna.

Í samræmi við þá djúpu lotningu sem Shoghi Effendi bar fyrir höfuðpersónum trúar okkar sýndi hann mikla árvekni þegar verja þurfti þær hverskyns lítilsvirðingu. Dæmi um þetta er atvik sem gerðist í janúar 1941. Bæjarstjórnin ákvað að nefna litla götu andspænis heimili 'Abdu'l-Bahá og vestræna pílagrímahúsinu „Baha-stræti“. Shoghi Effendi brást ókvæða við og sendi ritara sinn strax til borgarstjórans með mótmæli þess efnis að þetta væri nafnið á stofnanda trúar okkar og við teldum það ekki aðeins óviðeigandi heldur einnig móðgandi að skíra götuna þessu nafni. Bæjarstjórnin kom saman og breytti nafninu í „Íransstræti“. Ég man að þegar þetta gerðist var Verndarinn svo órólegur yfir þessu að hann sagði að ef þeir tækju ekki götuskiltið niður þegar í stað myndi hann rífa það niður með eigin hendi jafnvel þótt það kostaði hann fangelsi! Ég var í miklu uppnámi yfir þessu öllu því ég vildi ekki að hann færi í fangelsi án mín og vissi ekki hvað ég gæti gert til að fara í fangelsi með honum.

Engin mynd sem dregin er upp af persónuleika Shoghi Effendi gæti nokkru sinni orðið fullkomin ef ekki væri minnst á einstæða listræna tilfinningu hans. Þetta þýðir ekki að hann hefði getað orðið listmálari; hann var framúrskarandi rithöfundur. En hann hafði vissulega auga listmálarans og arkitektsins og var þar að auki gæddur þeim grundvallareiginleika sem ég sé ekki að nokkur sem vill ná langt í einhverri listgrein eða vísindum geti komist af án—þ.e. fullkominni tilfinningu fyrir hlutföllum, nákvæmri skynjun sem mælir í millimetrum fremur en sentimetrum. Það var hann sem sagði föður mínum hvernig byggja skyldi grafhýsi Bábsins—þó lagði hann þar meginlínurnar fremur en sjálft stílbragðið að öllu leyti. Það var hann sem ákvað hvernig byggja ætti alþjóða minjasafnið og það af slíkri nákvæmni að arkitektinn gat fullyrt afdráttarlaust að hönnunin væri Shoghi Effendi en ekki hans. Hjálparlaust og án þess að leita sér ráða skipulagði hann hina framúrskarandi fögru garða í Bahjí og Haifa.

Sjálfur annaðist hann hina allar mælingar. Flestir gera sér ef til vill ekki grein fyrir að innanhúshönnun grafhýsisins, setursins í Bahjí, húss 'Abbúds og Mazra'ih setursins var í öllum smæstu atriðum verk Verndarans og enginn annar kom þar nærri. Ekki aðeins fjölgaði hann stöðugt skreytingum, ljósmyndum, lömpum og innanstokksmunum sem eiga svo ríkan þátt í fegurð þessara staða heldur var öllu komið fyrir á sínum sérstaka stað undir eftirliti hans. Allar myndir sem hanga þar á veggjum voru settar þar af honum sjálfum nákvæmlega á þeim stað þar sem þær eru núna, og skeikar þar ekki sentimetra. Hann skapaði ekki aðeins áhrifin sem mæta auganu þegar gengið er inn til þessara staða heldur gerði hann það einnig með minnsta mögulega tilkostnaði. Hann keypti ekki muni vegna þess að þeir væru sérstaklega stúlfagrir eða gamlir heldur vegna þess að þeir voru ódýrir og höfðu áhrif án tillits til hvað þeir höfðu kostað. Heimsóknir hans í grafhýsin og garðana voru einu tækifærin sem ég hafði til að taka til í herberginu hans. Ég minnst þess oft að þrátt fyrir tilraunir mínar og þjónustustúlkunnar til að raða hlutunum á skrifborðinu hans nákvæmlega á sinn stað kom hann inn í svefnherbergið þar sem hann vann öll sín verk, gekk að borðinu, leit snögg yfir það, rétti út höndina og hreyfði örlítið við ýmsum hlutum sem hann sá að voru ekki nákvæmlega á þeim stað þar sem hann vildi hafa þá. Ég er samt viss um að munurinn hafi ekki verið neinum sýnilegur öðrum en honum. Þarflaust er að taka fram að öll umgengni hans einkenndist af undraverðri snyrtimennsku og hreinlæti.

Shoghi Effendi hafði mikið dálæti á skrautlegum munum í fallegum hlutföllum, ekki aðeins vegna þess að þeir voru íburðarmiklir. Með árunum kynntist ég nokkrum af þeim byggingum og byggingarstíl sem vakti mesta aðdáun hans. Hann var hrifinn af dóríska stílnum, einkum eins og hann birtist í óviðjafnanlegum hlutföllum Meyjarhofsins á Akropólshæð í Aþenu. Honum fannst líka mikið til um gotneska byggingarlist. Hann dáðist að helstu dæmunum um þennan stíl sem er svo frábrugðinn grískri byggingarlist og einkennist af háum oddbogum og afar fíngræðu steinflúri. Oft heimsóttum við gotneskar dómkirkjur á Englandi. Á heimili sínu setti Shoghi Effendi upp stórar innrammaðar ljósmyndir af dómkirkjunni í Mílanó. Hann átti einnig ljósmyndir, sumar á sínu eigin heimili og aðrar í setrinu í Bahjí, af Alhambra höllinni í Granada á Spáni. Þessa byggingu taldi hann stórkostlega fagra. Önnur bygging sem var mjög ólík þessum að stílblæ

og hlutföllum var Signoria í Flórens. Ekkert lýsir betur djúpri listrænni tilfinningu hans og hve traust og heilbrigð dómgreind hans var í listrænum efnum en sú staðreynd að þessi volduga ítalska bygging, svo ólík sem hún er öðrum uppáhaldsbyggingum hans, skuli hafa verið í svo miklum metum hjá honum.

Hvað varðaði smekk lét Shoghi Effendi ekki hefðir ráða því hvernig hann hagaði hlutunum. Hann var mjög frumlegur og snjall þegar hann vildi ná fram sérstökum áhrifum. Hann gerði hluti sem enginn hálærður sérfræðingur hefði látið sig dreyma um að reyna. Tökum sem dæmi innanhússkreytingu minjasafnsins sem er í grískum stíl. Til þess að fá meira rými fyrir risastóran sal þar sem sýna átti marga muni, suma heilaga og aðra ekki, og sem áttu að prýða salinn lét Shoghi Effendi byggja tvær þröngar svalir meðfram allri hliðinni sitt hvoru megin salarins. Þær voru varðar viðarhandriðum í hreinum endurreisnarstíl, mjög stílfögrum. Hann ákvað að raða flestum skápunum við veggina niðri. Flestir þeirra voru lakkaðir japanskir skápar eða útskornir úr kínversku tekki. Sex miklar ljósakrónur sem hanga í loftinu eru í ósviknum evrópskum stíl með skornum kristalli. Þegar ég spurði Verndarann hvaða húsgögn hann ætlaði að setja á svalirnar sagðist hann ætla að nota suma skápana frá fyrri minjasöfnum. Enginn þeirra er með sérstöku stílblagði, allir eru nútímaleg spónlögð húsgögn eins og fólk er með á heimilum sínum nú til dags. Samt verður þessi einkennilega blanda frá ýmsum tímасkeiðum og löndum, þar á meðal mikill fjöldi listmuna, til þess að skapa í sameiningu áhrif glæsibrags, fegurðar og virðuleika sem erfitt væri að finna annarsstaðar.

Annað dæmi um hve feikilega snjall og uppfinningasamur Verndarinn var er litli garðurinn sem hann gerði á annarri hæð á opinni verönd í húsi Abbúds í Akka. Hann spurði engan ráða—og var þarafleiðandi ekki ráðlagt að láta þetta ógert. Með auka steinflisum, dálítilli steypu, gömlum fótstalli úr tré, páfugli úr málm og nokkrum plöntum tókst honum að skapa lítinn og heillandi garðskika. Íbúar Akka, sem heimsóttu húsið þegar það var opið almenningi, ráku upp stór augu þegar þeir sáu hann. Þetta var nýtt og áður óþekkt fyrirbæri og jók enn hróður bahá'í samfélagsins.

Verndarinn var vissulega einstakur maður. Enginn endir er á þeim hugmyndum sem skjóta upp kollinum þegar maður hugsar um eðli hans og afreksverk. Hann var í hjarta sínu svo trúr þeim sem voru honum trúir að vart er nokkra hliðstæðu að finna. Í gördunum á stallinum

fyrir framan grafhýsi Bábsins er lítil steinsteypt vistarvera, ekki mikið stærri en stór kassi. Þarna bjó Abu'l Kasim, húsvörður grafhýsisins, sem Shoghi Effendi elskaði heitt vegna trúmennsku hans og persónuleika. Nóttina áður en hann lést sagðist Shoghi Effendi hafa dreymt tvisvar sinnum sama einkennilega drauminn. Í honum hafði græn gróðurslíkja á grafhýsinu visnað líkt og hún hefði brunnið. Hann furðaði sig mjög á þessum draumi því hann taldi hann hafa þýðingu. Þegar honum voru færðar fréttirnar stuttu seinna um að gæslumaður grafhýsisins væri dáinn skildi hann þýðingu draumsins. Á ýmsum tímum um margra ára skeið meðan Verndarinn var að byggja grafhýsið og færa út stallinn fyrir framan það, lét hann brjóta þessa vistarveru niður en endurbyggði hana í hvert sinn aðeins lengra til vesturs vegna tengslanna við þessa trúföstu sál.

VII

DÝPSTU TENGLIN

Shoghi Effendi átti nán og innileg tengsl við þá sem stóðu honum næstir en nánasta samband hans voru þó við Bahíyyih Khánum, Hið helgasta lauf. Hann fékk fréttirnar af andláti hennar þegar hann var staddur í Interlaken í Sviss. Honum var vel kunnugt um heilsufar hennar og lýsti því árið 1929 með þessum orðum: „Nú þegar kvöldla tekur í lífi hennar hefur sjónin daprast og heilsan þverr óðum.“ Honum var ljóst að hún átti ekki langt eftir þegar hann skrifaði amerísku átrúendunum í mars 1932 og hvatti þá til að hraða lokaframkvæmd við hvolfþak „okkar ástkæra musteris“ í Wilmette. Hann sagði: „Hið helgasta lauf mun brátt yfirgefa þetta líf og hún þráir að taka flugið til Abhá ríkisins . . . enn einu sinni gefur það rödd minni styrk að heyra beiðni hennar, fulla eftirvæntingar og hugsanlega þá síðustu í þessu lífi, um staðfestingu á fagnaðarríkri fullnun þess verks sem veitti svo mikilli birtu yfir síðustu dagana í jarðnesku lífi hennar“. Þótt hún hafi þá verið 82 ára gömul varð það ekki til að milda höggið eða draga úr sorginni sem greip Verndarann þegar dánarfregnin barst honum. Þann 15. júlí sendi hann símskeyti til Ameríku og tilkynnti að andi hennar hefði tekið flugið til hins mikla ríkis. Hann kvaðst syrgja „skyndilegt fráfall eina jarðneska huggara míns, gleði og hugsvölun lífs míns.“ Hann tilkynnti vinunum eftirfarandi: „Vegna þessa hryggilega ástvinamissis er við hæfi að í níu mánuði verði allar trúarhátíðir í bahá'í heiminum látnar niður falla.“ Halda átti athafnir til minningar um Hið helgasta laufi „síðasta afkomanda Bahá'u'lláh“ hvarvetna þar sem bahá'íar og bahá'í ráð voru starfandi.

Þann 17. júlí skrifaði hann amerísku og kanadísku átrúendunum bréf sem gefur innsýn í það sem fram fór í hjarta hans. Hann lýkur lofsorði á líf, stöðu og gerðir þessarar systur 'Abdu'l-Bahá og lýsir ást sinni með ógleymanlegum orðum.

Heittelskaða Helgasta lauf!

Þegar ég skrifa þessar línur sé ég skýrt og greinilega fyrir mér göfuga persónu þína og skynja djúpan friðinn í gæskuríkri ásjónu þinni. Yfir gröfina sem aðskilur okkur get ég enn horft í blá augu þín, full ástar, og skynja í rósamri ákefð þinni þá takmarkalausú ást sem þú barst til málstaðar þíns almáttuga Föður, böndin sem bundu þig við hinn lægsta og þýðingarlausasta meðal fylgjenda hans, hlýja og hjartanlega umhyggju þína fyrir mér. Minningin um dásamlega fallett bros þitt mun ætíð veita mér gleð og styrk á þeirri þyrnum stráðu braut sem mér er ætlað að ganga. Minningin um snertingu handar þinnar er mér hvatning til að feta staðfastur veg þinn. Ljuf og töfrandi rödd þín mun á dimmstu stundum mótlætis minna mig á að halda fast við þá taug sem þú sjálf hélt svo staðfastlega í alla daga lífs þíns.

Berðu eftirfarandi boð mín til 'Abdu'l-Bahá, þíns upphafna Bróður sem Guð gerði að Miðju sáttmáls: Ef yfir málstaðnum dynja enn harðari stormar á komandi dögum en þeir sem hann þegar hefur staðið af sér, þessum málstað sem Bahá'u'lláh stritaði fyrir, sem þú þjáðist svo sárlega fyrir í gegnum árin, og sem fórnað hefur verið flaumi heilags blóðs, haltu þá áfram að yfirskyggja með alltumlykjandi umhyggju þinni og visku þetta veikburða óverðuga barn sem þú skipaðir í embætti.

Það sem Hið helgasta lauf gerði fyrir Shoghi Effendi við fráfall Meistarans og árin þar á eftir var ómetanlegt. Hann sagði að hún hefði gegnt einstæðu hlutverki á umbrotatímum í bahá'í sögunni og þar skipti ekki síst máli skipun Shoghi Effendi sjálfs í embætti Verndarans eftir andlát 'Abdu'l-Bahá. „Hvaða blessun á ég að segja frá,“ skrifaði Shoghi Effendi, „af öllum þeim blessunum sem hún í óbrigðulli umhyggju sinni sýndi mér á erfiðustu og sárustu stundum lífs míns?“ Hann sagði að hún hefði verið holdtekja alltumlykjandi blíðu og ástar 'Abdu'l-Bahá. Þegar líf hennar fjaraði út streymdi hans eigin lífsorka inn. Það hlýtur að hafa veitt henni djúpa gleði þegar hún smám saman leystist frá þessum heimi að Shoghi Effendi hafði öðlast nýjan styrk í embætti Verndarans og var orðinn fær um að takast á við þau stöðugu áföll sem á honum dundu og fyllilega í stakk búinn til að hefjast handa við það feiknlega verkefni sem beið hans.

Eftir að Meistarinn féll frá varð Shoghi Effendi Bahíyyih Khánum allt í öllu, miðpunkturinn í lífi hennar. Næst 'Abdu'l-Bahá hafði hún alltaf verið sú persóna í heiminum sem hann elskaði mest. Ég minnst þess að þegar ég var á pílagrímsför með móður minni 1923 var efnt til mikils fundar sem bahá'í karlmenn sóttu. Hann var haldinn

Í stofunni á heimili 'Abdu'l-Bahá. Móðir mín og Edith Sanderson sátu þar við hliðina á Verndaranum en ég var stödd í hópi kvenna í herbergi þar sem við gátum fylgst með. Í þá daga voru menn og konur í Miðausturlöndum algjörlega aðskilin samkvæmt hefðum og venjum þessara landa. Við sátum þar í myrkrinu til þess að hægt væri að hafa dyrnar opnar og heyrðum eitthvað af því sem fram fór. Svo virðist sem einn af austurlensku átrúendunum hafi staðið upp í skyndilegri geðshræringu og kastað sér fyrir fætur Shoghi Effendi. Við konurnar gátum ekki séð hvað var á seyði en heyrðum mikinn hávaða og læti inni í salnum. Hið helgasta lauf, tágrönn og veikburða, stökk á fætur og gaf frá sér angistaróp því hún hélt að eitthvað hefði komið fyrir Verndarann unga. Hún róaðist þegar henni voru færðar þær fréttir að ekkert alvarlegt hefði gerst en angist hennar var svo augljós að þessi atburður hefur greypst óafmáanlega í minni mitt.

Allt fram til hins síðasta var Shoghi Effendi vanur að snæða sinn eina daglega málsverð með henni. Maturinn var borinn fram á litlu borði í svefnherbergi hennar. Hann sagði mér að oft þegar hún sá í hve miklu uppnámi hann var hafi hún sagt að hann ætti ekki að matast þegar hann væri í þessu ástandi því það hefði slæm áhrif á heilsu hans. Hann sagði mér einnig að þegar hann vildi að hún fengi litla peningaupphæð í arf frá 'Abdu'l-Bahá hafi hún gefið stóran hluta hennar til að mæta kostnaði af framkvæmdum við byggingu stallsins framan við grafhýsi Bábsins til að uppfylla áætlun sem 'Abdu'l-Bahá var kær.

Svo náin voru samskipti Shoghi Effendi við þessa frænku sína að í símskeytum og öðrum skilaboðum sem hann sendi, sérstaklega fyrst eftir að hann tók við embætti Verndarans, nefndi hann hana meðsendanda sinn með orðum eins og „fullvissa okkar“, „Hið helgasta lauf og ég“, „við“ o.s.frv. Hann undirritaði jafnvel símskeyti sem hann sendi 1931 með nöfnum þeirra beggja „Bahiyiyih Shoghi“. Ekkert gæti gefið skýrari mynd af þeirri miklu ást sem hann bar til hennar en sú staðreynd að daginn sem við giftumst fór giftingarathöfnin fram í herberginu hennar þar sem allt var varðveitt eins og það hafði verið meðan hún lifði. Það var við hliðina á rúminu hennar sem Verndarinn vildi halda þessa látlausu bahá'í hjónavígslu og þar endurtókum við, hvort um sig, arabíska giftingarheitið: „Vissulega munum við öll lúta vilja Guðs.“

Það sem eftir var ævinnar hélt Verndarinn áfram að sýna ástina sem hann bar til Hins helgasta laufs sem í þrjátíu og fimm ár hafði verið

honum meira en móðir. Þegar fréttirnar um andlát hennar bárust honum í Sviss var það fyrsta verk hans að fá viðeigandi minnisvarða á legstað hennar. Hann hraðaði sér til Ítalíu þar sem hann gekk frá pöntun á minnisvarðanum. Þennan ægifagra minnisvarða, höggvinn úr skínandi hvítum Carrara marmara, er ekki hægt að kalla neitt annað en musteri ástarinnar. Hann er sýnilegt tákn um ást Shoghi Effendi á afasystur sinni. Án efa fékk hann hugmyndina að honum eftir að hafa skoðað byggingar sem eru svipaðar að stíl. Undir hans umsjá gerði listamaður þessa hugmynd hans að veruleika í minnisvarða sem hann vildi reisa á legstað hennar. Shoghi Effendi var vanur að líkja stighækkandi stjórnskipulagi trúarinnar við þennan minnisvarða. Hann sagði að þriggja þrepa fótstallurinn væru eins og svæðisráðin, súlurnar eins og þjóðarráðin og hvolfþakið sem krýnir þessa sköpun og heldur henni saman eins og Allsherjarhús réttvísinnar. Hvolfþakið var ekki hægt að setja upp fyrir en rétt undirstaða var fundin og súlunum hafði verið tryggilega fyrirkomið. Þegar minnisvarða Hins helgasta laufs var lokið og blasti við í allri sinni fegurð lét hann senda ljósmynd af honum til ýmissa ráða og til valinna átrúenda sem hann vildi gefa þennan fagra minningargrip.

Hægindastólinn sem hann var vanur að sitja í þegar hann kom í herbergið til hennar var samkvæmt fyrirmælum hans fluttur á stað þar sem hann hvíldist milli þess sem hann vann. Hann notaði þennan hægindastól til æviloka. Herbergið hans var fullt af ljósmyndum af Hinu helgasta laufi á ýmsum aldri og myndir af minnisvarða hennar prýddu þar einnig vegg. Í hjartnæmu símskeyti sem sent var til Ameríku sjö mánuðum eftir andlát hennar lýkur hann lofsorði á trúmennsku og sjálfsfórnir hetjanna sem byggðu upp heimskipulagið og segir meðal annars: „Höfundur trúar okkar gleðst yfir táknunum um framsýna forystu þeirra. ‘Abdu’l-Bahá er stoltur af hugrekki þeirra, Hið helgasta lauf geislar af gleði yfir tryggð þeirra“. Hann skrifaði að minning hennar myndi áfram hafa „göfgandi áhrif...í rústum hryggilega leikins heims.“ Hann prýddi minjasafnið með upplýstum töflum sem ‘Abdu’l-Bahá hafði skrifað til hennar, kom þar fyrir ljósmyndum af henni og minnisvarða hennar ásamt nokkrum persónulegum munum og minningargripum. Daginn sem hann sagði mér að hann hefði valið mig sem eiginkonu dró hann á fingur mér einfaldan gullhring sem á var grafið Hið mesta nafn. Hið helgasta lauf hafði gefið honum þennan hring mörgum árum áður og þetta var bahá’í hringurinn hans. Hann

sagði mér að fyrst um sinn mætti enginn sjá þennan hring. Ég gekk með hann í nisti um hálsinn og setti hann upp daginn sem við giftumst.

Í öllu sem hann tók sér fyrir hendur í lífinu tengdi hann Hið helgasta lauf við þjónustu sína við trúna. Þegar hann jarðsetti jarðneskar leifar móður og bróður Bahíyyih Khánum á Karmel-fjalli sendi hann símskeyti þar sem sagði meðal annars: „...kær ósk Hins helgasta laufs uppfyllt.“ Hann lét oft í ljósi þá ósk að verða jarðsettur nálægt þeim. Við þetta einstæða tækifæri á Karmel-fjalli kvaðst hann gleðjast yfir þeim forréttindum að geta lagt 1000 pund í minningarsjóð Bahíyyih Khánum, en þessi sjóður átti að marka lokaátakið í byggingu musterisins í Wilmette. Hann skrifaði að þessi flutningur og endurgreftrun hefði „veigamikla þýðingu fyrir stofnanirnar“. Hann sagði að nú þegar legstaðir Hins helgasta laufs, bróður hennar og móður væru allir á einum og sama stað „styrkti það ómælanlega andlegan mátt þess helgaða svæðis“ sem átti það fyrir höndum „að þróast og verða miðpunktur þeirra heimsumbyltandi, heimsumlykjandi stjórnstofnana sem Bahá'u'lláh hefði ákvarðað að stýra myndu öllum heimi...“

Þegar Shoghi Effendi tók við kyndli 'Abdu'l-Bahá sem leiðtogi trúarinnar varð á honum mikil breyting. Hvers eðlis sú breyting var í andlegum skilningi er ekki mögulegt fyrir okkur, sem erum svo óendanlega fjarlæg honum að stöðu og andlegum þroska, að skynja eða skilgreina. Oft sagði hann við mig: „Þegar þeir lásu fyrir mig erfðaskrá Meistarans hætti ég að vera venjuleg manneskja.“ Þessi ungi maður var alltaf göfugur og aðlaðandi, bæði sem ungmenni og í auknum mæli eftir því sem árin liðu og fas hans, göngulag, látbragð og ásýnd fengu konunglegt yfirbragð. Það var engin uppgerð, hann varð aldrei eftirlíking afa síns og segja má að þessi breyting hafi verið andlegur arfur hans. Shoghi Effendi varð aldrei verulega náinn neinum nema nánustu meðlimum fjölskyldu sinnar og fyrstu árin einnig þeim sem voru aðstoðarmenn hans og ritarar. Eftir því sem árin liðu og byrði hans jókst dró jafnvel úr þessari persónulegu nánd. Þegar meðlimir Alþjóðlega bahá'í ráðsins settust að í Haifa kom það mjög sjaldan fyrir að hann hitti vestræna meðlimi þess einslega. Það gerðist þó þegar hann kvaddi þá þegar þeir fóru á brott eða þegar hann gaf Höndum málstaðarins fyrirmæli er þær fóru sem fulltrúar hans á einhverja ráðstefnu. Sú sem að þessu leyti naut mestrar hylli var Milly Collins. Hún var Verndaranum mjög kær vegna hollustu hennar

og einstæðrar ástar á honum. Eftir að faðir minn lést á heimili sínu í Kanada þar sem hann var í heimsókn bauð Verndarinn Milly að koma og búa í húsi Meistarans í sama herberginu og faðir minn hafði notað. Ástæðan var sú að hennar eigið herbergi í vestræna pílgrímahúsinu var fullt af sagga og hún þjádíst mjög af gigt. Að Lotfullah Hakim undanskildum bjuggu meðlimir Alþjóðalega bahá'í ráðsins allir í þessu húsi og öll samskipti Shoghi Effendi við meðlimi ráðsins fóru fram við kvöldverðarborðið eða með skilaboðum sem tengiliður hans bar þeim.

Þetta þýðir ekki að hann hafi ekki iðulega sýnt ráðsmeðlimunum, einkum Milly, gæsku sína og vinsemd. Hún var sú eina, að undanskildum þeim sem sá um póstinn hans, sem alltaf vissi hvar hann var staddur þegar við fórum frá Haifa (að undanskildum föður mínum að sjálfsögðu) og hafði því stöðugan aðgang að honum. Svo mikil og innileg var ást hennar á Shoghi Effendi—sem hún hitti fyrst skömmu eftir fráfall Meistarans—að hún skrifaði honum næstum aldrei beint heldur stílaði bréfin sín til mín til þess að hlífa honum við því að þurfa að svara henni beint. Hún vissi vel að sumir átrúendurnir höfðu í saklausri eigingirni sinni safnað ekki færri en 50 til 60 bréfum sem önnum kafinn penni hans hafði skrifað þeim! Hún var ákveðin í að bæta ekki neinu við þá byrði og öll hugsun hennar beindist að því að hlífa honum á allan hátt eins og í hennar valdi stóð við öllu auka áreiti og þjóna honum þannig að það færði hjarta hans einhverja gleði. Svo mikil var umhyggja hennar að þótt hún byggi í húsi hans fór hún strax til herbergis síns þegar hann fór út eða kom inn til þess að hann þyrfti ekki að eyða andartaki af naumum tíma sínum í tala við hana í nokkrar mínútur. Stundum gat hún ekki farið út vegna aldurs eða sjúkleika og þá heimsótti Verndarinn hana í stutta stund og færði henni oft gjöf. Ég man að hann kom eitt kvöldið þegar hún var veik og tók af sér mjúkan hlýjan trefil úr kashmír ull sem bahá'í hafði gefið honum og vafði honum sjálfur um hálsinn á henni. Trefillinn varð kærasta eign hennar og hún gat aldrei gleymt hlýrri snertingu hans nýkomnum af hálsi Verndarans.

En slík tengsl voru afar sjaldgæf í lífi Verndarans. Þannig var þó háttáð sambandi hans við föður minn. Mér hefur oft virst að af mörgum óverðskulduðum blessunum sem Guð í takmarkalausri miskunn sinni hefur veitt mér sé þessi dýrmætust—mikil og gagnkvæm væntumþykja Shoghi Effendi og föður míns. Bakgrunnur þessarar vináttu er gifting Verndarans elskaða. Allt fram til síðasta áratugarins í lífi föður



VERNDARINN VARÐ FJALLGÖNGUMAÐUR
Shoghi Effendi (með hlífðargleraugu) ásamt fjallgöngumönnum
og leiðsögumönnum þeirra í svissnesku Ölpunum.



ÓPREYTANDI ÁHUGI

Shoghi Effendi á fjallstindi í einni af ferðum sínum í svissnesku Ölpunum.



SHOGHI EFFENDI OG LEIÐSÖGUMADUR HANS

Verndarinn ungi, glaður og hamingjusamur, á fjallstíndi í svissnesku Ölpunum ásamt leiðsögumanni sínum. Shoghi Effendi var sjálfur með myndavél en einhver göngufélagi hefur vafalaust tekið þessa mynd.



HÆTTUR LEYNAST Á FJÖLLUM

Shoghi Effendi stendur hér við jökulgjá í svissnesku Ölpunum.



Á HÁTINDI HEIMSINS

Reiðhjól –bifreið fátæka mannsins– var í miklu uppáhaldi hjá Shoghi Effendi. Hann kleif stundum hæstu fjallaskörðin í Sviss og hafði hjólið með sér.



LJÓSMYND SHOGHI EFFENDI

Shoghi Effendi unni fögru landslagi og tók listrænar ljósmyndir.
Myndin er af flúðum í Rínarfljóti við Schaffhausen í Sviss.



VERNDARINN UNGI Í SVISS

Shoghi Effendi nýtur hinna víðþekktu vorakra með villtum liljum við Genfarvatn (Lac Léman).



INTERLAKEN Í SVISS

Verndarinn fór oft í 10 klukku tíma gönguferðir í fjöllumunum. Hér virðir hann þreyttur fyrir sér svissneska landslagið sem var honum svo kært.

míns var það móðir mín sem var frægi og umtalaði bahá'ínn. Hún hafði komið með fyrsta hópnum af pílgrímum frá Vesturlöndum til að heimsækja 'Abdu'l-Bahá í Akka veturinn 1898–9. Hún var fyrsti bahá'ínn sem steig fæti sínum á evrópska jörð, móðir bahá'í samfélaganna í Frakklandi og Kanada, ein af fyrstu og virtustu lærisveinum Meistarans sem hann elskaði mjög. Ég nefni þetta vegna þess að Shoghi Effendi sagði eitt sinn við hana þegar hann kom í kvöldverð í vestræna pílgrímahúsinu eftir að við giftumst, að hefði ég ekki verið dóttir May Maxwell þá hefði hann ekki kvænst mér. Það þýðir ekki að það hafði verið eina ástæðan en hún hafði greinilega verulega þýðingu. Í símskeyti sem hann sendi 3. mars 1940 þar sem hann tilkynnir opinberlega andlát móður minnar tveimur dögum áður segir hann „Við það heilaga band sem framúrskarandi þjónusta hennar hefur bundið bætist ómetanlegur heiður píslarvættisdauða. Tvöföld verðskulduð kóróna.“ Þessi orð gefa skýrt til kynna hvern þátt hún átti í kvonfangi hans og hjúskap. Í töflu sem 'Abdu'l-Bahá skrifaði til eins af andlegum börnum hennar segir hann: „Samvistir við hana örva og þroska sálina.“ Þangað til ég komst undir beint áhrifavald Verndarans og naut þeirra forréttinda að vera samvistum við hann í meira en 20 ár get ég sagt með sannni að skapgerð mín, trú mín á Bahá'u'lláh og hver sú þjónusta sem ég hafði fram til þess tíma getað veitt honum var alfarið áhrifum hennar að þakka. Allt þetta skýrir þá staðreynd að þegar ég kom með móður minni í þriðju pílgrímisför mína til Haifa í janúar 1937 var stöðu föður míns best lýst með því að segja að hann væri „eiginmaður frá Maxwell“.

Móðir mín var sú sem fyrst kynntist Shoghi Effendi sem barni þegar hún kom til landsins helga í lok 19. aldar. Hún kom aftur 1909 með föður mínum en ég veit ekki hvort þau höfðu þá nokkuð samband við Shoghi Effendi. Fréttin um andlát 'Abdu'l-Bahá barst móður minni símleiðis og kom yfir hana eins og reiðarslag. Áhrifin urðu þau að hún missti algjörlega heilsuna. Í eitt ár vissum við ekki hvort hún myndi lifa eða deyja eða hreinlega sturlast. Föður mínum þótti sem eina vonin til að vinna bug á sorg hennar og þeim dimmu hugrenningum sem ásóttu hana, hugsunum um að hún myndi aldrei sjá Meistarann elskaða aftur í næsta heimi vegna þess hve óverðug hún væri, fælist í því að hún færi aftur í pílgrímisferð til Haifa, í þetta sinn til að hitta ungan arftaka 'Abdu'l-Bahá. Við komum til Haifa í apríl 1923 og það var Shoghi Effendi sem bókstaflega reisti aftur til lífs þessa konu sem var svo

veik að hún gat varla staðið í fæturna og var bundin við hjólastól. Frá þeim tíma beindist ást móður minnar að Verndaranum og þegar hún gat snúið aftur til Ameríku eftir að við höfum verið tvær saman lengi í Haifa (með hléi í Egyptalandi meðan Shoghi Effendi var í Evrópu), byrjaði hún aftur að þjóna trúnni á virkan og lifandi hátt. Ég fór sjálf í pílagrímsferð þremur árum seinna með tveimur af bahá'í vinum móður minnar. Þegar við komum þangað 1937 voru við ekki lengur ókunnug hvort öðru heldur tveir einstaklingar á hátindi ástar sinnar.

Einfaldleikinn sem einkenndi hjónavígslu Shoghi Effendi og sem minnti á einfaldleikann við hjónavígslu 'Abdu'l-Bahá sjálfs í fangelsisborginni Akka ætti vissulega að verða umhugsunarefni og fordæmi fyrir bahá'ía hvarvetna. Enginn vissi að gifting væri á döfinni að undanskildum foreldrum okkar beggja, bróður hans og tveimur systurum sem bjuggu í Haifa. Hann fann hjá sér sterka þörf til að halda þessu leyndu því hann vissi af fyrri reynslu hversu miklum vandræðum allir meiriháttar atburðir í málstaðnum ollu. Bæði þjónarnir og bahá'íarnir á svæðinu urðu því furðu lostnir þegar bílstjóri hans hélt af stað með okkur tvö til að heimsækja heilagt grafhýsi Bahá'u'lláh síðdegis þann 25. mars 1937. Hjarta hans dró hann þangað á þessari stund í lífi hans. Ég man að ég var svartklædd við þetta einstæða tækifæri að undanskilinni hvítu knipplingablússu, dæmigert fyrir klæðnað austurlenskra kvenna þegar þær fóru út á meðal fólks á þessum tíma. Venja var að ganga í svörtum fötum. Þótt ég væri frá Vesturlöndum vildi Shoghi Effendi að ég semdi mig að þeim siðum sem tíðkuðust á heimili hans—sem var afar austrænt—og gerði það eins eðlilega og lítt áberandi og mér var unnt. Ég varð á allan hátt og með mikilli ánægju við öllum óskum hans. Þegar við komum til Bahjí og gengum inn í grafhýsið bað hann mig um að láta sig hafa hringinn sem ég gekk ennþá með um hálsinn. Hann dró hringinn á baugfingur hægri handar minnar—en sjálfur hafði hann gengið með hringinn á þeim fingri. Annað gerði hann ekki. Hann gekk inn í innra grafhýsið, en undir gólfi þess hvíla jarðneskar leifar Bahá'u'lláh. Hann safnaði í vasaklút öllum þurrum krónublöðum og blómum sem gæslumaður grafhýsisins var vanur að taka og setja í silfurkerald við fætur Bahá'u'lláh. Eftir að hann hafði sungið vitjunartöfluna fórum við aftur til Haifa og hin raunverulega hjónavígsla fór fram í herbergi Hins helgasta laufs eins og fyrr greindi. Að þessari heimsókn undanskilinni, deginum sem hann sagði mér að hann hefði valið mig til þessa mikla

heiðurs og einni eða tveimur örstuttum stundum í vestræna pílagríma-húsinu þegar hann kom til kvöldverðar, hafði ég aldrei verið ein með Verndaranum.

Það voru engin hátíðahöld, engin blóm, engin flókin athöfn, enginn brúðarkjöll, engin móttaka. Í samræmi við lög Bahá'u'lláh gáfu móðir hans og faðir til kynna samþykki sitt með því að undirrita giftingarvottorð okkar og síðan fór ég aftur yfir í vestræna pílagrímahúsið handan við götuna og hitti þar foreldra mína (sem ekki voru viðstödd athöfnina) en Shoghi Effendi fór að sinna sínum eigin málum. Við kvöldverðinn birtist Verndarinn eins og venjulega og úthelti ást sinni og hamingjuóskum yfir móður mína og föður. Hann tók vasaklútinn með dýrmætum blómunum, afhenti hann móður minni með sínu óviðjafnanlegu brosi og sagði að hann hefði komið með þau frá innra grafhýsi Bahá'u'lláh. Foreldrar mínir undirrituðu einnig giftingarvottorðið. Eftir kvöldverð og þegar allt var afstaðið gekk ég heim með Shoghi Effendi, en Fujita hafði borið ferðatöskur mínar yfir götuna meðan við snæddum kvöldverðinn. Við sátum um stund með fjölskyldu Verndarans og fórum síðan upp til herbergjanna tveggja sem Hið helgasta lauf hafði látið innréttu fyrir hann löngu fyrr.

Sá blær rósemi, einfaldleika, hógværðar og virðuleika sem einkenndi þessa hjónavígslu táknaði ekki að Verndarinn liti á hana sem léttvægan atburð, þvert á móti. Hann sendi eftirfarandi skeyti með undirskrift móður sinnar til Ameríku. „Tilkynnið ráðum hátíðlega athöfn hjónavígslu Verndarans elskaða. Ómetanlegur heiður veittur þjónustumey Bahá'u'lláh Ruhiiyyih Khánum, Miss Mary Maxwell. Eining austurs og vesturs sem Bahá'u'lláh lýsti yfir staðfest. Ziaiiyyih móðir Verndarans.“ Svipað símskeyti var sent til Persíu. Þessara fréttu hafði lengi verið beðið og þær urðu eðlilega tilefni mikils fagnaðar meðal bahá'ía. Símskeyti streymdu til Shoghi Effendi frá öllum heimshlutum. Símskeytinu sem barst frá þjóðarráði Bandaríkjanna og Kanada svaraði Shoghi Effendi þannig: „Djúpt snortinn eftir lestur skeytis ykkar. Stofnun Verndarans, sem er yfirstjórnandi og hornsteinn stjórnskipulags málstaðar Bahá'u'lláh, hefur nú þegar göfgast vegna lifandi tengsla við tvo stofnendur bahá'í trúarinnar og styrkist nú enn frekar með beinni tengingu við Vesturlönd, sérstaklega við amerísku átrúendurnar sem eiga það fyrir hendi að ryðja braut heimsskipulagi Bahá'u'lláh. Óska sjálfur samfélagi amerísku átrúendanna til hamingju með bandið sem bindur þá við svo mikilvæga stofnun trúar sinnar.“

Ótölulegum fjölda annarra skeyta svaraði hann nánast á einn veg með því þakka þeim ástúðlega fyrir hamingjuóskir þeirra. En jafnvel í þessum símskeytum finnum við að viðbrögð hans voru alltaf í samræmi við einlægni og hreinar hvatir þess sem sendi þau. Þegar einstaklingur sem hann hvorki treysti né hafði á sérstakar mætur sendi honum heillaóskaskeyti (að því er virtist óaðfinnanlegt) lét Verndarinn engar þakkir í ljósi en sagði þess í stað „bið fyrir þér við hin helgu grafhýsi „sem í raun jafngilti því að segja „Ég þarf ekki á heillaóskum þínum að halda en þú þarft svo sannarlega á bænum mínum að halda!“ Eitt þeirra skeyta sem barst á þessum tíma og var hvað hjartnæmast varðaði samskipti bahá'íanna í Ishqabad og Verndarans. Shoghi Effendi sendi þessi skilaboð með aðstoð milliliðs: „Vinsamlega segðu bahá'íunum í Ishqabad að boð þeirra sé mikils metið og við biðjum stöðugt fyrir vernd þeirra.“ Þegar John og Louise Bosch sendu honum þetta skeyti: „Ljómandi fögur hjónavígsla heillaði alheiminn“ sýndi Verndarinn með svari sínu hve djúpt þessi ástríku skeyti sem streymdu til hans snertu hann: „Met óumræðilega mikils heillandi skeyti, innilegasta ást.“ Annað sérstaklega hlýtt svar var sent til Ástralíu og Nýja Sjálands: „Fullvissa ástvini í Ástralíu og Nýja Sjálandi um djúpt og varanlegt þakklæti“.

Þýðingarmesta atriðið sem tengdist giftingu Verndarans var áherslan sem hann lagði á að hún hefði fært löndin í austri og vestri nær hvort öðru. Og ekki nóg með það heldur höfðu önnur bönd einnig verið styrkt og til þeirra stofnað. Þessari fyrirspurn frá ameríska ráðinu: „Biðjum um ráðleggingar varðandi það hvernig eigi að kynna giftinguna“ svaraði Shoghi Effendi: „Samþykki almenna tilkynningu. Leggið áherslu á þýðingu Verndarstofnunina fyrir einingu austurs og vesturs og tengingu hlutskiptis Persíu og Ameríku. Vísið til heiðurs sem veitist þjóðum bresku krúnunnar“—en þetta var bein vísun til föður míns sem var Kanadamaður af skoskum ættum.

Allt hafði þetta slík áhrif á ameríska samfélagið að þjóðarráðið upplýsti Verndarann að það ætlaði að senda 19 dollara frá sérhverju af 71 ráði í Ameríku „til að styrkja tafarlaust nýtt samband sem stofnað hefur verið til og sem tengir ameríska átrúendur við Verndarstofnunina.“ Þetta var sannlega mjög óvenjuleg og hreinhjörtuð brúðkaupsgjöf til málstaðarins sjálfs!

Starf Shoghi Effendi eftir giftingu okkar hélt áfram með nákvæmlega sama hætti og áður. Foreldrar mínir voru í Palestínu í tvo mánuði og

dvöldu að mestu í vestræna pílagrímahúsinu. Þótt Verndarinn snæddi með þeim kvöldverð næstum daglega voru engin tækifæri til að mynda náin persónuleg tengsl. Loks leið að brottfarardegi og móðir mín sagði þá við mig: „Mary, heldur þú að Verndarinn muni kveðja mig með kossi?“ (Þótt allir kölluðu mig hinu nýja persneska nafni mínu Rúhíyyih Khánum sem Verndarinn hafði gefið gat mín eigin fjölskylda auðvitað leyft sér að kalla mig Mary, nafn sem þau höfðu notað alla ævi). Mér hafði aldrei dottið þetta í hug. Ég sagði Shoghi Effendi frá þessu en fór þess auðvitað ekki á leit við hann að gera eitthvað í málinu! Foreldrar mínir fóru um kvöldið og eftir hádegisverð hélt Verndarinn einn síns liðs á fund móður minnar í pílagrímahúsinu. Þegar hann kom til baka fór ég til hennar. Augu hennar ljómuðu eins og tvær stjörnur og hún sagði: „Hann kyssti mig“.

Árin liðu og 1940 ákvað móðir mín að brautryðja til Argentínu. Hana langaði sárlega til að verða málstaðnum að einhverju liði í þakkarskyni fyrir þær óendanlegu blessanir sem Meistarinn hafði veitt henni. Sú síðasta hafði verið þessi fullkomlega óvænta sameining dóttur hennar og Verndarans ástkæra í hjónabandi. Hún hélt til Suður Ameríku til að hjálpa til við kennslustarfið í Argentínu en þar var bahá'í samfélag rétt að byrja að myndast. Þau sterku tengsl sem mynduðust milli Shoghi Effendi og föður míns hófust í rauninni á þessum tíma. Þótt Shoghi Effendi hefði geðjast vel að föður mínum og laðast að ósvikum eiginleikum hans þegar hann var í Haifa hafði þeim hvorki gefist tími né tækifæri til að mynda náin tengsl. Nú þegar móðir mín, sem var orðin sjötug og hafði verið pasturslítil mestalla ævina, lagði af stað til endimarka heimsins skildi Verndarinn hvaða þýðingu þetta hafði fyrir föður minn. Hann sendi honum símskeyti 20. janúar 1940: „Met mjög mikils göfuga fórn, innileg ást.“ Hann sendi móður minni símskeyti sama dag þegar hún lagði af stað og sagði að hann væri „stoltur af göfugri ákvörðun“. Verndarinn, faðir minn og ég höfðum samþykkt að hún færi í þessa löngu ferð þrátt fyrir aldur og veikt hjarta. Hér var töluverð áhætta tekin, að ekki sé meira sagt.

Ástæðan fyrir því að ég skrái alla þessar persónulegu endurminningar er að í þeim og bak við þær var andi og blítt hjarta Verndarans, helgun hans sjálfs í þjónustu sinni við málstaðinn, sóminn sem hann sýndi öðrum sem leiðtogi trúarinnar og sem endurspegladist í öllum þeim atburðum sem síðar gerðust. Móðir mín kom til Buenos Aires og dó þar næstum strax af hjartaslagi. Þrjú símskeyti voru send—eitt frá henni

þar sem beðið var um fyrirbærir Verndarans, eitt frá föður mínum sem sagði að hún væri fárveik og bað mig að búa mig undir slæm tíðindi og eitt frá frænku minni Jeanne Bolles, sem hafði fylgt móður minni og sagði frá andláti hennar. Shoghi Effendi afhenti mér öll þessi skeyti. Þegar hann las þau sá ég andlit hans breytast og hann horfði á mig, svipur hans lýsti miklum áhyggjum og umhyggju. Síðan varð hann að segja mér að hún væri látin. Ég get ekki ímyndað mér að nokkur mannvera hafi nokkurn tíma orðið aðnjótandi jafn ósvikinnar gæsku og Verndarinn sýndi mér meðan ég var í áfalli og sorg. Lofsyrði hans um fórn hennar, lýsingar hans á fögnuði hennar í næsta heimi þar sem „hinar himnesku sálir munu leita blessunar hennar í miðri paradís“, eins og hann sagði í skeyti til þjóðarráðsins í Írak þar sem hann skýrði vinunum frá andláti hennar, lifandi lýsing hans á hvernig hún gekk um Abhá konungsríkið og var þar algjör plága vegna þess að það eina sem hún vildi tala um var ástkær dóttir hennar á jörðinni! Allt varð þetta til þess að fylla mig slíkri hamingju að ég varð oft að hlægja með honum að því sem hann virtist raunverulega skynja.

Það var andlát hennar sem varð til þess að nán tengsl mynduðust milli Verndarans og föður míns, Sutherland Maxwell, tengsl sem gerðu honum kleift að klífa hæstu hæðir þjónustu við málstaðinn áður en hann sjálfur lést. Þann 2. mars sendi Shoghi Effendi föður mínum símskeyti: „Djúp sorg en samt huggun í varanlegri vitund um viðeigandi endi á svo göfugum ferli hugrakktrar fordæmislausrar þjónustu við málstað Bahá'u'lláh. Þótt Rúhíyyih syrgi óbætanlegan missi fagnar hún með virðingu og þökk ódauðlegri kórónu sem nafntoguð móðir hennar hefur áunnið sér og verðskuldar. Ráðlegg greftrun í Buenos Aires. Grafhýsi hennar sem þú hannar og ég reisi á staðnum þar sem hún barðist og féll verður sögulegur miðpunktur fyrir starfsemi bahá'í brautryðjenda. Velkominn til að ganga frá þessum málum og setjast að í Haifa. Fullvissa þig um dýpstu samúð.“

Það var þetta skeyti sem fékk arkitektinn föður minn til að koma til Haifa og gerði honum kleift og nota mikla faglega þekkingu sína og reynslu til að gera áætlanir 'Abdu'l-Bahá að veruleika með því að hanna viðeigandi yfirbyggingu fyrir heilagt grafhýsi Bábsins sem Meistarinn sjálfur hafði byrjað á. Meðan á stríðinu stóð varð kreppan í samskiptum Shoghi Effendi við meðlimi sinnar eigin fjölskyldu stöðugt alvarlegri og olli honum mikilli hugraun. Hann myndaði náíð samband við Sutherland sem bætti að einhverju leyti upp allar

þrautirnar sem við þurftum að ganga í gegnum. Það er ekki auðvelt að verða náinn vinur einhvers sem stendur manni ómælanlega langt ofar og að í slíkri viðkyrningu glatist ekki sú virðing sem þeirri upphöfnu persónu ber. En faðir minn brást aldrei í þessu. Stundum þegar hann hafði fært Verndaranum nýja teikningu og Verndarinn sat á rúminu sínu og hallaði sér aftur á koddana bauð hann föður mínum að setjast hjá sér svo þeir gætu farið betur yfir smáatriðin saman. Menn geta rétt ímyndað sér hvað það þýddi fyrir mig að sjá þessi tvö elskuðu höfuð saman, annað hvítt og hitt aðeins byrjað að grána í vöngum! Slík skammvinn friðarstund og fjölskyldusæla í stormasömu lífi okkar gerði bikarinn, sem oft var mjög beiskur, sætari.

Faðir minn varð fársjúkur veturinn 1949–50 og læknað örvæntu um ástand hans. Svo kom að hann virtist ekki vera með meðvitund lengur, þekkti mig ekki, eina barnið sitt sem hann dýrkaði, og hafði ekki meiri stjórn á sér en sex mánaða gamalt barn. Hafi ég þarfnast einhverrar fullvissu um sál mannsins fékk ég endanlega sönnun um tilvist hennar á þeim tíma. Shoghi Effendi kom stundum inn til að líta til föður míns og þótt hann gæti ekki talað og gæfi alls engin meðvituð merki um nálægð Verndarans, varð á honum breyting. Það fór um hann skjálfti, viðbrögðin stóðu stutt en voru samt sem áður sýnileg og komu aðeins þegar Shoghi Effendi birtist. Þetta var svo sérstakt og svo augljóst að hjúkrunarkonan hans (sú besta í Haifa) tók líka eftir því og undraðist mjög. Þetta gekk gegn öllum lögmálum mannshugarins því þegar hann fjarar út minnst hann betur viðburða sem eru fjarlægir í tíma en þeirra sem eru nýliðnir. Shoghi Effendi tók þá ákvörðun að faðir minn ætti ekki deyja. Þegar allir, þar á meðal ég, höfðum gefið upp alla von um að hann myndi lifa veikindi sín af krafðist Verndarinn þess að við færum með hann og hjúkrunarkonu hans til Sviss. Þar batnaði honum hratt í umsjá okkar eigin lækni. Hann náði svo góðum bata að nokkrum vikum síðar þegar nýja svissneska hjúkrunarkonan hans og ég fórum meðan hann í fyrstu ökuferðina og hann sá kaffihús miðsvæðis í garði einum bauð hann okkur strax að koma inn með sér og drekka með honum te. Þessu boði tók ég og get ekki lýsti þeim tilfinningum undrunar og þakklætis sem gripu mig á þeirri stund. Það var eftir að þessi lækning átti sér stað að Verndarinn sendi skeyti til Ameríku í júlí 1950 þar sem hann skýrði frá framkvæmdum við bygginguna á grafhýsi Bábsins og vísaði til þessara atburða með eftirfarandi orðum: „Þakklæti mitt eykst vegna þess bata sem hæfileikaríkur arkitekt

graphýsisins, Sutherland Maxwell, hefur náð og er kraftaverki líkastur. Læknar höfðu talið að veikindi hans myndu draga hann til dauða.“

Þótt faðir minn lifði þessi veikindi af var hann mjög máttfarinn og þjáðist af síendurtekinni sýkingu í gallblöðru sem að lokum dró hann til dauða. Ég undraðist þessi ár þá dásamlegu blíðu og þolinmæði sem Shoghi Effendi sýndi þessum gamla manni. Þetta sýndi mér nýja hlið á eðli Verndarans, því hann var óþolinmóður að eðlisfari, alltaf undir stöðugu álagi vegna vinnu sinnar. Engin orð fá lýst aðdáun föður míns á honum. Tilfinningar hans byggðust ekki aðeins á djúpri trú hans sem bahá'ía, virðingu hans og hollustu við Verndara trúarinnar heldur einnig ást hans og auðvitað líka persónulegum venslum þeirra sem tengdaföður og tengdasonar. Ég man að þegar systir föður míns, sú eina sem var á lífi, lést árið 1942 sagði Shoghi Effendi honum að hann mætti ekki lengur líta á Montreal sem sitt fyrsta heimili og Haifa sem annað heimili heldur væri því öfugt farið. Verndarinn sagði líka að nú þegar hann nyti stöðugt meiri hjálpar frá föður mínum gæti hann ekki lengur án hans verið. Viðhorf Shoghi Effendi til ættingja föður míns, sem ekki voru bahá'íar (aðeins ein systir sem lést mörgum árum áður var átrúandi) gaf innræti hans og eðlisfar skýrt til kynna. Ég man að þegar ég giftist skrifuðu þessir ættingjar hlýjar hamingjuóskir til mín og sendu ástarkveðjur til „Shoghi“. Ég var dálítið vandræðaleg og vissi varla hvernig ég ætti að segja Tákni Guðs á jörð frá þessu skeyti, en ákvað loks að gera það og las fyrir hann málsgreinina úr bréfi frænku minnar. Hann hlustaði með athygli og eftir andartak sagði hann á ljúfasta hátt að ég skyldi „bera þeim ást mína líka“. Skipst var á slíkum skeytum öll árin. Hve lítillátur, göfugur og tilgerðarlaus var hann ekki í öllum sínum gerðum!

Ein af aðferðum Shoghi Effendi til að sýna föður mín vináttu sína og gæsku var að bera á hann rósavatn af miklum ákafa. Í Austurlöndum er ekkert fávíslegt bann við því að karlmenn noti ilmvatn og Verndarinn elskaði þennan yndislega ilm. Það var dásamlegt að sjá svipinn á Skotanum, föður mínum, þegar rósavatnið var borið á hann! Hann var því vanur úr sinni eigin menningu og uppeldi að fordæma karlmenn sem notuðu ilmvatn. Hann notaði aldrei ilmsmyrsl. Svipurinn á andliti hans varð hinn furðulegasti þegar Verndarinn bar á hann rósavatnið og lýsti annarsvegar óttanum við þá tilhugsun að nú myndu aðrir finna af honum sterkan ilm en hinsvegar hreinni gleði hans yfir þeirri ástúðlegu athygli sem ástkær Verndari hans sýndi honum!

Árið 1951 ákvað Verndarinn að faðir minn færi með okkur til Sviss. Þegar leið að heimkomunni til landsins helga var okkur sagt að fæðuframboð þar væri svo takmarkað að nánast ómögulegt væri að fá handa honum þann ferska mat sem var honum svo nauðsynlegur og kom í veg fyrir að heilsa hans versnaði aftur. Hann langaði sjálfan mjög til að heimsækja heimili sitt og sjá fjölskyldu sína eftir meira en ellefu ára fjarveru. Verndarinn ákvað því að senda hann til Kanada með sömu trúföstu svissnesku hjúkrunarkonunni sem hafði annast hann árið áður og var nú aftur í för með okkur. Það var þar á hans gamla heimili og í fæðingarborg hans þar sem honum barst fréttin um að Verndarinn hefði upphafið stöðu hans og gert hann að Hönd málstaðarins og það á þeim tíma sem líf hans fjaraði hratt út.

Shoghi Effendi hefði vel getað verið án þeirrar erfiðleika sem löng veikindi föður míns, bati hans, endurtekinn sjúkleiki og andlát bökuðu honum. Þegar fréttirnar bárust í mars 1952 um að hann væri orðinn veikur varð ég að hraða mér til Montreal til að geta séð hann á lífi. Þetta var enn eitt áfallið. Þegar ég bjó mig í skyndingu undir brottförina var eina bæn mín sú að ef hann ætti að deyja mætti það gerast áður en ég færi til þess að ég þyrfti ekki að skilja Shoghi Effendi eftir einan mitt í öllu önnum hans og þurfa kannski að upplifa að faðir minn vissi ekki einu sinni af mér. Þessari bæn var svarað og fréttir bárust um að hann hefði verið leystur frá þessari veröld. Shoghi Effendi syrgði hann svo mjög að ég hafði engan tíma til að staldra við og leiða hugann að því að þegar allt kæmi til alls væri það faðir minn sem hefði látist. Ég nefni allt þetta vegna þess að það sýnir þættina sem voru samofnir lífi Verndarans, tilfinningarótið, raunirnar og hörmungarnar sem hjarta hans mátti þola og sem tærðu það hægt og hægt.

Eftir að frú Collins og ég höfðum með samþykki Verndarans sótt alþjóðaráðstefnuna sem var haldin í Chicago 1953 fórum við til Montreal til þess að ég gæti heimsótt gröf föður míns, gengið frá mínum málum og gefið kanadíska þjóðarráðinu húsið okkar í samræmi við óskir hans og móður minnar. Það var eina heimilið í Kanada sem 'Abdu'l-Bahá hafði heimsótt meðan á ferðum hans í Norður Ameríku stóð. Shoghi Effendi gleymdi ekki þeim sem hann elskaði; tryggð hans í öllum tengslum við annað fólk var mjög sterk. Eftir að hafa sjálfur sent símskeyti til bah'í ráðsins í Montreal sendi hann mér eftirfarandi símskeyti 9. maí 1953: „Hef gefið ráðinu í Montreal fyrirmæli um að safna vinunum saman við gröf Sutherland og heiðra minningu

hans. Ráðlegg blóm við grafhýsi hans, kaupið einnig sérválin blóm fyrir hundrað dollara, flest blá, og setjið á gröf hans fyrir mína hönd. Setjið eftirfarandi grafskrift á legstein hans: Þakklátur fyrir minningu Sutherland Maxwell Hönd málstaðarins, hæfileikaríkan og heitt elskaðan arkitekt yfirbyggingarinnar á grafhýsi Bábsins. Shoghi. Komdu með stórar ljósmyndir af vinunum sem safnast saman við gröfina. Sendu dagsetningu og tíma fyrir athöfnina svo hægt sé að minnst hans í grafhýsinu.“ Það sem snart mig mest var að hann hafði ekki aðeins látið mig hafa í Haifa glas með rósavatni til að setja á gröfina og blóm frá grafhýsi Bábsins heldur tók hann sérstaklega fram að blómin á gröfina ættu að mestu að vera blá, minnugur þess að þetta var litur Sutherlands sem alltaf gekk í bláum fötum. Þegar ég sneri aftur til Haifa tók hann þær mörgu ljósmyndir sem ég kom með, horfði á þær lengi og varðveitti þær síðan sjálfur.

VIII

PERSÓNULEGAR SVIPMYNDIR

Hér á eftir mun ég leitast við að gefa ofurlitla svipmynd af lífi Verndarans og þeirri hlið hans sem aðeins nánustu fjölskyldumeðlimir kynntust. Í þessu skyni vitna ég til nokkurra útdráttanna úr mínum eigin dagbókum. Hafa verður í huga að ég hélt ekki dagbækur reglulega á þessum árum og eins og gerist með flestar dagbækur gefa þessir útdrættir aðeins óljósa mynd af atburðum sem tekið hefði marga klukkutíma að skrá í smáatriðum. Seinna hætti ég nánast alveg að halda dagbækur vegna þess að ég hafði til þess hvorki orku né tíma. Vísanir til fólks sem þar er að finna eru ekki af persónulegum toga heldur lýsa þær einungis bakgrunni atburða í daglegu lífi Shoghi Effendi um leið og þeir gerast. Það er eitthvað við orð sem skrifuð eru í tilfinningahita eða í mikilli nánd við samtímaatburði sem ekki kemst til skila þegar farið er yfir þau síðar meir. Það er til að fanga aftur þessa sterku og áleitnu tilfinningu, sem ég hef leyft mér að birta þessar fáu tilvitnanir án þess að gera nokkra tilraun til að útskýra þær nánar. Ég er aðeins að lyfta blæjunni af aragrúa atburða sem gerðust í daglegum önnum og mæðu.

[1939] „Mér finnst stundum sem þessi einstæða hlutlægni Shoghi Effendi sé einn þeirra eiginleika sem Guð hefur gætt hann. Hann er fullkomlega ósjálfmeðvitað tæki. Hvatlyndi hans er gríðarlegt og enginn (þ.e. enginn hlutlaus áhorfandi) gæti efast um gríðarleg afrek hans fyrir Málstaðinn, sem öll eru unnin með þessu hiklausu hvatlyndi. Það einkennir allar ákvarðanir hans—en auðvitað veltir hann hlutunum fyrir sér vikum saman, stundum árum saman, áður en hann framkvæmir. Þarna er öll hugsun heimsins, en þegar hvötin grípur hann bíður hann ekki í fimm sekúndur!“

[1939] „Meistarinn gaf okkur trúnaðargjöf og hún er Verndarinn. Hann vildi að honum yrði sýnd umhyggja „til þess að enginn vottur örvæntingar megi flekka geislandi eðli hans.“ Vottur örvæntingar! Hann hefur sætt svo hraklegri meðferð og sársauka af hendi þeirra sem

hefðu átt að styrkja hann og styðja að geislandi eðli hans bregður svo sjaldan fyrir núna. Stundum sé ég það eins og sól sem skín í ástkæru andliti hans—hann þjáist svo mikið að oft verður hann að leggjast í rúmið vegna þess að hann hefur bókstaflega látið yfirbugast!“

[1939] Hann þjáðist: „svo oft og svo sárlega þegar allt benti til þess að senda þyrfti samfélagið frá Haifa.“

[8-8-39] „Fór á fætur klukkan sex í dag og náði í nauðsynlegar vegabréfsáritanir (alltaf með þeim fyrirvara að við komumst burt frá Sviss) og höfum verið á ferðalagi í aðeins 18 tíma! Og þetta er ekki fyrsti dagurinn þegar allt þarf að gerast með hraði . . . og þetta er dæmigert fyrir líf mitt. Ekki tími til neins . . .“

[6-9-39] „Komin aftur til Miðausturlanda . . . algjörlega útslitin eftir þessa ferð, svefnlaus mestallan tímann. Eina nóttina sváfum við í eina og hálfu klukkustund! Það sem gerst hefur í veröldinni virðist alls ekki raunverulegt. Förum í gegnum myrkvaða bæi—sjáum hersveitir á ferð—bíðum eftir að heyra útvarpsfréttir . . . Leiðirnar sem Shoghi Effendi þarf að fara hafa opnast honum eins og alltaf mun gerast—sviðið virtist hrynja fyrir aftan okkur en við komumst örugg í gegn.“

[5-10-39] „Hann segir að honum líði eins og brotnum reyrstaf. Vafalaust að einhverju leyti vegna þess að hann hefur verið veikur í tíu daga með háan hita—hitinn komst nokkrum sinnum upp í 40 stig! Z_____ og ég höfum hjúkrað honum dag og nótt. Að segja að það hafi verið nokkurskonar helvíti eru engar ýkjur. Að vera ein með Verndaranum svo veikum ásamt ókunnum lækni var svo mikið álag og ábyrgð! Ég held að í heila viku höfum við sofið í mesta lagi 4 klst. á sólarhring!“

[22-1-40] „Verndarinn og málstaðurinn eru ósæranlegir. Mig langar oft til að segja við bahá'ána: „Fylgið honum gegnum eld og eimyrju eða himneska sælu, líf eða dauða, blind eða sjáandi, haldið fast við hann, hann er „ykkar eina hjálpræði.“ Í kvöld kom hingað maður. Hann fór inn í húsið sem bahá'í en fór út sem sáttmálsbrjótur. (Hann neitaði algjörlega að hlýða Verndaranum). Hann stóð lengi við hliðið. Mig langaði til að hrópa til hans „Ætlaðu að skilja sál þína svo auðveldlega eftir?“ Eftir öll þessi ár, alinn upp í trúnni, varpar hann henni svo léttilega frá sér! Og hvað hefur lífið að bjóða mönnunum nema sál þeirra? Og dýrmætustu gjöf Guðs varpar hann frá sér við vegbrúnina vegna þessi að núna er erfitt og óþægilegt að hlýða . . . Ef vinirnir aðeins

vissu hvernig Meistarinn og Verndarinn hafa báðir þjáðst af völdum bahá'anna sem hér búa. Sumir þeirra voru góðir. En sumir voru spilltir. Þegar einhver er reikull í sáttmálanum er eins og hann ráðist á sjálfan líkama Opinberandans, Fyrirmyndarinnar eða Verndarans. Ég hef séð þetta. Það virkar eins og eitur. Hann nær sér aftur en það veldur honum ósegjanlegum þjáningum og það var af þessum ástæðum sem Meistarinn líkti sér í erfðaskrá sinni við „þennan vængbrotna fugl.“ Árásin er líkamlegs eðlis í djúpum skilningi þess orðs. Hún hefur alls ekkert með tilfinningar að gera.“

[*Athugasemd frá Shoghi Effendi*] „Þú getur ekki verið hetja án gerða. Þetta er prófsteinninn. Ekki hreyfing, ekki að koma eða fara, heldur vitnisburður skapgerðar þinnar. Jacky [Marion Jack] er hetja vegna framferðis síns, hetjuandinn opinberaðist í henni. Marta [Martha Root] var hetja í verkum sínum. Hún hélt áfram uns hún hneig niður.“

[*Athugasemd frá Shoghi Effendi*] „Fyrir bahá'ía er tilgangur lífsins að stuðla að einingu mannkyns.“ „Markmið okkar er að skapa heims-siðmenningu sem að sínu leyti mun orka á skapgerð einstaklingsins.“

[*Athugasemd frá Shoghi Effendi*] „Ég veit að þetta er þjáningabraut. Ég þarf að ganga hana allt til enda. Allt verður að gera með þjáningu.“

[2-1-42] „Hann segir að ef til vill sé þetta ekki síðasta stríðið áður en hinn minni friður gengur í garð. Kannski verður þrátefli eða vopnahlé og síðan mun allt springa aftur í loft upp eða halda áfram og verða verra en nokkru sinni fyrr. Hann er auðvitað ekki kreddufullur í skoðunum sínum, hann segir aðeins, „Kannski, það er alveg hugsanlegt.“

[5-1-42] „Þau [fjölskyldan] eru ekki lengur í takt við hinn alltumlykjandi tón í þessu húsi—Verndarann—og þess vegna hafa þau enga möguleika á að bæta hegðun sína sem bahá'íar þegar það sem skiptir mestu máli er úr lagi gengið.“

[7-1-42] „Allt veldur þetta Verndaranum sársauka. Ég hef miklar áhyggjur af hjarta hans. Síðustu nótt sló það svo hratt, allt of hratt! Og stundum andar hann þungt og hratt, jafnvel klukkutímum saman því að hann er í of mikilli geðshræringu . . . Verndarinn býr yfir einhverju sem líkja mætti við loftvog. Hún mælir andlegan þrýsting manns, ef svo má að orði komst; hið ytra getur ekkert skýrt hversvegna hann kemst stundum í slíka geðshræringu yfir einhverju sem hann hefur ekki ennþá frétt af! Ég hef séð þetta gerast oft og mörgum sinnum. Hann bregst við strax og af eðlishvöt. Seinna kemur orsökina oft í ljós og ég sé í svipsýn hvernig allt átti sér stað. Að lokum verður þetta

honum að aldurtíla. Hvenær og hvernig það gerist veit Guð einn í vísu sinni. Hann mun alltaf hrósa sígra—það hefur hann alltaf gert. En smám saman, hægt og bítandi, draga þessi stöðugu vandamál, þessi eilífa barátta, fyrst við einn og síðan annan fjölskyldumeðlim, úr honum þrekið. Hann er beygður. Hjarta hans er óstyrkt. Taugar hans örmagna . . .“

[16-3-42] „Þau (fjölskylda Meistarans) hafa gert sér far um að brjóta Verndarann niður andlega. Í eðli sínu er hann kátur og fjörmikill og hefur til að bera einstæða og dásamlega eðlisbirtu sem gerir að verkum að hann geislar þegar hann er hamingjusamur og þegar eitthvað vekur áhuga hans. En stöðugt stríð við fjölskyldu Meistarans, áföllin sem hann hefur þurft að þola á ferli sínum sem Verndari (vegna ýmissa kreppa í málstaðnum) . . . hafa yfirþyrmt hann. Hvenær (á þeim síðustu fimm árum sem ég hef getað fylgst með honum) sem byrjar að birta yfir honum, kemur einhver og íþyngir honum með einhverri áhyggju-eða eymdarbyrði og þá er öllu lokið! Það er glæpsamlegt! Hversu oft hef ég heyrt hann segja: „Ef ég aðeins væri hamingjusamur, ef þau gætu aðeins gert mig glaðan, þá myndirðu sjá hverju ég fengi áorkað fyrir þennan málstað!“ Hann er eins og uppsprettulind. Í hvert sinn sem hún byrjar að streyma og kliða, kemur eitthvað og stíflar hana aftur! Þegar maður gerir sér grein fyrir að „allt sem hann hefur gert fyrir málstaðinn“ hefur hann gert þrátt fyrir þjáningarnar og ofsóknirnar, aldrei vegna þess að hann væri frjál, hamingjusamur og áhyggjulaus, skilur maður hve mikið afrek þetta var og hugsar til þess hvað gæti hafa gerst hefði hann verið hamingjusamur. Shoghi Effendi hefur verið misþyrmt. Þetta er eina orðið yfir það, misþyrmt, misþyrmt, misþyrmt. Núna er hann í sporum manns sem berst með bakið að veggnum. Hann segist munu berjast gegn því allt til enda . . .“

[20-3-42] Þegar Shoghi Effendi var að vinna að bók sinni *God Passes By* rákust tvær herflugvélar í æfingaflugi saman og hröpuðu. Önnur þeirra fór yfir þakið á húsinu okkar svo lágt að ég hélt að hún myndi taka með sér loftið af herbergi Shoghi Effendi. Hún lenti og sprakk í loft upp í um 90 metra fjarlægð við enda götunnar.

[26-4-42] „Shoghi Effendi hefur verið að tala við mig um mæðu sína og hugraunir. Hann segir að þeir sem voru með ‘Abdu’l-Bahá hafi orðið honum að aldurtíla eins og þeir urðu Bahá’u’lláh að aldurtíla. Hann segir jafnvel „Þau munu líka ganga af mér dauðum.“ Hann sagði mér að Haji Ali hefði sagt honum að nokkrum dögum fyrir uppstigningu

Bahá'u'lláh hafi hann kallað Haji Ali á sinn fund (til að ræða við hann um eitthvað). Hann gekk fram og aftur en var í of miklu uppnámi til að tala og gaf loks Haji Ali bendingu um að fara. Haji Ali gat séð hve reiður hann var þótt hann segði ekki orð um það. Síðan sagði Verndarinn að Bahá'u'lláh hlyti að hafa liðið hræðilegar þjáningar vegna þess að hann gat auðvitað séð fyrir hvernig Muhammad 'Ali myndi snúast gegn Meistarinum í framtíðinni. En hann hélt því öllu fyrir sjálfan sig.“

[18-5-42] „Shoghi Effendi segir svo oft að Meistarinn hafi sagt þeim (fjölskyldu sinni) að þau „yrðu öll niðurlægð“ eftir að hann væri fallinn frá.“

[4-7-42] „Síðan er það innrásin í Egyptaland. Hann veltir því fyrir sér hvort sé verra — að fara eða vera kyrr ef allt skyldi fara á versta veg hér. Óvissan reynir mjög á okkur. En sannleikurinn er sá að við erum orðin svo vön erfiðleikum að þeir eru nánast hættir að gera okkur lífið erfitt!“

[3-1-43] „Hver sá sem þekkti raunverulega sögu Shoghi Effendi og það sem hann þarf að ganga í gegnum myndi gráta — gráta yfir gæsku hans, gráta yfir hreinu, tilgerðarlausu hjarta hans, gráta yfir öllu erfiði hans og áhyggjum, gráta yfir þeim löngu árum sem hann hefur unnið í stöðugt meiri einsemd, við stöðugt meiri ofsóknir þeirra sem eru í kringum hann!

Um daginn kom hann í herbergið mitt og var í uppnámi yfir vinnu sinni. Ég spurði hann hversvegna hann læsi ekki bækur eftir aðra höfunda sem væru keimlíkar þeim sem hann var að skrifa [*God Passes By*] til þess að fá meiri uppörvun... Hann sagði: Ég hef ekki tíma, engan tíma. Í tuttugu ár hef ég ekki haft neinn tíma!“

[30-1-43] „Ég hef miklar áhyggjur af Shoghi Effendi. Þegar hann varð svona örvæntingarfullur og uggandi áður fyrr hafði það einnig mikil líkamleg áhrif á hann en ekki eins og núna. Stundum finnst mér að það muni verða til þess að hann deyi fyrir aldur fram... andardráttur hans verður svo hraður eins og hjá manni sem hefur verið á hlaupum og hann er með stóra bauga undir augunum. Hann neyðir sig til að halda áfram og ljúka við bréfin sem hafa safnast upp á skrifborðinu hans — en stundum les hann það sama aftur og aftur í tíu mínútur vegna þess að hann getur ekki einbeitt sér! Ég held að engin þjáning sé verri en sú að sjá þann sem þú elskar þjást. Og ég get ekkert gert til að hjálpa. Það eina sem ég velti fyrir mér er hvernig Guð geti

afborið að sjá hann þjást svo mjög.“

[29-11-43] „Þótt sumarið hafi verið friðsælt í þeim skilningi að engin skelfileg áföll hafa dunið yfir... held ég að Verndarinn hafi aldrei fyrr unnið jafn mikið meðan hann var í „frúi“ og hið sama gildir vissulega um mig! Hann segir oft: „Þessi bók er að ganga af mér dauðum“ og ég svara alltaf „mér líka“. Það er með öðrum orðum virkilega grimmt og vægðarlaust hvornig hann hefur lagt að sér í vinnunni við þetta hundrað ára ritverk [*God Passes By*]; í tvö ár hefur hann bókstaflega þrælað sér út yfir henni – ásamt með öllum öðrum störfum og áhyggjum...“ [Shoghi Effendi hafði fengið sérlega kalt og þurrlegt bréf frá Andlegu þjóðarráði og ég reiddist yfir því] „...þetta er þyrkingslegasta bréf sem ég hef nokkurn tíma séð. Hversvegna lærir hann ekki af Verndaranum sem skrifar ástrík bréf til fólks, jafnvel þeirra sem eru andlega þroskaheftir? Bahá'íarnir eiga Verndarann ekki skilið og ég get bara vonað að Guð skipti þeim ekki út fyrir annað fólk.“

Einn úr fjölskyldunni var dáinn. Ekkja hans kom heim til okkar og vildi að Shoghi Effendi viðurkenndi skilmálana í erfðaskrá hans og tæki við peningum fyrir málstaðinn ásamt ómetanlega dýrmætum innsiglium Bahá'u'lláh sem 'Abdu'l-Bahá hafði treyst henni fyrir þegar hann fór í ferðalög sín til Vesturlanda. Þar sem hún var í sambandi við brottrekna meðlimi í fjölskyldu Shoghi Effendi neitaði hann að taka við hvorutveggja... Ég sagði honum frá samtali hennar (hann vildi ekki hitta hana sjálfur en sendi mig í sinn stað):

[26-12-43] „Allt þetta endurtók ég fyrir Shoghi Effendi í löngu máli og færði honum innsiglin og erfðaskrána _____. Hann bað mig að segja henni að hann vildi ekki milljón innsigli frá öllu Karmel-fjalli, hann vildi einlægni og hollustu og ef hún sliti ekki öllu sambandi við fjölskyldu_____... Í hjarta sínu gæti hann ekkert fyrir hana gert og hún mætti halda innsiglunum og erfðaskránni... Verndarinn hefði mjög gjarnan viljað fá þessi dýrmætu innsigli fyrir minjasafnið en eins og hann sagði mér gat hann ekki tekið við innsiglunum og síðan rekið konuna á dyr! Mig furðar á því að 23 ár skuli vera liðin frá andláti Meistarans og hún hafði ekki einu sinni á þessum 23 árum, þegar hún oft var í mjög nánum tengslum við Verndarann, getað látið hann hafa þessa dýrmætu minjagripni sem hún segir að sér hafi aldrei verið gefnir heldur hafi henni aðeins treyst fyrir þeim! Hún vildi að ég tæki við þeim þegar hún áttaði sig á að Verndarinn vildi ekki þiggja þá, en ég kvaðst ekki geta það enda gengi það gegn óskum Shoghi Effendi...“

„Allan daginn vélritar Shoghi Effendi handrit sitt [*God Passes By*] og ég les prófarkir áður en ég sendi það til Horace [Horace Holley, ritara ameríska þjóðarráðsins] til að ganga úr skugga um að síðustu villurnar hafi verið leiðréttar. Við eyðum löngum tíma í að lesa frumritið og leiðréttu blaðsíðurnar og setja inn þessa endalausú broddstafi!

„Ég hef ekki einu sinni sagt frá því að pabbi hefur að beiðni Verndarans gert teikningu að graphýsi Bábsins. Í dag samþykkti Verndarinn mínarettur eða spírur (sem hann hafði stungið upp á) og pabbi á að halda áfram og útfæra smáatriðin. Lokateikninguna á að sýna á aldarafmælinu ásamt líkani. Líkanið verður lokaprófsteininn — ef Verndaranum líkar það mun hann tilkynna bahá'í heiminum áætlunina.

„Mér finnst það oft dásamlegt að pabba hafi verið veitt þessi ómetanlega blessun að hanna graphýsi Bábsins. Ef honum tekst það verður það tærasta gjöf og hylli Guðs, ef ekki getum við ekki orðið hissa því við höfum þegar notið blessunar langt fram yfir það sem við verðskuldum á allan hátt sem fjölskylda!“

[5-7-44] „Shoghi Effendi er í eðli sínu framúrskarandi skipuleggjandi og stjórnandi. Það er þetta tvennt sem við þurfum nú mest á að halda. Hversu lítilmótlegr er ekki sýn mannsins í samanburði við áætlun Guðs! Ég held að þótt við vegsömuðum Guð í milljónir ára, allan sólahringinn, myndum við ekki getað lokið fyrsta bókstafnum í þeirri þakkargerð — og samt erum við svo blind fyrir blessunum okkar!“

[24-7-44] „Shoghi Effendi þolir ekki öllu meira. Ég hef miklar áhyggjur af honum . . . þau brjóta hann niður. Ástand hans í dag var skelfilegt og hann grét. Ég get ekki skrifað um það. Ég þoli það ekki! Ég skil ekki hvernig Guð geti afborið að sjá hann svona.“

[18-12-44] „Þetta er vissulega þrengingartími. Ég held ekki að Shoghi Effendi muni nokkru sinni horfast í augu við kreppu eins og þessa á ævinni [óvild fjölskyldunnar, samfélagsins hér og þjónanna]. Ég vona ekki! Ég velti fyrir mér hvaða áhrif þetta hefur á heilsu hans og taugakerfi!“

[30-1-45] „Ég get ekki farið út í smáatriði núna en ég verð að segja að það er hræðilegt að sjá hversu vanhæfir þessir fáráðlingar -ef ekki hreinir þorparar- eru sem umkringja Shoghi Effendi. Hann þjáist svo mikið! Hann sefur aðeins 5 eða 6 tíma á nóttunni. Ég gæti ekki verið áhyggjufyllri . . .“

[27-2-45] „Ég tel víst að hlutirnir muni breytast til hins betra. En Shoghi Effendi verður aldrei, aldrei samur maður! Ég held að ekkert í

Þessum heimi geti nokkur tíma afmáð það sem þessi síðustu ár hafa gert honum! Tíminn er mikill græðari en hann getur ekki fjarlægð örin.“

[13-4-45] „... Hvenær sem ég vil vera viss um að einhver bahá'í sé honum [Shoghi Effendi] trúr og tryggur lít ég í kringum mig til að sjá hverjir hata þann bahá'ía. Ef fjölskyldan hatar hann get ég verið viss um að hollusta hans gagnvart Verndaranum er ósvikin!“

[6-7-45] „Ali Askar fór á sjúkrahús... honum hafði hnignað mjög síðustu 3 til 4 daga... allt tekur þetta mjög á. En ekkert snertir mig nema það að sjá hversu mikið áfall þetta er fyrir Verndarann... þau deyja ekki frekar en margir aðrir vesælir og gagnlausir óvinir – aðeins Ali Askar. Shoghi Effendi segir að þetta sé „dýrmætasta“ persónan sem hann eigi að! En Guð mun hjálpa honum. Það gerir hann, ég veit að hann gerir það. Hann mun hefja hann upp til dýrðar – og ég var að hugsa það í gærkvöldi að þegar allt kemur til alls geti einn dropi ástar Guðs bætt upp sársauka þúsunda ára... Shoghi Effendi fór að hitta hann meðan ég var hér í dag. Hann er núna að skipuleggja veglega útför fyrir hann vegna þess að (Shoghi Effendi) vill hafa það þannig og vegna þess að óvinirnir þurfa á því að halda. En allt er þetta svo sárt og erfitt fyrir hann... Shoghi Effendi sagði „Allt sem ég átti eftir varst þú og faðir þinn og Ali Askar og nú hefur Guð tekið Ali Askar!“

[8-7-45] „Ég fór á sjúkrahúsið kl. 4 síðdegis og var þar til kl. 8. Shoghi Effendi bað mig að segja Ali Askar að hann hefði skrifað símskeyti um hann til persnesku vinanna þar sem hann lýsir honum sem „ljóni í frumskógi ástar Guð“ og minnst á alla þá miklu þjónustu sem hann hefur veitt o.s.frv. Þegar ég sagði Ali Askar þetta – hann var með fullri meðvitund en mjög máttlítill – vottaði fyrir örlitlu hamingjubrosi á andliti hans... Ég sagði honum að hann væri kominn til himnaríkis áður en hann yfirgæfi þennan heim – til himnaríkis ástar Verndarans, velþóknunar hans og hróss. Hann var þögull í nokkra stund (nema hvað hann muldraði nokkur þakkarorð) og síðan þegar hann augsýnilega skildi til fulls að slíkt símskeyti þýddi að hann myndi deyja tók hann á sig rögg og sagði að hann vildi að Shoghi Effendi fengi bókina sem hann hefði pantað... og hún væri gjöf frá honum... Þegar ég kom heim og sagði Verndaranum frá Ali Askar og að hann vildi að bókin yrði bundin inn fyrir Verndarann, fylltust augu hans tárur! Vesalings ástkæri Shoghi Effendi, enginn á jarðríki hefur verið beittur jafn miklum rangindum! Allir ættu að gleðjast yfir Ali

Askar—hann dó eins og konungur... Í dag kallaði hann á konurnar inn í setustofuna og sagði þeim að Ali Askar hefði þjónað með slíkum hætti að pílgrímarnir hefðu að lokum skrifað honum og undirritað bréfið „þjónn þjónsins í húsinu“! Hann sagði að hann hefði verið eins og lýst er í töflu Ahmads—elfur eilífs lífs ástvinum hans og eldslogi óvininum. Síðan þegar hann fór sagði hann „Hann er með hinum heilögu herskörum og talar við þá!“ Hvers meira er hægt að óska sér af þessu lífi? Síðan fór hann til grafhýsisins sama dag og eftir að hafa verið þar bað hann um að komið yrði með öll blómin frá báðum grafhýsunum. Hann fór einn inn til Ali Askar, smurði hann með rósavatni úr tveimur smáflöskum, lagði blómin á líkama hans—grét yfir honum—varla er hægt að óska sér meira af þessum heimi!... Shoghi Effendi sagði mér nokkuð sem snart mig djúpt þegar hann kom aftur í gærkvöldi. Þegar hann var einn með líkinu minntist hann þess „hve vel þessi maður hefur þjónað mér!“ og að hann hafi dregið af honum lakið, horft á hann og langað til að segja „Ali Askar vaknaðu, farðu á fætur!“ vegna þess að hann virtist ekki vera dáinn, svo eðlilegt var allt svipmót hans...“

[11-7-45] „Útförin var fullkomin. Shoghi Effendi sagði nokkur orð um hann; síðan bað hann um að kistan yrði flutt upp í efri herbergi pílgrímshússins þar sem hann situr. Síðan stóðu hann og allir viðstaddir meðan bæn fyrir hinum látna var lesin. Hann bar síðan rósavatn á kistuna, reisti hana upp fylgdi henni til dyra, gaf fyrirmæli og raðaði fólki í fyrstu tvo leigubíla... tuttugu og fimm bílar fóru í útförina... síðan fóru allir. Shoghi Effendi heimsótti grafhýsið og lét _____ safna saman öllum blómunum og fara með þau frá grafhýsinu til grafarinnar... Ali Askar hlýtur að hafa verið í sjöunda himni—allir andvörpuðu og óskuðu þess að þeir væru í hans sporum!—þar á meðal ég sjálf.“

[14-7-45] „Núna er Shoghi Effendi veikur. Hann hefur fengið meltingartruflanir af gríðarlegu taugaálagi. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem það gerist. Furða að hann skuli enn vera á lífi... og núna er hann með sóthhita—ég vona til Guðs að það sé ekki eitthvað alvarlegt—ég mældi hitann rétt áðan, hann var 40 stig!“

[15-7-45] „Dr. _____ skýtur mér skelk í bringu og ég er svo preytt á því! Nú segir hann að þetta geti verið botnlangabólga og blóðkreppusótt. Ég sé fyrir mér sjúkrabílinn á fullri ferð til Jerúsalem með Shoghi Effendi og pabba [enginn skurðlæknir var í Haifa sem

við gátum treyst fyrir svo dýmætum sjúklingi]—en ég trúi ekki að það muni gerast... aðeins fljótt, fljótt og höfuðið á mér er að ærast af áhyggjum!...ég mæli hitann á klukkutíma fresti. Hann er svo ljúfur—hve glæpsamleg er ekki meðferðin sem hann hefur fengið af hendi þeirra sem eru í kringum hann... Guði sé lof ég held ekki að hann hafi fengið botnlangabólgu né muni fá hana...“

[17-7-45] „Betri, en svo taugaóstyrk og þreytt!...“

[20-7-45] „Ég myndi ekki óska hinum illa sjálfum þeim þjáningum sem Shoghi Effendi og ég líða. Ég gæti aldrei lýst þeim—þeir taka svo á huga og taugar, angist... aleinn... vinna, vinna, vinna, allan liðlangan daginn. Kaupa landareign, vandamál, bréf, spurningar, meinfýsni, illvild, tortryggni og svo áfram út í það óendanlega.“

[11-4-46] „Shoghi Effendi sagði pabba að gera áætlun um byggingu fyrstu einingar grafhýsisins - hallelújah!“

[20-4-46] „...Þetta er allt of mikið fyrir Verndarann... og samt hefur hann sent dásamlegt símskeyti til landsþingsins með sjö ára áætluninni og er að hefja framkvæmdir við grafhýsið. En hann þjáist of mikið, allt of mikið!“

[25-5-46] „Shoghi Effendi og ég eigum engan eftir nema föður minn [og tvo trúfasta bahá'ía, annan að nálgast átrætt]. Pabbi er í öllu og gerir allt: sér um öll bankaviðskipti, setur öll bréf í póst, sendir öll símskeyti, fer í allar sendiferðir sem eru trúnaðarmál—vegna vegabréfsáritana, ráðhússins o.s.frv.—og hefur samráð og hannar, allt þetta gerir hann 71 árs gamall. Hann tekur að sér störf Ali Askar, Riaz og Husseins. Hann kvartar aldrei... Shoghi Effendi og ég höfum verið að tala um fyrirætlanir okkar; hann segir að við verðum að fara... það var hræðilega erfitt að yfirgefa pabba, aftur orðinn gamall og þreyttur, með allan heim málstaðarins og enga hvíld. En þegar ég talaði um þetta við hann í dag var hann yndislegur, sagði að hann gæti séð um allt, ekki hafa áhyggjur af sér, allt verði í lagi. Ég kem ekki orðum að því, er svo þreytt (hef grátið þrisvar lengi í dag) hve dásamlegur andi hans er, svo lítillátur, samt svo göfugur og hetjulegur.“

[18-7-47] „Hún [Gladys Anderson] kom 30. mars... Hún tekur að sér öll störf pabba núna, Guði sé lof!... hún sér um bankamálin, sendir póst og símskeyti, fer í sendiferðir, hittir fólk... Í lok apríl fór pabbi til Kýpur—fyrsta fríið hans í 7 ár—og var þar í 6 vikur. Hann hafði mjög gott af því og núna er hann byrjaður á vinnuteikningum af grafhýsi Bábsins.“

[12-2-48 *Úr bréfi frá Ruhiyyih Rabbani*] „Áður gat ég fengið hraðritara af gyðingaættum til að hjálpa mér en nú vill enginn gyðingur koma hingað í götuna ef hann fær að ráða því sjálfur – hún er í arabíska hluta borgarinnar. Þ.e. hún er í gömlu þýsku nýlendunni og í nágrenninu eru flestir arabískir eða enskir. Þér kann að finnast ótrúlegt að við skulum búa við götu þar sem maður gæti verið myrtur með köldu blóði bara fyrir að ganga á henni en þannig er Palestína í dag. Auðvitað eru til nokkrir hugrakkir forlagatrúarmenn sem láta slag standa og koma hingað á 100 km. hraða á klukkustund en þeir eru álitnir fífldjarfir, að ekki sé meira sagt.

„Allt er svo ömurlegt. Og það hryggilegasta af öllu er hvernig mannhugurinn lagar sig að slíku andrúmslofti. Eitt sinn storknaði blóðið í æðum manns við það eitt að heyra byssuskot og maður fylltist vandlætingu, en þegar þetta er endurtekið óaflátanlega venst maður því, bølvar í sand og ösku þeim sem gerir það og mótherjum hans líka í ofanálag en síðan tekur maður til þar sem frá var horfið. Seinna heyrir maður hver var skotinn og hvernig. Það er andstyggilegt, óumræðilega andstyggilegt, að slíkum andstæðum skuli hafa verið leyft að þróast í landinu helga með leynimakki og vanrækslu . . .

[1-3-48] „Reiði er helsta tilfinning mín þessa daga. Tilgangslaus og tilefnislaus morð gera mig bálreiða. Flest fólk vill bara verið látið í friði. Hinir blóðþyrstu eru undantekning, ekki regla. En þeir eru til því miður. Hversvegna skýtur ekki einhver þá? Þeir skjóta alltaf ranga aðila í öllum bardögum, sýnist mér!“

„Vopn eru seld fyrir allra augum í arabísku hverfunum. Bahá'íarnir hér, í Akka, frá Tíberius o.s.frv., allir bera þessu vitni . . . Hassan sagði að hann og frændi hans Muhammad hefðu verið á kaffihúsi í Tiberius þegar þeir heyrðu dreng bjóða varning til sölu, hann hrópaði „handsprengja, handsprengja!“ Hassan trúði ekki sínum eigin eyrum, kallaði hann til sín og spurði hvað hann væri að selja? Sprengjur, sagði hann. Hann var með bakpoka. Hann lagði hann hlýðinn frá sér og tók upp haug af handsprengjum! (Mills sprengjur) „Hvað kostar ein svona?“ spurði Hassan. „Sjötú og fimma þjastra,“ sagði götusalin! Þarflaust er að segja frá því að hann keypti ekkert . . . Ég sá mann frá svefnherbergisglugganum mínum með skammbyssu í hendinni og hóp araba í kringum hann. Hann vildi ganga úr skugga um að hún virkaði, kom að garðveggnum okkar, skaut tveimur skotum að honum og hélt síðan til borgarinnar, sennilega til að taka einhvern þátt í morðunum.“

[11-4-48] „Pabbi og Ben [Ben Weeden, eiginmaður Gladys Anderson] fóru í brynvörðum leigubíl til Tel Aviv! Þeir eiga að fara flugleiðina þann 13. frá Lydda til Rómar til að semja um súlurnar fyrir graphýsið og skreytingar ef það er nokkur vegur.“

„Gladys mun nú gista hér í þessu húsi . . . til þess að við getum haft hana nálægt okkur því hún þolir illa skothríðina á næturnar alein í pílagrímahúsinu . . . Auk þess er hættulegt að koma og fara yfir götuna í myrkri . . . við sögðum Ben að við myndum fá hana til okkar til þess að hann hefði ekki áhyggjur.“

[21-4-48] „Vegna aðstæðna gátum við ekki heimsótt Bahjí og fórum í graphýsið hér. Á eftir komumst við ekki á bílnum til garðanna vegna skotbardaga á veginum og honum var lokað. Shoghi Effendi gekk því niður þrepin nálægt gördunum og það gerðum við Gladys líka.“

[23-4-48] „Ég er dauðþreytt og því verður þetta stutt . . . Rækilega hefur verið sagt frá bardaganum um Haifa, geri ég ráð fyrir allstaðar, þannig að ég ætla bara að segja frá upplifun minni. Bardaginn sjálfur var stöðugur og þetta var raunverulegt stríð. Sú nótt var fyrir mig eins og að sofa í fúlum polli sem einhver var stöðugt að hræra í. Ég var svo þreytt að ég sofnaði stundum en draumurinn og skothríðin og sprengjurnar runnu saman í eitt svo það var næstum verra en að sofa eða vaka. Alla þessa daga var Shoghi Effendi í miklu uppnámi yfir A____, með M____ og vegna annarra vandamála.“

[25-4-48] „Ég er ennþá að reyna að komast að kjarna málsins í þessu minnisblaði: Þann 23., daginn eftir bardagann um Haifa, hringdi Dr. Weinshall [lögfræðingur Verndarans] til mín og spurði hvernig við hefðum það. Ég sagði að við værum öll við góða heilsu og héldum okkur heima við. Hann sagði „Ég vona að þið séuð ekki á förum?“ Ég sagði auðvitað ekki, við höfum engin áform um slíkt, hversvegna ættum við að fara? Hann sagði enga ástæðu til þess, hann var glaður að heyra það. Síðan sagði ég að við þekktum gyðinga og þeir þekktu okkur, við höfum ekkert að óttast frá þeim. Hann sagði það vissulega vera satt og rétt og allir bæru hina mestu virðingu fyrir okkur. Hann spurði einnig hvort einhverjir af þjónum okkar væru á förum og ég svaraði nei, auðvitað ekki. Síðan áttum við lítilsháttar orðaskipti um hve heimskulegur fjöldaflótti araba væri og hann bað mig um að flytja sínar hlýjustu kveðjur til Shoghi Effendi. Þegar Verndarinn heyrði þetta sagði hann mér að fara og þakka honum og segja honum að Verndarinn vildi að hann fengi ákveðnar upplýsingar. Þá sagði ég

honum allt um giftingu Monib og dóttur Jamal Husseinini o.s.frv. Hann var mjög undrandi og skrifaði niður nöfn þeirra. Ég sagði honum líka að Ruhi væri útilokaður og að þar sem hann kynni að undrast deilurnar í fjölskyldu okkar væru raunverulegar ástæður þeirra ekki aðeins trúarlegar heldur einnig af pólitískum toga og svo framvegis. Ég sagði honum að ég myndi senda honum (þetta gerðist í gær, í öðru samtali) símskeyti Verndarans til þess að hann gæti lesið það . . .“

„Í dag hringdi ég í Weinshall og sagði honum að við vildum láta hann hafa nöfn þeirra sem enga kröfu ættu á hendur okkur ef þeir þættust vera bahá'íar. Ég sagði að Shoghi Effendi gremdist það auðvitað mjög að fólk sem hefði verið vísað á brott úr samfélagi okkar fyrir 10-15 árum . . . reyndi nú að koma sér í mjúkinn hjá gyðingum með því að þykjast vera bahá'íar, þegar við vitum ekki sjálf hvað fólkíð hafi verið að gera öll þessi ár.“

[27-4-48] „Í gær varð um stund mikið uppnám þegar þjónustustúlkan þaut skyndilega upp og sagði að Haganah vildi komast inn. Til allrar hamingju var ég klædd . . . og fór niður eins fljótt og ég gat því það virtist sem þjónustustúlkan okkar . . . hafi farið til dyra. Þegar hún sá hóp gyðinga með vélbyssur og skammbyssur fékk hún næstum áfall og náði í Banu. Banu kom og gyðingarnir sögðu „Opnaðu dyrnar“, en hún kvaðst þurfa að ná í húsfrúna og var á meðan í flýti að leita að B_____ sem ekki var til staðar. Hún kallaði síðan á mig og sagði að þeir hótuðu að brjóta niður dyrnar ef hún opnaði ekki! Þá kom ég niður og hleypti þeim strax inn. Þeir voru fimm talsins, allt ungir menn. Ég spurði hvort þeir töluðu ensku og einn sagðist geta talað smávegis. Ég spurði hann hvort hann vissi hver ætti þetta hús, það væri leiðtogi bahá'í samfélagsins og hann sagði já en af einhverjum ástæðum fannst mér eins og þeir vissu það ekki og væru komnir af einni eða tveimur ástæðum, annaðhvort vegna þess að skömmu áður hafði vörubíll, fullur af aröbum, stansað um stund fyrir framan dyrnar og þeir héldu að við værum með araba í húsinu eða út af bílnum því þeir spurðu strax hver ætti bílinn í bílskúrnum. Þegar ég sagði þeim það urðu þeir sáttir. Einn þeirra talaði persnesku og sagði að móðir hans væri persnesk þótt hann væri sjálfur frá „Yerushalim“. Ég talaði því við hann á persnesku allan tímann. Þeir virtust ekki hafa áhuga á að leita í húsinu, voru mjög kurteisir og báðu mig að vera ekki hrædd. Ég svaraði að það væri ég sannarlega ekki! Eftir að hafa litast stuttlega um og hafnað boði um að fara niður eða inn í eldhúsið o.s.frv. hurfu þeir á brott . . .

„Gladys og ég komum og förum í hverfi gyðinga eins og við höfum gert án truflana mánuðum saman, bæði á góðum tímum og slæmum. Ég held að þetta hafi verið mjög hyggilegt. Þegar arabarnir voru að skjóta á gyðinga úr launsátri og við höfðum okkar eigin arabísku verði hér í götunni, var það áhættusamt og við förum sjaldnar en förum samt. Þetta sýndi þeim mörgu gyðingum sem þekkja okkur að við erum ekki bara vinir þegar vel gengur en látum okkur hverfa um leið og hætta stöðjar að. Varðmenn gyðinga leituðu í bílnum okkar í hvert skipti og oft þurftum við að sýna amerísku vegabréfin okkar þeim sem ekki þekktu okkur. Reyndar gerðist það dag einn í síðustu viku þegar við komum aftur frá gyðingahverfinu og hægðum á okkur við hindrun að bifreið gyðinga skaust fram fyrir okkur og þeir sem í henni voru byrjuðu að tala við verðina. Við komumst ekki framhjá og bíllinn hreyfðist ekki svo ég spurði vörðinn hvort hann gæti ekki fært sig. Hann varð dálítið vandræðalegur og sagði að þeir fullyrtu að þeir hafi séð þennan bíl með araba sem ökumann. Ég sagði: „Það er alveg rétt, veistu hver á þennan bíl? Hann tilheyrir Shoghi Effendi leiðtoga bahá'í trúarinnar og við höfum arabískan bílstjóra sem kemur á hverjum degi og ekur honum upp til bahá'í garðanna og aftur heim, annars ökum við alltaf sjálf. Ef þú fylgist með sérðu þú þennan sama bíl koma eftir Mountain Road með arabískum ökumanni til að ná í Shoghi Effendi eftir stundarfjórðung.“ Þar sem þetta var satt virtist hann taka það gilt og við lentum ekki í meiri vandræðum . . .

„B_____ sagði mér dálítið skemmtilegt: Ég spurði hvort arabískir nágrannar okkar væru að fara . . . Hann sagði að þau spyrðu á hverjum degi hvort Shoghi Effendi væri á förum. Þau segja að þegar hann fari ætli þau sjálf einnig fara. Hann sagði að palestínskur lögreglu maður sem byggir í húsi K. hefði spurt hann hvort hann ætti að fara og K. hefði sagt honum: „Þegar þú sérð Shoghi Effendi fara, taktu yfirhöfnina þína, læstu dyrunum og farðu á eftir honum!“ Maðurinn sagði einnig . . . „Ef þú segir mér ekki að Shoghi Effendi sé að fara, berð þú ábyrgð á lífi mínu.“ Sú skyndilega virðing sem nágrannar okkar sýna okkur kemur okkur frekar einkennilega fyrir sjónir eftir að þeir hafa virt málstaðinn og Verndarann að vettugi í aldarfjórðung!“

[4-5-48] „Í dag var bílnum stolið! [Gjöf til Shoghi Effendi frá Roy Wilhelm. Árum saman átti Verndarinn engan bíl því gamli bíllinn var seldur í stríðinu vegna þess að engir varahlutir fengust í hann.] Drottinn minn, hvílíkur dagur! Klukkan 2:30 þegar Gladys og ég sátum yfir

kaffibolla eftir hádegisverð kom stúlkan og sagði að gyðingur væri við dyrnar. Gladys fór að athuga hvað hann vildi. Til að gera langa sögu stutta var þetta Haganah foringinn á svæðinu, Friedman að nafni, með um 20 vopnaða menn með sér. Þeir sögðu að Haganah verðir hefðu hringt til þeirra (tveir standa vörð í götunni okkar) því að fimm vopnaðir menn væru við bílskúrsdyrnar og þegar hann beindi að þeim skammbyssu og sagði þeim að fara, drógu þeir upp byssu og sögðu honum að hlaupa. Þar sem hann var einn á móti fimm fór hann og náði í hjálp. Þeir voru á jeppa og þegar liðsstyrkur barst voru þeir farnir. En þótt lásinn á hurðinni hefði verið sagaður sundur voru dyrnar lokaðar að innanverðu svo þeir héldu að bíllinn væri enn á sínum stað. Ég leit gegnum skrárgatið og hvílíkt draugaleg tómarúm sem blasti við—enginn Buick! Aumingja Gladys hljóp að litlu dyrunum bakatil og það var rétt, enginn Buick! Haganah vörðurinn gaf í skyn að gyðingarnir (eða Englendingar) hefðu tekið hann en vildi ekki segja það hreint út. Friedman lét Haganah vita. Gladys og Mansoor létu herinn og Stanton St. lögregluna vita. Ég hringdi til dr. Weinshall sem ráðlagði okkur að fara á Hadar Hacarmel lögreglustöðina. Shoghi Effendi var rólegastur af öllum og sagði aðeins „Hvað þetta mun gleðja óvini mína! Ég held að engin okkar hafi átt von á að sjá bíllinn nokkurn tíma aftur—en sorglegt var það engu að síður að stóri fallega Buickinn okkar, sem við vorum nýbúin að fá eftir langa bið, skyldi vera horfinn! Með nokkrum erfiðismunum tókst mér að ná í leigubíl fyrir Verndarann. Gyðingur ók bílnum og hann sagði „Ef gyðingar hafa tekið bíllinn ykkar fáid þið hann aftur!“ Ég fór með Gladys á lögreglustöðina og beið úti meðan hún gaf skýrslu. Síðan skildum við eftir lýsingu á bílnum hjá Weinshall því hann hafði beðið um hana til þess að geta hjálpað. Vinalegi leigubílstjórinn okkar fór með okkur á annan Haganah stað og við gáfum aftur skýrslu. Þá gerðist einkennilegur atburður! Þegar við vorum að ganga heim, þreyttar og vonsviknar, sá Gladys handáburð sem ég hafði reynt að fá í glugga snyrtivöruverslunar í Herzl-stræti. Í fyrstu ætlaði ég ekki að fást um það en ákvað síðan að fara inn. Eigandinn hafði þekkt föður minn í mörg ár og spurði um hann. Ég spurði um gamlan föður hans o.s.frv. og ætlaði ekki að segja neitt um bíllinn því ég var svo beygð út af honum en eftir að hafa borgað fyrir vörurnar mínar fór ég út án þeirra. Þetta leit svo kjánalega út að ég baðst afsökunar og sagði „Ég er í miklu uppnámi vegna þess að það er nýbúið að stela bílnum okkar!“ Maðurinn sagði „En ég sá bíllinn ykkar í dag kl. 2:15 hjá nýju verslunarmiðstöðinni! Ég varð hissa og furðaði

mig á hvernig þið gætuð selt svona fallegan nýjan bíl!“ Svo virðist sem hann hafi séð mig og Gladys aka framhá daginn áður og myndi vel eftir bílnum og bandarísku númeraplötunni! Hann sagði að gyðingar hefðu verið í bílnum og gyðingur ekið honum og hann væri rétt handan við hornið frá Savoy hótelinu. Hann bað okkur að gefa ekki upp sitt nafn. Ég sagði honum að það myndi þá ekki koma okkur að neinu gagni - hann linaðist þá að sagði að við gætum sagt til hans. Auðvitað þutum við til lögreglunnar og sögðum frá því sem hann hefði séð og þegar ég kom heim sá ég að Friedman hafði skilið eftir símanúmerið sitt. Ég hringdi til hans og sagði honum allt af léttu. Hann sagði „Þetta er allt sem ég þarf að vita. Núna veit ég að þeir hafa komið með bílinn inn í okkar borgarhluta og þá get ég náð þeim!“ Nokkru seinna var hringt frá Hadar lögreglustöðinni og sagði að bíllinn væri fundinn og við fengjum hann aftur á morgun. Friedman hringdi einnig með sömu skilaboð og viti menn, um 11 leytið um morguninn hringdi hann aftur og sagðist geta komið eftir Gladys svo hún gæti náð í bílinn. Þau fóru á Hadar lögreglustöðina og fengu hann! Drottinn minn, við vorum öll glöð! Það skrýtna er að á leiðinni heim áður en við fórum inn í búðina hafði ég sagt að aðeins kraftaverk þyrfti til að við fengjum hann aftur!

„Varðandi ungu vopnuðu gyðingana fimm (nefndir hér að ofan) sem komu hingað strax eftir að gyðingar tóku Haifa og sögðust vera Haganah-menn og ungu náungarnir í jeppanum (jeppinn kemur við alla söguna og ég held að hann sé tengiliður) sem B_____ sá kvöld eitt reyna að brjótast inn í bílskúrinn. Hann sagðist myndu opna hann, þeir þyrftu ekki að brjóta niður dyrnar. Þeir fóru inn og hringsóluðu um bílinn og hann sagði: „Ef þið viljið vita hver á þennan bíl komið og hringið í yfirmenn ykkar, hringið í dr. Weinshall“ og þeir hröðuðu sér burt. Við vitum allavega núna að þetta voru alltaf sömu mennirnir og sennilega frá Irgun Zvi Leumi, en örugglega ekki Haganah!“

[14-5-48] „Á miðnætti í dag lýkur umboði Breta! Stríð hefst, geisar nú þegar, hvað ber framtíðin í skauti sér?... Pabbi og Ben eiga að koma aftur á morgun! Ég er þreytt!“

[15-5-48] „Pabbi kemur heim! Ég gat heyrð mikla skothríð á hæðunum milli okkar og Nakura, landamærum Líbanons. Við heyrðum líka í gær mikla skothríð þegar gyðingar tóku Akka, en núna heyrast galtið í vélbyssunum greinilega. Það minnir mig á tímum þegar Bretar tóku Líbanon í stríðinu — en þá vorum við viss um að bardagarnir myndu færast fjær. Hvað gerist núna veit enginn. Fjarlægðirnar í Palestínu eru

svo litlar – 15 kílómetrar geta breytt öllum gangi stríðsins til sigurs eða ósigurs . . .

„Gladys tók á móti pabba og Ben og þau komu hingað kl. hálf tvö. Þeir komu á S.S. Argentina í gærkvöldi, tveimur dögum fyrir áætluð því þeir fóru hvorki til Alexandria né Tel Aviv. Ferð þeirra hefur verið stórkostleg á allan hátt. Hvernig er hægt að þakka Guði kraftaverk hans og miskunnarverk?“

[3-7-48] „Í dag sagði Shoghi Effendi við pabba sem kom hingað eftir kvöldverð til að hitta hann, „Söguleg ákvörðun tekin um að hefja vinnu við graphýsið. Hún hófst kl. 10:15 í kvöld!“ Þeir tókust í hendur! . . . P.S. 11:30 að kvöldi. Ég heyri sprengingar í fjarska. Guð hjálpi þessu vesalings landi!“

[6-7-48] „Shoghi Effendi hefur miklar áhyggjur af því að stríðið brjótist út aftur hugsanlega á föstudag. Það eru skelfilegar horfur. Hann sagði Ben, Gladys og mér að mesta ógnin stafaði að graphýsi Bahá'u'lláh. Nú þegar Majdí'd-din og Shoah Bahá'í búa í setrinu – ef arabarnir koma blasa afleiðingarnar við – ó Guð, svo miklar byrðar, svo mikil vandamál . . . hvar værum við ef ekki væri fyrir trúna?“

Hann hrósaði pabba mjög í áheyrn Ben og Gladys, sagði að allir elskuðu hann, hann væri mjög hjartahreinn en burtséð frá því öllu hefði hann valið hann sem arkitekt vegna hæfileika hans.“

[28-12-48] „Ég er svo örmagna. Ég virðist ekki hafa neina mótstöðu lengur þetta ár . . . mér finnst það vera alvarlegt, en kannski er ekki svo. Ég vona ekki, því þótt ég sé vesöl er enn þörf fyrir mig, ennþá er ég betri en enginn . . .“

Í kvöld kom tilboð frá Solel Boneh um að byggja bogann 18,000 [pund]. Hræðilegt! Shoghi Effendi er mjög vonsvikinn og örvæntingarfullur; núna eru steinarnir komnir eða á leiðinni; hann hefur rifið upp flísar, lagt grunninn, rifið niður bogann fyrir aftan graphýsið! Hann segir að hann muni ekki borga neitt í námunda við þetta verð – Drottinn minn! Svo mörg vandamál blasa við . . . Guð gefi mér styrk til að þjóna og styrki örþreyttar taugar mínar.“

[20-1-49] „Þetta verða einskonar hraðfréttir. Veðrið hefur verið leiðinlegt – einmitt þegar við erum með um 80 kassa ennþá í höfninni sem eiga að fara að graphýsinu. Ég get ekki sofið, hlusta á regnið. Það vekur mig vegna þess að ég veit að það tefur verkið . . . eitt tekur stöðugt við af öðrum. Við virðumst öll hlaupa hraðar og hraðar vegna framkvæmdanna við graphýsið.“

[21-1-49] „Hvílíkur dagur, hvílíkur dagur. Svona daga ætti að banna með lögum. Í gærkvöldi fékk Verndarinn boð um að hitta forsætisráðherrann við móttökuna í bæjarstjórninni. Hann ákvað að senda pabba og Ben. Í dag er afferming við höfnina, eftir fjóra rigningardaga átti að byrja aftur. Allt er ein ringulreið . . .

Núna kl. 4:14 hringdi borgarstjórinn í mig persónulega og segist hafa „gert skyldu sína” og skipulagt heimsókn Verndarans til Ben Gurions kl 7:15 í kvöld í húsi D____ efst upp á fjallinu . . . það kann að virðast lítið mál á pappírnum - en gengur næstum af þeim dauðum sem þurfa að lifa gegnum þetta. Hér verður allt að gerast með erfðismunum. En þetta gleður mig mjög. Ég er glöð að Verndarinn skuli hitta forsætisráðherrann. Í gærkvöldi sagði hann að það væri mjög óviðeigandi að hann færi sjálfur í móttökuna. Hann sagði mér að hann væri fús til að gera málamiðlun og heimsækja forsætisráðherrann sjálfan í stað þess að týnast í margmenni eða láta koma fram við sig á annan hátt en sæmði stöðu hans. Svo ég bað hann um að leyfa mér að hringja í borgarstjórn og þetta er niðurstaðan.

Núna er kl. 7 og Verndarinn og pabbi sem Ben fór með í bílnum eru nýfarnir . . . Þar sem Shoghi Effendi hefur í tuttugu og fimm ár reynt að fá málstaðinn viðurkenndan hér, ekki sem svæðissamfélag heldur sem Heimsmiðstöð. Hann er ekki svæðis- eða þjóðarleiðtogi heldur leiðtogi alls bahá'í heimsins. Þess vegna er þetta tækifæri til að hitta forsætisráðherrann mjög mikilvægt. Ben Gurion finnst vafalaust að hann sé að taka niður fyrir sig—ef hann aðeins vissi hvílíkur heiður veitist honum og hversu Guð hefur tekið niður fyrir sig gagnvart honum í kvöld! Þannig er smæðin í lífi manna og hégómi heimsins. Jæja, viðtalínu er lokið. Það stóð í um 15 mínútur. Þegar þeir komu þangað kom Verndarinn að útidyrnum opnum, hann fór inn, sá engan, knúði dyra, hélt áfram og kom að Ben Gurion og eiginkonu hans sem voru að ljúka við eftirrættinn í einu þessara litlu húsa þar sem veggskot aðskilja herbergin . . . Ben Gurion stóð upp og fór með Verndarann inn í næsta herbergi . . . bauð honum kurteislega besta sætið o.s.frv. Síðan spurði hann nokkurra spurninga um málstaðinn, sagðist hafa heyrt um hann, að hann væri „félagsleg hreyfing” en Verndarinn sagði að hann væri miklu meira, innblásinn af Guði o.s.frv. Hann orðaði það ekki of sterkt. Ben Gurion spurði einnig um nákvæm tengsl hans við trúna og fékk að vita það.

Verndarinn vildi ekki tefja hann frá kvöldverðinum og eftir stutt

viðtal sýndi hann á sér fararsnið. Ben Gurion fór með hann að öðrum dyrum og þjónn fór með honum að bílnum og opnaði dyrnar . . .

Ben Gurion spurði Verndarann hvort til væri saga málstaðarins sem hann gæti lesið og Shoghi Effendi sagði að það myndi gleðja hann að senda honum bók. [Hann sendi honum *God Passes By*.] Hann kvaðst einnig glaður myndu sýna honum grafhýsin ef hann fengi einhvertíma tækifæri til að heimsækja þau en forsætisráðherrann kvaðst vera afar upptekinn, sem ég býst við að skilja megí sem höfnun . . . Það sýndi augljóslega mikla kurteisi af manni jafn uppteknum og Ben Gurion að gefa kost á viðtali tveimur dögum fyrir þingkosningar og ég tel það sýna mikla vinsemd Levys borgarstjóra að koma því til leiðar. Hið fyrsta sem Verndarinn sagði við Ben Gurion var að hann vildi með heimsókn sinni staðfesta í eigin persónu þær tilfinningar sem hann hafði tjáð honum í bréfi til hans. Forsætisráðherrann mundi að hafa fengið bréfið og svaraði já, auðvitað, að sjálf sögðu . . . Verndarinn var mjög hlýr í viðmóti, að eigin sögn, og ég er viss um að dásamlega skýr, einlægur og hreinskilinn persónuleiki hans hefur haft áhrif á mann sem er án efa mikill mannþekkjari . . .“

[8-2-48] „Kl. 3 um morguninn sökk vöruflutningapramminn með öllum steinunum okkar! Enn einn skemmtilegur atburður í viðbót. Þegar ég sagði Shoghi Effendi þetta sagði hann „Mér er orðið sama um þetta!“ . . . Veðrið, eilífar flækjur og nú þetta! Ég heyri að þeir geti bjargað þessu.“

[11-2-48] „Shoghi Effendi er daglega í görðunum og dvelur þar næstum allan daginn til að fylgjast með jarðvinnunni á bak við grafhýsið. Hann stjórnar framkvæmdum sjálfur í sparnaðarskyni.“

[5-4-49] „Shoghi Effendi hitti Gladys og Ben (og mig) í setustofunni eins og hann gerir stundum þegar tími gefst til. Ég sá leirinn á frakkanum hans og spurði hvað hann hefði verið að gera? Hann sagði „Ég var að berjast við Mud hershöfðingja, en hann sigraði!“ Síðan útskýrði hann að hann hefði dottið aftur, það var svo hált í rigningunni—en við hlógum öll hjartanlega.“

[3-4-52] „Ég efast um að ég hafi tíma eða þrek til að halda lengur dagbók—sem er miður því ég skil og þekki svo vel hvernig hlutirnir ganga fyrir sig hérna . . .“

[15-9-55] „Ég geri ráð fyrir að til sé jafn mörg helvíti og mennirnir eru margir. En ekki margir lifa við þá sérstöku tegund vítiselds sem Shoghi Effendi og ég gerum. Ef einhver myndi biðja mig um að

skilgreina það myndi ég segja að þótt til séu svo margar tegundir skiptust þær í meginatriðum í aðeins tvær deildir: helvíti án ábyrgðar og helvíti með ábyrgð...“ [Fyrir þá sem kannski skilja ekki enska merkingu orðsins helvíti í þessu tilviki á ég við angist, djúpa brennandi þjáningu.]

[14-11-55] „Verndaranum bárust þær fréttir að Varqa væri dáinn. Shoghi Effendi sagði „Hann var besti maðurinn sem við áttum.“ Auðvitað mátti lengi búast við þessu og að hann fyndi fyrir missinum því svo fáir bahá'íar hafa til að bera framúrskarandi hæfni.“

IX

STYRJÖLD

Dagbækur mínar, sem ég hélt af og til í áranna rás, skipta hundruðum blaðsíðna. Ég hef aðeins vitnað í örlítið brot þeirra og mér finnst sérkennilegt að nánast hvergi er minnst á heimsstyrjöldina sem geisaði í nær sex ár og var bein ógnun við Heimsmiðstöð trúarinnar og sérstaklega Verndarann sjálfan, leiðtoga hennar. Í rauninni er þessi eyða mælskasti vitnisburðurinn um þau innri umbrot sem hann þurfti að takast á við öll þessi ár. Vinnan og álagið dag frá degi, áhyggjurnar og hin andlega örmögnun – gagnvart öllu þessu hvarf stöðug styrjaldarógnin og kvíðinn sem henni var samfara í skuggann. Shoghi Effendi var skarpasti greinandi pólitískra atburða og fylgdist með öllu sem gerðist. Vitsmunir hans og greiningarhæfni leyfðu honum ekki að tileinka sér það andvaraleysi sem stafar af barnalegum hugmyndum sem fólk hefur stundum um inntak og merkingu „trúar“. Hann vissi vel að trú á Guð tákna ekki að menn eigi að hætta að beita skynseminni, heldur meta hættunna sem steðja að, gera ráð fyrir hinu óvænta og taka réttar ákvarðanir þegar kreppa steðjar að.

Það er með mikilli tregðu sem ég vitna til einkalífs Verndarans, svo flekklaust sem það var og fullt þrenginga. Tvennt fær mig til þess. Í fyrsta lagi er ekki hægt að meta að verðleikum stórkostleg afrek hans nema einhver innsýn sé gefin í það sem hann gekk í gegnum sem einstaklingur. Í öðru lagi verða allir frægir menn í tímans rás að sæta því að sagnfræðingar grandskoði líf þeirra og sögu. Margt mun koma í ljós í heimildum sem varðveittar eru hér og þar, en ef ekkert vitni er til að útskýra þær er líklegt að þær verði stórlega mistúlkaðar og ýmsar fávíslegar sögur sagðar, byggðar á ímyndunum einum saman.

Þegar móðir mín lést óvænt í Argentínu í mars 1940 bauð Verndarinn föður mínum að koma og dvelja hjá okkur. Shoghi Effendi hafði þá ákveðið að fara til Englands af persónulegum ástæðum. Fyrir þá sem ekki upplifðu stríðsvettvang Miðausturlanda og Evrópu er nánast útilokað að gera sér í hugarlund þá takmarkalausú erfiðleika

sem fylgdu slíku ferðalagi á þeim tíma í sögunni. Þrátt fyrir orðstír og áhrif Verndarans var ekki hægt að fá vegabréfsáritun til Englands hjá yfirvöldum í Palestínu. Shoghi Effendi hét einnig á gamlan vin sinn, Lamington lávarð, og bað hann um að beita áhrifum sínum til þess að við fengjum vegabréfsáritun en þegar kom að nauðsynlegri brottför til Englands hafði yfirvöldum í Palestínu ekki borist neitt svar og svarið frá Lamington lávarði tafðist mjög. Knúinn öflum sem á leyndardómsfullan hátt voru að baki öllum ákvörðunum Verndarans afréð hann að fara til Ítalíu en þangað höfðum við fengið vegabréfsáritun. Við fórum frá Haifa 15. maí í ítalskri sjóflugvél með vatnið skvampandi undir fótum okkar líkt og værum við í gömlum árabát. Nokkrum dögum síðar komum við til Rómar og ég fór til Genúu til að hitta föður minn sem kom í síðustu ferðina sem S.S. Rex fór sem farþegaskip. Þegar við komum aftur sendi Verndarinn mig og föður minn til breska konsúlsins til að kanna hvort vegabréfsáritun væri komin frá Palestínu. Engar fréttir höfðu borist og konsúllinn kvaðst alls enga heimild hafa til að gefa okkur áritun því öll slík leyfi yrðu að koma frá Lundúnum og hann gæti ekki lengur haft samband við stjórn sína! Við fórum aftur með þessar dapurlegu fréttir til Verndarans en hann sendi okkur aftur af stað til konsúlsins. Við hlýddum honum auðvitað umyrðalaust vegna þess að hann var Verndarinn, en hvorki ég né faðir minn gátum skilið hvernig hægt væri að gera meira í þessum málum. Engu að síður sátum við aftur andspænis konsúlnum og endurtókum það sem við höfum áður sagði með þeirri undantekningu að ég minntist á að Shoghi Effendi væri leiðtogi bahá'í trúarinnar. Konsúllinn leit á mig og sagði: „Ég man eftir ‘Abdu’l-Bahá...“ Hann hélt síðan áfram að segja okkur frá samskiptum sínum við Meistarinn og var augljóslega mjög snortinn af þeim endurminningum. Hann tók vegabréfið okkar, stimplaði það með áritun fyrir England með þeim orðum að hann hefði engan rétt til að gera þetta, áritunin væri ekki pappírins virði, en hann gæti ekki gert meira. Ef við vildum fara til England með þetta væri það okkar eigin ákvörðun og við ættum á hættu að verða vísað burt. Með þetta héldum við strax frá Ítalíu til Frakklands og fórum gegnum Menton 25. mars og þaðan til Marseilles. Fáeinum dögum síðan hóf Ítalía þátttöku í stríðinu gegn Bandamönnum.

Það er erfitt að lýsa því sem fór í hönd. Allt gerðist eins og í ljóslifandi martröð – persónulegri martröð fyrir okkur og risavaxinni martröð fyrir alla Evrópu. Þegar lestin okkar hélt til Parísar voru allar

stöðvar fullar af þúsundum flóttamanna frá hrynjandi vígstöðvum Bandamanna í norðri. Engin leið var að fá nákvæmar upplýsingar, öngþveitið jókst stöðugt. Í París uppgötvuðum við okkur til hrellingar að allar hafnarborgir til Englands voru lokaðar og síðasta vonin til að komast þangað – von sem dofnaði með hverri klukkustund – var að fara til litlu hafnarborgarinnar St. Malo og kanna hvort við gætum komist á skipi þaðan. Við og hundruð annarra sem voru að reyna að komast til Englands urðum að bíða í viku áður en síðustu tveimur skipunum tókst að komast til hafnar í St. Malo. Ég hafði aldrei séð Verndarann í slíku hugarástandi og þessa daga. Frá morgni til kvölds sat hann mestallan tímann hreyfingarlaus líkt og steinrunninn og ég fékk þá tilfinningu að hann væri altekinn þjáningu, eins og kerti sem er að brenna upp. Tvisvar á dag sendi hann föður minn og mig til skipafélagsins að kanna hvort einhverjar fréttir væri af skipaferðum og í bæði skiptin þurftum við að flytja honum þau boð að ekkert væri að gerast. Öðrum kann að þykja það einkennilegt að hann skuli hafa verið svo áhyggjufullur en hann var miklu betur í stakk búinn en aðrir til að skilja hvílík hætta málstaðnum var búinn með þeim aðstæðum sem við vorum í. Guð veit að ég hafði líka nagandi áhyggjur. Við feðginin höfðum ekki enn náð okkur vegna skyndilegs fráfalls móður minnar sem lést úr hjartaslagi. Þetta ásamt öllu öðru mæddi föður minn mjög en það var ekki tilfellið með Verndarann. Hann vissi að ef hann félli í hendur nasista sem voru búnir að banna málstaðinn í heimalandi sínu og voru í nánum tengslum við stórmúftann í Jerúsalem – þáttakanda í arabískum stjórnmálum og yfirlýstan andstæðing Verndarans – yrði hann sennilega fangelsaður, ef ekki verra. Málstaðurinn væri þá höfuðlaus her og enginn til að hvetja og leiða bahá'í heiminn í ríkjandi upplausnarástandi. Mér virtist sem staðan væri svipað og hún var í Akka þegar Meistarinn átti á hættu að vera sendur í nýja útlegð og beið sjálfur eftir skipafregnum. Loks fórum við um borð í hinn fyrri af tveimur bátum sem komu aðfaranótt 2. júní til að flytja burt strandaglópana í St. Malo. Við sigldum í niðamyrkri til Southampton og komum þangað næsta morgun. Daginn eftir að við fórum réðist þýski herinn inn í St. Malo.

Það var næstum jafn erfitt fyrir okkur að komast frá Englandi og að komast þangað. Þetta var tími mikils átaks í brottflutningi barna og sá flutningur naut algjörs forgangs. Það var aðeins vegna stöðu Shoghi Effendi og vinskapar föður míns við mann sem var æðsti umboðsmaður kanadísku stjórnarinnar í London að okkur tókst að fá

far til Suður Afríku. Við héldum til Höfðaborgar með S.S. Cape Town Castle þann 28. júlí. Þetta var hraðskreitt skip og þegar við héldum frá London í stórrí skipalest vorum við á eigin vegum. Ég man eftir einkennilega hlykkjóttu kjölfari skipsins þegar það reyndi að forðast að verða skotmark kafbáta. Þegar Ítalía tók þátt í stríðinu lokaðist Miðjarðarhafið fyrir skipum bandamanna og leiðin gegnum Afríku var eini möguleiki okkar að komast aftur til Palestínu. Þótt Shoghi Effendi hefði farið yfir Afríku einu sinni áður efir að hann tók við embætti Verndarans — hann sigldi frá Englandi í september 1929 og hélt síðan að mestu landleiðina frá Höfðaborg til Kairó — hafði honum ekki gefist tími til að fá vegabréfsáritun til belgísku Kongó sem af einhverjum ástæðum hafði alltaf heillað hann. Ævintýraþrá hans, ást hans á fegurð náttúrunnar, laðaði hann að háum fjöllum og dimmum frumskógum heimsins og varð til þess að hann fór í fyrri ferðina til Afríku. Nú hafði okkur fyrir eitthvert undarlegt kraftverk í miðju stríði tekist að fá vegabréfsáritun til Kongó. Þegar við komum til höfuðborgarinnar, Stanleyville, fórum við langt inn í ósnortinn frumskóginn og ég gerði mér grein fyrir að það var ást Shoghi Effendi á náttúrunni sem var ein ástæða þess að hann var þangað kominn; hann langaði til að sjá frumskóginn iðandi af lífi. Því miður var þetta hvorki réttur staðurinn né árstíðin og við héldum á brott vonsvikin.

Shoghi Effendi hafði miklar áhyggjur af heilsu föður míns (hann var 66 ára gamall og veikburða) og vildi ekki leyfa honum að fylgja okkur heim landleiðina. Við komum honum fyrir á öruggum stað á hóteli í Durban þangað til hann gæti fengið flugfar. Biðlistinn var langur og fólk sem hvorki tilheyrði stjórninni né hernum var stöðugt vísað frá vegna annarra sem höfðu forgang. Það var á þessum vikum sem hann lagði drög að minnisvarðanum á leiði móður minnar. Hann byggði ekki aðeins á hugmyndum okkar feðgina heldur einnig dýrmætum ábendingum Shoghi Effendi sjálfs.

Eftir þriggja daga ökuferð frá Stanleyville til Juba í Súdan og síðan bátsferð á Níl komum við til Khartoum — sem mér finnst vera heitasti staður á jarðríki. Þegar við sátum á veröndinni á hótelinu okkar eftir kvöldverð kom hópur flugfarþega út úr myrkrinu til eyða þar nóttinni og með þeim var faðir minn, W. S. Maxwell! Það var undarleg tilviljun sem færði okkur saman í hjarta Afríku og líka mikil hughreysting því hvorugt okkur hafði hugmynd um hvar hitt var og engin leið til að hafa samband. Í Durban hafði Shoghi Effendi einfaldlega sagt föður mínum

að fara til Palestínu á hótél í Nasaret og bíða okkar þar, síðan myndum við öll þrjú fara saman til Haifa.

Okkur til undrunar bauð landstjórinn Sir Stewart Symes okkur í hádegisverð í landstjóraköllinni 1. október. Eftir að hafa endurnýjað gamlan kunningsskap héldum við áfram til Kairó og Palestínu. Við hittum föður minn eins og ráð hafði verið fyrir gert og komum til Haifa eftir sex mánaða fjarveru. Það er ekki ofsögum sagt að þessi ferð, þrungin óvissu, spennu og háska frá upphafi til enda, hafi reynt mjög á okkur bæði andlega og líkamlega. Þótt Shoghi Effendi færi aldrei til Ameríku og aldrei lengra austur á bóginn en til Damaskus er athyglisvert að hann fór tvisvar yfir Afríku endilanga frá suðri til norðurs.

Í skeyti sem Verndarinn sendi andlega þjóðarráðinu í Bretlandi 27. desember 1940 var ráðið beðið að „senda upplýsingar um öryggi vinanna í London og Manchester og fullvissa þá um stöðugar fyrirbænar og ástríka aðáun.“ Hversu undrandi hefðu ekki hinir aðþrengdu bresku bahá'íar orðið hefði Verndarinn sagt þeim í skeytinu að hann hefði sjálfur sloppið naumlega við loftárásirnar miklu á London og væri nýkominn til landsins helga! Alvarlegar hættur steðjuðu að landinu helga á þeim árum sem fóru í hönd eftir heimkomu okkar. Þessar hættur ógnuðu einnig Heimsmiðstöð trúarinnar og Verndaranum sem og bahá'íum í mörgum löndum.

Shoghi Effendi var alinn upp í kenningunum frá barnæsku og sem árvökull og athugull félagi síns elskaða afa virðist hann alltaf hafa verið meðvitaður um það sem hann kallaði „fyrstu vitnisburðina um heimsunlykjandi hamfarir sem bíða vantrúaðs mannkyns.“ Þótt hann skynjaði að annað stríð væri í vændum lifði hann ekki eins og stöðugt neyðarástand vofði yfir. Hann hughreysti Mörtu Root sem skrifaði honum 1927 frá Evrópu og lýsti ótta sínum. Hann segir í bréfi sínu: „Hvað varðar möguleika á að styrjöld brjótist út í Evrópu skaltu ekki hafa neinar áhyggjur. Líkurnar eru afar litlar og engin hætta á ferðum í náinni framtíð.“ Þetta sama ár hafði hann þó sagt það verða stöðugt augljósara að ný og mannskæð átök væru óumflýjanleg. Hvað eftir annað bjó hann bahá'ía undir þá staðreynd að ný átök væru í vændum sem skekja myndu heiminn. Árið 1938 skrifaði hann: „Hraði hins tvíþætta ferlis innri upplausnar og ytra öngþveitis eykst með degi hverjum og stefnir ósveigjanlega að hámarki. Heyra má nú þegar gnýinn sem boðar ofsann í framrás þessara afla sem valda því að „limir mannkyns munu nötra.“ „Tími endalokanna“ og þess „endadægurs

þjóðanna“, sem ritningarnar segja fyrir um er loksins runninn upp yfir okkur.“ Og í riti sínu *Guðlegt réttlæti í nánd* sem hann skrifaði í lok desember 1938 segir hann skýrum orðum fyrir stríðið: „Hver veit nema þessi fáu hraðfleygu ár beri í sér svo feiknlega atburði að við getum ekki gert okkur þá í hugarlund, með meiri eldraunum en mannkynið hefur áður séð, með meiri tortímingu og eyðileggingu en það áður hefur mætt.“ Og í apríl 1939 skrifaði hann: „endalok dauðvona siðmenningar nálgast óhjákvæmilega.“

Þegar langur skuggi stríðsins féll yfir Evrópu man ég vel og greinilega tilfinningu sem ég fékk um hörmulega ógæfu þegar ég las skáldleg og kröftug upphafsorð í símskeyti sem Shoghi Effendi skrifaði frá hjarta þess meginlands 30. ágúst 1939: „...næturskuggar sem teygja sig yfir nauðstatt mannkyn dýpka óumflýjanlega...“ Viku áður en Shoghi Effendi sigldi frá Englandi í júlí 1940 sendi hann símskreyti frá Haifa (þaðan voru öll símskeyti hans og bréf ætíð send meðan hann var fjarverandi). Þar segir að eldar stríðsins „...hóti núna eyðingu Austurlanda nær og fjær umhverfis Heimsmiðstöðina helsta virki trúar Bahá'u'lláh...“ Það er ótrúlegt að mitt í öllum áhyggjunum og eftir hálfis árs fjarveru þar sem við virtumst stöðugt berast áfram á flóðbylgju (fyrst þegar við fórum frá Haifa og síðan þegar við komum aftur til Haifa tímanlega) skuli Verndarinn hafa haft andlegt þrek og líkamlegan styrk við heimkomuna til landsins helga til að setjast niður og skrifa bók á borð við *The Promised Day Is Come*—bók þar sem hann gerir það alveg ljóst að sú „refsandi ógæfa“ sem dunið hafi yfir mannkynið, hver sem pólitísk og efnahagsleg áhrif þeirra kunni að vera, stafi fyrst og fremst af því að mennirnir hafi í heila öld virt að vettugi boðskap Guð fyrir okkar tíma.

Shoghi Effendi tók hættunum og erfiðleikunum sem stríðið færði okkur í Haifa og bahá'í heiminum almennt með markverðri rósemi. Það þýðir ekki að þær hafi ekki valdið honum hugarkvöl. Ábyrgðin hvíldi ætíð þungt á honum og hann gat aldrei vikið henni frá sér. Ég minnst þess eitt sinn að ég komst í uppnám vegna þess öllum ákvörðunum varð að vísa til hans, jafnvel þegar hann var veikur. Hann sagði að aðrir leiðtogar, jafnvel forsætisráðherrar, gætu deilt valdi sínu með öðrum, a.m.k. um stundarsakir ef þeir neyddust til þess, en hann gæti ekki gert slíkt meðan hann lifði. Enginn annar nyti guðlegrar leiðsagnar og gæti komið í hans stað eða gegnt hans starfi. Hann gat ekki deilt þessari leiðsögn með öðrum.

Þótt síðari heimsstyrjöldin teygði sig ekki til landsins helga lifðum við árum saman í stöðugum ótta við að það gæti gerst hvenær sem var. Landið helga var myrkvað eins og svo mörg lönd í heiminum. Þar sem næstum 100 gluggar voru í byggingunni þar sem hús Meistarans stóð olli þetta töluverðum vanda. Auðvitað var ekki nauðsynlegt eða mögulegt að myrkva allar vistarverur hússins en það þýddi að við urðum oft að ganga um í niðamyrkri. Gramir varðmenn hringdu oft og kvörtuðu yfir ljósunum. Haifa var stór hafnarborg með olúhreinsunarstöð og þarafleiðandi hernaðarlega mikilvæg. Í borginni voru ýmsar loftvarnarbyssur henni til varnar, tvær þeirra í mílu fjarlægð frá heimili Verndarans. Nokkrum sprengjum var varpað en tjónið var smávægilegt – verndin var kraftaverki líkust – en loftárásir voru oft gerðar og sprengjubrot frá stóru loftvarnabyssunum dreifðust víða. Þetta jók áhyggjur Shoghi Effendi vegna þess að sprengjubrot á stærð við greipaldin gátu auðveldlega laskað fögru marmaraminnisvarðana á legstöðum fjölskyldu Meistarans; stór brot fundust oft nálægt þeim en féllu þó aldrei á þau. Við urðum að byggja loftvarnarskýli en hvorki Verndarinn né ég fórum nokkru sinni inn í það. Stundum þegar aðvörun barst að næturlagi fór Shoghi Effendi á fætur og leit út um gluggann en yfirleitt hélt hann kyrru fyrir. Mest var um að vera þegar Bretar réðust inn í Líbanon. Í heila viku heyrðum við mikla skothríð og herflugvélar Vichy leppstjórnarinnar gerðu oft árásir á höfnina í hálftrar mílu fjarlægð frá húsinu okkar.

Ekki stafaði þó mikil hættu af öllu þessu. Í nóvember 1941 lýsti Shoghi Effendi framtíðarhorfum í símskeyti og sagði um næstu ár að: „... ofsi eyðileggjandi og gríðarlegra eldrauna um allan heim væri að ná hámarki...“ Þrátt fyrir það hlutskipti sem beið heimsins upplifðum við í Palestínu árið 1941 skelfilegustu mánuðina í öllu stríðinu, mánuði sem ollu Verndaranum þungum áhyggjum. Á því ári stóð Rashid Ali, andstæðingur Bandamanna, fyrir skammlífrni byltingu í Írak. Breski herinn var á stöðugu undanhaldi fyrir Rommel í Líbíu og loks árið 1942 tókst Þjóðverjum að komast til Alexandríu. Nasistar hernámu Krít sem átti að verða annar stökkpallur þeirra til fyrirhugaðra yfirráða í Miðausturlöndum. Breskar og franskir herdeildir réðist inn í Líbanon og felldu Vichy leppstjórnina. Við það mikla hættuástand sem þá skapaðist bættist að stórmúftinn í Jerúsalem, æðsti trúardómari múslíma, var andstæðingur trúarinnar og Verndarans og eindreginn stuðningsmaður nasista. Ekki þarf að fara í grafgötur um hvaða

örlög hefðu beðið Shoghi Effendi, graphýsis Bábsins og skjallasafns Heimsmiðstöðvarinnar, ef sigursæll þýskur her undir leiðsögn hins slæga og illyrta trúardómara hefði tekið Palestínu. Shoghi Effendi sagði oft að ekki þyrfti að spyrja að því hvað Þjóðverjar tækju til bragðs því á svæðinu var fjöldi óvina sem ásamt trúardómaranum hefðu getað snúið Þjóðverjum gegn honum og gert þannig slæmt ástand enn verra enda bahá'í kenningar í fullkominni andstöðu við hugmyndafræði nasista á svo margan hátt.

Mánuðum saman fylgdist Shoghi Effendi áhyggjufullur með styrjaldarrekstrinum sem færðist stöðugt nær og velti fyrir sér hvaða stefnu ætti að taka ef innrás væri gerð og hvernig best væri að vernda trúna sem hann sjálfur var lifandi tákni fyrir.

Öll stríðsárin tókst honum að halda sambandi við meginþorra átrúenda í þeim löndum þar sem nokkur af elstu og fjölmennustu bahá'í samfélögin voru, þar á meðal Persíu, Ameríku, Indland og Stóra Bretland auk hratt vaxandi bahá'í miðstöðva í Suður Ameríku. Tiltölulega lítil samfélög í Japan, á meginlandi Evrópu, í Búrma og um tíma í Írak voru þau einu sem ekkert samband náðist við. Þetta hryggði Verndarann og olli honum verulegum áhyggjum. Vegna þess að líkt og fyrir kraftverk var hægt að halda sambandi við flest bahá'í samfélög í heiminum gat Shoghi Effendi ekki aðeins sent fyrirmæli sín til ýmissa þjóðarráða heldur einnig útskýrt hvað þessi heimsstyrjöld táknaði fyrir okkur bahá'ía. Í pistli sem ber heitið *The Promised Day Is Come* (Hinn fyrirheitni dagur er runninn upp) sagði hann að „áform Guðs er ekkert annað en að undirbúa með aðferðum sem hann einn getur notað og hann einn skilur til fulls, hina miklu gullöld langþjáðs og sundraðs mannkyns. Núverandi ástand þess og jafnvel nánasta framtíð er dimm, hörmulega dimm. Fjarlæg framtíð þess er hinsvegar geislandi, dýrlega geislandi — svo geislandi að enginn getur sett sér það fyrir sjónir . . . Tími frumbersku þess og barnæsku er liðinn og kemur aldrei aftur, en hin mikla öld, uppfylling allra alda sem táknar fullþroska alls mannkyns er ókomin. Umbrot þessa breytingarskeiðs, ofsafengnasta tímabilsins í annálum mannkyns, eru höfuðforsendur og fyrirboði þess að öld allra alda, „tími endalokanna“ nálgast þegar fáviskan, átökin og deilurnar sem frá ómunatíð hafa varpað dimmum skugga sínum yfir sögu mannkyns, munu loks umbreytast í visku og rósemi varanlegs allsherjarfriðar þar sem sundurlyndi og aðskilnaður manna barna hefur látið undan síga fyrir allsherjarsáttum og fullkominn einingu hinna ýmsu þátta sem

mynda mannlegt samfélag . . . Það er þetta stig sem mannkynið nálgast óumflýjanlega, hvort sem það vill það eða ekki. Það er fyrir þetta stig sem þær gríðarlegu eldraunir, sem mannkynið upplifir núna, eru að ryðja braut.“

Svo mikill var léttir og gleði Verndarans þegar stríðinu lauk í Evrópu í maí 1945 að hann sendi símskeyti til Ameríku: „Fylgjendur Bahá'u'lláh í fimm heimsálfum gleðjast einhuga yfir ákveðinni lausn frá feiknlegu umbrotum stríðshrjáðs mannkyns: „fagna þakklátir markverðum vitnisburði um milligöngu guðlegrar forsjónar sem á þessum háskalegu tímum tryggði öryggi trúar okkar . . .“ Hann minntist þess einnig með þakklæti hvernig önnur samfélög höfðu staðist þrekraunina eins og fyrir kraftaverk, og skýrði frá framúrskarandi sigrum sem trúin hafði unnið á þessum tíma þrátt fyrir styrjaldaráttökin. Þann 20. ágúst 1945 sendi hann aftur símskeyti: „Hjörtun gleðjast og færa þakkir fyrir að endir er bundinn á langvarandi og fordæmalaus heimsátök.“ Hann hvatti amerísku átrúendurnar til að rísa upp og halda starfi sínu áfram og jafnframt fagnaði hann því að ekkert stæði lengur í vegi fyrir að hægt væri að hefja annan áfanga hinnar guðlegu áætlunar 'Abdu'l-Bahá. Ekkert getur gefið betri mynd af einbeitni, áhuga og framúrskarandi leiðsögn Verndarans en þessi skeyti sem send voru í sama mund og mestu styrjöld í allri sögu mannkynsins var að ljúka.

Hvert sem ástandið var í öðrum heimshlutum hélt ástandið í Palestínu áfram að versna á allan hátt. Helförin sem hafði kostað milljónir gyðinga í Evrópu lífið, beiskja gyðinga í Palestínu vegna mikilla takmarkana á innflytjendastefnu Breta; heiftug andstaða araba við sömu stefnu – allt jók þetta á spennuna og hatrið í landinu. Margskonar erfiðleikar sem önnur lönd voru smám saman að leggja að baki, t.d. ströng matarskömmun, komu nú í okkar hlut. Allt var erfitt. Ekki var lengur hætta á innrás eða sprengjuárásum en horfurnar fyrir þetta litla en helga land urðu stöðugt dekkri þegar við tók tímabil sem Shoghi Effendi sagði einkennast af „alvarlegasta umróti í landinu helga á síðari tímum.“

Shoghi Effendi var örþreyttur eftir stríðsárin. Hann hafði ekki aðeins skrifað *The Promised Day Is Come* og *God Passes By* heldur einnig innblásið og hrifið bahá'ía með sér, hvatt þá til dáða með ákafa sínum, krafti og uppörvun. Hann hafði líka stjórnað fimm upphafsárum fyrstu sjö ára áætlunarinnar og á þeim tíma hughreyst bahá'í heiminn,

fært honum innblástur og haldið honum saman. Á þessum tíma hafði hann stöðugt unnið að því að færa út ytri mörk málstaðarins, dýpka og styrkja þjóðarsamfélögin. Framkvæmdir voru hafnar við yfirbyggingu grafhýsis Bábsins, sem var einstætt verkefni. Á þessum sama tíma hafði fjölskylda 'Abdu'l-Bahá og hans eigin fjölskylda snúið við honum baki. Hann var nú að nálgast fimmtugt, hárið farið að grána í vöngunum, axlir hans hoknar af því að bogra stöðugt yfir skrifborði, hjarta hans ekki aðeins hryggt vegna þess mótlætis sem hann hafði mætt heldur einnig örmagna og útslitið.

Þegar stjórnartíð Breta var að renna sitt skeið á enda 14. maí 1948 versnaði ástandið í Palestínu stöðugt. Allt landið logaði af ógn og hatri. Hermdarverkum fjölgaði stöðugt. Arabar, gyðingar og Bretar tóku allir þátt í þessu. Þeir vissu allir vel að Verndarinn var algjörlega frábitinn pólitískum málefnum og það eru engar ýkjur að allir báru þeir virðingu fyrir honum og létu hann í friði. Þetta var afar mikilvægt því á þeim árum og sérstaklega mánuðum áður en Bretar létu af stjórn í Palestínu var ekkert hlutlaust svæði lengur að finna. Gyðingar greiddu fyrir varnir gyðingasamfélagsins og arabar greiddu fyrir varnir síns eigin samfélags. Að Verndarinn skuli hafa getað stýrt litla bahá'í samfélaginu yfir hættulegar flúðir og iðuköst þessara daga og að hann skuli ekki sjálfur hafa verið beðinn um fjármuni til að styrkja málstað samlanda sinna (því allir vissu að hann hafði fæðst og alist upp í landinu) ber vitni um orðstír hans sem manns ósveigjanlegra meginreglna og járnharðrar einbeitni.

Þótt Verndarinn hafi verið látinn afskiptalaus þýddi það ekki að hann hafi sjálfur verið öruggur og málstaðurinn sjálfur ekki alvarlega aðþrengdur. Stóra óbyggða svæðið umhverfis grafhýsi Bábsins olli mestum áhyggjum því aðliggjandi svæði voru undir stjórn araba. Öll opin svæði, sérhver staður sem bauð upp á hagkvæma vígstöðu, olli bæði gyðingum og aröbum skelfingu því þeir voru algeng fórnarlömb leyniskyttna og sprengjuárása. Þess vegna var það áfall fyrir Shoghi Effendi að uppgötva dag nokkurn þegar hann horfði í sjónauka yfir svæðið að breskir hermenn höfðu sett upp vélbyssuhreiður á okkar landareign þar sem sá yfir veginn og sem þeim augsynilega þótti ákjósanlegur staður til að halda upp skothríð á árásarmenn í nágrenninu. Þeir fjarlægðu vélbyssuna en skelkurinn sem þetta atvik olli hvarf ekki, hættan var sú að við hefðum óvart getað orðið aðilar að morðunum sem framin voru allt í kringum okkur.

Ég man eftir öðru atviki þar sem í hlut átti gyðingur sem vann sérhæfð störf fyrir okkur. Hann var nýfarinn frá graphýsinu þegar nokkrir arabar komu og spurðu um hann. Hann hefði hugsanlega verið myrtur hefði hann fundist og eftirköstin orðið hræðileg fyrir samfélag sem lagðist svo mjög gegn blóðsúthellingunum sem áttu sér stað án afláts og gætti fullkomins hlutleysis í pólitísku átökunum sem áttu sér stað. Til skorbardaga kom oft í kringum hús Meistarans, stundum voru það minniháttar bardagar, en enginn skaut eða réðist á okkur. Ekki mátti þó vanmeta hættuna á að verða fyrir byssukúlu. Þegar hermdarverkin færðust í aukana voru viss svæði, þar á meðal okkar, vísvitandi myrkvuð á næturnar og engin götuljós loguðu. Oft var útgöngubann á daginn þegar harðir bardagar áttu sér stað eða meiriháttar hermdarverk höfðu verið framin og aðeins breskir hermenn gátu farið um göturnar. Skriðdrekar þeirra brunuðu eftir yfirgefnum strætum og oft var skotið af handahófi úr vélbyssum þegar þeir fóru framhjá. Sírenuvæl þeirra var mjög óhugnanlegt og vakti taugastrekknum íbúum sérstakan ugg á næturnar. Þeim leið eins og byggju þeir í námunda við eldfjall sem þá og þegar gat byrjað að gjósa.

Meðan á öllu þessu stóð fór Shoghi Effendi upp á Karmelfjall á hverjum degi og sinnti störfum sínum eins og venjulega. Hann hafði yfirumsjón með starfinu í görðunum, heimsótti graphýsin og kom heim áður en tók að skyggja. Allan þennan tíma man ég aðeins eftir einu eða tveimur atvikum þegar útgöngubann hafði verið sett á vegna ástandsins og hann komst ekki heim. Dag nokkurn ók frá Weeden honum upp að graphýsunum (arabíski bílstjórinn okkar var farinn úr landi) og skotið var úr einum bíl á annan fyrir framan hann. Sá ók skyndilega fram fyrir Verndarann og hann var á milli bílanna beggja. Hinn kom brátt á eftir og einkastríðið hélt áfram en menn geta ímyndað sér hvernig okkur leið þegar við heyrðum af þessu atviki síðar! Samt gátum við ekkert gert. Allir sem hafa gengið í gegnum slíka reynslu vita að það er aðeins tvennt er mögulegt undir slíkum kringumstæðum — að fara burt eða halda áfram eins og ekkert hafi í skorist. Við héldum bara áfram. Eftirfarandi útdráttur úr einni af dagbókum mínum frá 22. feb. 1948 lýsir best andrúmsloftinu á þessum tíma: „Við vitum að Bahá'u'lláh vakir yfir okkur. En við erum manneskjur og upplifum okkar áhyggjustundir eins og þegar skothríð hefst um alla borg og Verndarinn elskaði er ekki enn komin frá graphýsunum, vegurinn er lokaður og hann verður að koma fótgangandi — þá vitum við að allt er

undir Bahá'u'lláh komið... Það eru engar ýkjur að ekki líður sú nótt að við heyrum ekki skothríð, stundum með hléum alla nóttina. En við missum samt ekki svefninn nema þegar sprengja springur...“

Það var þó ekki á slíkum nóttum sem Shoghi Effendi missti svefns. Mestar áhyggjur hafði hann af helgu grafhýsunum tveimur. Þegar Bretar fóru og stríðsátök hófust milli araba og gyðinga voru þau í verulegri hættu og það olli honum gríðarlegum áhyggjum. Bahj var aðeins í fimmtán mílna fjarlægð frá landamærunum og voldugur her gat ráðist yfir þau hvenær sem var. Þetta var eitt áhyggjuefnið, en öllu verri var sú áætlun sem um tíma var til alvarlegrar skoðunar og fólst í því að skipuleggja átta landamæri nýja gyðingaríkisins þannig að í norðri lægju þau á milli Akka og Haifa. Heimsmiðstöðinni hefði með þessu móti verið skipt í tvennt, stjórnarfarslega miðstöðin væri í einu landi og helgasti staður á jörðu, Qiblih trúarinnar, í öðru landi sem var óvinveitt þessum helgistað og trúnni sjálfri.

Einhver kynni að furða sig á að Verndarinn sem laut guðlegri leiðsögn skuli hafa verið svo uggandi vegna alls þessa. Mín útskýring og skilningur er sá að í flestum tilvikum sé um þrennt að tefla. Í fyrsta lagi vilja Guðs sem felur í sér gæsku hans, almætti og þau örlög sem hann hefur búið mannum og sem að lokum leiðréttir öll rangindi. Í öðru lagi þær tilviljanir sem 'Abdu'l-Bahá segir að séu hluti af náttúrunni og í þriðja lagi frjáls vilji og ábyrgð einstaklingsins sjálfs. Sé þetta haft í huga vekur það enga furðu að Verndarinn skuli hafa verið svo uggandi vegna allra þeirra hluta sem gátu haft áhrif á hagsmuni og vernd trúarinnar og að hann skuli hafa íhugað vandlega þau vandamál sem við blöstu, reynt að tryggja að leitað væri rétttra lausna, hentugustu tækifærin gripin og sem mestum hagsbótum náð fyrir málstaðinn.

Shoghi Effendi vitnaði oft til þeirrar undursamlegu verndar sem Heimsmiðstöðin hafði notið á tímum glundroða og yfirvofandi háská þegar breska landsstjórnin var leyst upp og ríki gyðinga sett á stofn. Listinn yfir þær háskasemdir sem tókst að bægja frá og afrekin sem unnin voru á þessum tíma – og sem Shoghi Effendi birti í símskeyti til ameríska landsþingsins 25. apríl 1949 – nægir til að fá ofurlitla innsýn í mæðu hans, áhyggjur og þau alvarlegu vandamál sem hann stóð andspænis. Prentuð útgáfa þessa símskeytis sýnir hversu ríkulegur vitnisburðurinn var um „guðlega vernd sem veittist Heimsmiðstöð trúarinnar á þriðja ári sjö ára áætlunarinnar.“ Þar segir ennfremur: „Langvarandi átökum sem kallað hafa eyðileggingu yfir landið helga

er nú lokið fyrir tilstuðlan guðlegrar forsjónar. Það er kraftaverki líkast að bahá'í helgistaðir skuli hafa sloppið við þessa eyðileggingu ólíkt því sem gerðist um helgistaði annarra trúarbragða. Vá, sem var engu minni en sú sem ógnaði Heimsmiðstöð trúarinnar í stjórnartíð Abdu'l-Hamid og Jamal Pasha og blasti við með fyrirhuguðum landvinningum Hitlers í Austurlöndum nær, hefur verið afstýrt. Frjálst og fullvalda ríki hefur verið stofnað í landinu helga og markar það lok tuttugu alda héraðsstjórnar. Formleg fullvissa um verndun bahá'í helgistaða og áframhaldandi bahá'í pílagrímsferðir hefur verið gefin af forsætisráðherra hins nýstofnaða ríkis. Ríkisstjórnin sendi Heimsmiðstöðinni formlegt boð um að vera viðstödd setningu fyrsta þings þjóðarinnar. Opinbert leyfi hefur verið gefið fyrir bahá'í hjónavígslum og ábyrg stjórnvöld þessa sama ríkis hafa veitt bahá'í eignum undanþágu. Nýkjörinn forseti færði málstað Bahá'u'lláh einlæggar árnaðaróskir í skriflegu svari sínu við heillaóskaskeyti sem honum var sent þegar hann tók við embætti.“

Á árunum eftir stríðið þegar sigrum sem bahá'íar unnu fjölgaði og Sameinuðu þjóðirnar voru settar á stofn—máttugasta tæki til friðar sem menn höfðu nokkru sinni fundið upp—vonuðu efalaust mörg okkar að versti áfanginn í langri styrjaldarsögu mannkynsins væri að baki og að við gætum séð bjarma af þeim degi sem við bahá'íar trúum svo staðfastlega að sé að renna yfir heiminn. En skarpur hugur Verndarans sem naut guðlegrar handleiðslu sá atburðina ekki í þessu ljósi. Allt til loka lífs síns hélt hann áfram að endurtaka með vísan til orða Bahá'u'lláh sjálfs það sem hann hafði svo oft sagt áður en styrjöldin hófst: „Fjarlæg framtíð mannkyns er mjög björt en nánasta framtíðin afar dimm.“

Meðal þeirra uppörvandi skilaboða sem hann sendi svo oft til bahá'ía um allan heim mátti iðulega finna varnaðarorð og forsagnir. Þær voru þarna þrátt fyrir lofsorðið sem hann lauk á frábær þjónustustörf þeirra og þær áætlanir sem hann lagði fyrir þá af mikilli natni. Árið 1947 sagði hann að bahá'íum hefði náðarsamlega verið hjálpað til að fylgja stefnu sinni „án þess að víkja þrátt fyrir sviptivinda og ofsafengna atburði sem hljóta að valda auknu umróti í mannlegu samfélagi áður en stund endanlegrar lausnar mannkynsins fer í hönd . . .“ Í þessu bréfi þar sem hann hvetur ameríska samfélagið til að sækja fram í knýjandi starfi þess í sjö ára áætluninni talar hann um framtíðina: „Þegar ástandið á alþjóðavettvangi versnar og horfur mannkyns verða enn dekkri . . .“

þegar innviðir nútíma þjóðfélags bifast og brotna undan álagi og streitu ógnvænlegra atburða og hörmunga, þegar gjárnar víkka sem aðskilja þjóðir, stéttir, kynþætti og trúarbrögð . . .“

Því fór fjarri að við værum komin fyrir horn og gætum snúið endanlega baki við ógæfusamri fortíð, þvert á móti „dýpkaði kreppan stöðugt.“ Í mars 1948 gekk hann enn lengra í samtali sem ég skráði í dagbók mína: „Í kvöld sagði Shoghi Effendi mér margt mjög áhugavert. Hann sagði að þeir sem héldu því fram að ekki kæmi til annarrar styrjaldar í ljósi núverandi ástands væru fávísir. Að halda því fram að ef til annars stríðs kæmi myndi atómsprengjan ekki verða notuð væri líka heimskulegt. Við verðum að gera ráð fyrir annarri styrjöld og skelfilegri eyðileggingu í kjölfar hennar. Hann taldi samt að bahá'íar myndu stíga fram og móta kjarna framtíðar siðmenningar. Hann sagði að ekki væri rétt að halda því fram að hið góða myndi farast með hinu illa því að í vissum skilningi væru allir illir, sökin lægi hjá öllu mannkyni fyrir að virða Bahá'u'lláh að vettugi og afneita honum eftir að hann hefði kunngert öllum boðskap sinn. Hann sagði að dýrlingarnir í klaustrunum og syndararnir í verstu svallbælum Evrópu væru allir slæmir vegna þess að þeir hefðu afneitað sannleikanum. Hann sagði að rangt væri að halda eins og sumir bahá'íar gerðu, að hið góða myndi tortímast með hinu illa. Allir menn væru illir vegna þess að þeir hefðu hafnað Guði á þessum degi og snúið baki við honum. Hann sagði að við gætum aðeins trúað því að með einhverjum leyndardómsfullum hætti yrði nógu mikið eftir til að byggja upp framtíðina þrátt fyrir hræðilega eyðileggingu.“

Í nóvember sama ár hvatti hann amerísku átrúendurnar til að halda þolinmóðir áfram með áætlun sína og skrifaði: „Þar sem líkur á enn ofsafengnari umbrotum sem skekja jóðsjúka öld hafa aukist og dimm ský enn annarra átaka myrkva alþjóðlegan sjónahring - átaka sem fyrirhugað er að verða sérstakur og hugsanlega afgerandi þáttur í fæðingu nýs heimsskipulags sem hlýtur að boða komu hins minni friðar . . . Drunur ennþá ógnvænlegri hamfara auka ótta heims sem þjáist og er í upplausn . . . þannig hlýtur andi þessarar nýju herferðar að birtast með enn göfugri hætti í kjölfar versnandi ástands í veröld sem horfir ennþá full örventingar á rústir eyðandi styrjaldar og stendur nú á barmi enn alvarlegri hildarleiks . . .“ Í sama mánuði vísaði hann til „vaxandi óheillavænlegrar kreppu sem ógnar jafnvægi þjóðfélags sem er í pólitískri og efnahagslegri upplausn, félagslega

öfugsnúið, siðferðilega úrkynjað og andlega dauðvona.“ Hann heldur áfram og talar um „viðvörunarhljóm þriðju eldraunarinnar sem hótar að svelgja þjóðir heims í austri og vestri“. „Horfurnar í alþjóðamálum verða stöðugt alvarlegri,“ sagði hann. Hann hvatti bahá'ía til þess að „sækja fram yfirvegaða í þeirri fullvissu að mesta viðleitnin og bestu tækifærin til að vinna glæstustu sigrana verða að fara saman við alheimshamfarir þar sem hörmungarástand mannkynsins mun ná sínum lægstu lægðum.“

Þetta hélt stöðugt áfram. Sigrarnir, hrósið, hvatningin, gleði Verndarans – og varnaðarorðin. Árið 1950 sagði hann bahá'íum að þeir ættu ekki að óttast hættur sem stöfuðu af „sífellt verri horfum í alþjóðamálum.“ Árið 1951 upplýsti hann kennsluráðstefnuna í Evrópu að „hætturnar“ sem blöstu við „sjárþjáðu meginlandi“ „færu vaxandi.“ En í rauninni var það í alvarlegasta og umhugsunarverðasta bréfinu frá 1954 sem Shoghi Effendi fjallaði ítarlega um þessi framtíðaráttök, orsakir þeirra, stefnu, afleiðingar og áhrif á Ameríku. Orð hans voru skýrari og kröftugri en nokkru sinni fyrr. Hann tengir „grófa“ og „illkynjaða efnishyggju“ í heimi nútímans við varnaðarorð Bahá'u'lláh og segir að hann hafi líkt henni við „eyðandi eld“ og litið á hana „sem helstu orsök ægilegra eldrauna, heimsunbyltandi kreppu og öngþveitis sem myndu leiða til þess að borgir brynnu og hjörtu manna fylltust ógn og felmtri.“ Shoghi Effendi heldur áfram og segir: „Að sönnu markaði síðasta heimstyrjöld annað stigið í þessu alheimsöngþveiti og er forsmekkurinn að þessum eyðandi eldi. Hann mun fara um heiminn með sviga lævi og leggja í auðn borgir þeirra þjóða sem taka þátt í þessum hörmulegu og heimsunlykjandi átökum. Mannkyn sem hefur gleymt Guði sínum og skeytir engu um skýr varnaðarorð boðbera hans fyrir okkar tíma mun ekki geta umflúið þessa eyðingu.“

Bréfið sem inniheldur þessa skelfilegu spádóma var skrifað til amerísku bahá'íanna og þar bendir Verndarinn á almenna hnignun „ráðvilltrar veraldar“ og sífellt fleiri og öflugri eyðingarvopn sem þróuð yrðu af tveimur aðilum sem tækjust á í heiminum – „fangnir í straumiðu ótta, tortryggni og haturs.“ Ástandið hefði sífellt meiri áhrif á þeirra eigin lönd og ef það breyttist ekki til batnaðar hlyti það „að kalla hörmungar af áður óþekktri stærðargráðu yfir amerísku þjóðina með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir samfélagsgerðina, mælikvarða og hugsjónir amerísku þjóðarinnar og stjórnvalda hennar ... Ameríska þjóðin ... er vissulega í mikilli hættu hvernig sem á

núverandi aðstæður hennar er litið. Hún getur að einhverju leyti forðast þær sorgir og þrengingar sem að henni steðja en þær eru að mestu leyti óumflýjanlegar og sendar af Guði . . .“ Hann bendir síðan á breytingarnar sem þessar óhjákvæmilegu þrengingar hljóta að koma til leiðar á úreltum kenningum um óskorað fullveldi þjóðríkja sem þjóðin og stjórnvöld hennar héldu ennþá fast við og sem væru svo augljóslega „í mótsögn við þarfir veraldar sem hefur skroppið saman í eitt þorp og hrópar á einingu“ og með þeirra tilstyrk mun þjóðin hreinsast af úreltum hugmyndum og verða fær um að gegna því mikla hlutverki við stofnun hins minni friðar sem ‘Abdu’l-Bahá áformaði henni. „Eldraunirnar“ sem eru í vændum munu ekki aðeins bræða saman í eina heild „amerísku þjóðina og systurþjóðir hennar í austri og vestri“ heldur einnig hreinsa hana af „sora rótgróinna kynþáttafordóma, hömlulausrar efnishyggu, útbreidds guðleysis og siðferðilegrar linkindar—sora sem hefur safnast upp í gegnum kynslóðirnar og hindrað hana frá því að takast á hendur það andlega forystuhlutverk sem óskeikull penni ‘Abdu’l-Bahá sagði fyrir um og sem forlögin ætla henni að axla í gegnum raunir og erfiðleika.“

Síðasta veturinn sem Verndarinn lifði heyrði ég hann tala af meiri kynngikrafti um þessi mál en nokkru sinni fyrr. Það var eins og hann væri þegar orðinn þreyttur eftir langa baráttu sína við veikleika okkar, eftir áralangt strit og algjöra trúmennsku. Hann varaði ekki aðeins við því sem biði í framtíðinni heldur mátti skilja á orðum hans að bahá’íar—allir með tölu í austri og vestri—hefðu látið undir höfuð leggjast að fara af stað í jafn fjölmennum hópum og verkefnin kröfðust til að kenna málstað Guðs um allan heim, á nýjum svæðum og eyjum hnattarins meðan enn var tími og tækifæri til að gera það, fjölga þannig fylgjendum trúarinnar til mikilla muna og mynda þá andlegu kjarna sem gætu staðið af sér eyðileggingaröflin sem eru að verki í mannlegu samfélagi samtímans og kjarna sem yrðu gróðurreitir þess framtíðarskipulags heimsins sem við trúum staðfastlega að muni rísa úr núverandi öngþveiti.

Við ættum að vera á varðbergi en ekki láta hugfallast. Í einu af síðustu bréfum Verndarans til þjóðarráðs í Evrópu í ágúst 1957 skrifaði ritari hans fyrir hans hönd: „Hann vill ekki að vinirnir séu óttaslegnir eða festi hugann við ógeðfellda möguleika framtíðar. Viðhorf þeirra ætti að mótast af því að ef þeir gera sitt, sem er að vinna að markmiðum tíu ára áætlunarinnar, geta þeir verið vissir um að Guð muni gera sitt

og vaka yfir þeim.“ Stefnu bahá'ía á þessum tíma heimskreppu var lýst í öðru bréfi sem ritari Verndarans skrifaði mánuði áður til eins af þjóðarráðunum í Afríku: „Eftir því sem ástandið í heiminum og ykkar heimshluta versnar mega vinirnir engan tíma missa og rísa til hærri sviða helgunar og þjónustu og þó sérstaklega andlegrar meðvitundar. Það er skylda okkar að endurleysa eins marga meðbræður okkar og við getum, þá sem hafa upplýst hjörtu og eru tilbúnir til þjónustu. Því fleiri átrúendur sem eru reiðubúnir að vera eins og vitar í myrkrinu hvenær sem sá tími kemur, þeim mun betra. Þess vegna hefur kennslustarfið á þessum tíma úrslitapýðingu.“

Shoghi Effendi hafði áður sagt: „Hversu mikil sem áskorunin verður, hversu mörg verkefni sem við blasa, hversu nauman tíma sem við höfum, hversu skuggalegt sem útlitið í heiminum er og hversu takmörkuð sem fjárráð og mannaflí aðþrengds samfélags á æskuskeiði er, getur þetta samfélag ausið af ótæmandi lindum himnesks styrks, sem mun óhikað úthella örvandi áhrifum sínum ef nauðsynleg dagleg viðleitni er sýnd og nauðsynlegar fórnir fúslega færðar.“ Fullvissuð getum við falið Guði það sem hann getur komið til leiðar þegar við höfum gert okkar ýtrasta.

Við erum kynslóð ljósaskiptanna, morgunskímunnar þegar sól hins nýja dags er að rísa. Ef við spyrjum okkur sjálf hversvegna slíkar hörmungar blasi við okkur á þessum tímum eru öll svörin fyrir hendi, kristaltær í ítarlegum útskýringum Verndarans á merkingu kenninganna og þýðingu þeirra fyrir okkur. Hann kenndi okkur að tvennt væri í húfi. Hinu fyrra er lýst með þessum orðum Bahá'u'lláh „Brátt mun ríkjandi skipulagi verða vafið saman og nýtt breitt út í þess stað.“ Að rífa niður forna og rammgerða múra sem mikill fjöldi samfélaga hefur hvert um sig reist um sínar eigin venjur, hjátrú og fordóma, og gefa þeim ný allsherjarviðmið og nýja sýn á tilverunni er verk sem aðeins almáttugur Guð getur framkvæmt og sú aðgerð veldur af eðlilegum ástæðum miklum þjáningum. Þær verða enn sársaukafyllri vegna sálar- og hugarástands manna. Sum samfélög eru fórnarlömb „blygðunarlausrar veraldarhyggju – skilgetins afsprengis van trúar“, sum eru í greipum „óskammfeilinnar efnishyggju og kynþáttastefnu“ og hafa með orðum Shoghi Effendi „sett sig í stað Guðs sjálfs.“ Allar þjóðir og kynkvíslir heims eru sekar um að hafa í meira en heila öld „neitað að viðurkenna þann sem er fyrirheit allra trúarbragða, og sem allar þjóðir verða að lokum að viðurkenna til að

finna raunverulegt hjálpræði.“ Þessi nýja trú er með orðum Shoghi Effendi „dýrmætur gimsteinn guðlegrar opinberunar sem geymir anda Guðs og er lifandi tákn áforms hans fyrir allt mannkynið á þessum tíma“ og í grundvallaratriðum var það vegna hennar sem heimurinn „gengur í gegnum slíkar raunir“. Bahá'u'lláh sagði sjálfur: „Veröldin er gengin úr skorðum vegna gagngerra áhrifa þessa mesta, þessa nýja heimsskipulags.“ „Tákn aðsteðjandi hamfara má nú þegar greina því að ríkjandi skipulag sýnist vera hörmulega gallað.“ „Veröldin er beygð af áþján og umbrot hennar magnast dag frá degi. Slíkt verður hlutskipti hennar, að hvorki væri rétt né sæmandi að ljóstra því upp nú. Öfughneigð hennar mun lengi vara. Og þegar hin tiltekna stund rennur upp, birtist það skyndilega sem fær limu mannkynsins til að skjálfa. Þá, og aðeins þá, verður hinn himneski sigurfáni dreginn að hún og næturgali paradísar syngur söngljóð sitt.“ „Eftir nokkurn tíma munu allar ríkisstjórnir á jörðu breytast. Kúgun mun umlykja heiminn. Og eftir allsherjarumbrot mun sól réttlætis rísa frá sjónarhring hins ósýnilega ríkis.“

Svo heillandi er þó framtíðarsýnin sem Shoghi Effendi sýnir okkur í leiftrandi orðum sínum að hún hrekur á brott allan ótta og fyllir hjarta sérhvers bahá'ía slíkri fullvissu og fögnuði að horfurnar á hverskyns þjáningu og skorti getur ekki veikt trú hans eða gert vonir hans að engu. „Veröldin nálgast að sönnu sinn endanlega ákvörðunarstað,“ skrifaði Shoghi Effendi, „Samskipti þjóða og kynþátta jarðar sem eru hver öðrum háðir er þegar orðin staðreynd, hvað sem leiðtogar sundrunarflanna kunna að segja eða gera.“ Heimssamveldið „sem mun rísa fyrr eða síðar upp úr blóðbaði, þjáningu og umróti þessara miklu heimsumlykjandi hamfara“ er trygg og örugg fullnun á starfi þessara afla. Fyrst kæmi hinn minni friður sem þjóðir heims sem eru sér meðvitaðar um opinberun Bahá'u'lláh koma sjálfar á fót. „Þetta afdrifaríka og sögulega skref sem felur í sér endurreisn mannkyns og er afleiðing af allsherjarviðurkenningu á einingu og heild þess, mun leiða til andlegrar vakningar alls þorra manna sem er afleiðingin af viðurkenningu á eðli og tilkalli trúar Bahá'u'lláh—höfuðskilyrðið fyrir endanlegum samruna allra kynþátta, trúarbragða, stétta og þjóða, merki um að hið nýja heimsskipulag hans er að rísa.“ Hann heldur áfram og segir: „Þá verður lýst yfir fullþroska alls mannkynsins og honum fagnað af öllum þjóðum og kynkvíslum jarðar. Þá mun fáni hins mesta friðar verða dreginn að hún. Þá munu heimsvíð yfirráð

Bahá'u'lláh . . . verða viðurkennd, hyllt og fenginn traustur grundvöllur. Þá mun heimssiðmenning fæðast, blómgast og verða varanleg, siðmenning þar sem lífið nær fyllingu sem heimurinn hefur aldrei séð né getur ímyndað sér . . . Þá mun jörðin uppljómuð af allsherjartrú íbúa hennar á einn Guð og hollustu þeirra við eina sameiginlega opinberun . . . verða . . . hyllt sem ríki himnanna á jörð, fær um að uppfylla það óumræðilega hlutskipti sem henni er búið frá ómunatíð af ást og visku skapara hennar.“

RITVERK VERNDARANS

Á tímum þegar fólk spilar fótbolta með orðin, sparkar þeim til og frá af handahófi án nokkurs tillits til merkingar eða réttar notkunar sker ritstíll Shoghi Effendi sig úr í geislandi fegurð sinni. Gleði hans yfir orðum var eitt sterkasta persónuleikaeinkenni hans, hvort heldur hann skrifaði á ensku—tungumálinu sem var honum hjartfólgnast—eða þeirri blöndu af persnesku og arabísku sem hann skrifaði í almennum bréfum sínum til Austurlanda. Þótt persónulegur smekkur hans væri óbrotinn hafði hann meðfædda ást á því ríkidæmi sem birtist í skipulagningu hans og skreytingum á ýmsum bahá'í helgistöðum og í byggingarstílnum á grafhýsi Bábsins. Smekkur hans kom einnig fram í viðhorfum hans til byggingarlistar og hvernig hann valdi orðin og beitti þeim. Um hann væri hægt að nota orð Macauley, annars mikils rithöfundar, að „hann skrifaði nákvæman og lýsandi texta.“ Ólíkt svo mörgum öðrum skrifaði Shoghi Effendi það sem hann meinti og meinti nákvæmlega það sem hann skrifaði. Það er ómögulegt að fjarlægja orð úr setningu hans án þess að fórna ákveðnum hluta merkingarinnar, svo gagnorður og mergjaður er stíllinn. Bók eins og *God Passes By* er sannkallaður meginveigur. Af þessu riti, sem var tileinkað hundrað ára sögu trúarinnar, gætu auðveldlega sprottið fimmtíu önnur rit og ekkert þeirra væri yfirborðskennt eða efnisrýrt, svo auðug er uppspretta þessarar einu bókar og svo samþjöppuð umfjöllun Verndarans.

Málið sem Shoghi Effendi skrifaði setur bahá'íum í austri eða vestri mælikvarða sem ætti að koma algjörlega í veg fyrir að þeir fari niður á plan bókmenntafólks sem á okkar dögum er oft svo sorglega fákunnandi í notkun tungumálsins og skilningi á því. Hann gerði aldrei málamiðlun af tillitssemi við fáfræði lesandans en vænti þess að í þekkingarþorsta sínum ynni lesandinn bug á fáfræðinni. Shoghi Effendi valdi hugsun sinni snið eins vel og honum var frekast unnt og það skipti hann engu máli hvort venjulegur lesandi skildi orðið sem hann notaði eða ekki. Þegar allt kemur til alls er hægt að fræðast um

Það sem maður ekki veit. Þótt hann hefði slík yfirburðatök á tungumálinu jók hann oft á tíðum við þekkingu sína með því að slá orðinu upp í stóru Webster's orðabókinni. Eitt af skyldustörfum mínum var oft að rétta honum þessa bók og hún var svo sannarlega ekki létt! Ekki ósjaldan valdi hann þriðju eða fjórðu orðskýringuna, sem stundum var á mörkum þess að vera horfin úr notkun, en þetta var nákvæmlega það orð sem kom merkingunni til skila. Ég man að móðir mín sagði eitt sinn að það að vera bahá'í væri eins og að ganga í háskóla, maður hætti aldrei að læra og útskrifaðist aldrei. Í þýðingum sínum á bahá'í ritningum, og umfram allt í sínum eigin ritum, setti Shoghi Effendi mælikvarða sem uppfærðir lesandann og lyftir honum upp á herra menningarstig um leið og hugur hans og sál nærast af hugmyndum og sannleiksorðum.

Frá því líf mitt með Verndaranum hófst var ég yfirleitt alltaf viðstödd þegar hann þýddi eða skrifaði bækur sínar, löng bréf og símskeyti á ensku. Það var ekkert óvenjulegt við þetta - hann vildi gjarnan hafa einhvern hjá sér við þessi tækifæri til að hlusta á það sem hann var að skrifa. Aðferðin sem hann notaði við skriftir var nýlunda og mér þótti hún heillandi. Hann skrifaði upphátt, ef svo má að orði komast, mælti orðin fyrir munni sér um leið og hann skrifaði þau niður. Ég held að þessi venja hafi byrjað með persneskunni. Góð persnesk og arabísk rit er ekki aðeins hægt að syngja fyrir munni sér heldur er beinlínis ætlast til að þau séu sungin. Við ættum að minnst þess að Bábinn söng Qayyumu'l-Asma' um leið og hann opinberaði þetta fyrsta rit sitt og skrifaði það niður. Bahá'u'lláh opinberaði töflur sínar á sama hátt. Verndarinn lagði þetta einnig í vana sinn bæði á ensku og persnesku og ég held að ástæðan sé sú að kliður og hrynjandi þessara löngu og flóknu setninga verður jafnvel enn sterkari og setningarnar ennþá skýrari og skiljanlegri þegar þær eru lesnar upphátt. Ég gerði stundum athugasemdir við lengdina á sumum þessara setninga. Shoghi Effendi rétti þá úr sér og leit á mig þessu dásamlega augnaráði—augu hans skiptu svo oft um lit og augnaráðið breyttist. Það vottaði fyrir ögrun og uppreisn í þeim—en samt stytta hann ekki setninguna sem hann var að skrifa! Ég minnst aðeins eins atviks þegar hann viðurkenndi mæðulega að setningin væri vissulega löng en breytti henni samt ekki. Hún kom til skila því sem hann vildi segja; það var bara leitt að hún skyldi vera svona löng. Á hinn bóginn notaði hann oft örstuttar setningar sem komu hver á hæla annarri líkt og þegar maður smellir

með svipu. Hann vakti athygli mína á þessum tilbrigðum í stílnum og benti á hvernig báðar aðferðirnar vektu sterk hughrif, hvernig sambland þeirra auðgaði heildina og hjálpaði til að ná hinum ýmsu markmiðum. Hann var afar hrifinn af stuðlasetningu sem er mikið notuð í austurlenskum málum en er ekki lengur tíðkuð að neinu ráði á ensku. Ágætt dæmi um notkun hans á „p“ í þessari setningu í einu af símskeytum hans: „Time pressing opportunity priceless potent aid providentially promised unfailing.“

Aðferðin sem Shoghi Effendi beitti við skriftir bar keim af vinnubrögðum mósaík-listamanns. Listamaðurinn skapar myndverk sitt með skýrt afmörkuðum flísum, sérhvert orð á sér sinn eigin stað og ef hann skrifaði flókna setningu breytti hann ekki neinu í þeim tilgangi einum að fella hugsun að málfræðilegri uppbyggingu setningarinnar heldur hélt fast við upprunalega orðalagið, stundum klukkutímum saman, þangað til ég var a.m.k. orðin dauðþreytt á að heyra hann endurtaka setninguna fyrir munni sér meðan hann barðist við að beygja hana undir vald sitt og fá henni það form sem hann vildi. Hann vélritaði þannig hverja mósaíkflísina á fætur annarri uns hann hafði leyst málið. Ég minnst þess sjaldan að hann hafi hætt við setningu eða byrjaði á henni í nýrri mynd. Annað einkenni á orðavali hans var að þótt orð væri almennt notað eða misnotað um ákveðna hugmynd sá hann enga ástæðu til að hverfa frá því heldur notaði það í sinni réttu og nákvæmu merkingu. Hann var ekki hræddur við að tala um að „snúa“ fólki til trúarinnar eða kalla það „trúskiptinga“. Hann bar lof á „boðunaráhuga“ brautryðjenda á „erlendum boðunarvettvangi“, en gerði um leið ljóst að við hefðum enga presta, enga trúboða og snerum fólki ekki til trúar á sama hátt og trúboðar.

Ég man að eitt sinn lét Shoghi Effendi mig hafa grein til að lesa úr bresku dagblaði sem vakti athygli á stofnanamáli sem væri í þróun, sérstaklega í Bandaríkjunum, þar sem æ fleiri orð eru notuð til að segja æ minna og valda aðeins stöðugum ruglingi. Shoghi Effendi var hjartanlega sammála þeim skoðunum sem komu fram í greininni! Fyrir honum voru orð tæki sem beita átti með mjög nákvæmum hætti. Ég minnst líka sérstaklega þess aðlaðandi greinarmunar sem hann gerði í samræðum við nokkra pílagríma í vestræna pílagrímshúsinu. Hann sagði „Við erum rétttrúuð en ekki ofstækisfull.“

Oft náði málfar Verndarans skáldlegum hæðum. Skoðum málsgreinar eins og þessar sem á enskri tungu skína í glæstum ljóma

steindra dómkirkjuglugga: „Þegar við lítum yfir atburðina í fyrsta þætti þessa stórfenglega dramatíska verks, sjáum við söguhetjuna, Bábin, rísa eins og vígahnött yfir sjóndeildarhring Shíraz-borgar, fara yfir dimman og drungalegan himinn Persíu frá suðri til norðurs, hníga með harmsögulegum hraða til jarðar og tortímast í dýrðarljóma. Við sjáum fylgismenn hans, glæstan hetjuhóp, ölvaðan af ást Guðs, fara yfir þennan sama sjónarhring, geislandi af sama ljósi, brenna upp á sama hraða og ljá, allir sem einn, trú Guðs sem var að fæðast í þennan heim aukinn kraft og skriðþunga.“ Hann kallaði Bábin „þennan unga prins dýrðarinnar“ og lýsir því þegar líkamsleifar hans voru jarðsettar á Karmel-fjalli: „Þegar allt var um garð gengið og jarðneskum leifum, píslarvottsins og spámannsins frá Shíraz, hafði loksins verið komið tryggilega fyrir til eilífrar hvíldar í skauti heilags fjalls Guðs, dró ‘Abdu’l-Bahá, sem hafði lagt frá sér vefjarhöttinn, skó af fótum sér, varpaði frá sér skikkjunni og beygði sig yfir kistuna sem enn var opin. Silfurgrátt hárið flóði um höfuð hans, ásjóna hans var ummynduð og skínandi. Hann lagði ennið á brún trékistunnar og grét með svo sárum ekka að allir viðstaddir grétu með honum.“ „Annað tímabilið . . . er innblásið af tignarlegri persónu Bahá’u’lláh, mikilfenglegri í heilagleik sínum, lotningarvekjandi í hátign styrks og máttar, ótilkvæmilegri í yfirskilvitlegri birtu dýrðar sinnar.“ „Milli skugganna sem hrannast að úr öllum áttum og sortna stöðugt getum við greint glampa af valdi og yfirráðum Bahá’u’lláh sem ekki eru af þessum heimi en birtast öðru hvoru við sjónarhring sögunnar.“ Eða þá þessi orð sem beint var til Hins helgasta laufs: „Við innstu hjartarætur okkar, ó þú upphafna lauf Abhá paradísarinnar, höfum við reist þér skínandi höll sem tímans tönn fær aldrei unnið á, helgidóm sem að eilífu verður rammi um óviðjafnanlega fegurð ásýndar þinnar, altari þar sem eldur gagntakandi ástar þinnar mun loga um alla eilífð.“ Eða þessi orð sem draga upp mynd af refsidómi Guðs á þessum degi: „Í lofti, á láði og legi, í fremstu víglínu bardagans, í höllum konunga og kofum smábænda, í mestu helgidómum, hvort heldur veraldlegum eða trúarlegum, sjáum við ljósan vitnisburð um refsidóm Guðs og dularfulla ögun hans. Þungt og vaxandi er endurgjaldið—helför sem hlífir hvorki valdhafa né verkamanni, hvorki manni eða konu, hvorki ungum né öldnum.“ Eða þessi orð um viðhorf hinna sönnu þjóna málstaðarins: „Um slíka menn og konur má með sanni segja að fyrir þeim sé „sérhvert framandi land fósturjörð og sérhver fósturjörð framandi. Því að borgararéttur

þeirra... er ríki Bahá'u'lláh. Þótt þeir séu reiðubúnir að deila til fulls tímanlegum gæðum og þeirri hverfulu gleði sem þetta jarðneska líf getur veitt, þótt þeir taki fúslega þátt í hverju því starfi sem stuðlar að ríkidæmi, hamingju og friði þess lífs, geta þeir aldrei nokkru sinni gleymt því að það er skammvinnnt, örstuttur áfangi í tilveru þeirra, að lifendur á þessari jörð eru aðeins pílagrímar og vegfarendur sem hafa að takmarki borgina himnesku og heimili þeirra er land óbrigðuls fagnaðar og birtu.“

Sá lýsandi kraftur sem einkenndi rit Shoghi Effendi kemur hvergi betur í ljós en í þeim djásnfögru orðum sem lýsa stöðu Bahá'u'lláh. Öll eru þau sótt í rit Verndarans, valin úr ýmsum heimildum og birt hér til að sýna fram á hve víðáttumikið sviðið og mátturinn er sem þau lýsa: „Eilífðarfaðir, Drottinn herskaranna, Hið mesta nafn, Hinn varðveitti fjársjóður, Hið mesta ljós, Hið mesta haf, Hinn æðsti himinn, Rót forverunnar, Dagstjarna alheimsins, Dómarinn, Löggjafinn, Endurlausnari mannkyns, Skipuleggjandi allrar jarðarinnar, Sameiningartákn alls mannkyns, Höfundur hins langþráða þúsundaráríska, Skapari nýs heimsskipulags, stofnandi Hins mesta friðar, uppspretta Hins mesta réttlætis, sá sem boðar fullþroska mannkyns, sá sem grundvallar heimssiðmenningu.“ Eða meistaralegar þýðingar Shoghi Effendi á titlum sem vísa til 'Abdu'l-Bahá: „Uppspretta einingar mannkyns“ „Tákn Hins mesta friðar“, „Megingrein laga Guðs.“

Þegar amerískir fylgjendur 'Abdu'l-Bahá hófust handa um að hrinda áætlun hans í framkvæmd sagði Shoghi Effendi að þannig gætu þeir „myndað megingjörð dýrðar um gervalla jörðina“ og „grafið á skildi sína táknmyndir nýrra sigra“. Í síðustu Ríðvæn-boðum sínum til bahá'í heimsins hvetur hann fylgjendur með orðum einstæðs kynngikrafts og ljóma: „Er þeir klæðast brynju ástar hans, spenna á sig skjöld máttugs sáttmála hans, stíga á bak fáki staðfestunnar, hefja á loft burtstöng orða Drottins herskaranna með hiklausu trausti á fyrirheit hans sem sitt besta veganesti, ættu þeir að festa sjónir á vettvangi sem ekki hefur enn verið kannaður og beina skrefum sínum að markmiðum sem ekki hafa enn náðst, fullvissaðir um að hann sem hefur leitt þá til slíkra sigra og leyft þeim að safna upp slíku herfangi í ríki sínu muni halda áfram að aðstoða þá við að auðga andlegan frumburðarrétt sinn í slíkum mæli að enginn takmakaður hugur getur sett sér það fyrir sjónir og ekkert mannshjarta skilið.“

Bókmenntaáhugi Shoghi Effendi var margslunginn. Ég get talið á fingrum annarrar handar bækurnar (aðrar en bækur hans elskaða Gibbons) sem hann las sér til afþreyingar í þau tuttugu ár sem ég var með honum, þótt í æsku hafi hann lesið mikið um margvíslegustu efni. Án efa stafar þetta af því þegar ég byrjaði mitt nýja líf með honum í Haifa 1937, streymdi strax til hans í sívaxandi mæli lesefni sem hann starfs síns vegna varð að sökkva sér niður í, þ.á.m. fréttabréf, fundargerðir andlegra þjóðarráða, dreifibréf og sendibréf. Síðustu ár ævinnar var staðan þannig að ef hann las ekki í að minnsta kosti tvo til þrjá klukkutíma á dag gat hann ekki lengur fylgst með. Hann las klukkutímum saman í flugvélum, járnbrautarlestum, í görðum, við borðhald þegar við vorum erlendis og í Haifa þangað til hann var orðinn svo þreyttur að hann fór í rúmið og þar hélt hann áfram að lesa. Hann fylgdist vel með pólitískum fréttum og hræringum í heiminum í The Times, Jerusalem Post og stundum velþekktum evrópskum dagblöðum eins og Journal de Geneve og Parísarútgáfu New York Herald Tribune. Fyrir stríð var hann áskrifandi að ensku tímariti, „The Nineteenth Century“, sem fluttu margar greinar um málefni samtímans og var eina tímaritið sem ég nokkru sinni vissi til að hann læsi. Eftir stríð komst hann að raun um að gæðum þessa rits hafði hrakað og hann sagði því upp. Orðin „að losna við“ voru oft á vörum hans. Hann losaði sig við það sem ekki var bráðnauðsynlegt, bægði fljótt frá sér minniháttar málefnum og hversdagslegri atriðum. Hann var vanur að nota þessa útilokunaraðferð á dagblaðið sitt. Hann vissi nákvæmlega hvaða blaðsíður í The Times fluttu fréttirnar sem hann vildi fylgjast með – fréttir af leiðtogum, heimsfréttir og umfram allt leiðararnir – hann las þetta hratt yfir og reif síðan greinar sem hann vildi lesa betur úr blaðinu en fleygði hinu – þá var hann laus við það! Það þarf ekki djúpan skilning til að átta sig á að hve áhrifarík þessi aðferð var auk þess sem hún endurspeglaði langþreyttan huga sem reyndi að ýta frá sér margskonar óþarfa byrði. Jafnvel auka pappírssnifsi voru farin að íþyngja honum. Ég þurfti að hafa fyrir því að fá að sjá allt dagblaðið og lesa eitthvað annað en löngu úrklippurnar sem Verndarinn rétti mér með orðunum „lestu þetta, þetta er áhugavert“ – og þá var ég komin inn í umræður í neðri deild breska þingsins eða einhverja snjalla grein um stjórn málaástandið, efnahagsmálin eða þjóðfélagsstrauma samtímans, trúarleg málefni

o.s.frv. – allt var þetta í einum völdi í veskinu mínu eða vasanum og beið þeirrar fjarlægju stundar að ég fengi tíma til að lesa það.

Aðferð Verndarans við skriftir var athyglisverð. Honum féllu ekki stórar pappírsarkir og hann skrifaði venjulega allar bækur sínar, löng bréf eða símskeyti, í litlar línustrikaðar skrifblökkir. Hann handskrifaði allt og ef fyrstu drögin voru of þéttskrifuð settist hann þolinmóður niður við að afrita allt aftur. Hann vélritaði öll sín handrit með tveggja-fingra aðferðinni á litla ferðarítvél og gerði breytingar á orðalagi um leið. Ekki er því að undra þótt hann með þessari aðferð hafi skrifað jafn faguð og vönduð verk og þau sem við eigum nú í förum okkar. Þegar hann skrifaði á persnesku lét hann ritara sinn hafa hreint frumrit og ritarinn afritaði það með fagurri rithönd og síðan sendi Shoghi Effendi það til Teheran. Mér hefur alltaf þótt áhugavert að sjá hvernig rithönd Verndarans á ensku breyttist eftir að hann tók við embætti sínu og þróaðist í lítillsháttar bakhönd. Hún var alltaf skýr, vel formuð og læsileg. Persnesk rithönd hans var einstaklega fín. Til eru nokkrir stílhættir í skrautritun í persnesku og arabísku en rithönd Shoghi Effendi var afbrigði af „shikastih nasta'liq“ - töfrandi og frumleg í senn og hafði á sér einstakt yfirbragð þokka og styrks. Við ættum að minnast þess að skrautritun var æðst allra grafísku listgreinanna í löndum múslíma og það bar vott um einstaka fágun að geta skrifað fagra rithönd. Bábin, Bahá'u'lláh og 'Abdu'l-Bahá skrifuðu allir fagra rithönd og í þessum efnum reyndist Shoghi Effendi einnig verðugur eftirmaður.

Auk þess var hann ekki smámunasamur. Þegar hann fór yfir margar blaðsíður af þeim löngu bréfum sem ég skrifaði stundum til þjóðarráða, setti hann inn röð af „X“ og „XX“ og jafnvel „XXX“ í spássíurnar þar sem bæta átti við orði eða hugsun sem fallið hafði niður. Neðanmáls við textann sem ritarinn skrifaði, setti hann viðauka með eigin hendi og að austurlenskum hætti hélt hann yfirleitt áfram að skrifa á spássíurnar. Það sem ég er að reyna að segja er, að ef leiðrétt mistök voru í texta mikilvægs bréfs sem skrifað var á ensku truflaði það hann ekki hið minnsta meðan sjálf hugsunin skilaði sér kristaltær.

Aldrei er hægt að leggja of ríka áherslu á enskar þýðingar og bréfa-skriftir Shoghi Effendi vegna þess að hann var eini viðurkenndi túlkandi helgiritanna, útnefndur sem slíkur í erfðaskrá 'Abdu'l-Bahá. Í mörgum tilvikum getur lausleg bygging persneskrar setningaskipunar fengið lesandann til að efast um raunverulega merkingu setningarinnar.

Í afburðaskörpum huga Shoghi Effendi og með því valdi sem hann bjó yfir sem túlkandi hins heilaga orðs má segja að kenningarnar hafi kristallast í farvegi vandaðrar og rétttrar ensku sem gaf engan kost á efasemdum eða tvíræðni. Með því að vísa til þýðingar Shoghi Effendi á ensku má oft skýra upprunalega merkingu orða Bábsins, Bahá'u'lláh eða 'Abdu'l-Bahá og þau eru þannig varin gegn mistúlkun í framtíðinni. Hann var nákvæmur í þýðingum sínum og gekk fullkomlega úr skugga um að orðin sem hann notaði á ensku miðluðu upprunalegri hugsun og merkingu og vikju í engu frá henni. Menn verða að hafa fullt vald á persnesku og arabísku til að geta metið að verðleikum það sem hann gerði. Þegar til dæmis upprunalegi textinn er lesinn sér maður að eitt orð á arabísku mætti þýða með tveimur eða fleiri orðum á ensku. Þannig gæti Shoghi Effendi í ensku þýðingunni notað „vald“, „styrk“ og „máttur“ til skiptis fyrir þetta eina hugtak og valið þau blæbrigði merkingar sem best áttu við, losnað undan endurtekningu og léð þýðingunni sem mestan lit án þess að fórna raunverulegu merkingunni og þannig í rauninni aukið gildi hennar. Hann var vanur að segja að arabísku samheitin táknuðu yfirleitt það sama en á ensku væri lítilsháttar blæbrigðamunur sem gerði mögulegt að túlka hugsunina á nákvæmari hátt. Hann sagði einnig að hann teldi að nokkur af dulrænustu og skáldlegustu ritum Bahá'u'lláh yrði aldrei hægt að þýða því að textinn væri svo framandi og skrudmikill að upprunaleg feðurð og merking myndi fara forgörðum og þýðingin gefa ranga mynd. Einu sinni—því miður aðeins einu sinni í okkar önnum kafna og hrjáða lífi—sagði Shoghi Effendi við mig að nú kynni ég nógu mikið í persnesku til að skilja frumtextann. Hann las fyrir mig málsgrein úr einni af töflum Bahá'u'lláh og spurði: „Hvernig er hægt að þýða þetta á ensku?“ Við reyndum í um það bil tvær klukkustundir—það er að segja, hann reyndi og ég fylgdi honum eftir af veikum burðum. Þegar ég stakk upp á setningu sem kom merkingunni til skila sagði Shoghi Effendi „Já en þetta er ekki þýðing! Þú getur ekki breytt og sleppt orði í frumtextanum og sagt bara það sem þú heldur að þetta þýði á ensku.“ Hann benti á að þýðandi yrði að vera algjörlega trúr frumtextanum og í sumum tilvikum þýddi það að orðasamböndin á markmálinu yrðu ljót og merkingarlaus. Þar sem Bahá'u'lláh opinberaði alltaf dásamlega fagran texta væri þetta ekki mögulegt. Að lokum gafst hann upp og sagði að hann teldi ekki að nokkru sinni yrði hægt að þýða þessa málsgrein vel á ensku og hún var þó alls ekki úr einu af hinum torræðari dulrænu verkum Bahá'u'lláh.

Ég veit aðeins eitt dæmi þess að Shoghi Effendi sagðist hafa breytt lítilsháttar einhverju sem var í frumtextanum og það var þegar hann þýddi erfðaskrá Meistarans strax eftir andlát hans. Setningin sem um ræðir vísar til Allsherjarhúss réttvísinnar og þar segir, „Verndari málstaðar Guðs er heilagur leiðtogi þess og heiðraður meðlimur þess ráðs ævilangt.“ Shoghi Effendi sagði að í staðinn fyrir orðin „óhagganlegur meðlimur“ í erfðaskránni hefði hann sett „meðlimur ævilangt“. Ekkert lýsir betur djúpri auðmýkt hans en að hann skuli þannig hafa mildað orðalagið og dregið úr sínum eigin tengslum við Allsherjarhús réttvísinnar.

Verndarinn var ákaflega varfærinn í öllu sem snerti hið heilaga orð og gerði aldrei athugasemd við eða útskýrði texta sem honum var sendur á ensku (þegar ekki var um hans eigin þýðingu að ræða) fyrr en hann hafði borið hann saman við frumtextann. Hann var mjög varfærinn í orðavali þegar hann gerði athugasemdir við ýmsa atburði í trúnni. Hann neitaði til dæmis að gefa nokkrum manni nafnbótina píslarvottur – sem er ákveðin tignarstaða – vegna þess að hann eða hún höfðu verið myrt, en stundum gaf hann þessa nafnbót fólki sem ekki hafði verið myrt heldur dáið undir kringumstæðum sem hann tengdi við píslarvættisdauða.

Önnur mjög mikilvæg hlið þeirrar guðlega ákvörðuðu stöðu sem Shoghi Effendi gegndi sem túlkandi kenninganna var að hann verndaði ekki aðeins hið heilaga orð gegn mistúlkun heldur stóð hann einnig vörð um tengsl og þýðingu hinna ýmsu hliða kenninganna og varðveitti rétta og viðeigandi stöðu allra þriggja höfuðpersóna trúarinnar. Áhugavert dæmi um þetta má finna í bréfi til A. L. M. Nicolas, franska fræðimannsins sem þýddi Bayán Bábsins á frönsku og gat réttilega kallast fylgjandi Bábsins. Í mörg ár ól hann með sér þá hugmynd að bahá'íar hefðu virt að vettugi tign og mikilleika Bábsins og gert lítið úr stöðu hans. Þegar hann uppgötvaði að Shoghi Effendi hafði vegsamað Bábin í ritum sínum, gert minningu hans ódauðlega í bók eins og Dagboðum Nabíls og margoft þýtt orð hans á enska tungu, gjörbreyttist viðhorf hans. Í bréfi til eins af gömlu átrúendunum í Frakklandi skrifaði hann: „Nú get ég dáið sáttur... Dýrð sé Shoghi Effendi sem hefur linað kvöl mína og áhyggjur, dýrð sé honum sem viðurkennir gildi Siyyid ‘Ali Muhammad, hans sem nefndur var Bábin. Ég er svo glaður að ég kyssi hendur þínar sem skrifuðu heimilisfang mitt á bréfið sem færði mér þessi boð frá Shoghi. Þakka þér, ungrú, þakka þér af hjartans innsta grunni.“

Shoghi Effendi var þolinmóður og praktískur í viðhorfi sínu til vinnunnar. Árum saman sendi hann þýðingar sínar og handrit til George Townshend. Hann dáðist mjög að þekkingu hans og valdi á enskri tungu. Í einu af bréfum sínum til hans skrifar Shoghi Effendi: „Ég er innilega þakklátur þér fyrir þær afar dýrmætu, nákvæmu og vönduðu tillögur sem þú hefur sent mér . . .“ Horace Holley gaf mörgum almennum bréfum Shoghi Effendi til Vesturlanda heiti og setti einnig inn millifyrirsagnir í textann sem hann tók úr bréfum Verndarans og lýstu viðfangsefni þeirra skilmerkilegast. Ef þetta auðveldaði lestur bréfa hans og gerði þau skiljanlegri venjulegum amerískum átrúanda hafði Shoghi Effendi ekkert á móti því. Horace var sjálfur rithöfundur og nöfnin sem hann gaf bréfum Verndarans þjónuðu ekki aðeins þeim tilgangi að skýra þau og auðkenna heldur fönguðu þau einnig athygli lesandans og gerðu boðskap bréfanna dramatískari.

Eitt af fyrstu verkunum í embættistíð Shoghi Effendi var að hefja þýðingu helgiritanna og dreifa þeim. Einu ári og tíu dögum eftir að erfðaskrá ‘Abdu’l-Bahá var lesin upp skrifaði hann til ameríska þjóðarráðsins: „Það gleður mig mjög að geta deilt með ykkur þýðingu á nokkrum af bænnum og töflum okkar elskaða Meistara . . .“ Hann heldur áfram og bætir því við að hann treysti því „að í tímans rás verði mér gert kleift að senda ykkur reglulega réttar og áreiðanlegar þýðingar . . . sem veita ykkur nýja sýn á dýrlegt ætlunarverk hans . . . og opna augu ykkar fyrir einkennum og merkingu guðdómlegra kenninga hans.“ Aftur og aftur í fyrstu bréfum sínum til ýmissa landa nefnir hann að með bréfinu fylgi þýðing hans á einhverju helgiritanna sem hann sendi átrúendunum. Mánuði síðar segir hann í öðru bréfi til Ameríku: „Með þessu bréfi sendi ég einnig endurskoðaða þýðingu mína á *Huldum orðum* Bahá’u’lláh, bæði arabískum og persneskum, og vonast til að geta sent ykkur meira úr ritum hans og kenningum í framtíðinni.“ Þann 27. apríl sama ár skrifar Shoghi Effendi aftur til ameríska þjóðarráðsins: „Ég sendi ykkur einnig þýðingu mína á ýmsum málsgreinum úr *Kitabu’l-Aqdas* sem ykkur er frjálst að dreifa meðal vinanna.“ Í nóvember sama ár skrifaði hann til sama þjóðarráðs að hann sendi vinunum „Umrituð austurlensk hugtök . . . og ég er þess fullviss að vinirnir telji það ekki orku- og tímasóun að fylgja út í æsir réttri umritun austurlenskra hugtaka og nafna.“ Enginn vafi leikur á því að umritunin er þreytandi og oft truflandi en venjulegur lesandi gerir sér ekki grein fyrir því að með umrituninni er orðið njörvað

nákvæmlega niður og þeir sem eru kunnugir kerfinu vita strax hvert upprunalega orðið var vegna þess að þeir geta endurbyggt það á arabísku eða persnesku. Fyrir fræðimenn og gagnrýnendur trúarinnar er þessi nákvæmni mjög mikilvæg. Hún þjónar einnig þeim tilgangi að losna við margskonar stafsetningu á einu og sama orðinu sem gæti orðið til þess að rugla menn í ríminu.

Það er athyglisvert að sjá að í ofangreindri tilvitnun stafsetur Shoghi Effendi sjálfur *Kitáb-i-Aqdas* meira og minna hljóðfræðilega því hann var þá enn ekki búinn að kynna það umritunarkerfi sem hann tók upp síðar. Í þessu sambandi mætti segja nokkur orð um Hina helgustu bók því þótt hún sé uppspretta laga Bahá'u'lláh er hún ekki stór í sniðum og fjallar að miklu leyti um önnur efni en lögin sjálf. Þegar Shoghi Effendi lést hafði hann sent bahá'íum á Vesturlöndum flestar málsgreinar hennar í framúrskarandi enskri þýðingu auk þeirra laga sem hann á þeim tíma taldi rétt og viðeigandi að tækju gildi fyrir átrúendur sem bjuggu í samfélögum sem ekki höfðu aðhyllst trúna. Ekki aðeins þýddi hann og dreifði völdum köflum úr ritunum, hann tryggði einnig að átrúendurnir færu ekki of langt í ákefð sinni eða skorti framsýni þegar þeir unnu að því að ritstýra og prenta bahá'í samantektir. Þegar hann svaraði ákveðnum tillögum sem einn vinanna hafði gert varðandi útgáfu á yfirgripsmikilli bænabók skrifaði hann þeim sem hafði fært honum þessar tillögur: „Ég er honum sammála með þeim fyrirvara að flokkunin fari ekki yfir þau mörk sem Bahá'u'lláh segir fyrir um, annars verður trú okkar að járnharðri kreddu.“

Ritun, þýðing og útbreiðsla bahá'í bóka voru eitt helsta áhugamál Verndarans. Hann þreyttist aldrei á þeim málum og studdi þau með ráðum og dáð. Heppilegast og réttast væri að svæðis- og þjóðarsamfélög greiddu fyrir sína eigin starfsemi, en Verndarinn gerði sér fulla grein fyrir að á þessari mótunaröld trúarinnar væri slíkt ekki alltaf mögulegt og í árunna rás veitti hann þeim mikla hjálp úr þeim sjóðum sem hann hafði yfirráð yfir til að fjármagna þýðingar og útgáfu bahá'í efnis. Þegar mikið var í húfi og um hjartfólgin markmið að ræða kom Shoghi Effendi til hjálpar. Þannig sjáum við að á aðeins einu ári hjálpaði hann indverska þjóðarráðinu við þýðingar og útgáfuáætlanir með því að leggja fram meira en tvö þúsund pund. Þegar ameríska heimsálfuráðstefnan var haldin þar sem 10 ára áætluninni var hleypt af stokkunum sendi Shoghi Effendi ameríska þjóðarráðinu símskeyti: „Hvet til þess að ráðstafanir verði tafarlaust gerðar til að gefa út

bæklinga á tungumálum amerísku heimsálfunnar.“ Tveimur dögum síðar sendi hann evrópsku kennslunefndinni sama skeyti og minnst þar aðeins á „tungumál Evrópu“. Svipuð boð fóru til Indlands og Bretlands og hann fullvissar hina síðarnefndu um að þeim til aðstoðar muni hann senda eitt þúsund pund. Hann var frá fyrstu tíð stöðugt með hugann við sem mesta útbreiðslu bahá'í bókmennta á ýmsum málum og bar hitann og þungann af fjármögnun flestra þýðinga sem gerðar voru á þeim þrjátíu og sex árum sem hann gegndi stöðu Verndarans. Hann greip hvert tækifæri sem gafst. Bréf til Pólverja sem var að kynna sér kenningarnar í Póllandi er dæmigert. Shoghi Effendi segir að hann sendi honum ummæli Marie Rúmeníudrottningar og biður hann að þýða þau á pólsku og senda sér aftur! Þetta var árið 1926, en þessi sami áhugi og þolgæði einkenndi störf hans á þessu sviði allt til æviloka.

Fyrstu árin sem hann gegndi embætti Verndarans var Esperanto í hraðri útbreiðslu, einkum í Evrópu, og þá hvatti hann einnig til útgáfu á tímaritinu Bahá'í Esperanto Gazette. Hann útskýrði fyrir ritstjóra þessa tímarits að áhugi hans hefði vaknað vegna „ríkrar löngunar minnar til að stuðla að námi í alþjóðlegu tungumáli í þeim hlutum bahá'í heimsins þar sem ríkjandi kringumstæður leyfa.“

Verndarinn safnaði bókmenntum á öllum tungumálum og hafði bækurnar í sínu eigin bókasafni, í tveimur bóksöfnum pílagrímahússins, í aðsetri Bahá'u'lláh í Bahj' og í alþjóðlega minjasafninu. Í þessu sambandi er uppröðun hans á bókum athyglisverð og ég hafði aldrei séð slíkt gert áður. Hann átti t.d. mikið af bókum sem ekki voru í sérlega góðu bandi, sumar í ódýrri útgáfu, gráar á lit og mun fleiri sem voru í blárri kápu eða í öðrum litum. Þannig fyllti hann bókahillurnar með mynstrum, fimm rauðar, tvær bláar, fimm rauðar o.s.frv. og notaði tilbrigðin í lit og tölum til að gera almennt yfirbragð bókaskápsins þokkafyllri sem annars hefði verið eintrjáningslegt og óaðlaðandi.

Í bréfi til Mörtu Root árið 1931 segir hann: „Nú hef ég í herberginu mínu eintök af sjö prentuðum þýðingum“ (þetta voru bækur dr. Esslemonts) og hann hvetur hana til að halda áfram að stuðla að frekari þýðingum og segir: „Það mun gleðja mig mjög að aðstoða við hugsanlega útgáfu þeirra.“ Ári síðar skrifar hann til Siyyid Mustafa Roumie í Búrma og sýnir bréfið greinilega hversu mikla ánægju útgáfan í Búrma veiti veitti honum. Hann segir að hann „... sendi níu pund til þess að aðstoða við og flýta fyrir þýðingu bókarinnar á búrmönsku.

Sextán prentuðum útgáfum hefur þegar verið safnað og þeim komið fyrir í bústað Bahá'u'lláh í Bahj́ nálægt heilögu grafhýsi hans og nú er verið að þýða bókina á sextán tungumál til viðbótar, þar á meðal búrmönsku.“ Árið 1935 var hann í aðstöðu til að upplýsa þennan sama vin sinn um að það séu „nú þegar til þrjátíu og ein prentuð útgáfa af henni í dreifingu um allan bahá'í heiminn.“

Til eru ótölulegur fjöldi slíkra símskeyta í skjalasafni Shoghi Effendi og má þar nefna eftirfarandi símskeyti til Asgarzadeh í London: „Vinsamlega sendu upplýsingar í símskeyti um lágmarkskostnað við prentun á bók Esslemonts á rússnesku.“ Þegar hann hefur fengið svar sendir hann annað símskeyti „Sendi fjörutíu pund í pósti. Tel fimm hundruð nægilegt. Fyrsti hluti rússneska handritsins sendur í dag. Afgangurinn sendur bráðlega. Met afar mikils samvinnu við þig og áframhaldandi þjónustu.“ Til Ouskouli í Shanghai sendi hann þetta símskeyti: „Sendu upplýsingar í símskeyti um útgáfudaginn á bók Esslemonts. Sendu fimmtíu eintök í pósti. Með ástúð“. Öðru hvoru gerði Shoghi Effendi úttekt í önnum sínum og amstri og sá að örva þurfti strax og af krafti einhvern hluta starfsins. Dæmi um þetta eru fjögur símskeyti sem öll voru rituð sama daginn árið 1932 til Mörtu Root í Evrópu, og til Ameríku, Nýja Sjálands og Búrma: „Hef sterka tilfinningu fyrir nauðsyn þess að þýða án tafar bók Esslemonts á tékknesku, ungversku, rúmensku og grísku í aðdraganda öflugrar kennsluherferðar í Evrópu. Aðstoða fúslega fjárhagslega og bið tilboða. Með ástúð.“ „Hef sterka tilfinningu fyrir nauðsyn þess að þýða strax bók Esslemonts á blindraletur. Vinsamlega sendið símskeyti ef unnt er. Með ástúð.“ „Látið B__ tryggja að bók Esslemonts verði þýdd án tafar á Maori.“ „Hvet til þess að bók Esslemonts sé þýdd strax á búrmönsku. Með ástúð.“ Þegar hann varð óþolinmóður með gang mála í ýmsum verkefnum sjáum við símskeyti á borð við eftirfarandi síðar þetta sama ár: „Hefur Esslemont verið gefinn út á frönsku. Sendið símskeyti.“ „Bið fullur tilhlökkunar eftir kúrdískri útgáfu á bók Esslemonts“.

Shoghi Effendi hvatti ýmsa bahá'ía að skrifa um trúna. Enskum átrúanda, Miss Pinchon, sendi hann þetta símskeyti 1927: „Bókin þín er aðdáunarverð kynning, stíllinn afbragðsgóður. Hvet til þess að hún verði strax gefin út og sendi níttján pund“. Horace Holley sendi hann símskeyti 1926: „Vinsamlega sendu hundruð eintök af bókinni þinni. Með ástúð“. Shoghi Effendi borgaði ekki aðeins fyrir útgáfu bahá'í bóka, hann pantaði þær einnig oft. Hann sendi símskeyti til Ameríku:

„Vinsamlega sendið strax ódýrustu útgáfuna af bók Esslemonts fyrir fimmtíu dollara. Sendi ávísun í pósti.“

Staðreyndir og atburðir eru meira og minna gagnslausir nema þeir séu skoðaðir af viðeigandi sjónarhóli og þeir túlkaðir í því ljósi. Það var sérstök hlið á snilligáfu Shoghi Effendi hvernig hann sótti merkingu atburðar, einangraðs fyrirbrigðis, í aragrúa lítilvægra mála sem tengdust alþjóðlegri þróun málstaðarins og setti í sinn sögulega ramma, beindi að honum ljósi síns gagnrýna huga og kom okkur í skilning um hvað væri að gerast og hvað atburðurinn merkti fyrir nútímann og ókomnar aldir. Ekki var dregin upp kyrrstæð mynd af formum og útlínum, heldur öllu fremur gefin lýsing á þeim levjatan (stórhveli) sem synti í hafinu—levjatan samræmdra hreyfinga í samfélagi fylgjenda Bahá'u'lláh sem syntu í hafi trúarkerfis hans. Ráð var myndað, einhver dó, vottorð var gefið út af lítt þekkttri ríkisstofnun—í sjálfu sér allt einangraðar staðreyndir og atburðir—en í augum Shoghi Effendi voru þeir hluti af ákveðnu mynstri og hann gaf okkur sýn á hvernig þetta myndur var ofið fyrir framan augu okkar. Í bindum *The Bahá'í World* gerði Verndarinn þetta ekki aðeins fyrir átrúendurnar heldur fyrir allan þorra fólks. Hann færði framþróun trúarinnar í dramatískan búning og lét fjölda dreifðra staðreynda og óskyldra ljósmynda bera vitni um raunveruleika þess tilkalls sem trúin gerir til að kallast alltumlykjandi heimstrúarbrögð.

Áhugavert er að gera sér grein fyrir því að tillagan um útgáfu á bókaröðinni *The Bahá'í World* barst Shoghi Effendi í bréfi sem Horace Holley skrifaði í febrúar 1924—þótt ég sé í engum vafa um að það var víðsýni hins unga Verndara og hvernig hann strax var byrjaður að móta starf trúarinnar í skeytum sínum til Vesturlanda sem hafði örvandi áhrif á skapandi huga Horace og blés honum þessari hugmynd í brjóst. Shoghi Effendi samþykkti hana og síðan varð Horace hægri hönd Shoghi Effendi, sem hæfileikaríkur rithöfundur og ritari Andlegs þjóðarráðs Ameríku, við útgáfuna á þeirri merkilegu og einstæðu bókaröð sem *The Bahá'í World* varð. Fyrsta bindið var gefið út 1925 og nefndist *Bahá'í Year Book*. Hún náði yfir tímabilið apríl 1925 til apríl 1926 og var alls 174 blaðsíður. Ritroðin fékk síðan varanlegt heiti sitt í öðru bindinu af *The Bahá'í World*. Ameríska þjóðaráðið stakk upp á að hún yrði nefnd *A Biennial International Record* og Shoghi Effendi samþykkti það. Þegar Verndarinn lést höfðu tólf bindi komið út og hið stærsta var yfir 1000 síður. Þótt unnið væri að bókinni undir

umsjón ameríska þjóðarráðsins, hún gefin út af útgáfunefnd þess, tekin saman af starfsliði ritstjóra og helguð Shoghi Effendi, væri það í meira samræmi við allar staðreyndir málsins að kalla hana bók Shoghi Effendi. Hann var sjálfur yfirritstjóri. Honum barst gífurlegt magn efnis fyrir hvert bindis frá ameríska þjóðarráðinu ásamt ljósmyndum áður en bókin var prentuð. Hann tók síðan lokaákvörðun um hvað skyldi birta og hverju sleppa. Þar sem sex þessara bóka voru gefnar út á þeim tíma sem ég naut þeirra forréttinda að vera með honum gat ég fylgst með því hvernig hann ritstýrði þeim. Með óþrotlegri starfsorku fór Shoghi Effendi yfir gríðarmikla pappírs- og ljósmyndastafla sem honum voru sendir og útilokaði efni sem ekki náði máli og ekki var viðeigandi. Hinir ýmsu kaflar sem fylgdu efnisyfirlitinu sem hann sjálfur skipulagði voru síðan undirbúnir og lagðir til hliðar uns allt handritið var tilbúið til sendingar til Ameríku þar sem það var gefið út. Hann harmaði jafnan þá staðreynd að efnið væri ekki betra að gæðum. Það var eingöngu vegna einbeitni hans og þolgæði að *The Bahá'í World* bindin eru jafn glæsileg og áhrifamikil og raun ber vitni. Ritstjórnarnir (suma hverja hafði hann sjálfur tilnefnt) börðust við þá tregðu sem grípur allar nefndir sem reyna að ná markmiði sínu með bréfaskiptum við heimildarmenn í mörg þúsund mílna fjarlægð og reyna að vinna með aðstoð stjórnækja sem oft voru lítt reynd og óskilvirk. Þeim hefði aldrei tekist að safna saman því efni sem þörf var á án þess að hafa þann bakhjarl sem drifkraftur og myndugleiki Verndarans var. Það varpar áhugaverðu ljósi á þetta starf að eftir að bókin var prentuð lét Shoghi Effendi senda öll frumritin aftur til Haifa þar sem þau voru geymd við Heimsmiðstöðina.

Um leið og eitt bindi var tilbúið byrjaði hann að safna efni í það næsta. Auk ítrekaðra minnisblaða sem hann sendi ameríska þjóðarráðinu um að gera slíkt hið sama sendi hann ótölulegan fjölda bréfa og símskeyta til ýmissa ráða og einstaklinga. Dag nokkurn sendi hann til dæmis þremur andlegum þjóðarráðum símskeyti: „Ljósmynd af þjóðarráðinu nauðsynleg fyrir *The Bahá'í World*“. Hann sendi símskeyti til einangraðra og afskekktara staða eins og Shanghai og fór fram á efni sem hann vildi fá í bókina. Það var ekki óalgengt að ameríska þjóðarráðinu bærust slík skilaboð frá honum. „*The Bahá'í World* handritið sent í pósti. Ráðlegg skjóta og vel undirbúna útgáfu.“ Það var Shoghi Effendi sem raðaði efni í bókina, skrifaði allt efnisyfirlitið í Haifa, setti texta við allar ljósmyndir, valdi allar titilmyndir, ákvað litinn á kápu hins fyrirhugaða



VERNDARINN NÝI

Myndin er tekin í garðinum við heimili 'Abdu'l-Bahá þegar Shoghi Effendi tók við embætti Verndara bahá'í trúarinnar 1921.



VERNDARINN OG BAHÍYYIH KHÁNUM

Myndin er líklega tekin 1919 áður en Shoghi Effendi fór til náms í Englandi.



RITHÖND VERNDARANS Á PERSNESKU

Í bréfi til Star of the West sagði Shoghi Effendi að „af óviðráðanlegum ástæðum hef ég um stundarsakir falið Hinu helgasta laufi að annast yfirstjórn málefna Málstaðarins, bæði heima og erlendis”. Í apríl 1922



HEIMILI 'ABDU'L-BAHÁ

Sýnir aukaherbergin (til vinstri) sem Hið helgasta lauf lét byggja 1923 á þaki hússins fyrir Shoghi Effendi.



GRAFHÝSI BÁBSINS

Þessa mynd tók Shoghi Effendi frá herbergi sínu á þaki húss Meistarans.
Myndin sýnir skært ljósið sem hann setti upp við grafhýsið.

... of ... the ...

... the ...

In the ...

1912

The ... of ...

(1)

... the ...

The ...

... the ...



GRAFREITUR HINS HELGASTA LAUFS



SÁ GINNHELGI STADUR

Frá hægri til vinstri: Minnisvarðarnir á grafreitum bróður, móður og systur 'Abdu'l-Bahá á

bindis, og gaf umfram allt nákvæm fyrirmæli í löngum og ítarlegum bréfum til Horace Holley, sem hann sjálfur hafði valið sem þann hæfasta og upplýstasta til að skrifa alþjóðlegt yfirlit yfir bahá'í starfseminna á hverjum tíma og sem hann taldi gegna mjög mikilvægu hlutverki. „Ítarlegt bréf sent fyrir Alþjóðlega yfirlitið, fullviss um meistaralega meðferð þína á upplýsingum sem safnað hefur verið“ – þannig hljóðar símskeyti til hans. Dæmi um hve yfirgripsmikil og vönduð bréf Shoghi Effendi voru um þetta málefni má finna í eftirfarandi útdráttum úr bréfi til Horace sem ritari Shoghi Effendi skrifaði en ég er í litlum vafa um að Verndarinn hafi sjálfur lesið þetta bréf fyrir: „Þetta efni hefur Shoghi Effendi skoðað gaumgæfilega, breytt, skipulagt og auðgað með því að bæta við nýju efni sem hann hefur safnað saman, komið í endanlegt form og hann mun senda þér allt handritið í pósti á heimilisfang þitt fyrir lok þessa mánaðar . . . Hann hefur eytt töluverðum tíma í rækilega skoðun þess og niðurröðun og talið verkið vera mjög torvelt viðfangs og krefjast mikillar nákvæmni . . . Hann vill leggja áherslu á að fylgt sé nákvæmlega þeirri uppröðun efnisins sem hann hefur skipulagt. Hann vonar að andstætt því sem gerðist með fyrra bindið verði núna allt á réttum stað.“

Shoghi skrifaði sjálfur um álit sitt á *The Bahá'í World*. Hann lét það í ljósi strax árið 1927 í bréfi til einstaklings sem ekki var bahá'í en þá hafði aðeins eitt bindi komið út. Hann skrifaði: „Ég ráðlegg þér eindregið að ná í eintak af Bahá'í Yearbook . . . sem mun gefa þér skýrar og áreiðanlega upplýsingar um tilgang, tilkall og áhrif trúarinnar.“ Í almennu bréfi sem hann skrifaði árið 1928 og beindi til „Ástvina Drottins og þjónustumeysja hins miskunnsama í austri og vestri „og sem var algjörlega helgað málefni útgáfunnar á *The Bahá'í World* segir Shoghi Effendi: „Ég hef frá upphafi þessa verks haft mikinn og stöðugan áhuga á þróun þess og hef sjálfur tekið þátt í að safna saman efni í það, raða því niður og skoða vandlega allar upplýsingar sem það inniheldur. Ég mæli eindregið og af fullvissu með þessari bók við alla hugsandi og einlæga fylgjendur trúarinnar, hvort heldur er í austri eða vestri . . .“ Samkvæmt orðum hans voru efnistökin skýr, aðlaðandi, yfirgripsmikil og áreiðanleg. Umfjöllun hennar um grundvallaratriði trúarinnar væru nákvæm og sannfærandi og myndirnar mjög vel valdar. Engin önnur bahá'í útgáfa kæmist í námunda við þessa bók hvað snerti gæði og upplýsingagildi. Shoghi Effendi sá alltaf fyrir sér þessa bók – og hannaði hana þannig – sem sérlega hentugt og viðeigandi

upplýsingarit fyrir almenning, fræðimenn, fyrir bókasöfn og til þess, eins og hann orðaði það: „að kveða niður illgirnislegar mistúlkanir og óheppilegan misskilning sem svo lengi og með svo hörmulegan hætti hefur skyggt á geislandi trú Bahá'u'lláh.“

Sjálfur gaf hann þessa bók oft konungbornu fólki, stjórn mála-leiðtogum, prófessorum, háskólum, ritstjórum dagblaða og öðrum sem ekki voru bahá'ar. Hann sendi bókina til þeirra í pósti með látlausu persónulegu nafnspjaldi sínu „Shoghi Rabbani“. Viðbrögð eins af viðtakendunum – amerísks prófessors – sýnir greinilega hvaða áhrif þessi gjöf Shoghi Effendi hafði haft á hann: „Tvö eintök af *The Bahá'í World* eru komin til okkar... Ég get ekki komið orðum að því hve mikils ég met þessa bók, sem er framúrskarandi áhugaverð og veitir innblástur á allan hátt... Ég óska þér til hamingju með að þróa þessa bókaröð og halda lífi í svo heilbrigðum anda meðal fólks af þeim mörgu ólíku þjóðfélagshópum sem vænta sér leiðsagnar og forystu af þér.“ En mesta lofið um þessa útgáfu sem Shoghi Effendi hafði legið yfir árum saman, eytt í svo miklum tíma og sýnt slíka umhyggju, var frá stoltri drottningu sem skrifaði fyrir hana sérstök hyllingarorð um trúna og samþykkti að ljósmynd af henni sjálfri prýddi titilsíður hinna ýmsu binda. Þegar Marta Root sendi Shoghi Effendi skjal sem Marie drottning hafði ritað og inniheldur sérstakt lof um bahá'í trúna skrifaði hann til Mörtu: „Engin orð fá lýst ánægju minni yfir að hafa fengið bréf þitt með þessu dýrmæta lofi sem verður verðmætt og framúrskarandi framlag til næstu útgáfu á *The Bahá'í World*.“

Þegar horft er um öxl á þau afrek sem Shoghi Effendi vann reynist torvelt að skilja að hann skrifaði í rauninni aðeins eina bók sem slíka og hún var *God Passes By*, gefin út árið 1944. Jafnvel bókin *The Promised Day Is Come* sem var skrifuð 1941 er 136 blaðsíðna bréf til bahá'ía á Vesturlöndum. Þessi staðreynd ein og sér ber djúpri hógværd Shoghi Effendi gleggst vitni. Hann átti samskipti við bahá'íana vegna þess að hann hafði verið settur til að veita þeim leiðsögn, vegna þess að hann var verndari trúar Bahá'u'lláh. Hann var knúinn áfram af öflum sem voru sterkari en hann sjálfur og sem hann hafði enga stjórn á. Auk þess aragrúa bréfa í hóflegri lengd sem streymdu frá honum til bahá'ía á Vesturlöndum og þjóðarráða þeirra eru til almenn bréf sem eru annars eðlis, sum þeirra skrifuð til bahá'ía í Bandaríkjunum og Kanada, önnur til bahá'ía á Vesturlöndum. Þessum bréfum sem hefur verið safnað saman í eitt bindi undir heitinu *World Order of Bahá'u'lláh* og

World Order of Bahá'u'lláh Further Considerations. Þau voru skrifuð 1929 og 1930 og markmiðið með þeim var að skýra fyrir átrúendunum sanna merkingu og tilgang trúar þeirra, kenningar hennar, hvað trúin fól í sér, örlög hennar og framtíð og auka vaxandi samfélögum í Norður Ameríku og á Vesturlöndum skilning á skylduverkum þeirra, forréttindum og hlutskipti. Þessu var fylgt eftir árið 1931 með bréfi sem þekkt er undir heitinu *The Goal of a New World Order* þar sem er sleginn nýr, fullvissaður og meistaralegur tónn sem rís hátt yfir svið venjulegs bréfs til samverkamanna á sameiginlegum vettvangi og sem byrjar að endurspeglja það gríðarlega hugarafli og þann skýringamátt sem verður að einkenna orð mikils leiðtoga og rithöfundar. Í bréfi frá Verndaranum, sem var skrifað í janúar 1932 segir ritari hans, augsýnilega með vísan til *The Goal of a New World Order*: „Shoghi Effendi skrifaði síðasta almenna bréfið til vestrænu vinanna vegna þess að honum fannst að kynna ætti almenningi betur viðhorf bahá'í trúarinnar til ríkjandi pólitískra og efnahagslegra vandamála. Við þurfum að láta heiminn vita hvert hið sanna markmið Bahá'u'lláh er.“ Shoghi Effendi tengdi þetta bréf tíundu ártíð 'Abdu'l-Bahá og þar fjallar hann í löngu máli um ástandið í heiminum og breytingarnar sem verða að eiga sér stað þjóða og samfélaga á milli í ljósi kenninga Bahá'u'lláh og 'Abdu'l-Bahá.

The Golden Age of the Cause of Bahá'u'lláh kom síðan út árið 1932 og var meistaraleg útskýring á guðlegum uppruna trúar hans sem með orðum Shoghi Effendi fær næringu í „huldum uppsprettum himnesks máttar.“ Enn einu sinni útskýrir hann tengsl þessa trúarkerfis við trúarkerfi fortíðar og lausn þeirra vandamála sem blasa við heiminum. Árið 1933 færði hann bahá'íum í Norður Ameríku *America and the Most Great Peace*, sem að miklu leyti fjallar um það hlutverk sem Guð hefur ákvarðað þessum heimshluta að gegna á þessu tímasteiði mannkynssögunnar. Hann minntist sjálfsfórnar Meistarans, ferða hans og þjónustu á Vesturlöndum, og segir í höfuðatriðum frá þeim sigrum sem þetta hjartfóligna samfélag hafði þegar unnið fyrir trúna. Hið mikilvæga rit sem gengur undir nafninu *Trúarkerfi Bahá'u'lláh* var skrifað árið 1934 og skein á bahá'íana eins og blindandi hvítt ljós. Ég minnst þess að þegar ég las það fyrst fékk ég hina sérkennilegustu tilfinningu – mér fannst sem allur alheimurinn hefði skyndilega þanist út í kringum mig og ég horfði á geislandi stjörnumprýtt ómælisdjúp hans; allar framlínur skilnings okkar víkkuðu út í eini sjónhending;

dýrð þessa málstaðar og sönn staða höfuðpersóna hans opinberuðust okkur og við urðum aldrei söm og jöfn. Maður skyldi ætla að gagnvart feiknlegum áhrifum þessa eina bréfs Verndarans myndi smæð og lítilfjörleiki sálarinnar hverfa um alla framtíð! Hvað sem Shoghi Effendi kann að hafa fundist innst í hjarta sínu um önnur ritverk sín veit ég af athugasemdum hans að hann taldi sig hafa á margan hátt sagt allt sem hann hefði að segja í *Trúarkerfi Bahá'u'lláh*.

Árið 1936 skrifaði Shoghi Effendi *The Unfoldment of World Civilization* og eins og oft áður tengdi hann þetta rit andláti 'Abdu'l-Bahá. Þetta var frekari útskýring á heimsástandinu, þeirri hröðu pólitísku, siðferðilegu og andlegu hnignun sem var augljós í heiminum, veiklun burðarstoða kristindóms og íslam, hættunum sem mannkynið bauð heim í skeytingarleysi sínu um þá sterku guðlegu og vonglöðu græðingu sem kenningar Bahá'u'lláh gátu boðið honum. Þessi dásamlegu bréf Verndarans, mikilvæg og fræðandi sem þau voru, veittu átrúendunum andlega næringu með ríkulegum og hnitmiðuðum tilvitnunum í orð Bahá'u'lláh sjálfs því við vitum að orð opinberanda Guðs eru næring sálarinnar. Þau innihéldu líka fjöldann allan af dásamlega fallegum þýddum málsgreinum og köflum úr töflum Meistarans elskaða. Allar þessar gjafir breiddi Verndarinn út fyrir átrúendunum í veislu eftir veislu, nærði þá og reisti upp nýja og sterka kynslóð þjóna trúarinnar. Orð hans kveiktu ímyndunarafli þeirra, hvatti þá til að rísa til nýrra hæða og fékk þá til að festa rætur dýpra í frjósömum jarðvegi málstaðarins.

Það var í rauninni á fjórða áratugnum sem greinilegra breytinga verður vart í ritum Shoghi Effendi. Með brandi penna síns stígur hann fram á sjónarsviðið sem mikilmenni. Þar sem áður mátti greina ákveðna óframfærni, bergmál af sálarþjáningunni sem hann gekk í gegnum eftir að hann tók við sínu háa embætti við fráfall Meistarans og kvein hjartans í þrá þess eftir framliðnum ástvini, þá breytist tónninn og hann talar af mikilli fullvissu og krafti. Stríðsmaðurinn hefur nú kynnst stríðinu. Honum hefur verið komið á óvart, hann umsetinn og særður af grimmum og andlega öfugsnúnum andstæðingum. Eitthvað af blíðu og trausti æskumannsins er horfið og kemur aldrei aftur. Þessi breyting birtist ekki aðeins í eðli og krafti fyrirmæla hans til bahá'í heimsins þar sem hann er að móta stjórnskipun austurs og vesturs og bræðir saman í eina heild sundurleit og gjörólík samfélög manna heldur einnig í fegurð og fullvissu stílsins sem vex stöðugt að dýrð og tign með árunum.

Um leið og þessi fyrstu upplýsandi bréf um svo mikilsverð málefni streymdu frá penna Shoghi Effendi vann hann að þýðingu tveggja bóka. Í bréfi sem var skrifað 4. júlí 1930 segir Shoghi Effendi: „Ég er afskaplega þreyttur eftir erfitt ársverk, sérstaklega þar sem mér tókst að bæta við störf mín þýðingu á Iqán sem ég hef þegar sent til Ameríku.“ Þetta var fyrsta meiriháttar þýðing hans, hin völduga útskýring Bahá'u'lláh á stöðu og hlutverki opinberenda Guðs, einkum í ljósi kenninga og spádóma í íslam. Bókin er þekkt undir nafninu *Kitáb-i-Iqán, Bók fullvissunnar*. Hún var ómetanleg hjálp vestrænum bahá'íum í rannsókn þeirra á trúnni sem þeir höfðu gengist á hönd og auðgaði ómælanlega skilning þeirri á guðlegri opinberun.

Þetta sama ár hóf Verndarinn vinnu við hina bókina sem gefin var út á þessum tíma. Þessi bók var hvorki þýðing á orðum Bahá'u'lláh né eitt af hinum almennu bréfum Shoghi Effendi en hlýtur að teljast bókmenntalegt meistaraverk og er ein verðmætasta gjöfin sem hann gaf heiminum. Þetta var þýðingin á fyrsta hluta af sagnriti eins af samtímamönnum og fylgjendum Bábsins og Bahá'u'lláh, sem gekk undir nafninu Nabíl. Bókin var gefin út árið 1932 og heitir *Dagboðar*. Ef gagnrýnandi eða efasemdarmaður freistuðust til að hafna bókmenntum bahá'í trúarinnar sem dæmigerðum ritum í betri flokki trúarbókmennta, sérsniðin fyrir innvígða, gætu þeir ekki eitt andartak vísað á bug bók í þeim gæðaflokki sem sögurit Nabíls er—rit sem verðskuldar að verða talið með klassískum verkum epískra bókmennta á enskri tungu. Þótt hún virðist við fyrstu sýn vera þýðing á upprunalegum persneskum texta má segja að Shoghi Effendi hafi endurskapað hana á ensku og þýðingu hans má jafna saman við þýðingu Fitzgeralds á *Rubaiyat* kvæðabálki Omars Khayyams, þar sem heimurinn fékk kvæði á erlendu máli sem á margan hátt tekur upprunalega kvæðinu langt fram. Bestu og mest lýsandi umfjallanir um þetta meistaraverk Verndarans má finna í orðum kunnra einstaklinga sem ekki voru bahá'íar. Leikritaskáldið Gordon Bottomley skrifaði: „... að lifa með [þessu verki] hefur verið ein mesta reynsla ævi minnar; og þar að auki var þetta reynsla sem snart mig bæði sem slík og í því sálfræðilega ljósi sem hún varpar á frásögn Nýja testamentisins.“ Hinn velþekkti fræðimaður og mannvinnur, dr. Alfred W. Martin hjá Siðmenntafélaginu (Ethical Culture Society) skrifar í þakkarbréfi sem hann sendi Shoghi Effendi eftir að hafa fengið frá honum sögurit Nabíls: „Þetta stórkostlega og minnisstæða verk... verður klassískt

bókmenntaverk og mælistika á bókmenntir um alla ókomna tíð. Ég undrast meira en orð fá lýst hæfni þinni til að búa slíkt verk til prentunar auk alls þess starfs sem staða þín og atvinna krefst af þér.“ Einn af hans gömlu prófessorum, Bayard Dodge við Ameríska háskólanum í Beirut, skrifar Verndaranum eftir að hafa fengið frá honum sögurit Nabíls að gjöf: „ . . . Síðasta bókin – Dagboðar – er sérstaklega verðmætt framlag. Ég óska þér hjartanlega til hamingju með þessa útgáfu. Þú hlýtur að hafa lagt mjög hart að þér til að geta sent frá þér svo framúrskarandi þýðingu með afar athyglisverðum athugasemdum, neðanmálsgreinum og ljósmyndum.“

Síðar skrifaði hann lengra mál um þetta einstæða bókmenntaverk:

Ég hef haft mikið gagn af því í tólstundum sumarsins að lesa sögurit Nabíls . . . Allir sem hafa áhuga á trúarbrögðum og einnig á sagnfræði standa í mikilli þakarskuld við þig fyrir að hafa gefið út svo framúrskarandi verk. Dýpri hlið þessa verks er svo áhrifamikil að það virðist vart við hæfi að hrósa þér fyrir nokkur praktísk atriði sem tengjast þýðingunni. Ég get samt ekki haldið aftur af mér og verð að segja þér hversu mikils ég met það að þú skulir hafa tekið tíma frá önnum þínum til að ljúka svo miklu verkefni.

Gæði enskunnar og dásamlegt flæði hins þýdda texta eru einstök því yfirleitt eru þýðingar erfiðar aflestrar. Þér hefur tekist frábærlega vel að gera bókina svo hlutlausu og auka við hana með neðanmálsgreinum sem gera verkið að sagnfræðilegu vísindariti fremur en einhverju sem kenna mætti við áróður. Kraftur bókarinnar er afar mikill vegna þess að þýðingin er svo vísindaleg og upprunalegu höfundareinkennin svo eðlileg að allt verkið hlýtur að virka ósvikið jafnvel á hinn vantrúaðasta gagnrýnanda.

Frá sagnfræðilegu sjónarmiði er verkið í hæsta gæðaflokki. Það er einnig gríðarlega gagnlegt að því leyti að það útskýrir sálfræðina að baki hinum miklu hreyfingum trúarlegrar opinberunar. Auðvitað felst megingildi þess í ljósinu sem það varpar á frumsögu bahá'í hreyfingarinnar. Líf fyrstu trúskiptinganna er einnig mjög hrífandi.

Ég hef lánað prófessor Crawford og prófessor Seelye mitt eintak og vona að margir af prófessorum okkar og háskólanemum finni sér tíma til að lesa þessa mjög svo fræðandi og uppörvandi bók.

Þótt svo skilningsríkt mat og þakklæti fyrir þetta bókmenntaverk frá slíkum aðila hljóti að hafa glatt og snortið Shoghi Effendi getur enginn vafi leikið á því að bréfið sem hinn velþekkti Austurlandafræðingur Sir E. Denison Ross, skrifaði honum frá Skóla austurlenskra fræða við Lundúnaháskóla hafi verið það lof sem hann mat mest:

27. apríl, 1932

Minn kæri Shoghi Effendi,

Það var afar vingjarnlegt af þér að muna eftir mér og senda mér eintök af tveimur síðustu verkum þínum sem ég er mjög stoltur af að eiga, sérstaklega þar sem það kemur frá manni eins og þér. Dagboðar eru í sannleika sagt ein fegursta bók sem ég hef séð í mörg ár, pappírinn, prentunin og myndefnið—allt er þetta framúrskarandi og hvað enskan stíl þinn snertir væri með engu móti hægt að betrumbæta hann og hann hljómar aldrei eins og þýðing. Leyfðu mér að færa þér mínar hlýjustu hamingjuóskir fyrir að hafa unnið svo mikil afrek á því sviði sem þú ætlaðir þér þegar þú komst til Oxford, þ.e.a.s. að ná fullkomnu valdi á tungumáli okkar.

Að öllu öðru undanskildu verður sögurit Nabíls mér að hinu mesta gagni í þeim fyrirlestrum sem ég held hér á hverri önn um Bábinn og Baha.

Ég treysti því að þú sért við góða heilsu og verð framvegis,

þinn einlægur,
E. Denison Ross
Skólastjóri

Shoghi Effendi lýsti því sjálfur í bréfi til Mörtu Root sem hann skrifaði 3. mars 1931 hvað *Dagboðar* og öll vinnan við þá bók þýddi fyrir hann: „Ég er nýbúinn eftir átta mánaða samfellda og erfiða vinnu að ljúka við þýðingu á sögu um fyrstu daga málstaðarins og hef sent handritið til ameríska þjóðarráðsins. Verkið er um 600 blaðsíður auk 200 blaðsíðna viðbótarefnis sem ég hef fundið í ýmsum bókum í sumar. Ég hef verið svo upptekinn af þessu verkefni að ég hef neyðst til að fresta bréfaskriftum mínum . . . Núna er ég svo örmagna af þreytu að ég get varla skrifað . . . Sagan er upprunaleg og ósvikin og fjallar aðallega um Bábinn. Hlutar af henni voru lesnir fyrir Bahá'u'lláh og endurskoðaðir af 'Abdu'l-Bahá . . . Ég er svo uppgefinn eftir langvarandi álag og erfiði við þetta verk að ég verð að hætta og leggjast fyrir.“

Þegar Shoghi Effendi var að búa þessa útgáfu undir prentun sendi hann Ameríku eftirfarandi símskeyti í október 1931: „Hvet alla enskumælandi átrúendur til að einbeita sér að ódauðlegu sagnriti Nabíls sem algjörlega nauðsynlegri forsendu fyrir endurnýjaða og öflugra kennsluferð sem lokaframkvæmdir við *Mashriq'u'l-Adhkar* kalla á. Er sannfærður um að útbreidd notkun þessa fjölbreytta, auðuga og ósvikna efnis sé öflugasta tækið til að mæta áskorunum þessa mikilvæga tíma. Mæli hiklaust með því við alla sem ætla sér að heimsækja fæðingarland Bahá'u'lláh.“

Verkið sem Shoghi Effendi mælti með að átrúendurnir læsu og kynntu sér rækilega er 748 blaðsíðna langt og inniheldur meira en 150 ljósmyndir. Í því er að finna nákvæmt ættartré Bábsins sem Verndarinn gerði með sinni eigin hendi og er endurgefið í nákvæmri eftirprentun. Auk textans sem byggir á frumtexta Nabíls en ummyndaðist í afburðasnjallri meðferð Shoghi hvað varðar mál og stíl varpar fjöldi neðanmálgreina sem hann bætti við á ensku og frönsku ljósi á atburðina sem þar eru skráðir og auka að miklum mun sögulegt gildi þess. Undirrituð og tölusett viðhafnarútgáfa í 300 eintökum var gefin út með almennu útgáfunni. Það tók Shoghi Effendi næstum tveggja ára rannsóknir, samantektir og þýðingar að ljúka þessu stórmerka verki. Árið 1930 sendi hann ástralskan bahá'í ljósmyndara til Persíu til að feta vandlega í fótspor Bábsins í heimalandi hans og mynda vettvanginn þar sem hann og fylgjendur hans liðu píslarvætti auk margra annarra sögulegra staða. Hefði Shoghi Effendi ekki gert þetta hefði allur sýnilegur vottur um marga af þessum stöðum sem voru í meira og minna upprunalegu ástandi glatast um aldur og ævi. Auk þess sem Shoghi Effendi valdi ljósmyndirnar fyrir sögurit Nabíls gerði hann yfirvegaðar ráðstafanir til að senda til Ameríku það sem hann lýsti sem „ómetanlegum trúnaðarmunum“, öll frumrit af töflum Bábsins til nítján lærisveina sinna og þá ómetanlegu töflu Bábsins sem beint var til Bahá'u'lláh, „Hans sem Guð mun opinbera“. Þessar töflur voru allar birtar í fullkominni eftirprentun. Sem titilmýnd bókarinnar valdi Shoghi Effendi litaða eftirprentun af innri helgidóminum í graphýsi Bábsins. Loks færði Verndarinn þeim sem hann elskaði mest verðuga gjöf sem var algjörlega hans sjálfs:

„Hinú helgasta laufi,
 síðasta eftirlifanda dýrlegrar hetjualdar,
 tileinka ég þetta verk
 sem tákni um mikla þakkarskuld og ást“

Bahá'íar á Vesturlöndum komu umbreyttir frá reynslunni sem þessi saga um líf og ævi Bábsins færði þeim. Það var eins og örfáum dropum af dýrmætu blóði þessara fyrstu píslarvotta hefði verið stökkt á þá. Þeir sáu eins og í svipsýn hefðina að baki sér, þeir skildu að þetta var trú sem maður gaf allt sitt líf, þeir gerðu sér grein fyrir hvað Shoghi Effendi var að tala um og hvers hann vænti sér af þeim þegar hann

kallaði þá andlega afkomendur Dagboðanna. Fræin sem þessi bók sáði í hjörtu vestrænna fylgjenda Bahá'u'lláh uxu og döfnuðu í tíu ára herferðinni og uppskeran á eftir að verða sífellt ríkulegri þegar guðleg áætlun 'Abdu'l-Bahá heldur áfram að þróast og vinna sigra yfir allri heimsbyggðinni.

Árið 1935 gaf Shoghi Effendi aftur vestrænum bahá'íum stórkostlega gjöf undir heitinu *Úrval úr ritum Bahá'u'lláh*. Verndarinn lýsti sjálfur þessari bók í bréfi til Sir Herbert Samuel sem „samantekt úr helstu verkum Höfundar bahá'í opinberunarinnar sem eru mest einkennandi fyrir hann og hafa ekki birst áður á prenti.“ Þegar hugsað er til hinna fáu blaðsíðna Nýja testamentisins, orðanna sem höfð eru eftir Búddha og fáeinna ummæla nokkurra annarra guðlegra ljósgjafa sem engu að síður umbreyttu lífi milljóna manna í gegnum aldirnar, virðist þessi bók, *Úrval úr ritum*, vera uppspretta handleiðslu og innblásturs sem gæti nægt fyrir andlegt trúarkerfi hvaða spámanns sem er. Prófessor Norman Bentwich þakkaði Shoghi Effendi fyrir eintak af *Úrvali úr ritum* sem hann hafði fengið frá honum og sagði: „Ég hef á henni miklar mætur ásamt öðrum ávöxtum sístarfandi guðrækni yðar“— sannarlega fögur lýsing á eðli þess starfs sem Shoghi Effendi vann við að færa vestrænum heimi orð opinberanda Guðs fyrir okkar tíma. En vissulega er hjartfólgnustu hyllingu þessarar bókar að finna í orðum Marie Rúmeníudrottningar sem sagði við Mörtu Root: „Jafnvel efasemdarmenn myndu finna öflugan styrk í henni ef þeir læsu hana einir og gæfu sálum sínum tíma til að stækka.“ Drottningin skrifaði Shoghi Effendi sjálfum í janúar 1936 eftir að hún hafði fengið eintak frá honum og sagði, „Mætti ég senda þér innilegustu þakkir mínar fyrir þessa dásamlegu bók. Sérhvert orð hennar er mér dýrmætt og miklu meira en það á þessum þjökuðu og eirðarlausu tímum“. Verndarinn svaraði henni með því að segja að hann teldi starf sitt að þýðingu bókarinnar að fullu endurgoldið nú þegar hann heyrði að hún hefði haft gagn af því að lesa hana.

Öllu þessu var fylgt eftir með þýðingu á árunum 1936–7 á því sem kalla mætti fylgirit, sambærilegt að ríkidæmi og fyllingu efnis, þ.e. *Prayers and Meditations* eftir Bahá'u'lláh. Aftur skrifaði fyrrum prófessor Verndarans, Bayard Dodge, til hans og sýndi skarpan skilning á því sem slíkt verk fól í sér: „Þýðing djúpra og skáldlegra hugsana eins og þeirra sem finna má í *Prayers and Meditations* krefjast gríðarlega mikillar og erfiðrar vinnu... Ég hef áður sagt þér hversu

mjög ég undrast gæði enskunnar sem þér skrifið.“ Þegar prófessor Dodge hafði fengið *Úrval úr ritum* skrifaði hann til Verndarans: „Svo mögnuð eru tök yðar á enskri tungu að ég er sannfærður um að orðin glata ekki merkingu sinni og töfrum vegna þýðingarinnar.“ Og þegar honum barst þýðing Shoghi Effendi á *Huldum orðum* skrifaði hann aftur með sama einstæða innsæi og skilningi á því sem slíkt verk táknaði: „Ég geri mér fulla grein fyrir hve gríðarlega torvelt er að þýða fagra austurlenska hugsun á ensku og ég óska þér til hamingju með gæði þess máls sem þú skrifar.“

Strax eftir að þessi demantsnáma samneytis við Guð, sem á sér engan líka í trúarbókmenntum heimsins, hafði verið gefin út byrjaði Shoghi Effendi að vinna að lengra almennu bréfi en hann hafði nokkurn tíma skrifað áður. Það kom út 1939 undir nafninu *Guðlegt réttlæti í nánd*. Það var skrifað sama árið og Verndarinn dvaldi í Evrópu vegna hermdarverkastarfsemi í Palestínu. Bréfinu var beint til bahá'ía í Kanada og Bandaríkjunum. Í þessari bók útskýrir Shoghi Effendi sem aldrei fyrr það hlutverk sem þessu samfélagi var ætlað að gegna í framvindu mannlífs á jörðunni. Það skilgreindi markmið nýhafinnar sjö ára áætlunar, fyrsta skrefinu í framkvæmd fyrir mælanna í guðlegri áætlun 'Abdu'l-Bahá. Í bréfinu er bent á að þetta sé mesta sameiginlega verkefnið sem fylgjendur Bahá'u'lláh hafi nokkru sinni tekist á hendur og örlög framtíðarstarfsemi við útbreiðslu heimsskipulags hans á öðrum meginlöndum heims hlytu að ráðast af árangri þess. Með gæskuríkri en stöðugri hönd brá Shoghi Effendi upp fyrir samfélagi norður-ameríska samfélagsins spegli menningarinnar sem umkringdi þá. Með orðum sem héldu áheyrendum bergnumdum og vöktu hjartanu hroll varaði hann við meinsemdum þessarar menningar og benti þeim á sannindi sem fáir þeirra höfðu nokkru sinni leitt hugann að, þ.e. að þessar meinsemdir væru einmitt dularfull ástæða þess að Guð hafði valið heimaland þeirra sem vöggju heimsskipulags síns á þessum degi. Þar sem varnaðarorðin í bókinni *Guðlegt réttlæti í nánd* eru ríkur þáttur í þeirri sýn og leiðsögn sem Shoghi Effendi veitti hinum trúföstu alla embættistíð sína er ekki hægt að þegja yfir þeim ef við viljum öðlast réttan skilning á hans eigin ætlunarverki. Með skýrum orðum átalði hann siðferðilega slappleikann, kynþáttafordómanna og tærandi efnishyggjuna í samfélagi þeirra og bar hana saman við þann upphafna mælikvarða sem Bahá'u'lláh hafði sett í kenningum sínum og hvatt fylgjendur sína til að virða. Hann varaði þá einnig við styrjöldinni sem

brátt væri í vændum og eggjaði þá til að standa stöðuga þrátt fyrir allar þrengingarnar sem þeir og þjóðir þeirra kynnu að líða í framtíðinni og til að rækja sitt heilaga trúnaðarstarf með því að vinna að fullum sigri áætlunarinnar sem þeir höfðu skömmu áður hleypt af stokkunum í allri Vesturálfu.

Annað almennt bréf sem að þessu sinni var beint til bahá'ía á Vesturlöndum birtist á prenti árið 1941. Það nefndist *The Promised Day Is Come* og ásamt bréfinu *Guðlegt réttlæti í nánd* skýrir það hnignunina sem nagar rætur nútíma siðmenningar. Það var skrifað á öðru ári heimsstyrjaldarinnar. Þar talar Shoghi Effendi með þrumuraust og fordæmir öfughneigð og syndsamleika þessarar kynslóðar og flugskeytin sem hann notar eru orð og tilvitnanir Bahá'u'lláh sjálfs: „Sá tími er kominn þegar eyðing heimsins og þjóða hans fer í hönd.“ „Hinn fyrirheitni dagur er kominn þegar kvalafullar raunir munu ólga yfir höfðum yðar og undir fótum yðar mælandi þessi orð: Smakkið það sem hendur yðar hafa gert!“ „Brátt munu högg hirtingar hans dynja á yður og ryk heljar umlykja yður.“ „Og þegar hin tiltekna stund rennur upp, birtist það skyndilega sem fær limu mannkynsins til að skjálfa.“ „Sá dagur fer í hönd þegar logar hennar (siðmenningarinnar) munu eyða borgunum, og Tunga tignarinnar kunngera: Ríkið er Guðs, hins almáttuga, altignaða!“ „Sá dagur mun brátt koma að þeir hrópa á hjálp og fá ekki neitt svar.“ „Vér höfum ákvarðað yður tíma, ó þjóðir! Ef þér látið undir höfuð leggjast á hinum tilsetta tíma að snúa yður til Guðs mun hann vissulega hremma yður heiftartökum og láta hörmulegar þrengingar steðja að yður úr öllum áttum. Hve ströng er ekki hirtingin sem Drottinn yðar þá mun veita yður!“ „Ó þér þjóðir heimsins! Vitið í sannleika, að ófyrirsjáanleg ógæfa fer á hæla yður og hörmulegt endurgjald bíður yðar. Haldið ekki að þær gerðir sem þér hafið framið hafi gleymst fyrir augliti mínu. Ég sver við fegurð mína! Allar gerðir yðar hefur penni minn letrað skýru letri á krýsólít-töflur.“

Verndarinn dregur upp ógnvænlega og stórbrotna mynd að því feni sem mannkynið hefur sokkið í með stöðugri höfnun sinni á Bahá'u'lláh. „Heimspjakandi eldraun hefur mannkynið í greip sinni,“ skrifar hann. Þessi eldraun er „fyrst og fremst dómur sem Guð hefur kveðið upp yfir þjóðum jarðar sem í heila öld hafa neitað að viðurkenna Hann sem með komu sinni uppfyllti fyrirheit allra trúarbragða.“ Shoghi Effendi segir í meginatriðum frá þeim þjáningum, ofsóknum, illmælum og grimmd sem Bábin, Bahá'u'lláh og 'Abdu'l-Bahá máttu þola og

segir söguna um vammleysi þeirra, þolgæði og hugprýði andspænis þessum raunum og hve þreyttir þeir voru á þessari veröld þegar þeir loks héldu til himneskra hóbýla skapara síns. Shoghi Effendi rekur syndir mannkyns gagnvart þessum syndlausu opinberendum og ásakar leiðtoga mannkyns, konunga þess, æðstu trúarleiddtoga og stjórnendur sem tveir opinberendur Guðs höfðu beint kröftugustu orðum sínum að. Vegna vanrækslu á þeirri æðstu skyldu sinni að hlýða kalli Guðs sagði Bahá'u'lláh sjálfur: „Frá tveimur stéttum meðal manna hefur allt vald verið tekið: konungum og klerkum.“

Svo heillandi, yfirgripsmikið og mikilfenglegt er innihald og efnistöð í ritum Shoghi Effendi að byrji maður aðeins að rýna í bók eins og *The Promised Day Is Come* stendur maður sjálfan sig að því að feta þessa miklu hugmyndabraut og gleymir því að tilgangur þessara orða er ekki að segja frá efni bóka hans heldur reyna að skoða hina mörgu fleti á lífi hans og afrekum. Engu að síður get ég ekki stillt mig um að vitna til bréfs frá mjög hógværum bahá'ía sem skrifaði til hans þegar þessi bók var gefin út: „*The Promised Day has Come* er í mínum augum gersemi af bók að vera. Ég elska hana og núna er þessi skýri skilningur allt sem ég þarf í hjarta mínu. Þakka þér Shoghi Effendi fyrir gæsku þína, þú veist ekki hve mikið þú hefur gert fyrir mig. Hvað höfum við nokkurn tíma gert fyrir þig? Þú gerðir allt fyrir okkur . . .“

Milli þessara tveggja svonefndu almennu bréfa – *Guðlegt réttlæti í nánd* og *The Promised Day Is Come* – færði Shoghi Effendi vestrænum átrúendum fimmtu og síðustu þýðingu sína á ritum Bahá'u'lláh. Þessi þýðing var gerð veturinn 1939-40, sem var enn einn erfiðasti og háskalegasti tíminn í lífi hans. Hann sendi hana í pósti til Ameríku, þar sem átti að gefa hana út, kvöldið áður en hann hélt til Evrópu beint í opið gin stríðsins í þeirri heimsálfu. *Epistle to the Son of the Wolf* (Pistill til sonar úlfsins) var síðasta meiriháttar verk Bahá'u'lláh og inniheldur úrval úr hans eigin ritum sem hann sjálfur valdi síðustu tvö árin í lífi sínu (vissulega einstæður atburður í trúarsögunni!) og bókin hefur því sérstöðu í trúarbókmenntum okkar. Í símskeyti sem Shoghi Effendi sendi skömmu áður en bókin var gefin út segir hann: „Ég vona einlæglega að lestur hennar megi stuðla að frekari upplýsingu og dýpri skilningi á þeim sannindum sem virk framkvæmd við kennslu og stjórnun hlýtur endanlega að hvíla á . . .“

Ég vitna hér til minnar eigin dagbókar og þess sem ég skrifa þann 22. janúar 1944: „Í dag voru gerðar síðustu leiðréttingarnar á *Prospect*

and *Retrospect*, síðasta kaflanum í bók Shoghi Effendi *God Passes By* og á morgun verður handritið send í pósti til Horace. Það eru næstum tvö ár — kannski meira! — síðan Verndarinn byrjaði á þessu verki. Það hefur táknað næstum „samfellt starf fyrir hann og verið skelfileg byrði og álag, en vissulega þess virði! Þetta er dásamleg bók.“ Með svona fátæklegu orðalagi eru miklir viðburðir lífsins oft skráðir af þeim sem taka þátt í þeim og eru að lokum orðnir of örmagna til at skrifa neitt nema eitthvað lítilvægt og hversdagslegt! Einnig of þreytt til að muna að það hafði í rauninni tekið meira en tvö ár að skrifa það sem ég og Shoghi Effendi vísuðum til sem „bókarinnar“ — en hún fékk sitt fagra heiti að lokum.

God Passes By, mesta og undursamlegasta saga um öld sem nokkru sinni hefur verið sögð, er vissulega „móðir“ framtíðar sögurita, bók þar sem hvert orð skiptir máli, sérhver setning ólgar af frjórrí hugsun, sérhver hugsun vísar veginn til síns eigin sögusviðs. Hún er hlaðin mikilvægum staðreyndum og hefur vídd og nákvæmni snjókrystalla, sérhver þeirra er fullkominn í sjálfum sér, sérhverju þema eru gerð framúrskarandi skil, samræmt, yfirvegað, sjálfu sér nægt, grunnmót fyrir þá sem nema, meta og útskýra boðskap og heimsskipan Bahá'u'lláh. Þetta var eitt samþjappaðasta og feiknalegasta afrekið í lífi Shoghi Effendi, eina raunverulega bókin sem við höfum frá hans eigin hendi — vegna þess að öll önnur ritverk hans voru, án efa vegna djúprar hógvæðar hans og auðmýktar skrifuð sem bréf, sem beint var til sérstaks samfélags eða ákveðins hluta bahá'í heimsins.

Aðferðin sem Shoghi Effendi notaði þegar hann skrifaði *God Passes By* var að setjast niður í heilt ár og lesa allar bækur bahá'í ritninganna á persnesku og ensku auk allra bóka sem bahá'íar höfðu skrifað um trúna, hvort heldur þær voru í handriti eða útgefnar á prenti og allt sem einstaklingar utan bahá'í trúarinnar höfðu skrifað og innihélt mikilvægar vísanir til trúarinnar. Ég held að þegar allt er talið hafi hér verið um að ræða jafngildi að minnsta kosti tvö hundruð bóka. Þegar hann las skrifaði hann hjá sér minnispunkta, safnaði og raðaði saman þeim staðreyndum sem hann hafði. Hver sá sem hefur nokkru sinni fengist við verk sögulegs eðlis veit hversu miklar rannsóknir liggja að baki því, hversu oft þarf að velja í ljósi víðeigandi efnis milli upplýsinga sem gefnar eru á einum stað og upplýsinga sem gefnar eru á öðrum, hversu lýjandi allt verkið er. Hversu miklu meira var þá ekki slíkt verk fyrir Verndarann sem um sama leyti var að undirbúa

tilvonandi aldarafmæli trúarinnar og taka ákvarðanir varðandi hönnun á yfirbyggingu á grafhýsi Bábsins. Þegar allt innihald bókarinnar hafði verið dregið saman hélt Shoghi Effendi áfram að vefa það inn í myndina sem hann dró upp af þýðingu og mikilvægi fyrstu aldar bahá'í trúarkerfisins. Hann sagði að það væri ekki tilgangur sinn að skrifa nákvæma sögu þessara hundrað ára heldur fara yfir eftirtektarverða og mikilvæga þætti í fæðingu og upphafi trúarinnar, grundvöllun stjórnstofnana hennar og þær kreppur, sem hver á fætur annarri höfðu knúið hana áfram á dulúðugan hátt frá einum sigri til annars með tilstyrk þess guðlega afls sem í henni bjó. Hann opinberaði okkur yfirsýn atburða sem „framvinda hundrað ára... hefur afhjúpað fyrir augum okkar“ eins og hann kemst að orði. Hann lyfti tjaldinu á upphafsþætti þess sem hann staðhæfði að væri eitt „ósundurgreinanlegt, feiknlegt og stórfenglegt drama. Leynardóm þess fá engir vitsmunir skilið, hámark þess fær ekkert auga greint, jafnvel ekki útlínurnar, og niðurstöðu þess getur enginn hugur séð fyrir með fullnægjandi hætti.“

Hversu mörg hundruð klukkutímum eyddi Shoghi Effendi ekki við lestur heimilda og samantekt minnispunkta sinna, hversu marga daga og mánuði skrifaði hann ekki af vandvirkni með skýrri rithönd – og endurskrifaði – þessa tignarlegu kafla hvern á fætur öðrum, hversu marga þreytandi daga sat hann ekki við litlu ferðaritvélina sína og hamraði á hana með tveimur fingrum, stundum tíu klukkustundir í senn því hann var vanur að vélrita lokaeyntak handritsins sem hann var að vinna að! Og hversu mörgum stundum eyddum við ekki langt fram á nótt hlið við hlið við borðið í svefnherbergi hans, þegar við unnum að því að lesa allan kaflann eða hluta þess kafla sem hann hafði lokið við þann daginn – hvort okkar með þrjú eintök af vélrituðu handritinu fyrir framan okkur. Við prófarkalásam, leiðréttum, settum inn þúsundir broddstafa umrituðu orðanna sem Shoghi Effendi var vanur að lesa upphátt þangað til augu hans voru orðin blóðhlaupin og sjónin þokukennð, bak hans og hendur stífar af þreytu. Þetta varð að gera. Það var enginn möguleiki að fara sér hægar í þessu verki. Hann var að keppa við tímann til að færa bahá'íum á Vesturlöndum þessa óviðjafnanlegu gjöf í tilefni þess að hundrað ár voru liðin frá upphafi trúarinnar. Þrátt fyrir þá staðreynd að hann póstsendi leiðrétt handrit í köflum til Ameríku, töfðu aðstæður í Bandaríkjunum útgáfu bókarinnar og hún kom ekki úr prentun fyrr en um miðjan nóvember 1944.

Það er ekki nóg að segja: „Sjáið verkin sem maðurinn vann.“ Mennt verða að spyrja hvernig og undir hverskonar kringumstæðum hann vann þessi verk. ‘Abdu’l-Bahá skrifaði *Töflur hinnar guðlegu áætlunar* þegar hann var orðinn aldraður, útslitinn og í bráðri hættu við lok fyrri heimsstyrjaldarinnar. Shoghi Effendi var þegar kraminn og byrði hans sem Verndari trúarinnar í tuttugu ár þung og yfirþyrmandi þegar flóðbylgja síðari heimsstyrjaldarinnar ógnaði landinu helga og hótaði að svelgja hann og Heimsmiðstöð trúarinnar í einni hörmulegri svipan á sama tíma og heimili hans var í uppnámi vegna eftirkasta af sáttmálsbrotum sem náðu til allrar fjölskyldu hans. Hann setti sér það markmið að leggja mat á þýðingu atburðanna sem gerðust á fyrstu öld bahá’í tímatalesins fyrir ókomna tíma. Við örfá tækifæri varð ég fyrir því óláni að sjá hann gráta eins og hjarta hans væri að springa—svo nístandi var hugarkvöl hans og álagið sem hann var undir!

Shoghi Effendi gerði sig ekki ánægðan með sögu trúarinnar sem hann hafði lokið við á ensku heldur sneri hann huga sínum að elskandi og trúföstu samfélagi Bahá’u’lláh, langþjáðum og ofsóttum fylgjendum í fæðingarlandi hans og byrjaði að semja annað ritverk um fyrstu hundrað ár bahá’í trúarinnar í Persíu. Þetta var samskonar en þó styttri útgáfa af sama efni, annars eðlis en ekki síður áhrifamikil bæði hvað snerti staðreyndirnar sem hann kynnti og glæsileika máls og tungutaks. Ég hafði setið gegnum mestallan ritunartíma *God Passes By* á ensku en það var engin ástæða fyrir mig að gera það vegna persnesku útgáfunnar. Munurinn á stílnum á bréfum Shoghi Effendi og talaðs máls á persnesku—sem var mjög blandað arabísku—og hversdagslegrar persnesku er sambærilegur við muninn á ensku Shakespeares og venjulegu dagblaðamáli! Kunnáttu minni í persnesku og vankunnáttu í arabísku var þannig hátt að ég skildi ekki meira en þrjú til fjögur orð af hverjum tíu. Engu að síður las hann fyrir mig, eða öllu heldur söng, suma kaflana og tignarlegur straumur orðanna, fullkonnun þeirra og máttur voru mér augljós jafnvel þótt ég skildi ekki merkingu þeirra til fulls. Ég man þegar ég kom til herbergis hans hvernig ég heyrði hann syngja það sem hann var að skrifa óendanlega angurværi, óendanlega fagurri rödd. Það var líka heillandi hvernig hann söng setninguna uns hann staðnæmdu við misfelli, orð sem ekki féll nógu mjúklega að samhenginu, þá þagnaði þessi fagra rödd sem var ómeðvituð um sjálfa sig og byrjaði aftur á setningunni og hélt áfram að sama punkti og áður. Og ef hann náði því ekki í þetta

sinn hélt hann áfram uns það tókst! Það var því líkast sem yndislegur fugl væri að syngja sönglag sitt fyrir sjálfan sig, týndur í sinni eigin veröld. Þessi bók var hundrað síður með fallegri rithönd og er enn eitt meistaraverk Shoghi Effendi. Þessi tvö yfirlitsverk yfir þessi hundrað ár voru ómetanlegar aldarafmælisgjafir Verndarans til bahá'íanna. Þau reyndu mjög á þrek hans og heilsu og voru samin á þeim árum þegar veröldin var skekin af mestu styrjöld sem nokkru sinni hafði verið háð.

Næstu þrettán ár þýddi Shoghi Effendi hvorki né skrifaði fleiri bækur. Það er okkar mikla tjón að hann hafði ekki lengur tíma til að skrifa. Alþjóðlegt samfélag trúarinnar sem hann hafði af slíkum þrótti verið að byggja upp síðan 1921 var nú orðið það stórt að það tók tíma hans og styrk allan og gaf lítið svigrúm þeirri gríðarlegu sköpunargáfu til ritstarfa og þýðinga sem hann var gæddur af náttúrunnar hendi. Samt hélt hann áfram að veita átrúendunum og þjóðarráðum þeirra ríkulega leiðsögn með bréfum og þó sérstaklega með löngum símskeytum. Árið 1941 var Shoghi Effendi þegar byrjaður að telja sigrana sem bahá'íar voru að vinna um allan heim. Af þessari gerð skilaboða þróaðist loks hið heillandi Ríðván yfirlit sem hann lauk við á hverju ári, þar sem átrúendur í sérhverju landi gátu séð starf sitt og erfiði sem hluta af einni heild.

Frá upphafi embættisferils síns hafði Shoghi Effendi í síauknum mæli notað þann miðil sem símskeytin voru, ekki aðeins vegna þess að þau spöruðu tíma heldur einnig af sálfræðilegum ástæðum eins og hann útskýrði fyrir mér. Símskeyti flutti áriðandi og dramatísk boð og voru oft betur til þess fallin að koma sjónarmiði á framfæri. Shoghi Effendi þróaði það sem kalla mætti símskeytamál á slíkt stig að á þau má líta sem bókmenntaleg afreksverk. Ekki ósjaldan sendi hann símskeyti sem voru jafnlöng og venjulegt bréf. Hann hugsaði í stytta máli þegar hann skrifaði þau. Það var ekki spurning um að tjá hugsun á venjubundinn hátt í rituðu máli og strika síðan út öll orð sem hægt var að eyða án þess að merkingin glataðist. Þessi orð voru frá upphafi ekki með í texta hans og þannig varð stíllinn mjög grafískur, lýsandi, öflugur og dramatískur. Stílláhrifin hverfa – og iðulega einnig rétt merking – þegar einhver setur inn öll þessi „ef“, „og“, „af“, lausan greini o.s.frv. sem hann telur að eigi að vera þar til þess að textinn verði skýr og skiljanlegur. Að bæta slíkum innskotum við án þess að setja þau í sviga eru óviðeigandi inngrip í texta trúar okkar því þau tákna að einhver ritstjóri hefur aukið við setningar Shoghi Effendi

orðum sem hann heldur að skýri það sem Shoghi Effendi var að segja. Á hinn bóginn virðist hverskonar innskot, jafnvel þótt þau séu höfð í svigum, gera ráð fyrir að lesandinn sé kjáni, ófær um að skilja af eigin rammleik hvað Verndarinn átti við.

Allt til æviloka hélt Shoghi Effendi áfram að innblása bahá'í heiminn með fyrirmælum sínum og hugsunum. Orð sem gædd voru miklu afli og þýðingu, jafngildi margra binda, streymdu frá penna hans. En tímabil var á enda runnið við lok stríðsins og stjórnarfarsleg starfsemi jókst um allan heim. Þrátt fyrir að drifkraftur hans hyrfi aldrei og þeim vinnustundum sem hann eyddi í þágu málstaðar Guðs á hverjum degi fækkaði ekki fram á síðasta dag var Shoghi Effendi örmagna af þreytu.

Lífi og starfi Shoghi Effendi mætti vel skipta í fjóra meiriháttar kafla: þýðingar hans á orðum Bahá'u'lláh, Bábsins, 'Abdu'l-Bahá og söguriti Nabíls; hans eigin ritverk svo sem hundrað ára saga trúarinnar sem gefin var út undir heitinu *God Passes By*; samfelldan straum fræðandi bréfa og skeyta frá penna hans sem bentu átrúendunum á þýðingu, tímann og aðferðina við að byggja upp stjórnarfarslegar stofnanir sínar; þrotlausa áætlun til að auka og treysta efnislegar eignir trúarinnar um allan heim, áætlun sem fól ekki aðeins í sér lokaframkvæmd, byggingu og fegrun bahá'í helgistaða við Heimsmiðstöðina heldur einnig byggingu musterranna og kaup á þjóðar- og svæðismiðstöðvum auk eigna í ýmsum löndum í austri og vestri; en þó fyrst og fremst hvernig hann með meistaralegum hætti beindi huga þeirra að þeim hugsjónum sem kenningar trúarinnar geyma og skipulegri flokkun kenninganna í það sem lýsa mætti sem feiknlegu víðsýni merkinga, tilvísana, hlutskiptis og áforms trúar Bahá'u'lláh, reyndar sem trúarlegs sannleika um manninn sem hástig í sköpun Guðs sem þróast uns hún nær fyllingu sinni í stofnun ríkis Guðs á jörðu.

ÞRÓUN ALÞJÓÐLEGRA STOFNANA TRÚARINNAR

Þróun Heimsmiðstöðvar trúarinnar undir verndarvæng Verndarans er eitt af mestu afrekum hans. Hvað mikilvægi snertir kemst hún aðeins í samjöfnuð við útbreiðslu og treystingu málstaðarins sjálfs um alla jarðkringluna. Um einstæða þýðingu þessarar Miðstöðvar skrifaði Shoghi Effendi að hún væri: „...Landið helga—bænarátt (Qiblih) heimssamfélagsins, hjartað þaðan sem kraftar endurlífgandi trúar streyma án afláts, og það miðlæga setur sem margbreytileg starfsemi guðlega áformaðs stjórnskipulags snýst um“.

Þegar Shoghi Effendi tók við þeirri ábyrgð sem honum var falin í erfðaskrá ‘Abdu’l-Bahá árið 1921 samanstóðu bahá’í eignirnar í Haifa og Akka af grafhýsi Bahá’u’lláh í Bahj, húsi ‘Abbúds, Riðván garðinum og aðliggjandi gördum og loks húsi ‘Abdu’l-Bahá í Haifa. Grafhýsi Bahá’u’lláh var í húsi í eigu ættingja Bábsins sem voru erfingjar dóttur Bahá’u’lláh. Í þessu húsi höfðu jarðneskar leifar hans hvílt frá uppstigningu hans. Grafhýsi Bábsins á Karmel-fjalli var umkringt nokkrum lóðum sem keyptar voru á dögum ‘Abdu’l-Bahá og stóð austurlenska pílgrímahúsið á einni þeirra. Í húsi ‘Abbúds í Akka hafði Bahá’u’lláh búið í mörg ár og opinberaði þar *Kitáb-i-Aqdas*. Setur Bahá’u’lláh, sem var áfast grafhýsi hans, var í höndum erkióvinnar trúarinnar, sáttmálsbrjótsins Muḥammad ‘Alí. Afsalsbréf vegna næstum allra bahá’í eigna voru ýmist skráð á nöfn fjölskyldumeðlima eða fáeinna bahá’ía. Svo ótryggur var allur lagagrundvöllur trúarinnar og eigna hennar að það er kraftaverki líkast að Shoghi Effendi skuli á embættisferli sínum hafa tekist að vernda og bæta við þessa helgistaði, stækka landareignirnar umhverfis þá, skrá þær—en það gerði hann oft á tíðum á nafni ýmissa bahá’í þjóðarráða með lögskráð útibú í Palestínu—og loks að tryggja að þær væru undanþegnar skatti ríkis og sveitarfélaga. Höfum í huga að árið 1922 var staða hans svo

ótrygg að Muḥammad 'Alí leyfði sér að leggja hendur á lyklana að heilögu grafhýsi Bahá'u'lláh. Margir íslamskir og kristnir aðilar voru jafnframt fullir öfundar vegna þeirrar almennu hylli sem 'Abdu'l-Bahá naut í lok ævi sinnar og reiðubúnir að ófrægja ungan arftaka hans í augum yfirvalda. Þegar við þetta bætist að Shoghi Effendi þurfti strax að takast á við yfirþyrmandi vandamál af öllu hugsanlegu tagi, bæði innan og utan málstaðarins, getum við ekki annað en undrast og dáðst að þeirri stjórnvisku sem einkenndi allar athafnir hans við Heimsmiðstöðina.

Hetjuöld trúarinnar var um garð gengin. Tímaskeiðið sem Shoghi Effendi nefndi mótunaröld trúarinnar hófst þegar hann tók við embætti og mun um alla framtíð bera merki hans. Hann gerði sér fulla grein fyrir því að hann hafði hvorki sömu stöðu eða hæfni og ástkær Meistari hans og neitaði að líkja eftir honum á nokkurn hátt hvað varðaði klæðaburð, siði og venjur. Slík eftirlíking hefði að hans dómi sýnt fullkominn skort á dómgreind og virðingu. Tíminn sem fór í hönd átti að verða tímabil frelsunar trúarinnar, viðurkenningar á sjálfstæðri stöðu hennar, stofnunar stjórnskipulagsins og mótunar stofnananna. 'Abdu'l-Bahá hafði komið til landsins sem fangi og útlagi. Þótt hann gæti á ferðum sínum á Vesturlöndum og í bréfum lýst sjálfstæðum einkennum málstaðar Föður síns var honum ókleift heima fyrir að brjótast út úr púpu sameiginlegra hefða í heimalandinu Palestínu sem svo lengi höfðu tengt hann hinu ríkjandi samfélagi múslíma. Að gera hlutina á hrjúfan og særandi hátt var í engu samræmi við bahá'í kenningar. Shoghi Effendi var í aðstöðu til að snúa við blaðinu þegar hann sneri heim frá námi í Englandi. Hann var ungur, hafði hlotið vestræna menntun og var vestrænn í venjum sínum. Hversu elskaður og virtur sem 'Abdu'l-Bahá hafði verið var ekki litið á hann sem leiðtoga sjálfstæðra heimstrúarbragða heldur sem málsvara mikillar andlegrar heimspekistefnu sem hafði allsherjar bræðralag á stefnuskrá sinni. Hann var háttvirtur merkismaður meðal annarra merkismanna í Palestínu. Með persónuleika sínum einum saman hafði hann gnæft yfir þá sem voru honum samtíða. En Shoghi Effendi vissi að hann gæti aldrei fylgt í fótspor hans við þær aðstæður sem biðu hans þegar hann tók við embætti Verndarans — og hann hafði heldur ekki neina löngun til þess. Starf hans, einkum við Heimsmiðstöðina, fólst alltaf í að afla bahá'í málstaðnum viðurkenningar sem heimstrúarbragða sem höfðu sama tilkall til stöðu og réttinda og kristindómur og íslam.

Honum varð strax ljós að ef stofna ætti Heimsmiðstöð á réttum og viðeigandi forsendum á sama tíma og styrkur bahá'í trúarinnar erlendis færi vaxandi, yrði staða hans heima fyrir að byggja á allt öðrum grunni. Hann var ekki svæðis- eða þjóðarleiðtogi trúarinnar heldur heimsleiðtogi. Þótt Palestína væri heilög þessum þremur heims-trúarbrögðum var hún ekki á sama tíma andleg og stjórnarfarsleg miðstöð neins þeirra og þess vegna hafði enginn í landinu sömu stöðu og hann. En þar sem hann var leiðtogi sambærilegra trúarbragða og átti heima í andlegu og stjórnarfarslegu hjarta hennar átti hann tilkall til sömu virðingarstöðu og allir aðrir trúarleiðtogar í landinu. Þótt Shoghi Effendi hafi gert sér grein fyrir þessu frá upphafi embættisferils síns var hann nógu skarpskyggn til að skilja að hann hafði á þeim tíma enga möguleika til að opna augu annarra fyrir þessari staðreynd. Hann sýndi þessa visku í verki með því að fara ekki að starfa eins og Meistarinn og blanda ekki geði við fólk af handahófi við ýmis félagsleg tækifæri, opinber eða önnur. Hann vissi vel að hann gæti ekki vænst þess að njóta þess forgangs og virðingar sem staða hans verðskuldaði á meðal sjálfskipaðra spekinga í borginni. Ef honum yrði gert lægra undir höfði sem leiðtoga trúarinnar vegna æsku sinnar og hins valdamikla múslíma-samfélags myndi það skapa fordæmi og síðar meir yrði það nær ógjörningur fyrir hann að koma fram í sinni raunverulegu stöðu sem leiðtogi heimstrúarbragða. Það var fyrst og fremst af þessum ástæðum sem Shoghi Effendi forðaðist í þrjátíu og sex ár, með einni eða tveimur undantekningum, allar opinberar stjórnar- og héraðs athafnir og tók engan þátt í félagslífi. Hann krafðist þess stöðugt en hæversklega að honum, eða hverjum þeim sem hann sendi í sinn stað, væri veittur sá forgangur og virðing sem hann verðskuldaði. Við ævilok hafði hann í rauninni unnið þennan langa bardaga og þótt bahá'í fulltrúinn fengi ekki alltaf viðeigandi forgang sá Shoghi Effendi til þess að honum væri sýnd tilhlýðilegur sómi við opinberar athafnir. Við sjaldgæf tækifæri sótti hann sjálfur opinberar athafnir á vegum Ísraelsstjórnar og var þá sýnd fullur sómi sem leiðtoga heimstrúarbragða. Shoghi Effendi var stöðugt upptekinn af starfi sínu, stöðugar kreppur sóttu að honum allt hans líf og pílagrímar vildu að hann gæfi sér tíma fyrir þá. Þess vegna þótti honum enginn missir að almennu félagslífi utan trúarinnar. En þetta jók einangrun hans og svipti hann því vitsmunalega samneyti og örvun sem hann hefði getið fengið í félagsskap mikilsvirts og hæfileikaríks fólks.

Fyrstu tvo áratugin á embættisferli sínum var Shoghi Effendi þó í persónulegum samskiptum við ýmsa ríkis- og héraðsstjóra og þannig tókst honum að fá aftur lykllana að graphýsi Bahá'u'lláh og tryggja óskorað forræði sitt yfir því. Honum tókst að eignast setur Bahá'u'lláh og fá leyfi til að jarðsetja nánustu ættingja 'Abdu'l-Bahá nálægt graphýsi Bábsins mitt á Karmel-fjalli. Hann fékk ríkisstjórnina til að staðfesta bahá'í hjúskaparvottorð á sömu forsendum og samskonar vottorð gyðinga, kristinna manna og múslíma. En umfram allt tókst honum með þrautseigju sinni að koma breskum yfirvöldum í skilning um heilagt eðli bahá'í eigna í Palestínu og fá frá þeim undanþágu frá sköttum og skyldum ríkis og þejar.

Bahjí var ætíð efst í huga Shoghi Effendi og hann var ákveðinn í að vernda ekki aðeins graphýsi Bahá'u'lláh heldur einnig síðasta heimili hans og dvalarstað í þessum heimi og aðliggjandi landareignir. Frá því Bahá'u'lláh lést árið 1892 til ársins 1929 höfðu Muḥammad 'Alí og ættingjar hans dvalið á þessu heimili sem þeir höfðu sölsað undir sig. Setrið gekk undir nafninu „Qasr“, eða „höll“ ‘Údí Khammar. Það var einstæð bygging í Palestínu sakir tignarlegs byggingarstíls, hús sem hafði verið keypt fyrir Bahá'u'lláh undir lok ævi hans. Þetta setur var nú í ömurlegri niðurníðslu, flekkað, regnbarið, þakið var að hrynja og herbergin sem eitt sinn voru yndisfagrar vistarverur voru nú notaðar sem geymslur. Í nóvember 1927 skrifaði Shoghi Effendi til eins af vinum sínum: „Qasr er enn í höndum Muḥammad 'Alí og Majdí'd-din [frændi hans] hefur sent okkur beiðni um að gera við þakið sem getur hrunið hvenær sem er. Hann hefur fengið að vita svart á hvítu að við munum ekki fara í neinar viðgerðir nema og fyrr en þeir yfirgefa alla bygginguna.“ Loks virðist ástand setursins hafa orðið svo slæmt að sáttmálsbrjótarnir sáu sitt óvænna og neyddust til að verða við kröfum Shoghi Effendi. Þann 27. nóvember 1929, daginn fyrir áttundu ártíð 'Abdu'l-Bahá, sendi Shoghi Effendi ættingja eftirfarandi símskeyti: „... Qasr tæmd. Endurreisn hafin.“ Þann 5. desember skrifar hann til eins af vinunum: „... Setur Bahá'u'lláh, sem hefur verið í höndum Muḥammad 'Alí og fylgjenda hans í fjörutíu ár, hefur loks verið tæmt og meðfylgjandi ljósmynd sýnir í hverskonar ástandi þeir skildu við húsið! Endurbætur eru þegar hafnar og pílagrímarinn geta nú heimsótt herbergið þar sem Bahá'u'lláh lést og þar sem hann eyddi nokkrum af friðsælustu og hamingjusömustu árum ævi sinnar.“ Tveimur árum seinna var verkinu lokið. Shoghi Effendi lét endurnýja bygginguna,

hreinsa hana og endurbyggja í allri sinni upprunalegu fegurð. Hann lét einn af bahá'íunum sem hafði oft dvalið þar í æsku, hæfan og samviskusaman mann, hafa yfirumsjón með verkinu. Þakið, tréverkið, freskurnar á svölunum, fínlegu veggskreytingarnar í öllum herbergjum á efri hæðinni, sterklegu viðarbjálkarnir í loftinu – allt var endurgert í upprunalegri mynd. Þegar þessu var lokið lét Shoghi Effendi teppaleggja gólfin með dýrmætum teppum sem bahá'íar í Persíu höfðu sent, hengja fágætar skrautlýsingar hins fræga bahá'í skrautskrifara, Mishkin Qalam, á veggina, setja upp bókaskápa og fylla þá þýðingum á bahá'í bókmenntum á mörgum tungumálum, koma fyrir í ýmsum herbergjum aragrúa mynda og skjala sem höfðu sögulega þýðingu og bjóða síðan breska ríkisstjóranum að koma í skoðunarferð undir sinni leiðsögn. Þegar þeir höfðu gengið um húsakynnin og skoðað allt spurði Shoghi Effendi þennan háttsetta embættismann hvort hann væri ekki sammála því að staður eins og þessi, heilagur og upphafinn í augum bahá'ía um allan heim, gæti engan veginn talist einkabústaður heldur bæri að varðveita hann sem pílagrímsstað og sögusafn. Ríkisstjórinn sem vafalaust hefur dáðst jafn mikið að setrinu og þessum talsmanni og vitnisburði hans, var sammála þessu og setrið var áfram í höndum Shoghi Effendi. Í apríl 1932 var pílagrímum leyft að gista á þessum sögulega og helga stað og það stóð líka opið gestum sem ekki voru bahá'íar. Þeir gátu nú gengið um fagarar vistarverur hússins og virt fyrir sér áhrifaríkan vitnisburð um hnattrént eðli málstaðarins, fjölda ljósritaðra eintaka af löggildingu bahá'í ráða, hjúpskaparvottorð og annað sögulegt efni auk mynda af píslarvottum og brautryðjendum trúarinnar.

Ég minnst þess að þrátt fyrir þá staðreynd að setrið var nú í eigu Shoghi Effendi gramdist honum stöðugt til æviloka að sáttmálsbrjótur bjuggu enn í nærliggjandi húsi. Þegar Verndarinn minntist uppstigningar Bahá'u'lláh, gekk hann í fararbroddi bahá'ía til graphýsis Bahá'u'lláh eftir að hafa heimsótt herbergið í setrinu þar sem hann hafði látist. Hann neyddist þá til að ganga framhjá vistarverum þar sem sáttmálsbrjótarnir héldu sína eigin vöku og oft heyrðust frá þeim athugasemdir þegar hann fór framhjá. Það jók enn á sorg þessarar tregafullu næturstundar. Það var ekki fyrr en í júní 1957 að hann gat sent eftirfarandi símskeyti til bahá'í heimsins: „Með dýpstu gleði, fögnuði og þakklæti tilkynni ég merkan tímamótasigur sem vannst að morgni sextugustu og fimmtu ártíðar Bahá'u'lláh á auvirðilegum

hópi sáttmálsbrjóta sem í meira en sex áratugi hafa hreiðrað um sig í nágrenni við helgasta grafhýsi bahá'í heimsins“.

Í janúar 1923 skrifaði Shoghi Effendi elsta dóttursyni Bahá'u'lláh og fór fram á afdráttarlausu yfirlýsingu frá honum þess efnis að hvað sem liði lagalegum rétti þessara Afnan (ættingja Bahá'u'lláh) tilheyrði grafhýsið í Bahjí eðli málsins samkvæmt bahá'í trúnni. Allt frá þeim tíma og til æviloka barðist Shoghi Effendi fyrir því að fá lagalega staðfestingu á stöðu þessa helga staðar þrátt fyrir andstöðu þess lítilmótlega hóps ættingja sem barðist gegn allri viðleitni hans í meira en þrjátíu ár. Dularvegir forsjónarinnar höguðu því svo til að eftir sjálfstæðisstríð Ísraels þegar fjöldi araba flúðu ásamt mörgum óvinum trúarinnar tókst Shoghi Effendi að standa uppi sem sigurvegari eftir þessa löngu baráttu. Árið 1952 fengust langþráðar landareignir umhverfis grafhýsið og setur Bahá'u'lláh, alls rúmlega 145,000 fermetrar. Strax árið 1931 hafði Shoghi Effendi reynt að fá stjórnina til að framselja hluta þess jarðnæðis sem upprunalega hafði tilheyrtr setrinu en sem múslímskir vinir og stuðningsmenn Muḥammad 'Alí höfðu sölsað undir sig. Stjórnin neitaði að skerast í leikinn og verðið sem sett var upp var tífalt markaðsverð. Verndarinn varð að bíða í meira en tuttugu ár þangað til aðstæður sem stríðið skapaði færðu landið aftur í hendur sinna réttu eigenda. Auk þess hafði Verndarinn á síðustu æviárum sínum keypt bæði pílgrímshúsið og tehús Meistarans. Pílgrímshúsið hafði verið undir stjórn 'Abdu'l-Bahá frá uppstigningu Bahá'u'lláh en byggingin sem gekk undir nafninu tehús Meistarans var staður þar sem hann átti oft fundi með átrúendum, þar á meðal fyrstu vestrænu pílgrímumum. Árið 1952 lét ríkistjórn Ísraels vísa frá máli sem sáttmálsbrjótarnir höfðu gegn Verndaranum í tengslum við niðurrif á húsi í Bahjí. Þar með staðfesti stjórnin mótrök Shoghi Effendi þess efnis að málið væri trúarlegs eðlis. Þannig sigraði hann aftur í baráttunni við rótgróna óvini 'Abdu'l-Bahá sem höfðu aldrei sleppt hendinni af bækistöðvum sínum í grennd við heilagt grafhýsi Bahá'u'lláh sem þeir stóðu vörð um fullir öfundar og afbrýði. Loks gerðist það aftur 1957 með samvinnu við stjórnvöld í Ísrael að Shoghi Effendi gat tryggt eignarnámsheimild á þeim forsendum að návist „vesælla leifa“ sáttmálsbrjótanna, eins og hann orðaði það, við heilagan pílgrímsstað væri óviðeigandi. Þannig kom hann því að lokum til leiðar að Haram-i-Aqdas var hreinsað af þessari andlegu saurgun, sem hann nefndi svo. Eignarnámið táknaði að sáttmálsbrjótarnir voru

gerðir brottrækir frá Bahjí. Þessu mótmæltu þeir ákaft og skutu máli sínu til hæstaréttar Ísraels. Þeir töpuðu málinu og neyddust til að hafa sig á brott í eitt skipti fyrir öll.

Verndarinn hafði látið það skýrt í ljós að hann vildi sjálfur hafa yfirumsjón með niðurrifi húsanna sem voru næst grafhýsi Bahá'u'lláh en hann kom aldrei aftur til landsins helga. Þegar áætlun hans var framkvæmd og húsin rifin nokkur mánuðum eftir andlát hans kom í ljós að stóri formlegi garðurinn sem hann hafði gert fyrir framan þau var skipulagður af slíkri nákvæmni að hægt var að stækka hann—ég freistast til að segja rúlla honum áfram eins og teppi—af fullkominni nákvæmni yfir staðinn þar sem húsin höfðu staðið og að veggjum setursins.

Shoghi Effendi var ætíð með hugann við það sem hann taldi mesta trúnaðinn sem honum hafði verið sýndur sem Verndara—að uppfylla bókstaflega að svo miklu leyti sem í hans valdi stóð sérhverja ósk og fyrirmæli Meistarans elskaða. Annað mesta áhugamál hans við Heimsmiðstöðina var grafhýsi Bábsins. Tvær hliðar voru á starfinu sem tengdist þessu næsthelgasta grafhýsi bahá'í trúarinnar: að ljúka við sjálfa bygginguna og varðveita umhverfi hennar. Hin fyrri fól í sér viðbótarbyggingu þriggja vistarvera og hvolfþaks sem var heil bygging í sjálfu sér og án vafa ein fegursta bygging á ströndum Miðjarðarhafsins. Hin síðari fólst í því að kaupa smámsaman hið mikla landsvæði og varnarsvæði umhverfis grafhýsið frá tindi Karmel-fjalls að rótum þess. Þetta svæði sem er rösklega 50 ekrur sést best á næturnar þar sem það liggur í gríðarstóru óupplýstu „V“ í hjarta borgarinnar. Í miðju þess er gullið djásn, flóðlýst grafhýsi Bábsins sem hvílir tignarlega í faðmi fjallsins, umkringt flauelssvörtu rými garða og landareigna. Í þrjátíu og sex ár helgaði Shoghi Effendi sig þróun þessa heilaga svæðis á helguðu fjalli Guðs. Svo áhrifamikið, einstætt og umfangsmikið var starf hans þar að mér virðist sem eitthvað af innstu verund Verndarans hljóti að búa í steinum þess og jarðvegi.

Það tók Bahá'u'lláh, 'Abdu'l-Bahá og Shoghi Effendi meira en hundrað ár að leysa það heilaga trúnaðarverkefni sem jarðneskar leifar Bábsins fólu þeim að vinna. Þetta verkefni hófst daginn sem hann leið píslarvætti árið 1850 þangað til framkvæmdum við grafhýsi hans lauk að fullu 1953. Strax þegar Bahá'u'lláh frétti af lífláti Bábsins og þar til hann lést 1892 lét hann vaka yfir þessum heilögu leifum og stjórnaði flutningi þeirra frá einum leynistað til annars. Meðan á heimsókn hans

til Karmel-fjalls stóð hafði hann með eigin hendi bent ‘Abdu’l-Bahá á staðinn þar sem jarðneskar leifar Bábsins áttu að hvíla um alla framtíð. Hann bauð ‘Abdu’l-Bahá að kaupa þetta land, flytja leifarnar frá Persíu og jarðsetja þær þar. ‘Abdu’l-Bahá, sem sjálfur var fangi, tókst að láta flytja litlu trékistuna með líkamsleifum Bábsins og féлага hans sem leið pílslarvætti með honum landleiðina og með skipi frá Persíu til Akka. Þegar fyrsti hópur vestrænna pílgríma heimsótti fangelsisborgina veturinn 1898–9 var þessi dýrmæta kista þegar á heimili Meistarans og tilvist hennar vel varðveittur leyndardómur.

Dag nokkurn 1915 þegar ‘Abdu’l-Bahá stóð á tröppum heimilis síns og horfði upp til graphýsis Bábsins sagði hann við einn féлага sinn: „Hið dýrlega graphýsi hefur ekki verið byggt. Þörf er á tíu til tuttugu þúsund pundum. Með leyfi Guðs verður það mögulegt. Okkur hefur tekist koma byggingu þess á þetta stig.“ Við pílgrím nokkurn sagði hann: „Graphýsi Bábsins verður byggt í fegursta og tignarlegasta stíl.“ Hann gekk jafnvel svo langt að gefa Tyrkja í Haifa fyrirmæli um að gera teikningu af graphýsinu fullgerðu. En þrátt fyrir þá skýru hugmynd sem hann hafði um eðli graphýsisins sem hann þráði svo mjög að byggja fyrir fyrirrennara trúarinnar féll það verkefni að lokum í hlut Shoghi Effendi.

Árið 1928 lét hann hefja framkvæmdir í fjallshlíðinni fyrir aftan bygginguna til að skapa rými fyrir þrjú herbergi til viðbótar, rammgerð, hvelfd og lofthá. Þau voru nauðsynleg til að hægt væri að ljúka við jarðhæðina. Þann 14. febrúar 1929 sendir hann símskeyti til eins af ættingjum Bábsins: „Vinna við Maqám hafin“ („Maqám“ var persneska heitið á graphýsi Bábsins). Í desember sama ár upplýsir hann einn vinanna: „Bygging þriggja viðbótar herbergja sem liggja að graphýsinu á Karmel-fjalli er brátt lokið og áætlun Meistarans um níu herbergi á jarðhæð graphýsisins orðin að veruleika.“ Það vekur athygli að framkvæmdir við upprunalega byggingu ‘Abdu’l-Bahá, sem í sjálfu sér var meiriháttar aðgerð, auk kostnaðarsamrar og nákvæmrar endurnýjunar á setri Bahá’u’lláh, fóru fram sama árið og tóku um það bil sama tíma.

Í öllu sem Shoghi Effendi tók sér fyrir hendur hafði hann vilja Meistarans að leiðarljósi. Árið 1907 hafði ‘Abdu’l-Bahá aðeins tekist að ljúka við sex af þeim níu herbergjum sem áttu að mynda ferhyrning. Mitt í honum áttu líkamsleifar Bábsins að hvíla. Strax þetta sama ár voru fundir haldnir í þeim herbergjum sem sneru að hafinu. Árið 1909

hafði hann með eigin höndum lagt líkamsleifar Bábsins, píslarvotts og boðbera trúarinnar, til hinstu hvíldar þar. Næsta ár hélt hann í ferðir sínar til Vesturlanda, stríðið skall á og hann lést. Hann hafði þó látið í ljós hugmyndir sína um endanlega gerð byggingarinnar. Súlnagöng áttu að vera umhverfis upprunalegu vistarverurnar níu sem hann hafði skipulagt og hún átti að hafa hvolfþak. Hugsunin um þessa áætlun Meistarans vék aldrei úr huga Shoghi Effendi en það virtist óráðið hvernig hún skyldi framkvæmd. Hvar og hvenær myndi hann finna arkitekt til að hanna slíkt grafhýsi og fjármuni til að byggja það?

Svarið kom á mjög óvæntan hátt. Árið 1940 lést móðir mín í Buenos Aires og faðir minn stóð einn eftir en ég var einkabarn hans. Af óviðjafnanlegri gæsku sinni sagði Shoghi Effendi við mig dag einn að nú þegar móðir mín væri látin ætti faðir minn heima hjá okkur. Hann bauð honum að koma og þrátt fyrir styrjöldina sem breiddist hratt út komst hann til okkar. Árum saman hafði Shoghi Effendi fengið tilfallandi hjálp arkitekts eða verkfræðings í Haifa þegar hann vann að byggingarframkvæmdum. Til viðbótar við þau þrjú herbergi sem bættust við grafhýsi Bábsins, uppsetningu stórra og tígulegra minnisvarða á leiðum nánustu fjölskyldu 'Abdu'l-Bahá og endurnýjun setursins lét Shoghi Effendi gera fallegan inngang að legstað Hins helgasta laufs, lét rífa niður hús Dumit þegar honum tókst að kaupa það og notaði steina, dyr og gluggaumgjardir til að stækka austurlenska pílagramahúsið. Hann lét byggja brú yfir götu til að halda upp einum stallinum fyrir framan grafhýsið. Árið 1937 hafði faðir minn teiknað nokkur herbergi til viðbótar við herbergi Verndarans á efstu hæð heimilis 'Abdu'l-Bahá. Þegar slík tilvik eru undanskilin þar sem þörf var á aðstoð sérfróðra manna ákvað Shoghi Effendi sjálfur alltaf stærð og útlit stiga og minniháttar innganga sem hann lét gera í görðunum. Ég hafði sjálf enga reynslu í þessum efnum og minnst þess að þegar hann eitt sinn vildi byggja íburðarmeiri stiga með tveimur handriðum sem lá að grafhýsi Bábsins við enda nýs göngustígs sátum við tímunum saman og reiknuðum út hlutföllin. Loks bjó ég til pappírslíkan í réttum hlutföllum sem hann virti fyrir sér með töluverðri tortryggni! Endanlega gerðin var þó ekki aðeins áhugaverð heldur einnig fullnægjandi. Kjarni málsins er sá að Verndarinn var ekki fagmaður og vildi ekki eyða peningum að nauðsynjalausu til að greiða arkitekti fyrir svo smávægilega hluti sem sköpuðu honum vandamál og voru hrein tímasóun. Dag einn þegar hann kom heim frá

görðunum við grafhýsið spurði hann mig hvernig ég héldi að ákveðinn hönnunarstíll á tröppum myndi taka sig út. Ég sagði honum að einn af bestu arkitektunum í Kanada byggi hinumegin við götuna í vestræna pílagrímahúsinu og spurði hversvegna hann bæði ekki föður minn að vinna þetta verkefni. Ég man að hann leit á mig undrandi og spurði hvort hann gæti það. Ég fullvissaði hann um að þetta væri barnaleikur fyrir pabba og að hann gæti gert það án tafar. Shoghi Effendi skorti ekki trú á honum sem arkitekti, hann hafði áður sent honum myndir af járnhliði til Montreal sem hann hafði pantað fyrir neðsta stall grafhýsisins og bað hann að hanna hliðið í endanlegri mynd. Shoghi Effendi féll hönnun föður míns mjög vel í geð en hann komst ekki að samkomulagi við borgina um samspil stallsins og landareigna borgarinnar þannig að áætlunin var aldrei framkvæmd. Eftir að hafa fengist við slík vandamál einn síns liðs árum saman datt honum einfaldlega aldrei í hug að núna hefði hann aðgang að manni sem gæti gert þetta fyrir hann. Þetta var upphafið að dásamlegum félagsskap. Ég hef aldrei þekkt tvo einstaklinga með svo fullkomna tilfinningu fyrir hlutföllum og Shoghi Effendi og föður minn, en af þeim tveimur var tilfinning Verndarans næmari.

Þegar ég horfi um öxl yfir ævi Shoghi Effendi og undanskil hraða framþróun trúarinnar sem hafði svo mikla þýðingu fyrir hann með sigrum sínum virðist mér að Martha Root og Sutherland Maxwell hafi, hvort með sínum hætti, fært honum meiri persónulega gleði en nokkrir aðrir átrúendur. Þau voru að vissu leyti mjög lík, göfugar og hæverskar sálir sem dáðu Shoghi Effendi og gáfu honum með gleði það besta sem þau bjuggu yfir í þjónustu sinni og hollustu. Þótt þjónusta Mörtu væri miklu mikilvægari fyrir málstaðinn urðu hæfileikar Sutherlands farvegur fyrir Shoghi Effendi sem loks gat tjáð auðveldlega þá listrænu og skapandi hæfileika sem hann bjó yfir í svo ríkum mæli og sem veittu honum bæði fullnægju og hamingju. Allt til loka ævinnar hannaði faðir minn fyrir hann tröppur, vegg, ljós og ýmiskonar aðgengi í görðunum á Karmel-fjalli. Auk þess sem hann hafði drjúga reynslu sem arkitekt teiknaði hann og málaði ágætlega, gat smíðað líkön og skorið út hvað sem var í höndunum. Ég man að eitt kvöldið eftir að Shoghi Effendi hafði beðið hann að teikna fyrir sig aðalinnganginn að landareign grafhýsisins með járnvinnunni fyrir fyrrnefndan ófullgerðan síðasta stallinn færði ég honum teikningu af þessum inngangi. Hann sat uppi í rúminu þegar ég rétti honum þessu litlu lituðu teikningu. Hann starði

á hana þegjandi og sagði síðan: „Þetta er ekki sanngjarnt!“ Mér brá nokkuð við þetta og spurði hvað hann ætti við. „Enginn getur hafnað neinu sem er svona fallegt!“ Hann byggði ekki aðeins innganginn heldur lét innramma teikninguna og hengdi hana á vegginn hjá rúminu sínu.

Þegar Shoghi Effendi hafði reynt föður minn með ýmsum smáum verkefnum og fundist hann vel hæfur til verksins held ég að það hafi verið í lok árs 1942 sem hann kvaðst vilja að faðir minn hannaði yfirbygginguna á grafhýsi Bábsins. Byggingameistarinn mikli hafði loks fundið sér farveg til að gera áætlun ‘Abdu’l-Bahá að veruleika.

Þegar ég lít um öxl á mánuðina sem fóru í hönd undrast ég að Shoghi Effendi sem var önnum kafinn við ritun *God Passes By*—og í mikilli tímaþröng að ljúka þeirri bók fyrir væntanlegt hundrað ára afmæli trúarinnar—skuli hafa tekist að veita þessu verkefni sem einnig var stórt í sniðum nokkra athygli. Í upphafi gaf Shoghi Effendi Sutherland (föður mínum) fáeinar vísbendingar um hvers væri krafist. Hann sagði að grafhýsið yrði að hafa hvolfþak og súlnagöng, mætti hvorki vera austrænt né vestrænt í útliti og hvorki líta út eins og kirkja eða moska. Síðan leyfði hann honum að móta sínar eigin hugmyndir. Fyrsta teikningin sem hann gerði sýnir byggingu með súlnagöngum og efri hluta hliðarveggs sem bar uppi píramíðalagað hvolfþak sem Shoghi Effendi féll ekki í geð. Hann ræddi um hvolfþakið við mig og sagði að hann vildi að hún líktist hvolfþakinu á sankti Péturskirkju í Róm sem hann taldi hið fegursta í heimi. Hafi Guð útvegað Shoghi Effendi arkitekt hafði hann einnig í takmarkalausri náð sinni veitt þeim sama arkitekt ómælda andlega blessun og tækifæri til að tjá þroskaða hæfileika sína með verðugum hætti í verkefni sem krafðist snilligáfu. Shoghi Effendi þótti næsta teikning föður míns of evrópsk í áherslum sínum—var þó sáttur við hlutföllin—og bað föður minn að breyta henni. Þetta gladdi föður minn og hann sneri aftur til hvolfþaksins sem hann hafði teiknað þegar hann tók þátt í hönnunarsamkeppni um ameríska bahá’í musteríð en þar sýndi hönnun hans greinileg áhrif indíánalistar í vissum atriðum. Verndarinn var mjög ánægður með þessa teikningu fyrir utan efri hluta áthyrndu hliðarveggjanna sem hann taldi að þyrfti að hækka lítið eitt. Viku eftir viku sýndi Sutherland honum hverja teikninguna á fætur annarri uns hann samþykkti teikninguna með hinum mjög svo frumlegu mínarettum þann 25. desember 1943. Tillögur Shoghi Effendi höfðu einnig áhrif

á fjögur horn súlnaganganna sem hann taldi að þyrftu að vera meira afgerandi og þeim var breytt í samræmi við það. Þótt Shoghi Effendi væri mjög ánægður með teikninguna í lokaútgáfu sinni í litaðri upphleypingu föður míns vildi hann sjá líkan í réttum hlutföllum áður en hann tæki lokaákvörðun um svo þýðingarmikla framkvæmd því þá gæti hann betur séð fyrir sér bygginguna eins og hún myndi líta út fullgerð. Ef hann samþykkti líkanið ætlaði hans að afhjúpa það opinberlega í tilefni þess að hundrað ár væru liðin frá yfirlýsingu Bábsins á afmælishátíðinni sem átti að halda í Haifa.

Í þá daga var gríðarlega erfitt að finna einhvern sem gæti gert slíkt líkan og þótt einhver tæki að sér verkið að nafninu til lenti meginþungi þess í raun á föður mínum sem var í mikilli tímaþröng. Í maí var líkanið afhent. Eftir að hafa skoðað það vandlega tók Shoghi Effendi ákvörðun og þann 22. maí var fjölmiðlum tilkynnt að teikningin af fullgerðu grafhýsi Bábsins hefði verið valin og það yrði byggt eins fljótt og kringumstæður leyfðu. Á síðdegisfundi þann 23. maí í austurlenska pílagrímahúsinu þar sem bahá'í karlmenn höfðu safnast saman í návist Verndarans—þar á meðal margir gestir frá nágrannalöndum—lét Shoghi Effendi koma með líkanið og setti það á borðið þar sem allir gátu virt það fyrir sér. Tveimur dögum síðar sendi hann símskeyti til Ameríku: "...Tilkynnið vinunum þau fagnaðartíðindi að þegar hundrað ár eru liðin frá yfirlýsingu Bábsins hafi sú sögulega ákvörðun verið tekin að ljúka við byggingu grafhýsis hans sem 'Abdu'l-Bahá reisti á staðnum sem Bahá'u'lláh valdi. Nýlega hannað líkan af hvolfþakinu var afhjúpað að samankomnum átrúendum nærstöddum. Bið þess að hindrunum verði fljótt rutt úr vegi fyrir fullnun þeirrar stórkostlegu áætlunar sem Höfundur trúarinnar gerði og í samræmi við óskir Miðju sáttmálans."

Þegar þessi tilkynning kom var skelfilegustu styrjöld í sögu heimsins að ljúka. Bahá'íar í Vesturálfu höfðu gert sitt ýtrasta til að ná markmiðum fyrstu sjö ára áætlunarinnar og átrúendunum var þröngur stakkur sniðinn vegna almennrar efnahagskreppu sem ríkti í flestum löndum. Það var án efa af þessum ástæðum að Verndarinn gerði enga tilraun til að stofna sjóð fyrir grafhýsið og því varð þetta verkefni tiltölulega hávaðalaust að veruleika. Ekkert meira heyrðist um það fyrr en 11. apríl 1946 þegar Shoghi Effendi mæltist til þess við föður minn að gera áætlun um byggingu fyrstu einingar grafhýsisins. Síðar skrifaði hann borgaryfirvöldum:

Haifa 7. des. 1947.

Haifa svæðis-, byggingar- og skipulagsnefnd.

Til formannsins

Kæri herra:

Um leið og ég sendi yður meðfylgjandi teikningar og umsókn um byggingarleyfi vil ég bæta við nokkrum orðum til skýringar.

Grafhýsi Bábsins og 'Abdu'l-Bahá, sem íbúar Haifa þekkja svo vel sem 'Abbas Effendi, stendur nú þegar á Karmel-fjalli í ófullgerðri mynd. Þrátt fyrir hina miklu garða sem eru umhverfis það er það í núverandi mynd hversdagsleg bygging sem hið ytra líkist virki.

Það er áform mitt að hefja nú lokaframkvæmdir við þessa byggingu með því að varðveita þessa upprunalegu byggingu og prýða hana um leið með mikilfenglegri og fagurri yfirbyggingu og bæta þannig almenna ásýnd hlíða Karmelfjalls.

Tilgangurinn með þessari byggingu þegar hún verður fullgerð er hinn sami og fyrr. Hún verður með öðrum orðum eingöngu notuð sem grafhýsi fyrir jarðneskar leifar Bábsins.

Eins og þið sjáið af meðfylgjandi teikningum mun jarðhæð byggingarinnar fullgerðrar samanstanda af bogagöngum prýddum tuttugu og fjórum marmarasúlum eða öðrum steinsúlum en ofan á þeim hvílir skreytt brjóstvörn. Það er þessi hluti byggingarinnar sem við óskum leyfis að hefja vinnu við strax en síðar munu framkvæmdir hefjast við millihlutann og hvolfþakið sem mun rísa yfir allri byggingunni þegar henni er lokið, fyrr en síðar ef mögulegt er, eftir að framkvæmdum við bogagöngin á jarðhæð lýkur.

Arkitekt þessarar rismiklu byggingar er hinn vel þekkti kanadíski arkitekt hr. W.S. Maxwell, F.R.I.B.A., F.R.A.I.C., R.C.A. Fyrirtæki hans byggði Chateau Frontenac hótelið í Quebec, þinghúsið í Regina, listasafnið, Messíasarkirkjuna, ýmsar bankabyggingar o.fl. í Montreal. Ég tel að fegurð þessarar hönnunar hans vegna lokaframkvæmdanna á grafhýsi Bábsins muni verða mjög til að bæta ásýnd borgar okkar og laða að sér gesti.

Yðar einlægur,
Shoghi Rabbani

Ég hef vitnað til þessa bréfs í heild því það sýnir hve snjall, háttvís og skýrmæltur Shoghi Effendi var í samskiptum sínum við yfirvöld. Bréfið tryggði honum nauðsynlegt leyfi til að byggja. Þann 15. desember sendi Shoghi Effendi símskeyti til Ameríku: „Það gleður mig að tilkynna að áætlunum og tæknilýsingum fyrir byggingu bogaganganna umhverfis grafhýsi Bábsins er lokið. Þetta er fyrsta skrefið í ferli sem

ná mun hámarki með byggingu hvolfþaksins sem 'Abdu'l-Bahá sá fyrir og fullkomnar verkefnið sem hann hóf fyrir fimmtíu árum samkvæmt fyrir mælum sem hann fékk frá Bahá'u'lláh.“

Fyrstu sögulegu skrefin höfðu verið stigin en hindranir í vegi þessarar áætlunar virtust óyffirstíganlegar. Landstjórn Breta var að ljúka; Palestína lokaði í borgaralegum deilum og brátt hófust þar svæðisbundin átök. Eftirgrennslan leiddi í ljós að námurnar á svæði þar sem hægt var að nálgast gott efni fyrir graphýsið voru svo nálægt líbönsku landamærunum að eigendur þeirra gátu enga hugmynd gefið um afhendingartíma. Auk þess hefði gríðarlegt magn af tilsnidnu efni fyrir bygginguna krafist heils hers af sérhæfðu starfsfólki og slíkt vinnuafli var nánast ófánlegt í landinu. Með hliðsjón af þessu tók Shoghi Effendi aðra ákvörðun sem var dæmigerð fyrir djarfan og praktískan huga hans: hann ætlaði að kanna hvort ekki væri hægt að vinna hluta verksins á Ítalíu.

Það er ógjörningur að lýsa í smáatriðum byggingarsögu graphýsisins sem er svo heillandi á allan hátt. Bréf, dagsett 6. apríl 1948, sem ég skrifaði fyrir hönd Verndarans til dr. Ugo Giachery, lýsir ástandinu á þeim tíma glögg: „... Vegna ýmissa erfiðleika... hefur hr. Maxwell ekki getað gert neina samninga hér í Palestínu um verkið sem á að vinna. Hann hefur hinsvegar verið í sambandi við ítalskt fyrirtæki í Carrara varðandi samninga um granítsúlurnar sem eiga að umlykja jarðhæð byggingarinnar. Hann er nú á leið til Ítalíu, fyrst og fremst þeirra erinda að gera samninga um þessar súlur. Ef viðeigandi steinsúlur fást sem jafnast á við palestínska steininn sem er notaður hérna, á hann líka að gera viðbótarsamninga vegna súlnahöfðanna og ákveðins hluta af skreytingunum... Benjamin Weeden... mun fara með Maxwell bæði til að aðstoða hann persónulega og hjálpa til við að flýta þessu verki... Þar sem aðstæður hér í þessu landi eru gríðarlega slæmar og nánasta framtíð afar óviss vill Verndarinn að samningarnir verði gerðir á Ítalíu eins fljótt og unnt er þannig að Maxwell og Weeden komist hingað aftur áður en eitthvað kemur fyrir sem gæti tafið för þeirra. Hann myndi meta það mikils ef þú tækir þér eins mikinn tíma og þú hefur tök á til að aðstoða þá, þýða fyrir þá og sjá til þess að þeir komist í samband við traust ítölsk fyrirtæki og þeim sé sýnd sanngirni... Því miður er nánast ekkert samband við Jerúsalem... og því gat Weeden ekki haft samband við ítalska konsúlatið þar og fengið vegabréfsáritun. Ef þeir geta ekki fengið vegabréfsáritun í Róm þegar flugvélin hans

kemur verður hann að fara með sömu flugvél til Genfar...og snúa aftur til að vera hjá Maxwell...Maxwell er 74 ára gamall, en þó við ágæta heilsu og við vonum að þú munir annast hann vel...Staða mála hér er svo slæm að það er afar brýnt að þeir geti lokið þessum viðskiptum og snúið aftur til Palestínu...“

Þann 15. sama mánaðar skrifaði ég fyrir hönd Verndarans til Horace Holley, ritara ameríska þjóðarráðsins. Ég skýrði honum frá þessari ferð í smáatriðum og sagði að þar sem sjóðir Verndarans í Palestínu væru lokaðir vegna strangra gjaldeyrstakmarkana „vildi hann fara þess á leit við vinina sem eru til þess fjárhagslega í stakk búnir að taka lán til að ganga frá þessum samningum... hann vill sjálfur gangast í ábyrgð fyrir þessu láni og endurgreiða það við fyrsta tækifæri. Honum er mikið í mun að enginn misskilningur eigi sér stað varðandi þetta mál. Hann fjármagnar verkið úr alþjóðlegum sjóðum trúarinnar og mun aðeins samþykkja ráðstafanir sem gera honum kleift að endurgreiða þetta tímabundna lán... Þar sem staða okkar hér er svo óviss að við getum hvenær sem er átt á hættu að geta hvorki sent póst né símskeyti í einhvern tíma vill hann koma þessum upplýsingum til ykkar með hraði... ef hægt er að gera viðeigandi ráðstafanir og samningar verða undirritaðir verður Giachery fulltrúi okkar í þessum málum. Hann tekur á móti fjárhæðum sem þið sendið frá Bandaríkjunum, hefur auga með verkinu á Ítalíu og ber þar almenna ábyrgð ef sambandið okkar á milli skyldi rofna... Hann hefur hvatt Maxwell og Weeden að snúa aftur til Palestínu innan þriggja vikna ef mögulegt er því að hann óttast að við gætum algjörlega misst sambandið við þá... Það er dásamlegt til þess að hugsa að vinnan við grafhýsið sé svo langt komin að byggingarframkvæmdir geti hugsanlega hafist innan skamms. Hindranirnar sem ryðja þarf úr vegi eru mjög miklar en hann er þess fullviss að við munum sigrast á þeim.“

Í þessu fátíðri var annað skref stigið í ótrúlega erfiðri sögu um jarðneskar leifar Bábsins og byggingu grafhýsis hans. Það vakti mér ekki neina öryggistilfinningu þann 16. apríl að sjá föður minn og Weeden aka á brott í brynvörðum leigubíl með nokkurra sentimetra glufu fyrir bílstjóran að horfa út um. Við höfðum enga hugmynd um hvað biði þeirra uns þeir sendu símskeyti frá Ítalíu. Þegar þeir voru komnir hálf leiðina á flugvöllinn voru þeir neyddir til að fara út úr leigubílnum og ganga nokkur hundruð metra með þungar ferðatöskur sínar að öðrum leigubíl. Þetta erfiði var fullkominn óþarfi en dæmigert

fyrir það sem fólkið í landinu varð að ganga í gegnum á þessum tímum. Flugvélin þeirra var ein af þeim síðustu frá flugvellingum í Lydda áður en hann var tekinn herskildi og öll flugumferð stöðvuð um tíma. Meðan þeir voru að heiman var sjálfstæðisstríð Ísraels háð og landsins biðu róstudímar eftir að vopnahlé var gert.

Árið 1948 hóf Shoghi Effendi sjálfur—í annað sinn á tuttugu árum—framkvæmdir fyrir aftan grafhýsið með það fyrir augum að stækka svæðið nógu mikið til þess að hægt væri að byggja þar bogagöng. Þetta var mikil og erfið vinna þar sem fjarlægja þurfi mörg hundruð rúmmetra af grjóti. Snilligáfa Verndarans kom greinilega í ljós meðan á verkinu stóð: hann lét kaupa notaða járnabrautarteina og vagn, setti hann á braut samhliða grafhýsinu og fyrir framan það. Grjótið var sent niður í trérennum, flutt á austasta svæði stallsins, sturtað þar niður og notað í uppfyllingu fyrir sjálfan stallinn. Hann stjórnaði þessu verki frá morgni til kvölds, oft í meira en átta klukkutíma á dag mánuð eftir mánuð. Það var vissulega ekki í hans verkahring að standa í slíkum stórræðum en hann var staðráðinn í að þetta gengi fljótt fyrir sig og á sem hagkvæmastan hátt. Enginn annar hafði viljakraft hans og úthald og gat komið í hans stað. Það var á þennan hátt sem Shoghi Effendi gerði helgistaðina við Heimsmiðstöðina að því sem þeir eru í dag með óþreytandi einbeitni sinni og óbilandi þrautseigju.

Ég hef skrifað eftirfarandi í dagbók mína þriðjudaginn 24. febrúar 1949: „Á sunnudaginn byrjar M. [verktakinn] á suðaustur- og vesturhornum grunnsins. Viku síðar á að leggja tröppurnar—og þá er verkið loks að hefjast fyrir alvöru.“ Langir mánuðir strits og erfiðis Verndarans voru á enda; nú gat byggingin risið! Án miskunnar reisti Shoghi Effendi grafhýsið sem hann sagði vera „hámark ómótstæðilegs áforms Bahá'u'lláh um varanlegan og víðeigandi minnisvarða um guðdómlegan Fyrirrennara hans og samstofnanda trúarinnar.“ Hann lét sér ekki nægja að byggja hann heldur færði framkvæmdirnar í dramatískan búning svo að þær urðu lifandi reynsla fyrir alla bahá'ía, verkefni sem tengdi saman hjörtu þeirra og Verndarans. Hann gerði hversdagslegt verkefni á borð við byggingarframkvæmdir heillandi. Þegar hann tilkynnti um að nýr marmarafarmur væri kominn frá Ítalíu, sagði frá byggingu nýrrar einingar, upplýsti okkur um að yfirborð hvolfþaksins væri tvö hundruð og fimmtíu fermetrar eða lýsti fegurð einhverra verkþátta fylltu töfrar og brennandi áhugi orðanna okkur fögnuði, reistu okkur upp og við fengum á tilfinninguna að

vera þátttakendur í verki sem væri óendanlega mikilvægt og heillandi. Það sem að öðru jöfnu hefðu talist hversdagslegar staðreyndir í hversdagslegri veröld sem fluttar voru hversdagslegu fólki kveikti þess í stað ímyndunaraflið og færðu okkur enn nær trúnni. Ekki að furða þótt átrúendurnir sem voru uppteknir af málefnum sínum heima fyrir á eftirstriðstímum fylktu sér um hann og hjálpuðu honum að ljúka á fimm árum verkefni sem kostaði 750 þúsund dali og var svo sannarlega „hnattræn framkvæmd.“

Upphaflega íhugaði Shoghi Effendi möguleika á að reisa aðeins bogagöng grafhýsisins og bíða með yfirbygginguna þar til seinna. En óvenjuleg viðbrögð bahá'ía um allan heim sem fylktu sér um þessa helgu byggingu, verri staða alþjóðamála, efnahagsstefna sem leiddi til aukins kostnaðar og sú staðreynd að sömu fljótvirku og hæfu starfsmennirnir sem höfðu unnið svo frábærlega vel að bogagöngunum voru enn hjá fyrirtækinu sem samið var við um steinsmíðina á Ítalíu - allt þetta varð til þess að hann ákvað að halda verkinu áfram ótruflað.

Verk af þessu tagi sem tók allan þennan tíma hafði í för með sér mikið hugarangur og erfiðleika. Samningar við yfirverkfræðing og verktaka—þar sem ég var alltaf fulltrúi Verndarans—voru oft mjög erfiðir því að enginn gat villt um fyrir eða blekkst Shoghi Effendi. Væri tilboð of hátt neitaði hann afdráttarlaust að taka því og sagði jafnvel eitt sinn að hann myndi stöðva framkvæmdir við grafhýsið um óákveðinn tíma því hann ætlaði sér ekki að greiða óhóflegt verð. Hann barðist í gegnum allar hindranir og oft fann ég mér til mikillar undrunar að ég var sverðið hans! Ekki aðeins var öll steinsmíðin innflutt frá Ítalíu heldur varð einnig um tíma að fá þaðan sement og stál vegna mikils skort á því innanlands. Þetta olli einnig endalausum flækjum og áhyggjum.

Auk vandamála af þessum toga var annað sem lengi tók huga hans allan og fékk hann jafnvel til að fresta smíði á yfirbyggingu grafhýsisins, því hafa verður í huga að bogagöngin ná aðeins í kringum upphaflegu bygginguna en eru ekki reist á henni. Til að byggja það sem eftir var af grafhýsinu varð að sökkva átta steinsteyptum stólpum gegnum átta innveggi uns þeir náðu niður í berggrunninn. Þetta olli Verndaranum miklu áhyggjum því nákvæmar mælieiningar vistarverunnar þar sem 'Abdu'l-Bahá var jarðsettur voru ekki þekktar og mikil hætta var á að þegar farið væri niður einn vegginn gæti hann rofnað. Ég lærði meira en nokkru sinni síðar á ævinni sanna merkingu

orðanna lotning, virðing og heilagleiki þegar ég sá viðhorf Verndarans til þessa vandamáls. Shoghi Effendi sagði að ef við myndum rjúfa hvelfinguna yrði að fjarlægja jarðneskar leifar Meistarans. Mér virtist það einfalt mál—hann yrði þá fluttur tímabundið eitthvað annað. Þá var dásamlegt að hlusta á Shoghi Effendi! Ég vildi að ég gæti munað orðrétt það sem hann sagði! Hann sagði að aldrei mætti umgangast jarðneskar leifar Meistarans með svo lítilli viðhöfn. Það yrði að flytja þær með viðeigandi hætti að undangenginni hátíðlegri athöfn, og koma þeim fyrir með viðeigandi hætti á öðrum stað. Síðan ætti að jarðsetja þær aftur með sömu lotningu. Shoghi Effendi spurði hvar hann gæti fundið fólk til að vera viðstatt svo hátíðlegar helgiathafnir með hálfvolgu svæðissamfélagi sem samanstóð mestmegnis af þjónum og allar leiðir til nágrannalandanna lokaðar? Og það sem mestu máli skipti hvar gæti hann fundið viðeigandi stað fyrir heilagar jarðneskar leifar 'Abdu'l-Bahá þar sem þær gætu hvílt tímabundið meðan lokið væri við framkvæmdir á grafhýsi hans? Sjálf rödd hans var full lotningar. Skilningur minn á trúarbrögðum jókst mjög við þennan atburð. Loks eftir að faðir minn og verkfræðingurinn höfðu rannsakað gólf og veggj mörögum sinnum og gamlir bahá'íar sem voru viðstaddir útför Meistarans höfðu sagt hvar hvelfingin var virtist mjög ólíklegt að stólparnir sem voru eins nálægt ytri veggjum og unnt var myndu rjúfa sjálft grafhýsið. Verkið gat því haldið áfram.

Í mars 1952 lést Sutherland Maxwell eftir tveggja ára veikindi. Þótt fráfall hans setti ekki strik í reikninginn hvað varðaði lokahönnun á grafhýsinu kom það í veg fyrir að gagn yrði að teikningum af hvolfþakshlutanum sem hann hafði teiknað í stórum skala og svipti hann þannig þeim votti sérstakrar fullkomnunar sem hans eigin nákvæma tilfinning hafði alltaf krafist. Í viðurkenningarskyni fyrir þá þjónustu sem bæði hann og dr. Giachery höfðu veitt við bygginguna á grafhýsi Bábsins nefndi Shoghi Effendi tvær dyr sem enn voru nafnlausar á upprunalegri byggingu 'Abdu'l-Bahá eftir þeim og síðar dyrnar að áthyrningnum eftir Leroy Ioas, sem hafði yfirumsjón með byggingu hvolfþaksins.

Þegar grafhýsinu sem Shoghi Effendi hafði reist með svo mikilli ást og umhyggju var lokið skynjaði hann í því eðlislægan kvenlegan eiginleika fegurðar og hreinleika og kallaði það „drottningu Karmel-fjalls“. Hann lýsti því hvernig hún sat „í hásæti á heilögu fjalli Guðs, krýnd glóandi gulli, klædd tindrandi hvítu með smaragðsgrænt belti

um sig miðja, sjón sem heillar hvert auga, hvort sem er úr lofti, frá hafi, sléttu eða hæð.“ Af þeim mikla fjölda málsgreina þar sem Shoghi Effendi vegsamar og útskýrir djúpa andlega þýðingu þessa staðar er engin jafn áhrifamikil og kröftug og sú þar sem hann sér jarðneskar leifar þessa Píslarvotts og Boðbera trúarinnar sem miðju andlegrar hringiðu. Bahá'u'lláh sjálfur lýsir Bábinum sem „þeim miðpunkti sem veruleiki spámannanna og sendiboðanna snýst um“ í ríki andans. Shoghi Effendi segir að í heilögum jarðneskum leifum hans á jörðinni sé hjarta og miðja níu sammiðja hringa. Ystur þessara hringa er sjálfur hnötturinn, honum næstur er landið helga, sem 'Abdu'l-Bahá lýsti sem „athvarfi spámannanna“. Innan þessa athvarfs er fjall Guðs, víngarður Drottins, athvarf Elía spámanns en Bábin var sjálfur endurkoma hans. Á þessu fjalli eru hin helgu svæði, alþjóðlegar landareignir trúarinnar; þar eru garðar þeirra og stallar sem mynda hinn helgasta forgarð; innan þessa forgarðs stendur í allri sinni undursamlegu fegurð grafhýsi Bábsins, skelin sem geymir hin dýrmætu perlu, hið allra helgasta, upprunalega grafhýsið sem Meistarinn sjálfur byggði. Í þessu allra helgasta er hvelving eða tjaldbúð, miðlæg vistarvera grafhýsisins; innan þessarar hvelvingar er mjólkursteinskistan, hið ginnhelga skrín sem Shoghi Effendi segir að „geymi hinn ómetanlega gimstein, heilagar jarðneskar leifar Bábsins.“

Shoghi Effendi sagði að grafhýsið væri „stofnun“ og ekki væri hægt að leggja of mikla áherslu á það hlutverk sem þessi stofnun ætti eftir að gegna í „þróun stjórnarfarslegrar Heimsmiðstöðvar Bahá'u'lláh og í blómgun æðstu stofnana hennar sem eru fóstur framtíðar heimsskipulags hennar.“ Þegar yfirbyggingin reis í allri sinni tign opinberaði Shoghi Effendi okkur stöðugt ríkari sannindi um þýðingu grafhýsisins. Hann skrifaði að það væri ekki aðeins fyrsta og helgasta bygging sem reist væri við Heimsmiðstöð trúarinnar heldur „fyrsta alþjóðlega stofnunin sem boðar grundvöllun æðstu löggjafarstofnunar Heimsmiðstöðvarinnar . . .“

Jarðneskar leifar Bahá'u'lláh, „tilbeiðslumiðja“ eða „Qiblih –bænarátt“ hinna trúföstu voru of helgar í eðli sínu, staða hans of upphafin, til þess að þær væru sá andlegi aflvaki sem knúði stofnanir heimsskipulags hans. Bábin hafði hinsvegar lýst sinni eigin stöðu í samanburði við Bahá'u'lláh sem „hring á hendi Hans sem Guð mun birta“, sem „snýr honum eins og honum þóknast fyrir hvaðeina sem honum þóknast og með atbeina hvers sem honum þóknast.“ Bahá'u'lláh

hafði sjálfur valið hann og gert hann að miðdepli stjórnarfarslegra stofnana sinna, staðnum þar sem þær áttu að starfa í skugga hans. Þetta gerði Bahá'u'lláh með því að velja staðinn á Karmel-fjalli þar sem jarðneskar leifar Bábsins áttu að hvíla og gefa 'Abdu'l-Bahá fyrirmæli um að kaupa þann stað, flytja leifarnar frá Persíu og jarðsetja þær þar. Við verðum að muna að löngu áður en Bahá'u'lláh kunngerði stöðu sína var það Bábin sem hóf upp kallið um „nýtt skipulag“. Hvað væri þá réttara og þýðingarmeira en að ákvarða jarðneskum leifum hans það áform? Shoghi Effendi gerði þennan greinarmun skýran þegar hann vísaði til hins tvíþætta eðlis svo margra bygginga við Heimsmiðstöðina, tvíburagrafhýsanna, tvíburastofnana trúarinnar, stjórnarfarslegra og andlegra.

Lítill vafi getur leikið á því að þegar Shoghi Effendi las erfðaskrá 'Abdu'l-Bahá beindist hugur hans strax að skjótri uppbyggingu æðstu stjórnstofnunar bahá'í trúarinnar, Allsherjarhúss réttvísinnar. Eitt af fyrstu verkum hans 1922 var að kalla til Haifa gamla átrúendur sem gegndu lykilhlutverki og ræða þetta mál við þá. Hann minntist ítrekað á þetta – reyndar vísar hann til þess í fyrsta bréfi sínu til Persíu, dagsettu 16. janúar 1922, og segir að hann muni síðar tilkynna vinunum undirbúningsráðstafanir fyrir kosningu Allsherjarhússins. Það var aldrei neinn efi í hans huga um störf þess og þýðingu. Í mars 1923 lýsti hann því sem „æðsta ráðinu sem mun leiðbeina, skipuleggja og samræma málefni hreyfingarinnar um allan heim“. Enginn vafi getur leikið á því að tvíþætt afl mótaði aðgerðir Verndarans frá því hann tók fyrst við embætti sínu; annarsvegar ákefð æskunnar sem hvatti hann til að framkvæma hratt öll fyrirmæli síns elskaða Meistara sem m.a. kváðu á um stofnun Allsherjarhúss réttvísinnar; og hinsvegar sú guðlega leiðsögn og vernd sem honum var heitið í erfðaskránni. Hið síðara hélt aftur af því fyrra. Aftur og aftur reyndi Shoghi Effendi að hefja undirbúning að kosningu þessarar æðstu stofnunar – og aftur og aftur kom hönd forsjónarinnar því til vegar með rás atburðanna að ógerlegt var að hefja svo ótímabæra framkvæmd. Við samráðsfundina sem hann hélt 1922 hlýtur honum að hafa orðið það skyndilega ljóst að hversu æskilegt sem það væri að hefja undirbúning að stofnun Allsherjarhúss réttvísinnar væri háskasamlegt að stíga slíkt skref á þeim tíma. Hvorki var fyrir hendi stöðugur stjórnarfarslegur grundvöllur fyrir kosningu þess né heldur nægilega breiður hópur hæfra og vel upplýstra átrúenda til að aðstoða við slíka kosningu.

Þegar hann uppgötvaði að dyrnar að stofnun Allsherjarhússins voru lokaðar, reyndi hann að gera ráðstafanir sem gætu að minnsta kosti tryggt að hægt væri að stíga fyrstu skrefin í undirbúningi að stofnun þess. Á fyrstu árum embættisferils síns reyndi hann að kalla til Haifa fólk sem gæti aðstoðað hann í þessu starfi og hafði þá í huga stofnun ákveðins ráðs við Heimsmiðstöðina. Þessu til staðfestingar eru hans eigin orð. Þann 30. ágúst 1926 skrifaði hann til eins bahá'ía: „Mér eru mjög ofarlega í huga aðferðir og leiðir til að stofna einhverskonar virka og hæfa ritaradeild í Haifa... Ég hef hugsað mikið um þetta og er enn að kanna þetta mál og leita að hæfum, áreiðanlegum, nákvæmum og þjálfuðum aðstoðarmanni sem truflunarlaust gæti helgað... sig mánuðum saman svo vandmeðförnu og ábyrgðarfullu starfi. Þegar þetta hefur tekist bind ég björtustu vonir mínar við styrkingu þeirra lífsnauðsynlegu banda sem tengja miðstöðina í Haifa við öll ráð bahá'í heimsins.“ Þann 7. desember þetta sama ár skýrði hann ættingja sínum frá því að tveir velþekktir bahá'íar væru komnir til hans í Haifa og sagði: „Við vonumst til að mynda einhverskonar alþjóðlega bahá'í ritaradeild...“ Raunveruleg þýðing þessarar ritaradeildar sem Shoghi Effendi hafði í huga kemur skýrt fram í bréfi sem hann skrifaði tveimur vikum síðar þar sem hann kynnti þessa sömu tvo bahá'ía fyrir Abramson sem var landsstjóri norðurhéraða Palestínu. Eftir að hafa nefnt þá með nafni skrifar hann um þessa „tvo bahá'í fulltrúa... sem ég hef beðið að koma hingað til ráðagerða með mér og öðrum bahá'íum frá Austurlöndum um myndun alþjóðlegrar bahá'í ritaradeildar sem yrði fyrsta skrefið að stofnun alþjóðlegs bahá'í ráðs.“

Í pílagrímsnótum sem indverskur pílagrímur í Haifa skrifar til vinar 15. júní 1929 lesum við eftirfarandi: „Shoghi Effendi segir... að meðan hin ýmsu þjóðarráð starfa ekki á traustum og vel skipulögðum grunni sé ógjörningur að stofna jafnvel upplýsingahús réttvísinnar. Hann vill að við leggjum strax drög að reglum og samþykktum þjóðarráðsins með hliðsjón af amerísku samþykktunum og fáum indversku ríkisstjórnina til að lögskrá þjóðarráðið sem trúarsamfélag ef það er hægt, annars sem viðskiptaráð... Shoghi Effendi hefur í nýlegum bréfum sínum til Austurlanda hvatt til þess að þjóðarráðin verði viðurkennd sem trúarlegir dómstólar af ríkisstjórnnum sínum...“

Það er áhugavert að sjá það sem Shoghi Effendi skrifar í bréfi til frú Stannard sem veitti alþjóðlegu bahá'í skrifstofunni í Genf forstöðu. Þetta var skrifstofa sem átti að kynna starf trúarinnar í Evrópu og örva

alþjóðlegt starf hennar um allan heim og fékk stöðugar hvatningar og fyrirmæli frá Verndaranum varðandi þetta starf. Shoghi Effendi skrifar henni í ágúst 1926, að hann óski þess að bahá'í fréttabréfið sem hún gefur út verði „prentað á þremur helstu tungumálum Evrópu, þ.e. ensku, frönsku og þýsku... Ég hef í símskeytum mínu til þín lýst því yfir að ég sé tilbúinn að veita þér reglulega fjárhagslega aðstoð til þess að tryggja að þetta fyrirhugaða fréttabréf verði gefið út á þremur viðurkenndum opinberum tungumálum í vesturhluta bahá'í heimsins... Miðstöðinni þinni í Sviss og Bahá'í Esperanto tímaritinu sem gefið er út í Hamborg er fyrirhugað að axla eitthvað af þeirri ábyrgð og störfum sem í framtíðinni mun hvíla á alþjóðlega bahá'í ráðinu þegar það verður myndað.“

Í mörgum slíkum tilvitnunum, sérstaklega á fyrstu tíu árum embættisferils síns, gefur Shoghi Effendi í skyn að hann geri alltaf ráð fyrir myndun einhverskonar alþjóðlegrar ritaradeildar eða ráðs meðan beðið sé eftir kosningu Allsherjarhúss réttvísinnar, en störf þess, þýðing og vægi fengu á sig stærri mynd í huga hans. Einhvern tíma sumarið 1929 fékk Verndarinn þá hugmynd að bahá'íar myndu efna til alþjóðlegrar ráðstefnu þar sem vinirnir kæmu óformlega saman til að ræða leiðir og aðferðir til að flýta fyrir stofnun þjóðarráða í Austurlöndum og til að fjalla almennt um stjórnarfarsleg málefni meðan þau væri í þróun og hraða þannig þeim degi þegar hægt væri að kjósa Hús réttvísinnar eins og 'Abdu'l-Bahá hafði séð fyrir. Sumir gömlu bahá'íanna höfðu aðrar hugmyndir um hvað ætti að gerast á slíkri ráðstefnu og óskuðu þess að einhverskonar bráðabirgðaráð yrði kosið. Þegar Shoghi Effendi frétti af þessu sendi hann strax símskeyti 12. des. 1929 til þeirra tveggja manna sem mest unnu að því að skipuleggja ráðstefnuna og aflýsti hennar þegar í stað. Hann sagði að hún myndi „skapa rugling, misskilning og jafnvel ágreining.“ Hann hvarf frá þessari hugmynd vegna þeirrar miklu hættu sem hann sá fyrir sér að myndi skapast þegar óþroskuðu fólki, sem ekki hafði góðan skilning á stjórnskipulaginu sem hann var að þróa og byggja upp, væri fengið vald og staða sem það engan veginn hafði getu til að axla. Í meira en tuttugu ár voru allar þessar hugmyndir í biðstöðu og Shoghi Effendi segir ekkert um myndun Allsherjarhússins sem hann vék svo oft að í fyrstu bréfum sínum þangað til hann stofnar Alþjóðlega ráðið með bahá'íum sem hann skipaði sjálfur í það ráð. Enginn vafi leikur á því í mínum huga að fyrstu ár Shoghi Effendi sem Verndara trúarinnar

skynjaði hann hjá vissum velþekktum bahá'íum löngun til að taka sæti í ráði eins og Húsi réttvísinnar eða einhverri bráðabirgðastofnun og honum fannst lítið gert úr dómgreind sinni og hæfni af þeirra hálfu og skynjaði hjá þeim tilhneigingu til að taka stjórntauma málstaðarins í sínar hendur. Þetta voru menn sem voru nógu gamlir til að vera feður hans. Hvað sem þeim fannst um erfðaskrá Meistarans litu þeir á vissan hátt á hann sem óreynt ungmenni.

Frá upphafi vega einbeitti Shoghi Effendi sér að því að fjölga og styrkja „hin ýmsu svæðis- og þjóðarráð“. Strax árið 1924 sagði hann að þau væru „sá trausti grundvöllur sem Allsherjarhús framtíðarinnar yrði reist á.“ Á síðari árum þegar hann hvatti til myndunar nýrra þjóðarráða notaði hann næstum alltaf orðalag eins og þetta í símskeyti sínu til fjórðu kennsluráðstefnu Evrópu 1951: „...Framtíðar Allsherjarhús réttvísinnar sem treystir á styrkar meginstoðir sem margvísleg samfélög í austri og vestri reisa og sem ætlað er að sækja aukinn kraft í myndun þriggja þjóðarráða... bíður þess að samskonar stofnanir rísi á meginlandi Evrópu.“ Með kosningu þessarar tignu stofnunar í huga gaf Shoghi Effendi út yfirlýsingar sem í ljósi orða Bahá'u'lláh og þess skýra og ótvíræða valds og forréttinda sem 'Abdu'l-Bahá veitir henni í erfðaskrá sinni geta ekki annað en styrkt Allsherjarhúsið og auðveldað verkefni þess að minnsta kosti næstu þúsund árin. Shoghi Effendi sagði að Allsherjarhús réttvísinnar yrði „kjarni og fyrirrennari“ hins nýja heimsskipulags. Hann sagði að þetta „Hús framtíðar“ væri Hús „sem síðari tíma kynslóðir myndu líta á sem síðasta athvarf hrynjandi siðmenningar“. Það yrði „síðasta einingin sem krýna myndi uppbyggingu heimsskipulags Bahá'u'lláh á fósturstigi“. Það væri „æðsta löggjafarráðið í stjórnarfarslegu stigveldi trúarinnar“ og „æðsta kjörna stofnun þess“. Verndarinn sagði: „Trúnaðarmönnum Húss réttvísinnar felur... Bahá'u'lláh... þá skyldu að semja lög um málefni sem ekki er sérstaklega kveðið á um í ritum hans og hann heitir því að Guð muni „innblása þá hverju því sem honum þóknast.“ Hann skrifaði: „... vald og forréttindi Allsherjarhúss réttvísinnar sem eitt hefur rétt til að setja lög um málefni sem ekki eru sérstaklega tilgreind í hinni Helgustu bók; fyrirmælin sem veita meðlimum þess undanþágu frá allri ábyrgð gagnvart umbjóðendum sínum og frá þeirri skyldu að laga sig að sjónarmiðum þeirra, sannfæringu og tilfinningum; sérstök ákvæði sem krefjast frjálsra og lýðræðislegra kosninga meðal allra átrúenda til Allsherjarhúss réttvísinnar, einu löggjafarsamkundunni í öllu bahá'í

heimssamfélaginu – þetta eru nokkrir þeirra þátta sem í heild sinni aðskilja skipulagið sem felst í opinberun Bahá'u'lláh frá öllum öðrum núverandi kerfum mannslegrs stjórnarfars.“

Skyndilega dag einn í Sviss í nóvember 1950 þegar faðir minn hafði náð sér svo vel af alvarlegum veikindum að „kraftaverki var líkast“ eins og Shoghi Effendi orðaði það, settist hann niður og sendi mér til mikilla undrunar símskeyti þar sem hann bauð fyrsta bahá'íanum af þeim sem síðar urðu meðlimir Alþjóðaráðs bahá'ía að koma til Haifa. Eins og næstum allt sem hann tók sér fyrir hendur birtist það eins og fyrsta morgunskíman og síðan reis sól hinnar fullbúnu hugmyndar yfir sjóndeildarhringinn. Þegar við snerum aftur til landsins helga kom Lotfullah Hakim fyrstur, síðan Jessie og Ethel Revell, þvínæst Amelia Collins og Mason Remey. Þau komu öll saman dag nokkurn við borðið í vestræna pílagramahúsinu með Gladys Weeden og eiginmanni hennar Ben sem bjó þar. Þar tilkynnti Verndarinn þá fyrirrætlun sína að stofna alþjóðlegt ráð sem þessi hópur átti að mynda. Við vorum öll furðu lostin á þessu fordæmalaus skrefi sem hann var að stíga og þeirri takmarkalaus hylli sem það veitti viðstöddum sem og öllum bahá'í heiminum. Það var samt ekki fyrr en 9. janúar 1951 að hann skýrði frá þessum fréttum í sögulegu símskeyti: „Skýri þjóðarráðum í austri og vestri frá þungvægri tímamótaákvörðun um myndun fyrsta Alþjóðlega bahá'í ráðsins sem verður fyrirrennari hinnar æðstu stjórnstofnunar sem mynduð verður í fyllingu tímans innan mæra og í skugga Heimsmiðstöðvar trúarinnar sem þegar hefur verið stofnuð í tvíburaborgunum 'Akka og Haifa.“

Uppfylling spádóma Bahá'u'lláh og 'Abdu'l-Bahá með stofnun sjálfstæðs ríkis Gyðinga eftir tvö þúsund ára hlé, þróun mikilfenglegs og sögulegs verkefnis sem tengdist yfirbyggingunni á grafhýsi Bábsins, nægilegur þroski hinna nýu kraftmiklu og starfandi þjóðarráða – allt lagðist þetta á eitt um að fá hann til að taka þessa sögulegu ákvörðun sem var þýðingarmesti áfanginn í þróun stjórnskipulagsins á þrjátíu árum. Í þessu símskeyti hélt Shoghi Effendi áfram og sagði að þess nýja stofnun hefði þrennskonar hlutverk: að mynda tengsl við yfirvöld í hinu nýstofnaða ríki gyðinga, aðstoða hann við að byggja grafhýsið (aðeins bogagöngunum var þá lokið) og efna til samninga við borgaraleg yfirvöld varðandi málefni persónuréttar. Fleiri hlutverk myndu bætast við þegar þessi „vísir að alþjóðlegri stofnun“ þróaðist í opinberlega viðurkenndan bahá'í dómstól, breyttist síðan í kjörið ráð

og næði endanlegri fyllingu í Allsherjarhúsi réttvísinnar. Þetta myndi að sínu leyti leiða til stofnunar ýmissa hjálparstofnana sem yrðu þættir í stjórnarfaralegri miðstöð alls bahá'í heimsins. Þessi boð samfara svo heillandi framtíðarhorfum komu yfir bahá'í heiminn eins og þórdunur. Líkt og fær verkfræðingur sem tengir samstæða hluta í gangverki sínu hafði Shoghi Effendi myndað þá umgjörð sem að endingu yrði krýnd með Allsherjarhús réttvísinnar.

Fjórtán mánuðum seinna, þann 8. mars 1952, tilkynnti Shoghi Effendi um stækkun alþjóðlega bahá'í ráðsins í löngu símskeyti til bahá'í heimsins: „Meðlimir þess eru núna Amatu'l-Bahá Rúhíyyih sem verður tengiliður milli mín og ráðsins. Hendur málstaðarins Mason Remey, Amelia Collins, Ugo Giachery, Leroy Ioas, forseti, varaforseti, meðstjórnandi, aðalritari í þessari röð. Jessie Revell, Ethel Revell, Lotfullah Hakim, fjárhirðir, aðstoðarritarar fyrir Vestur- og Austurlönd.“ Upphaflega stjórnin hafði breyst vegna brottfarar Weeden-hjónanna af heilsufarsástæðum og komu Ioas sem hafði boðið Verndaranum þjónustu sína. Við bættist dr. Giachery sem var áfram á Ítalíu og hafði yfirumsjón með byggingu graphýsisins. Hver einasti steinn var tekinn úr námum á Ítalíu, sniðinn til þar, skorinn út og síðan sendur með skipi til Haifa. Gullnir tígulsteinar hvolfþaksins voru pantaðir frá Hollandi. Dr. Giachery átti að vera umboðsmaður Shoghi Effendi þegar um var að ræða pantanir og kaup á ýmsu öðru efni sem þörf var á í landinu helga. Í maí 1955 tilkynnti Verndarinn að hann hefði fjölgað meðlimum Alþjóðlega bahá'í ráðsins í níu með skipun Sylvia Ioas í ráðið. Alþjóðlega bahá'í ráðið starfaði sem sú ritaradeild Verndarans sem hann hafði í svo mörg ár þráð að stofna. Meðlimir þess fengu fyrirmæli frá honum hver og einn í óformlegu andrúmslofti við kvöldverðarborðið í pílagramahúsinu en ekki formlega sem ráð. Ráðið hélt sjaldan fundi því að meðlimir þess voru allir önnum kafnir við þau fjölmörgu verkefni sem Verndarinn hafði úthlutað þeim. Af mikilli lagni notaði Shoghi Effendi þessa nýju stofnun til að skapa í hugum stjórnvalda og embættismanna borgarinnar mynd af alþjóðlegu ráði sem hafði umsjón með málefnum sem lutu að stjórn Heimsmiðstöðvarinnar. Það skipti almenningu engu hversu mikið eða lítið vald þessa ráðs var. Við sem sátum í því vissum að Shoghi Effendi var allt í öllu; almenningur byrjaði hinsvegar að sjá vísirinn að því sem síðar varð Allsherjarhús réttvísinnar.

Milli fyrstu og annarra skilaboðanna sem Shoghi Effendi sendi til að upplýsa bahá'í heiminn um myndun og meðlimi Alþjóðalega

bahá'í ráðsins gerði hann aðrar grunnráðstafanir í sögulegri þróun Heimsmiðstöðvar trúarinnar með því að tilkynna opinberlega þann 24. desember 1951 útnefningu annars hóps Handa málstaðar Guðs, tólf talsins dreifðar jafnt milli landsins helga og meginlanda Asíu, Evrópu og Ameríku. Þeir sem Verndarinn útnefndi á þeim tíma í þetta háa embætti voru Sutherland Maxwell, Mason Remey og Amelia Collins sem urðu Hendur málstaðar Guðs í landinu helga; Valíyu'lláh Varqá, ʿArázu'lláh Samandarí and 'Alí-Akbar Furútan í Asíu; Horace Holley, Dorothy Baker og Leroy Ioas í Ameríku; George Townshend, Hermann Grossmann og Ugo Giachery í Evrópu. Tveimur mánuðum síðar 29. febrúar 1952 tilkynnti Shoghi Effendi vinunum í austri og vestri að hann hefði fjölgað Höndum málstaðarins í nítján með því að útnefna Fred Schopflocher í Kanada, Corinne True í Bandaríkjunum, Dhikru'lláh Khádem og Shuá'u'lláh 'Alá'í í Persíu, Adelbert Mühl-schlegel í Þýskalandi, Músá Banání í Afríku og Clara Dunn í Ástralíu. Þegar Shoghi Effendi tók þessar ákvarðanir um útnefningu Handa málstaðarins sagði hann að stundin væri komin til að stíga þessi skref í samræmi við fyrirmælin í erfðaskrá 'Abdu'l-Bahá. Þau færu saman við undirbúningsráðstafanir að skipun Alþjóðlega bahá'í ráðsins, undanfara Allsherjarhúss réttvísinnar. Hann tilkynnti að hin tigna og virðulega stofnun Handanna hefði samkvæmt erfðaskrá 'Abdu'l-Bahá tvíþætt heilagt hlutverk: útbreiðslu trúarinnar og vernd einingar hennar.

Í síðustu boðum Shoghi Effendi til bahá'í heimsins í október 1957 tilkynnti hann að hann hefði útnefnt „enn annan hóp Handa málstaðar Guðs. Þeir átta bahá'íar sem nú fá þessa upphöfnu stöðu eru: Enoch Olinga, William Sears og John Robarts í Vestur- og Suður-Afríku; Hasan Balyuzi og John Ferraby á Bretlandseyjum; Collis Featherstone og Raḥmatu'lláh Muhájir á Kyrrahafssvæðinu; og Abu'l-Qásim Faizí á Arabíuskaga—hópur valinn frá fjórum meginlöndum heimsins sem eru fulltrúar Afnan, svarta og hvíta kynstofnsins og með kristinn, múslímskan, gyðinglegan og heiðinn bakgrunn.“

Á tveggja mánaða tímabili árið 1952 myndaði Verndarinn ráð eins Váhids (nítján) Handa málstaðarins og hann hélt þeim fjölda fram til ársins 1957, þegar hann bætti átta við og hópurinn varð þannig þrjú margfeldi af nýu. Ætíð þegar einn af þessum nítján féll frá skipaði Shoghi Effendi aðra Hönd. Tvær Handanna sem þannig voru skipaðar fylltu sæti feðra sinna. Þannig féll „kyrtill“ föður míns á mínar herðar 26. mars 1952 eftir andlát Sutherland Maxwells. 'Alí-Muḥammad Varqá

var skipaður til að taka við af föður sínum 15. nóvember 1955 og einnig gerður að trúnaðarmanni Réttar Guðs í hans stað. Eftir að Dorothy Baker fórst í slysi var Paul Haney gerður að Hönd málstaðarins 19. mars 1954 og þegar Fred Schopflocher lést var Jalál Kházeh gerður að Hönd málstaðarins 7. desember 1953. Ekki löngu eftir fráfall George Townshend skipaði Verndarinn Agnes Alexander Hönd málstaðarins 27. mars 1957. Þannig voru Hendurnar alltaf nítján þangað til þriðji hópur Handanna var útnefndur í síðustu stóru skilaboðum hans mitt í tíu ára áætluninni.

Á tímabilinu 9. janúar 1951 og 8. mars 1952 urðu merkilegar og afdrifaríkar breytingar á stjórnskipulagi trúarinnar við Heimsmiðstöðina. Shoghi Effendi skrifaði um þessar breytingar að þær táknuðu að uppbygging væri loks hafin „á gangverki æðstu stofnana Heimsmiðstöðvarinnar“, „æðstu stofnanir skipulags í þróun“ sem á „frumstigi sínu“ væru að byggjast upp umhverfis hin helgu graphýsi. Í ritum sínum benti hann átrúendunum á að framþróun heimsskipulags Bahá'u'lláh lyti leiðsögn sem gefin væri með fyrirmælum og andlegum öflum sem leyst voru úr læðingi með þremur völdugum „stofnskrám“, sem settu af stað þrjú auðkennd ferli. Hin fyrsta af þessum stofnskrám var gefin af Bahá'u'lláh sjálfum í Töflu Karmels og hinar tvær í erfðaskrá Meistarans og Töflum hinnar guðlegu áætlunar. Fyrsta ferlið fór að sögn Shoghi Effendi af stað „í landi sem landfræðilega, andlega og stjórnarfarslega er hjarta allrar plánetunnar“, „landið helga, miðjan og öxullinn sem stofnanir trúarinnar snúast um, stofnanir sem fer hratt fjölgandi, eru guðlega ákvarðaðar, ná til alls heimsins og sækja ótrauðar fram“, „landið helga, Qiblih heimssamfélags, hjartað þaðan sem örvandi áhrif lífgefandi trúar streyma án afláts, aðsetrið og þungamiðjan sem margvísleg störf guðlega ákvarðaðs stjórnskipulags snúast um.“ Kjarni þessarar Töflu Karmels voru eftirfarandi orð Bahá'u'lláh: „*Áður en langt um líður mun Guð sigla örk sinni á þér og birta fólk Bahá sem skráð hefur verið í bók nafnanna.*“ Shoghi Effendi útskýrði að „*fólk Bahá*“ táknaði meðlimi Allsherjarhúss réttvísinnar.

Stofnskráin í erfðaskrá Meistarans náði til alls heimsins með tilkomu þeirra stjórnstofnana sem hann skilgreindi þar með skýrum hætti. Stofnskráin í Töflum hinnar guðlegrar áætlunar fjallaði um andlegan sigur kenninga Bahá'u'lláh yfir allri plánetunni og þar var hnötturinn allur einnig vettvangur starfsins. En Tafla Karmels beindi ljósi sínu og hylli í bókstaflegri merkingu að Karmel-fjalli

sem Shoghi Effendi nefnir „þann helgaða reit sem undir vængjum yfirskyggjandi grafhýsis Bábsins...er áformað að þróast í miðstöð þeirra heimsbyltandi, hnattrænu stjórnstofnana, sem Bahá'u'lláh mælti fyrir um og 'Abdu'l-Bahá sá fyrir sér—stofnanir sem eiga að starfa í samræmi við meginreglurnar sem liggja til grundvallar tvíburastofnun Verndarans og Allsherjarhúss réttvísinnar.

Þýðing „stigvaxandi dýrðar“ þessara stofnana við Heimsmiðstöðina endurspeglast í mörgum boðum sem Shoghi Effendi sendi síðustu árin sem hann lifði, boðum sem fengu mann eins og George Townshend til að skrifa til hans 14. janúar 1952. Þetta bréf var sent þegar hann þakkaði Verndaranum fyrir þá hylli að útnefna hann Hönd málstaðarins: „Leyfðu mér að segja þér í auðmýkt frá mikilli aðdáun minni og þakklæti fyrir að hafa fært okkur nær sýninni á sigri Guðs sem þú hefur núna, nánast einn og óstuddur, fært furðulostnum bahá'í heimi.“

Í þessum skilaboðum skýrði Shoghi Effendi bæði stöðu og að nokkru leyti hlutverk þessara nýútnefndu Handa málstaðarins. Hann fagnaði þeirri þróun sem á „fyrstu árum“ annars tímaskiðs mótunaraldar þessa trúarkerfis hafði fært okkur þessa „tignu stofnun“ sem Bahá'u'lláh ekki aðeins sagði fyrir um heldur hafði sjálfur útnefnt nokkrar Hendar í sínu eigin lífi. 'Abdu'l-Bahá setti stofnunina formlega á fót í erfðaskrá sinni. Til viðbótar við þann stuðning sem Hendar málstaðarins í landinu helga höfðu þegar veitt Shoghi Effendi við framkvæmdir á grafhýsi Bábsins, styrkingu tengslanna við Ísraelsríki, aukningu alþjóðlegra eigna í landinu helga og undirbúninginn að stofnun stjórnarfarslegrar miðstöðvar bahá'í heimsins, höfðu þær einnig tekið þátt í fjórum miklum meginlands kennsluráðstefnum sem haldnar voru árið helga sem hófst í október 1952 og lauk í október 1953. Á þessum ráðstefnum voru þær fulltrúar Verndara trúarinnar. Eftir það ferðudust þær að beiðni hans vítt og breitt um allt meginland Ameríku frá norðri til suðurs, um Evrópu, Asíu og Ástralíu. Shoghi Effendi sagði í apríl 1954 að þessi stofnun væri nú að komast á annað þróunarstig sitt. Það var markvert vegna tengslanna sem voru mynduð milli Handanna og andlegra þjóðarráða sem unnu að tíu ára áætluninni. Á Ríðván áttu fimmtán Hendar sem bjuggu utan landsins helga að skipa átrúendur hver á sínu meginlandi í álfuráð. Meðlimir þess áttu að vera „fulltrúar“, „aðstoðarmenn“ og „ráðgjafar“ Handanna og aðstoða í auknum mæli við markmið tíu ára herferðarinnar.

Álfuráðin skyldu vera skipuð níu meðlimum hvert í Ameríku, Evrópu og Afríku, sjö í Asíu og tveimur í Ástralíu. Ráðin báru ábyrgð gagnvart Höndunum hvert á sínu meginlandi. Hendurnar áttu fyrir sitt leyti að vera í nánu sambandi við þjóðarráðin á sínum svæðum og upplýsa þau um starfsemi álfuráðanna. Þau áttu líka að vera í nánu sambandi við Hendur málstaðarins í landinu helga sem síðan voru tengiliður milli þeirra og Verndarans. Á þessum tíma stofnaði Shoghi Effendi bahá'í meginlandssjóði vegna starfsemi Handanna og opnaði þessa sjóði með því að leggja fram þúsund sterlingspund í hvern þeirra.

Ári síðar útnefndi Shoghi Effendi þrettán Hendur málstaðarins sem áttu að vera fulltrúar hans á þrettán landsþingum sem haldin voru 1957 og þar sem kosin voru ný þjóðarráð. Frá því hann skipaði formlega Hendur málstaðarins þangað til hann lést notaði hann þær stöðugt í þessum tilgangi. Árið 1957, nákvæmlega fjórum mánuðum áður en hann lést, upplýsti hann átrúendurnar í löngu símskeyti um „sigursæla framkvæmd sögulegra verkefna“ og „vitnisburð um vaxandi fjandskap hið ytra“ og „stöðug vélabrogð hið innra“ sem boðuðu „ógnvænlega baráttu þar sem her ljóssins verður fylkt gegn öflum myrkursins, trúarlegum og veraldlegum“. Hann sagði að þetta skapaði nauðsyn á nánari tengslum milli Handanna á fimm meginlöndum og þjóðarráðanna til að kanna í sameiningu „skaðlega starfsemi innri óvina og virka og viturlega áætlun til að mæta sviksamlegum ásetningi þeirra“ til að vernda allan þorra átrúendanna og koma í veg fyrir að ill áhrif og fyrirætlanir þessara óvina breiddust út. Í upphafi þessa símskeytis bendir Shoghi Effendi á að auk nýlegrar ábyrgðar sem Höndunum var falin við að aðstoða andlegu þjóðarráðin í framkvæmd andlegu heimsherferðarinnar verði þær núna að uppfylla „frumskyldu sína“, þ.e. vaka yfir og vernda bahá'í heimssamfélagið í náninni samvinnu við þjóðarráðin. Hann endar þessi geigvænlegu skilaboð með eftirfarandi orðum: „Hvet Hendurnar og þjóðarráðin á öllum meginlöndum til að stofna strax til beins samband sín á milli og íhuga eins oft og unnt er að skiptast á skýrslum sem viðkomandi aðstoðarráð og þjóðnefndir senda þeim. Þeim ber að sýna stöðuga árvekni og framkvæma hiklaust okkar heilögu og óhjákvæmilegu skyldustörf. Öryggi dýrmætar trúar og varðveisla andlegs heilbrigðis bahá'í samfélaga, trú einstakra meðlima á rétta og eðlilega starfsemi stofnana sem reistar voru með erfiði og árangur hnattrænna verkefna til uppfyllingar á endanlegu hlutskipti sínu – allt er þetta beinlínis háð

viðeigandi og réttri framkvæmd þungvægrar ábyrgðar sem nú hvílir á meðlimum þessara tveggja stofnana sem skipa ásamt Allsherjarhúsi réttvísinnar og Verndarstofnuninni æðstan sess í hinni guðlega áformuðu stjórnskipan í heimsskipulagi Bahá'ulláh.“

Síðustu stóru skilaboðin í lífi Shoghi Effendi – dagsett í október, en raunar skrifuð í ágúst – ítreka þýðingu og mikilvægi stofnunar Handa málstaðarins. Þar útnefndi Shoghi Effendi ekki aðeins síðasta hóp Handanna heldur tók hann það mjög svo þýðingarmikla skref að stofna aðstoðarráð á hverju meginlandi: „Þessi síðasta viðbót við fylkingu háttsettra embættismanna í stjórnskipulagi í hraðri þróun, sem felur í sér frekari útfærslu hinnar tignu stofnunar Handa málstaðar Guðs, kallar, með hliðsjón af þeirri helgu ábyrgð sem þeir hafa nýlega fengið sem verndarar trúarinnar, á að þessar sömu Hendur útnefni á hverju meginlandi fyrir sig viðbótar aðstoðarráð með sömu meðlimatölu og þau sem fyrir eru og feli henni þá sérstöku skyldu að vaka yfir öryggi trúarinnar og uppfylla þannig hlutverk hins upphaflega ráðs sem héðan í frá hefur þá skyldu eingöngu að aðstoða við framkvæmd tíu ára áætlunarinnar.“

Það er nánast ógjörningur að gera sér í hugarlund hverskonar ástand hefði beðið bahá'í heimsins eftir fráfall Shoghi Effendi hefði hann ekki vísað með þessum orðum til Handa málstaðarins og hefði hann ekki með svo skýrum orðum gefið þjóðarráðunum fyrirmæli um að starfa með Höndum málstaðarins sem höfðu þá frumskyldu að vernda trúna. Greinum við ekki í þessum síðustu skilaboðum svart ský á stærð við mannhönd við sjóndeildarhringinn?

Það var skylda og réttur Shoghi Effendi, samkvæmt skýrum orðum í erfðaskrá Meistarans að útnefna Hendur málstaðarins. Fyrstu þrjátíu árin á embættisferli útnefndi hann aðeins Hendur málstaðarins að viðkomandi látnum, en þó með einni undantekningu. Þessi útnefning var mesti heiður sem hann gat veitt átrúanda, lifandi eða látnum, og hann útnefndi því marga bahá'ía í austri og vestri að þeim látnum. Hinn merkasti þeirra var Marta Root, sem hann kallaði fremstu Hönd málstaðarins á mótunaröld trúarinnar. Eina undantekningin var Amelia Collins. Hann sendi henni eftirfarandi símskeyti 22. nóvember 1946: „Framúrskarandi alþjóðleg þjónusta og fyrirmyndar hollusta og nú þetta merka þjónustuframtak hvetur mig til að tilkynna þér að þú hefur verið skipuð til hárrar stöðu Handar málstaðar Guðs. Þú ert hin fyrsta sem skýrt er frá þessum heiðri. Ég mun sjálfur tilkynna

þetta“. Það var venja Shoghi Effendi að segja hverri Hönd frá þessari háu stöðuveitingu um leið og hann kunngerði hana opinberlega. Þrjár þeirra, Fred Schopflocher, Músá Banání og ég sjálf vorum í Haifa—þeir tveir fyrstnefndu sem pílgrímar—þegar hann tilkynnti okkur þetta persónulega. Ógjörningur er að lýsa þeim tilfinningum furðu, verðleikaleysis og lotningar sem fréttirnar um þennan heiður greip viðtakendur þeirra. Sérhver hjarta tók þeim eins og spjótstungu sem vakti meiri ást viðkomandi á Verndaranum og hollustu við hann en nokkru sinni fyrr.

Löng undirbúningsár—hið ytra í líkama bahá'í heimsins með byggingu gangverks stjórnskipulagsins, hið innra með yfirbyggingu graphýsis Bábsins og almennri treystingu Heimsmiðstöðvarinnar—fólu einnig í sér sköpun sem átti að verða miðja og „brennidpill“ máttugustu stofnana trúarinnar, eins og Shoghi Effendi nefndi það. Þessi miðja var ekkert minna en legstaður móður, systur og bróður 'Abdu'l-Bahá, sem með hans orðum voru „þrjár ómetanlega dýrmætar sálir... sem næst þremur höfuðpersónum trúar okkar gnæfa að tign og stöðu yfir mikinn fjölda hetja, bókstafa, píslarvotta, kennara og stjórnenda í málstað Bahá'u'lláh.“

Það hafði lengi verið ósk Hins helgasta laufs að hvíla nálægt móður sinni sem ásamt bróður hennar Mihdi var jarðsett í Akka. Þegar Bahíyyih Khánum lést árið 1932 hafði hún verið jarðsett með viðeigandi viðhöfn á Karmel-fjalli nálægt graphýsi Bábsins. Shoghi Effendi taldi óviðeigandi að móðir hennar og bróðir væru jarðsett í Akka og fékk þá hugmynd að flytja jarðneskar leifar þeirra í námunda við legstað Hins helgasta laufs. Árið 1939 pantaði hann á Ítalíu tvö minnismerki úr marmara svipuð að gerð því sem hann hafði reist á gröf Hins helgasta laufs. Til allrar hamingju tókst að flytja þau til Haifa með öruggum hætti þrátt fyrir stríðið. Þetta var fjarri því að vera einföld aðgerð. „Fylling þessara langþráðu og hjartkæru vonar“ reyndist gríðarlega erfið. Ég vitna til minnar eigin prentuðu frásagnar af þessum atburðum því ég var auðvitað í Haifa á þessum tíma: „Meðan enn var verið að vinna að legstöðum þeirra í berggrunni fjallsins frétti Verndarinn að sáttmálsbrjótarnir væru að mótmæla þeim rétti bahá'ía að flytja móður og bróður 'Abdu'l-Bahá í nýja legstaði. Þeir voguðu sér reyndar að skjóta svokölluðum kröfum sínum til ríkisstjórnarinnar sem ættingjar hinna látnu. Um leið og borgaraleg yfirvöld komust að raun um hið sanna í málinu—að þessir sömu ættingjar höfðu verið

erkióvinir Meistarans og fjölskyldu hans, höfðu yfirgefið sannan málstað Bahá'u'lláh, farið sínar eigin leiðir og verið fordæmdir í erfðaskrá 'Abdu'l-Bahá—samþykktu þau áætlun Verndarans og gáfu strax út nauðsynleg leyfi til að grafa upp líkin. Til þess að eiga ekki á hættu frekari tafir flutti Shoghi Effendi sjálfur Hina skírustu grein og móðir hans til Karmel-fjalls.“

Í dögun fór Shoghi Effendi ásamt fáeinum bahá'íum til Akka, opnaði grafir þeirra og flutti jarðneskar leifarnar til Haifa. Hann sagði mér síðar frá því að þetta hafi reynt mjög á taugar hans. Í fyrsta lagi var mikil hætta á því að sáttmálsbrjótarnir kæmu með stuðningsmönnum sínum til kirkjugarðanna og reyndu að koma í veg fyrir uppgröftinn með valdi. Þeir hefðu þá notið samúðar múslíma sem trúðu því að það væru örgustu helgispjöll opna gröf en opnuðu reyndar sjálfir grafir í þeim tilgangi einum að sýna hinum látna og aðstandendum hans sem mesta svívirðingu. Fyrir utan þessa hættu er það sársaukafull reynsla að standa yfir gröf meðan verið er að opna hana, hversu göfugur sem tilgangurinn er. Hve sárt hefur það þá ekki verið fyrir viðkvæman mann eins og Shoghi Effendi! Þegar moldinni var sópað af kistunni með móður Meistarans sá hann að tréð í kistunni var óskemmt en botninn fúinn. Hann sagði þeim að fjarlægja lokið varlega. Hann sagði mér að allir drættir móður 'Abdu'l-Bahá sem lá þar í líkklæðum hefðu verið svo skýrir að næstum hafi verið hægt að þekkja hana. Þessi mynd varð að dusti og beinum um leið og hreyft var við þeim. Hann fór niður í gröfina og setti beinagrindina með sínum eigin höndum í nýja kistu sem beið hennar. Henni var síðan lokað og flutt í farartæki sem beið. Þeir héldu síðan að öðrum arabískum kirkjugarði þar sem Hin skírasta grein var jarðsett og opnuðu gröf hans. Þar sem hann hafði legið í gröf sinni tveimur áratugum lengur en móðir hans og jarðsetningin hafði farið fram í skyndi meðan Bahá'u'lláh var undir ströngu eftirliti í þrísundinni í Akka hafði kistan molnað sundur. Shoghi Effendi safnaði aftur saman nokkrum beinum og dufti sem eftir var og setti sjálfur í aðra kistu sem var við hliðina á gröfinni. Þótt allt gengi vel fyrir sig tók það marga erfiðar og sársaukafullar klukkustundir áður en Shoghi Effendi gat snúið aftur til Haifa með þennan dýrmæta farm. Ég vitna aftur í það sem ég skrifaði á þessum tíma því myndin sem það gefur er svo miklu meira lifandi en eitthvað sem ég gæti skrifað núna þegar svo langt er um liðið: „Rökkrið hefur sigið yfir Karmel-fjall og húmið hefur dýpkað yfir Akka-flóanum. Hópur manna stendur og

bíður við hliðið fyrir neðan tröppurnar. Skyndilega kemst hreyfing á hópinn, garðyrkjumaðurinn hleypur til að lýsa upp gangstíginn og mitt í hvítu ljósinu birtist fylking fólks. Svartklæddur maður ber líkkistu á herðum sér. Þetta er Shoghi Effendi með jarðneskar leifar Hinnar skírustu greinar, elskaðs sonar Bahá'u'lláh. Hægt gengur hann og samferðamenn hans upp þröngan stíginn og nálgast þöglir húsið sem er næst legstað Hins helgasta laufs. Trúfastur þjónn fer hratt á undan með teppi og kertastjaka frá hinum helgu grafhýsum og undirbýr herbergið í skyndingu. Milt sterkt andlit Verndarans birtist þegar hann kemur inn, dýrmæt byrðin ennþá á öxl hans. Líkkistan er látin standa um tíma í látlausri vistarveru gegnt Bahjí, Qiblih trúarinnar. Aftur fara þessir trúföstu þjónar undir forystu Verndarans til hliðsins og aftur koma þeir upp gangstíginn með aðra helga byrði, í þetta sinn jarðneskar leifar eiginkonu Bahá'u'lláh, móður Meistarans.“

Strax þegar þessu verkefni var tryggilega lokið fékk ameríska þjóðarráðið eftirfarandi símskeyti frá Shoghi Effendi þann 5. desember: „Blessaðar jarðneskar leifar Hinnar skírustu greinar og móður Meistarans tryggilega fluttar í helga návist grafhýsisins á Karmel-fjalli. Langvarandi auðmýking afmáð. Vélabrögð sáttmálsbrjótanna sem reyndu að koma í veg fyrir þetta mistökust. Hjartkær ósk Hins helgasta laufs uppfyllt. Systir, bróðir, móðir og eiginkona ‘Abdu’l-Bahá sameinuð á einum stað sem verður miðja bahá’í stjórnstofnana við Heimsmiðstöð trúarinnar. Deilið fagnaðarríku fréttum með öllum amerísku átrúendunum. Shoghi Rabbani.“ Undirskriftar Verndarans var krafist þar sem við vorum í stríði og öll bréf voru ritskoðuð.

Fágaður smekkur og skynbragð á hlutföll, svo einkennandi fyrir allt sem Verndarinn skapaði, kemur hvergi betur í ljós en í marmaraminnisvörðunum sem hann reisti yfir fjórum legstöðum þessara nánú ættingja ‘Abdu’l-Bahá. Minnisvarðarnir voru hannaðir á Ítalíu í samræmi við fyrirmæli Shoghi Effendi í hvítum Carrara marmara. Þeir voru síðan fluttir til Haifa og settir á legstaðina á árunum 1932 og 1942. Umhverfis þá byggði hann fagra garða sem við köllum yfirleitt „minningargarðana.“ Þá skipulagði Shoghi Effendi í vogarásnum á boganum á Karmel-fjalli þar sem alþjóðlegar stofnanir trúarinnar munu standa í framtíðinni.

Í þrjár vikur voru þessar heilögu leifar geymdir í þessari vistarveru fram til 26. desember eins og fram kemur í símskeyti Shoghi Effendi: „Á aðfangadagskvöld voru elskaðar leifar Hinnar skírustu greinar og

móður Meistarans lagðar á viðhafnarbörur í helgu grafhýsi Bábsins. Á jóladag voru þær jarðsettar í helgum jarðvegi Karmel-fjalls. Viðstaddir mjög hjartnæma athöfn voru fulltrúar átrúenda í Austurlöndum nær. Ég finn hjá mér hvatningu til að tengja mikilfenglega sjö ára áætlun Ameríku við ófölnandi minningu þessara tveggja heilögu sálna sem næstar tveimur Höfundum trúarinnar og hinni fullkomnu Fyrirmynd gnæfa ásamt Hinu helgasta laufi yfir alla hersingu hinna trúföstu. Ég fagna þeim forréttindum að fá að leggja fram þúsund pund í sjóð Bahíyyih Khánum sem ætlað er að tryggja samninga í apríl næstkomandi um síðasta áfangann í byggingu Mashriq'l-Adhkár. Tíminn er knýjandi, tækifærið ómetanlegt og óskeikult fyrirheit er gefið um mikla aðstoð forsjóvarinnar.“

Snilligáfa Verndarans, hæfileikar hans til að framkvæma hlutina á viðeigandi hátt og feta trúföstum skrefum í fótspor síns elskaða afa koma hvergi betur í ljós en í þeim heiðri og lotningu sem einkenndi lokaútför þessara tveggja heilögu sálana sem bæði Bahá'u'lláh og 'Abdu'l-Bahá unnu svo heitt. Svo einstæður er þessi atburður í trúarsögunni að ég tel að honum beri að gera full skil hér. Aftur vitna ég í fyrrnefnda grein: „Síðasti steinninn hefur verið lagður í hvelfingunum tveimur, gólfín lögð marmara, nafnplötur festar upp, moldinni jafnað út, stígurinn sem liggur að legstöðum þeirra lagður... Og aftur eru þau borin á öxlum Verndarans og lögð á viðhafnarbörur í helgu grafhýsi Bábsins. Hlið við hlið, æðri öllum stórmönnum þessa heims, liggja þau við þá helgu fótskör og snúa að Bahjí. Kerti logar við höfðalagið og blóm eru við fótagaflinn... Við sólsetur næsta dag komum við aftur saman við þetta helga grafhýsi... Hægt, borin á höndum hinna trúföstu með Shoghi Effendi í fararbroddi, sem aldrei sleppir takinu af þessari dýrmætu byrði... Einu sinni ganga þeir umhverfis grafhýsin. Kista hins elskaða Mihdí sem Verndarinn ber fer hægt framhá okkur og kistan með móður Meistarans á eftir. Þessi hátíðlega líkfylgd heldur áfram gegnum upplýstan garðinn, niður hvítan gangstíginn út á mánabjartan veginn. Yfir höfðum fylgjendanna líða kisturnar áfram eins og af sjálfu sér... Þeir fara framhá og útlínur þeirra ber við næturrhimininn... Þeir nálgast, andlit Verndarans nemur við byrðina ómetanlegu sem hann ber. Þeir halda áfram að hvelfingunum sem bíða þeirra. Nú leggja þeir Hina skírustu grein til hvíldar. Shoghi Effendi gengur sjálfur inn í teppalagða hvelfinguna og setur kistuna varlega á sinn stað. Hann stráir sjálfur blómum yfir hana og síðastur allra snertir

hann kistuna blíðlega. Móðir Meistarans er síðan borin á sama hátt af Verndaranum inn í næstu hvelfingu... Múrarar eru kallaðir til að innsigla grafirnar... Blómum er hrúgað á legstaðina og Verndarinn dreifir yfir þá rósavatni... Og nú hljómar rödd Shoghi Effendi þegar hann syngur töflurnar sem Bahá'u'lláh opinberaði og sem lesa á við grafir þeirra.“

Þegar við minnumst þess að allir þessir atburðir, svo einstaklega hjartnæmir í eðli sínu og sem ollu svo miklum áhyggjum, spennu og sárum tilfinningum, gerðust tæpum tveimur mánuðum eftir að Verndarinn reis upp úr alvarlegustu veikindum ævi sinnar getum við ekki annað en undrast enn og aftur tregann sem að honum sótti, járnharða einbeitni hans og hugrekkið sem einkenndi allt sem hann gerði.

Loks hafði Shoghi Effendi með öflugri aðstoð af hæðum tekist að stofna „miðstöðina“ sína. En það var ekki fyrr en rúmum fjórtán árum síðar að honum tókst til að stíga skref sem „markaði stofnun stjórnarfarslegrar Heimsmiðstöðvar trúarinnar á Karmelfjalli—arkarinnar sem Bahá'u'lláh vísaði til í lokakafnanum í Töflu Karmels.“ Þetta skref var ekkert annað en bygging alþjóðlega bahá'í minjasafnsins.

Stuttu eftir að Shoghi Effendi bætti þremur vistarverum við grafhýsi Bábsins fyrst á fjórða áratugnum stofnaði hann minjasafnið við Heimsmiðstöðina, sem var um skeið til húsa í þessum vistarverum. Þar voru varðveittir dýrmætir munir frá Bahá'u'lláh og 'Abdu'l-Bahá sem voru í eigu fjölskyldu Meistarans og ýmissa eldri bahá'ía sem áttu heima í Palestínu. Að skoða þessa gripi var mjög hjartnæm reynsla. Árið 1937 skrifaði ég eftir að ég hafði séð þessa minjagripi í fyrsta sinn: „Ef maður gæti gengið inn í safn sem geymdi ósviknar og upprunalegar minjar um líf Krists, hvað myndi slík reynsla þýða fyrir kristna menn? Ef þeir sæju sandalana hans, rykuga eftir gönguna milli Betlehem og Jerúsalem, skikkjuna á öxlum hans—eða dúkinn sem skýldi höfði hans fyrir sólinni; hvílíkt andrúm fullvissu, furðu og jafnvel tilbeiðslu myndu ekki bærast hið innra með erfingjum trúar hans. Ef augu þeirra hefðu séð þó ekki væri nema fáein orð sem hann hefði skrifað eigin hendi... Flestir menn hefðu ekki getað sett sér slíkt fyrir hugskotssjónir, en bahá'íum sem trúa á nýjustu opinberun Guðs fyrir mannkyn hafa hlotnast þessi ómetanlegu forréttindi...“

Þegar bahá'íar heyrðu meira um þetta minjasafn og pílagrímar fóru að heimsækja það í vaxandi mæli og sáu hversu vel þetta sögulega

og heilaga efni var varðveitt, fegurðina og lotninguna sem einkenndu uppstillingu þess, byrjuðu þeir að senda ómetanlega hluti frá Persíu sem tengdust þremur höfuðpersónum trúarinnar, píslarvottum hennar og hetjum. Meðal þessara hluta sem voru þakksamlega þegnir voru munir úr eigu Bábsins sem ættingjar Bahá'u'lláh (Afnan) gáfu og auðguðu safnið til mikilla muna. Það varð svo mikið að vöxtum að síðar breytti Verndarinn litla húsinu þar sem jarðneskar leifar Hinnar skírustu greinar og móður hans höfðu verið varðveittar fyrir útförina í viðbótarsafn. Þessir tveir staðir voru kallaðir „stærra“ og „minna“ minjasafnið eða aðeins „gamla“ og „nýja“ minjasafnið.

Það var 1954 á fyrsta ári heimsherferðarinnar sem Shoghi Effendi ákvað að hefja framkvæmdir við það sem hann kallaði „hina fyrstu af meiriháttar byggingum sem verða aðsetur stjórnarfarslegrar miðstöðvar bahá'í heimsins á Karmel-fjalli.“ Hann valdi byggingu sem hann taldi vera framkvæmanlega og brýna þörf fyrir, þ.e.a.s. byggingu sem átti að hýsa heilagar og sögulegar minjar í landinu helga. Þessar minjar voru varðveittar í sex vistarverum í tveimur aðskildum byggingum. Á Naw-Rúz 1954 hófust jarðvinna og byggingarframkvæmdir. Shoghi Effendi hafði þrennt að leiðarljósi þegar hann valdi upphafsteikningar af þýðingarmiklum byggingum: Þær urðu að vera fagrar, tígulegar og hafa varanlegt gildi en skyldu ekki endurspegla hverfulan (og í hans augum yfirleitt mjög óaðlaðandi) nútímastíl í byggingarlist á öld tilraunastarfsemi og þreifinga eftir nýjum formum. Hann var mikill aðdáandi grískrar byggingarlistar og taldi Meyjarhofið í Aþenu eina fegurstu byggingu sem nokkru sinni hafði verið reist. Hann kaus að nota hlutföll Meyjarhofsins sem fyrirmynd en breytti súlnahöfðunum frá dóríska stílnum í þann jóníska. Eftir að margar af tillögum hans höfðu verið felldar inn í endanlegu teikninguna samþykkti Shoghi Effendi hana og framkvæmdum við bygginguna sem hann lýsti sem „tilkomumikilli og einstaklega fagurri“ lauk 1957. Hún hafði kostað um 250 þúsund dali og var pöntuð frá Ítalíu eins og graphýsi Bábsins, tilsníðin þar og síðan flutt til Haifa í einingum. Hver einasti steinn var tölusettur og kort fylgdu með sem sýndu hvar hver einstakur átti að vera til að auðvelda uppsetningu. Ekki er úr lagi að segja að þegar grunnurinn, steinsteypa gólfíð, veggirnir og loftið eru undanskilin hafi byggingin verið fullsmíðuð á erlendri grund og síðan reist innanlands.

Ekkert verkefni sem Shoghi Effendi tók sér fyrir hendur sýnir betur frumleika hans, sjálfstæði gagnvart skoðunum og áliti annarra og

einbeittan vilja hans til að gera hlutina hratt og vel. Fyrst eyddi hann miklum tíma í að mæla út stærð landsins þar sem minjasafnið átti að standa, reikna staðsetninguna ítrekað út uns hann var loks ánægður með hana; síðan byrjaði hann að fegra allt svæðið fyrir framan hana, leggja göngustíga, planta trjám og grasflötum. Hann sagði síðan Leroy Ioas, sem átti að hafa yfirumsjón með verkinu (líkt og Ugo Giachery hafði yfirumsjón á Ítalíu), að byrja þyrfti á aftari hluta byggingarinnar til þess að framhliðin féll inn í garðana sem voru umhverfis hana alla á þrjá vegu og það þýddi að sjálft vinnusvæðið var aðeins fimm metrar! Niðurstaðan var sú að byggingin reis í vel hirtu og þroskuðu umhverfi garðanna—ekkert yfirgefið og niðurtroðið svæði var í kringum hana og hún leit út eins og hún hefði staðið þarna árum samans. Þökk sé forsjóninni að Verndaranum skyldi hafa tekist að ljúka öllu þessu verki af óaðfínanlegri smekkvísi og auga fyrir hlutföllum áður en hann féll frá. Reyndar var allur undirbúningur hans svo fullkominn að þegar tími kom til að fylla minjasafnið húsgögnum og listmunum sem hann sjálfur hafði keypt var nánast allt sem þurfti tilbúið. Hægt var að koma fyrir minjagripum og ýmsum munum sem höfðu sögulegt gildi og sem hann hafði safnað af slíkri natni fyrir stærra og minna minjasafnið á þeim stöðum sem hann hafði valið þeim, að mestu leyti eins og hann hefði gert það sjálfur.

Síðustu Ríðván boð Shoghi Effendi til bahá'í heimsins endurspegluðu glöggt gleði hans yfir minjasafnsbyggingunni sem hann átti allan heiðurinn af. Eftir að hafa tilkynnt verklok við hana skrifaði hann að hún „stuðlaði á fordæmalausan hátt, með litbrigðum sínum, klassískum stíl og þokkafullum hlutföllum og í samspili við tignarlega, gullkrýnda grafhýsið sem rís handan hennar, að stigvaxandi dýrð miðlægra stofnana heimstrúarinnar sem eiga sér samastað í hjarta heilags fjalls Guðs.“

Í boðum til Bahá'í heimsins 27. nóvember 1954—sem Verndarinn tengdi aftur ártíð síns elskaða Meistara—fjallar Shoghi Effendi um þýðingu þessarar byggingar og segir að tekist hefði loks að tryggja langþráða landareign og að hún myndi gera það mögulegt að halda áfram byggingu alþjóðlega bahá'í minjasafnsins. Hann segir: „Þessi bygging er að sínu leyti forboði þess að á næstu tímasteiðum mótunaráldar trúarinnar munu rísa allmargar aðrar byggingar sem þjóna sem stjórnarfarslegt aðsetur Handa málstaðarins og Allsherjarhúss réttvísinnar. Þessar byggingar munu í formi víðáttumikils boga og í

samræmdum byggingarstíl hverfast um legstaði Hins helgasta laufs sem er fremsti fulltrúi kvenna í bahá'í trúarkerfinu, bróður hennar sem Bahá'u'lláh gaf sem lausnargjald fyrir endurlífgun og sameiningu heimsins, og móður þeirra sem Bahá'u'lláh sagði að yrði „*förunautur sinn í öllum veröldum Guðs*.“ Lokaframkvæmd þessa völduga verks verður hámarkið í þróun hnattræns og guðlega fyrirhugaðs stjórnskipulags en upphaf þess rekja má allt til lokaára hetjualdar trúarinnar.“

Þessi víðáttumikli bogi sem Shoghi Effendi hafði mælt mjög nákvæmlega út í hlíðum Karmfjalls liggur í sveig ofan við legstaði nánustu ættingja 'Abdu'l-Bahá. Við upphaf hans hægra megin stendur minjasafnið. Í síðustu Riðván boðum sínum 1957 útskýrði Shoghi Effendi þýðingu þessa mikla boga. Hann sagði að „áætluninni um stækkun og lokaframkvæmdir við bogann, sem þjónar sem undirstaða að framtíðar uppbyggingu stjórnarfarslegra miðstöðva bahá'í heimsins, er lokið og árangur hennar fulltryggður.“

HEIMSMIÐSTÖÐIN Í MÓTUN

Verndarinn lagði mikla áherslu á landakaup allan þann tíma sem hann gegndi embætti. Með kaupum á landareignum í Haifa og Bahjí lagði hann grundvöllinn að meiriháttar framkvæmdum, þar á meðal yfirbyggingunni á grafhýsi Bábsins, byggingu minjasafnsins, stöllum á Karmel-fjalli og mörgum öðrum verkefnum. Áður en hann lést hafði honum tekist að skapa mikil varnarsvæði kringum hið helgasta grafhýsi Bahá'u'lláh og umhverfis grafhýsi Bábsins, þar sem 'Abdu'l-Bahá hvílir einnig, sem og legstaði móður hans, systur og bróður. Auk þess hafði hann valið og keypt land á Karmel-fjalli sem á eftir að verða aðsetur þess bahá'í musteris framtíðarinnar sem reisa á í landinu helga. Það gefur okkur hugmynd um afrek hans á þessu eina sviði þegar við minnumst þess að við fráfall 'Abdu'l-Bahá var stærð bahá'í landareigna á Karmel-fjalli tæplega 10.000 fermetrar og að Shoghi Effendi hafði stækkað þetta svæði í 230.000 fermetra árið 1957 auk þess sem hann stækkaði svæðið umhverfis Bahjí úr 1000 fermetrum árið 1921 í 257.000 fermetra 1957. Vegna örlætis einstakra bahá'ía og með dánargjöfum þeirra, viðbrögðum þeirra á krepputímum og notkun sjóðanna sem hann hafði yfir að ráða við Heimsmiðstöðina tókst Shoghi Effendi að kaupa landareignir af þeirri stærðargráðu sem þessar tölur endurspegla og gjörbreyta þannig stöðu trúarinnar við Heimsmiðstöðina.

Í maí 1931 sendi Verndarinn Andlegu þjóðarráði bahá'ía í Bandaríkjunum og Kanada eftirfarandi símskeyti: „Ameríska ráðið hefur fengið löggildingu sem viðurkennt trúfélag í Palestínu og getur átt eignir sem fjárvörsluaðili amerísku átrúendanna. Sendi í pósti afsal fyrir eign sem þegar er skráð í þeirra nafni. Orðstír trúarinnar hefur aukist mjög og undirstöður hennar styrkst. Ástarkveðjur.“ Þetta var fyrsta skrefið í stofnun Palestínudeilda—sem síðar urðu Ísraelsdeildir—ýmissa þjóðarráða og skráningu bahá'í eigna í landinu helga í þeirra nafni. Þótt ráðstöfunarréttur þessara eigna væri

algjörlega í höndum Heimsmiðstöðvarinnar jókst hróður trúarinnar mjög við þessa aðgerð, helgistaðir hennar nutu aukinnar verndar og styrks, einkenni hennar sem heimstrúarbragða fengu á sig skýrari mynd í augum stjórnvalda og bahá'í þjóðarsamfélögin fengu uppörvun og þeim jókst ásmegin. Skilaboð Shoghi Effendi varðandi þessi mál endurspeglar skýrt stefnuna sem hann hafði markað og ástæður hennar: „Palestínudeild indverska þjóðarráðsins hefur verið stofnuð. Óska átrúendum á Indlandi og í Búrma til hamingju með löggildingu þjóðaráðs þeirra sem lögformlegrar stofnunar í bahá'í heiminum austanverðum...“ „...viðurkenningu á framúrskarandi þjónustu sem stöðugt hefur aukið við afrekaskrá fremsta samfélags bahá'í heimsins má sjá í undirbúningi að yfirfærslu stórrar og verðmætrar eignar sem keypt hefur verið í nágrenni grafhýsanna á Karmel-fjalli til Palestínudeildar ameríska ráðsins...“ „Allt verður gert í landinu helga í virðingarskyni við þann framúrskarandi anda sem átrúendurnir í Ástralíu og Nýja Sjálandi hafa sýnt og við þrotlaust og lofsvert starf þeirra... til að flýta skráningu á hluta alþjóðlegra bahá'í eigna á nafn nýstofnaðrar Ísraelsdeildar ráðs ykkar. Þetta mun strax verða ráði ykkar að miklu andlegu og efnislegu gagni og styrkja tengsl þess við Heimsmiðstöðina...“

Þegar Shoghi Effendi lést hafði hann þegar sett á stofn níu slíkar deildir, þ.e. í nafni Bandaríkjanna, Kanada, Ástralíu, Nýja Sjálands, Bretlands, Íran, Pakistan, Alaska og andlegs þjóðarráðs bahá'ía á Indlandi og í Búrma.

Þegar Shoghi Effendi hafði látið reisa viðbótarrými þrjú við grafhýsi Bábsins og lokið endurnýjun á setri Bahá'u'lláh hafði hann gefið áþreifanlegan vitnisburð um svæðisbundinn styrk bahá'í samfélagsins, auk þess sem hann sannaði fyrir breskum yfirvöldum með þeim sigrum sem hann vann á sáttmálsbrjótunum að bahá'íar um allan heim stóðu þétt að baki honum. Hann byrjaði að fá ríki og bæ til að veita bahá'í helgistöðum undanþágu frá opinberum gjöldum. Það var ekki eins erfitt að fá slíka undanþágu fyrir byggingar, sem augljóslega voru helgistaðir sem pílgrímar heimsóttu, og það var að fá samskonar undanþágu fyrir sífellt stærri landssvæði í eigu trúarinnar, sem mestmegnis voru skráðar í nafni einstaklinga. Hið opinbera vildi ógjarnan sjá á bak tekjulindum sínum og óttaðist jafnan mjög að þannig skapaðist fordæmi sem önnur samfélög myndu síðan notfæra sér. Í ljósi þessa var varanleg undanþága frá hverskonar skattlagningu, þar á meðal tolli, vissulega mikið afrek

sem Shoghi Effendi vann í þágu bahá'í eigna um allt land. Mestu sigrarnir á þessu sviði unnust á tímum bresku landstjórnarinnar en ríkisstjórn Ísraels samþykkti þá lögformlegu stöðu sem bahá'íar höfðu öðlast fyrir stofnun Ísraelsríkis 1948.

Þegar Shoghi Effendi hóf tilraunir sínar í byrjun fjórða áratugarins til að tryggja þessa viðurkenningu stjórnvalda naut hann mikillar aðstoðar Sir Arthur Wauchopes, sem þá var landstjóri Palestínu. Af bréfum hans til Shoghi Effendi að dæma virðist hann hafa verið háttvís og göfuglyndur maður. Þann 26. júní 1933 skrifaði hann til Verndarans: „Ég hef fengið bréf yðar frá 21. júní og vil strax þakka yður það og fullvissa yður um að þegar málinu sem þér nefnið verður vísað til mín til ákvörðunar samkvæmt tilskipun Palestínuráðsins (fyrir helgistaði) mun ég gefa því fyllsta gaum.“ Næstum ári síðar, þann 10. maí 1934, sendi Shoghi Effendi eftirfarandi símskeyti til Ameríku: „Langvinnar samningaviðræður við palestínsk stjórnvöld hafa borið árangur í undanþágu frá opinberum gjöldum fyrir allt svæðið sem umlykur grafhýsin á Karmel-fjalli.“ Hann gaf í skyn að hann teldi þetta skref jafngilda „óbeinni viðurkenningu á helgi alþjóðlegrar miðstöðvar trúarinnar . . .“ Í þessu sambandi eru til tvö bréf, annað dagsett 16. maí 1934 frá Sir Arthur til Shoghi Effendi. Þar segir hann: „Ég vona að þessi undanþága komi yður að notum þegar þér haldið áfram yðar góða verki“. Hitt bréfið er frá Shoghi Effendi til Sir Arthurs, dagsett 6 dögum áður, en þar segir hann: „Ég hef fengið þær góðu fréttir frá héraðsstjóranum í Haifa að stjórnin hafi fallist á beiðnina um undanþágu frá opinberum gjöldum á bahá'í eignir á Karmel-fjalli.“ Hann heldur áfram og lýsir hjartanlegu þakklæti sínu og bahá'íanna fyrir þann virka áhuga sem landstjórinn sýni þessu máli og segir að ákvörðunin opni leið „fyrir áform okkar um fegrun þessara eigna með tímanum til gagns og ánægju fyrir borgarbúa í Haifa . . .“

Þessi farsælu málalok gefa enga hugmynd um það sem Shoghi Effendi þurfti að ganga í gegnum þegar hann var að kaupa eignir fyrir Heimsmiðstöðina, fá undanþágu frá opinberum gjöldum og tryggja verndun þessara eigna. Í símskeytinu sem sent var ameríska þjóðarráðinu 28. mars 1935 gefur að líta eitt ótalmargra dæma um hvað átti sér stað: „Samningur undirritaður um kaup og yfirlærslu Dumits eignarinnar sem er á miðju svæðinu sem helgað er grafhýsinu á Karmel-fjalli. Yfirlærsla Dumits eignarinnar til Palestínudeildar ameríska ráðsins. Horfið frá málaferlum varðandi beiðni bahá'í heimsins til

landstjóra Palestínu. Eigendur vilja fá fjögur þúsund pund. Helmingur þeirrar upphæðar er til reiðu. Vilja amerísku átrúendurnir í sameiningu leggja fram þúsund pund fyrir maí lok og þau þúsund pund sem eftir standa innan níu mánaða. Ég finn mig til þess knúinn að höfða til alls ameríska samfélagsins um að láta knýjandi og mikilvægustu hagsmuni Heimsmiðstöðvarinnar hafa forgang fram yfir þjóðarhagsmuni.“ Þessu svaraði ameríska ráðið tveimur dögum síðar þannig að ameríska bahá'í samfélagið „muni heilshugar nýta sér þau dýrlegu forréttindi sem Verndarinn elskaði veitir því“.

Shoghi Effendi kallaði landið helga oft „hjarta og taugamiðstöð trúarinnar“. Að vernda það, þróa og efla orðstír þess var hluti af störfum hans sem Verndara trúarinnar. Auk opinbers sambands hans við stjórnvöld ríkis og bæjar var hann í vinsamlegu sambandi við marga sem ekki voru bahá'íar, bæði framámenn og aðra. Sú heimsumlykjandi sýn sem einkenndi Verndarann svo mjög, fullkominn skortur hans á fordómum eða ofstæki, samúð hans, velvild og háttvísi, allt kemur þetta fram í bréfum hans og skeytum til þessa fólks. Fyrst á embættisferli sínum átti hann í langvarandi bréfaskiptum við Alexander stórhertoga af Rússlandi og það er augljóst af tóntegundinni í bréfum hans að honum féll vel við stórhertogann. Hann ávarpaði hann: „Minn sanna bróðir í þjónustu Guðs!“, „Kær bróðir minn í ást Guðs!“ Stórhertoginn hafði mikinn áhuga á hreyfingu sem hann nefndi „Einingu sálnanna“ og Shoghi Effendi hvatti hann: „Ég verð sífellt hrifnari“, skrifar hann, „af því hversu sláandi lík markmið okkar og meginreglur eru og ég bið hinn almáttuga þess að blessa þjóna sína í þjónustu við málstað þjáðs mannkyns.“ Í bréfi til Verndarans skrifar stórhertoginn: „... Ég verð að játa fyrir þér, minn kæri bróðir og samverkamaður, að ég verð stöku sinnum fyrir vonbrigðum... vald þeirra illu afla sem steðja að meirihluta mannkyns er uggvænlegt.“ Shoghi Effendi svarar þessu mjög fallega: „... Ég fullvissa kæran samverkamann minn í þjónustu Guðs að oft þyrmir yfir mig þegar ég sé hvernig flóðbylgja grófrar og eigingjarnar efnishyggju rís og hótar að færa allan heiminn í kaf og ég tel að hversu erfitt sem sameiginlegt verkefni okkar kann að verða beri okkur að halda áfram, sýna þolgæði allt til enda og biðja þess heitt og stöðugt að eilífur andi Guðs megi fylla svo sálir mannanna að þeir rísi upp með nýrri sýn á þjónustu og hjálpræði mannkyns. Ég tel að bæn og stöðug viðleitni einstaklingsins verði að eflast og njóta meiri viðurkenningar á þessum dimmu og mótdrægu tímum...“

Shoghi Effendi var ekki aðeins í sambandi við Marie Rúmeníu-drottningu og nokkra ættingja hennar heldur einnig annað konungborið fólk, til dæmis Marinu Grikklandsprinsessu, sem síðar varð her-togaynjan af Kent, og Kadriu Egyptalandsprinsessu. Shoghi Effendi var vanur að senda mörgum þeirra, auk annarra framámanna eins og Lamington lávarði, nokkrum fyrrverandi landstjórum Palestínu, Austurlandafræðingum, háskólamönnum, kennurum og öðrum, eintök af síðustu bindum *Bahá'í World* eða eina af nýútkomnum þýðingum sínum ásamt nafnspjaldi. Þetta voru í rauninni einu skiptin sem hann notaði nafnspjöldin sín því þau virtust í augum hans aðallega þjóna hlutverki minnisblaða þar sem hann gat hripað hjá sér atriði sem hann þurfti að muna! Hann gætti þess ætíð vandlega — meðan samskiptin einkenndust af gagnkvæmri kurteisi og virðingu — að senda samúðarkveðjur til kunningja sem misst höfðu ættingja þar sem hann tjáði þeim „innilega samúð“ vegna „mikils missis“ þeirra. Slík skilaboð voru oft send sem símskeyti. Þau snertu viðtakendur þeirra djúpt og juku á orðstír hans og hróður meðal þeirra sem var í engu samræmi við þá mynd sem sáttmálsbrjótarnir reyndu að draga upp af honum. Hann sendi fólki einnig oft hamingjuóskir í tilefni giftingar eða stöðuhækkunar.

Auk þessara persónulegu tengsla var Shoghi Effendi í miklu meiri samskiptum við ákveðin samtök utan bahá'í trúarinnar en flestir telja. Þetta átti sérstaklega við um esperantista sem höfðu þann tilgang einan að uppfylla bahá'í meginregluna um upptöku allsherjarhjálpungumáls í þágu heimsfriðar. Við eigum eintök af persónulegum skilaboðum hans til alþjóðáþinga esperantista sem haldin voru 1927, 1928, 1929, 1930 og 1931. Enginn vafi leikur á því að hann sendi mörg slík skilaboð og skeyti við önnur tækifæri. Shoghi Effendi svaraði ekki aðeins með hlýju og alúð þegar leitað var til hans heldur tók hann sjálfur oft frumkvæðið og sendi bahá'í fulltrúa sem hann valdi sjálfur á ýmsar ráðstefnur sem höfðu sömu hagsmuna og áhugamála að gæta og bahá'í samfélagið. Hann skrifaði til alþjóðlegrar ráðstefnu esperantista 1927, að Martha Root og Julia Goldman myndu sækja ráðstefnuna í Danzig sem sérlegir fulltrúar bahá'í trúarinnar og að hann treysti því að þetta „muni styrkja vináttubönd milli esperantista og fylgjenda Bahá'u'lláh, sem setti fram „meginreglu þar sem ráð er gert fyrir . . . upptöku allsherjar hjálpungumáls fyrir allt mannkynið.“ Í bréfi sem stílað er til fulltrúa og vina sem sóttu þetta nítjándá alþjóðáþing esperantista skrifar hann:

Kæru samverkamenn í þjónustu mannkyns

Það veitir mér mikla ánægju að ávarpa ykkur og óska ykkur af hugheilu hjarta mikils árangurs í starfinu sem þið eruð að vinna í þágu hagsmuna mannkyns.

Ég er þess fullviss að það veki áhuga ykkar að heyra að vegna endurtekinnna og eindreginna hvatninga 'Abdu'l-Bahá hafa margir fylgjendur hans jafnvel í fjarlægustu bæjum og þorpum Persíu sem ljós vestrænnar siðmenningar hefur varla náð til ennþá, og í öðrum löndum austursins, verið uppteknir, fullir áhuga og leggja hart að sér að læra Esperanto og ala með sér björtustu vonir um framtíð þess máls . . .

Verndarinn var sjálfur mikils metinn af mörgum sem unnu að hugsjónum svipuðum þeim sem bahá'íum eru kærar. Sir Francis Younghusband skrifaði honum 1926 í sambandi við Heimsþing trúarbragðanna: „Nú langar mig til að biðja yður um mikinn greiða. Enn einu sinni vil ég að reyna að telja yður á að koma til Englands og sækja þingið. Nærvera yðar hér myndi hafa mikil áhrif og yrði mjög mikils metin. Og við myndum mjög fúslega greiða þann kostnað sem það kynni að hafa í för með sér fyrir yður.“ Verndarinn tók ekki þessu boði en sá til þess að fyrirlestur um bahá'í trúna var haldinn þar. Hann mat það svo að hans eigin áætlanir og vinna kæmu í veg fyrir að hann gæti opnað þessar dyr.

Árið 1925 bauð framkvæmdastjórn Síonista í Jerúsalem honum að taka þátt í viðburði í sambandi við stofnun háskóla þar. Shoghi Effendi sendi þeim símskeyti þann 1. apríl: „Met mikils vinsamlegt boð ykkar og harma að ég get ekki verið viðstaddur. Bahá'íar vona og biðja fyrir því að stofnun þessa lærdómsseturs megi verða veigamikil framlag til endurlífgunar lands sem geymir svo helgar minningar fyrir okkur og sem 'Abdu'l-Bahá batt miklar vonir við.“ Þessu skeyti var svarað með vingjarnlegum orðum: „Framkvæmdastjórn Síonista metur mikils hlýlegt skeyti yðar og góðar óskir. Við treystum því að hinn nýstofnaði háskóli muni leggja sitt af mörkum, ekki aðeins til þróunar vísinda og lærdóms heldur einnig til ríkari skilnings manna á milli en einmitt þeirri hugsjón hafa bahá'íar þjónað svo vel.“ Tuttugu og fimm árum seinna var þessi vinátta ennþá lifandi og í fullu gildi: „Hebreski háskólinn er mjög þakklátur fyrir 100 punda ávísun sem er framlag hæstvirts Shoghi Effendi Rabbani, til starfsins sem unnið er í þessari stofnun . . . Það gleður okkur að vita að þér skulið þekkja til þessa starfs og meta það að verðleikum eins og þessi góða gjöf beri vitni um . . .“

Símskeyti frá Shoghi Effendi sem sent var til Indlands í desember 1930 vekur sérstaka athygli vegna þess að það sýnir af hve mikilli blíðu hann minntist, allt til dauðadags, Hins helgasta laufs í þeim skeytum sem gáfu sérstakt tilefni til þess: „Fullvissa indversku og asísku kvennaráðstefnuna um ósvikinn og djúpan áhuga Hins helgasta laufs, systur ‘Abdu’l-Bahá, og mín sjálfs á umræðum sem þar fara fram. Megi almáttugur Guð leiðbeina og blessa háleita viðleitni þeirra“.

Auk umfangsmikilla bréfaskipta við frammámenn og ýmis samtök var Shoghi Effendi vanur að taka á móti ýmsum merkismönnum á heimili sínu. Má þar nefna Samuel lávarð og konu hans, Sir Ronald Storrs, annan vin ‘Abdu’l-Bahá, Moshe Sharett, sem síðar varð einn af virtustu og ástsælustu embættismönnum Ísrael, prófessor Norman Bentwich og marga rithöfunda, blaðamenn og þekkt fólk.

Hversu mikilvæg sem slík samskipti voru höfðu tengsl Verndarans við embættismenn við Heimsmiðstöðina langmesta þýðingu, hvort sem það var á tímum bresku landstjórnarinnar í Palestínu eða síðar að loknu sjálfstæðisstríðinu og eftir stofnun Ísraelsríkis. Þótt þessi samskipti við fulltrúa beggja stjórna væru vinsamleg leikur enginn vafi á því að þau hefðu verið miklu vinsamlegri og komið miklu meiru til leiðar hefði ekki verið fyrir stöðugan og lævísan undirróður hverskyns óvina trúarinnar, hvort heldur sem um var að ræða óvinveitta bahá’ía eða afbrýðisama meðlimi annarra trúarhópa. Við þetta bættist sú staðreynd að flesta aðstoðarmenn Shoghi Effendi skorti hæfni. Eitt sinn hafði hann á orði við mig hve sorglegt það væri að svo margt gott fólk skorti góða dómgreind og svo margt gáfað fólk skorti góðan karakter. Hann sagði að það fullkornasta væri góð persóna sem jafnframt hefði góðar gáfur til að bera. Sem Verndari hafði hann mikið af hvoru tveggja til brunns að bera en hann fann mjög sjaldan hjá þeim sem þjónuðu honum þá eiginleika sem hann þráði og þurfti á að halda. Ég minnst þess að við eitt tækifæri sagði hann mér frá persneskum málshætti sem segir að betra sé að eiga vitran óvin en fávísan vin! Dæmi um það sem Verndarinn þurfti að kljást við var athugasemd sem ég heyrði frá einum meðlimi fjölskyldu hans. Hann sagði að Englendingur einn – og ekki hver sem er – hefði sagt honum að hann vildi gjarnan heimsækja Shoghi Effendi. Fjölskyldumeðlimurinn svaraði því til að honum væri velkomið að gera það en hann mætti ekki búast við að Verndarinn endurgylti heimsóknina því hann legði slíkt ekki í vana sinn. Auðvelt er að sjá hvernig óháttvísi og hugsunarleysi af þessu tagi

reisti múra misskilnings utan um Shoghi Effendi sem ásamt hvískri og þískri raunverulegra óvildarmanna urðu til þess að almenningur fékk af honum ranga mynd og sá hann í óvinsamlegu ljósi. Hefði maðurinn hitt Shoghi Effendi hefði hann hrifist svo mjög að hann hefði ekki leitt hugann að því hvort Verndarinn myndi endurgjalda þá heimsókn eður ei. En eftir að hafa heyrt þetta kom hann auðvitað aldrei nálægt Verndaranum. Dómgreind Verndarans sjálfs var samt svo fullkomin að með strangri leiðsögn til verðandi samverkamanna og undirmanna tókst honum þrátt fyrir nánast vonlausar aðstæður að vinna kraftaverk. Sjálfur hafði hann ekki brenglaða dómgreind og sá í gegnum þá sem það höfðu og þrýsti því ekki á málefni óviturlega á röngum tíma eða lenti í vef höfnunar sem gæti leitt málstaðinn í langvarandi ógöngur.

Þegar maður leiðir hugann að því hver Shoghi Effendi var, upphafinni stöðu hans og hæfni, hlýtur maður að harma það sárlega að honum var meinað um samneyti við stórmenni þessa heims sem að minnsta kosti að einhverju leyti hefðu getað orðið honum uppörvandi og áhugaverður félagsskapur. Athugasemdir sem hann beindi til mín bentu oft til þess að hann fyndi fyrir skorti á slíkum tengslum í lífi sínu. Shoghi Effendi sá mjög auðveldlega í gegnum fólk og þessari glöggskyggni hans væri betur lýst sem guðlegs eðlis en mannlegs.

Frá upphafi reyndi Shoghi Effendi í öllum samskiptum sínum við embættismenn ríkis og sveitarfélaga að gera þeim ljóst að trúin væri sjálfstæð heimstrúarbrögð og að varanleg andleg og stjórnarfarsleg miðstöð hennar væri í landinu helga. Hann varði þrjátíu og sex árum til að fá stjórnvöld til að viðurkenna og veita trúnni þau réttindi sem slík staða verðskuldaði. Ein hlið þessa máls var að við opinber tækifæri nyti hann sjálfur þess forgangs sem honum bar sem leiðtoga slíkrar trúar, staða sem hann hafði fengið í arf. Af ýmsum ástæðum, svo sem smæð bah'í samfélagsins í Palestínu, ögrun sáttmálsbrjótanna við vald hans og myndugleika strax eftir fráfall Meistarans, tregðu allra borgaralegra yfirvalda að blanda sér í trúarleg málefni, voru bæði bresk og ísraelsk stjórnvöld andsnúin því að veita Shoghi Effendi þá virðingu og þann forgang sem einstætt embætti Verndarans gerði tilkall til. Af þessum ástæðum forðaðist hann jafnan með örfáum undantekningum að sækja opinberar athafnir. Þegar við minnumst þess að frá því 'Abdu'l-Bahá kom til Akka 1868 og þar til hann lést 1921 steig hann aldrei fæti í Jerúsalem vegna þess, eins og Shoghi Effendi sagði, að hann hefði ekki notið þeirrar virðingar sem upphafinni stöðu hans sæmdi og söguleg

þýðing heimsóknar hans til Jerúsalem verðskuldaði. Að hann forðaðist ávallt að fara þangað gefur okkur nokkra hugmynd hvað var í húfi í þessari baráttu.

Snemma á embættisferli sínum varð Shoghi Effendi fyrir reynslu sem sýndi honum hvaða gildirur gátu falist í að þiggja boð, sem borgaryfirvöld sendu honum um að vera viðstaddur heimsókn háttsettra embættismanna til Haifa. Hann sagði mér að hann hefði sótt eina slíka móttöku sem héraðsstjórinn hélt til heiðurs landstjóranum. Þegar Verndarinn kom inn í salinn sat landstjórinn fyrir miðju við enda salarins og eini lausi stóllinn var við hægri hlið hans. Shoghi Effendi gekk hiklaust að stólnum og settist þar. Hann var hinsvegar frátekinn fyrir héraðsstjóranum sem vildi ekki biðja Verndarann að standa upp í allra áheyrn. Því var komið með annan stól fyrir þennan embættismann. Shoghi Effendi vissi vel að slíkt myndi aldrei líðast við aðrar svipaðar athafnir og hann sótti aldrei aftur slíka athöfn.

Í bréfi til Stewart B. Symes ofursta, fyrrverandi ríkisstjóra í Haifa sem nýlega hafði verið fluttur til Jerúsalem og skipaður aðalritari Palestínustjórnarinnar virðist Shoghi Effendi gefa í skyn hverskonar þverstæða blasti við honum. Í bréfi frá 17. maí 1925 óskaði hann Symes ofursta til hamingju með nýja embættið. Svo virðist sem Symes ofursta hafi komið í opinbera heimsókn til Haifa því Verndarinn skrifar honum aftur þann 25. maí og segir: „Með hliðsjón af ýmsum málefnum sem upp koma vegna þess að staða bahá'í samfélagsins hefur ekki ennþá verið skilgreind finn ég mér til mæðu og sorgar að ég get ekki tekið persónulegan þátt í ýmsum opinberum athöfnum sem haldnar verða yður til heiðurs. Mér er því meinað um þá miklu ánægju og forréttindi að hefja upp rödd mína, ekki aðeins í nafni samfélagsins hér heldur einnig af hálfu bahá'í um allan heim, til að lýsa þakklæti fyrir þá velvild og sterku réttlætiskennd sem hafa einkennt viðhorf yðar gagnvart þeim ýmsu vandamálum sem sköpuðust vegna skyndilegs fráfalls 'Abdu'l-Bahá. Ég er þess fullviss að þér gerið yður grein fyrir að þvinguð fjarvist mín frá þessum almennu athöfnum er engan veginn til marks um skort á einlægni og vináttu gagnvart stjórnarfulltrúa sem bahá'íar hafa fulla ástæðu til að líta á með djúpri virðingu og miklu trausti.“ Hann heldur áfram og býður ofurstanum, eiginkonu hans og móður hennar í te í görðunum. Hann segir að ef ekki sé hægt að koma þessu við muni hann sjálfur heimsækja þau persónulega. Athyglisvert er að sjá að næstum aldarfjórðungi síðar þegar svipaðar aðstæður komu upp



VERNDARINN EFTIR HEIMKOMUNA TIL HAIFA

Shoghi Effendi með Ismail Aqa, gömlum garðyrkjumanni 'Abdu'l-Bahá. Myndin er tekin í garðinum við heimili Meistarans 1921



The Baha'i teaching brings peace and understanding.
It is like a wide embrace gathering together all those who have long searched for words of hope. It accepts all great prophet's gone before, it destroys no other creeds and leaves all doors open.
Gaddened by the continual strife amongst believers of many confessions and weary of their intolerance towards each other, I discovered in the Baha'i teaching the real spirit of Christ so often denied and misunderstood:
Unity instead of strife, Hope instead of condemnation, Love instead of Hate, and a great reassurance for all men.

Marie.

RITHÖND MARÍU RÚMENÍUDROTTNINGAR

Efri myndin er af umslaginu sem innihélt fyrsta bréfið sem Rúmeníudrottning sendi Shoghi Effendi frá Bran eftirlætisverustað sínum, 27. ágúst 1926. Neðri myndin er af skriflegum vitnisburði hennar hátignar um þýðingu bahá'í kenninganna.



RITHÖND SHOGHI EFFENDI

Til vinstri er útdráttur úr bréfi til bahá'ía í Austurlöndum, dagsett í nóvember 1927 varðandi þjónustu Mörtu Root. Til hægri eru nokkrar tilvitnanir úr Huldum orðum.



SAFARI

Bifreiðin sem Shoghi Effendi ferðaðist í Austur Afríku 1929
í fylgd ensks veiðimanns.



LJÓSMYND VERNDARANS

Dæmigert fallett afrískt þorp leirhúsa. Myndina tók Shoghi Effendi þegar hann fór yfir meginland Afríku frá Höfðaborg til Kaíró 1929.



FERJA Á ÁNNI NÍL

Ferja dregin gegnum papýrusfen á Níl 1929.
Ljósmyndina tók Shoghi Effendi.



VIKTORÍUFOSSAR Í ZIMBABWE (RÓDESÍU) 1929
Meistaraleg mynd Shoghi Effendi af einu stærsta vatnsfalli
í heimi í Zimbabwe í Afríku.



MYNDIR FRÁ AFRÍKU

Efri mynd: Ljósmynd Shoghi Effendi af risastóru baobab tré í grennd við Viktoríufossa. Neðri mynd: Verndarinn við grafreit Cecil Rhodes 1929.

í tengslum við fyrstu heimsókn Ben Gurions forsætisráðherra til Haifa, tók Shoghi Effendi sömu afstöðu til hans og af sömu ástæðum.

Verndarinn var í miklu vináttusambandi við Symes ofursta. Hann var enginn annar en sá ríkisstjóri í Föníkíu sem hélt ávarp við útför Meistarans og sótti fjörutíu daga fundinn á heimili hans. Það var til Symes ofursta sem Shoghi Effendi skrifaði þann 5. apríl 1922 þegar hann fór brott frá Ísrael: „Þar eð ég neyðist til að fara frá Haifa af heilsufarsástæðum hef ég skipað systur ‘Abdu’l-Bahá, Bahíyyih Khánum, fulltrúa minn meðan ég er fjarverandi.“ Hann heldur áfram og segir: „Henni til aðstoðar við stjórnun málefna bahá’í hreyfingarinnar í þessu landi og annarsstaðar hef ég einnig skipað nefnd eftirfarandi bahá’ía [átta manns úr svæðissamfélaginu, þrír þeirra tengdasynir ‘Abdu’l-Bahá]...Formaður þessarar nefndar sem meðlimir hennar munu brátt kjósa og Bahíyyih Khánum mun staðfesta með undirskrift sinni að ég gef þeim umboð til að annast öll málefni sem þarfnast skoðunar og ákvörðunar meðan ég er í burtu. Mér þykir mjög fyrir því að geta ekki hitt yður áður en ég fer til þess að geta sagt yður hve mjög það gleður mig að vita að þér munið í krafti réttlætiskenndar yðar standa vörð um hagsmuni málstaðar Bahá’u’lláh hvenær sem þess gerist þörf.“

Hjartanlegt samband Symes og Shoghi Effendi og mikið álit hans á landstjóranum kemur fram í bréfi sem hann skrifaði til hans þegar hann sneri aftur: „Það er ánægjuleg skylda mín að skýra yður frá því að ég er kominn aftur til landsins helga eftir langan hvíldar- og hugleiðslutíma og er nú aftur byrjaður að sinna embættisstörfum mínum.“ Hann heldur áfram og segir: „Eftir fráfall míns ástkæra afa hef ég verið of örmagna og yfirþyrmdur af sorg til þess að geta sinnt málefnum bahá’í hreyfingarinnar á virkan hátt. Ég er nú hress og endurnærður og í aðstöðu til að hefja aftur erfið skyldustörf mín. Ég vil nota þetta tækifæri til að lýsa hjartanlegu þakklæti mínu fyrir þann skilning og alúð sem þér hafið sýnt hreyfingunni meðan ég var í burtu.“ Næsta málsgrein bréfsins lýsir óvenjulega hlýjum tilfinningum: „Það er mér mikil ánægja og forréttindi að endurnýja kunningsskap minn við yður og frú Symes og ég er þess fullviss að þetta samband mun styrkjast með tímanum vaxa og verða að hlýrri og varanlegri vináttu.“ Shoghi Effendi lauk bréfinu með „bestu kveðjum og árnaðaróskum“ og undirritaði það einfaldlega „Shoghi“. Symes ofursta var síðar aðlaður af bresku stjórninni og gerður að yfirlandstjóra Súdan áður en síðari

heimsstyrjöldin hófst og meðan á henni stóð. Bréfaskiptin við hann stóðu í mörg ár, jafnvel eftir að hann hafði látið af embætti.

Árið 1927 skrifaði Shoghi Effendi til hans: „Ég leyfi mér yður til upplýsingar að senda afrit af síðustu skilaboðunum sem send voru bahá'íum á Vesturlöndum varðandi ástandið í Egyptalandi . . . Það er okkur mikil uppörvun að hugsa til þess að þegar við okkur blasa svo margvísleg viðkvæm og flókin málefni skuli Palestína lúta stjórn sem knúin er háleitustu hvötum sanngirni og réttlætis og sem við bahá'íar höfum ærna ástæðu til að meta mikils og vera þakklát fyrir. Það gleður mig að yður skuli hafa fundist bahá'í árbókin áhugaverð . . .“ og aftur endar hann bréfið með að senda honum og frú Symes hlýjstu kveðjur sínar. Þann 27. desember 1935 skrifar Symes (sem nú er orðinn Sir Stewart) til Shoghi Effendi frá „Höllinni, Khartoum“: „Kærar þakkir fyrir vingjarnlega jólakveðju þína og fyrir Bókina . . .“ Og hann skrifar aftur frá Súdan ári síðar, þann 9. apríl 1936: „Þakka yður fyrir af hafa sýnt mér þá vinsemd að senda mér fimmta bindið af Bahá'í World. Ég óska þess að eitthvað af bahá'í andanum megí ná inn á vettvang þjóðlegra og alþjóðlegra málefna! Ég treysti því að allt gangi vel hjá yður og í starfi yðar . . .“

Síðasta bréfið frá honum í skjalasafni Shoghi Effendi var skrifað í júlí 1945 og ber vitni um það hve traust tengsl Shoghi Effendi voru við þá sem hann umgekkst og brugðust við honum af sömu hlýju og kurteisi sem hann var ætíð reiðubúinn til að sýna þeim. Hann hafði frétt að sonur Symes hefði fallið í stríðinu. „Kona mín og ég“, skrifaði Symes, „urðum djúpt snortin þegar við fengum skeytið frá yður. Það var afar hugulsamt af yður að muna eftir okkur í sorg okkar . . .“ Hann endaði langt bréf sitt til Verndarans þannig: „Ef þér skylduð heimsækja England vona ég að þér látið okkur vita. Því það væri okkur sönn ánægja að hitta yður aftur. Með góðum endurminningum og kærri kveðju . . .“

Héraðsstjórinn var annar embættismaður, sem ekki var jafn háttsettur en stöðu sinnar vegna í beinni snertingu við það sem var að gerast hjá bahá'í samfélaginu við Heimsmiðstöðina. Á þeim tíma þegar Shoghi Effendi var að byrja að afla trúnni viðurkenningar með því að tryggja henni raunveruleg réttindi, gegndi Edward Keith-Roach, O.B.E. þessu embætti. Þótt hann væri gjörólíkur Symes ofursta hvað hæfni snerti var hann engu að síður vinsamlegur og hjálpfús og virtist þykja vænt um Shoghi Effendi, sem stóð í bréfasambandi við hann á tímabilinu

1925 til 1939. Keith-Roach vissi án efa að stjórnvöld voru sama sinnis og hann hvað varðaði málefni Heimsmiðstöðvarinnar og var oft mjög samvinnufús, ekki aðeins hvað varðaði aðstoð við störf Shoghi Effendi heldur kom einnig með tillögur sem Verndarinn féllst stundum á og framkvæmdi. Fyrsta bréfið sem við finnum frá Shoghi Effendi til Keith-Roach er svo einfalt og samt svo dæmigert fyrir hlýjuna sem ávallt einkenndi viðbrögð Verndarans við málaleitunum annarra þegar þær voru gerðar í réttum anda og ég get ekki stillt mig um að vitna í það. Það var dagsett „Haifa, 25–12–25“ og þar stendur: „Minn kæri hr. Keith-Roach: Ég er snortinn af kærkomnu og vingjarnlegu skeyti yðar og kveðjum og fullvissa yður um að ég endurgeld til fulls þær tilfinningar sem þér látið í ljós í bréfi yðar. Bestu kveðjur og gleðileg jól, þinn einlægur, Shoghi Rabbani“.

Af þeim mörgu bréfum sem fóru á milli Shoghi Effendi og Keith-Roach er augljóst að þeir hittust oft. Þegar Keith-Roach var á spítala í Jerúsalem 1935 skrifaði Shoghi Effendi til hans: „Kærar þakkir fyrir bréf yðar . . . Það gleður mig mjög að heyra að heilsa yðar fer batnandi og ég treysti því að þegar þér komið aftur getið þér komið í te til mín í görðunum umhverfis grafhýsið sem nýlega hafa verið stækkaðir.“ Í bréfaskiptum Shoghi Effendi bæði við Keith-Roach og Symes býður hann þeim oft að þiggja te með honum í görðunum á Karmelfjalli. Þegar Symes ofursti var annarsvegjar var konu hans stundum boðið með. Shoghi Effendi hafði ekki aðeins þennan háttinn á til að sýna embættismönnum gestrisni heldur einnig til að þeir gætu með eigin augum séð hvernig garðarnir stækkuðu og þróuðust þegar þeir þáðu boð hans um að koma inn á miðja bahá'í landareignina. Ég er í engum vafa um að hann hafi notað tækifærið til að útskýra fyrir þeim framtíðaráætlanir sínar og leita eftir stuðningi þeirra og skilningi. Mörg þessara heimboða voru einmitt send í þeim sérstaka tilgangi.

Frá því að Shoghi Effendi tók við embætti Verndarans og allt fram á fimmta áratuginn var það venja hans að hitta á vegum Verndarstofnunarinnar embættismenn, verkfræðinga, lögfræðinga og aðra sem stóðu utan trúarinnar. Hann fór ekki á skrifstofur þeirra heldur hitti þá á heimilum þeirra en oftast komu þeir heim til hans eða þeir hittust á landareigninni við grafhýsið. Dæmi um hvað þessi vinsamlega samvinna kom til leiðar má finna í þeim afdrifaríku atburðum sem áttu sér stað 1932. Þann 19. nóv. kom minnisvarðinn fyrir gröf Hins

helgasta laufs með skipi til Haifa. Þann 20. skrifaði Shoghi Effendi til Keith-Roach: „Mætti ég biðja um aðstoð yðar vegna marmara minnismerkisins sem á að reisa á gröf systur ‘Abdu’l-Bahá og sem kom til Haifa heilu og höldnu síðdegis í gær. Embættismaður hjá tollinum er tilbúinn til að veita því undanþágu frá tolli ef nauðsynleg heimild fæst frá yfirvöldum. Ég vil því höfða til yðar og er þess fullviss að þér munið gera allt sem í yðar valdi stendur til að tryggja að listaverkið sem að ýmsu leyti má telja einstætt í Palestínu komist inn í landið. Með dýpsta þakklæti, yðar einlægur . . .“ Þann 22. nóvember skrifaði Shoghi Effendi aftur til hans: „Mig langar til að þakka yður innilega fyrir vinsamleg og skjót viðbrögð við beiðni minni. Minnisvarðinn hefur verið afhentur og ég hef gefið fyrirmæli um að hann verði reistur þegar í stað. Þakka yður aftur fyrir. Ég færi yður kærar kveðjur og árnaðaróskir . . .“ Tollfrjáls innflutningur þessa minnisvarða skapaði fordæmi sem hafði þær afdrifaríku afleiðingar að Heimsmiðstöð trúarinnar voru á komandi áratugum tryggðar æ fleiri undanþágur frá opinberum gjöldum og að endingu sérstakar tilslakanir Ísraelsríkis sem ekki hafði tekist að fá hjá bresku landstjórninni.

Fjórum dögum síðar minnir Shoghi Effendi héraðsstjórnann á kröfu sem var miklu þýðingarmeiri. Allt bréfið sem strax fylgdi áður tilvitnaðri beiðni og þakkarorðum Verndarans ber vitni meistaralegri ráðsnilld—maður freistast til þess að segja að sú ráðsnilld hafi bæði verið Guðs og Shoghi Effendi—Guð lagði drögin að ákveðinni atburðarás og það var Shoghi Effendi sem greip tækifærið sem þar gafst.

Haifa, 26. nóv. 1932

Kæri herra Keith-Roach:

Ég er viss um að þér hafið áhuga á að vita að ég er að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að stækka stallana sem eru óaðskiljanlegur hluti grafhýsisins og liggja að þýsku nýlendunni.

Ég hef haft samband við borgarverkfræðing og hann hefur sýnt málinu mikinn stuðning. Ég ætla því að senda skipulagsnefnd borgarinnar opinbera yfirlýsingu um hvernig við hyggjumst opna og stækka stallana á okkar eigin kostnað og jafnframt fylgja því almenna skipulagi sem þegar hefur verið samþykkt.

Það er einlæg von mín að fyrir árslok 1933 muni sú ósk sem þér hafið látið í ljós og sem ég mun vinna að af heilum hug verða að veruleika.

Ég er viss um að þér munið sýna velvild og áhuga þeirri beiðni sem

ég sendi nýlega varðandi þá helgi sem hvílir á setrinu í Bahji, sem er óaðskiljanlegur hluti af grafhýsi Bahá'u'lláh, og þar sem farið er fram á að nauðsynleg vottorð verði gefin út varðandi undanþágu á tolli af þeim efnivið sem notaður verður í bygginguna.

Augljóst er að Shoghi Effendi hélt ekki aðeins héraðsstjóranum upplýstum um gang mála heldur þrýsti á hann á hæverskan, vingjarnlegan og meistaralegan hátt til að tryggja trúnni þau forréttindi sem hann taldi hana eiga fulla heimtingu á. Keith-Roach hafði án efa gengið úr skugga um að stjórnvöld í Jerúsalem voru velviljuð í garð þess starfs sem Shoghi Effendi var að vinna og tóku virkan þátt í því með tillögum og samvinnu. Þannig skrifar Shoghi Effendi til hans 2. febrúar 1934 bréf sem var eitt af meiriháttar skrefum í langri baráttu hans til að tryggja bahá'í eignum undanþágu frá opinberum gjöldum:

Kæri herra Keith-Roach,

Eins og þér stunguð upp á sendi ég hér með formlega yfirlýsingu sem ég hef undirritað sem Verndari bahá'í trúarinnar og sem ég treysti að muni auðvelda undanþágu frá tolli vegna svæðisins umhverfis alþjóðlega bahá'í grafhýsið á Karmel-fjalli.

Ég væri þakklátur ef þér mynduð gefa út heimild til undanþágu fyrir gyllta skrauthliðið sem er hluti af innganginum til grafhýsis Hins helgasta laufs.

Ég sendi með þessu bréfi lykil að efra hliði grafhýsisins sem ég vona að þér munið nota þegar þér gerið yður ferð í garðana.

Ég fullvissa yður um hjartanlegt þakklæti mitt og met mjög mikils aðstoð yðar og velvild í garð bahá'í samfélagsins og hagsmuna þess.

Yðar einlægur,

Þremur mánuðum síðar, þann 10. maí, skrifar Verndarinn honum aftur: „Ég vil lýsa innilegasta þakklæti mínu fyrir þá ákvörðun yðar að veita öllu svæðinu umhverfis alþjóðlegu bahá'í grafhýsin á Karmel fjalli undanþágu frá opinberum gjöldum.“ Einn stærsti sigurinn í þróun Heimsmiðstöðvarinnar hafði unnist.

Í öðru bréfi sem var dagsett 21. júní 1935 vekur Shoghi Effendi athygli Keith-Roach á atriðum sem tengjast málaferlum og segir: „Öll aðstoð sem þér gætuð mögulega veitt okkur í þessum efnum yrði mjög vel þegin hvað varðar sjálfan mig og ekki síður þau mörgu bahá'í ráð sem ég er fulltrúi fyrir.“ Á embættisferli sínum lét Shoghi Effendi það ávallt koma skýrt fram í samskiptum sínum við embættismenn að þótt hann væri leiðtogi trúarinnar stóð mikill fjöldi bahá'ía í mörgum

löndum þétt að baki honum, reiðubúnir að styðja hann og kröfur hans af öllum mætti. Og þegar hann lét í ljósi þakklæti sitt færði hann iðulega einnig þakkir af þeirra hálfu.

Þótt Verndarinn hafi ekki sótt neinar stjórnarathafnir eða móttökur af ástæðum sem þegar hafa verið nefndar var hann oft reiðubúinn til þess að hitta háttsetta embættismenn einslega. Hann skrifaði til Keith-Roach: „... Það myndi gleðja mig ef þér kæmuð í te heim til mín síðdegis á morgun þar sem við gætum rætt málið... Ég get komið til Hospice, ef það hentar yður betur og hvenær sem vel stendur á hjá yður.“ Þann 27. desember 1936 skrifar Keith-Roach hlýlegt bréf með eigin hendi og merkir það „Persónulegt“. Hann þakkar þar Verndaranum fyrir „kærkomnar jólakveðjur sem voru bæði fagrar og ilmuðu vel.“ Hann þakkaði ekki aðeins Shoghi Effendi fyrir þessa blómagjöf heldur einnig fyrir ýmsar bahá'í bækur sem honum þótti ánægjulegt að fá. Eftir að Verndarinn giftist í mars 1937 skrifaði Keith-Roach til hans: „Mig langar til að óska yður og brúði yðar einlæglega til hamingju með giftinguna og óska ykkur báðum þess að þið megið lifa lífi ríkulegrar þjónustu í því völduga verkefni sem Guð hefur falið ykkur að framkvæma. Hvenær má ég koma og heimsækja ykkur. Með bestu kveðjum...“ Þessari hlýju persónulegu orðsendingu svaraði Shoghi Effendi samdægurs, 23. apríl: „Ég er djúpt snortinn af þeim hlýju árnaðaróskum sem þér hafði sent mér í tilefni hjónabands míns. Ég met mikils góðar óskir yðar og mun alltaf minnst með þakklæti þeirrar aðstoðar sem þér hafið veitt mér í erfiðu starfi mínu. Mér er það mikið ánægjuefni að bjóða yður velkominn á heimili mitt hvenær sem yður hentar. Þakka hjartanlega fyrir skeyti yðar...“ Skömmu seinna var Keith-Roach gerður að héraðsstjóra í Jerúsalem, en vináttböndin héldust og nokkrum árum seinna óskuðum við honum til hamingju með tilvonandi hjónaband hans sem hann skrifaði okkur að væri framundan. Þar sem við höfum nær engar heimildir um viðhorf Shoghi Effendi til þeirra vina hans og kunningja sem stóðu utan bahá'í trúarinnar hef ég lýst bréfaskiptum hans og Keith-Roach nokkuð ítarlega því þau sýna okkur enn eina hliðina af mörgum á persónu Verndarans.

Þegar eftir komu sína til landsins helga eftir fráfall Meistarans tók Shoghi Effendi þá stefnu að upplýsa stjórnvöld bæði heima í héraði og á landsvísu, ekki síst ríkisstjórnina Jerúsalem, um fyrirætlanir sínar og ýmis aðsteðjandi vandamál og kreppur, til dæmis þegar lykлавöldin

voru tekin að grafhýsi Bahá'u'lláh í Bahjí og húsi Hans í Bagdað, auk annarra ofsókna og óréttlætis sem trúin sætti. Shoghi Effendi skrifaði fyrsta bréf sitt til stjórnvalda 16. janúar 1922 og var það stílað til landstjórans, Sir Herbert Samuel, vinar 'Abdu'l-Bahá. Shoghi hélt þessu sambandi við stjórnvöld allt til æviloka, fyrst við fulltrúa bresku stjórnarinnar og síðan við stjórnarfulltrúa Ísraelsríkis. Þegar Shoghi Effendi fór frá Palestínu vorið 1922, veikur og niðurbrotinn, hafði hann upplýst Sir Herbert um þær ráðstafanir sem hann hafði gert til að vernda málstaðinn meðan hann var fjarverandi. Þegar hann kom aftur til Haifa 15. desember sama ár sendi hann Sir Herbert símskeyti fjórum dögum síðar: „Ég er kominn aftur til landsins helga og sendi þér mínar bestu óskir og vinarkveðjur og tek nú aftur við opinberum skyldustörfum mínum“.

Í maí 1923 upplýsti Shoghi Effendi bæði borgarstjórnann í Haifa og landstjórnann um það sem var að gerast. Í bréfi til hins fyrrnefnda skrifar hann að andlegt bahá'í ráð Haifa „hefur verið stofnað og mun í samráði við mig stjórna allri svæðisbundinni starfsemi hér. Ég upplýsti nýlega hans tign, landstjórnann, um þetta mál...“ Í bréfinu sem hann vitnaði til, dagsett 21. apríl, stóð að með því fylgdi eintak af nýlegu dreifibréfi til bahá'í samfélaganna á Vesturlöndum, svipað því sem ritað var á persnesku til bahá'í samfélaganna í Austurlöndum. „Þar sem þér í síðasta bréfi yðar til mín létuð í ljósi áhuga á að fréttu af þeim ráðstöfunum sem gerðar hafa verið til að tryggja stöðugleika í skipan bahá'í hreyfingarinnar... væri það mér sönn ánægja að varpa frekara ljósi á hvert það atriði sem yðar tign kann að spyrja um í sambandi við meðfylgjandi bréf eða hvert það málefni annað sem varðar almenna hagsmuni hreyfingarinnar.“

Það er ógjörningur að rekja öll smáatriðin í 36 ára samskiptum Shoghi Effendi við stjórnvöld, fyrst í Palestínu og síðan Ísrael. Það er til marks um framúrskarandi visku og þolgæði Shoghi Effendi sem leiðtoga málstaðar Guðs að honum tókst að vinna og viðhalda góðvild þeirra, samvinnu við ýmsar framkvæmdir við Heimsmiðstöðina og viðurkenningu þeirra á Heimsmiðstöðinni sem sögulegu hjarta bahá'í trúarinnar sem ætti sama tilkall og önnur trúarbrögð í landinu helga – og í sumum tilvikum jafnvel meiri rétt. Allt þetta gerðist þrátt fyrir samfelldan undirröður og árásir ýmissa óvina, bæði dulinna og ódulinna, sem lögðu hindranir í veg hans og veittu honum andstöðu í sérhverju skrefi sem hann tók.

Þegar embættisferli Sir Herbert Samuels var að ljúka sendi Verndarinn honum þann 15. júní 1925 eitt þeirra bréfa sem áttu svo mikinn þátt í að skapa gott samband við stjórnina. Þar tjáði Shoghi Effendi honum ævarandi þakklæti sitt og allra annarra bahá'ía auk mikillar viðurkenningar fyrir „þá velvild og göfuglyndu afstöðu sem yðar tign hefur haft til hinna ýmsu vandamála sem þeir hafa staðið andspænis síðan 'Abdu'l-Bahá féll frá... bahá'íarnir minnst þeirrar velvildar og samúðar sem stjórn Palestínu undir yðar leiðsögn hefur sýnt þeim og þeir munu með fullri vissu reyna að leggja fram sinn skerf til efnislegra framfara sem og andlegrar þróunar landsins sem er svo heilagt og dýrmætt í augum þeirra allra.“ Sir Herbert svaraði þessu bréfi þannig: „... það hefur glatt mig þau fimm ár sem ég hef gegnt embætti að halda miklu vináttusambandi við bahá'í samfélagið í Palestínu og ég met mikils þá góðvild sem þeir hafa ævinlega sýnt stjórninni og sjálfum mér.“

Þegar til átaka kom í Palestínu 1929 skrifaði Verndarinn mjög þýðingarmikið bréf til þáverandi landstjóra, Sir John Chanallor, dagsett 10. september:

Yðar tign:

Ég harma það mjög að fréttu af hinum hörmulegum atburðum í Palestínu og vil strax meðan ég er að heiman að votta yðar tign hjartanlega samúð mína í því erfiða verkefni sem við yður blasir.

Bahá'í samfélagið í Palestínu sem vegna trúar sinnar hefur bundist landinu sterkum böndum harmar mjög þetta ofsafengna trúarofstæki og leyfir sér að vona að þegar áhrif bahá'í hugsjóna vaxa og dýpka verði bahá'íum kleift á komandi tímum að verða stjórn yðar að stöðugt meira liði hvað það varðar að breiða út anda góðs vilja og umburðarlyndis meðal trúarsamfélaganna í landinu helga.

Af þeirra hálfu finn ég mig til þess knúinn að senda yðar tign meðfylgjandi upphæð til hjálpar hinum þjáðu og þurfandi, óháð kynþætti og trúarbrögðum...

Það var þetta sama ár 1929, að Shoghi Effendi tókst í krafti formlegrar beiðni sem bahá'í samfélagið í Haifa sendi til stjórnarinnar 4. maí að fá leyfi hennar til að stjórna samfélaginu samkvæmt bahá'í lögum í persónulegum málum sem vörðuðu hjónaband. Samfélagið hafði því sama rétt og gyðingar, múslímar og kristnir í Palestínu. Shoghi Effendi fagnaði þessum áfanga „sem hefur gríðarlega þýðingu og er án fordæma í sögu trúarinnar í nokkru landi“. Bahá'í hjónaband

Verndarans sjálfs var skráð og löggilt í krafti þessarar viðurkenningar sem hann hafði aflað trúnni.

Einn þeirra manna, sem gegndu hinu mikilvægu landstjóraembætti á þessum árum þegar trúin var að vinna svo áþreifanlega sigra í sjálfstæðisbaráttu sinni, var Sir Arthur Wauchope. Líkt og Symes ofursta féll honum vel við Shoghi Effendi og mann grunar að hann hafi skilið hve þung sú byrði var sem hvíldi á herðum þessa unga manns, leiðtoga bahá'í trúarinnar. Það var á þessum tíma stjórnskipulagsins – sem að nokkru leyti fór saman við embættistíð Keith-Roach héraðsstjóra í Haifa – að nokkrir af stærstu sigrunum varðandi tilslakanir stjórnvalda unnust. Hinn mikilvægasti þeirra, næst þeim rétti samfélagsins að starfa samkvæmt sínum eigin lögum um persónuleg málefni, var undanþága frá opinberum gjöldum fyrir allt svæðið umhverfis grafhýsi Bábsins á Karmel-fjalli. Ólíkt því sem gerðist með flesta landstjórana virðist Sir Arthur hafa hitt Shoghi Effendi persónulega því hann vísar til þess í nokkrum af bréfum sínum.

Í einu þeirra, dagsettu 26. júní 1933, segir Sir Arthur: „Ég hef fengið bréf yðar frá 21. júní og hraða mér að skrifa til að þakka fyrir það og fullvissa yður um að þegar málinu sem þér nefnið verður vísað til mín til ávörðunar í Palestínuráði helgistadanna, mun ég skoða það sérstaklega. Ég hef einnig fengið Bahá'í World fyrir 1930-32. Ég er yður mjög þakklátur fyrir þessa sérlega áhugaverðu bók... Ég vonast til að geta heimsótt aftur hina fögru garða í fjallshlíðinni fyrir utan Haifa.“

Þann 13. mars 1934 skrifaði Shoghi Effendi til hans: „... Þar sem málið, sem nýlega var vísað til yðar tignar varðandi bahá'í grafhýsin á Karmel-fjalli hefur mjög mikla alþjóðlega þýðingu, hef ég beðið hr. ___ um að koma til Palestínu til samráðs við mig um málið. Ég myndi meta það mikils ef yðar tign veitti honum viðtal til útskýringar á einu eða tveimur atriðum sem ég ekki skil og skipta höfuðmáli fyrir framtíðaráform mín í þessu máli.“ Þann 1. maí sama ár skrifaði Shoghi Effendi honum aftur: „Ég met mikils vingjarnlegt boð um velvild og stuðning við fyrirhuguð áform um fegrun fjallshlíðanna á Karmel-fjalli sem þér senduð mér með hr. ___. Það er mér mikil hvatning. Því miður reyna sterk og áhrifamikil öfl að koma í veg fyrir þessa áætlun. Þetta eru sumpart jarðabráskarar sem í skammsýni sinni vilja reyna hvað þeir geta til að skipuleggja norðurhlíð Karmel-fjalls með skjótan ávinning fyrir augum. Erfiðari og hættulegri áformum okkar

eru þó þeir sem gera sitt ýtrasta til að hindra fylgjendur Bahá'u'lláh í öllu sem þeir taka sér fyrir hendur. Við teljum til dæmis að þetta fólk hafi verið á bak við dómsmálið sem Domets [Dumits] höfðaði gegn okkur, og það var af þeirri ástæðu sem við töldum okkur hafa gilda ástæðu til að vísa því frá dómstólunum og til persónulegrar skoðunar yðar tignar . . . Með kærum kveðjum og endurteknum þökkum mínum fyrir samúð og stuðning yðar tignar . . .“ Málið sem um var rætt hafði verið í dómskerfinu í fjögur ár en var að lokum vísað frá. Árið 1935 var samningur um kaup á Dumits landinu undirritaður og Shoghi Effendi sendi símskeyti til þjóðarráðsins í Ameríku þess efnis að hann hefði í hyggju að skrá það á nafn Palestínudeildar þjóðarráðsins. Það er áhugavert að sjá að í bréfinu til bahá'íanna umritar hann nafnið en ekki í bréfinu til landstjórans.

Shoghi Effendi hafði í nokkurn tíma reynt að fá undanþágu frá opinberum gjöldum fyrir bahá'í eignir umhverfis grafhýsi Bábsins og sú undanþága hafði loksins verið veitt. Gleði hans og ánægju yfir þessum sigri má greina í formlegu bréfi hans til Sir Arthur, dagsettu 11. maí 1934:

Yðar tign,

Ég er nýbúinn að fá þær góðu fréttir frá héraðsstjóranum í Haifa að ríkisstjórnin hafi samþykkt beiðni um undanþágu bahá'í eigna á Karmel-fjalli frá opinberum gjöldum.

Ég hraða mér að þakka yðar tign af hálfu bahá'í heimssamfélagsins fyrir þann mikla skilning og áhuga sem þér hafið sýnt þessu máli og sem ég veit að hefur að miklu leyti stuðlað að þessum málalyktum. Og ég vonast eftir að yðar tign haldi áfram að sýna okkur skilning og styðja áform okkar um að fegra þessar eignir smám saman til gagns og gleði fyrir íbúana í Haifa, en ríkisstjórnin hefur nú opnað því leið.

Þessu bréfi svaraði Sir Arthur persónulega fimm dögum síðar:

Kæri Shoghi Effendi,

Þakka yður fyrir bréf yðar frá 11. maí og þau vinsamlegu orð sem það geymir. Ég hef alltaf haft ríkan skilning á verkefnum yðar um fegrun hlíðanna á Karmel-fjalli og vona að þessi undanþága verði yður að liði þegar þér haldið áfram þessu góða verki.

Yðar einlægur,

Arthur Wauchop

Í öðru bréfi skrifaði landstjórinn: „Ég er yður mjög þakklátur fyrir

vinsamlega gjöf yðar, „Dawn Breakers“. Ég mun lesa bókina með mikilli athygli því þér vitið hve djúpt þessi dásamlega saga snart mig þegar ég heyrði hana fyrst í Persíu. Bókin er heillandi útlits og myndir og teikningar gæða hana enn meiri þokka. Þakka yður enn og aftur fyrir þessa kærkomnu gjöf og vinsamleg orð yðar . . .“ Svipuð bréf eru til þar sem Verndaranum er þakkað fyrir *Úrval úr ritum* og *Bahá'í World*. Síðasta bréfið sem þessi maður, sem í háu embætti sínu hafði aðstoðað Shoghi Effendi við að vinna stórsigur við Heimsmiðstöð trúarinnar, var dæmigert fyrir kurteisi hans og gæsku: „ . . .Ég ætlaði virkilega að reyna að heimsækja yður í Haifa þar sem ég vonaðist til að geta séð þær framfarir sem orðið hafa í gördunum og kveðja yður persónulega. Því miður tókst mér ekki að koma þessu við og ég vil því nota tækifærið og að kveðja yður hér með og óska bahá'í samfélaginu alls hins besta.“ Í lok bréfsins bætti hann við þessum orðum „Ég heyrði að garðurinn yðar verði fegurri með hverju árinu.“

Þegar dögum bresku landstjórnarinnar var að ljúka og hrjáðir íbúar Palestínu bjuggu sig undir vopnuð átök skipuðu Sameinuðu þjóðirnar sérstaka Palestínunefnd sem Emil Sandstrom dómari veitti forstöðu. Þann 9. júlí skrifaði hann til Shoghi Effendi frá Jerúsalem og sagði að samkvæmt skipunarbréfi nefndarinnar ætti hún að skoða gaumgæfilega trúarlega hagsmuni íslams, gyðingdóms og kristindóms í Palestínu. Síðan segir í bréfinu „Ég myndi meta það mikils ef þér létuð mig vita hvort þér viljið senda gögn í skriflegri yfirlýsingu um trúarlega hagsmuni samfélags yðar í Palestínu.“ Vegna þeirrar sögulegu þýðingar sem þetta hefur fyrir bahá'í trúna vitna ég til svars Shoghi Effendi við þessu bréfi í heild sinni:

14. júlí 1947

Hr. Sandstrom dómari,

Formaður Sérstakrar nefndar Sameinuðu þjóðanna um málefni Palestínu

Herra:

Ég hef fengið vinsamlegt bréf yðar frá 9. júlí og þakka yður fyrir að veita mér tækifæri til að kynna yður og virtum samstarfsmönnum yðar yfirlýsingu um tengsl bahá'í trúarinnar við Palestínu og viðhorf okkar til framtíðarbreytinga á stöðu þessa helga og afar umdeilda lands.

Yður til upplýsingar læt ég fylgja með þessu bréfi stutta greinargerð um sögu, tilgang og þýðingu bahá'í trúarinnar auk lítils bæklinga þar sem settar eru fram skoðanir hennar á núverandi heimsástandi og hvernig við vonum og trúum að það muni þróast.

Staða bahá'í trúarinnar í þessu landi er að vissu leyti einstæð: Jerúsalem er andleg miðstöð kristindómsins en hvorki stjórnarfarsleg miðstöð kirkjunnar í Róm eða annarra kristinna kirkna og safnaða. Þótt múslímar líti á Jerúsalem sem aðsetur eins af helgustu musturum sínum eru helgistaðir íslam og miðstöð pílgrímsferða múslíma í Arabíu en ekki í Palestínu. Aðeins gyðingar hafa að einhverju leyti sömu tengsl við landið og bahá'ífar því að leifarnar af musteri þeirra eru í Jerúsalem og sú borg var aðsetur trúarlegra og pólitískra stofnana sem tengdust sögu þeirra fyrr á tímum. En jafnvel í þessu efni sker bahá'í trúin sig úr því það er í palestínskri jörð sem þrjár höfuðpersónur trúar okkar hvíla og Palestína er ekki aðeins miðpunktur bahá'í pílgrímsferða heldur einnig varanlegt aðsetur stjórnskipulags okkar sem ég hef þann heiður að vera í forystu fyrir.

Bahá'í trúin er algjörlega ópólitísk og við tökum hvorki afstöðu til þeirra hörmulegu deilna sem nú eiga sér stað um framtíð landsins helga og þjóða þess né heldur höfum við neinar skoðanir eða ráðleggingar um hvers eðlis pólitísk framtíð þessa lands eigi að vera. Markmið okkar er stofnun allsherjarfriðar í þessum heimi og við óskum þess að sjá réttlætið sigra á öllum sviðum mannlegs samfélags, einnig á stjórnmalasviðinu. Þar sem margir fylgjendur trúar okkar eru af gyðinglegum og múslímskum uppruna höfum við enga fordóma gagnvart þessum hópum og okkur er mjög í mun að sætta þessar fylkingar þeim báðum til gagns og landinu til hagsbóta.

Okkur er samt sem áður umhugað um að í öllum ákvörðunum sem teknar verða og snerta framtíð Palestínu verði sú staðreynd viðurkennd að hver sem fer með yfirráð yfir Haifa og Akka geri sér grein fyrir að á þessu svæði er andleg og stjórnarfarsleg miðstöð heimstrúarbragða og að sjálfstæði trúarinnar, réttur hennar til að stjórna málefnum sínum frá þessum stað, réttur bahá'ía allra landa til að heimsækja hann sem pílgrímar (með sömu réttindi í þeim efnum og gyðingar, múslímar og kristnir menn hafa þegar þeir heimsækja Jerúsalem), séu viðurkennd og tryggð til frambúðar.

Grafhýsi Bábsins á Karmel-fjalli, grafhýsi 'Abdu'l-Bahá á sama stað, gistihús fyrir austræna bahá'í pílgríma í nágrenni þess, hinir miklu garðar og stallar sem umlykja þessa staði (sem allir eru opnir almenningi af öllum trúarbrögðum), gistihús fyrir vestræna bahá'í pílgríma við rætur Karmel-fjalls, aðsetur leiðtoga samfélagsins, ýmis hús og garðar í Akka og nágrenni sem tengjast fangelsun Bahá'u'lláh í þeirri borg, heilagt grafhýsi hans í Bahji í grennd við Akka, aðsetur hans sem nú er varðveitt sem söguminjasafn (einnig aðgengilegt almenningi af öllum trúarbrögðum) sem og landareignir á Akka sléttunni—allt eru þetta stærsti hluti bahá'í eigna í landinu helga. Þess ber einnig að geta að nánast allar þessar eignir hafa af trúarlegum ástæðum verið undanþegnar opinberum gjöldum ríkis

og bæjar. Sumar þessara stóru eigna eru í eigu Palestínudeilda andlegra þjóðarráða Bandaríkjanna og Kanada, sem eru skráð sem trúarsamfélög í samræmi við landslög. Í framtíðinni munu ýmis önnur bahá'í þjóðarráð eiga í gegnum sínar eigin Palestínudeildir hluta af alþjóðlegum eignum trúarinnar í landinu helga.

Með hliðsjón af ofangreindum upplýsingum vil ég biðja yður og meðlimi nefndar yðar að taka til athugunar að tryggja bahá'í réttindi í öllum tillögum sem þér kunnið að bera upp á vettvangi Sameinuðu þjóðanna varðandi framtíð Palestínu.

Ég vil nota þetta tækifæri til að fullvissa yður um djúpt þakklæti mitt fyrir þann anda velvildar sem þér og samstarfsmenn yðar hafa sýnt í rannsóknum ykkar á erfiðum aðstæðum þessa helga lands. Ég treysti því og bið þess að árangurinn af samráði ykkar muni stuðla að réttlátri og skjótri lausn á þeim afar vandasömu málum sem blasa við Palestínu.

Yðar einlægur,

Shoghi Rabbani

Hafa verður í huga að eini austræni framámaðurinn í hárrí stöðu sem ekki hafði flúið Palestínu fyrir sjálfsstæðisstríðið var Shoghi Effendi. Þetta hafði ekki farið framhjá stjórnvöldum hins nýja ríkis. Með þessum gerðum sínum hafði Verndaranum tekist að sýna þeim sem stóðu utan trúarinnar og höfðu alls enga ástæðu til að taka orð hans ein og sér trúanleg, framúrskarandi persónulegt falsleysi og heiðarleika og óhagganlega stefnufestu við það sem hann taldi vera rétt og sem einkenndi forystu hans fyrir trú Bahá'u'lláh. Þessir eiginleikar Verndarans og góð þekking forystumanna sjálfstæðishreyfingar gyðinga á bahá'í kenningum var meginástæðan fyrir því hve ný stjórnvöld í landinu voru vinsamleg og samvinnuþýð á alla lund. Eitt af fyrstu verkum þeirra meðan bardagar stóru enn yfir var að setja skilti á grafhýsi Bahá'u'lláh — sem var miklu einangraðra en grafhýsin í Haifa. Á skiltinu stóð að þetta væri „Lieu Sainte“ þ.e. helgistaður, og þannig var tryggt að allir gyðingar myndu sýna þessum stað fulla virðingu.

En sömu gömlu vandamálin sem hann hafði þurft að kljást við undir gömlu stjórninni um hvernig halda ætti í heiðri stöðu hans sem Verndara trúarinnar við formlegar athafnir komu líka upp undir þeirri nýju. Í janúar 1949 kom Ben Gurion, forsætisráðherra bráðabirgðastjórnarinnar í fyrstu opinberu heimsókn sína til Haifa og borgarstjórinn bauð að sjálfsögðu Shoghi Effendi að sækja móttökuna sem borgin hélt til heiðurs forsætisráðherranum. Þetta var mjög erfið staða því ef Verndarinn mætti ekki við athöfnina var full ástæða fyrir

nýju stjórnina að taka því sem móðgun og ef hann mætti myndi hann óhjákvæmilega tynast í mannmergðinni þar sem öllum siðareglum yrði vikið til hliðar (og einmitt það gerðist eins og faðir minn, sem var fulltrúi Shoghi Effendi, sagði okkur þegar hann kom aftur frá móttökunni). Verndarinn ákvað því að sækja ekki móttökuna en vildi hinsvegar fúslega sýna forsætisráðherra hins nýja ríkis fulla virðingu og sæmd og heimsækja hann persónulega. Þetta tókst eftir mikla erfiðleika fyrir tilstuðlan og með aðstoð borgarstjórans í Haifa, Shabatay Levy. Ben Gurion dvaldi mjög stutt í Haifa vegna þess að aðeins tveir dagar voru í almennar þingkosningar í hinu nýstofnaða ríki Ísraelsmanna.

Viðtalið fór fram á föstudagskvöldi 21. janúar á einkaheimili þar sem forsætisráðherrann dvaldi á Karmel-fjalli. Það stóð í um það bil 15 mínútur. Ben Gurion spurðist fyrir um trúna og tengsl Shoghi Effendi við hana og spurði jafnframt hvort til væri bók um trúna sem hann gæti lesið. Shoghi Effendi svaraði spurningum hans og fullvissaði hann um að hann myndi senda eintak af sinni eigin bók, *God Passes By*. Það gerði hann síðar og fékk þakkarbréf fyrir sem staðfestingu á móttöku.

Dæmigert fyrir alla sögu málstaðarins og þau stöðugu vandamál sem steðjuðu að trúnni var löng grein sem birtist í helsta dagblaðinu sem skrifað var á ensku og kom út þann 20. desember 1948. Þar voru kenningar trúarinnar kynntar á mjög lofsamlegan hátt og minnst á stöðu Shoghi Effendi sem heimsleiðtoga hennar. Þann 28. janúar 1949 birtist í bréfadálki þessa blaðs stutt og mjög sérstæð yfirlýsing sem var undirrituð „Bahai U.N. Observer“. Þar var greininni andmælt og fullyrt að „hr. Rabbani væri hvorki Verndari bahá'í trúarinnar né leiðtogi hennar á heimsvísu“ Vísað var til Nýja sögufélagsins í New York sem heimild þar sem hægt væri að fá frekari upplýsingar. Þar sem ekki var neitt til sem hét „Bahai U.N. Observer“ var augljóst að greinin var skrifuð að undirlagi gamalla sáttmálsbrjóta sem hugsuðu sér gott til glóðarinnar nú þegar ný stjórn tók við völdum í landinu. Þarna reyndu þeir að sverta orðstír Shoghi Effendi og beina athyglinni frá stöðu hans með því að vísa til rótlauss hóps Ahmad Sohrabs í Ameríku. Síðar meir þegar sáttmálsbrjótarnir í Bahjí fóru með mál gegn Shoghi Effendi fyrir héraðsdómstóla vegna gamallar byggingar í grennd við aðsetur Bahá'u'lláh, sem jöfnuð var við jörðu, reyndi Sohrab án árangurs að þrýsta á ráðherra trúarmálefni með það fyrir augum að ófrægja tilkall bahá'í trúarinnar. Verndarinn varð enn einu

sinni að fást við árásir sem þessar, bæði opinskáar og dulbúnar, þegar trúin var á þröskuldi nýs áfanga í málum Heimsmiðstöðvarinnar.

Alúð og einlægni stjórnvalda í garð Shoghi Effendi og málstaðarins kemur fram í mörgum skeytum og bréfum en þetta var ekki aðeins spurning um orðin tóm—í nánd var áþreifanlegur vitnisburður um viðurkenningu ríkisins á stöðu trúarinnar í alþjóðlegum bækistöðvum hennar.

Það hafði lengi verið ósk Shoghi Effendi að fá yfirráð yfir Mazra'ih setrinu, þar sem Bahá'u'lláh hafði dvalið fyrst eftir að hann var leystur í eitt skipti fyrir öll úr þrúundinni í fangelsisborginni Akka. Þetta setur var trúarleg eign múslíma en það stóð nú autt og yfirgefið. Ríkisstjórnin hafði áform um að gera húsið að hvíldarheimili fyrir opinbera embættismenn. Allar tilraunir og skírskotanir til viðkomandi ráðneyta og deilda varðandi kaup á þessari eign reyndust árangurslausar þangað til Shoghi Effendi skaut máli sínu fyrir Ben Gurion sjálfan, útskýrði hvaða þýðingu húsið hefði fyrir bahá'ía og hversu mjög hann þræði að pílgrímar fengju að heimsækja þennan stað sem var svo nátengdur Bahá'u'lláh. Forsætisráðherrann hlutaðist sjálfur til um málið og húsið var fengið bahá'íum í hendur sem sögulegur staður. Shoghi Effendi tilkynnti bahá'í heiminum stoltur þann 16. desember 1950 að ísraelsk yfirvöld hefðu afhent okkur lykllana eftir að húsið hafði verið í umsjá annarra í meira en hálfa öld.

Málefni bahá'í samfélagsins hvað varðaði dagleg samskipti við stjórnina í tengslum við starfið við Heimsmiðstöðina höfðu verið falin ráðuneyti trúarmálefna. Þau voru í fyrstu á forræði þess ráðuneytisstjóra sem fjallaði um málefni múslíma. Shoghi Effendi mótmælti þessu harðlega því það gaf til kynna að bahá'í trúin hefði stjórnarfarslega tengingu við íslam. Eftir miklar samningaumleitanir barst bréf frá ráðherra trúarmálefna, dagsett 13. desember 1953, og stílað til „hæstvirts Shoghi Effendi Rabbani, heimsleiðtoga bahá'í trúarinnar“. Þar sagði ráðherrann:

...Mér er það ánægja að tilkynna yður þá ákvörðun mína að stofna sérstaka deild í ráðuneyti okkar sem fjallar um málefni bahá'í trúarinnar. Ég vona að þessi deild verði yður til aðstoðar í málum sem snerta Bahá'í heimsmiðstöðina í ríki okkar.

Fyrir hönd og í nafni ráðuneytis trúarmálefna í Ísraelsríki vil ég fullvissa yður um að helgistöðunum verður veitt full vernd sem og Heimsmiðstöð bahá'í trúarinnar.

Þessi sigur var þeim mun sætari sem hann kom strax í kjölfar fyrrgreinds dómsmáls gegn Shoghi Effendi sem sáttmálsbrjótarnir höfðu gegn honum vegna tæknilegs atriðis í eyðingu húss sem var áfast grafhýsi og aðsetri Bahá'u'lláh í Bahj. Þeir voguðu sér að kalla Shoghi Effendi fyrir réttinn sem vitni og þreyttust ekki á að reyna að auðmýkja og ófrægja leiðtoga trúarinnar, hvort sem það var 'Abdu'l-Bahá eða Verndarinn. Til að verja heiður málstaðarins við Heimsmiðstöðina skaut Shoghi Effendi máli sínu aftur beint til forsætisráðherrans og sendi fulltrúa sína oftar en einu sinni á hans fund í Jerúsalem. Þeir voru forseti, aðalritari og meðlimur alþjóðlega bahá'í ráðsins (sem hann hafði kallað frá Ítalíu í þessu skyni) og áttu þeir að framfylgja þeirri stefnu sem hann hafði markað. Þessar heimsóknir fulltrúanna báru árangur og þar sem málið snerist einvörðungu um trúarleg atriði tók stjórnin það úr höndum borgaralegu dómstólanna. Um leið og stefnendur sáu að áætlun þeirra um að auðmýkja Shoghi Effendi var að engu gerð voru þeir fúsir að jafna ágreininginn með samningum. Bæði ísraelsk stjórnvöld og bahá'í samfélagið voru sátt við þessar málalyktir eins og fram kemur í eftirfarandi bréfum sem aðstoðarmenn forsætisráðherrans skrifuðu Verndaranum. Þetta voru tveir einstaklingar sem trúin stóð í mikilli þakkaraskuld við vegna skilnings þeirra og viðleitni í hennar þágu á þeim tíma:

SKRIFSTOFA FORSÆTISRÁÐHERRA

Jerúsalem, 19. maí, 1952.

Hæstvirtur Shoghi Rabbani, heimsleiðtogi bahá'í trúarinnar,

Haifa.

Mér er boðið að staðfesta móttöku bréfs yðar frá 16. maí sem stílað var til forsætisráðherrans.

Eins og þér án efa vitið hefur deilan milli yðar sem heimsleiðtoga bahá'í trúarinnar og fjölskyldumeðlima stofnanda trúarinnar verið leyst og því er engin þörf á að grípa til stjórnarfarslegra ráðstafana til að leysa vandamálið.

Ég leyfi mér að lýsa þakklæti okkar fyrir viturlega og velviljaða afstöðu yðar í þessari deilu sem gerði okkur kleift að leysa málið á réttlátan og vonandi varanlegan hátt með þeirri ákvörðun sem við höfum gert andófshópnum að samþykka.

Forsætisráðherrann fullvissar yður um persónulega virðingu sína og sendir sínar bestu kveðjur.

Yðar einlægur,
S. Eynath
Lögfræðilegur ráðgjafi

Seinna bréfið barst frá Walter Eytan, ráðuneytisstjóra utanríkisráðuneytisins og var skrifað til Shoghi Effendi næsta dag. Þar segir hann:

„... Eftir að hafa gert mitt ýtrasta til að aðstoða yður við lausn þessara erfiðu vandamála heyrði ég mér til mikillar ánægju í morgun að fullt samkomulag hefði náðst. Ég vona einlæglega að þetta bindi enda á áhyggjutímabil fyrir yður og meðlimi bahá'í trúarinnar og að þér getið nú haldið áfram með áform yðar án frekari truflana frá öðrum.“

Í bréfum sem þessum allt frá forsetanum til aðstoðarmanna hans er þýðingarmikið að taka eftir að þeir ávarpa Shoghi Effendi sem „yðar tign“ (your Excellency). Þótt þessi titill væri langt fyrir neðan það sem stöðu hans sæmdi hafði hann verið tekinn upp á fyrstu dögum embættisferils hans en embættismenn höfðu í rauninni aldrei notað hann fyrir en eftir stofnun Ísraelsríkis.

Þau hjartanlegu tengsl sem stofnað var til milli Verndarans og embættismanna Ísraelsríkis urðu Shoghi Effendi hvatning til að kanna hvort forseti landsins hefði áhuga á að heimsækja bahá'í grafhýsið í Haifa. Þegar það fréttist að hann myndi þiggja slíkt boð sendi Shoghi Effendi honum formlegt boðsbréf og ráðstafanir voru gerðar morguninn 26. apríl 1954, en þá „yrði það forsetanum ánægja að koma til yðar í opinbera heimsókn“ eins og skrifstofustjóri forsetans skrifaði Shoghi Effendi. Forsetinn kom síðan ásamt eiginkonu sinni til heimilis Meistarans ásamt tveimur embættismönnum og þáðu þar léttar veitingar. Verndarinn gaf honum persneskt albúm málað smámyndum, innbundið í silfur, með nokkrum ljósmyndum af grafhýsunum til minningar um heimsóknina. Forsetinn og fylgdarlið hans ásamt Shoghi Effendi og þeim sem með honum voru fóru síðan til garðanna á Karmel-fjalli. Þetta var í fyrsta sinn í sögu trúarinnar sem leiðtogi sjálfstæðrar þjóðar kom í slíka opinbera heimsókn og þetta var enn einn áfanginn í þróun Heimsmiðstöðvar trúarinnar. Forsetinn og fylgdarlið hans vottuðu grafhýsi Bábsins virðingu sína, fóru að dæmi

okkar og drógu skó af fótum sér áður en þeir fóru inn. Karlmennt höfðu hattana á höfðinu eins og gyðingar gera þegar þeir sýna helgistaðlotningu. Það var afar hjartnæmt að sjá Ben Zvi forseta standa við hlið Shoghi Effendi framan við fótskörina, sá fyrrnefndi með evrópska hattinn sinn og hinn síðari með einfaldan svartan fez. Eftir að Shoghi Effendi hafði sagt nokkur orð til skýringar fótum við öll út og gengum um garðana í nokkrar mínútur áður en við kvöddumst fyrir framan austræna pílgrímshúsið þar sem bíll forsetans beið hans.

Þann 29. apríl skrifaði forsetinn persónulega til Verndarans: „Ég vil láta í ljós þakkir mínar fyrir vinsemd yðar og gestrisni þá áhugaverðu stund sem ég eyddi með yður í hinum undurföguru görðum og eftirtektarverða grafhýsi... Ég met mikils vináttu bahá'í samfélagsins í garð Ísraels og það er einlæg von mín að við megum öll lifa þann dag að vináttubönd þjóða alls heimsins styrkist.“ Þann 5. maí svaraði Verndarinn þessu bréfi á jafn hlýlegan hátt: „... Það var mér ánægja að hitta yður og frú Ben Zvi og geta sýnt yður einn af pílgrímstöðum okkar í Ísrael... Ef það hentar yður myndi frú Rabbani og ég vilja heimsækja yður í fylgd hr. Ioas í Jerúsalem...“ Heimsókn forsetans var endurgoldin síðdegis 26. maí og við drukkum með honum te og áttum ánægjulegar samræður við forsetann og eiginkonu hans, sem á sinn eigin hátt var jafnmikill persónuleiki og eiginmaðurinn og jafn alúðleg. Milli þessara tveggja heimsókna hafði Shoghi Effendi sent forsetanum nokkrar bahá'í bækur sem hann hafði lofað honum. Forsetinn staðfesti móttöku þeirra með þökkum og fullvissu um að hann myndi lesa þær með athygli. Shoghi Effendi var alltaf nákvæmur og vandvirkur í öllu sem hann tók sér fyrir hendur og skrifaði forsetanum 3. júní: „Ég vil þakka yður og frú Ben Zvi fyrir vinsemd yðar og gestrisni. Frú Rabbani og ég höfðum mikla ánægju af heimsókninni til yðar og ég er þess fullviss að þetta tækifæri sem við höfum fengið til að fá yður í heimsókn til helgistaða bahá'í trúarinnar og heimsækja yður í höfuðborg Ísraels hefur orðið til þess að treysta virðingar- og vináttuböndin sem tengja bahá'ía ísraelsku þjóðinni og ríkisstjórn hennar. Með kærum kveðjum til yðar og frú Ben Zvi...“ Þannig endaði annar minnisverður kafli í þeirri viðleitni Verndarans að vinna trúnni viðurkenningu í Heimsmiðstöð hennar.

Þótt venjulega þyrfti að fjalla um öll meiriháttar málefni Heimsmiðstöðvarinnar með háttsettum embættismönnum í Jerúsalem þurfti starfið að miklu leyti að fara fram með aðstoð borgarembættismanna

í Akka og Haifa—einkum í síðarnefndu borginni. Bahá'í samfélagið þurfti oft á tíðum í gegnum árin að leita til borgarverkfræðinga í Haifa og það er athyglisverð staðreynd að þetta gerðist einnig fyrst á dögum 'Abdu'l-Bahá þegar Dr. Ciffrin sendi honum teikningu af hinum voldugu tröppum og kýpresviðar trjágöngum sem liggja frá gömlu þýsku Templaranýlendunni við rætur Karmel-fjalls að graphýsi Bábsins. Meistarinn hafði ekki aðeins samþykkt þessa áætlun heldur einnig gefið land til þess að þessi áform mættu verða að veruleika og var sjálfur efstur á lista áskrifenda að „minningartröppum Bábsins“ eins og verkefnið var kallað, með því að gefa til þess 100 pund.

Að undanskilinni þeirri baráttu sem Shoghi Effendi háði af visku og þolinmæði til að fá tilslakanir frá embættismönnum borgarinnar auk formlegrar viðurkenningar á einstæðri stöðu bahá'í trúarinnar bæði í Haifa og Akka—tvíburaborgunum sem hýstu Heimsmiðstöðina—hafði hann gott samband og samvinnu við borgarstjórnann í Haifa hvað varðaði margskonar framkvæmdir borgarinnar. Þetta kom ekki síst fram í stuðningnum sem hann veitti yfirvöldum—ýmist borgaryfirvöldum eða héraðsstjóranum á undan þeim—þegar þörf var á sérstakri fjárhagsaðstoð vegna góðgerðarstarfsemi.

Ekkert gæti lýst betur viðhorfum og stefnu Shoghi Effendi í þeim efnum en bréf sem hann skrifaði á fyrstu embættisárum sínu, 7. febrúar 1923, til Symes ofursta: „Ég var rétt í þessu að fréttu af góðgerðardansleiknum sem frú Symes ætlar að halda til stuðningsfátækum í Haifa. Ég veit að ástkær afa minn studdi málstað þeirra staðfastlega og vil gera mitt besta til að feta í fótspor hans. Ég leyfi mér því að senda 20 pund sem framlag í þennan sjóð... Ég treysti því að þér hafið átt ánægjulegar stundir í Egyptalandi og vonast til að hitta yður og frú Symes bráðlega...“ Sömu tilfinningar eru láttnar í ljósi af sama krafti tveimur árum síðar í öðru bréfi til Symes ofursta: „Lestur dreifibréfs yðar frá 16. febrúar 1925 þar sem vísað er til stofnunar góðgerðarsjóðs Haifa varð til þess að minna mig á þann mikla áhuga sem 'Abdu'l-Bahá hafði á góðgerðarstofnunum. Mér er einnig þannig innanbrjóst og vil feta í fótspor míns ástkæra afa og sendi með þessu bréfi 20 pund til að lina þjáningarfátækra í Haifa.“

Ætíð þegar ógæfa dundi yfir brást Shoghi Effendi við þörfinni með hlýju og alúð. Í apríl 1926 skrifaði hann til héraðsstjóra norðurhéraðsins: „Ég er mér fyllilega meðvitaður um þær miklu þjáningar sem nýleg átök hafa valdið og það er mér mikil ánægja að senda 30 pund sem er

framlag mitt til aðstoðar við fátæka og heimilislausa... Ég yrði yður þakklátur ef þér létuð mig vita öðru hvoru þegar þörfin kallar, hvar sem það gerist og hvaða trúfélög sem í hlut eiga.“ Árið 1927 brást hann aftur við þegar hörmungar steðjuðu að með því að senda ritardeild ríkisstjórnarinnar í Jerúsalem 100 punda framlag í sjóð til hjálpar þeim sem liðu skort í kjölfar jarðskjálfta. Í gegnum árin fylgdi hann fordæmi Meistarans með stórum og smáum upphæðum, en Meistarin hafði verið kallaður „Faðir hinna fátæku“.

Ljóst er að þessum framlögum til ýmissa málefna var hlýlega tekið. Héraðsstjóri Norðurhéraðsins þakkar Shoghi Effendi árið 1934, fyrir „afar veglegt framlag til aðstoðar við bágstadda í Tiberias“ og einnig fyrir „samúðarskeyti hans sem ég mun afhenda héraðsstjóranum í Tiberias“. Árið 1950 þakkar formaður borgarstjórnar í Haifa fyrir 500 pund „sem er almennt framlag yðar til hjálpar fátækum í Haifa í tilefni þess að 100 ár eru liðin frá píslarvættisdaða Bábsins.“ Þegar Verndarinn sendi slík framlög tók hann nánast alltaf fram að þeim skuli „skipt jafnt milli þurfandi fólks í öllum samfélögum án tillits til kynþáttar eða trúar.“

Almenn stefna trúarinnar í góðgerðarmálum var rækilega útskýrð í bréfi sem hann sendi borgarstjóranum í Haifa 7. maí 1929, þar sem hann staðfestir móttöku dreifibréfs um ráðstafanir til að koma í veg fyrir betl í Haifa. Þar segir Verndarinn: „Til allrar hamingju er þetta vandamál sem bahá'í samfélagið á ekki við að stríða því í lögum okkar er betl stranglega bannað. Ég skil hinsvegar að þær ráðstafana sem þér hyggist gera eru mikilvægar og tímabærar og það gleður mig að geta sent með þessu bréfi 50 punda ávísun fyrir hönd bahá'í samfélagsins með fyrirfram þökkum fyrir allar ráðstafanir sem borgin hyggst gera til að hjálpa og lina þjáningar hinna þurfandi í Haifa. Þér getið verið þess fullvissir að bahá'í samfélagið mun fylgja út í æsir öllum reglum sem kunna að verða settar.“

Á þeim árum þegar mikið þjáningartímabil fór í hönd fyrir Palestínnumenn og síðar íbúa Ísraels gaf Verndarinn Haifaborg meira en 10 þúsund dollara á 12 ára tímabili frá 1940 til 1952 til fátækra af öllum trúarbrögðum. Auk þeirrar aðstoðar sem veitt var með tilstyrk stofnana ríkis og bæjar brást hann einnig vel við beiðni margra góðgerðarstofnana og gaf til þeirra einstöku tilvika sem hann taldi verðug. Hann gaf jafnvel stundum peninga af sérstöku tilefni sem tengdist moskunni í Haifa. Oft gaf hann óbeðinn og má þar nefna

til dæmis 100 pund sem hann sendi geðsjúkrahæli stjórnarinnar í Akka—fyrirverandi herbúðum Tyrkja—í tilefni þess að fangaklefinn sem Bahá'u'lláh hafði verið í var fenginn í vörslu og umsjá bahá'ía auk þess sem hann gaf í byggingarsjóð Eðlisfræðistofnunarinnar sem Weizmann National Memorial stóð að.

En þetta var ekki það eina sem sýndi og sannaði fyrir yfirvöldum á svæðinu góðvilja Shoghi Effendi. Það skipti ekki máli um hvað hann var beðinn—hann var yfirleitt reiðubúinn og í aðstöðu til að bregðast við með vinsemd og hlýju. Dæmi um þetta eru bréfaskipti hans við Aba Khoushy, borgarstjórann í Haifa sem áttu sér stað 1952. Þjóðarráðstefna um vandamál upplýsingar átti að fara fram við Hebreska tækniháskólann í Haifa á sama tíma og Hanukka ljósahátíð gyðinga. Borgarstjórinn upplýsti Shoghi Effendi um þetta í bréfi og skrifaði: „Ég væri þakklátur ef þér mynduð líka taka þátt í því með okkur að gera þessa ráðstefnu árangursríka og gefa fyrirmæli um að hið undurfagra grafhýsi trúar yðar í hlíðum Karmel-fjalls verði upplýst vikuna 12.-19 des 1952 að báðum dögum meðtöldum.“ Eins og venjulega ætíð þegar hann fékk kurteislega beiðni eða fyrirspurn brást Shoghi Effendi vel við. Þann 7. desember skrifaði hann til borgarstjórans:

Yðar tign:

Bréf yðar frá 30. nóvember barst mér þegar ég kom heim aftur og ég vil fullvissa yður um að það mun gleðja bahá'í samfélagið að vinna með yður að því að gera Haifa borg upplýsta og fagra í sambandi við ráðstefnuna sem á að halda í Hebreska tækniháskólanum um vandamál upplýsingar, sérstaklega þar sem ráðstefnan er haldin meðan á Hanukka stendur. Ég mun gefa fyrirmæli um að tími flóðlýsingar á grafhýsi okkar verði lengdur þessa daga [grafhýsið var alltaf flóðlýst á hverju kvöldi við sólsetur í skamma stundu] og vil einnig bjóða með yðar milligöngu þeim fulltrúum og gestum sem sækja ráðstefnuna að koma til grafhýsisins og garðanna þegar þeir fara um borgina eitthvert kvöldið til að njóta flóðlýsingarinnar. Hægt er að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að opna hliðin og grafhýsið fyrir þá ef við fáum að vita um ferðir þeirra fyrirfram.

Yðar einlægur,

Shoghi Rabbani

Heimsleiðtogi bahá'í trúarinnar

Annað þýðingarmikið dæmi um þann anda sem einkenndi öll viðbrögð Shoghi Effendi við þeim verðugu málefnum sem athygli hans

var vakin á er samvinna hans við héraðsstjórnann í Akka þegar sá síðarnefndi skrifaði honum árið 1943. Hann kvaðst ekki geta fundið neitt húsnæði fyrir barnaskóla og bað hann um að leigja sér átta herbergi í húsi 'Abbuds (sem er stór bygging og bahá'í pílgrímsstaður) fyrir barnakennsluna. Shoghi Effendi leyfði skólanum að nota nokkur herbergjanna og sagði að ekki þyrfti að greiða neitt fyrir þau.

XIII

UPPHAF STJÓRNSKIPULAGSINS

Starf Verndarans að uppbyggingu stjórnskipulagsins fór fram bæði heima og erlendis. Á þessum upphafsárum þess byggði hann ekki aðeins upp efnislegar eignir trúarinnar við Heimsmiðstöðina heldur aflaði henni viðurkenningar ríkisstjórnar landsins og borgaryfirvalda í Haifa þar sem varanlegt aðsetur helstu stofnana hennar átti að vera. Mörgum árum seinna útskýrði hann þessa þróun þannig að hér hefði farið fram þríþætt starf sem náði til allra heimshluta og hafði að markmiði að sýna fram á sjálfstætt eðli trúarinnar, færa út mörk hennar og fjölga í röðum stuðningsmanna hennar. Til þess að honum gæti tekist þetta varð hann að ráða yfir réttum verkfærum og þau höfðu kenningar trúarinnar skilgreint með skýrum hætti. Þetta voru svæðis- og þjóðarráðin, grunneiningar stjórnskipulagsins. Áhugavert er að gera sér grein fyrir því að í bréfi sem Shoghi Effendi skrifaði árið 1941 til einstaklings, sem ekki var bahá'í, útskýrir hann vel tengsl sín við þetta mikilvæga grundvallarstarf: „... Stjórnskipulagið sem ég hef unnið að því að skýra og setja á stofn í samræmi við skýr fyrirmæli 'Abdu'l-Bahá í erfðaskrá hans og sem sá ábyrgi túlkandi sem skipaður var af 'Abdu'l-Bahá...“ Shoghi Effendi var greinilega ekki viss um að hann hefði sagt þetta nógu skýrt og umorðar það síðar í bréfinu. Þar segir hann að hann hafi verið „kallaður“ og honum „gefið vald“ til að setja á stofn stjórnkerfi trúarinnar.

Þótt Shoghi Effendi minnst mjög sjaldan á sjálfan sig – fornaftnið „ég“ kemur afar sjaldan fram í almennum skilaboðum hans og bréfum – er það vald sem honum var veitt í erfðaskrá 'Abdu'l-Bahá slíkt að án þess hefði aldrei verið hægt að byggja upp stjórnkerfið. Bahá'í heimssamfélagið eins og við þekkjum það í dag væri þá ekki til og grundvöllurinn að heimsskipulagi Bahá'u'lláh hefði aldrei verið lagður. Þegar svæðisbundnum og þjóðlegum stofnunum málstaðarins fjölgaði og óx fiskur um hrygg varð hin raunverulega staða Verndarans augljósari, ekki aðeins í augum eldri bahá'ía sem alltaf höfðu

viðurkennt hana heldur einnig þeirra mörgu og lítt reyndu átrúenda sem enn höfðu ekki skilið sanna þýðingu þeirrar stöðu. Í einu bréfi sinna neyddist hann til að útskýra sitt eigið stjórnskipulega vald til þess að vernda málstaðinn. Það var skrifað sem svar við bréfi frá ritara eins þjóðarráðsins sem lýsti einstöku skilningsleysi. Þetta bréf sker sig úr öðrum bréfum hans að því leyti að hann bætir ekki við neinni eftirskrift með eigin hendi heldur skrifar aðeins: „Lesið og samþykkt, Shoghi“. Í bréfinu segir:

Líkt og þjóðarráðið hefur fulla lögsögu yfir öllum sínum svæðisráðum hefur Verndarinn fulla lögsögu yfir öllum þjóðarráðum. Honum ber ekki skylda til að hafa samráð við þau telji hann einhverja ákvörðun óráðlega vegna hagsmuna málstaðarins. Það er hann sem leggur mat á hversu viturlegar og ráðlegar ákvarðanir þessara ráða eru, en þau leggja ekki mat á hversu skynsamur og viturlegar ákvarðanir hans eru. Þetta kemur mjög skýrt fram þegar erfðaskrá ‘Abdu’l-Bahá er lesin. Hann er Verndari málstaðarins í öllum skilningi þess orðs, skipaður túlkandi kenninganna og nýtur leiðsagnar í ákvörðunum sínum varðandi vernd málstaðarins og það sem kemur hagsmunum hans að mestu gagni.

Hann hefur alltaf rétt til að taka fram fyrir hendurnar á þjóðarráði og hnekkja ákvörðunum þess. Ef hann hefði ekki þennan rétt væri honum gjörsamlega um megn að vernda trúna á sama hátt og þjóðarráðinu yrði um megn að vaka yfir velferð bahá’í þjóðarsamfélagsins og leiðbeina því ef það væri svipt rétti sínum til að hnekkja ákvörðunum svæðisráðs.

Það gerist mjög sjaldan—en gerist þó engu að síður—að hann finnur sig til þess knúinn að breyta meiriháttar (eins og þú orðar það) ákvörðun þjóðarráðs en hann gerir það ávallt hiklaust þegar nauðsyn krefur. Viðkomandi þjóðarráð ætti að fagna því og líta á það sem ráðstöfun til gagns fyrir trúna sem kjörnir fulltrúar hennar reyna af svo mikilli einlægni að þjóna.

Það kemur ekki á óvart að Shoghi Effendi hafi kallað tímabilið sem fór í hönd eftir uppstigningu ‘Abdu’l-Bahá „járnöldina“, „umbreytingaöldina“, „mótunaröldina“. Þetta var sá tími þegar verið var að skapa stofnanir trúarinnar, hvort sem var á þjóðarsviði, á einstökum svæðum eða alþjóðavettvangi. Verndarinn sagði að þessar stofnanir væru upphafsmynstrið sem yrði að þróa áfram á gullöld bahá’í trúarkerfisins og verða að heimssamveldi. Hann skrifaði að „heimsendurnýjandi andi“ trúarinnar væri kominn á það stig að hann gæti „tekið á sig mynd stofnana sem hefðu það hlutverk að beina vaxandi orku hennar í farveg og örva vöxt hennar.“ Meginreglurnar

sem liggja til grundvallar heimsskipulaginu, sem ‘Abdu’l-Bahá stofnaði í erfðaskrá sinni, skilgreindi hann á fyrstu fimm árum Verndarstofnunarinnar í fjölda bréfa til átrúenda um allan heim þar sem hann útskýrir störf ráðanna, lögsögu þeirra og—það sem er enn mikilvægara—andann sem verður að knýja þau áfram ef þau eiga að uppfylla tilgang sinn í nánustu framtíð.

Stjórnstofnunum má líkja við æðar líkamans sem flytja lífgefandi súrefni kenninga Bahá’u’lláh til allra hluta heimsins. Með þeirra tilstyrk er hægt að endurskapa þjóðfélagið og gera það að „ríkinu fyrirheitna sem Kristur sagði fyrir um, heimsskipulaginu sem Bahá’u’lláh sjálfur knýr áfram og miðlar orku, sem nær til allrar plánetunnar, ríkinu sem hefur einingu að einkunnarorðum, sem knúið er afli réttlætisins, hefur það stefnumið að koma á fót ríki réttlætis og sannleika og sem fullnast í dýrð eilífrar og órofa farsældar alls mannkyns“.

Eftir að hafa skilgreint aflfræðina að baki kosningum til ráðanna og hvernig þeim beri að haga störfum sínum, áminnti Verndarinn þau um málefni sem snerta einingu. Ef eining átti að vera einkunnarorð framtíðar var ljóst að hana þyrfti að rækta kostgæfilega meðal bahá’íanna sjálfra. Árið 1923 skrifaði hann til eins svæðisráðsins: „Fullur samhljómur og skilningur meðal vinanna innan og utan andlega ráðsins, skilyrðislaust traust þeirra sem eru utan ráðsins á öllum þeim ákvörðunum sem kjörnir fulltrúar þeirra taka og einbeittur vilji þeirra til að virða þessar ákvarðanir án tillits til eigin skoðana og leita einskis nema almennra hagsmuna hreyfingarinnar—þetta er sá eini tryggi grundvöllur sem hægt er að byggja á til framtíðar og þjónar hagsmunum málstaðarins.“ Bréf hans til þjóðarráðanna voru ekki síður afdráttarlaus eins og þessir útdrættir úr tveimur þeirra frá 1925 bera vitni: „Höfuðforsenda sérhvers verkefnis sem vinirnir kunna að takast á hendur er samt að viðhalda anda flekklausrar vináttu, trúfastrar og heilshugar samvinnu... anda sanns bahá’í bræðralags. Þetta er hið eina sem getur leyst hinar mörgu ráðgátur okkar í lífinu, eina lausnin á þeim óhjákvæmilegu erfiðleikum sem verða á vegi okkar í starfinu fyrir elskaðan málstað okkar.“ „Virkt, sameinað og samstillt andlegt þjóðarráð, sem kosið er samviskusamlega og á réttan hátt, sem starfar af krafti, vökult og meðvitað um sín mörgu og brýnu ábyrgðarsvið, í nánú og stöðugu sambandi við alþjóðlegu miðstöðina í landinu helga, og sem vakir gaumgæfilega yfir allri þróun á sístækkandi starfssviðum sínum—þetta er vissulega mesta og mikilvægasta nauðsynjamálið

á þessum degi því þetta er sjálfur hornsteinninn að byggingu hins guðlega stjórnkerfis.“

Hægt, með þolinmæði, takmarkalausri ást og skilningi fræddi Shoghi Effendi ráðin í austri og vestri um hvernig þau ættu að sinna málefnum málstaðar Guðs á réttan hátt og í samræmi við kenningarnar. Meðlimir þessara nýmótuðu stofnana hneigðust eins og börn til deilna sín á milli en Verndarinn leyfði þeim ekki að stofna hagsmunum trúarinnar í hættu. Við eitt slíkt tækifæri þegar Þjóðarráð varð þreytt á einum meðlimi sínum og ákvað að setja hann af sendi Shoghi Effendi þeim strengilega viðvörðun í símskeyti þess efnis að þetta gæti haft „afleiðingar um allan heim og valdið málstað Bahá'u'lláh óbætanlegu tjóni.“ Hann sagði að viðkomandi aðili yrði að þjóna áfram sem meðlimur ráðsins og gleyma yrði allri gagnrýni og umræðum um þetta mál, annars myndi það „skaða óskoraðan myndugleika Þjóðarráðsins sem stofnunar“.

Þessi málsmeðferð var ekki óvenjuleg. Verndarinn viss vel að heimurinn, átrúendurnir og ráðin áttu eftir að taka út mikinn þroska. Beiting „réttlætis“ – sem í sjálfu sér er afar flókið mál – gerir ráð fyrir að þeir sem eiga að fara með það búi yfir einhverjum þroska, reynslu og djúpri þekkingu á kenningunum. Málsmeðferðin tekur einnig langan tíma. Aftur og aftur á embættisferli sínum neitaði Verndarinn að gerast sáttasemjari í málum sem skotið var til hans og hvatti hlutaðeigandi til að hefja sig yfir kringumstæðurnar, gleyma og fyrirgefa hið liðna, einbeita sér að brýnustu þörfum trúarinnar sem fólust í markmiðum áætlunarinnar sem þá var í gangi og flytja öllu mannkyni græðandi boðskap hennar. Þegar um skilnað var að ræða eða deilur um peningamál og annað þessháttar var átrúendunum ráðlagt að leita til sinna eigin ráða og hann hvatti viðkomandi ráð til að rannsaka málið og komast að niðurstöðu. Þegar stjórnstofnanir þroskuðust með árunum hvatti hann bahá'íana til að leita til þeirra um úrlausn á vandamálum til þess að bæði bahá'íarnir og ráðin yrðu reynslunni ríkari og lærðu að beita dásamlegu skipulagi Bahá'u'lláh sem einstaklingar og í lífi samfélagsins. Engu að síður þegar upp komu mál sem vörðuðu sundurlyndi, baktal og gagnkvæmt vantraust hvatti hann vinina ávallt til að hefja sig yfir þau til góðs fyrir málstaðinn. Hvatningar hans og áminningar í slíkum tilvikum voru eins og svöl hönd sem lögð er á hitasjúkt enni, róar og hughreystir reiða og örvæntingarfulla deiluaðila, sefar þá þangað til þeir eru reiðubúnir að láta ástina á trúnni sem býr

innra með þeim streyma inn í hjörtun og græða sárin.

Ekki fyrr hafði Shoghi Effendi tekist að tryggja kosningu ráðanna og rétta starfsemi þeirra — í þeim löndum þar sem það var mögulegt — en hann byrjaði að finna þessum ráðum tryggan lagagrundvöll. Fyrir hvatningarorð hans náðist einn slíkur áfangi í bahá'í sögunni árið 1927, fimm árum eftir að hann tók til starfa sem Verndari trúarinnar. Sá áfangi fól í sér ekkert minna en „fyrstu þjóðlegu bahá'í stofnskrána, sem ameríska bahá'í samfélagið lagði drög að og kynnti“. Hann lýsti þessum áfanga sem fyrsta skrefinu að „einingu bahá'í heimssamfélagsins og treystingu stjórnkerfisins.“ Hann lýsti þessari stofnskrá einnig sem „verðugri og traustri útlistun á stjórnskipulegum grundvelli bahá'í samfélaganna í öllum löndum og fyrirboða bahá'í heimsskipulags framtíðarinnar.“

Þetta skjal varð „stofnskrá“ allra þjóðarráða og var þýtt á öll helstu tungumál bahá'í heimsins, persnesku, arabísku, frönsku, þýsku og spænsku. Fyrirmæli hennar byggðu á þeim leiðarvísium sem Shoghi Effendi hafði sjálfur gefið í túlkandi ritum sínum um kenningar trúarinnar og því sem hann lýsti sem „fullkomnu kerfi heimsstjórnar sem felst í kenningum Bahá'u'lláh.“ Hann dró þetta saman í eftirfarandi orðum: „Texti þessarar þjóðarstofnskrár felur í sér trúnaðaryfirlýsingu þar sem sett eru fram einkenni og markmið þjóðarsamfélags bahá'ía og þar sem finna má staðfestingu á starfi, ákvörðun um þjóðarskrifstofu og lýsingu á opinberu innsigli sem ráð kjörinna fulltrúa þess notar. Þar er auk þess að finna samþykktir sem skilgreina stöðu, framkvæmd kosninga, völd og skyldur svæðis- og þjóðarráða, lýsa tengslum þjóðarráðsins við Allsherjarsmáttvísinnar sem og við svæðisráðin og einstaka átrúendur, gefa yfirlit yfir réttindi og skyldur landsþingsins og tengsl þess við þjóðarráðið, útskýra einkenni bahá'í kosninga og ákvarða skilyrði kjörgengis í öllum bahá'í samfélögum.“

Samþykktir Andlegs ráðs bahá'ía í New York borg 1931 voru einnig stórt skref fram á við í þróun stjórnskipulagsins og ári síðar fékk þetta ráð löggildingu í New York fylki. Shoghi Effendi skrifaði að þessar samþykktir yrðu „mynstur fyrir öll bahá'í svæðisráð í Ameríku og fyrirmynd svæðissamfélaga alls bahá'í heimsins.“

Skipuleg framsetning þessarar frumgerðar fyrir sérhverja bahá'í stofnskrá, sem og gerð samþykktta sem öll andleg svæðisráð gátu notað til löggildingar eða skráningar samkvæmt lögum heimalandsins og gerði þeim þannig kleift að eignast með lögmatum hætti trúarlegar

eignir eins og land, þjóðar- og svæðisbækistöðvar, sögulega staði og í sumum tilfellum bahá'í musteri—þetta voru áfangar sem Shoghi Effendi taldi hafa langmesta þýðingu. Árið 1928 byrjaði Verndarinn að hvetja austræn þjóðarráð til að mynda þjóðarstofnanir að amerískri fyrirmynd og leita auk þess viðurkenningar sem trúardómstólar sem hefðu vald til að framfylgja bahá'í lögum sem vörðuðu persónurétt eins og hjúskap, skilnað, erfðir o.s.frv. Í mörgum löndum múslíma heyrta slík mál ekki undir borgaralega dómstóla.

Allt lýsti þetta fyrst og fremst baráttu sjálfstæðrar trúar fyrir fullri viðurkenningu á stöðu sinni í sögunni og fyrir sama jafnræði og frelsi og önnur heimstrúarbrögð njóta. Shoghi Effendi greip tækifærið sem stofnun Sameinuðu þjóðanna gaf til þess að hraða ferli sem miðaði að því sameiginlega markmiði að bahá'í samfélögin yrðu í lífi sínu og starfi eitt sameinað heimssamfélag sem stjórnað væri frá Heimsmiðstöðinni og starfaði að allsherjar bræðralagi allra manna og heimsfriði með heimssamveldi þjóðanna að lokamarkmiði.

Um leið og ljóst varð að Sameinuðu þjóðirnar leyfðu ópólitískum samtökum að senda fulltrúa sína á ýmsar ráðstefnur sem haldnar voru á þeirra vegum hvatti Shoghi Effendi þáverandi Andlegt þjóðarráð Bandaríkjanna og Kanada til að sækja um samskonar leyfi. Þetta leyfi fékk ráðið 1947. Þegar umsóknin var send inn lét þjóðarráðið fylgja með yfirlýsingu um skyldur og réttindi mannsins og bahá'í yfirlýsingu um réttindi kvenna. Skipuð var Sameinuðu þjóða nefnd bahá'í samfélagsins og áheyrnarfulltrúi þess sótti fundi allsherjarþingsins. Þar sem þessi staða gaf afar takmarkað svigrúm var leitað leiða til að styrkja hana. Þetta tókst veturinn 1947-8 þegar sjö andleg þjóðarráð veittu ameríska samfélaginu heimild til að koma fram af þeirra hálfu sem fulltrúi þeirra undir heitinu Bahá'í alþjóðasamfélagið. Það fékk viðurkenningu sem alþjóðleg samtök með sérstöku umboði hjá Sameinuðu þjóðunum. Þessi staða jók orðstír trúarinnar og forréttindi opinberra bahá'í fulltrúa sem sóttu reglulega ýmsar ráðstefnur á vegum SP sem opnar voru þeim sem höfðu slík forréttindi. Þegar ný andleg þjóðarráð voru stofnuð bættust þau einnig í þennan hóp og styrktu þannig Bahá'í alþjóðasamfélagið sem fulltrúa bahá'í heimsins.

Sú þýðing sem þessi tengsl höfðu í augum Shoghi Effendi fyrir trúna og völdugustu alþjóðlegu samtök mannkynssögunnar endurspeglast í eftirfarandi orðum hans: „Hún markar mikilvægt skref fram á við í baráttu elskaðrar trúar okkar til að hljóta verðskuldaða viðurkenningu

sem sjálfstæð heimstrúarbrögð í augum heimsins. Þetta skref ætti vissulega að hafa jákvæð áhrif á framþróun málstaðarins um allan heim, þó sérstaklega í þeim heimshlutum þar sem hún er ennþá ofsótt, lítilsvirt eða fyrirlitin, sérstaklega í Austurlöndum.“ Þegar mikil alda ofsókna reið yfir samfélagið í Persíu árið 1955 kom árangurinn af vel ræktuðum tengslum trúarinnar við Sameinuðu þjóðirnar í ljós. Vegna ítarlegrar skýrslu sem aðalritari Sameinuðu þjóðanna hafði fengið í hendur um áverka og grimmdarverk sem fylgjendur Bahá'u'lláh höfðu orðið fyrir í heimalandi hans skipaði hann nefnd undir forstöðu framkvæmdastjóra flóttamannahjálpar Sameinuðu þjóðanna og fól henni að hafa samband við persnesku stjórnina og fá frá henni formlega yfirlýsingu um að réttindi bahá'í minnihlutans yrðu tryggð og höfð í heiðri. Svo mikla þýðingu höfðu þessi tengsl í augum Verndarans að eitt af tuttugu og sjö markmiðum sem sett voru fyrir kennslu og treystingu tíu ára áætlunarinnar var „Styrking sambandsins milli bahá'í heimssamfélagsins og Sameinuðu þjóðanna.“

Shoghi Effendi skrifaði að sögu málstaðarins mætti réttilega lýsa sem „bylgjum kreppu og sigurs sem færa hana stöðugt nær guðlega fyrirhuguðu ætlunarverki sínu.“ Þótt fráfall höfuðpersóna trúarinnar—hvort sem um var að ræða Bábinn, Bahá'u'lláh eða 'Abdu'l-Bahá—hefði óhjákvæmilega haft kreppu í för með sér, stöfuðu flest áföllin sem höfðu knúið hana áfram af ofsóknum sem hún hafði sætt, oftast en þó ekki eingöngu, af höndum rótgróinna óvina hennar, múslímsku klerkastéttarinnar. Þau þrjátíu og sex ár sem Shoghi Effendi gegndi embætti Verndarans kom til endurtekinna og ofsafenginna ofsókna gegn fylgjendum trúarinnar í Persíu, bæði á einstökum svæðum og á landinu öllu. Þessar ofsóknir voru blóðugar og hrottafengnar. Fylgjendur hennar í Tyrklandi voru kúgaðir, ofsóttir og sættu fölskum ákærum, ráðist var á fylgjendur hennar í Egyptalandi, eignir þeirra, legstaði og réttindi sem þeir höfðu samkvæmt lögum. Rád fylgjenda hennar í Rússlandi voru leyst upp og musteri þeirra gert upptækt. Flestir átrúendanna voru ýmist gerðir útlægir eða fóru sjálfviljugir úr landi. Stjórnvöld í Þýskalandi leystu upp bahá'í samfélagið og bönnuðu starfsemi þess í júní 1937. Þjóðskjalasafn þeirra gert upptækt og sumir þeirra færðir til yfirheyrslu eða jafnvel fangelsaðir.

Slíkir atburðir ollu Verndaranum mikilli hugraun, tóku mikinn tíma og juku byrðar hans sem voru nógar fyrir. Stóra vandamálið var hinsvegar Persía þar sem „svívirt, fótumtroðið og langþjád“ samfélag

barðist fyrir tilveru sinni andspænis stöðugum ofsóknum. Þetta „heitt elskaða“ samfélag—eins og hann nefndi það oft—átti hug hans allan frá því hann tók fyrst við embætti Verndarans og allt til loka. Stöðugur straumur bréfa og boða frá honum barst til meðlima þess og kjörins þjóðarráðs og í bréfum sínum til bahá'ía á Vesturlöndum minnst hann þess oft með umhyggju, hvatti til aðstoðar við verndun þess og útskýrði hversvegna þetta samfélag sem hafði verið í fararbroddi á hetjuöld trúarinnar—varð að þola svo heiftugar árásir samlanda sinna. Það er staðreynd að æðsti opinberandi Guðs birst í Persíu og þess vegna er landið heittelskuð „vagga trúar okkar og nýtur innilegustu ástar“ eins og Shoghi Effendi komst að orði. Það er einnig staðreynd að sá tími mun koma „að allar þjóðir heims verða vitni að því að Persía kemst til andlegra og efnislegra yfirráða.“ Það þýðir þó ekki að þjóðareðlið hafi á okkar tímum breyst svo mjög að von sé á skjótri uppfyllingu þessa spádóms. „Aðeins náinn og óvilhallur athugandi“ skrifaði hann í einu af almennum bréfum sínum „... getur til fulls gert sér grein fyrir hve feiknalegt verkefni bíður sérhvers samviskusams átrúanda í þessu landi vegna ríkjandi viðhorfa ýmissa þjóðfélagshópa“ svo sem sinnuleysis þeirra, leti, skorts á borgaralegri skyldurækni og hollustu við meginreglur, skorts á einbeittu átaki og staðfestu í verki, leyndarhyggju þeirra og blindri hlýðni við fáfróða og ofstækisfulla klerkastétt. Boðskapur Bahá'u'lláh á eftir að breyta öllum heiminum og mun því líka breyta heimalandi hans sem á svo mikla framtíð fyrir sér þegar það leitar athvarfs hjá honum.

Sú var tíðin eins og sést af bréfum Shoghi Effendi að hann vonaðist til að stofnandi nýju Pahlavi keisaraættarinnar—sem kynnti til sögunnar margskonar umbætur sem mikil þörf var á—myndi fljótt opna leið fyrir nýjan áfanga í þróun trúar Bahá'u'lláh í landinu. Árið 1929 skrifaði Shoghi Effendi að átrúendurnir þar væru að „fá forsmekkin af frumgróða þeirrar frelsunar sem þá hafði svo lengi dreymt um“. Með hliðsjón af þeim umbótum sem þá voru í deigluinni ráðlagði hann þjóðarráðinu að þrýsta á um að fá leyfi til að prenta bækur og stofna Bahá'í útgáfusjóð. Þegar þessu var hafnað sendi hann eftirfarandi símskeyti til Ameríku í janúar 1932: „Hvet til þess að verði strax send tvö bréf til persnesku stjórnarinnar og keisarans með aðstoð ráðsins í Teheran þar sem færðar verði þakkir af hálfu amerísku átrúendanna fyrir nýlegar innri umbætur á stjórn landsins, áhersla verði lögð á þau andlegu bönd sem tengja þessi tvö lönd og þeirri

áriðandi beiðni komið á framfæri að banni á bahá'í bókmenntir verði aflétt og áhersla lögð á mikið andlegt gildi þeirra með sérstakri vísan til Nabíls og Bahá'í World.“ Vonir Shoghi Effendi urðu þó skammlífar, umbæturnar voru ekki nógu miklar til að geta náð til hins hataða bahá'í samfélags og þessari beiðni var líka hafnað. Verndarinn var staðráðinn í að gefast ekki upp án baráttu og fimm mánuðum síðar sendi hann þetta símskeyti til Ameríku: „Hvet til þess að skrifleg beiðni verði þegar í stað send til keisarans þar sem Ransom-Kehler verði kynnt sem sérlegur fulltrúi sem hafi umboð til að leggja fram beiðni vegna útgáfu bahá'í bókmennta í Persíu. Leggið áherslu á almenna ánægju með innri umbætur í landinu og þau andlegu bönd sem tengja bæði löndin. Leggið einnig áherslu á það mikla lofsorð sem bahá'í ritin ljúka á íslam og siðferðilegt gildi ritanna fyrir Persíu. Sendið beiðnina til persneska þjóðarráðsins.“

Þetta sýnir glöggð hvernig Verndarinn notaði öll tækifæri sem honum buðust í þjónustu við hagsmuni trúarinnar. Frú Keith Ransom-Kehler, amerískur átrúandi, framúrskarandi hæfileikarík kona, kom til Haifa sem pílagrímur og Shoghi Effendi ákvað að senda hana til Persíu. Áður en hún gerðist bahá'í var hún prestur í kristnum kirkjusöfnuði, eldheitur og frábær ræðumaður. Shoghi Effendi hafði hana hjá sér í Haifa í margar vikur, gaf henni skýrslu um ástandið í Persíu og útskýrði hvað hún gæti gert þar til að aðstoða við að létta fjötrum af trúnni og afla henni að minnsta kosti einhverrar viðurkenningar. Þótt ætlunarverkið sem Shoghi Effendi fól henni að vinna í Persíu hafi mistekist vegna þess að keisarinn neitaði að veita henni áheyrn, hafði heimsókn þessa sendifulltrúa Verndarans sögulega þýðingu fyrir persneska bahá'í samfélagið. Hann hafði dýpkað svo mjög skilning hennar á stjórnskipulaginu að henni tókst að vekja þetta ofsóttu, fótumtroðna og stundum sinnulausa samfélag til nýrrar vitundar um framtíðarhlutverk þess og þýðingu þeirra skylduverka sem biðu þess strax í samtímanum. En eins og gerðist með dr. Esslemont var þetta nýja tæki hrifið úr höndum Verndarans. Þann 28. október 1933 sendi hann eftirfarandi símskeyti til Ameríku: „Dýrmætu lífi Keith hefur verið fórnað ástkærum málstað Bahá'u'lláh í heimalandi hans. Í Persíu og á persneskri grund mætti hún öflum myrkursins, ögraði þeim og barðist frækilegri baráttu með óbugandi vilja, framúrskarandi og óhagganlegri hollustu. Fjöldi hjálparlausra persneskra bræðra hennar og systra syrgja skyndilegt fráfall þessarar hugrökku baráttukonu,

amerískir átrúendur eru þakklátir og stoltir af sínum fyrsta og virta píslarvætti. Hryggur í bragði harma ég jarðneskan aðskilnað við ómetanlegan samstarfsmann, óbrigðulan ráðgjafa, virtan og tryggan vin. Hvet svæðisráðin til að skipuleggja minningarathafnir um konu sem með alþjóðlegri þjónustu sinni hefur unnið sér heiðraðan sess meðal Handa málstaðar Bahá'u'lláh“. Hörmulegt tjón Persíu vegna þessa fráfalls varð mikill ávinningur fyrir Ameríku. Í bréfi sem Keith Ransom-Kehler skrifaði í Persíu á þessum árum kemur fram hversu vel hún átti þann heiður skilinn sem Shoghi Effendi sýndi henni af veglyndi sínu. Bréfið lýsir því hve sárt hún fann til þess að helsta ætlunarverk hennar hafði mistekist: „Ég hef hrasað en þó aldrei hikað. Það sem við mér blasir er margra mánaða viðleitni án þess að nokkuð hafi áunnist. Ef einhver í framtíðinni kynni að hafa áhuga á þessu árangurslausa ævintýri mínu getur hann einn sagt til um hvort gamall og þreyttur líkami minn hafi fallið nálægt eða fjarri þessum nánast ókleifu hæðum alúðar og áhugaleysis. Í dag er reykurinn af bardaganum of þykkur og háreystin of mikil til þess að ég geti greint hvort mér hafi miðað eitthvað áfram eða fallið þar sem ég stóð í sömu sporum. Ekkert í heiminum er tilgangslaust, síst af öllu þjáningin. Fórni ásamt þeirri þjáningu sem henni fylgir er fræ, lífvera. Menn geta ekki spillt vexti þess og viðgangi eins og þeir geta spillt uppskeru jarðneskra fræja. Þegar fræi fórnarinnar hefur eitt sinn verið sáð hygg ég að það blómgi um alla framtíð á ljúfum ökrum eilífðarinnar. Mitt blóm mun láta fjarska lítið yfir sér, kannski verða eins og þessi litla gleymmérei, vökvuð blóði Quddusar, sem ég tindi við Sabz-i-Maydan í Barfurush. Beri hún einhvern tíma fyrir auga megí sá sem virðist berjast árangurslausri baráttu geyma hana í nafni Shoghi Effendi og varðveita hana í ástkærri hugsun til hans.“

Í desember 1934 sendi Shoghi Effendi símskeyti til persneska þjóðarráðsins: „Hefur Tarbiyat skólanum verið lokað fyrir fullt og allt? Spyrjist fyrir og svarið með skeyti“. Bakgrunnur þessarar spurningar kemur fram í svari ráðsins til Verndarans: „Viðvíkjandi spurningu þína á degi píslarvættis Bábsins er því til að svara að báðum Tarbiyat skólunum í Teheran var lokað, menntamálaráðuneytinu var skylt að loka báðum skólum og það spurði hversvegna við létum okkur það ekki lynda...“ Um þennan atburð má segja að hann sé klassískt dæmi um baráttu persnesku bahá'íanna—sem nutu stöðugar leiðsagnar og hvatningar Shoghi Effendi—til að ávinna sér einhvern vott frelsis og

sanngirni þegar þeir fylgdu sinni eigin trú, næstfjölmennasta trúfélagi í landinu á eftir íslam. Tarbiyat drengja- og stúlkenskólarnir voru að öllu leyti í eigu bahá'ía og lutu þeirra stjórn. Þeir voru stofnaðir 1898 á tímum 'Abdu'l-Bahá og höfðu starfað í þrjátíu og sex ár. Þetta verkefni var Shoghi Effendi hjartfólgið, skólarnir höfðu ávallt getið sér góðan orðstír og þótt flestir nemendurnir væri bahá'íar sóttu þá börn af öllum trúarbrögðum. Þeim var alltaf lokað þegar helgidagar bahá'í trúarinnar, níu talsins, gengu í garð en menntamálaráðuneytið bar fyrir sig þá léttvægu átyllu að bahá'íar tilheyrðu trúfélagi sem ekki var opinberlega viðurkennt í Persíu. Ráðuneytið krafðist þess skyndilega að skólahald færi fram á þessum dögum og skólinn hafður opin. Þetta þýddi afturför í stað framfara í baráttunni við að leysa málstaðinn úr fjötrum sem hann hafði af slíkri örvæntingu reynt að brjóta af sér. Shoghi Effendi neitaði að verða við þessum kröfum og skipaði ráðinu að loka skólanum á degi píslarvættis Bábsins. Þar sem hann vildi ekki leyfa átrúendunum að samþykkja kröfur stjórnvalda og leyfa skólahald á bahá'í helgidögum var Tarbiyat skólanum, sem var í fremstu röð í Persíu, lokað og sú lokun er í fullu gildi enn í dag.

Daginn eftir að Verndarinn fékk þessar slæmu fréttir frá Teheran kynnti hann þær bahá'íum í frjálssasta landi heims. Reiði Verndarans kemur glöggt fram í öllum orðum hans um þær svívirðingar og þjáningar sem bahá'íar í Persíu þurftu að þola: „Upplýsingar hafa borist rétt í þessu sem benda til þess að vísvitandi sé verið að grafa undan öllum bahá'í stofnunum í Persíu. Skólum í Kashan, Qazvin, Sultanabad hefur verið lokað. Á allmörgum stórum stöðum þar á meðal í Qazvin og Kirmanshah hafa fyrirmæli verið gefin um að leggja niður alla kennslu, banna fundi, loka bahá'í fundarsölum, neita bahá'íum um rétt til að verða jarðsettir í bahá'í legstöðum. Bahá'íar í Teheran eru neyddir til að skrá sig sem múslíma á skilríkjum sínum, að öðrum kosti verður þeim refsað eða varpað í fangelsi. Hamslaus klerkastétt æsir upp lýðinn. Beiðni þjóðráðsins í Teheran hefur verið synjað og henni var ekki komið til skila. Gerið persneska ráðherranum grein fyrir hversu alvarlegt og óþolandi þetta ástand er“.

Þessi aðför sem var fullkomlega óverðskulduð var gerð á sama tíma og öll skynsamleg rök stóðu til þess að ný og frjálslýndari stefna persneskra stjórnvalda myndi einnig ná til bahá'í samfélagsins, sem allt frá dögum Dariusar og eftirmanna hans var eina raunverulega tilkall landsins til hróðurs. Þetta gerðist á sama tíma og persnesku bahá'íarnir

héldu landsþing með fulltrúum sem höfðu umboð bahá'í samfélagsins í landinu til að kjósa þjóðarráð sem stofnað var árið 1934 samkvæmt tölfræðilegri skráningu Shoghi Effendi. Þegar árið 1927 hafði ráðstefna sem hann nefndi „fyrstu sögulegu fulltrúaráðstefnuna“ verið haldin og áformað var að halda slíka fundi árlega í framtíðinni. Árið 1928 byrjaði hann að kalla ráðið sem kosið var við þessar ráðstefnur Andlegt þjóðarráð Persíu. Ein helsta ástæðan fyrir því hversu lengi hafði dregist að halda þessa kosningu var með hans eigin orðum sniðin að „aðferðum bræðra þeirra og systra í Bandaríkjunum og Kanada.“ Ástæðan var sú að ráðið hafði ekki getað framkvæmt fyrir mæli hans um gera nákvæman listi yfir alla átrúendur í landinu sem var forsenda fyrir réttum stjórnskipulegum starfsháttum við myndun þjóðarráðs.

Árið 1931 hafði Shoghi Effendi gefið Persíu fyrir mæli um að kaupa landareign fyrir framtíðar musteri – Mashriqu'l-Adhkár – og hefja byggingarframkvæmdir við þjóðarmiðstöðina í Teheran. Það var vafalaust að einhverju leyti vegna fastheldni samfélagsins við rétt sinn til að njóta fullrar viðurkenningar sem trúfélag að þykkjufull stjórnvöld hertust í þeirri ákvörðun sinni að neita samfélaginu um þennan rétt þótt Verndarinn og samfélagið hefðu reynt að varast að ögra stjórnvöldum eða þjóðinni að þarflausu. Dæmi um þessa hófstillingu Verndarans eru fyrir mæli hans þess efnis að bahá'í konur yrðu ekki í forystu í hinni nýja jafnréttisbaráttu kvenna sem keisarinn hafði komið af stað. Hún fólst m.a. í því að konur þurftu ekki lengur að ganga með slæðuna og var í fullu samræmi við kenningar Bábsins og Bahá'u'lláh. Það sem vakti fyrir Verndaranum var að þátttaka bahá'í kvenna í þessari baráttu yrði ekki tilefni nýrra árása eða erfiðleika fyrir samfélagið.

Staða bahá'ía í Austurlöndum og sérstaklega í Persíu er í rauninni alltaf erfið. Jafnvægið er hárfínt, stundum geta blossað upp ofsafengnar og blóðugar ofsóknir. Ítrekað komu upp stök tilvik þar sem bahá'íar voru myrtir og liðu sumir þeirra píslarvættisdauða, samkvæmt orðum Verndarans. Ofsóknir vofðu alltaf yfir, stundum mögnuðust þær á einum stað, stundum á öðrum, en ógnin var alltaf á næsta leiti. Öllum þjáningunum sem steðjuðu að persnesku vinunum svaraði Verndarinn með ástríku skilaboðum. Hann sendi fjármuni til hjálparstarfs auk fyrir mæla, yfirleitt til ameríska þjóðarráðsins, um að skerast í leikinn og krefjast réttlátrar málsmeðferðar. Bréf eins og það sem fer hér á eftir voru ekki sjaldgæf og endurspeglu anda þessara skilaboða: „Ráðlegg ykkur... að halda sérstakar helgistundir í áheyrendasal

musterisins og biðja ósýnilega herskara Abhá ríkisins um aðstoð við frelsun langþjáðra bræðra og systra í heimalandi Bahá'u'lláh. Megi stöðug viðleitni Ameríku og stóraukin starfsemi bæta upp þvingað aðgerðarleysi svo fjölmenns hóps skipulagðra fylgjenda hans“.

Versta kreppan sem kom upp í persneska bahá'í samfélaginu á þrjátíu og sex ára embættisferli Verndarans reið yfir árið 1955. Þá syrti skyndilega yfir í málefnum þessa stærsta samfélags bahá'í heimsins. Í löngu símskeyti sem dagsett er 23. ágúst skýrði hann Höndum málstaðarins og þjóðarráðunum frá því sem hafði gerst. Eftir að stjórnvöld tóku herskildi höfuðstöðvar persneska bahá'í samfélagsins í Teheran og eyðilögðu stórt og íburðarmikið hvolfpak byggingarinnar (einn af höfuðklerkum landsins og kunnur hershöfðingi tóku sér haka í hönd og gengu til verks) voru svæðisbækistöðvar bahá'í stjórnskipulagsins um allt land teknar eignarnámi. Þing landsins lýst trúna útlæga, blöð og útvarp hófu hatramma herferð gegn henni, afskræmdu sögu hennar, löstuðu höfunda hennar, mistúlkuðu kenningarnar og rangfærðu tilgang og markmið málstaðarins. Í kjölfarið hófust grimmdarverk gegn meðlimum þessa langþjáða samfélags um allt land. Í yfirliti Verndarans yfir það skelfilega tjón og „villimannlegu grimmdarverk“ sem höfðu verið framin var einnig getið um atburði eins og vanhelgun á húsi Bábsins í Shíraz, en á þessum helsta helgistað trúarinnar í Persíu voru unnar alvarlegar skemmdir, eignarnám á húsi forfeðra Bahá'u'lláh, gripdeildir í verslunum og á bóndabæjum í eigu átrúenda, þjófnaður á heimilum þeirra, eyðing búfénaðar, eldur borinn í uppskeru, jarðneskar leifar bahá'í grafnar upp og vanhelgaðar í þeirra eigin legstöðum. Fullorðið fólk varð fyrir barsmiðum, ungum konum var rænt og þær neyddar til að giftast múslímum, börn voru barin, atyrt og rekin úr skólum; iðnaðarmenn sniðgengu bahá'ía og verslunarmenn neituðu að selja þeim matvörur, fimmtán ára gamalli stúlku var nauðgað, troðið var á ellefu mánaða gömlu barni og hart var lagt að átrúendum að afneita trú sinni. Verndarinn hélt áfram og sagði að það hefði nýlega gerst að tvö þúsund manna múgur hefði ráðist með skóflum og öxum á sjö manna fjölskyldu, myrt hana og hakkað líkin sundur við hljómlist og trumbuslátt. Hinn elsti í fjölskyldunni var áttæður og hinn yngsti nítján ára.

Samkvæmt fyrirmælum Verndarans höfðu meira en eitt þúsund bahá'í ráð og hópar um allan heim sent símskeyti og bréf til stjórnvalda í Persíu til að mótmæla ranglætinu og lögleysunni sem löghlýðnir

bræður þeirra og systur höfðu sætt. Auk þess höfðu öll þjóðarráðin sent bréf til keisarans, ríkisstjórnarinnar og þingsins þar sem þau mótmæltu þessum tilefnislausu trúarofsóknum gegn saklausu samfélagi. Alls engin viðbrögð bárust við öllum þessum mótmælum af opinberri hálfu og þess vegna gaf Verndarinn Bahá'í alþjóðasamfélaginu, viðurkenndum ópólitískum samtökum við Sameinuðu þjóðirnar, fyrirmæli um að fara með málið fyrir Sameinuðu þjóðirnar í Genf og tilnefndi sjálfur þá bahá'ía sem áttu að vera fulltrúar samfélagsins við þetta mikilvæga tilefni. Afrit af málaleitunum bahá'ía var afhent fulltrúum meðlimahjóðanna í efnahags- og félagsmálaráðinu, framkvæmdastjóra mannréttindadeildarinnar og sérstökum deildum þeirra ópólitísku samtaka sem höfðu samráðsrétt hjá SP. Jafnframt sendi ameríska þjóðarráðið og allir hópar og svæðisráð Bandaríkjanna beiðni til forseta Bandaríkjanna um að Bandaríkin skærust í leikinn og kæmu kúguðu systursamfélagi þeirra í Persíu til hjálpar.

Þetta var í fyrsta sinn í sögu þessarar ofsóttu trúar sem hún gat barist gegn ofsóknaröflunum með vopnum sem höfðu töluvert varnargildi. Shoghi Effendi útskýrði vel þá þýðingu sem þetta hafði. Hver sem niðurstaða þessara „hjátaskerandi“ atburða yrði var ein staðreynd ljós: barnung trú Guðs var nú að skrá nafn sitt á spjöld sögunnar í kjölfar þeirra eldrauna sem steðjuðu að miklum meirihluta fylgjenda hennar. Þetta byggði á því að á þeim tuttugu og fimm árum sem liðin voru frá uppstigningu 'Abdu'l-Bahá hafði gangverk guðlegs stjórnskipulags notað nýfæddar stjórnstofnanir sínar til að útbreiða trúna með þjóðlegum áætlunum sem náðu hámarki í heimsherferðinni. Síðari kynslóðir myndu hylla þessa atburði sem endurómuðu um allan heim sem „máttugan lúðrapyt Guðs“ sem með tilstyrk „elstu, ógnvænlegustu, grimmustu og ofstækisfyllstu óvina“ málstaðarins hlytu að vekja ríkisstjórnir og þjóðarleiddtoga í austri og vestri til vitundar um tilvist og þýðingu þessarar trúar. Svo stormasamir voru þessir atburðir og kringumstæður í Persíu og endurómur þeirra erlendis svo áhrifamikill að Verndarinn sagði að þeir hlytu að ryðja brautina fyrir frelsun trúarinnar úr ánauð rétttrúnaðar í löndum íslam og endanlegri viðurkenningu á sjálfstæðum einkennum opinberunar Bahá'u'lláh í heimalandi Hans.

Með hliðsjón af hörmulegum þjáningum og aðstæðum persnesku átrúendanna stofnaði Shoghi Effendi „Sjóð fyrir hina ofsóttu“ og opnaði hann með því að gefa sjálfur jafnvirði átján þúsund dala til þessa

„göfuga málstaðar“. Hann gerði sér ekki að góðu þennan vitnisburð um samstöðu bahá'ía heldur hvatti hann til þess að í Kampala í hjarta Afríku yrði reist „móðurmusteri“ meginlandsins sem „æðstu huggun“ fyrir „ofsóttan fjölda“ „hugrakkra bræðra okkar og systra“ í vöggu trúarinnar. Hann réðist gegn öflum myrkursins sem grúfðu yfir elsta vígi málstaðarins í heiminum með dýrmætustu voninni sem hann hafði yfir að ráða —öflum skapandi framfara, upplýsingar og trúar.

Það er erfitt að gera sér í hugarlund að einn maður sem hafði enga ráðgjafa sér til aðstoðar eða hughreystingar á slíkum tímum hafi, einn síns liðs í Sviss, mátt þola áfall þeirra ofsafengnu árása sem skyndilega voru gerðar á samfélagið í Persíu 1955. Einn og óstuddur lagði hann fram áætlun sína, sendi símskeyti til liðsmanna sinna — hinna ýmsu þjóðaráða — um hvað þau ættu að taka til bragðs, tilnefndi þá sem áttu að standa vörð um hagsmuni trúarinnar við Sameinuðu þjóðirnar, æðstu alþjóðastofnun sem heimurinn hafði nokkru sinni þekkt, hughreysti hina fótumtroðnu, stóð fyrir peningasöfnun þeim til hjálpar og skaut spjótum sínum til hægri og vinstri þeim til varnar. Þegar við snúum okkur að spurningunni um útrýmingu bahá'í trúarinnar í Rússlandi verðum við að muna að í Kákasus og Turkmenistan var eitt fyrsta bahá'í samfélag í heiminum. Undir lok nítjándu aldar höfðu margir Persar fengið þar velþegið skjól og athvarf frá stöðugum ofsóknum í heimalandi sínu. Þeir höfðu skipulagt starf sitt í allmörgum bæjum og borgum, þó einkum í Ishqabad í Turkmenistan, þar sem þeir höfðu reist fyrstamusteri bahá'í heimsins og opnað skóla fyrir bahá'í börn. Þessi skóli hafði verið starfandi í meira en þrjátíu ár. Málefni þeirra voru vel skipulögð og undir styrkri stjórn bahá'í ráða. Árið 1928 voru þar allmörg andleg svæðisráð (þar á meðal eitt í Moskvu). Meðan beðið var eftir landsþingskosningum hafði þjóðarráð verið myndað í Kákasus og Turkmenistan samkvæmt lista sem birtur var í Bandaríkjunum. Í bréfi sem Shoghi Effendi sendi í september 1927 til svæðisráðsins í Ishqabad bað hann ráðið að undirbúa komu fulltrúa frá öllum ráðum í Turkmenistan sem áttu að hittast í Ishqabad og kjósa til þjóðarráðsins. Þann 22. júní 1928 fékk Shoghi Effendi svohljóðandi símskeyti frá ráðinu í Ishqabad: „Samkvæmt opinberri ályktun frá 1917 hefur Sovétstjórnin þjóðnýtt öllmusteri og kirkjur með þeim sérstöku skilmálum að viðkomandi trúfélög fá leyfi til að leigja musterin. Stjórnin hefur sett sömu skilyrði í samkomulagi við svæðisráð okkar. Biðjum um leiðsögn með símskeyti“. Verndarinn greip

til tafarlausra ráðstafana og sendi ráðinu í Moskvu símskeyti um að „hafa milligöngu og grípa til kröftugra aðgerða gagnvart stjórnvöldum með það fyrir augum að koma í veg fyrir að Mashriq'ul-Adhkár verði tekið eignarnámi. Fáíð nánari upplýsingar frá Ishqabad . . .“ Hann bað Ishqabad að „hafa samband við ráðið í Moskvu varðandi beiðni til stjórnvalda af hálfu allra bahá'ía í Rússlandi. Gerið ráðstafanir af festu, fullvissa ykkur um fyrirbæni.“

Þegar við minnumst atburðanna í Rússlandi verðum við að gera skýran greinarmun, eins og Verndarinn viðurkenndi sjálfur, á erfiðleikum rússnesku átrúendanna og ofsóknum gegn bahá'íum í Persíu. Í Persíu eru átrúendurnir teknir fyrir sérstaklega og látnir sæta hverskyns nauðung og óréttlæti vegna þess að þeir eru fylgjendur Bahá'u'lláh. Í Rússlandi var staðan allt önnur. Bahá'íum var ekki mismunað vegna þess að þeir voru bahá'íar heldur voru þeir fórnarlömb stjórnarstefnu sem bitnaði á öllum trúfélögum í landinu. Í bréfi sem Shoghi Effendi sendi Mörtu Root í september 1928 segir hann ekki aðeins frá því sem gerst hafði í Rússlandi heldur einnig hvaða áhrif þessir atburðir höfðu á hann persónulega: „Þetta sumar hefur verið mér mjög þungbært því að ástandið í Rússlandi versnar stöðugt. Ríkið hefur tekið Mashriq'ul-Adhkár eignarnámi og musterinu verið lokað og innsiglað. Krafist er mjög hárrar leigu af vininum fyrir musterið, að öðrum kosti hóta þeir að hluta það sundur og selja öðrum. Ástandið er mjög ótryggt og margar fjölskyldur hafa flutt búferlum til Persíu. Fundir hafa verð lagðir niður, ráðin leyst upp, viðurlög eru hörð og takmarkanir strangar . . . Þessir atburðir og aðrir hafa valdið mér mikilli hryggð og hugarangri.“ Brottflutningur bahá'ía frá Rússlandi var honum alls ekki að skapi. Hann upplýsti ráðið í Ishqabad um að „brottför vinanna til Írans væri mjög skaðleg“ og að þeir ættu að fá sér rússneskan ríkisborgararétt í stað hins persneska ef þess gerðist þörf. Hann hafði hvatt bahá'í innflytjendur til Rússlandi til að læra málið og þýða bahá'í bókmenntir á rússnesku. Árið 1929 skrifaði hann til persneska þjóðarráðsins og mælti svo fyrir að átrúendurnir í Ishqabad héldu þar kyrru fyrir og færu ekki á brott heldur biðu þess að dimm ský óréttlætis dreifðust og hyrfu og sól réttlætisins skini á ný.

Í öllum ofsóknum kann að skorta á visku meðal hinna ofsóttu og skilning undirmanna á fyrirmælum yfirmanna sinna, sem kunna að mótast af góðvild eða vera gefin af illum hug. Hver áhrifin af þessu

verða er ráðgáta sem okkur tekst væntanlega ekki að leysa í þessum heimi. Ekki er samt fráleitt að ætla að mönnum takist stundum að auka á ófarir sínar og erfiðleika með sínum eigin gerðum.

Shoghi Effendi skrifaði langt bréf til bahá'ía á Vesturlöndum 1. janúar 1929 um atburðina í Rússlandi. Hann sagði að rússnesku bahá'íarnir hefðu að minnsta kosti „orðið að lúta ströngum reglum sem stjórnvöld hefðu þegar kynnt og fylgt eftir um allt land hvað varðaði öll önnur trúarsamfélög.“ Hann heldur áfram og segir að eins og bahá'íum sæmdi sem löghlýðnum þegnum landsins hefðu þeir hlýtt „þeim ráðstöfunum sem ríkisvaldið kaus að gera í krafti lögmætra réttinda sinna“. Ráðstafanirnar sem yfirvöld gerðu í samræmi við stefnu sína og hagsmuni ríkisins til að taka eignarnámi allar byggingar og minnisvarða sem höfðu trúarlega þýðingu höfðu, með orðum Verndarans, orðið til þess að „okkar kærasta og elskaða bahá'í eign, Mashriqu'l-Adhkár í Ishqabad“ hafði verið tekin eignarnámi. Auk munnlegrar og skriflegrar tilskipunar ríkisins hafði bahá'í ráðum og einstökum átrúendum verið tilkynnt formlega að bann væri lagt við öllum fundum, starfsemi allra nefnda svæðis- og þjóðarráða og við fjársöfnun. Þá var gerð krafa um strangt eftirlit með samráði bahá'í ráðanna, stranga ritskoðun allra bréfaskipta til og frá bahá'í ráðum, bann við útgáfu allra bahá'í blaða og þess var krafist að öllum forystumönnum bahá'ía, hvort sem þeir voru almennir kennarar, ræðumenn eða embættismenn bahá'í ráða, væri vísað úr landi. Shoghi Effendi segir að fylgjendur trúar Bahá'u'lláh hafi orðið við öllum þessum kröfum af hetjuskap og með brennandi sársauka. Það gerðu þeir einróma og án nokkurs fyrirvara í fullri vitund um þá ófrávíkjanlegu meginreglu bahá'í hegðunar að þegar stjórnskipuleg starfsemi þeirra er annarsvegjar verði ábyrgir stjórnendur að virða og lúta yfirveguðum dómum og tilskipunum stjórnvalda ef þeir vilja halda trúnað við skýr fyrirmæli Bahá'u'lláh og 'Abdu'l-Bahá, hversu hörmuleg áhrif sem slík afskipti hefðu á stækkun hreyfingarinnar þótt þau í sjálfu sér táknuðu ekki fráhrif frá meginreglu hollustu við trúna. Shoghi Effendi hélt áfram og sagði að bahá'íar í Turkmenistan og Kákasus hefðu án árangurs reynt að fara allar löglegar leiðir til að aflétta þeim hindrunum sem á þá voru lagðar en þegar það reyndist árangurslaust hafi þeir ákveðið að hlýða samviskusamlega dómi viðurkenndra stjórnvalda og „með von sem ekkert jarðneskt getur myrkvað... falið hagsmuni málstaðarins í hendur hins árvökula og almáttuga guðlega lausnara...“

Í þessu skeyti fullvissaði Shoghi Effendi bahá'íana um að ef hann teldi það rétt og viðeigandi að hvetja bahá'í samfélagið til að skerast í leikinn síðar meir myndi hann gera það. Í apríl 1930 taldi hann að tími væri til þess kominn. Hætta var á að hið dýrmæta musteri sem bahá'íum hafði tekist að fá á leigu hjá yfirvöldum eftir eignaupptökuna myndi falla í hendur yfirvalda í eitt skipti fyrir öll eftir að vinirnir höfðu þurft að sæta æ strangari kröfum og aðgerðum. Hann sendi því skeyti til ameríska þjóðarráðsins um að tafarlausra aðgerða væri þörf og bað ráðið að leggja áherslu á alþjóðlega stöðu musterisins. Í fyrra bréfi sínu hinu langa hafði hann lagt á ráðin um hvernig nálgast ætti þetta mál þegar og ef til þess kæmi að átrúendurnir erlendis þyrftu að hefja upp raust sína, útskýra afstöðu sína og mótmæla málsmeðferðinni. Bæði þjóðar- og svæðisráð myndu sýna bahá'í samstöðu í verki og útskýra fyrir rússneskum embættismönnum að allar ásakanir um pólitísk áform eða annarlegar hvatir sem beint væri gegn bræðrum þeirra og systurum í landinu væru fjarri sanni og beina um leið athygli þeirra að „andlegu og mannúðlegu eðli þess starfs sem bahá'íar í öllum löndum og af öllum kynþáttum taka þátt í sameiginlega“ og á alþjóðlegum einkennum þeirrar byggingar sem naut þeirrar virðingar að vera fyrsta tilbeiðsluhús í öllum heimi sem 'Abdu'l-Bahá sjálfur hafði lagt drög að og reist var undir hans stjórn og stutt var sameiginlegum fjárframlögum átrúenda um allan heim.

En þegar teningunum loks hafði verið kastað sendi Shoghi Effendi símskeyti til ráðsins í Ishqabad og fór fram á að það „hlýddi ákvörðun stjórnvalda“. Mál af þessu tagi sem snertir hið fyrsta af tveimur tilbeiðsluhúsum sem reist voru undir stjórn 'Abdu'l-Bahá getur ekki skoðast í öðru ljósi en sem leiðarvísir fyrir bahá'í samfélög sem þau eiga að fylgja um aldur og ævi og verði einstökum átrúendum til fróðleiks og upplýsingar um hvaða skyldur átrúandinn hefur gagnvart stjórn sinni, hvers eðlis sem sú stjórn kann að vera.

Tvö önnur lönd, Tyrkland og Egyptaland, urðu ásamt Rússlandi, Persíu og Þýskalandi vettvangur þar sem bahá'í trúin sætti kúgun og undirokun meðan Verndarinn var enn á lífi. Frá hruni kalífadæmisins hafði Tyrkland með orðum Shoghi Effendi verið „land þar sem stefnan var ósveigjanlega tekin á veraldarvæðingu ríkisins og afnám íslam sem trúarstofnunar“. Þar höfðu verið gerðar miklar umbætur á málefnum borgaranna sem bahá'íar voru hjartanlega sammála. Vandamál sem þar komu upp byggðust því ekki á trúarlegum fordómum heldur fremur á

Því að nýja stjórnin hafði komist að því að ýmis trúfélög og trúarhópar í Tyrklandi voru orðnir skálkaskjól fyrir pólitískan undirróður. Þegar erindrekar stjórnarinnar sáu að bahá'í samfélagið var skipulagt og fór ekki í felur með starfsemi sína heldur kenndi og útbreiddi trúna opinskátt fylltust þeir tortryggni og ótta, gerðu húsleit á heimilum margra átrúenda, tóku bækur, yfirheyrðu suma þeirra og settu allmarga í fangelsi. Þetta mál vakti mikla athygli á trúnni í Tyrklandi og að einhverju leyti í öðrum löndum, en þó sýndu tyrknesku blöðin sem voru bahá'íum hliðholl málinu mestan áhuga. Þetta tryggði þeim fulla og hlutlausu áheyrn þegar málið kom fyrir glæpadómstólinn 13. janúar 1928. Þetta var nýr áfangi í þróun málstaðarins og Shoghi Effendi skrifaði að „aldrei fyrr í bahá'í sögunni hafi opinberir embættismenn í einu ríki hvatt fylgjendur Bahá'u'lláh til að kynna meginreglur trúar sinnar og segja sögu hennar...“

Athyglisvert er að gera sér grein fyrir að í skjölunum sem yfirvöld tóku frá ráðinu í Konstantínópel (borgin heitir nú Istanbúl) fundu þau hyllingu Marie Rúmeníudrottningar til trúarinnar og ekki fór framhjá rannsóknardómurunum hvað það þýddi. Forseti andlegs ráðs bahá'ía í Konstantínópel bar vitni fyrir dómi og útskýrði framúrskarandi vel meginreglur trúarinnar. Hann vitnaði með hárbeittum hætti til eftirfarandi orða Bahá'u'lláh: „*Þegar þú stendur frammi fyrir réttlætinu, seg sannleikann og óttast ekkert.*“ Málalokin urðu þau að bahá'íar urðu að greiða sekt fyrir að hafa brotið lög sem kváðu á um skráningu allra samtaka hjá stjórnvöldum og öflun tilskilinna leyfa fyrir opinberum fundarhöldum. En niðurstaðan hafði mikla þýðingu fyrir trúna, ekki aðeins í Tyrklandi heldur einnig utanlands. Shoghi Effendi dró saman dómsniðurstöður í almennu bréfi til bahá'ía á Vesturlöndum sem skrifað var 12. febrúar 1929: „Hvað dóminn snertir... segir þar skýrum stöfum að þótt fylgjendum Bahá'u'lláh hafi vegna saklausra hugmynda sinna um andleg einkenni trúarinnar ekki fundist nauðsynlegt að sækja um leyfi til stjórnskipulegra athafna og þurfi því að greiða sekt, hafi fulltrúar ríkisins talið vitnisburð þeirra gildan og þeir hafi ekki aðeins staðfest sakleysi málstaðar Bahá'u'lláh heldur einnig með sæmd leyst af hendi það verkefni að færa sönnur á sjálfstæði hans, guðlegan uppruna og hæfni hans til að bregðast við kringumstæðum og þörfum nútímans.“

Þótt þetta væri fyrsti stóratburðurinn þar sem bahá'íar stóðu andspænis því nýja Tyrklandi sem hafði þróast eftir hrun kalífadæmisins

var hann ekki hinn síðasti. Veraldlegu öflin voru stöðugt á verði gagnvart afturhaldsöflum landsins og skammtímaminni opinberu valdhafanna var ekki upp á marga fiskana. Árið 1933 vöknudú sömu grundsemdirnar og ásakanirnar sem höfðu komið af stað málaferlunum 1928. Þann 27. janúar sendi Shoghi Effendi ameríska þjóðarráðinu skeyti þess efnis að bahá'íar í Konstantínópel og Adana, alls um 40 talsins, hafi verið fangelsaðir og ákærðir fyrir undirróður. Shoghi Effendi hvetur þjóðarráðið til þess að fá tyrkneska ráðherrann í Washington til að hafa strax samband við stjórn sína og fá hana til að láta löghlýðna fylgjendur ópólítískrar trúar lausa. Hann hvatti ameríska þjóðarráðið einnig til að senda yfirvöldum í Angora skeyti og hafa samband við utanríkisráðuneytið. Um sama leyti sendi hann símskeyti til persneska þjóðarráðsins þar sem hann hvetur það til að hafa tafarlaust samband við tyrkneska sendiherrann með beiðni um aðstoð frá hinum fangelsuðu bahá'íum í Stamboul og Adana sem ákærðir voru fyrir pólítískan undirróður. Næsta dag sendi hann símskeyti til háttsetts Tyrkja:

Hæstvirtur Ismat Pasha

Ankara

Leiðtogi bahá'í trúarinnar hefur sér til undrunar og hryggðar heyrt að fylgjendur Bahá'u'lláh hafi verið fangelsaðir í Stamboul og Adana. Við biðjum yður virðingarfyllost að hlutast til um þetta mál fyrir hönd fylgjenda trúarinnar sem hafa heitið stjórn yðar hollustu. Fylgjendur trúarinnar um heim allan eru fullir aðdáunar á umbótum stjórnarinnar og telja þau marka tímamót.

Bahá'íar sem voru kunnugir aðstæðunum eftir ítarleg bréf Verndarans sem þeim bárust í fyrra tilvikinu árið 1928 gripu þegar í stað til aðgerða. Eftir margra mánaða tilraunir báru umleitanir þeirra til tyrkneskra yfirvalda þann árangur að átrúendurnir voru sýknaðir og látnir lausir. Vafalaust höfðu þar einnig áhrif aðgerðir sem gripið var til í Tyrklandi til að rifja upp dóminn sem glæpadómstólinn hafði fellt í fyrra tilvikinu. Þann 5. mars sendi Verndarinn ameríska ráðinu upplýsingar um að vinirnir í Istanbúl hefðu verið sýknaðir. Hann segir að 53 þeirra séu þó enn í fangelsi í Adana og hvetur til þess að unnið sé af krafti að lausn þeirra með málaleitunum til stjórnarinnar. Þann 2. apríl sendi hann þeim símskeyti þess efnis að vinirnir Adana hefði verið leystir úr haldi og biður þá þakka tyrkneska sendiherranum aðstoð hans.

Þegar haft er í huga að þessir síðustu atburðir í Tyrklandi voru að gerast á sama tíma og Shoghi Effendi stóð í ströngu við að tryggja trúnni í Persíu lágmarksréttindi – og meðan á dvöl frú Keith Ransom-Kehler stóð þar í landi – gefur það okkur einhverja hugmynd um eðli og fjölda þeirra vandamála sem hann þurfti stöðugt að fást við. Þótt grunsemdir tyrkneskra yfirvalda gagnvart trúnni vöknudru reglulega gat Verndarinn í sínu eigin lífi lagt svo tryggan grundvöll að bahá'í samfélaginu að eftir fráfall hans gátu persnesku átrúendurnir kosið sitt eigið andlega þjóðarráð og uppfyllt þannig eitt af markmiðum tíu ára áætlunarinnar.

Egyptaland var eitt af fyrstu löndunum þar sem ljósið af opinberun Bahá'u'lláh náði að skína meðan hann var enn á lífi. Þremur árum áður en fyrsta dómsmálið gegn átrúendum í Tyrklandi var tekið fyrir gerðust atburðir sem samkvæmt Verndaranum höfðu mikla þýðingu. Þeir hófust með grimmilegri árás á lítinn hóp bahá'ía í litlu og óþekktu þorpi í norðurhluta Egyptalands og urðu að lokum samkvæmt orðum Shoghi Effendi „fyrsta skrefið að endanlegri viðurkenningu alls heimsins á bahá'í trúnni sem einum af sjálfstæðum trúarbrögðum heims“. Trúardómstólar hafa lögsögu í málum sem tengjast persónurétti í næstum öllum löndum múslíma. Þegar bahá'íar í þessu þorpi mynduðu andlegt ráð sitt byrjaði þorpshöfðinginn, fullur trúarofstækis, að efna til múgæsinga gegn þremur kvæntum mönnum sem höfðu gerst bahá'íar. Með aðstoð trúardómara var sú krafa gerð að múslímskar eiginkonur þeirra skildu við þá á þeirri forsendu að nú væru þær giftar trúvillingum. Málið fór fyrir trúarlegan áfrýjunardómstól í Beba, sem felldi úrskurð 10. maí 1925. Þar voru hjónaböndin ógilt og trúvillingarnir harðlega fordæmdir fyrir að hafa brotið gegnum lögum íslam. Þetta var í sjálfu sér þýðingarmikil aðgerð, en það sem Verndarinn taldi hafa mesta þýðingu var samkvæmt hans eigin orðum eftirfarandi: „Dómstóllinn gekk jafnvel svo langt að fella þann jákvæða, óvænta og raunar sögulega úrskurð, að trúna sem þessir trúvillingar játuðu ætti að skoða sem sérstök trúarbrögð, algjörlega óháð þeim trúarbrögðum sem á undan höfðu farið“. Í frásögn sinni af dómnum vitnar Shoghi Effendi til orðalags dómnsniðurstöðunnar sem hafði svo mikla sögulega þýðingu fyrir bahá'í trúna:

Bahá'í trúin er ný trúarbrögð, algjörlega sjálfstæð, með eigin trúarsetningar, kenningar og lög sem eru frábrugðnar og í fullkominni andstöðu

við trúarsetningar, kenningar og lög íslam. Engan bahá'ía er því hægt að skoða sem múslíma og öfugt, líkt og enginn búddhisti, brahmíni og kristinn maður getur talist múslími eða öfugt.

Jafnvel þótt þessi dómur sem kveðinn var upp af lítt þekktum héraðsdómstól í Egyptalandi hafi aðeins verið einangrað dæmi var hann ómetanlegt vopn í höndum átrúenda um allan heim sem reyndu einmitt að sýna fram á það sjálfstæði trúarinnar sem kveðið var skýrt á um í dómsorðinu. En málinu lauk ekki þar. Dómurinn var síðan staðfestur og fullgiltur af æðstu klerkayfirvöldum í Kairó. Hann var prentaður og honum dreift af múslímum sjálfum.

Verndarinn var alltaf tilbúinn til að grípa til jafnvel hinna veigaminustu úrræða, hvort sem í hlut áttu menn eða skjöl, ef hann gat notað þau sem vopn í baráttu sinni til að tryggja viðurkenningu og frelsun trúarinnar. Hann greip þetta nýja hárbetta sverð sem óvinir trúarinnar höfðu sjálfir fengið honum í hendur og brá því á loft allt til æviloka. Þetta var að hans sögn fyrsta opinbera staðfestingin á lausn málstaðarins út fjötrum íslam. Í Austurlöndum notuðu bahá'íar þessa staðfestingu undir viturlegri leiðsögn hans sem lyftistöng til að afla þeirri staðreynd ótvíræðrar viðurkenningar að trúin væri ekki íslömsk trúvillla. Hið sama gerðu bahá'íar á Vesturlöndum þegar þeir svöruðu sömu ásökun. Þessari staðfestingu var jafnvel haldið á lofti þegar Shoghi Effendi leitaði til trúarmálaráðherra Ísraels og benti á hana sem ótvíræða ástæðu fyrir kröfu hans um að ráðuneytið sem fór með málefni múslímska samfélagsins í Ísrael ætti ekki líka að fjalla um málefni bahá'í samfélagsins. Hann benti á að það myndi ýta undir ranghugmyndina um að við værum grein af íslam. Hann kvaðst heldur vilja að bahá'í málefni heyrðu undir þá deild ráðuneytisins sem fjallaði um málefni kristinna manna því þá gæti enginn vafi leikið á því að bahá'í trúin væri sjálfstæð trúarbrögð. Það voru röksemdir af þessu tagi sem urðu til þess að trúarmálaráðuneytið stofnaði sérstaka bahá'í deild sem fékk sinn eigin forstöðumann.

Með því öflugra hjálpartæki sem dómurinn í Beba hafði fengið bahá'íum í hendur barðist andlega þjóðarráðið í Egyptalandi fyrir því árum saman að afla samfélaginu að minnsta kosti lágmarks viðurkenningar á sjálfstæði sínu sem trúfélag. Til að auðvelda þetta gaf ráðið út samantekt bahá'í laga um persónuleg málefni og með hjálp þessa skjals og skírskotanna til ítrekaðra árása ofstækisfullra múslíma gegn bahá'íum tókst því að fá leyfi egypsku ríkisstjórnarinnar til að

kaupa og eiga land. Þetta leyfi var veitt opinberlega í þeim borgum þar sem átrúendurnir voru tiltölulega fjölmennir og tók einvörðungu til bahá'í legstaða.

Þessi lagasamantekt um persónulegan rétt bahá'ía var þýdd á persnesku og ensku og notuð sem leiðarvísir um hvernig haga skyldi bahá'í málum í þeim löndum þar sem borgaraleg lög tóku ekki til slíkra mála. Þótt þannig hafi fengist vissar tilslakanir stjórnvalda í löndum múslíma, þar á meðal Egyptalandi, Persíu, Palestínu og Indlandi, stóð eftir sú staðreynd að lagaleg staða bahá'ía, sérstaklega í Persíu og Egyptalandi, var mjög tvísýn og oft stóðu þeir uppi réttindalausir með öllu í vissum málum og lifðu þannig í einskonar lagalegu einskismannslandi. Þetta gildi sérstaklega um hjúskap og skilnað sem ráð þeirra skráðu og fóru fram samkvæmt bahá'í lögum. Múslímsk stjórnvöld töldu slík lög hinsvegar ekki hafa neina þýðingu og væru ekki til. Það var staðreynd að stór samfélög átrúenda tóku þessum erfiðleikum með stolti og neituðu að láta auðmýkja sig í augum háðskra samlanda sinn og halda áfram enn í dag baráttunni fyrir viðurkenningu í þessum grundvallarmálum. Þetta er mesta hylling til anda trúarinnar sem kenningar Bahá'u'lláh hafa kveikt í hjörtum þeirra og við hollustu þeirra gagnvart þeim fyrirmælum síns elskaða Verndara um að láta sig engu skipta „öldur óvinsælda, vantrausts eða gagnrýni sem óbifandi tryggð við mælikvarða þeirra kann að vekja.“

Í samantekt sinni á þeim atburðum sem að endingu hljóta að leiða til viðurkenningar á trúnni og lausn hennar úr ánauð skrifaði Shoghi Effendi þessi eftirminnilegu orð í bók sinni *God Passes By*: „Öllum reglum stjórnskipunar sem borgaraleg yfirvöld hafa sett af og til . . . hefur bahá'í samfélagið, tryggt sínum heilögu skyldum gagnvart stjórnvöldum og meðvitað um borgaralegar skyldur sínar, fylgt skilyrðislaust og mun gera svo framvegis . . . Fyrirmælum sem fela það í sér að meðlimirnir afneiti trú sinni eða bregðist trúnaði við andlegar grundvallarreglur og fyrirmæli sem Guð hefur gefið munu þeir af óhaggandi festu neita að beygja sig undir og kjósa heldur fangelsi, brottvísun og hverskyns ofsóknir, þar á meðal dauða — eins og tuttugu þúsund píslarvottar þegar hafa gert. Þeir kusu frekar að fórna lífi sínu á vegi stofnanda trúarinnar en fylgja fyrirmælum veraldlegra yfirvalda sem kröfðust þess að þeir afneituðu hollustu við málstað hans.“

Í stjórn Shoghi Effendi á málefnum trúarinnar má greina ákveðna stífni þegar um meginatriði var að ræða en sveigjanleika þegar

önnur veigaminni mál eru annarsvegar. Slík afstaða hlýtur ætíð að einkenna stjórnarathafnir mikils leiðtoga. Í málum sem snerta grundvöll og meginreglur kemur málamiðlun ekki til greina, en á hinn bóginn verður að viðurkenna þá staðreynd þegar stjórn á málefnum heimssamfélags að menn eru á mismunandi þroskastigi. Gott dæmi um visku og hæfni Shoghi Effendi er sá sveigjanleiki sem hann sýndi þegar hann fjallaði um málefni ólíkra samfélaga. Hann leyfði aldrei neinu samfélagi – hvort sem um var að ræða þróaðar stórborgir heims eða þorp ólæsra smábænda – að virða að vettugi grundvallarkenningar Bahá'u'lláh. En um leið viðurkenndi hann þá staðreynd að ekki er hægt að gera sömu kröfur til fimm ára gamals barns og unglings hvað varðar skilning og þroska eða krefjast sömu hlýðni og reynslu af tvítugum manni og búast má við hjá þeim sem eytt hefur sjötíu árum í skóla lífsins. Það var vegna þessa skilnings á mismunandi reynslu og þroska hinna ýmsu bahá'í samfélaga sem Shoghi Effendi gerði mestu kröfurnar til persneska bahá'í samfélagsins – elsta samfélags heims og hið margreyndasta í raunum og erfiðleikum. Hann vænti þess að átrúendurnir sem nutu þeirra forréttinda að tilheyra þessu samfélagi ættu undir öllum kringumstæðum að vera öðrum fordæmi hvað snerti tryggð og hlýðni við lög Bahá'u'lláh. Hann fylgdi þessari stefnu gagnvart norður-amerísku bahá'íunum, elsta vestræna bahá'í samfélagi heims. Hann bjó þá með kostgæfni undir að fylgja lögnum, sem voru fá en lífsnauðsynleg en sýndi þeim umburðarlyndi í þau fjölmörgu ár sem það tók að uppfræða þá að því marki að þeir gátu viðurkennt og beitt þessum lögum. Það var í samræmi við þennan skilning að hann gaf þeim þjóðarráðum sem voru að kenna trúna í þeim mörgu löndum sem opnuðust í heimsherferðinni – löndum þar sem íbúarnir voru að mestu leyti af heiðnum bakgrunni – fyrirmæli um að fara fram á að nýir fylgjendur málstaðar Bahá'u'lláh hefðu lágmarksþekkingu á kenningum og lögum trúarinnar áður en þeir væru teknir inn í samfélag Hins mesta nafns.

Ekki er hægt að finna betri dæmi um þennan mun á þróunarstigi hinna ýmsu bahá'í samfélaga í nútímanum en í síðasta bréfinu sem Shoghi Effendi lét skrifa til eins af hinum miklu afrísku umdæmisráðum. Bréfið var dagsett 8. ágúst 1957 (tæpum þremur mánuðum áður en hann dó), og skrifað samkvæmt fyrirmælum Verndarans sjálfs. Þar benti ritari hans á sjálfan kjarnann í hugmyndafræði hans varðandi málefni sem hafði svo mikla þýðingu á þessu stigi í bahá'í sögunni:

„Meðan á heimsókn frú _____ stóð ræddi Verndarinn við hana um kennslustarfið í _____ þar sem boðskapurinn hefur fengið svo góðar undirtektir og þar sem fólk í fjarlægari héruðum vill óðfúst skrá sig í trúna. Hann telur að þeir sem bera ábyrgð á móttöku nýrra átrúenda ættu að hafa í huga að langsamlega mikilvægasta hæfniskrafan fyrir skráningu er að umsækjandinn viðurkenni stöðu Bahá'u'lláh fyrir þennan dag. Við getum ekki búist við að ólæst fólk (en ólæsi er engin mælikvarða á hugræna hæfni eða vitsmuni) hafi lesið kenningarnar, sérstaklega þegar svo lítið er til um þær á þeirra eigin máli og hafi skilið allt sem þær fela í sér eins og búast mætti við af Afríkumanni í London. Andinn sem viðkomandi sýnir er mikilvægur, viðurkenning hans á Bahá'u'lláh og stöðu hans í heiminum á þessum degi. Vinirnir mega því ekki vera of strangir, að öðrum kosti komast þeir að raun um að sú mikla bylgja ástar og ákafa sem einkennir Afríkumenn sem snúa sér til trúarinnar, og hafa margir hverjir nú þegar viðurkennt hana, muni fjara út. Þetta fólk er mjög næmt og það mun skynja höfnun á sinn sérstaka hátt og starfið mun líða fyrir það.

Markmið nýju þjóðarráðanna í Afríku og markmið sérhvers stjórnskipulegs ráðs er að flytja boðskapinn til fólksins og fylkja hinum einlægu undir fána trúarinnar.

Ráðið þitt má aldrei missa sjónar af þessu eitt andartak og verður að halda áfram af hugrekki að fjölga meðlimum í samfélögunum í ykkar lögsögu og uppfræða átrúendurnar smám saman bæði hvað varðar kenningarnar og stjórnskipunina. Ekkert væri hörmulegra en ef grundvöllun þessara miklu stjórnstofnana yrði kennslustarfinu fjötur um fót. Við verðum alltaf að muna að fyrstu átrúendurnir, bæði í Austurlöndum og á Vesturlöndum, vissu nánast ekkert miðað við það sem venjulegur bahá'í veit um trúna nú á dögum. Samt voru það þeir sem úthelltu blóði sínu, risu upp og sögðu „Ég trúí“. Þeir kröfðust engra sannanna og höfðu í mörgum tilvikum ekki lesið eitt einasta orði í kenningunum. Þess vegna verða þeir sem bera ábyrgð á skráningu nýrra átrúenda að ganga aðeins úr skugga um eitt atriði—að andi trúarinnar hafi snortið hjarta umsækjandans. Allt annað er hægt að byggja smám saman á þessum grunni.

Hann vonar að á komandi ári verði í auknum mæli mögulegt fyrir afríska bahá'í kennara að fara milli hinna nýskráðu bahá'ía og dýpka þekkingu þeirra og skilning á kenningunum.“

Jafnvægið og dómgreindin sem var svo ríkur þáttur í huga Shoghi

Effendi kemur hvergi betur í ljós en í þeim fyrirmælum sem hann gaf í þessu sama bréfi:

„Hvað varðar spurningar um ættflokkiði vill Verndarinn að þið sýnið sérstakt umburðarlyndi og þolinmæði þegar þið venjið bahá'íana af gömlum síðum þeirra. Þetta er aðeins hægt að gera með því að taka hvert tilvik fyrir sig og beita mikilli visku og gæsku en reyna ekki af stífni að beita bahá'í lögum á öll smáatriði á þessum tíma.

Auðvitað er augljóst að ef bahá'í á eina konu getur hann ekki tekið sér aðra, hvað sem lög ættflokksins segja. Ráðið ætti að skilja á milli þessa grundvallaratriðis og annarra þátta lífsins í samfélagi ættflokksins sem ennþá á sterk ítök í hinum nýju bahá'íum og sem þeir geta ekki losnað við fyrr en bahá'í þátturinn í samfélagi hans er orðinn nógu sterkur til að verða að afli í sínum eigin rétti.

Hann er sammála þeirri skoðun ráðs ykkar að beiting þungra viðurlaga með því að svipta vinina kosningarétti sé mjög óviturlegt á þessum tíma. Farsælasta stefnan er ástrík uppfræðsla.“

Það sem Shoghi Effendi kom okkur í skilning um er að hið mikla tré heimsskipulags Bahá'u'lláh er lítið fræ þegar því fyrst er sáð—og það fræ er trúin á Bahá'u'lláh. Smámsaman vex það eins og allt sem lifir, stækkar og kemst til meiri þroska. Shoghi Effendi leit á það sem sitt mesta verkefni, samkvæmt fyrirmælum í erfðaskrá 'Abdu'l-Bahá, að útbreiða trúna um allan heim og fylkja öllum þjóðum jarðar undir fána hennar. Hann gerði sér grein fyrir að fyrst yrði að ná í hráefnið og síðan skapa úr því framtíðarsamfélag heimsins. Þótt svo margir þættir yrðu að vera fyrir hendi til þess að slík sköpun væri framkvæmanleg—þættir sem að sönnu væru meginforsenda slíkrar sköpunar—stæði sú staðreynd eftir að mennirnir þyrftu fyrst að játast opinberun Bahá'u'lláh áður en heimsskipulag hans gæti orðið að veruleika í allri sinni dýrð.

Verndarinn eyddi sextán árum í að leggja traustan grundvöll að vöggu stjórnskipulagsins í Norður Ameríku og skapa mynstur fyrir allar bahá'í stjórnstofnanir. Með nútímalegu orðfæri má segja að hann hafi byggt skotpall þaðan sem hann gat sent eldflaugar sínar - völdugar kennsluáætlanir sem tóku svo mikinn tíma hans síðustu tvo áratugi ævinnar. Shoghi Effendi gerði það fullkomlega ljóst að „á stjórnskipun málstaðarins ber að líta sem tæki en hún á ekki að koma í staðinn fyrir trú Bahá'u'lláh. Á hana ber að líta sem farveg fyrir fyrirheitnar blessanir hans og menn þurfa að vera á verði til þess að stífni og ósveigjanleiki hindri ekki þau frelsisöfl sem opinberun hans leysti úr

læðingi...“ Shoghi Effendi heldur áfram og segir: „Það er vissulega hlutverk þeirra sem hafa fengið í hendur svo ómetanlega arfleifið að vera á verði í bænarhug til þess að verkfærið taki ekki sess sjálfrar trúarinnar, að þarflaus áhugi á smáatriðum við stjórnun málstaðarins myrkvi ekki sýn stuðningsmanna hennar, að hlutdrægni, metnaður og veraldarhyggja skyggi ekki í tímans rás á ljómann af trú Bahá'u'lláh, flekki hreinleika hennar og skaði virkni málstaðarins.“ Fjórum árum eftir að hann hóf bréfaskipti við bahá'í í austri og vestri fór Shoghi Effendi að leggja áherslu á þetta málefni sem hann bersýnilega leit á sem hættu allt frá upphafi til loka embættisferils síns. Í janúar 1926 skrifaði hann til andlegs þjóðarráðs bahá'ía í Bandaríkjunum og Kanada: „Þegar umsvif í stjórn málstaðarins fara vaxandi og ýmsum greinum hans fjölgar og verða mikilvægari er algjörlega nauðsynlegt að hafa í huga þá grundvallarstaðreynd að allt þetta starf að stjórnarfarslegum málefnum, hversu samstillt og stefnufast sem það kann að vera, er aðeins meðal sem helgar tilganginn. Það ætti að skoða sem leið til að útbreiða bahá'í trúna, ekki sem markmið hennar. Vörumst í umhyggju okkar og ást á stjórnarfarslegu gangverki málstaðarins að missa sjónar á því guðlega áformi sem það var skapað fyrir.“

Þegar fyrstu umdæmisráðin voru kosin í Evrópu árið 1957 sem bráðabirgðaráð til að annast málefni nokkurra af marksmiðslöndunum tíu í síðari sjö ára áætluninni meðan beðið var eftir að sjálfstæð þjóðarráð yrði mynduð síðar meir, skrifaði Verndarinn til allra þessara nýmynduðu ráða og lagði enn einu sinni áherslu á—eins og hann ítrekað hafði gert árum saman í samskiptum sínum við öll þjóðarráð—að stjórnskipunin væri leið en ekki markmið í sjálfu sér. Ritari hans skrifaði fyrir hans hönd til eins af þessum þjóðarráðum: „Tilgangur bahá'í stjórnskipunarráða á þessum tíma er sá einn að kenna, fjölga meðlimum, ráðum og hópum.“ Ritarinn skrifað til annars ráðs: „Grundvallaráform bahá'í stjórnskipunar á þessum tíma er að kenna trúna. Stjórnun er aðeins ætlað að samræma starfsemina og vernda hana. Vinirnir verða að hafa þetta skýrt í huga, og hann vill benda ráði ykkar, sem nýlega hófst handa við sitt sögulega verkefni, á það sem hann hefur margsinis bent gömlum og þreyttum þjóðarráðum á—að þið eigið að forðast að setja reglur og boð sem flækja hnökralaust starf trúarinnar á ykkar svæði, setja bahá'íum óþarfa skorður og rugla þá í ríminu. Að undanskildum þeim höfuðatriðum sem kenningarnar hafa þegar staðfest með skýrum hætti verða þjóðarráðin að gera allt sem í

þeirra valdi stendur til að hvetja vinina til að kenna sem einstaklingar, þjóna á virkan hátt, opna nýjar miðstöðvar, breyta hópum í ráð . . .“

Eftir að fyrsta sjö ára áætlunin hafði verið lögð fram og henni hleypt af stokkum árið 1939 sagði Verndarinn, sem alltaf vissi nákvæmlega hvað hann var að gera og hvernig hann vildi gera það, norður-amerísku bahá'íunum, helsta framkvæmdaaðila áætlunarinnar, að þeir væru „að stuðla að vexti og treystingu þeirrar brautryðjendahreyfingar sem allt stjórnskipulagið hefði fyrst og fremst verið hannað fyrir.“

Í alheiminum er fjöldi vetrarbrauta á ýmsum þróunarstigum og þannig er það einnig í hnattrænni veröld málstaðar Guðs að hinir ýmsu hlutar bahá'í heimsins eru á misjöfnu þroskastigi. Samfélögin í Miðausturlöndum voru miklu lengra komin í beitingu bahá'í laga og fyrirmæla í lífi austurlensku átrúendanna, en þeir nutu hvorki frelsis né viðurkenningar. Samfélögin á Vesturlöndum, Ameríka, Evrópa og Ástralasía voru frjáls, en vegna menningararfsins og þeirrar staðreyndar að borgaralegir dómstólar en ekki trúarlegir fjölluðu um persónurétt voru þau langt á eftir Austurlöndum í beitingu ýmissa laga og fyrirmæla trúarinnar. Nýir bahá'íar í mörgum vanþróuðum löndum heims voru frjálsir í þeim skilningi að þeir voru ekki eins og bræður þeirra í Austurlöndum undir hælum á ofstækisfullum stjórnvöldum sem höfðu íslam að ríkistrú. Þeir gátu samt ekki alltaf beitt bahá'í lögum vegna ættarsamfélaga sem margir þeirra tilheyrðu. Þeir voru einnig heftir, að minnsta kosti tímabundið, af þeirri staðreynd að sögulegur bakgrunnur þeirra var að mörgu leyti svo ólíkur bakgrunni fólks í gyðingdómi, kristindómi og íslam, sem er sameiginlegur bakgrunnur bahá'í trúarinnar sjálfrar. Af þessari ástæðu var Shoghi Effendi eins og stjórnandi mikillar hljómsveitar sem varð að ganga úr skugga um að sérhvert samfélag í bahá'í heiminum spilaði sínar eigin nótur í symfóníu heildarinnar. Ef við áttum okkur ekki á þessari heildarmynd af bahá'í heiminum á núverandi þroskastigi hans getum við aldrei metið að verðleikum það sem Shoghi Effendi skapaði, árangurinn sem hann náði á embættisferli sínum og þau heillandi afrek sem hann vann.

Þessi ólíku dæmi gefa til kynna að þótt mannkynið sé eitt og trúin ein, þótt stjórnskipulagið sé eitt og heimsskipulagið muni verði eitt, hlýtur þróun þess hvað varðar lög, fyrirmæli og stjórnskipun að taka mislangan tíma á hinum ýmsu stöðum. Það tók langan tíma fyrir bahá'ía í austri og vestri að þroskast og ná þeim skilningi á stjórnskipulaginu að Shoghi Effendi gæti kynnt hvernig beita skyldi viðurlögum, svo aðeins

eitt dæmi sé nefnt. Hann eyddi mörgum árum í að reisa skipulegt kerfi áður en hann gat byrjað að finna leiðir til að tryggja að átrúendurnir sýndu skynsamlega viðleitni til að fylgja bahá'í kenningum á þeim grunni sem Meistarinn hafði lagt þar sem bahá'íar—með trú sinni, forréttindum og ábyrgð—voru skýrt afmarkaðir frá þeim sem ekki voru bahá'íar. Ef þeir virtu kenningarnar að vettugi á óskammfeilinn hátt voru til viðurlög sem vernduðu orðstír samfélagsins og tryggðu að bahá'íar gátu ekki stofnað heiðri og sjálfstæði trúarinnar í hættu. Þessi viðurlög fólu í sér sviptingu stjórnarfarsréttinda. Það þýddi að viðkomandi bahá'í gat ekki lengur tekið þátt í bahá'í kosningum, ekki var hægt að kjósa hann í bahá'í ráð eða nefndir, hann gat ekki gift sig eða skilið samkvæmt bahá'í lögum né sótt fundi þar sem bahá'íar komu saman sem samfélag. Þessi viðurlög eru þyngsta stjórnarfarslega refsingin sem bahá'íar geta beitt og þeim má ekki eitt andartak rugla saman við sáttmálsbrot og þá útskúfun og einangrun sem henni fylgir sem andlegum sjúkdómi. Það er mjög athyglisvert að þegar stofnað var til þessara viðurlaga gerði Shoghi Effendi þjóðarráðunum það ljóst að þeim mætti aðeins beita þegar allt annað þryti. Á Vesturlöndum mátti aðeins beita þeim með samþykki þjóðarráðsins sjálfs og eingöngu grípa til þeirra þegar öll önnur úrræði höfðu brugðist. Í Austurlöndum var mörgum lagaákvæðum sem snerta persónurétt framfylgt af ráðnum sem studdust við ýmis ákvæði í Aqdas. Á Vesturlöndum þar sem staðan var önnur var stuðst við þau lög sem Verndarinn taldi að bahá'íar yrðu að fylgja. Þar á meðal eru lög um samþykki beggja foreldra fyrir hjúskap, lög um bahá'í giftingu og skilnaðarlögin. Þessum viðurlögum var líka beitt þegar bahá'íar virtu fullkomlega að vettugi kenningar trúarinnar og tóku þátt í stjórnmálum. Þeim var líka beitt þegar um var að ræða það sem hann nefndi „blygðunarlaust siðleysi“, tilvik sem settu blett á orðstír heils samfélags og einnig fyrir önnur alvarleg brot gegn því sem hann nefndi „þær stjórnskipunarreglur bahá'í trúar“ sem „fylgismenn málstaðarins . . . telja sér skylt til að halda í heiðri og beita af árvekni þegar stjórnskipuninni vex fiskur um hrygg.“ Shoghi Effendi gerði það ljóst að sviptingu stjórnarfarsréttinda mætti aldrei beita af léttúð og forðast ætti hana í lengstu lög, bæði til að vernda einstaklinga frá fljótfernislegum hefndaraðgerðum þykkjuþungra ráða og til að gera vinunum ljóst að með því að vera bahá'íar nutu þeir forréttinda og báru ábyrgð en fóru á mis við eitthvað sem var mjög háleitt og dýrmætt ef þeir misstu réttindi sín í samfélaginu.

Þessari málsmeðferð sem hafði grundvallarþýðingu fyrir málstaðinn beitti Shoghi Effendi gagnvart öllum bahá'íum í heiminum, án tillits til hvaða samfélagi þeir tilheyrðu. Hún var hluti af stigbundinni upptöku laga og meginreglna sem Bahá'u'lláh hafði sett og voru með orðum hans „sá stofnanagrunnur sem heimsskipulag hans hlýtur endanlega að hvíla á.“

Þessi stjórn trúarinnar á málefnum samfélaganna frá Heims- miðstöðinni er heillandi rannsóknarefni. Hún gerði ósveigjanleika og almenna upptöku laganna að nauðsyn í málum sem höfðu grundvallarþýðingu en heimilaði og jafnvel hvatti til sveigjanleika í öðrum málum. Shoghi Effendi var stöðugt að brjóta þá aðskiljanlegu hlekki sem fjötruðu bahá'ía við fortíðina og þjóðfélögin sem þeir bjuggu í. Jafnframt byggði hann upp þekkingu þeirra á trúnni og stjórnstofnunum hennar. Eins og góður læknir lagði hann öllum almennar lífsreglur en beitti sérmeðferð í sérstökum tilvikum. Til er aragrúi dæma um þetta, en hér verður aðeins vitnað til fáeinna.

Árið 1923 skrifaði Shoghi Effendi til andlegs þjóðarráðs Indlands og Búrma um að konur ættu að fá að taka þátt í allri stjórnun til jafns við karla. Konur í þessum heimshluta nutu þá þegar meira frelsis en fólk á Vesturlöndum gerði sér almennt grein fyrir. En í þeim löndum Miðausturlanda eins og Persíu, Egyptalandi og Írak þar sem konur voru undirokaðar í borgaralegu lífi vildi Verndarinn ekki espa múslímana upp að nauðsynjalausu með ögrandi aðgerðum. Hann leyfði bahá'í konum í þeim löndum ekki að taka þátt í stjórnskipuninni fyrr en aldarfjórðungi síðar. Hann hyllti bahá'í konur með lofsamlegum orðum og 'Abdu'l-Bahá bar vitni um að konur „sýni meiri djörfung en karlmenn þegar þær ganga í raðir þessarar trúar“. En þrátt fyrir grundvallarreglu bahá'í kenninga um jafnrétti karla og kvenna taldi Shoghi Effendi beitingu þessarar reglu innan stjórnskipunarinnar skipta minna máli og vera fremur lítilvæga miðað við hina knýjandi þörf fyrir að efla og tryggja almenna hagsmuni trúarinnar í löndum múslíma og vernda sjálft líf hennar og tilveru.

Annað gott dæmi um hvernig Verndarinn breytti skýrum fyrirmælum sem hann gaf ýmsum þjóðarráðum varðandi áætlanir sem hann hafði yfirumsjón með, og hvernig hann lagaði þau að aðstæðum hverju sinni, varðaði kaup á svæðisbundnum bahá'í eignum og bækistöðvum meðan á heimsherferðinni stóð. Í markmiðum tíu ára áætlunarinnar var kveðið á um kaup á þjóðarmiðstöðvum og eignum en hann hafði sagt

ráðunum að ekki ætti að leggja frekari þrýsting á takmarkaða sjóði trúarinnar sem þá þegar urðu að standa undir þessari miklu áætlun með útgjöldum heima í héraði. Hefði hann ekki tekið þetta skýrt fram hefði aldrei tekist að ná stóru markmiðunum. Sumarið 1957 skrifaði ritari hans fyrir hans hönd til umdæmisráðanna í Afríku: „Nú þegar starfið í öllum bahá'í heiminum gengur svo vel og þjóðarmiðstöðvar og landareignir hafa verið keyptar telur hann að vinirnir ættu að fá heimild til að kaupa fleiri bahá'í miðstöðvar og eignir hvar sem þeir vilja.“

Það var með þessum hætti sem Verndaranum tókst löngu áður en hann féll frá að byggja upp stjórnskipun trúarinnar um allan heim og gera hana að einstaklega virkri og vel starfandi alþjóðlegri hreyfingu. Þetta hefði honum aldrei tekist hefði hann ekki borið svo framúrskarandi gott skynbragð á hlutföll og jafnvægi. Hann vissi alltaf hvenær hann átti að láta undan þrýstingi atburðanna án þess að það skaðaði trúna og hvenær hann átti að krefjast skilyrðislausrar hlýðni við ákveðnar meginreglur, að öðrum kosti væri undirstöðuatriðum stefnt í hættu. Við getum tekið tvö gjörólík dæmi um fyrirmæli hans við ýmis tækifæri sem þó vörðuð eitt og sama málið—bahá'í landsþingin. Þegar ameríska ráðið stakk upp á því við hann árið 1932 að hætta þyrfti við landsþingið það árið af knýjandi fjárhagsástæðum og efna þess í stað til bréfkosninga, þá sendi hann eftirfarandi símskeyti: „Andlegt gagn af samráði samankominna fulltrúa á landsþinginu vegur þyngra en fjárhagslegar ástæður. Hvet til þess að skera niður óþarfa kostnað.“ Við annað tækifæri þegar hann hleypti af stokkunum fyrstu sjö ára áætlun norður-amerísku átrúendanna með símskeyti sem sent var til landsþingsins 1937 hvatti hann fulltrúana til að framlengja ráðstefnuna svo að tími gæfist til að fara yfir öll smáatriði áætlunarinnar sem þeim var ætlað að samráðgast um og hleypa af stokkunum. En þegar hann gaf Ástralíu og Nýja Sjálandi fyrirmæli um að mynda eitt sameiginlegt ráð beggja landanna hlýtur hann að hafa gert sér fulla grein fyrir fjarlægðinni milli þessara tveggja landa, miklum ferðakostnaði, og þeim erfiðleikum sem þetta skapaði fyrir reglulega fundi þjóðarráðsins. Hann taldi augljóst að kostirnir væru meiri en ókostirnir. Ástralía og Nýja Sjáland héldu landsþing 1934, annað árið 1937 og hið þriðja 1944—þrjú landsþing á tíu árum. Starf þeirra fór mestmegnis fram með bréfaskriftum, en ákvörðunarbær meirihluti starfaði í Ástralíu í neyðartilvikum. Þetta dæmi er svo gjörólíkt þeirri leiðsögn sem hann

veitti amerísku átrúendunum og sýnir hvernig Shoghi Effendi tókst að hraða þróun trúarinnar með visku sinni og dómgreind. Hann leyfði aldrei að smávægilegir örðugleikar kæmu í veg fyrir áform sín. Um leið og skynsamlegur grundvöllur hafði verið lagður skipti myndun nýrra þjóðarráða mestu máli. Æskilegt var að landsþingin væru haldin árlega, og einnig var æskilegt að eins margir fulltrúar og unnt var tækju þátt í þeim. Það var einnig æskilegt að ráðið kæmi saman eins oft og það gat, en þetta var ekki grundvallarsjónarmið. Hægt var að ná markmiðinu með öðrum hætti ef þess gerðist þörf.

Annað gott dæmi um það dásamlega jafnvægi sem kom fram í öllu viðhorfi Shoghi Effendi er mál sem snerti sjóði trúarinnar. Bahá'u'lláh hafði sjálfur gert ráðstafanir til að styðja málstað Guðs fjárhagslega og 'Abdu'l-Bahá nefndi þetta við mörg tækifæri. Það var þó ekki fyrr en árið 1923 að Shoghi Effendi byrjaði að leggja grunn að kerfisbundnum fjárstuðningi við starfsemi trúarinnar. Þann 12. mars það ár skrifaði hann almennt bréf sem stílað var til „Ástvina Drottins og þjónustumeysja hins miskunnsama í Ameríku, Stóra Bretlandi, Þýskalandi, Frakklandi, Sviss, Ítalíu, Japan og Ástralasíu.“ Þar segir hann: „Þar sem efnisleg meðul eru skilyrði fyrir framförum og útbreiðslu andlegrar starfsemi ber brýna nauðsyn til að stofna bahá'í sjóð strax í kjölfarið á stofnun andlegra svæðis- og þjóðarráða . . . Það er heilög skylda sérhvers samviskusams og trúfasts þjóns Bahá'u'lláh sem þráir að sjá málstað hans vaxa og eflast að gefa örlátlega í þennan sjóð og af fúsum og frjálsum vilja.“ Þann 6. maí skrifaði hann til ameríska ráðsins og fjallaði nánar um þetta mál. Þar sagði hann að til þess að styrkja þá mikilvægu kennsluferferð sem þá var í gangi og stjórna á virkan og eðlilegan hátt þeim mörgu málaflokkum sem heyrðu undir þjóðarráðið „bæri brýna nauðsyn til þess að stofna miðlægan sjóð sem með dyggum stuðningi og tilstyrk einstakra vina og svæðisráða geti brátt gert ykkur kleift að framkvæma fyrirhugaðar áætlanir ykkar fljótt og örugglega.“ Í bréfi sem skrifað var í október sama ár kemur mikill áhugi og umhyggja hans fyrir starfinu sem átrúendur voru beðnir um að framkvæma strax eftir fráfall Meistarans fram í þessum orðum: „Málstaðurinn er í dag í sárrí þörf fyrir efnislega hjálp og aðstoð.“

Annarsvegar var augljóst að ekki væri undir neinum kringumstæðum hægt að stofna það skipulag Bahá'u'lláh sem átti að endurleysa heiminn án mikils fjárhagslegs tilkostnaðar og hinsvegar voru tvær meginreglur sem Shoghi Effendi fann sig knúinn til að vekja athygli bahá'íanna á.

Rangur skilningur á þessum meginreglum gæti orðið til þess að hindra nauðsynlegan og mjög brýnan straum framlaga inn í hina ýmsu sjóði trúarinnar. Hin fyrsta var að þar sem bahá'íar hefðu orðið þeirrar hylli aðnjótandi að þekkja og viðurkenna Bahá'u'lláh á þessum mikla degi Guðs og höfðu þess vegna gerst fylgjendur hans og fengið þau forréttindi að byggja upp ríki hans á jörðu, voru það þeir sem af fúsum og frjálsum vilja áttu að gefa meðbræðrum sínu aftur af þeim gæðum sem trú Guðs hafði fært þeim. Varla var hægt að biðja almenning að borga fyrir eitthvað—í þessu tilviki fyrir fjölmargar stofnanir bahá'í trúarinnar—og síðan færa honum þessar stofnanir síðan að gjöf! Shoghi Effendi gerði þetta lýðum ljóst strax árið 1929 þegar hann sagði: „Ég tel að við ættum að líta á það sem frumsannindi og leiðarsnúru bahá'í stjórnskipunar að við stjórnun sérhvers bahá'í verkefnis... eigi aðeins að bjóða þeim þátttöku sem þegar hafa samkennt sig trúnni og telja má yfirlýsta og trausta stuðningsmenn hennar. Ef litíð er framhjá þeim vandræðalegu flækjum sem gætu skapast þegar samtök fólks sem ekki eru átrúendur koma að fjármögnun stofnana sem eru eingöngu bahá'í eðlis... ætti að hafa í huga að þessar sérstöku bahá'í stofnanir, sem skoða ætti í ljósi þeirra gjafa sem Bahá'u'lláh hefur gefið heiminum, geta aðeins starfað á farsælasta hátt og haft öflugustu áhrif á heiminn ef þær eru byggðar upp og viðhaldið einvörðungu með stuðningi þeirra sem eru sér fyllilega meðvitaðir um og játa skilyrðislaust það tilkall sem felst í opinberun Bahá'u'lláh.“ Þetta var meginreglan mikla sem fólst í þessari ráðstöfun. Hin praktíska og efnislega sem hefði getað leitt til vandræðalegrar flækju var sú að taki maður við fjármunum fyrir bahá'í skóla, bahá'í musteri og aðrar bahá'í stofnanir frá fólki sem stendur utan trúarinnar er sú hætta fyrir hendi að þessir velvildarmenn, hvort sem um er að ræða stjórnvöld, einstaklinga, samtök eða mannvini, telji sig hafa rétt til að fylgja peningaslóðinni og ráða einhverju um stjórn bahá'í málefna. Þetta er augljóslega óhugsandi og því sagði Verndarinn að bahá'íar mættu aðeins þiggja fjármuni frá utanaðkomandi aðilum til hreinna mannúðarmála, til dæmis góðgerðarstarfsemi sem koma myndi öllum til góða án tillits til kynþáttar eða trúar en ekki aðeins bahá'íum.

Önnur meginregla sem hann kallaði „grundvallarlögmál“ í skeyti til ameríska þjóðarráðsins 1926 var að „öll framlög í sjóðinn skuli eingöngu og undantekningarlaust vera frjáls. Það ætti að gera öllum ljóst að hverskonar þvingun, hversu óbein eða lítil sem hún kann að vera,

heggur að sjálfum rötum meginreglunnar sem liggur til grundvallar sjóðnum alveg frá stofnun hans.“ Þessi fyriræli voru rökrétt afleiðing af því viðhorfi bahá'í trúarinnar að boðskapur opinberanda Guðs á þessum degi sé gjöf hans til þjóða heimsins, að allir menn hafa verið kallaðir til fylgis við hann í hinu guðlega samfélagi og þegar þeir gerast fylgjendur hans er ekki krafist fjár af þeim heldur trúar. Ólíkt því sem gerist með svo margar kirkjur er enginn aðgangseyrir, engin skyldugjöld, ekki hægt að kaupa sér sæti í musterinu, engin þvinguð framlög. Hinir fátæku gátu fundið þar athvarf og hinir ríku voru boðnir velkomnir á sömu forsendum.

Að undanskildum þessum tveimur meginreglum, hver var skylda bahá'ía gagnvart sjóðunum? Bahá'íum bar skýr og óyggjandi skylda til að styðja hann eins og Shoghi Effendi gerði ljóst þegar hann skrifaði ameríska þjóðarráðinu árið 1935: „Fjárframlög til styrktar þjóðarsjóðnum eru lífsblóð þeirra nýju stofnana sem þið eruð að reisa. Mikilvægi slíkra framlaga verður vissulega ekki ofmetið.“ Hann sagði í sama bréfi að þjóðarsjóðurinn væri það „þjarg sem allar aðrar stofnanir verður að byggja á.“ Hann sagði að allt samfélag vinanna ætti í auknum mæli að styðja sjóðinn, bæði með einstaklingsframlögum og „með sameiginlegri viðleitni, hvort sem um er að ræða skipulagða hópa eða svæðisráð.“ Með heilræðum og fordæmi í meira en þrjá áratugi uppfræddi Verndarinn bahá'íana, kom þeim í skilning um hvað það þýddi að hafa bahá'í sjóð, styðja hann og nota. Þetta er afar heillandi málefni. Líkt og hjartað sem dælir blóði um æðakerfi líkamans og færir sérhverri einstakri frumu líf og þrótt, þannig streyma alþjóðlegir, þjóðar og svæðissjóðir aftur inn í samfélög átrúendanna og miðla þeim gæðum sem framlög þeirra gerðu möguleg. Alþjóðlegar stofnanir flytja orðstír og skapa hjarta heimssamfélags. Þjóðarstofnanir, bahá'í musteri, sumarskólar, eignir, kennslustofnanir, bókmenntir og fréttabréf gegna sama hlutverki á landsvísu, og svæðissjóðir gera átrúendum kleift að eignast fundarstaði, halda áfram kennslustarfsemi og stuðla að almennri þróun hagsmuna trúarinnar í borgum, bæjum og þorpum.

Shoghi Effendi gerði ljóst að ein af skyldum og forréttindum þess að vera fylgjandi Bahá'u'lláh væri að styðja verk hans í þessum heimi. Hann gerði það einnig ljóst að meginreglan að baki gjöfinni er mikilvægari en upphæðin sem gefin er. Eyrir fátæka mannsins sem fyrir hann og fjölskyldu hans gæti reynst raunveruleg fórn er jafn dýrmætur, þarfur og virðingarverður og hundrað eða þúsund dollara

framlag efnaðri bahá'ía. Aftur og aftur lagði hann áherslu á þetta tvennt: almenn framlög og almenna þátttöku sem tákni um sameiginlega ást okkar og samstöðu með trúnni og fórn okkar með gjöfinni. Þegar hið mikla móðurmusteri Vesturlanda hafði brýna þörf fyrir fjárframlög til þess að hægt væri að ljúka við yfirbygginguna skrifaði Verndarinn: „Ekki er hægt að neita því að útgeislun andlegs máttar og innblásturs frá miðlægri byggingu Mashriqu'l-Adhkár verður að mjög miklu leyti háð fjölda og fjölbreytileika einstaklinganna sem leggja fram fé til hennar sem og eðli og stigi þeirrar sjálfsafneitunar sem fórnir þeirra fela í sér.“ Það er erfiðara fyrir auðugan mann að fórna vegna þess að hann á svo mikið, en auðveldara fyrir hinn fátæka sem hefur af litlu að taka. Fjármunum sem gefnir eru málstaðnum og fela í sér fórn af hálfu einhvers gefanda fylgir sérstök blessun.

Ég minnst gjafa hinna fátæku og auðmjúku í ríki Guðs sem Verndarinn nefnir í bók sinni *God Passes By*, til dæmis: „... þess hjartnæma atburðar þegar 'Abdu'l-Bahá tók við bómullarvasaklút sem innihélt þurrt svart brauð og skorpið epli úr höndum persnesks vinar sem var nýkominn til London frá 'Ishqabad. Þetta var gjöf fátæks bahá'í verkamanns í þeirri borg. 'Abdu'l-Bahá opnaði gjöfina í augsýn gestanna sem þar voru samankomnir. Hann snerti ekki við málsverði sínum heldur braut brauðið, neytti þess sjálfur og deildi með viðstöddum.“ Fyrsta bahá'í musteríð sem reist var í Rússlandi, móðurmusteri Vesturlanda í Ameríku og þrjú önnur minni bahá'í tilbeiðsluhús í Evrópu, Afríku og Ástralíu voru öll byggð með framlögum átrúenda um allan heim, sem oft fólu í sér raunverulegar fórnir af hálfu bahá'ía, manna, kvenna og jafnvel barna.

Í upphafi fyrir mæla sinna um nauðsyn þess að byggja upp landssjóð og stofna svæðissjóði útskýrði Shoghi Effendi aðra grundvallarreglu varðandi gjafir til sjóðsins í símskeyti sem hann sendi 1932. Þar segir hann að einstaklingar séu frjálsir að því að tilgreina markmiðið með framlaginu en hann mælir sterklega með þeirri meginreglu að frjálsmenn framlög einstaklinga og svæðisráða til landssjóðs séu háð ákvörðun og geðþótta þjóðarráðsins. Sjóði ráðsins—hvort sem um var að ræða þjóðar- eða svæðisráð—þurfi að styðja oft og af frjálsum vilja, en hann bendir einnig á meginregluna um frelsi einstaklinganna sem er svo rótgróin trúnni.

Shoghi Effendi studdi oft sjálfur ýmsar framkvæmdir í ýmsum löndum. Stuttu eftir fráfall Meistarans byrjaði hann að gefa til ameríska

tilbeiðsluhússins. Árið 1957 tilkynnti hann að hann myndi sjálfur greiða einn þriðja þess sem það kostaði að reisa þrjú ný bahá'í musteri í heimsherferðinni. Hann styrkti fjárhagslega mikið af þýðingum og útgáfu bahá'í bókmennta, gaf til bahá'í legstaða og til kaupa á ýmsum bahá'í bækistöðvum og fjölda annarra verkefna. Með þessu setti hann öllum átrúendum fordæmi og öllum bahá'í stofnunum hvað það varðar að gefa í sjóðinn og taka þannig fagnandi þátt með öðrum í framkvæmd áætlana málstaðar Guðs. Fullkomin hreinskilni hans í slíkum málum, viðurkenning hans við nokkur tækifæri á því að hann hefði þá peninga tiltæka sem þörf var á í tilteknum málum fyrir málstaðinn, hugnæm orð sem hann lét fylgja lítilli peningaupphæð fyrir ameríska musterið: „Ég leyfi mér að senda lítið framlag, 19 pund, sem minn hlut í þeim fjölmörgu gjöfum sem hafa borist gjaldkera musterisins á síðasta ári.“ Allt þetta eru ekki aðeins dæmi um heldur raunveruleg hvatning til ríkra og fátækra átrúenda um að feta í fótspor hans og gleðjast yfir því að geta fetað í slík fótspor.

Í stöðugum hvatningum sínum til bahá'ía um að rísa upp og útbreiða trúna meðal fjölda andlega hungraðra meðbræðra sinna minnti Verndarinn þá oft á orð Bahá'u'lláh sjálfs: „*Beinið orku yðar að útbreiðslu trúar Guðs. Hver sá sem verður er svo hárrar köllunar, lát hann rísa upp og stuðla að henni. Sá sem ekki getur það ber skylda til að skipa í sinn stað hann sem mun kunngera þessa opinberun . . .*“ Hann sagði að þeir sem ekki væru færir um að fara og setjast að á þeim stöðum þar sem bahá'ía væri svo brýn þörf ættu minnugir orða Bahá'u'lláh að „*einsetja sér . . . að skipa staðgengil sem af hálfu þess átrúanda muni rísa upp til að framfylgja svo göfugu verkefni.*“ Oftar en einu sinni gerði hann nokkra bahá'í að staðgenglum með tilstyrk þjóðarráðs til að uppfylla tiltekin markmið.

Verndarinn gaf bahá'íum heimsins það sem ég kys að nefna hugrænar leiðarsnúrir, leiðsögn hugsunar og hugmynda, mismunandi stef eða þemu fyrir mismunandi starfssvið. Þessar leiðarsnúrir voru eins og brautarteinar sem lestarnar fara eftir, svo notuð sé kunnugleg líking. Það eru brautarteinarnir sem halda lestinni á sporinu og gera henni kleift að komast á áfangastað. Fjalla verður um nokkur þessara völdugu stefja ef við eigum að geta lagt verðugt mat á ævistarf Shoghi Effendi og kynnast því hvernig honum tókst að byggja upp nýjar stofnanir framtíðar heimssamfélags.

LEIÐARSNÚRUR

Ekki er hægt að öðlast réttan skilning á þróun málstaðar Guðs nema ákveðin grundvallarsannindi hans séu útskýrð. ‘Abdu’l-Bahá nefnir ein þessara sanninda í eftirfarandi orðum: „*Frá örófi alda allt til okkar tíma hefur ljós guðlegrar opinberunar risið í austri og úthellt ljóma sínum yfir vestrið. Birtan af þessu ljósi náði þó sérstakri og einstæðri fyllingu í vestri.*“ ‘Abdu’l-Bahá orðaði hér almenna reglu sem er sameiginleg öllum trúarbrögðum mannkyns, en í bahá’í trúnni hafa áhrifin af þessari reglu birst okkur með skýrum og sérstæðum hætti á þeim tíma sem liðinn er frá opinberun Bábsins. Í sinni fyrstu og mestu bók, *Qayyúmu’l-Asmá’*, hvatti Bábin þjóðir Vesturlanda til að yfirgefa borgir sínar og tryggja sigur málstaðar hans. Í helgustu bók sinni, *Kitáb-i-Aqdas*, ávarpaði Bahá’u’lláh stjórnendur á meginlandi Ameríku og hvatti þá til að rísa upp og svara kalli sínu. Við þann kraft sem leystist út læðingi með opinberun tveggja spámanna Guðs bættist áhrifamáttur og persónuleg fyrirhyggja Miðju sáttmálans. Eftir uppstigningu Bahá’u’lláh og frá þeim tíma þegar nafn hans var nefnt í fyrsta sinn á trúarbragðaðþinginu í Chicago 1893 baðaðist Norður Ameríka þeim guðlegu áhrifum sem streymdu frá penna og persónu ‘Abdu’l-Bahá og síðar stöðugri hvatningu, leiðsögn og uppörvun Shoghi Effendi. Verndarinn sagði okkur að hin guðlega áætlun ‘Abdu’l-Bahá væri innblásin af orðum Bahá’u’lláh sjálfs í *Kitáb-i-Aqdas* og væri að verulegu leyti sprottin af beinum samskiptum ‘Abdu’l-Bahá við amerísku og kanadísku átrúendurnar á ferðum hans um Norður Ameríku.

Ást föður á frumburði sínum, fyrstu vestrænu þjóðinni sem heyrði boðskap hans, og lífskraftur nýja heimsins sjálfs virðist á fagan og dulmagnaðan hátt hafa gætt bahá’ía Norður Ameríku stöðu og valdi sem átti sér engin söguleg fordæmi. Meistarinn sjálfur gaf þeim titilinn „postular Bahá’u’lláh“ og þeir nutu með orðum Shoghi Effendi „blíðrar umhyggju ‘Abdu’l-Bahá... sem batt við þá björtustu vonir sínar, gaf

þeim fyrirheit og veitti þeim ríkulegar blessanir.“ Alla embættistíð sína sýndi Shoghi Effendi þeim ást og veitti þeim uppörvun í sama mæli og Meistarinn—í raun var um að ræða beint framhald þessarar sömu ástar og sömu stefnu. Verndarinn sagði þá vera „óþreytandi, stefna ótrauða fram, tignarlegt bahá'í samfélag Ameríku í þróun málstaðarins“, „vagga og virki“ stjórnskipulagsins, „útvaldir af hinum almáttuga fyrir svo einstæða hylli“. Í miklum fjölda bréfa ávarpaði hann þá sem „mikilsmetnustu og ástkærustu bræður“, þeir væru „heitt elskaðir, hæfileikaríkir, hiklausir og einarðir, óhaggandi í einbeitni sinni“. Hann sagði að 'Abdu'l-Bahá hefði veitt þeim „andlegan frumburðarrétt“, þeir hefðu verið útnefndir „helstu trúnaðarmenn“ hinnar „guðlega ákvörðuðu og hnattvíðu“ himnesku áætlunar sem færði þeim ætlunarverk sem væri „helgur fæðingarréttur amerískra fylgjenda Bahá'u'lláh“. Þeim bæri ekki aðeins að framfylgja umboðinu sem fólst í þeirri áætlun heldur væru þeir „skiptaráðendur erfðaskrár 'Abdu'l-Bahá“ og þar af leiðandi „hetjusmiðir heimsskipulags Bahá'u'lláh á fósturstigi“ og „kyndilberar heimsmenningar trúar Bahá'u'lláh“. Þegar Shoghi Effendi fjallaði um uppfyllingu sannindanna sem kenningarnar geyma benti hann á að öfl hefðu verið að verki „sem með eftirtektarverðum hætti hefði fært stjórnstöð trúarinnar í vöggu sinni að ströndum Ameríku.“ Hann sagði að amerísku átrúendurnir, forboðar um gullöld trúarinnar, væru verðugir arftakar persneskra bræðra sinna og systra sem áunnu sér kórónu píslarvættis á hetjuöld trúarinnar. Þeir væru „andlegir afkomendur“ þessa „heittelskaða“, „göfuga og hugrakka“ samfélags sem Guð hefði útvalið, „ósigrandi armleggur, þetta máttuga líffæri“ trúarinnar þegar það ynni að einstæðu ætlunarverki sínu sem „skapari og hetjusmiður heimsskipulags Bahá'u'lláh“.

Shoghi Effendi leit á uppgang ameríska bahá'í samfélagsins sem einn göfugasta atburðinn á fyrstu öld trúarinnar. Þróun þess mátti rekja beinlínis til áhrifanna frá erfðaskrá Meistarans. Það sem Verndaranum láðist að nefna í mikilli hógværð sinni var að það var í raun hans eigin tryggð við þessa erfðaskrá og framkvæmd fyrirmælanna sem hún innihélt, sem kom þessu til leiðar.

Í einu af fyrstu bréfum Verndarans til andlega ráðsins í New York 1923 lýsti hann í fáeinum orðum viðhorfi sínu til Ameríku, viðhorfi sem engum breytingum tók meðan hann lifði: „Ég er meðvitaður um skýrar og þungvægar forsagnir okkar elskaða Meistara varðandi það veigamikla hlutverk sem Vesturlöndum er ákvarðað að gegna á fyrstu

stigum í alþjóðlegri sigurgöngu hreyfingarinnar og hef ég síðan hann féll frá ætíð horft fullur vonar og eftirvæntingar til fjarlæggra stranda þessa meginlands . . .“ „Hve oft“, skrifaði hann ameríska þjóðarráðinu þetta sama ár, „hef ég ekki óskað og þráð að vera nær starfsvettvangi ykkar og geta þannig verið í stöðugri og nánari snertingu við alla þættina í fjölbreyttu og afar mikilvægu þjónustustarfi ykkar.“

Vinasamband og gagnkvæmt traust myndaðist milli hins unga Verndara og þeirra sem hann nefndi „börn ‘Abdu’l-Bahá“ allt frá því þeir fréttu að hann hefði verið útnefndur arftaki Meistarans. Þegar fyrirmælin í erfðaskrá Meistarans voru kynnt eftir að þau voru lesin opinberlega 7. janúar 1922 sendi þjóðarráðið, sem enn gekk undir nafninu „Bahá’í musteriseiningin“ eða „Framkvæmdaráðið“, honum símskeyti 20. janúar: „Ameríka fagnar útnefningunni og býður þér einlæga og helgaða þjónustu sína og samvinnu.“ Bæði Verndarinn og ameríska samfélagið voru ung að árum og það er eitthvað mjög hjartnæmt við það hvernig þau uxu saman úr grasi á embættistíð hans. Eftir áfall hans og brotthvarf um tíma 1922 sendi hann Ameríku símskeyti 16. desember eftir að hann kom aftur til Haifa, „Framrás málstaðarins hefur ekki stöðvast og verður aldrei stöðvuð. Ég bið hinn almáttuga þess að viðleitni mín megi með óbilandi stuðningi ykkar leiða hann til dýrlegs sigurs nú þegar ég hef náð bata og fengið nýja fullvissu.“ Þjóðarráðið svaraði þann 19. sama mánaðar: „Skilaboð þín örvuðu og endurlífuguðu sérhvert hjarta. Megi máttur áframhaldandi einingar í Ameríku ávallt verða stoð þín og stytta. Með ást okkar, einlægum samvinnu- og hamingjuóskum.“

Eitt fyrsta bréf hans til þeirra lýsir í sjálfu sér hugarástandi hans og hvernig þessi mál öll hófust. Það ber yfirskriftina „Til meðlima Andlegra þjóðarráða, kjörinna fulltrúa allra átrúenda á meginlandi Ameríku“ og er dagsett 23. des. 1922 með nöfnum hinna níu meðlima. Þar segir Shoghi Effendi meðal annars: „ . . . Sá kraftur sem þið hafið sýnt við framkvæmd stöðugra tillagna minna hafa verið mér mikil uppörvun og endurnýjað fullvissu hjarta míns. Ég hef lesið margsinnis skýrsluna um starfsemi ykkar, kannað í smáatriðum öll skrefin sem þið hafið tekið til að treysta grundvöll hreyfingarinnar í Ameríku og séð mér til mikillar ánægju þær áætlanir sem þið hafið gert til að efla útbreiðslu málstaðarins í ykkar mikla landi . . .“ Hann fullvissar þá um að hann bíði ekki aðeins „allra góðu fréttanna um dýpkun og útbreiðslu málstaðarins sem okkar elskaði Meistari helgaði

tíma sinn, líf og allt sem hann átti“, heldur minnst hann „ástríks starfs þeirra og þjónustu í hvert sinn sem ég legg enni mitt á hina helgu fótskör.“ Hann undirritar sjálfur orðsendinguna: „Bróðir ykkar í þjónustu hans“.

Við verðum alltaf að hafa í huga að það var samstarf hans með Ameríku strax í upphafi, samtvinnað örlögum trúarinnar, sem leiddi til stofnunar og vaxtar stjórnskipulagsins um allan heim. Mót þess skipulags var fullkomnað í Ameríku þótt vísir að því hafi þegar verið til staðar á dögum ‘Abdu’l-Bahá. Afstaða Shoghi Effendi breyttist aldrei frá því hann í upphafi árs 1923 skrifaði: „Ég fullvissa ykkur aftur um að ég er tilbúinn, vil hjálpa og þjóna tryggum og helguðum þjónum Bahá’u’lláh í því landi“. Árið 1939 skrifaði hann „Ég er fyrir mitt leyti staðráðinn í að efla og styrkja þá hvöt sem knýr meðlimi þess áfram til móts við endanleg forlög sín.“

Þegar ‘Abdu’l-Bahá féll frá voru bahá’íar í Norður Ameríku staddir í miðri kreppu sáttmálsbrota. Áfall vegna brotthvarfs hans, bylgyja sársauka og örvæntingar, reið yfir þá en henni fylgdi flóðbylgja vonar og ástar þegar þeir festu sjónir á ungum Verndara sínum. Hjálp er háð tveimur þáttum—annarsvegjar þarfnast einhver hjálpar og er reiðubúinn til að þiggja hana, hinsvegjar vill einhver hjálpa og hefur til þess getu. Shoghi Effendi byrjaði á virkan hátt að leiðbeina Ameríku og komst að raun um að Ameríka brást vel við leiðsögn hans allt frá því hann tók við embætti. Hann sendi þetta símskeyti til landsþingsins 1923: „Megi landsþing þessa árs... verða upphaf fordæmalausrar kennsluferferðar—þetta er að sönnu innileg bæn mín. Látum Riðván-boðin felast í þessum orðum: sameinumst, dýpkum, rísum upp.“ Skipstjórinn hafði tekið við stýrinu. Í öllum stormum, lygnum sjó, eldraunum og þrengingu, í stríði og friði, í æsku, á miðjum aldri og við ævilok hætti Shoghi Effendi aldrei að leiðbeina, elska, vara við, uppörva og snúa sér til þessa „framúrskarandi samfélags bahá’í heimsins“, samfélagi sem hafði eins og hann skrifaði einu sinni, „verið útvalið af hinum almáttuga fyrir svo einstæða hylli... aðgreint frá systursamfélögum sínum með áætlun sem penni og hugur stofnanda þess opinberaði“, „viðurkennt sem óvinnandi vígi trúar Guðs og vaggja rísandi stofnana heimsskipulags þess“, „og sem Miðja sáttmálans vænti þess af fullri vissu að setjast myndi í öndvegi eilífra yfirráða.“

Þann 6. janúar 1923 skrifaði Shoghi Effendi til eins af svæðisráðunum í Ameríku—ári eftir að erfðaskrá ‘Abdu’l-Bahá hafði verið

lesin upp. „Ætíð þegar ég minnst boðskapar ástar, fullvissu og vonar sem Ástvinur okkar hefur tjáð með svo geislandi orðum í fjölda taflna sinna til ástvinanna í Ameríku finnst mér sem fyrr eða síðar muni leyndardómur þessarar takmarkalaus ástar birtist og þetta mikla meginland sem honum var svo kært hjúpist brátt allri dýrð opinberunar hans.“

Það er með öllu ómögulegt að aðskilja upphaf stjórnskipulagsins frá þróun norður-ameríska bahá'í samfélagsins og bandarísku átrúendanna sérstaklega vegna þess að þessir tveir ferlar eru í rauninni einn og hinn sami. Með fáeinum undantekningum á 36 ára ferli var hugmyndum um mynstur stjórnarfarslegra málefna, miklum fyrirmælum varðandi kennsluna, heimsmótandi hugtökum og áætlunum í almennum bréfum Verndarans beint til ameríska samfélagsins og það gaf þau út eða sendi áfram. Þetta þýðir ekki að Verndarinn hafi ekki haft samband við Persíu eða önnur bahá'í samfélög, langt í frá. Hann átti í sjálfstæðum, mjög persónulegum og ástúðlegum samskiptum við þau öll. Þessi samskipti hófust um sama leyti og Verndarinn stofnaði til sambandsins við Ameríku. Á þeim varð engin breyting í áranna rás heldur styrktust þau mjög með tímanum. Hann var alltaf Verndari okkar allra. En norður-ameríska samfélaginu hafði samkvæmt dularfullri ráðsályktun forsjónarinnar verið ætlað einstæð ábyrgð og hlotið einstæðan heiður. Í bréfi sínu *Ameríka og hinn mesti friður* sem skrifað var 1933 skýrir Shoghi Effendi stöðu Ameríku svo ekki verður um villst þegar hann í angist sinni eftir andlát Meistarans skrifaði „stjórnskipun ósigrandi trúar Bahá'u'lláh fæddist“. Uppstigning 'Abdu'l-Bahá leysti úr læðingi „mikið afl“ sem „kristallaðist í þessa æðstu og óskeikulu stofnun sem átti að framkvæma hið guðlega áform.“ Í erfðaskrá 'Abdu'l-Bahá voru sett fram einkenni hennar og fyrirmæli. Ameríka hafði gengist stjórnskipuninni á hönd: „Hún var henni gefin, henni einni . . . og átti fyrir höndum að verða geiglaus kappi stjórnskipunarinnar, möndull nýfæddra stofnana hennar, forystuaflið í útbreiðslu hennar.“

Shoghi Effendi var fæddur stjórnandi með skapgerð og hugsun sem alltaf var nákvæm og skipulögð. Hann byrjaði að skipuleggja málefni trúarinnar á mjög kerfisbundinn hátt. Fyrstu tvö eða þrjú árin hélt hann lista yfir bréfaskipti sín en það var áður en þessi bréfaskipti, vandamál hans, þreyta og skortur á góðu aðstoðarfólki gerðu honum ókleift að halda slíka skrá yfir póstin sem hann fékk. Í þessari skrá sjáum við að hann hefur skrifað til eftirfarandi staða: Ameríku,

Bretlands, Frakklands, Þýskalands, Japans, Mesópótamíu, Kákasus, Persíu, Turkistan, Tyrklands, Ástralíu, Sviss, Indlands, Sýrlands, Ítalíu, Búrma, Kanada, Kyrrahafseyjanna, Egyptalands, Palestínu, Svíþjóðar og Evrópu. Hann skrifaði líka fjölda bréfa til einstakra miðstöðva í Ameríku, Evrópu, Norður Afríku, Miðausturlöndum og Austurlöndum fjær. Hann telur upp sextíu og sjö slíkar miðstöðvar á tímabilinu 1922-3, áttatíu og átta á árunum 1923-4 og níutíu og sex á tímabilinu 1924-5. Við sjáum hann fyrir okkur teygja út höndina, kannski oft titrandi vegna áfalls eða veikinda, og grípa í stjórntauma þess víðáttumikla ríkis Bahá'u'lláh sem hann hlaut að erfðum 1921.

Mikill meirihluti bahá'ía bjó enn í Persíu og nágrannalöndum. Það var lítið en trúfast samfélag í Norður Ameríku og jafnvel enn smærri í Evrópu, Afríku, á meginlandi Indlands og Kyrrahafssvæðinu. Flestir þessara átrúenda—þar með taldir nokkrir meðlimir fjölskyldu 'Abdu'l-Bahá—höfðu mjög óljósa hugmynd um hvað trúin stóð fyrir, enga hugmynd um formið sem hún var að taka á sig í samræmi við fyrirmæli Meistarans í erfðaskrá hans og enn síður nokkurn skilning á stjórnskipulaginu. Þótt til væru stofnanir sem kölluðust andleg ráð gengu þau iðulega undir öðrum nöfnum og starfsemi þeirra og meðlimaskrár báru lítinn svip af því sem við nú þekkjum undir heitinu andleg ráð. Þjóðarráð Ameríku sem hafði verið til í einhverri mynd frá 1908 var þekkt undir nafninu "Bahá'í musteriseiningin". Árið 1909 fékk það löggildingu og varð að „Framkvæmdaráði“. Auk fulltrúa á landsþinginu voru þar einnig „varafulltrúar“. Ráðið í Chicago var þekkt sem „bahá'í hús andlegleikans í Chicago.“ Eitt sinn var það skipað nú meðlimum og tveimur „ráðgefandi meðlimum“. Í New York var þetta nú manna ráð þekkt sem „Samráðsnefndin á New York stórborgarsvæðinu“. Bahá'íar í borg einni í Kaliforníu skrifuðu til Shoghi Effendi og sögðu honum að þeir hefðu kosið 12 manna nefnd sem væri andlegt ráð þeirra. Þótt kosningar hefðu verið haldnar í meira en áratug fyrir andlát 'Abdu'l-Bahá voru hin svokölluðu stjórnskipunarráð tilviljunarkennd hvað form og starfsemi snerti—þau voru á fósturstigi í orðsins fyllstu merkingu. Ástandið í Persíu einkenndist ekki aðeins af sama glundroða heldur sætti mikill fjöldi átrúendanna þar slíkum ofsóknum og kúgun að það tók Verndarann mörg ár að koma einhverri skikkan á stjórnarfarslegu óreiðuna. Önnur lönd voru jafn fáfróð um meginreglur stjórnskipunarinnar. Breskir bahá'íar höfðu sjálfir myndað „bahá'í ráð“ árið 1922 til að sinna




TVÆR MYNDIR AF KARMEL FJALLI

Efri mynd: Grafhýsi Bábsins eins og það var eftir andlát 'Abdu'l-Bahá.
Neðri mynd: Yfirbyggingin sem Shoghi Effendi lauk við 1953
samkvæmt almennum fyrirmælum Meistarans sjálfs.



FRAMKVÆMDIR SHOGHI EFFENDI Á KARMEL FJALLI
Grafhýsi Bábsins innan um garða og stalla sést hér efst til vinstri.
Hér má sjá Minjasafnið og bogann að framanverðu auk hins
merkilega sveigðaflúrs garðanna þar fyrir ofan.



GRAFHÝSI BÁBSINS Á KARMEL FJALLI

Hluti garðanna og stallanna umhverfis yfirbygginguna sem Shoghi Effendi reisti á grafhýsi Bábsins.




BYGGINGAR SEM SHOGHI EFFENDI REISTI
Alþjóðlega minjasafnið og grafhýsi Bábsins.



VERNDARINN KANNAR GARÐANA

Efri mynd: Shoghi Effendi horfir yfir grafhýsi Bábsins efst af Karmel fjalli. Neðri mynd: Hann kannar nýlegt svæði í Bahjí.



LOFTMYND AF BAHJÍ

Stóra byggingin er setur Bahá'u'lláh en byggingin með bratta þakinu til vinstri er grafhýsi hans. Gardarnir sem Shoghi Effendi hannaði eru í norðri og suðvestri. Efst fyrir miðju er litla hvíta húsið þaðan sem



GRAFHÝSI BAHÁ'U'LLÁH Í BAHJÍ

Efri mynd: Svona leit inngangurinn í grafhýsið út í kringum 1921.
Neðri mynd: Tignarleg fegrun inngangsins í grafhýsi Bahá'u'lláh 1957.



HELGASTA GRAFHÝSID

Efri mynd: Grafhýsi Bahá'u'lláh í Bahj́.

Neðri mynd: Nokkrir hinna 96 ljósastólpa sem lýsa upp garðana í Bahj́ að næturlagi.

Þjóðarmálefnum. Indland hafði þjóðarráð í einhverri mynd því Shoghi Effendi segir 1923 að þótt Búrma hafi sína eigin „miðstjórn“ sé það engu að síður undir lögsögu „al-indverska þjóðarráðsins“. Árið 1921 hélt Þýskaland landsþing en þjóðarráðið var ekki kosið fyrr en ári síðar. Á fyrstu árum stjórnskipunarinnar var málefnum bahá'ía í Persíu, Kákasus og Turkistan sinnt á hverju svæði fyrir sig af einu áberandi svæðisráði sem sinnti störfum þjóðarráðs meðan þess var beðið að hægt væri að halda frjálst og fullgilt landsþing. Á þetta stig hafði tekist að koma þessu nýfædda barni, bahá'í stjórnskipuninni, strax í upphafi þriðja áratugarins áður en 'Abdu'l-Bahá féll frá og strax eftir að Shoghi Effendi tók við stjórn málstaðarins. Árið 1922 var aðeins eitt ráð til í öllum bahá'í heiminum—hið ameríska—sem bar einhvern svip af landskjörnu þjóðarráði eins og við þekkjum í dag.

Þessi dreifði, ósamstæði, óskipulagði en trúfasti þorri átrúenda um allan heim þurfti að sigrast á öðrum hindrunum. Þótt persnesku vinirnir væru sér fyllilega meðvitaðir um sjálfstæð einkenni trúarinnar—þeir höfðu jú hiklaust fórnað lífi sínu til þess að kunngera slíkt sjálfstæði—hafði þeim samt sem áður ekki tekist að snúa baki við ákveðnum þjóðarvenjum og meinsemdum sem brutu algjörlega í bága við kenningar Bahá'u'lláh. Hálförkkur hvíldi enn yfir landinu. Þar sköruðust bahá'í lög og íslömsk auk margvíslegrar óhæfu sem hægfara hnignun hafði alið á í aldanna rás. Einkvæni var ekki stranglega í heiðri haft og skilningur á þessari meginreglu trúarinnar var lítill. Áfengisdrykkja var enn útbreidd, algjört bann Bahá'u'lláh við notkun eiturlyfja hafði ekki komist til skila í landi sem var þrugað af háskalegri neyslu ópíums og annarra eiturlyfja. Á Vesturlöndum, sérstaklega í Ameríku var stærsti hópur vestrænna fylgjenda. Hversu mikil sem tryggð þeirra var við hina nýju trú sem þeir höfðu játast voru þeir enn meðlimir kirkjudeilda og ýmissa samtaka. Þetta varð til þess að dreifa orku þeirra og takmörkuðum fjárráðum, draga úr hæfni til einbeittrar og samræmdrar starfsemi fyrir málstað Guðs og veikja allt tilkall þeirra til sjálfstæðis trúarinnar. Hvorki í austri né vestri höfðu bahá'íar fullan skilning á að þeir ættu að forðast alla pólitíska starfsemi og pólitísk tengsl. Shoghi Effendi réðst gegn þessu óreiðukennda ástandi bahá'í heimsins með tvennum hætti. Fyrst skapaði hann eina samræmda aðferð til að sinna bahá'í samfélagslífi og skipuleggja málefni þess á grundvelli kenninganna og útskýringa Meistarans á þeim. Síðan menntaði hann átrúendurnar og kom þeim í

skilning um markmið og tilgang trúarinnar og sannindin sem hún fól í sér.

Skipulagssnilli Shoghi Effendi—eitt sterkasta skapgerðareinkenni hans, sem Guð hafði án efa lagt honum í brjóst til að uppfylla þarfir mótunaráldar trúarinnar—varð stöðugt augljósari og hann byggði fljótt og vel upp samræmt kerfi þjóðar- og svæðisráða um allan heim. Fyrsta skrefið var að fá þjóðarráðinu í Ameríku rétt heiti og efna til kosninga til ráðsins á réttum grundvelli. Strax eftir tilkynninguna um fyrirmæli ‘Abdu’l-Bahá í erfðaskrá hans fóru nokkrir þekktir amerískir bahá’íar til Haifa til að heimsækja graphýsin og Verndarann. Einn þeirra, Corinne True, sendi Shoghi Effendi skýrslu í bréfi dagsettu 4. maí 1922: „Andi landsþingsins var dásamlegur og nýtt tímabil hófst í bahá’í trúnni með bréfi þínu. Sextíu og fjórar miðstöðvar í Kanada og Bandaríkjunum sendu fulltrúa . . . Ég reyndi að kynna þessum vinum áætlunina sem þú hafði lagt fyrir mig meðan ég var í Haifa . . . Niðurstaðan af landsþinginu var kosning „Andlegs þjóðarráðs“ eða Framkvæmdaráðs . . . Þessir nú menn og konur eru þjónar þínir ævinlega og biðja um staðfestingu frá Miðju sáttmálans að þeir megi þjóna þér dyggilega í öllum málum sem varða framþróun málstaðarins . . .“ Corinne True og nokkrir aðrir gamlir bahá’íar höfðu fengið fyrirmæli frá Shoghi Effendi á fyrstu mánuðunum hans í embætti um að kjósa til þessa ráðs.

Þann 4. apríl 1923 sendi Shoghi Effendi þessu nýja þjóðarráði símskeyti þar sem hann hvatti eindregið til endurkjörs annarra allra svæðisráða á fyrsta degi Ríðván 21. apríl. Endurómur af þeirri áherslu sem Shoghi Effendi lagði á kerfisbundið samræmi bahá’í kosninga og hver rétt nöfn þessara bahá’í ráða væru virðist hafa borist um allan bahá’í heiminn. Til varð hreyfing allstaðar sem hann örvaði stöðugt og studdi þar sem svæðisráð voru kosin og þau fengin til að starfa í samræmi við meginreglur sem ‘Abdu’l-Bahá hafði sett fram en ekki höfðu fengið nægilega athygli. Þrátt fyrir þessar fyrstu tilraunir til að tryggja að ráðin væru í raun og veru mynduð var þetta verkefni sem Shoghi Effendi þurfti að sinna í mörg ár því oft vanræktu vinirnir algjörlega að kjósa eða endurkjósa svæðisráðin. Bahá’íarnir voru áhugasamir en ráðvilltir og fögnuðu leiðsögn Verndarans. Þegar hann útskýrði málið skýrðist það augsýnilega líka fyrir honum sjálfum. Í afritum af tveimur bréfum sem hann skrifaði í desember 1922 til þjóðarmeðlima finnur maður orðasamböndin „andlegt þjóðarráð“ og „andlegt svæðisráð“. Í sama mánuði hafði hann skrifað átrúendum í París: „Það myndi gleðja

mig mjög að heyra um stofnun andlegs svæðisráð, sem stofnað væri á réttum grunni, starfaði með virkum hætti og væri almennt viðurkennt af meðlimum hinnar miklu bahá'í fjölskyldu. Hafi slíkt ráð ekki enn verið myndað vil ég hvetja ykkur eindregið til þess að stofna slíka fasta og ákveðna miðstöð fyrir málstaðinn. Þetta gæti í fyrstu virst vera spurning um form en mun þó ekki aðeins fylla upp í tómarúm í samræmdu skipulagi hreyfingarinnar um allan heim heldur tel ég víst að ráðið verði kjarni sem margar sálir safnast um í framtíðinni...“ Ekki er að furða að þegar Shoghi Effendi nálgaðist bahá'íana með svo mikilli ást, kurteisi og hreinskilni eins og þessi úrdráttur ber með sér hafi þeir verið fúsir til samvinnu. Og þetta bréf hlýtur að vera aðeins eitt af mörgum sama efnis. Þegar svör bárust var hann jafnan fljótur til að hrósa og óska til hamingju. Í ofangreindu tilviki beið hann í rúmt ár þangað til að hann sendi símskeyti til Parísar þar sem hann óskaði þeim hjartanlega til hamingju með stofnun andlegs ráðs.

Sum samfélög voru þegar búin að stofna nefndir sem svar við hvatningu 'Abdu'l-Bahá. Bréfaskipti á árunum 1922 og 1923 milli Shoghi Effendi og ameríska þjóðarráðsins sýna að til voru þjóðarnefndir fyrir kennslu, útgáfu og endurskoðun, barnakennslu, bókasöfn, Star of the West, skjalasafn og kynþáttaeiningu. Þegar farið er yfir fyrstu verkefni og samskipti Verndarans vekur það hrifningu og furðu að sjá hvernig endirinn í starfi hans sem Verndari trúarinnar speglaði upphafið. Eftir því sem árin liðu varð hugsun hans þróttmeiri og hann útskýrði stóru línurnar í þróun málstaðarins betur. Hann þroskaðist og málstaðurinn þroskaðist með honum. En allt þetta var á fósturstigi þegar hann byrjaði að stjórna málefnum trúarinnar. Endirinn speglaði upphafið. Við lok ævi hans var stigmunur en ekki eðlis á þeim fyrirmælum sem hann gaf fyrstu þjóðarráðum og samfélögum bahá'í heimsins. Tökum til dæmis þetta símskeyti hans til ameríska landsþingsins 1923 „...Á þessari ögurstund í sögu málstaðarins standið þið á þröskuldi nýs tímabils: starfið sem ykkur er falið að leysa af hendi felur í sér gríðarlega möguleika, ábyrgðin sem þið axlið er þungvæg og einstæð, augu margra þjóða beinast...að ykkur í von um að sjá nýjan dag renna upp, dag sem verður vitni að uppfyllingu fyrirheits Guðs.“ Atburðir næstu þrjátíu og fimm ára rúmast í þessum stuttu setningum.

Helstu viðfangsefni Verndarans í mörg ár var að uppfærða bahá'íana um þær meginreglur sem lágu til grundvallar þjóðfélagskerfi Bahá'u'lláh.

Þeir trúðu á kenningarnar, reyndu að útbreiða þær meðal meðbræðra sinna með því að halda uppi einhverju lágmarks samfélagslífi í formi hátíða, funda og helgidagahalds. Þeir voru ekki vanir að vinna á skipulegan hátt sem meðlimir samtaka í fullum skilningi þess orðs. Þeir voru ekki heldur vanir að halda samskiptaleiðum innan trúarinnar opnum. Shoghi Effendi gerði sér grein fyrir því frá byrjun að verkið sem beið hans krefðist þess að hann hefði nákvæma þekkingu á því sem var að gerast í bahá'í samfélögunum um allan heim, verkefnastöðu þeirra og svörun við uppbyggingu stjórnkerfis málstaðarins. Þetta krafðist náinna bréfaskipta, ekki aðeins við öll þjóðarráð heldur einnig öll svæðisráð. Þjóðarráðin voru veikburða eða hreinlega ekki til, svæðisráðin voru yfirleitt ennþá veikari. Hann taldi nauðsynlegt að halda sambandi við þau öll bæði í austri og vestri. Í desember 1922 sagði hann við ameríska þjóðarráðið: „Það myndi gleðja mig og ég væri þakklátur fyrir að þið segðuð öllum andlegu svæðisráðunum frá ósk minni um að fá við allra fyrsta tækifæri nákvæma og almenna skýrslu um andlega starfsemi þeirra, einkenni og skipulag hvers ráðs, frásögn um almenna fundi og einkafundi þeirra, raunverulega stöðu málstaðarins í umdæmum þeirra, áætlanir þeirra og ráðstafanir sem gerðar eru fyrir framtíðina. Færið þeim mínar bestu óskir og fullvissið þau um heilshugar aðstoð mína í göfugu starfi þeirra og þjónustu við mannkyn.“ Hann skrifaði þýska þjóðarráðinu á sama hátt ári síðar: „Ég þrái mjög að fá frá andlega þjóðarráðinu tíðar, yfirgripsmiklar og uppfærðar skýrslur um stöðu málstaðarins í Þýskalandi með frásögn um starfsemi ýmissa bahá'í miðstöðva sem nýlega hafa verið stofnaðar í landinu.“

Áform hans var ekki aðeins að safna upplýsingum við Heims-miðstöðina heldur einnig að örva og hvetja kúguð samfélög í Austurlöndum með því að flytja þeim gleðifréttir frá systursamfélögum þeirra á Vesturlöndum. Hann gerði þetta ljóst í bréfi til svæðisráðsins í New York sem hann skrifaði í febrúar 1924: „Eins og ég ýjaði að í fyrsta bréfi mínu til andlega þjóðarráðsins myndi það gleðja mig mjög að fá frá öllum bahá'í miðstöðvum í Ameríku reglubundnar og ítarlegar skýrslur um stöðu málstaðarins og starfsemi vinanna. Ég mun með ánægju senda þær áfram til vinanna í Austurlöndum. Ég er þess fullviss að á þessari stundu eirðarleysis og umróts í löndum þeirra munu þeir fagna því að heyra um stöðugan og friðsaman vöxt trúarinnar í landi ykkar . . . ég bið gleðitíðinda frá ykkur . . .“

Þetta kerfi átti eftir að virka í báðar áttir eins og hann hafði þegar skrifað til „þjóðarráðs“ breskra bahá'ía í desember 1922: „Ég er nú að hefja bréfaskipti við allar svæðismiðstöðvar bahá'ía í Austurlöndum og mun ekki láta undir höfuð leggjast að fræða og hvetja átrúendurnar allstaðar til að senda beint í gegnum andleg svæðisráð sín gleðifröttir um framgang málstaðarins í formi ítarlegra skýrslna til ýmissa ráða andlegra bræðra þeirra og systra á Vesturlöndum.“ Hann skrifaði til bahá'ía í Leipzig: „Ég bíð með ást og óþreyju bréfa frá ykkur“. Hann skrifaði japönsku átrúendunum: „Von mín er sú að vinirnir í Japan muni héðan í frá skrifa mér oft og ítarlega um ýmsa andlega starfsemi sína og sendi mér áætlanir um framtíðar þjónustu við málstað Bahá'u'lláh.“ Hann skrifaði þetta sama til bahá'ía á Kyrrahafseyjum. Sömu óskir voru margsinnis látnar í ljós í fyrstu bréfum hans til svæðismiðstöðva í ýmsum löndum. En það reyndist ekki auðvelt að fá þau áþreifanlegu svör sem hann sóttist eftir. Á öllum embættisferli hans fór mikill tími í að kalla bahá'íana aftur til skyldna sinna og verkefna. „Vænti tíðra og yfirgripsmikilla skýrsla frá þjóðarráðinu“ segir hann í símskeyti til Ameríku 1923. „Ekkert bréf frá þjóðarráðinu síðustu tvo mánuði“ segir hann í símskeyti 1924. „Bíð óþreyjufullur eftir tíðum og ítarlegum skýrslum þjóðarráðsins“ stendur í símskeyti hans til Indlands 1925. Slíkar áminningar voru engan veginn sjaldgæfar og voru sendar til fleiri landa.

Í hjörtum sínum voru bahá'íar, einlægur og ástríkur hópur fólks sem safnast hafði saman um Bahá'u'lláh í trú og fullvissu, vel meðvitaðir um alþjóðleg einingarbönd sín í trúnni. En þetta var ekki nóg. Tími var kominn fyrir stöðuga öflugna og starfsama vitund um daglegar skyldur þeirra. Auk þess að skapa samræmt kerfi bahá'í kosninga og tryggja flæði skýrslna og bréfaskipta til hans og frá honum tók Shoghi Effendi skref til að hleypa nýju lífi í nokkur bahá'í tímarit sem gefin voru út þegar hann tók við embætti Verndarans og sem 'Abdu'l-Bahá sjálfur hafði stutt og örvað. *Star of the West* var gefið út í Ameríku og var elst og þekktast þessara tímarita. Auk þess var „Sól sannleikans“ í Þýskalandi, „Dögun“ útgefin í Búrma, indversku Bahá'í tíðindin og Khorshid-i-Khavar útgefið í Ishqabad. Alla þessa útgáfustarfsemi studdi Shoghi Effendi heilshugar. Hann skrifaði bahá'íum í Sírylandi í febrúar 1923 og hvatti þá til að gerast áskrifendur og skrifa greinar í bahá'í tímaritin *Star of the West*, indversku Bahá'í tíðindin og Khorshid-i-Khavar, tímarit rússnesku átrúendanna. Sá mælikvarði sem hann ætlaðist til að

slík tímarit tileinkuðu sér var settur fram af í mælsku bréfi til ritstjóra Dögunar í Burma tveimur mánuðum seinna: „Megi tímaritið sem er alþjóðlegt í viðhorfum sínum, framsækið og skynsamlegt í málflutningi sínum, tryggt heilagri hefð sinni og meginreglum málstaðarins, nákvæmt í aðferðum sínum, hlutlaust í skoðunum, skrifað á upphöfnu og áhrifamiklu máli, þróast hindrunarlaust og uppfylla markmið sín af hugrekki og einurð.“ Fyrstu mánuði 1923 skrifaði hann ritstjóra indversku bahá'í tíðindanna: „Ég hef nýlega beðið vinina í Persíu, Turkistan, Kákasus, Írak, Egyptalandi, Tyrklandi, Ameríka, Stóra Bretlandi, Þýskalandi, Sírlandi og Palestínu að senda reglulega efni í indversku bahá'í tíðindin, skýrslur um starfsemi sína og vel skrifaðar greinar um andleg málefni. Ég vonast þannig til að útvíkka efnistöð og auka gildi þeirra sem leiðandi málöggn bahá'í heimssamfélagsins . . . Ég mun fylgjast eftirvæntingarfullur með öllum stigum í framþróun þess og ekki láta bregðast að leggja fram minn skerf til aðstoðar því göfuga verkefni sem ætlunin er að framkvæma.“ Svipuð bréf voru send til bæði Þýskalands og Ameríku og eggjuðu til sömu stefnu í þeirra eigin bahá'í útgáfu. Ítrekað hvatti hann ýmis bahá'í þjóðarsamfélög til að senda fréttir og viðeigandi greinar til ýmissa tímarita til þess að styðja þau, útbreiða trúna og innblása átrúendurnar.

Auk þessa stofnaði Shoghi Effendi til „dreifibréfs sem andlegt ráð Haifa sendir á nítján daga fresti til allra bahá'í miðstöðva í Austurlöndum.“ Þetta dreifibréf var á persnesku og ensku. Hann skrifað til svissneskra bahá'ía í febrúar 1923: „Andlega ráðið sem hefur verið stofnað í Haifa mun héðan í frá senda ykkur reglulega fréttir frá Landinu helga . . .“ Þetta Haifa fréttabréf laut umsjón Verndarans sjálfs og birti efni sem hann útvegaði. Það var sent áfram uns andlega ráðið í Haifa var leyst upp af Shoghi Effendi um sama leyti og hann sendi svæðissamfélagið á brott á árunum 1938 og 1939. Ráðstafanir eins og þessar minntu á risastóra sleif sem hrærði kröftuglega í öllu samfélagi hinna trúföstu um allan heim, blandaði saman, ögraði og örvaði samstæða hluta þess til meiri starfsemi, samvinnu og skilnings.

Við getum staldrað við og spurt okkar hver þessi stjórnskipan var sem Verndarinn vann svo óþreytandi að því að stofna. Hann sagði að þegar hún þróaðist myndi hún: „verða allt í senn holdtekja, uppalandi og verndari“ fyrir anda þessarar ósigrandi trúar. Hún var einstæð í sögunni, guðlegs uppruna og ólík öllum öðrum kerfum fyrri trúarbragða. Í grundvallaratriðum var hún farkostur framtíðarskipu-

lags og heimssiðmenningar sem að lokum nær hámarki í samveldi allra þjóða jarðar. Þótt kjörin ráð hennar séu byggð á meginreglum allsherjar kosningarréttar og beinni kosningu er endanlegt valdsvið hennar ólíkt því sem gerist í lýðræðisskipulagi þar sem kjörnir fulltrúar eru alltaf ábyrgir gagnvart kjósendum sínum. Bahá'í ráð eru hinsvegar alltaf ábyrg gagnvart stofnanda trúarinnar og kenningum hans. Í lýðræði eru ákvarðanir hæstráðandi stjórnar háðar skoðun og samþykki þeirra sem veita henni umboð. Þessi hæstráðandi stjórn [Allsherjarhús réttvísinnar] í málstað Guðs er í senn þjónn allra þjóna Guðs, þ.e. fylgjenda trúarinnar, en ábyrg gagnvart Bahá'u'lláh og nýtur guðlegrar leiðsagnar hans og innblásturs. Verndarinn var eini túlkandinn og Allsherjarhús réttvísinnar er æðsta kjörna stofnun trúarinnar og eini löggjafinn. Bahá'íar geta kosið þann sem þeir telja best til þess fallinn að stýra málefnum samfélagsins, vernda réttindi sín annarsvegar, þjóna og varðveita hagsmunum málstaðar Guðs hinsvegar. Þetta kemur í veg fyrir spillingu vegna framboða, pólitískan áróður og ofbeldi sem getur sprottið af duttlungum og óánægju sem svo auðveldlega vaknar hjá öllum þorra fólks vegna þeirra takmarkana sem eru á reglum lýðræðisins.

Þessum kjörnu bahá'í ráðum má líkja við mikið áveitukerfi sem mennirnir koma upp sjálfum sér til hagsbóta. Lífgefandi vatn af hæðum streymir um áveituna óháð vilja mannanna. Þetta vatn er sú guðlega leiðsögn og innblásnu ráðleggingar sem Verndarinn og æðsta stofnun málstaðarins fær í þessu trúarkerfi og streymir frá völdugri uppsprettu tveggja opinberenda Guðs. Shoghi Effendi skrifaði að kerfi Bahá'u'lláh „gæti aldrei hnignað og breyst í einhverskonar harðstjórn, auðkýfingaveldi eða lýðskrumsstjórn sem fyrr eða síðar hlýtur að grafa undan öllum manngerðum og í meginatriðum gölluðum pólitískum stofnunum.“ Strax árið 1934 gat Shoghi Effendi skrifað um starfsemi þessa kerfis, sem óx hratt og teygði sig um allan bahá'í heiminn, að það hefði öðlast þrótt sem „vonsvikið og örvæntingarfullt þjóðfélag“ gæti ekki virt að vettugi. Lífsþrek stofnana þess, hindranirnar sem stjórnendur þess höfðu sigrast á, brennandi áhugi ferðakennara þess, þær hæðir sjálfsfórnar sem hetjusmiðir þess höfðu náð, sýnin, vonin, gleðin, hinn innri friður, heiðarleikinn, aginn og einingin sem einkenndi einarða verjendur, hvernig hinar ýmsu þjóðir hreinsuðust af fordómum sínum og urðu hluti af þessu kerfi—allt vitnaði, að sögn Shoghi Effendi, um vald þessa sívaxandi skipulags Bahá'u'lláh.

Shoghi Effendi hafði eiginleika hins sanna leiðtoga. Ólíkt mörgum bahá'íum sem því miður hafa tilhneigingu til að gera sér Íkarus vængi úr vaxi og svífa á þeim fullir vonar og trúar einnar saman gerði Shoghi Effendi sér flugvél úr sérvöldu flugþolnu efni og byggði hana stig af stigi. Á fyrstu árum embættisferils síns hafði hann skapað einingu og samræmi í öllum meginatriðum bahá'í stjórnskipunar. Hann hafði lagt grunn að andlegum svæðisráðum og þjóðarráðum allstaðar þar sem þjóðarsamfélögin voru nógu sterk til að styðja slíkar stofnanir. Árið 1930 voru níu slík ráð talin upp í skýrslu ameríska þjóðarráðsins. Þau voru: Kákasus, Egyptaland, Stóra Bretland, Þýskaland, Indland og Búrma, Írak, Persía, Turkistan og Bandaríkin og Kanada. Ráðin í Kákasus, Turkistan og Persíu störfuðu í mörg ár á öðrum grundvelli en hin í þeim skilningi að ekki var hægt að halda landsþing þar sem fulltrúar gætu komið saman og kosið þjóðarstofnanir sínar í frjálsum kosningum. Engu að síður var til stjórnstofnun sem Verndarinn nefndi þjóðarráð á ensku. Hann notaði annað nafn á persnesku fram til þess að kosningar til Þjóðarráðs voru haldnar þar. Þessi stjórnstofnun sinni þjóðlegum málefnum samfélaganna. Ástandið í Rússlandi leiddi hinsvegar til þess að þjóðarráðin í Kákasus og Turkistan voru leyst upp og öll bahá'í starfsemi síðar lögð niður.

Í starfi sínu við stofnun stjórnskipulags trúarinnar fékk Shoghi Effendi góða aðstoð frá hæfum og trúföstum samverkamönnum bæði í austri og vestri sem Guð virtist hafa kallað fram í þeim tilgangi að skilja sýn Verndarans, bregðast við fyrirmælum hans og beiðnum, koma með áþreifanlegar tillögur og vera fljótir til að framkvæma óskir hans og aðlaga þær þörfum sinna eigin svæða.

Samfara þessum tiltölulega hraða samruna stjórnskipulagsins var í gangi annað ferli uppfræðslu um sanna merkingu og innihald trúarinnar. Enginn annar en Verndarinn gat annast þessa uppfræðsla því honum einum hafði verið gefinn réttur til að túlka kenningarnar. Við skulum reyna að fá innsýn í nokkur þeirra megin sanninda sem Shoghi Effendi vakti athygli okkar á.

Eitt af því stórkostlegasta í fari Shoghi Effendi var hvernig hann víkkaði sjóndeildarhring okkar. Yfirsýn hans og skilningur var fullkominn. Á þrjátíu og sex árum smækkaði ekkert, allt varð stærra. Rýmið var ótakmarkað, ekki aðeins til að draga að sér andann heldur líka til að láta sig dreyma. Bahá'u'lláh stofnaði trúarkerfi til næstu fimm hundruð þúsund ára. Það var hátindur sex þúsund ára

trúarferlis mannkyns sem hófst með Adam. Auk þess var opinberun hans aðeins hluti af þrotlausu ferli guðlegrar leiðsagnar. Verndarinn dró þetta saman í meistaralegri yfirlýsingu sem send var sérstakri Palestínunefnd Sameinuðu þjóðanna: „Grundvallareglan sem Bahá’úlláh úrskýrði . . . er að trúarlegur sannleikur er ekki algildur heldur afstæður, guðleg opinberun er stighækkandi ferli, öll hin miklu trúarbrögð fortíðar eru guðlegs uppruna, fullkominn samhljómur er í grundvallarkenningum þeirra, markmið þeirra og tilgangur einn og hinn sami, kenningar þeirra aðeins einn flötur á sannleikanum. Þau uppfylla hvert annað og greinir einungis á í veigaminni atriðum. Ætlunarverk þeirra er stighækkandi andleg þróun mannlegs samfélags. Tilgangur Bahá’úlláh . . . er ekki að eyða og afsanna opinberanir fortíðar heldur uppfylla þær . . . Markmið hans . . . er að gæða grundvallarsannindi þessara kenninga nýju lífi, orða þær upp á nýtt til þess að þær svari þörfum . . . þeirra tíma sem við lifum á . . . Bahá’úlláh gerir ekki heldur tilkall til endanleika sinnar eigin opinberunar—hann útskýrir hvernig þessi sannindi munu afhjúpast í fyllingu sinni á framtíðarbraut stöðugrar og takmarkalausrar þróunar mannkyns.“

Í sömu yfirlýsingu sýnir Verndarinn fram á eðlileg tengsl stjórnskipunarinnar við þessa opinberun með kristaltærum hætti: „Stjórnskipulag trúar Bahá’úlláh, sem þróast mun í eitt heimssamveldi . . . er guðlegs uppruna ólíkt þeim kerfum sem þróuðust eftir fráfall höfunda hinna ýmsu trúarbragða . . . Trúin sem þetta skipulag þjónar, verndar og útbreiðir er . . . í meginatriðum yfirskilvitleg, yfirþjóðleg, algjörlega ópólitísk og í algjörri andstöðu við allar stefnur og strauma sem reyna að hefja á stall einhvern ákveðinn kynþátt, stétt eða þjóð. Hún rekur enga kirkjustefnu, hefur hvorki presta né helgisíði og nýtur eingöngu fjárhagslegs stuðnings yfirlýstra fylgjenda sinna sem þeir veita með frjálsum og leynilegum framlögum.“

Markmið þessara hugmynda kemur fram við annað tækifæri í einu af bréfum Verndarans til bahá’ía á Vesturlöndum: „Heimbandalagskerfi, sem ríkir yfir allri jörðunni . . . sem samræmir og sýnir í verki hugsjónir austurs og vesturs, sem leyst er undan bölvun styrjalda . . . kerfi, þar sem valdinu er gert að þjóna réttlætinu; líf, þar sem grunntónninn er allsherjarviðurkenning á einum Guði og hollustu við eina sameiginlega opinberun—þetta er markmiðið, sem mannkynið, knúið sameinandi afli lífsins, sækir að.“

Ef þetta var sú staða sem heimurinn glímdi við steðjaði að honum

mikill vandi. Shoghi Effendi gerði okkur þetta ljóst í bók sinni *The Promised Day Is Come*: „Í heila öld hefur Guð frestað hegningu mannkyns til þess að það geti viðurkennt höfund slíkrar opinberunar, gengið málstað hans á hönd, kunnert mikilleika hans og stofnað skipulag hans. Í hundrað bindum hefur Bahá'u'lláh sem flutti þennan boðskap kunnert ætlunarverkið sem Guð fól honum með skýrari hætti en nokkrum öðrum boðbera Guðs á undan honum . . . Við getum vel spurt okkur sjálf að því hvernig heimur sem notið hefur slíkrar ástar og umhyggju hafi endurgoldið opinberanda sem fórnaði öllu fyrir hans sakir?“ Shoghi Effendi skrifaði að boðskapur Bahá'u'lláh hafi mætt fullkomnu skeytingarleysi hástéttarfólks, óslökkvandi hatri kirkjunnar manna, háði og spotti persnesku þjóðarinnar, fullkominni fyrirlitningu flestra þeirra leiðtoga sem hann ávarpaði, öfund og illgirni utanlands—þetta voru viðtökurnar sem boðskapur hans fékk frá „kynslóð sem er full sjálfumgleði, skeytir engu um Guð sinn og gleymir fyrirboðum, varnaðarorðum og áminningum boðbera hans og opinberenda.“ Fyrir mannkyni lá því að smakka ávextina af gerðum sínum. Það hafði neitað að fara leiðina sem lá til heiðurs og velfarnaðar með því að viðurkenna hinn fyrirheitna Guðs á okkar tímum og hafði valið hina löngu, bitru, blóðugu og dimmu leið, sem í bókstaflegri merkingu lá niður til vítis áður en það gæti aftur nálgast takmarkið sem var upphaflega innan seilingar.

Orð Bahá'u'lláh sýna hvers mannkyn sem í upphafi neitaði að viðurkenna opinberun hans getur vænst: „*Vér höfum fyrirhugað yður tíma, ó þjóðir. Ef þér látið undir höfuð leggjast á tilsettri tíð að snúa yður til Guðs mun hann vissulega hremma yður heiftartökum og láta hörmulegar þrengingar stöðja að yður úr öllum áttum. Þungbær verður að sönnu hirtingin sem Drottinn yðar mun þá veita yður!*“ „*Sá tími er kominn, þegar eyðing heimsins og þjóða hans fer í hönd.*“ „*Hinn fyrirheitni dagur er kominn, þegar kvalafullar raunir munu ólga yfir höfðum yðar og undir fótum yðar . . .*“ „*Brátt mun fár refsingar Hans dynja yfir yður og ryk heljar hjúpa yður.*“

Frá upphafi embættisferils síns sá Shoghi Effendi sem gjörþekkti kenningarnar hvað framtíðin bar óhjákvæmilega í skauti sér. Strax í janúar 1923 brá hann upp mynd af þessari framtíð í bréfi til amerísks svæðisráðs. Hann skrifaði: „Þjóðir og einstaklingar sogast inn í hringiðu óhreinlyndis og eigingirni og ef ekkert er að gert getur þetta grafið undan, nei, tortímt sjálfri siðmenningunni. Það er verkefni

okkar og forréttindi að vekja hægt og örugglega athygli heimsins með einlægum áformum okkar, yfirgrípsmikilli þekkingu og þeirri hollustu og staðfestu sem við sýnum í þjónustu okkar við mannkyn.“ Hann var ekki aðeins skýrmæltur varðandi ástandið og læknislyfið heldur var hann nægilega skarpskyggn til að efast um að hægt væri að koma í veg fyrir allsherjar hörmungar eftir áttatíu ára vanrækslu af hálfu mannkyns. Hann skrifaði í febrúar 1923: „Heimurinn virðist fjarlægjast æ meira anda hinna guðlegu kenninga . . .“ Oft bæði í ritum sínum og samræðum við pílagríma sem komu í heimsókn minnti Shoghi Effendi á geigvæna viðvörun Bahá'u'lláh: „*Siðmenningin sem lærðir skýrendur lista og vísinda hafa í hávegum mun færa mönnunum mikið böð, ef hófs er ekki gætt. Þannig áminnir yður hann sem allt þekkir. Verði hún öfgum að bráð, mun hún reynast jafn frjó uppspretta ills og hún var góðs þegar henni voru reistar hóflegar skorður . . . Sá dagur nálgast þegar eldur hennar mun eyða borgunum.*“

Shoghi Effendi gerði sér grein fyrir því frá upphafi að mikil meinsemd hrjáði mannkynið. Efnishyggja magnaðist á Vesturlöndum og var komin á úrkynjunarstig sem átti sér engin fordæmi á hnignunarskeiðum fyrri siðmenninga. Þar sem margir vita ekki hvað efnishyggja er sakar ekki að vitna til orðabókar Webster's sem skilgreinir ákveðnar hliðar hennar sem: „tilhneigingu til að leggja of mikla áherslu á efnislega hagsmuni; tryggð við efnislega eðlið og þarfir þess“. Önnur skilgreining er sú kenning að mannleg fyrirbæri eigi að skoða og túlka á forsendum efnislegra og jarðneskra orsaka fremur en andlegra og siðferðilegra. Viðhorf Shoghi Effendi til þessa máls, meinsemdanna sem valda því og tjónsins sem það veldur endurspeglast víða í ritum hans, fyrst árið 1923 og síðan allt fram til 1957. Árið 1923 vísar hann til „glundroðans og þeirrar grófu efnishyggju sem nú heltekur mannkynið“. Nokkrum árum síðar skrifar hann um „sinnuleysi, grófa efnishyggju og yfirborðsmennsku nútíma þjóðfélags“. Árið 1927 skrifar hann til ameríska þjóðarráðsins: „Í hjarta þjóðfélagsins sjálfs má greina geigvænleg tákni um aukna öfga og siðspillingu sem ljá öflum mótþróa og andúðar nýjan kraft og sem verða augljósari með hverjum degi“. Árið 1933 talar hann í almennu bréfi til amerískra bahá'ía um „flónsku og ofsa, öfgafengnar sveiflur, eftirlíkingar og málamiðlanir sem einkenna þessa öld.“ Í almennu bréfi til bahá'ía á Vesturlöndum 1934 talar hann um „tákn aðsteðjandi hamfara sem minna mjög á fall Vestur-Rómarríkis og sem hóta að færa í

kaf öll grunnkerfi nútíma siðmenningar“. Í sama bréfi segir hann: „Hversu kvíðvænleg er ekki lögleysan, spillingin, vantrúin sem etur sig inn í iður hrynjandi siðmenningar!“ Í almennu bréfi til bahá'ía á Vesturlöndum 1936 segir hann: „Hvert sem við lítum... fer ekki hjá því að við fyllumst felmtri þegar við sjáum ummerki siðferðilegrar hnignunar í opinberu lífi og einkalífi manna og kvenna“. Árið 1938 varaði hann við „ögrun og áskorun þessara tíma, svo háskalegum, svo gjörspilltum“. Hann talar um meinsemdina við rætur alls þessa: „Kuldi vantrúar læsir sig miskunnarlaust um limu mannkyns“ og um „Heim þar sem ljós trúarinnar eru að deyja út“, heim blindrar og sigrihrósandi þjóðernishyggju, miskunnarlausra ofsókna á grundvelli trúar og kynþáttar, heim falskenninga og fræða sem hóta að koma í stað trúar og tilbeiðslu á Guði, heim sem í stuttu máli sé „veiklaður af hömlulausri og ruddalegri efnishyggju; í upplausn vegna tærandi áhrifa siðferðilegrar og andlegrar úrkynjunar“.

Árið 1941 gagnrýndi Shoghi Effendi ríkjandi þjóðfélagstilhneigingar hiklaust og harðlega: „Aukin lögleysa, drykkjuskapur, fjárhættuspil og glæpir; óhófleg nautnasýki, ríkidæmi og annar jarðneskur hégómi; siðferðilegur slappleiki sem birtist í óabyrgu viðhorfi til hjónabandsins, minnkandi foreldravaldi, aukinni skilnaðartíðni, hnignun bókmennta og dagblaða, og fræðikenningar sem eru algjör andstæða hreinleika, siðferðis og skírlífis—þessir vitnisburðir siðferðilegrar hnignunar sem teygir sig til Austur- og Vesturlanda, gegnsýrir allar stéttir þjóðfélagsins, eitrar líf einstaklinga af báðum kynjum, ungra og aldinna, og svertir enn frekar syndaregistur iðrunarlausss mannkyns.“ Árið 1948 ákærir hann aftur nútíma samfélag fyrir pólitískt umrót, efnahagsleg umbrot, þjóðfélagslega upplausn, siðferðilega úrkynjun og segir það andlega dauðvona. Með orðum sem þessum reyndi Verndarinn ítrekað að vernda bahá'í samfélögin og vara þau við hættunum sem steðjuðu að þeim.

Við lok ævinnar ræddi Shoghi Effendi oft um þessi mál og með opinskárru hætti. Hann benti á að þótt Evrópa væri vagga guðlausrar, drembilátrar og hörmulega gallaðrar siðmenningar væru Bandaríkin orðin helsti málsvari þessarar siðmenningar. Birtingarmyndir hennar hefðu leitt til svo hömlulausrar efnishyggju að öllum heiminum stafaði hætta af henni. Í bréfi sem hann skrifaði bahá'íum í Bandaríkjunum árið 1954 notaði hann hugtök sem hann hafði aldrei notað áður og gaf yfirsýn yfir þau einstæðu forréttindi sem þetta samfélag hafði

notið, þá einstæðu sigra sem það hafði unnið. Hann bætti við að bahá'í samfélagið þar stæði á háskalegum tímamótum, ekki aðeins í sinni eigin sögu heldur einnig sögu þjóðarinnar. Hann sagði að bandaríska þjóðin væri skelin sem varðveitti dýrmætan meðlim í heimssamfélagi Bahá'u'lláh. Í bréfinu bendir hann á að öll þjóðin gangi í gegnum gríðarlega alvarlega kreppu, andlega, siðferðilega, þjóðfélagslega og pólitíska. Yfirborðsleg athugun gæti vanmetið mjög háskann sem að henni steðjaði. Hann hélt áfram og sagði:

„Stöðug og ógnvekjandi hnignun siðferðisgilda eins og fram kemur í skelfilegri aukningu glæpa, pólitískri spillingu sem færast æ ofar í efri lög samfélagsins, upplausn heilagrar stofnunar hjónabandsins, óhófleg ásókn í nautnir og afþreyingu og augljós hnignun foreldravalds—allt er þetta án efa eftirtektarverðustu og dapurlegustu þættirnir í þeirri hnignun sem hafin er og auðvelt er að greina í ástandi allrar þjóðarinnar.“

„Samhliða þessu gegnsýrir meinsemd öll svið lífsins. Hún einkennir þjóðina og reyndar eiga allir sem búa við kerfi kapítalismans þessa meinsemd sameiginlega, þótt í minna mæli sé, með ríkinu og leppríkjum þess sem litið er á sem svarna óvini hins kapítalíska kerfis. Þessi meinsemd er gróf efnishyggja sem leggur öfgakennda og vaxandi áherslu á efnislega velferð og sinnir engu þeim andlegu málum sem ein geta lagt traustan grundvöll að mannlegu samfélagi. Þessi sama krabbameinskynjaða efnishyggja sem upphaflega varð til í Evrópu, óx og þróaðist á meginlandi Norður Ameríku, mengaði þjóðir og kynþætti Asíu, teygði ógnandi griparma sína að landamærum Afríku og ræðst nú að sjálfu hjarta álfunnar. Bahá'u'lláh líkti henni með ótvíræðu orðalagi við eyðandi eld og leit á hana sem meginorsök hörmulegra eldrauna og heimsunbyltandi kreppa sem hljóti að leiða til þess að borgir brenni, hermdarverk færast í vöxt og hjörtu mannanna fyllist skelfingu.“

Shoghi Effendi minnti okkur á að 'Abdu'l-Bahá hafi í heimsóknum sínum bæði til Evrópu og Ameríku hafið upp raust sína í kirkjum og fundarsölum og andæft með „þrautseigju sem ekki hlaut undirtektir“ þessari „alltumlykjandi, háskalegu efnishyggju“. Hann benti á að „þessi ógnvænlegi slappleiki siðferðis, þessi stöðuga og vaxandi áhersla sem lögð væri á efnislega eftirsókn og vellíðan“ færi vaxandi, dimm ský hrönnuðust einnig upp við pólitíska sjóndeildarhringinn „eins og sjá má af gjánni sem staðfest er milli talsmanna tveggja andstæðra hugmyndakerfa. Hversu innbyrðis ólík sem hugmyndafræði þessara kerfa eru ættu þau að kalla á almenna fordæmingu þeirra sem

aðhyllast trú Bahá'u'lláh vegna þeirrar heimspeki efnishyggjunnar sem þau byggja á og fráhrarfs frá þeim andlegum gildum og eilífu sannindum sem að endingu geta ein og sér myndað grundvöll traustrar og blómlegrar siðmenningar.“

Verndarinn beindi ávallt athygli okkar að þeirri staðreynd að markmið, mælikvarðar og venjur nútímans væru yfirleitt í andstöðu við bahá'í gildi. Leiðsögnin sem hann gaf okkur í slíkum málum takmarkaðist ekki við málefni sem voru jafn augljós og áriðandi og þau sem nefnd eru í ofngreindum tilvitnunum. Hann fræddi okkur vel—ef við samþykkjum þá fræðslu—um góðan smekk, heilbrigða skynsemi og siðfágun. Oft á tíðum sagði hann að bahá'í trúin væru trúarbrögð hins gullna meðalvegar. Með þessu var hann ekki að tala um málamiðlanir heldur sjálfan kjarnann í þessum orðum Bahá'u'lláh: „Farið ekki yfir mörk hófseminnar.“ „Sá sem heldur fast við réttlæti getur ekki undir neinum kringumstæðum farið yfir mörk hófseminnar.“ Við lifum kannski í öfgafengnasta samfélagi mannkynssögunnar, samfélagi sem ekki fær staðist vegna þess að það hefur snúið baki við Guði og hafnað boðbera hans.

Shoghi Effendi sá þetta samfélag ekki með sömu augum og við hin. Hefði hann gert það væri hann ekki leiðsögumaður okkar og skjöldur. Opinberandi Guðs kemur frá himneskum hæðum og innleiðir nýja tíma en staða og starf Verndarans var allt annars eðlis. Hann var mikill tuttugustu aldar maður. Því fór fjarri að heimurinn sem hann lifði í væri honum framandi—við gætum fremur sagt að hann væri fulltrúi hins besta í þessum heimi með skýrri og rökfastri sýn, skörpu og hiklausu mati á hlutunum. En skilningur hans á veikleika annarra varð ekki til þess að hann sætti sig við málamiðlanir eða samþykkti meinsemdir og rangar tilhneigingar vegna þess að þær voru svo algengar. Á þetta verður að leggja mikla áherslu. Okkur hættir til að halda að vegna þess að eitthvað er algengt sé það rétt. Vegna þess að leiðtogar okkar og fræðimenn hafi ákveðna skoðun sé hún sú rétta. Vegna þess að sérfræðingar fullvissa okkur um að eitt eða annað sé viðeigandi og hafi varanlegt gildi tali þeir rödd valds og myndugleika. Slíkt andvaraleysi var Shoghi Effendi framandi. Hann sá allt í heimi nútímans—stjórnsmál, siðferði, listir, tónlist, bókmenntir, læknisfræði, þjóðfélagsvísindi—með augum trúarinnar og kenninga hennar. Var það í samræmi við þann mælikvarða? Þá var það gott. Ef ekki, var það rangt og skaðlegt.

Shoghi Effendi lét okkur í árána rás í té það sem ég vil nefna „leiðarsnúrur“, skýringar á miklum meginreglum, kenningum og hugsunum trúar okkar. Hér er aðeins hægt að nefna fáeinar sem fyrir mér hafa sérstaka þýðingu í mótun bahá'í viðhorfs í heimi nútímans. Ein mesta villukenning nútímans, andstæð kenningum allra trúarbragða, er að maðurinn sé ekki ábyrgur gerða sinna heldur hafi umhverfi og skilyrðingu sér til afsökunar fyrir villu síns vegar. Shoghi Effendi sýndi slíkum fullyrðingum enga þolinmæði enda voru þær ekki í samræmi við orð Bahá'u'lláh: „*Það sem þjálfar heiminn er réttlæti því það hvílir á tveimur stöðum, umbun og refsingu. Þessar tvær stödir eru uppspretta lífs fyrir heiminn.*“ Einstaklingar, þjóðir, bahá'í samfélög, allt mannkyn er ábyrgt gerða sinna og verður að standa reikningsskil þeirra. Þótt margar hliðar séu á ákvörðunum okkar er það kjarni bahá'í trúarinnar að Guð hafi gefið okkur tækifæri, hjálp og styrk til að taka réttar ákvarðanir og okkur verði umbunað fyrir þær en hegnt ef þær eru rangar. Þessi hugmynd er í mikilli andstöðu við kenningar nútíma sálarfræði. Þessi regla birtist mér mjög skýrt í mínu eigin lífi. Þegar Verndarinn gerði mér þann mikla og óvænta heiður að velja mig sem lífsförunaut sinn fannst mér að öll vandamál og áhyggjur af andlegri velferð minni væru úr sögunni. Ég myndi vera nálægt honum. Það er eins og að deyja og komast til himna þar sem ekkert illt gæti gerst. Dag einn þegar við vorum að tala saman sagði hann við mig: „Þú ert þinnar eigin gæfu smiður—þinn andlegi velfarnaður er í þínum eigin höndum!“ Ég varð skelfingu lostin! Ég gat ekki vikist undan ævilangri baráttu við að gera það sem rétt var fyrir mína eigin sál.

Samband Verndarans við allan bahá'í heiminn, einstaklinga, embættismenn og þá sem stóðu utan trúarinnar byggðist á þessari reglu. Hann var gríðarlega þolinmóður en að lokum kom hegningin, skjót og réttlát. Hann var líka fljótur til að endurgjalda og umbuna og mér virtist sú umbun alltaf meiri en þeir áttu skilið sem fengu hana.

Hæsti mælikvarði bókmennta og tungumáls, hvort heldur um var að ræða persnesku, arabísku eða ensku, endurspegladist í ritum Bábsins, Bahá'u'lláh, 'Abdu'l-Bahá og Shoghi Effendi. Þeir notuðu aldrei lágkúrulegt orð. Ég man eitt sinni að pílagrímur kvartaði af einlægni og hógværð við Verndarinn um erfiðleikana sem venjulegt fólk í Ameríku ætti með að skilja rit hans og stakk upp á að hann einfaldaði aðeins mál sitt. Verndarinn benti á að það væri ekki rétta svarið—réttu svarið væri að fólkid gerði strangari kröfur til sjálfs sín varðandi málfar. Hann

bætti því við með sinni fallegu rödd og dásamlegum framburði—og dálitlum glampa í augum—að pílagrímurinn sem spurði þessarar spurningar skrifaði sjálfur á ensku. Þessi vísbending Verndarans um að margt af því sem skrifað væri hinumegin Atlantsála stæðist ekki alltaf þennan mælikvarða var mjög skýr! Hann hvatti bahá'í tímarit að nota „upphafinn og áhrifamikinn stíl“ og sjálfur setti hann sannarlega gott fordæmi.

Þegar ég giftist kveið ég ögn viðhorfi Verndarans til nútímalistar. Ég elskaði hin miklu tímabil listar á okkar eigin dögum og fyrr á tímum og hugleiddi hvað ég myndi gera ef í ljós kæmi að hann dáðist að nýtískulegum tilhneigingum í málalalist, höggmyndalist og arkitektúr. Ég þurfti ekkert að óttast. Stundum gátum við farið saman og heimsótt fræg evrópsk söfn og listasöfn. Ég komst að raun um mér til mikils léttis að ást hans á samræmi og fegurð, þroskuðum stíl og göfugri tjáningu sannra gilda var djúp og sönn. Shoghi Effendi leit aldrei á blinda leit að nýjum stílblöggðum sem vitnisburð um nýja og þróaða listræna tjáningu, minnst af öllu bahá'í tjáningu, hversu einlæg og rökrétt sem hún var sem afleiðing af almennu hruni hins gamla skipulags. Hann þekkti söguna of vel til að telja að lægsti hnignunarpunktur úrkyndaðs og dauðvona þjóðfélags gæti fætt af sér nýjan stíl, innblásinn af heimsskipulagi Bahá'u'lláh! Hann vissi að ávöxturinn kemur síðast í vexti trésins, ekki fyrst. Hann vissi að heimsskipulag sem sækja myndi styrk í frið og einingu yrði að koma fyrst, síðan kæmi blómgunin og ávöxturinn á gullöldinni í nýrri og þroskaðri listrænni tjáningu. Til að taka af allan vafa um þetta getum við litið á yfirbygginguna á grafhýsi Bábsins og alþjóðlega minjasafnið sem hann lét reisa. Skoðum hönnunartillögurnar fjórar fyrir musterin á Karmel-fjalli, í Teheran, Sydney og Kampala sem hann valdi sjálfur. Þær voru vissuleg íhaldssamar og byggðar á gamalli reynslu, en þær voru einnig byggðar á stíl sem hafði staðist tímans tönn og myndi gera það áfram uns nýr og þróaðri stíll kæmi fram vegna hnattvíðra áhrifa frá kenningum Bahá'u'lláh. Ég skrifaði niður eina athugasemd hans þegar hann var að skoða teikningu sem hafði verið send fyrir musterid í Kampala: „Aumingja Afríkumenn! Urðu þeir bahá'íar til að geta komið saman í þessari hörmung?“ Hann kom heittelskuðum bræðrum sínum og systur til varnar á meginlandi Afríku með því að panta fyrir þau teikningar sem voru gerðar við Heimsmiðstöðina og sem hann sjálfur samþykkti. Bréf hans staðfesta þetta. Í bréfum sem hann skrifaði 1956

til tveggja þjóðarráða um tvö ólík musteri segir ritari hans: „Hann telur að þar sem þetta er móðurmusterið . . . hafi það mikla þýðingu og verði undir öllum kringumstæðum að vera tignarlegt en ekki dæmigert fyrir öfgafullar skoðanir í byggingarlist. Enginn veit hvaða dóma nútímastíll fær eftir 2-3 kynslóðir, en bahá'íar hafa ekki efni á að byggja annað musteri ef það sem þeir eru að byggja núna verður talið of öfgakennt eða jafnvel óhæft í framtíðinni.“ „Honum þykir leitt að valda hr. F _____ vonbrigðum . . . hinsvegar kemur alls ekki til greina að samþykkja neitt í líkingu við þessa öfga. Verndarinn er mjög eindregið þeirrar skoðunar, hvað sem líður nýjustu stefnum og straumum í arkitektúr, að sá byggingarstíll sem hefur rutt sér til rúms um allan heim sé ekki aðeins mjög fráhrindandi heldur skorti alla þá tign og þann þokka sem verður að einkenna bahá'í tilbeiðsluhús a.m.k. að einhverju leyti. Maður verður alltaf að hafa í huga að mikill meirihluti mannkyns er hvorki mjög nútímalegur né hefur mjög öfgafullan smekk og það sem þróaði skólinn kann að telja stórkostlegt er oft afar ósmekklegt í augum venjulegs fólks.“

Sömu tilfinningar sem bærðust með Verndaranum varðandi bókmenntir og listir áttu einnig við um viðhorf hans til tónlistar sem hann elskaði mjög.

Eins og sjá má af ofangreindu vildi Verndarinn vernda málstaðinn, gæta virðingar hans og dýrmætra stofnana trúarinnar til þess að varðveita og vernda heilagt nafn hennar, heilagt eðli stofnananna, alþjóðleg einkenni málstaðarins, ferskleika hans og fyrirheit, og forða honum frá duttlungum umbrotatíma og óæskilegum áhrifum spilltrar vestrænnar menningar. Hafa ber í huga að fram til þessa dags hefur meirihluti fylgjenda trúarinnar verið af aríska kynstofninum en meirihluti mannkyns tilheyrir honum ekki. Ég man eftir andliti fyrsta japanska pílagrímsins þegar Shoghi Effendi horfði á hann sínu dásamlega tjáningarríka augnaráði og sagði að meirihluti mannkyns væri ekki hvítur og því væri engin ástæða til þess að meirihluti bahá'ía væri það. Áherslan og hreinskilnin sem fylgdi þessum orðum var greinilega opinberun fyrir mann frá Austurlöndum fjær sem hafði dvalist lengi í Bandaríkjunum.

Hve margir bahá'íar kunna að meta þá staðreynd að ritningar Bahá'u'lláh leggja jafn mikið upp úr eiginleikum eins og kurteisi, virðingu og lotningu og eigindum eins og skírífí, heiðarleika og sannsögli? Shoghi Effendi leggur áherslu á þetta í einu fyrsta símskeyti sínu til Ameríku. „Virðing trúarinnar krefst þess að aðgát sé sýnd þegar

um er að ræða upptöku með rödd Meistarans.“ Tilfinningin um hið heilaga er ein mesta blessun mannsins. Oft vakti Verndarinn athygli okkar á þessu með fyrimælum eins og þessum: „Tryggið að engin ljósmynd af andlitsmálverki Bábsins sé á sýningunni.“ Að fá að horfa á endurgerða mynd af opinberanda Guðs, hvort sem um er að ræða Bábinn eða Bahá'u'lláh, eru einstæð forréttindi og þau ber að nálgast sem slík—myndin er ekki eitthvert afrit sem á að ganga manna á milli.

Útskýring Shoghi Effendi á kenningunum um hlutverkið sem vissum þjóðum var ætlað að gegna við upphaf bahá'í tímiskeiðsins var upplýsandi, vakti til umhugsunar og var oft í andstöðu við takmarkaðan skilning okkar. Ástæðan fyrir því að Persía var vagga trúarinnar og Ameríka vagga stjórnskipulagsins byggðist á þeirri kenningu að mesta afl veraldar sé máttur heilags anda, guðleg gullgerðarlist sem geti breytt kopar í skínandi gull. Í bókinni *Guðlegt réttlæti í nánd* upplýsti Verndarinn okkur um þessi grundvallarsannindi: „Að halda því fram að meðfædd verðskuldun, hár siðgæðismælikvarði, pólitísk hæfni og félagsleg afrek einhvers kynþáttar eða þjóðar sé ástæðan fyrir því að guðlegur boðberi ljóssins birtist mitt á meðal þeirra væri fullkomin rangfærsla á sögulegum staðreyndum og fæli í sér algjöra afneitun á skýrum túlkunum og áherslum Bahá'u'lláh og 'Abdu'l-Bahá.“ Hann heldur áfram og segir að slíka kynþætti og þjóðir sem séu sérstaklega útvaldar af Guði verði hiklaust að viðurkenna og bera verði djarflega vitni þeirri staðreynd að þær hafa verið valdar í þetta hlutverk vegna þess hve hrópleg þörf þeirra er, úrkynjun þeirra hörmuleg og öfughneigðin ólæknandi, ekki vegna þess að þær séu öðrum kynþáttum æðri, hafi til að bera pólitíska yfirburði eða andlegar dyggðir. Það var af þessum ástæðum sem Bábinn og Bahá'u'lláh völdu Persíu sem vöggu trúarinnar og Ameríku sem vöggu stjórnskipulagsins. Með uppfyllingu þessa mikla lögmáls birtist dýrð Guðs og mannum verður ljóst að uppspretta hans eigin valds og dýrðar er enginn nema Guð. Meðlimir „einnar vanþróuðustu, huglausustu og öfugsnúnuðu þjóðar“ áttu með viðurkenningu sinni á hinum guðlega boðskap að breytast í hetjukyn „sem gæti komið samskonar breytingu til leiðar í lífi mannkyns“ og þeir voru sönnun um endurleysandi anda opinberunar Bahá'u'lláh. Sama meginreglan átti samkvæmt úrskýringum Shoghi Effendi við um Ameríku: „Það er einmitt vegna hinna augljósu meinsemda sem öfgafull og þrælendi efnishyggja hefur því miður skapað innra með henni (bandarísku þjóðinni)...sem höfundar trúar þeirra og Miðja

sáttmálans hafa valið hana til að verða fánaberi nýja heimsskipulagsins.“ Hann heldur áfram og segir: „Það er með slíkum aðferðum sem Bahá'u'lláh getur best sannað gálausri kynslóð almætti sitt og vald til að reisa upp menn og konur frá þjóð sem er sokkin í haf efnishyggju, fórnarlamb hatrömmustu og langvinnustu kynþáttafordóma, illræmd fyrir pólitíska spillingu, lögleysu og siðferðilega lausung — menn og konur, sem með tímanum munu í auknum mæli verða fordæmi þeirra ómissandi dyggða sjálfsafneitunar, siðferðilegs grandvarleika, skírlífis, vináttu án aðgreiningar, heilags aga og andlegs innsæis“ sem gerir þau hæf fyrir það afgerandi hlutverk sem þau gegna í stofnun heimskerfis Bahá'u'lláh.

Þegar Shoghi Effendi var að skrifa *Guðlegt réttlæti í nánd* var hann dag nokkurn að ræða þessi mál og sagði skyndilega að Bandaríkin byggju við spilltasta stjórnmalakerfi í heimi. Ég varð agndofa þegar ég heyrði þessi orð því alltaf var gengið að því sem vísu að það væri vegna pólitísku þroska og mikillar reynslu af lýðræðisfyrirkomulagi sem Guð hefði valið okkur til að byggja upp stjórnskipulag sitt! Ég leyfði mér að andæfa og sagði að það hlyti að vera meiri pólitísk spilling í Persíu en hjá okkur. Hann kvað nei við og sagði mestu pólitísku spillinguna vera í Ameríku. Hann hlýtur að hafa séð á svip mínum hversu ótrúlega erfitt var fyrir mig að viðurkenna þetta því hann benti skyndilega á mig og sagði: „Kyngdu þessu, þú hefur gott af því.“ Ég kyngdi því og sagði ekkert og með árunum þegar hann fjallaði meira um þessi mál og skrifaði sín eftirminnilegu rit um þau varð mér ljóst að hér var um að ræða mikil andleg lögmál og sannindi sem bera í sér græðingu og styrk fyrir okkur ef við aðeins reynum að skilja þau. Það gagnar okkur ekki sem bahá'íum að ganga með ranghugmyndir og blanda kenningum hins guðlega fræðara saman við takmarkaðan skilning og fordómafullar hugmyndir sem eru afurðir innrætningar og umhverfis. Það er þess vegna sem ég lít á þessi miklu málefni, þennan sannleika sem Verndarinn færði okkur, sem leiðarsnúður fyrir hugsun okkar. Þessar hugmyndir gera okkur kleift að sjá hlutina í sínu rétta ljósi og öðlast réttan skilning á trúnni.

Hin rökkrétta og raunsanna nálgun Verndarans þýddi að hann hafði ekki aðeins skilning á raunverulegum mætti málstaðarins heldur einnig takmörkunum hans í nútímanum. Hann blandaði þessu aldrei saman. Í bréfi sem hann skrifaði árið 1926 til æskulýðsleiðtoga í Bandaríkjunum, sem ekki var bahá'í, sagði hann: „Við trúum því að

andi málstaðarins sé smámsaman að beina þjóðum og kynþáttum í rétta átt og að allir bahá'íar séu kallaðir til að sýna þrautseigju í boðun sinni á þeim völdugu meginreglum sem Bahá'u'lláh opinberaði. Þeir munu aldrei sýna mikilli mannúðarviðleitni sannra andlegra leiðtoga fálæti og ætíð fagna öllum tækifærum sem þeim gefast til að hefja upp raust sína ásamt öðrum hreyfingum sem starfa í þágu friðar, sannleika og réttlætis.“ Þrátt fyrir þetta gerði hann sér engar grillur um áhrif okkar eða völd. Í júlí 1939 skrifaði hann til ameríska þjóðaráðsins (sem var stærsta og öflugasta samfélag bahá'í heimsins) og sagði að þeir mættu ekki þröngva vilja sínum upp á þá sem hefðu í höndum sér líf persnesku bahá'íanna, því „þeir gætu ekki enn stofnað til svo öflugrar herferðar að hún næði augum og eyrum heimsins, snerti við samvisku hans og tryggði þannig réttlæti til handa ofsóttum bræðrum þeirra og systur. Þeir hefðu ekkert vald eins og sakir stæðu á alþjóðlegum vettvangi sem samsvaraði tilkalli og mikilleika málstaðar Bahá'u'lláh og gætu ekki heldur haslað sér völl og innt af hendi ábyrgð sem gerði þeim kleift að snúa við því ferli sem stuðlaði með svo hörmulegum hætti að hnignun þjóðfélagsins og stofnana þess.“

Shoghi Effendi skrifaði árið 1948 að það væri ekki okkar „að velta vöngum yfir ráðsályktunum forsjónarinnar sem stýrir hvorutveggja í senn hnignun hins deyjandi skipulags og rísandi dýrð áætlunar sem ber í sér fræ andlegrar endurnýjunar og endanlega lausn heimsins.“ Oft talaði hann við pílagrímana um tvær áætlanir: okkar eigin innri áætlun—starf Hinnar guðlegu áætlunar er í okkar valdi að framkvæma—og heildar-áætlun almáttugs Guðs fyrir alla jörðina sem hann framfylgir á sinn eigin hátt með öflum sem eru utan við málstaðinn og flýta fyrir markmiðum hans. Að því marki sem bahá'íar starfa innan ramma sinnar eigin áætlunar og vinna að skjótri uppfyllingu hennar—stofnun Guðsríkis um allan heim—munu þeir njóta blessana Bahá'u'lláh. Að því marki sem heimurinn virðir að vettugi boðskap hans og leitar sinna eigin öfugsnúnu markmiða, þannig mun Guð vitja þjóða og kynkvísla jarðar og hrista þær saman í einn heim og eitt mannkyn vegna þess að þær hafa neitað að skapa slíkan heim á friðsamlegan hátt með því að fylgja fyrirmælum og leiðsögn boðbera Guðs á þessum degi.

Shoghi Effendi benti ávallt á þann skýra greinarmun sem er á samruna fylgjenda Bahá'u'lláh í sameinað og andlega sinnað heimskerfi og þeirri upplausn, flokkadráttum og hatrí sem tortímur kynþáttum, trúarbrögðum og stjórnmalaflokkum heimsins. Hann ítrekaði hættuna

sem gæti stafað af íhlutun bahá'ía í þessar deilur og miskliðarefni. Í september 1938 þegar mannkynið var komið fram á bjargbrún síðari heimsstyrjaldarinnar sendi Shoghi Effendi stranga viðvörðun og ótvíræð fyriræli til átrúendanna um hvernig þeim bæri að virða stefnu fullkomins hlutleysis: „Hollusta við heimsskipulag Bahá'u'lláh og öryggi grunnstofnana þess gera skýlausa kröfu til þess að allir yfirlýstir stuðningsmenn þess, sérstaklega hetjusmiðirnir á meginlandi Ameríku nú þegar skuggaleg og stjórnlaus öfl breikka bilið og skapa sundrung milli kynþátta, þjóða, trúarbragða og stétta, ákveði þrátt fyrir vaxandi þrýsting almenningsálitsins að forðast sem einstaklingar og samfélag í orði og verki, óformlega og opinberlega, að ákæra eða taka sér stöðu með deiluaðilum hversu óbeint sem það kann að vera í þeim stöðugu pólitísku kreppum sem ýfa ásýnd mannlegs samfélags og munu að lokum ríða yfir það af fullum þunga. Mikil hætta er á að uppsöfnuð áhrif málamiðlana af þessu tagi teppi farvegi þeirrar náðar sem viðheldur kerfi Guðs sem í eðli sínu er yfirskilvitlegt og yfirþjóðlegt og hefur tekist að koma undir sig fótum með ærnu erfiði.“

Föðurlandsást bahá'ía á ekkert skylt við hollustu eða fylgispekt við þjóðarfordóma og pólitísk kerfi heldur birtist hún með tvennum hætti: þjónustu við föðurlandið sitt með umhyggju fyrir ýrústu andlegum hagsmunum þess og í skýlausri hlýðni við stjórnvöld hver sem þau kunna að vera. Verndarinn benti á það 1932 að útfærsla bahá'í starfsemi um allan heim og „fjölbreytileiki samfélaganna sem starfa undir ýmsum stjórnarformum, gjörólíkum hvað varðar stefnu og markmið, geri þá skilyrðislausu kröfu . . . að meðlimir þessara samfélaga forðist allt sem gæti vakið grunsemdir eða andúð nokkurrar ríkisstjórnar og skapað þannig hættu á nýjum ofsóknum gegn bræðrum þeirra og systur . . .“ Hann hélt áfram: „Mér er spurn: með hvaða hætti öðrum gæti útbreidd trú sem gengur þvert á pólitísk og þjóðfélagsleg mörk og þarf að treysta í vaxandi mæli á góðvild og stuðning ólíkra og andstæðra ríkisstjórna jarðar—hvernig gæti slík trú varðveitt einingu sína, verndað hagsmuni og tryggt stöðuga og friðsamlega þróun stofnana sinna?“ Við annað tækifæri skrifaði Shoghi Effendi: „Þeir ættu að lýsa því yfir að hvar sem þeir búa og hversu þróaðar sem stofnanir þeirra eru eða rík löngun þeirra til að framfylgja þeim lögum og meginreglum sem Bahá'u'lláh setti fram, að þeir muni hiklaust láta slík lög og meginreglur víkja fyrir kröfum viðkomandi stjórna sinna. Það er ekki áform þeirra meðan þeir reyna að skipuleggja og fullkomna stjórnarfarsmálefni

trúar sinnar að brjóta undir neinum kringumstæðum gegn fyrirmælum í stjórnarskrá landsins og ennþá síður að stjórnskipun trúarinnar leysi af hólmi lögmæt stjórnvöld.“ Í símskeyti sem Verndarinn sendi 1930 til eins af ráðunum í Austurlöndum nær er bent með ótvíræðum hætti á rétt bahá'í viðhorf. Nauðsynlegt var að mynda ráð „nema stjórnvöld séu andsnúin myndun þess“. Eins og Shoghi Effendi benti réttilega á tilheyra bahá'íar engum pólitískum flokki nema „flokki Guðs“. Þeir eru fulltrúar í himnesku stjórnskipulagi hans.

Frelsi fullvalda ríkis til að fylgja sinni eigin stefnu - hversu skaðleg sem hún kunnir að vera bahá'í hagsmunum—naut stuðnings Shoghi Effendi árið 1929 þegar Sovétstjórnin tók fyrsta bahá'í musteríð eignarnámi. Þrátt fyrir sorgina sem þetta olli Verndaranum skrifaði hann að stjórnvöld hefðu á grundvelli sinnar eigin stjórnarskrár „fullan rétt til að gera þetta“. Þegar umleitanir báru engan árangur mæltist hann til að bahá'íar í því land hlýddu ákvörðun stjórnarinnar og treystu því að með tímanum myndi „Guð lyfta slæðunni sem nú byrgir stjórnendum þeirra sýn og opinbera göfgi markmiðanna [með byggingu musterisis], sakleysið í þessum áformum, grandvarleika breytninnar og mannúðarhugsjónirnar sem einkenna svo lítil en samt öflug bahá'í samfélög sem starfa í öllum löndum og undir hverskyns stjórnarfari.“

Ekki má heldur halda að þegar trúin óx að styrk og vann hvern sigurinn á fætur öðrum hafi breyting orðið á þessar grundvallarstefnu sem Shoghi Effendi setti fram aðeins átta árum eftir að hann tók við embætti Verndarans. Langt í frá. Árið 1955 sendi hann símskeyti til allra þjóðarráða þegar fjöldi landa undir fána trúarinnar hafði nær tvöfaldast á tveimur árum. Hann hvatti átrúendurnar sem voru önnur kafnir við tíu ára herferðina, hina mestu sem hleypt hafði verið af stokkum frá upphafi trúarinnar „hvort sem þeir búa heima eða erlendis, hvaða kúgunarstjórn sem þeir búa við, [til að kynna] sér á nýjan leik allt sem máli skiptir í þeim meginkröfum sem gerðar eru til þeirra sem umsjónarmanna málstaðar Bahá'u'lláh... að þeir rísi til hærri hæða helgunar og berjast með árvekni gegn hverskonar mistúlkunum, eyði grunsemdum og tortryggni, þaggi niður alla gagnrýni með ennþá meiri hollustu við stjórnir sínar, vinni og viðhaldi trausti borgaralegra yfirvalda á heiðarleik sínum og einlægni, haldi á lofti alþjóðlegum markmiðum trúarinnar, kunngerir andleg einkenni hennar og grundvallarreglur og staðfesti ópólitísk einkenni stjórnstofnana hennar...“

Þrír þættir felast í þessari spurningu um hollustu við stjórnvöld og algjört afskiptaleysi af stjórnámálum. Einn þeirra er hlýðni, annar er viska og sá þriðji felst í notkun lögmætra leiða og farvega. Oft er horft framhjá því hlutverki sem viska og heilbrigð skynsemi gegna í þessu ferli þótt Verndarinn hafi gert það fullkomlega ljóst hve mikilvæg hún væri. Það gerði hann með eftirfarandi orðum „fjölbreytileiki þeirra samfélaga sem starfa undir ýmsu stjórnarfari... gera það algjörlega nauðsynlegt fyrir alla... meðlimi þessara samfélaga að forðast allt sem gæti vakið spennu eða andúð nokkurrar stjórnar og skapað hættu á nýjum ofsóknum gegn bræðrum þeirra og systur...“ Þetta gerði hann einnig með ítrekuðum fyrirmælum til ýmissa samfélaga og einstaklinga þess efnis að þeir verði að sýna mikla visku í þjónustu sinni við trúna. Í heimi þar sem blöð og útvarp flytja oft á dag svívirðingar og ákærur gegn stjórnkerfum og stefnumálum annarra þjóða geta bahá'íar ekki sýnt of mikla visku. Þegar maður hugsar til stolts og gleði Shoghi Effendi yfir fyrsta andlega ráðinu sem var myndað í hjarta íslam, þess mikla lofs sem hann bar á brautryðjanda—bahá'ía sem var af gyðinglegum uppruna og þess vegna í enn meiri lífshættu. Hann minntist þess að í tvö ár hafði þessi maður ekki opnað munninn til að segja að hann væri bahá'í uns hann dag nokkurn skjálfandi af ótta og með bæn í hjarta bauð fyrsta hugsanlega átrúandanum inn í bakherbergi verslunar sinnar og byrjaði að tala um trúna. Hér fær maður hugmynd um hvað það var sem Shoghi Effendi átti við með visku.

Í ýmsum löndum bannaði hann bahá'íum að kynna trúna og sagði þeim að forðast allt samband við vissa sértrúarflokka og fólk af ákveðnu þjóðerni sem gæti stofnað öllu starfi brautryðjendanna í hættu ef þeir heyrðu um trúna eða gengu henni á hönd. Í þessu fólst mikil viska og í hvert sinn sem menn daufheyrðust við þessum ráðum leiddi það til ófarnaðar.

Í ýmsum ítarlegum bréfum sem skrifuð voru á ýmsum tímum hvatti Verndarinn ráðin og brautryðjendurna eindregið til að vernda hagsmuni trúarinnar með aðstoð laganna þar sem það var hægt og einnig með því að afla henni lögformlegrar viðurkenningar og tryggja stuðning almenningsálitsins með tilstilli blaða og útvarps.

Í slíkri stefnumörkun sem hefur áhrif á þjóðarhagsmuni og velferð trúarinnar verður leiðsögn og vernd að koma frá Heimsmiðstöðinni sem í eðli sínu er eini aðilinn sem hefur rétt til að kveða upp dóma í svo mikilvægum og viðkvæmum málum.

Önnur mikilvæg leiðarsnúra hugsunar var útskýring Verndarans á því hver merking einingar væri í bahá'í kenningunum. Shoghi Effendi skrifaði að meginregla sameiningar sem er inntak málstaðarins hafi sætt misskilningi og verið mistúlkuð af óvinum trúarinnar sem grunnfærnisleg tilraun til einsleitni. „Enginn skyldi misskilja eða tortryggja grundvallaráform hnattvíðrar löggjafar Bahá'u'lláh... Hún vísar á bug öfgafullri miðstýringu annarsvegar og hafnar sérhverri tilraun hinsvegar til að steypa alla í sama mót. Kjörorð hennar er eining í fjölbreytileika...“ Shoghi Effendi segir að meginregla einingar mannkyns miði að því að skapa heim sem er nátengdur í öllum meginatriðum lífsins en væri engu að síður óendanlega fjölbreyttur hvað varðaði þjóðareinkenni sambandsríkjanna. Hann skrifaði um margþætt bahá'í samfélag framtíðar og hvatti bahá'ía til að gefa sérstakan gaum að kennslu trúarinnar meðal ólíkra kynþátta. Hann sagði að blöndun ólíkra þátta mannkyns í samstilltu mynstri alltumlykjandi bahá'í bræðralags „sameinað í ferli guðlega áformaðs stjórnskipulags þar sem hver og einn leggur fram sinn skerf til auðgunar og dýrðar bahá'í samfélagslífs sé vissulega afrek og hugsunin um það hljóti að ylja sérhverjum bahá'ía um hjartaræturnar.“ Shoghi Effendi skrifaði að þessi trú „hvorki vanmeti né reyni að bæla niður fjölbreytileikann í uppruna, þjóðerni, loftslagi, sögu, tungumálum og hefða, hugmynda og siðvenja, sem greina sundur kynþætti og þjóðir jarðar.“

Á tímum þar sem þjóðir eða þjóðaheildir, samfélög og samtök halda upp stöðugu áreiti á þegnana, leitast við að umskapa þá í sinni eigin mynd og reyna að troða hvert upp á annað pólitískum kerfum, fatastíl, lifnaðarháttum, húsnæði, heilbrigðiskerfum, heimspeki og siðgæðismælikvörðum er það vissulega mikilvægt að bahá'íar íhugi sínar eigin kenningar og túlkun Verndarans á þeim. Vestræn menning í dag þráir einsleitni. Hún reynir að steypa alla í sama mót eins fljótt og hún getur. Afleiðingin er sú að þótt án efa gerist margt gott og efnisleg gæði nái til æ fleiri er fjölmargt í þessari menningu fullkomlega andstætt aðferðum og markmiðum bahá'í trúarinnar.

Einn af fylgifyskum vestrænnar efnishyggju—fyrir utan vantrú, siðleysi, dýrkun peninga og eigna—er bylgja örvæntingar, eirðarleysis og djúp vanmetakennd hinna svonefndu vanþróuðu þjóða heimsins. Við gerðum vel í því að staldra við og íhuga þau háskalegu og illkynjuðu áhrif sem þetta sjálfhverfa viðhorf, sjálfumgleði og auður hefur á aðrar

þjóðir og bera saman við áherslur Verndarans í samskiptum hans við þessar þjóðir. Hversvegna hélt Shoghi Effendi og birti svo nákvæma lista yfir „kynþætti“ og „ættbálka“ sem gengu til liðs við trúna? Safnaði hann þeim kannski eins og perlum til að skreyta með líkama málstaðarins? Hversvegna hengdi hann á veginn í Bahjí mynd af fyrsta pygmíanum sem gerðist bahá'í og fyrsta bahá'íanum af kynstofni Inka indíána? Vissulega voru þetta ekki furðuverk eða verðlaunagripir heldur elskaðir bræður sem voru komnir heim til tjaldbúðar trúar sinnar. Ég minnst þess vel þegar Shoghi Effendi komst að raun um að einn af pílgrímum hans var afkomandi gamallar konungsættar á Hawaii. Hann virtist geisla af gleði og ánægju og þessi ást umlukti mann sem mestalla ævi hafði búið við fyrirlitningu vegna uppruna síns! Ekki má halda að þetta hafi verið persónuleg sérkenni Shoghi Effendi eða einhver sérstök stefna hans. Því fer víðs fjarri. Þetta endurspegladi sjálfan kjarna kenninganna um að sérhver þáttur mannkynsins sé gæddur sérstökum gjöfum sem þurfi til að gera hið nýja heimsskipulag Bahá'u'lláh fjölbreytt, ríkt og fullkomið.

Shoghi Effendi boðaði ekki aðeins þessa einingu heldur fylgdi henni fast eftir með tilkynningum, hvatningum og fyrirmælum til bahá'í ráða: „Fyrsta ráðið sem eingöngu er skipað frumbyggjum Ameríku hefur verið stofnað í Macy Nebraska“—þannig hljóðaði sigri hrósandi símskeyti hans 1949. Hann minntist ávallt orða 'Abdu'l-Bahá í Töflum hinnar guðlegu áætlunar um að mikla áherslu ætti að leggja á kennslu meðal frumbyggja Ameríku. Shoghi Effendi sótti að þessu marki allt til loka ævi sinnar þegar hann skrifaði í júlí 1957 til þjóðarráðsins í Kanada að trúskipti frumbyggja Ameríku, inúíta og annarra minnihlutahópa væri langt á eftir áætlun og þeim þyrfti að framfylgja af slíku afli að „það veki furðu og hvetji til dáða meðlimi bahá'í samfélaga í allri Vesturálfu“.

Ári áður hafði ritari Shoghi Effendi skrifað þjóðarráðinu í Bandaríkjunum fyrir hans hönd: „Verndarinn elskaði telur að ekki sé nægilega mikill gaumur gefinn að samskiptum við minnihlutahópa í Bandaríkjunum. . . Hann telur að ráð ykkar ætti að skipa sérstaka nefnd til að kanna möguleikana á slíku starfi og gefa síðan svæðisráðunum víðeigandi fyrirmæli. Á meðan verður að hvetja bahá'ía til dáða á þessu sviði sem er öllum opið þar sem minnihlutahóparnir finna alltaf til einmanakenndar og bregðast oft við gæsku og vinsemd mun fyrr en meirihluti íbúanna sem býr við betri kjör.“

Eðlileg afleiðing þessarar stefnu er hið einstæða viðhorf sem bahá'í trúin hefur til minnihlutahópa og sem Shoghi Effendi setur skýrt fram í bókinni *Guðlegt réttlæti í nánd*: „Að mismuna nokkrum kynþætti á þeim forsendum að hann sé félagslega vanþróaður, pólitískt vanþroska eða í tölulegum minnihluta er smáanlegt brot gegn andanum í trú Bahá'u'lláh.“ Þegar menn eitt sitt hafa viðurkennt þessa trú „verða þeir sjálfkrafa að gera útlæga sérhverja mismunun á grundvelli stéttar, trúar eða hörundslitar og slík mismunun má aldrei undir neinum kringumstæðum skjóta upp kollinum, hversu mikill sem utanaðkomandi þrýstingur atburða eða almenningsálits verður.“ Shoghi Effendi setur síðar fram meginreglu sem brýtur svo í bága við pólitíska hugsun heimsins að henni ber að gefa miklu meiri gaum en yfirleitt gerist: „Ef þola á einhverja mismunun, þá ætti það ekki að vera mismunun gegn heldur í þágu minnihlutahóps, hvort sem um er að ræða kynþátt eða einhverja aðra hópa. Andstætt þjóðum heims í austri og vestri, hvort sem þær búa við lýðræði eða einræði, kommúnisma eða kapítalisma, hvort sem þær tilheyra gamla heiminum eða þeim nýja, þjóðum sem annað hvort virða að vettugi, fótumtroða eða útrýma minnihlutahópum innan lögsagnar sinnar vegna uppruna þeirra, trúarbragða eða stjórn mála, þá ætti sérhvert skipulagt samfélag undir fána Bahá'u'lláh að líta á það sem frumskyldu sína að næra, örva og vernda alla minnihlutahópa, hvaða trúarbrögðum eða kynþætti, stétt eða þjóð sem þeir tilheyra. Svo mikilvæg og lífsnauðsynleg er þessi meginregla, að sé staðan jöfn eftir kosningar eða fulltrúar ýmissa kynþátta, trúarbragða eða þjóðarbrotu innan samfélagsins sýni sömu hæfileika til embættis, þá ætti hiklaust að veita fulltrúa minnihlutahópsins forgang og það til þess eins að hvetja þennan hóp og örva og gefa honum tækifæri til þess að flytja mál samfélagsins . . .“ Shoghi Effendi skýrði eitt sinn hvernig þessi meginregla virkaði og gerði það á svo framúrskarandi hátt að ég skrifaði niður hans eigin orð: „Minnihluti meirihlutans er mikilvægari en meirihluti minnihlutans.“ Með öðrum orðum, það er ekki tölulegur styrkur eða veikleiki þjóðar sem er viðmið minnihlutans heldur tölulegur styrkur eða veikleiki bahá'í samfélagsins sem heldur kosninguna—slík er áherslan sem lögð er á verndun allra minnihlutahópa. Verndarinn sagði oft að þegar sá dagur kæmi að sett yrði á stofn bahá'í ríki yrði réttindi trúarminnihlutahópa sem væri utan bahá'í trúarinnar tryggilega vernduð af bahá'íum.

Bahá'í trúin verndar ekki aðeins samfélagið sem heild og verndar

réttindi minnihlutahópa, hún heldur á lofti réttindum einstaklingsins, hinna einstöku þjóða á alþjóðavettvangi og einstaklingsins í samfélaginu. Shoghi Effendi skrifaði: „Eining mannkynsins, eins og Bahá'u'lláh sér hana, felur í sér stofnun heimssamveldis, þar sem allar þjóðir, kynþættir, trúflokkar og stéttir eru tengdar nánum böndum, þar sem sjálfsforræði sambandsríkjanna og persónulegt frelsi og framtak einstaklinganna er afdráttarlaust og fullkomlega verndað.“

Þótt Verndarinn stýddi eindregið myndugleika ráðanna studdi hann einnig af einurð hinn einstaka átrúanda og var tengdur „óbreyttum fylgjendum“ Bahá'u'lláh djúpum vináttuböndum. Varla var sú hvatning send bahá'í heiminum eða þjóðarsamfélögum þar sem hinn einstaki bahá'í væri ekki ávarpaður og þá ekki aðeins til að hvetja hann til frumkvæðis heldur til benda á að ef hans nyti ekki við myndu allar áætlanir misheppnast. Í bréfi til ameríska þjóðarráðsins 1927 skrifaði hann: „Þegar ég geng til bæna í hinum helgu grafhýsum mun ég biðja þess að ljós guðlegrar leiðsagnar upplýsi braut ykkar og geri ykkur kleift að nota á sem áhrifaríkasta hátt þann anda einstaklingsfrumkvæðis sem mun knýja okkar elskaða málstað að dýrlegu takmarki sínu þegar sá andi eitt sinn lifnar í brjósti sérhvers átrúanda og lýtur stjórn þeirra tignarlegu laga sem Bahá'u'lláh setti okkur.“ Hann benti á það í bókinni *Guðlegt réttlæti í nánd* að það væri skylda hvers átrúanda „sem dyggs trúnaðarmanns guðlegrar áætlunar ‘Abdu'l-Bahá... að hafa frumkvæði, styrkja og treysta „alla starfsemi sem hann eða hún teldi að kæmi að liði við uppfyllingu áætlunarinnar, en alltaf með þeim formerkjum að þetta gerðist innan marka stjórnskipulags trúarinnar. Hann sagði ameríska þjóðarráðinu að meðan það leiddi bahá'í starfið og hefði endanlegan ákvörðunarrétt í málum sem að því lytu ætti það að „stuðla að skilningi, samvinnu og gagnkvæmri fullvissu“ milli sín, ráðanna og einstakra átrúenda.

Hinir lítillátu og hógværðu hafa alltaf verið teknir fram fyrir aðra og þeim hafa veist einstæðar blessanir. Árið 1925 skrifaði Shoghi Effendi: „Ekki ósjaldan, nei oft á tíðum, munu hinir lægst settu, hinir ólærðu og óreyndu meðal vinanna með einskærum krafti og innblæstri sjálflausar og heitrar hollustu geta lagt fram sérstakan og eftirminnilegan skerf í flókinni umræðu hvaða ráða sem er.“ Verndarinn elskaði heitt hina auðmjúku og hrein hjörtuðu og honum mislíkaði árásargjarnir og þó einkum metnaðarfullir einstaklinga. Þetta kom greinilega fram þegar hann hvatti til brautruðnings. Í sjö ára áætluninni skrifaði

hann að enginn átrúandi, hversu auðmjúkur sem hann væri ætti að telja sig útlokaðan frá þeirri miklu brautryðjendahreyfingu sem væri að myndast og ekki mætti leggja neinar hindranir í veg fyrir þá sem vildu rísa upp og þjóna, „hvort sem þeir eru ungir eða gamlir, ríkir eða fátækir.“ Hann gekk miklu lengra þegar hann skrifaði í *Guðlegt réttlæti í nánd*: „Allir verða að taka þátt, óháð uppruna, stétt og stigum, hversu takmörkuð sem reynsla þeirra er, efnahagur og menntun, hversu mikið sem amstrið og áhyggjurnar eru, hversu óhagstætt sem nánasta umhverfi þeirra er... Hversu oft... hafa ekki lægst settu fylgjendur trúarinnar, óskólagengnir, algjörlega reynslulausir og einskis metnir, í sumum tilfellum rúnir gáfum, getað unnið slíka sigra fyrir málstað sinn að glæstustu afrek hinna lærðu, vitru og reynslumiklu bliknuðu í samanburði.“ Shoghi Effendi vitnar síðan til ‘Abdu’l-Bahá sem sagði að Pétur postuli hefði samkvæmt kirkjusögunni ekki getað haldið tölu á vikudögum. Þegar hann ákvað að fara út að fiska batt hann vikunestið sitt í sjö pakka og snæddi daglega. Þegar hann tók fram sjöunda pakkann vissi hann að hvíldardagurinn var kominn. Ef Mannsonurinn gat gætt einhvern sem hið ytra var svo hrjúfur og hjálparvana slíku afli gæti Faðirinn, sem er Bahá’u’lláh, ekki síður gert smæsta og þýðingarminnsta fylgjanda sinn færan um að vinna svo undraverð afrek í þágu markmiða sinna að þau skari jafnvel fram úr mestu afrekum þessa fyrsta postula Jesú. Verndarinn gerði sig ekki ánægðan með að leggja áherslu á skyldur hinna lítillátu og auðmjúku heldur áminnti þá sem tilheyrdi öðrum hópum með skýrum hætti: „Þess vegna er brýnt fyrir hinn einstaka ameríska átrúanda og sérstaklega fyrir hina efnuðu, sjálfstæðu, þá sem elska þægindi og eru uppteknir af efnislegrri eftirsókn að stíga fram og helga eigur sínar, tíma, sjálft líf sitt málstað sem er svo yfirskilvitlegur að mannlegt auga getur ekki gert sér neina grein fyrir dýrð hans.“ Hann sagði þessi hjartnæmu orð „Hjarta Verndarans getur ekki annað en fyllst fögnuði við sérhvern vitnisburð um viðbrögð einstaklingsins við þessu verkefni sem honum er fengið.“

Spurningin um hver er átrúandi og hvernig hann verður átrúandi og samþýðist hinu þjála en vel skipulagða og heimsvíða stjórnskipulagi trúarinnar átti sér mjög skýrt svar í huga Shoghi Effendi—þótt svarið væri ekki alltaf jafn skýrt í hugum bahá’íanna sjálfra. Hafa verður í huga að Verndarinn leit alltaf á málstaðinn sem lifandi vaxtarfyrirbæri sem stækkaði misjafnlega hratt á ýmsum stöðum. Samræmi verður að vera í höfuðatriðum en fjölbreytileiki þarf að einkenna önnur mál.

Vél í Fordbíl er sama vélin allstaðar. En meðlimir stórrar fjölskyldu eru fjarri því að vera vélar. Þeir eru allir ólíkir, á misjöfnum aldri og ólíku vaxtarskeiði. Enginn væntir þess að fimm ára gamall afa-sonur sýni sömu hegðun og skilning og afinn í fjölskyldunni, sem er háskólaþrófessor í eðlisfræði. Frá upphafi voru meiri væntingar gerðar til hinna gömlu austrænu samfélaga, sérstaklega Persíu, en til yngri vestrænna bahá'í samfélaga í Ameríku og Evrópu. Samt var búist við miklu meira af þeim en yngri samfélögum í Afríku og á Kyrrahafseyjum. Við verðum alltaf að hafa í huga að íslam, sem stendur næst okkar eigin trú, eru yngstu opinberuðu trúarbrögð mannkyns. Bahá'íar af íslömskum bakgrunni eru nær þeim lögum sem Bahá'u'lláh gaf okkur vegna þess að lög hans gerðu hvorutveggja í senn: að vaxa úr jarðvegi Kóransins og nema um leið lög hans úr gildi. Það er því ekki að undra að þess hafi verið vænst af múslímskum átrúendum að þeir lögðu sig að bahá'í mynstri í persónulegum málum og fylgdu frá upphafi þeim lögum og fyrirmælum Bahá'u'lláh sem hægt var að fylgja í samfélagi þeirra, fremur en þeim sem viðurkenndu trúna og voru ýmist af heiðnum bakgrunni eða fylgjendur miklu eldri opinberaðra trúarbragða og þyrftu meiri fræðslu og ríkari skilning á lögnum uns þeir væru tilbúnir til að fylgja þeim.

Áður en við reynum að gera okkur grein fyrir því sem gerir mann að bahá'ía skulum við fyrst átta okkur á hvernig Verndarinn leit á málstað Guðs og stjórnaði honum. Ef við könnum feril fyrri trúarbragða sjáum við að ein helsta meinsemd þeirra var sterk tilhneiging fylgjendanna til að steypa sveigjanlegt og áhrifaríkt afl trúarinnar í fast mót. Trúin er lifandi vaxtarfyrirbæri. Shoghi Effendi gaf sjálfur fegurstu og skáldlegustu lýsingu á þessu eðlilega ferli vaxtarins í boðum sínum til alþjóðlegu ráðstefnunnar sem haldin var í Chicago 1953. Þar líkti hann sögu trúarinnar við tré sem óx í þúsundir ára allt frá dögum Adams til daga Bábsins. Það uxu á það greinar, lauf, brumknappar, blóm og loks bar það heilagt fræ sem var birting og opinberun Bábsins. Þetta fræ var malað í kvörn píslarvættis eftir aðeins sex ára tilveru og gaf af sér olú sem fæddi ljósið sem skein á Bahá'u'lláh í Sýyáh-Chál. Eldur þess magnaðist í Bagdað, skein geislandi í Adríanópel og birtan af því lýsti um síðir upp strendur meginlanda Ameríku, Evrópu og Ástralíu. Nú flæðir þetta ljós um heiminn á mótunaröld trúarinnar og á komandi árþúsundum mun það umlykja alla jörðina. Hversu skammt erum við ekki komin í þessari þróun!

Takmarkaður mannhugur reynir ósjálfrátt að afmarka hlutina í kringum sig, reisa veggj sem eru í samræmi við smæð hans til þess að tryggja öryggi sitt og þægindi. Þetta ferli þýðir óhjákvæmilega að mikið af efninu sem var notað í veggj síðasta hússins sem hann bjó í svipar mjög til hins nýja. Stórhuga einstaklingar víkka út sjóndeildarhringinn, skapa ný landamæri og gefa færi á vexti og viðgangi. Það er ekki erfitt að sjá þegar maður les bréfin til og frá Verndaranum hvernig hann hélt fullkomnu jafnvægi milli þess sem var viturlegt og nauðsynlegt fyrir hvert þróunarstig trúarinnar og þess sem myndi hefta þróun hennar og steypa lifandi kenningum hennar í mót sem var of lítið, of mikið sniðið að þörfum einnar þjóðar eða héraðs, of miklir flokkadrættir eða kynþáttasjónarmið ríkjandi til þess að gera heimsskipulag undir einni heimsstjórn mögulegt. Oft hef ég undrast í mínu eigin bahá'í lífi hversvegna svo margt fólk sem er afar hyggið og skynsamt í lífinu sem kaupsýslumenn, lækna, lögfræðingar, verkamenn skuli ekki nýta þessa hyggni og skynsemi í bahá'í starfseminni. Það er næstum eins og fyrir þeim sé fyrirheitna ríkið kvikmynd og allt sem þyrfti að gera væri að varpa henni á tjald og það yrði að veruleika.

Þetta gerði Verndarinn ekki. Hann sinnti sínum eigin verkefnum—byggði upp stjórnskipulagið, sá um framkvæmd guðlegrar áætlunar 'Abdu'l-Bahá, skipulagði starfsemina við Heimsmiðstöðina og um allan heim. Þetta gerði hann að miklu leyti á sama hátt og hinir miklu endurreisnarmálarar sem sköpuðu sín feikistöru málverk og freskur. Fyrst kom teikningin, hugmyndin varð til, stærðin, liturinn, hlutföllin; síðan var henni skipt í reiti, útlínur teiknaðar, skuggarnir, smáatriðin og litirnir—allt gert með óendanlegri þolinmæði uns verkið var fullkomnað. Þetta var aðferð Shoghi Effendi. Hann leyfði engum að byrja að mála fyrir en striginn og grunnteikningin voru tilbúin. Hvað þýðir þetta í reynd?

Margt kemur upp í hugann. Þegar Meistarinn féll frá vildum við fá Allsherjarhús réttvísinnar strax næsta dag. Við urðum að bíða í 42 ár þangað til búíð var að ganga frá undirstöðunum, öllum þeim svæðisráðum og þjóðarráðum sem gátu skapað traustan grundvöll fyrir Allsherjarhúsið. Við vildum fá Aqdas á ensku. Smám saman, skref fyrir skref, þýddi Shoghi Effendi mestalla bókina með því að vitna ítrekað til hennar í ritum sínum. Þau fáu lög og fyrirmæli bókarinnar sem ekki voru þegar fyrir hendi komu síðar. Undirbúa þyrfti útgáfu bókarinnar vel og vandlega og hluta þess starfs vann hann sjálfur

undir lok ævinnar. Oft vildi einhver áhugasamur einstaklingur stofna bahá'í nýlendu á einhverjum friðsælum stað í sveitinni þar sem hægt væri að framkvæma allar efnahagskenningarnar strax í verki—þarna var fyrirmyndarríkið á kvikmyndatjaldi en ekki á jörðinni. Svarið barst frá Shoghi Effendi: tíminn er ekki kominn, einbeitið ykkur að því að fjölga átrúendum, hópum, ráðum. Við vildum byggja skóla í höfuðborginni—nei ekki í höfuðborginni þar sem mistök af öllu tagi vegna takmarkaðra fjárráða og starfsfólks myndi hnekkja orðstír málstaðarins. Byggjum skólann frekar í skóginum, byrjum á einfaldan og látlausan hátt. Við vildum fá bahá'í háskóla—ekki virtist hvarfla að þeim sem stakk bréflaga upp á þessu, manni sem sennilega hafði aldrei stofnað til skulda eða reynt að líta út eins og milljónamæringur, að slíkt verkefni myndi lama alla aðra þjóðlega starfsemi eða krefjast fjármuna, sem voru takmarkaðir og notaðir til að opna allan heiminn fyrir trúnni! Eðlishvöt Shoghi Effendi forðaði honum frá því að fara út í það sem í verslun og viðskiptum er kölluð ofþensla. Hann tók áhættu, en hún var alltaf skynsamleg og aldrei fífldjörf. Dómgreind hans og trú héldust í hendur. Hann trúði fastlega á kraftaverk en leit aldrei á almáttugan Guð eins og einhvern galdrameistara. Ef við kynnum okkur líf 'Abdu'l-Bahá sjáum við líka þetta dásamlega jafnvægi milli hins praktíska, skynsama huga og æðstu fullvissu trúarinnar.

Lítið dæmi kemur upp í hugann. Hvað um spíritisma? „Verndarinn telur ekki að tími sé til að koma með einhverjar yfirlýsingur um þetta efni,“ skrifaði ritari hans, „... til eru mikilvægari hlutir sem vinirnir ættu að gefa gaum, þ.e.a.s. stofnun nýrra ráða og hópa.“ Svörin voru svo oft hin sömu, tíminn var ekki kominn. Hefjið upp fána Bahá'u'lláh við endimörk jarðar, færið mannkynið inn í trú hans, leggið grundvöll að Guðsríki, reynið ekki að hengja upp glingur í húsi sem ekki er einu sinni búið að byggja.

Þegar Shoghi Effendi tók við embætti Verndarans byrjaði hann strax að koma skipulagi á bahá'í heiminn sem þá var mjög lítill. Um 35 lönd höfðu séð glampa af ljósi trúarinnar og fengið að minnsta kosti einhverjar upplýsingar um hana. Hinar miklu leiðarsnúror voru skýrar í huga hans og þegar hann varð eldri og samfélag átrúendanna stækkaði og öðlaðist meiri reynslu urðu þessar leiðarsnúror skýrari og fyllt var upp í eyðurnar. 'Abdu'l-Baha hafði í erfðaskrá sinni sjálfur séð fyrir þessa þróun þegar hann biður þess að Verndarinn, „*megi öðlast meiri hamingju, fögnuð og andlegleika og verða eins og tré sem ber*

ríkulegan ávöxt.“ Tími og rúm leyfa ekki að þessi þróun sé rakin í rétttri tímaröð. Við verðum að reyna að skilja þá völdugu sýn sem hann brá upp fyrir okkur og skynja hvernig fyllt var upp í myndina smám saman. Oft þegar ég hlustaði og horfði á Shoghi Effendi fannst mér eins og hann væri eini raunverulegi bahá’íinn í heiminum. Allir aðrir sem sögðust vera bahá’íar höfðu fengið ákveðinn skilning, sáu trúna frá ákveðnu, sjónarhorni, gerðu sér takmarkaða grein fyrir mikilleika hennar, en Verndarinn sá hana í heild sinni, í öllu sínu veldi og fullkomnu jafnvægi. Hann hafði ekki aðeins hæfnina til að sjá heldur einnig greina og tjá á skýran og geislandi fagran hátt það sem bar fyrir augu hans.

Tökum þetta ágæta dæmi um orð hans varðandi hlutverk trúarinnar í heildarsamhengi hlutanna: „...Lýsa verður yfir að opinberun Bahá’u’lláh nemur skilyrðislaust úr gildi öll trúarbrögð sem á undan hafa farið, staðfestir án nokkurra málamiðlana þau eilífu sannindi sem þau geyma, viðurkennir staðfastlega og til fulls guðlegan uppruna höfunda þeirra, varðveitir flekkleysi hreinna og upprunalegra ritninga þeirra, hafnar öllum tilraunum til að gera lítið úr stöðu höfunda þessara trúarbragða eða varpa rýrð á þær andlegu hugsjónir sem þeir flytja; skýrir og samræmir orð þeirra og gerðir, staðfestir sameiginlegt og óumbreytanlegt grundvallaráform þeirra, viðurkennir hiklaust og þakksamlega framlag þeirra til stighækkandi opinberunar, viðurkennir óhikað að bahá’í opinberunin sjálf er aðeins hlekkur í keðju stighækkandi opinberana, uppfyllir kenningar þeirra og þau lög og boð sem samræmast knýjandi þörf og vaxandi móttækileika þjóðfélags sem tekur breytingum og er í stöðugri þróun. Hún lýsir yfir vilja sínum og getu til að sameina stríðandi trúarhópa og sértrúarsöfnuði sem klofið hafa trúarbrögðin í eitt allsherjar bræðralag sem starfar innan ramma og í samræmi við kröfur heimsendurleysandi og sameinandi skipulags sem skapað er af Guði.“ Maður sér strax hvar þetta „völdugasta trúarkerfi í andlegri sögu mannkynsins“ birtist í víðsjá sögunnar.

Þessari trú sem er „í senn kjarni, fyrirheit, sáttasemjari og sameinandi allra trúarbragða“ er ætlað að stofna guðlega siðmenningu. Ég minnst þess hversu vel Shoghi Effendi svaraði spurningu fyrrverandi kennara síns við ameríska háskólann í Beirut um hver tilgangur lífsins væri fyrir bahá’ía. Verndarinn sagði að fyrir bahá’ía væri tilgangur lífsins sá að stuðla að einingu mannkyns. Hann hélt áfram og benti á að Bahá’u’lláh hefði komið fram á tíma þegar

hægt var að beina boðskap hans til alls heimsins en ekki aðeins til einstaklinga. Hann sagði að hjálpræði einstaklingsins í dag væri aðeins mögulegt með hjálpræði alls heimsins, umbreytingu hans og endurlausn samfélagsins. Heimssiðmenningin sem af þessu risi myndi endurspeglast í einstaklingunum og leiða til endurlausnar þeirra og umbreytingar. Aftur og aftur gerir Shoghi Effendi það ljóst í ritum sínum og ræðu að þessi tvö ferli verði að fara saman—endurbætur samfélagsins og umbætur á persónuleika einstaklings. Hann skrifaði til einstaklings sem ekki var bahá'í 1926 og sagði að enginn vafi léki á því að einstaklingsendurnýjun væri sá „trausti og stöðugi grundvöllur“ sem endurreist samfélag gæti byggt á, dafnað og vaxið. En hvernig var hægt að skapa mynstur framtíðar samfélags, jafnvel smávegis vísi að framtíðar heimssamveldi Bahá'u'lláh, ef það væri allstaðar samofið samfélagi sem væri að deyja og hlyti að deyja til að skapa rúm fyrir hið nýja?

Shoghi Effendi tók upp meitil sinn—túlkun á ritningum trúarinnar—og byrjaði að móta þessa mynd. Réttur skilningur á kenningum okkar sýndi að aðeins ein trú hafi verið til á öllum tímum sögunnar, trúin á almáttugan Guða. Spámennirnir kæmu sem skýrendur hennar á ýmsum tímum sögunnar. Shoghi Effendi kom okkur í skilning um að skylda mannsins í sérhverju nýju trúarkerfi væri að fylgja þessari eilífu trú í öllum hennar formum og skiljast frá ytra formi og veigaminni löggjöf fyrri trúarbragða. Hvernig gæti nokkur heiðarlegur kristinn maður verið áfram í kirkjunni og beðið fyrir komu föðurins og ríki hans þegar hann í hjarta sínu vissi vel að Bahá'u'lláh var faðirinn og ríki Guðs væri að verða til með stofnun laga hans og kerfis sem endurspeglast í stjórnskipulaginu? Bahá'íar í austri og vestri höfðu fengið óljósan skilning á þessu en með bréfum Verndarans byrjuðu línurnar að skerpast þar sem áður mættust skuggi og ljós. Ekki ríkti lengur þægilegt hálfrokkur málamiðlunar við hið þekktu og kunnuglega, almenningsálitið eða persónulegan hag. Þess var vænst að maður annaðhvort kæmi inn eða færi út. Þetta hafði hreinsandi og styrkjandi áhrif á allan líkama átrúendanna um allan heim og gerði þá meðvitaða um þá staðreynd að þeir voru heimssamtök, fólk hins nýja dags, nýs trúarkerfis. Svo kunnugleg líking sé notuð: ef Bahá'u'lláh hafði byggt bátinn var það Meistarinn sem sá um útbúnaðinn og Shoghi Effendi sem lagði frá landi fyrir fullum seglum. Þegar árin liðu sá fólk bahá'íana ekki aðeins í nýju ljósi heldur byrjuðum við sjálf að

sjá okkur í nýju ljósi. Við gerðum okkur smám saman grein fyrir að við vorum ekki nýr flötur á þjóðfélaginu sem við lifðum í heldur nýtt þjóðfélag, við vorum framtíðin.

Það er í ljósi þessa ferlis sem við sjáum hvernig áherslan breyttist í gegnum árin varðandi skráningu nýrra bahá'ía. Fyrstu fimmtán árin á embættisferli Shoghi Effendi voru bahá'í ráð sérstaklega á Vesturlöndum hvött til að ganga úr skugga um að þeir sem gerðust bahá'íar væru sér vel meðvitaðir um það skref sem þeir væru að taka. Þess var vænst af þeim að þeir ryfu tengslin við fortíðina. Shoghi Effendi skrifaði 1927: „Að öðrum kosti geta þeir sem ekki eru fullþroska í trú sinni dvalið óendanlega lengi á jaðrinum og haldið áfram í hálfvolgri hollustu við allar kenningar málstaðarins.“ Á þessum árum jókst frægð og orðstír trúarinnar og hún ávann sér viðurkenningu í mörgum vestrænum löndum sem sjálfstæð trúarbrögð með sínum eigin lögum og kerfi. Þar hafði dómur múslímadómstóls í Egyptalandi mikil áhrif. Í honum sagði að bahá'í trúin væri ekki hluti af íslam heldur jafn frábrugðin íslam og kristindómur og gyðingdómur. Trúin var í vaxandi mæli viðurkennd á sínum eigin forsendum. Shoghi Effendi var samt stöðugt á varðbergi og mjög næmur fyrir öllu sem hafði áhrif á málstaðinn. Hann skynjaði tilhneigingu stjórnstofnana til að túlka upprunaleg fyrirmæli hans þannig að ráðin ættu að „fara sér hægt“ við inntöku nýrra átrúenda og þau gengju of langt í þeim efnum. Ný formfesta bauð þeirri hættu heim að hindra megintilgang bahá'í stofnana sem var að snúa mannkyni til fylgis við trú Bahá'u'lláh. Bahá'íarnir vildu gjarnan hlýða fyrirmælum Shoghi Effendi og höfðu farið út í öfgar—voru svo uppteknir við að grandskoða umsækjendur að það var vandkvæðum bundið að gerast bahá'í. Shoghi Effendi taldi því nauðsynlegt árið 1938 að gefa amerísku ráðunum þau fyrirmæli „að hætta að gera of miklar kröfur um veigalítil atriði sem gætu orðið þrándur í götu hvers einlægs umsækjanda.“ Hann benti á að skylda bahá'í samfélaganna væri að hlú að nýjum átrúendum eftir að þeir játuðust trúnni og þroska þá sem bahá'ía.

Þegar innri styrkur trúarinnar óx og hvert þjóðarráðið á fætur öðru var myndað í austri og vestri og fóru að starfa af styrk og með kerfisbundnum hætti og þegar augu heimsins opnuðust betur fyrir tilveru þessarar nýju trúar sem sjálfstæðri opinberun með sitt eigið kerfi, breyttust fyrirmæli Shoghi Effendi. Meðan á hinni miklu tíu ára kennslu- og styrkingaráætlun stóð var allri áherslu á skráningu

nýrra bahá'ía breytt og kröfurnar urðu hófsamari. Nú vorum við sterk, grundvöllurinn hafði verið lagður, undirstaðan var rétt fundin og nú loks gátum við tekið við öllum þorra manna í öllum löndum heims. Opnið dyrnar og vísið þeim inn í lausnarörk Bahá'u'lláh! Tími var kominn til að hlýða hvatningu 'Abdu'l-Bahá: „*Kallið fólkid í þessum löndum, höfuðborgum, eyjum, ráðum og kirkjum til inngöngu í Abhá-ríkið.*“ Með öðrum orðum, þegar Shoghi Effendi hafði náð markmiði sínu breytti hann um stefnu. Hann tilkynnti ameríska þjóðarráðinu að grundvallarskilyrði fyrir inntöku nýrra átrúenda væru að þeir viðurkenndu stöðu Bábsins sem fyrirrennara, Bahá'u'lláh sem höfundar og 'Abdu'l-Bahá sem fyrirmyndar trúarinnar. Nýju átrúendurnir skyldu hlýða öllu sem þeir hefðu opinberað, sýna dygga og staðfasta hlýðni við fyrirmælin í erfðaskrá Meistarans og hafa náðið samneyti við anda og form hinnar hnattvíðu bahá'í stjórnskipunar. Þetta voru „höfuðþættirnir“ og allar tilraunir til að greina þá eða útskýra frekar leiddu aðeins til ófrjórna umræðna og deilna og sköðuðu vöxt málstaðarins. Hann lauk útskýringu sinni á þessum viðkvæmu málum með því að hvetja vinina til að forðast að setja of ströng skilyrði nema sérstakar kringumstæður krefðust þess.

Bábin, Bahá'u'lláh, 'Abdu'l-Bahá og Shoghi Effendi voru hinir miklu kennarar. Ætlunarverk þeirra voru innbyrðis ólík en allir unnu þeir fyrst og fremst að því ædsta verkefni að færa allt mannkyn undir tjaldhiminn þessarar græðandi og endurlífandi trúar. Aftur og aftur í þau 36 ár sem Shoghi Effendi gegndi embætti hvatti hann okkur til að sinna því mikilvægasta verkefni að kenna öllum þorra mannkyns trúna. Í síðustu Riðván boðum sínum segir hann að þetta verkefni sé heilagt, mikilsvert, hafi grundvallarþýðingu og feli fyrst og fremst í sér áskorun til sérhvers einstaklings. Þetta sé bjargið sem sífellt fleiri stofnanir verði að byggja á, verkefni sem verði að setja í forgang allrar bahá'í starfsemi. Þetta var verkefni sem Bahá'u'lláh hafði sett í forgang eins og Shoghi Effendi minnti okkur stöðugt á og studdi tilvitnunum á borð við þessa: „*Kennið málstað Guðs, ó fylgjendur Bahá, því Guð hefur ákvarðað hverjum og einum þá skyldu að kunngera boðskap hans og metur það framar öllum öðrum gerðum.*“ „*Beinið orku yðar að því að breiða út trú Guðs.*“ „*Þetta er sá dagur þegar taka á til máls. Fylgjendum Bahá ber skylda til að leitast við af mikilli þolinmæði og umburðarlyndi að leiðbeina þjóðunum að hinum mesta sjónarhring [Bahá'u'lláh].*“ „*Takið til máls og kunngerid stöðugt málstað hans.*

Betra er þetta fyrir yðar enn allir fjársjóðir fortíðar og framtíðar...“ Bahá'u'lláh lagði slíka áherslu á kennslu málstaðarins að hann áminnir fylgjendur sína um að hverjum þeim sem ekki geti sjálfur gengið fram „sé skylt að tilnefna þann sem í hans stað geti kunnert þessa opinberun“. Shoghi Effendi skrifaði árið 1938 að þetta mikla „umboð kennslunnar, sem sé svo bindandi fyrir alla“ eigi að vera knýjandi forgangsmál sérhvers bahá'ía. Ráðið eigi á öllum fundum sínum að verja tíma til að íhuga í bænarhug og af djúpri alvöru aðferðir og leiðir til að efla kennsluna.

Verndarinn gerði það ljóst að bahá'í kennarinn ætti ekki að byrja á því að hamra á lögum og fyrirmælum sem gætu reynt mjög á nývaknaða trú leitandans. „Hann skyldi ekki láta staðar numið fyrr en hann hefur innblásið andlegu barni sínu djúpri þrá sem knýr það til þess að rísa upp á eigin spýtur og helga krafta sína endurlífgun annarra sálna og verndun þeirra laga og meginreglna, sem hin nýja trú hans setur fram.“

Það sem Verndarinn hefur skrifað um málefni kennslunnar myndi nægja til að fylla stóra bók. En augljóst er að markmiðið var skýrt, skyldan brýn, aðferðirnar sveigjanlegar. Shoghi Effendi notaði svo mörg orð í sambandi við nýja bahá'ía og viðurkenningu þeirra á Bahá'u'lláh: hann kallaði þá „trúskiptinga“, „kandídata“, „yfirlýsta fylgjendur“, „nýja átrúendur“, „óhikaða“ stuðningsmenn trúarinnar og gaf þeim mörg önnur góð og lýsandi nöfn. Hann sagði að þeir væru skráðir bahá'íar, hefðu snúist til trúar, yfirlýst trú sína, gengið til fylgis við málstaðinn, fylkt sér undir fána Bahá'u'lláh, gengið að eiga málstað hans, fyllt raðir hinna trúföstu og svo framvegis. Á tímum margþvældra og hversdagslegra orðaleppa gerðum við rétt í að muna þetta. Við það má bæta að ég heyrði hann aldrei gera lítið úr viðurkenningu á æðstu birtingu Guðs með þeim skelfilega og merkingarlausu frasa sem stundum er notaður um andlega endurfæðingu „hann skrifaði undir kortið“. Shoghi Effendi hætti aldrei að nota tungumálið á réttan hátt þótt viss orð hefðu fengið óvinsæla merkingu. Bahá'í trúin hafði hvorki presta né trúboða—en bahá'íar fór í trúboðsferðir í þeim yfirlýsta tilgangi að snúa mönnum til nýrrar trúar.

FRAMKVÆMD GUÐLEGRAR ÁÆTLUNAR ‘ABDU’L-BAHÁ

Shoghi Effendi sagði að fyrsta tímaskeiðið í þróun guðlegrar áætlunar ‘Abdu’l-Bahá hefði hafist 1937. Hann gerði ráð fyrir þremur kennsluherferðum sem kæmu hver á fætur annarri og að tímaskeiðinu myndi ljúka árið 1963. Þegar tilraun er gerð til að gefa samhangandi mynd af þessu tímaskeiði verður að skoða rit hans í rétttri tímaröð því þau endurspeglar glögggt hugsun hans og þar má greina hvernig mynstrið í áætlunum hans hefur mótast. Allt frá því Meistarinn sem hann elskaði féll frá snerist öll tilvera Verndarans um að uppfylla óskir hans og ljúka verkinu sem hann hafði hafið. Hin guðlega áætlun sem hann hafði sett fram á einum dimmasta tíma í sögu mannkynsins var að sögn Shoghi Effendi „einstætt og mikilfenglegt verk ‘Abdu’l-Bahá,“ sem sett var fram í töflum hans til bahá’ía í Bandaríkjunum og Kanada. Með henni yrðu forlög fylgjenda Bahá’u’lláh í þessum tveimur löndum Norður-Ameríku „samtvinnuð og óaðskiljanleg í margar kynslóðir.“ Í tuttugu ár hafði þessari áætlun verið slegið á frest meðan verið var að móta og fullkomna stofnanir stjórnskipulagsins sem áttu að framkvæma hana á virkan og kerfisbundinn hátt. Við gleymum stundum hve mikla áherslu Verndarinn lagði á þessar grundvallarhugmyndir og skulum því huga að hans eigin orðum. Á fyrstu árum fyrstu sjö ára áætlunarinnar, 1939, skrifaði hann ameríska samfélaginu: „Með öllum þeim mannafla og tækifærum sem þeim standa til boða stuðla þeir að vexti og treystingu þeirrar brautryðjendahreyfingar sem allt gangverk stjórnskipulagsins er hannað fyrir.“ Átján árum síðar var Shoghi Effendi sömu skoðunar því hann skrifaði til eins af evrópsku þjóðarráðunum í ágúst 1957, skömmu áður en hann lést: „Minni árangur hefur samt náðst í kennslu- starfinu sem er mikilvægast alls og miklu hægar hefur gengið að fá einstaklinga til að ganga til liðs við trúna sem yfirlýstir bahá’íar. Það er fyrst og fremst um þetta sem allt gangverk stjórnskipulagsins snýst

og sem það með ærnu erfiði hefur verið byggt fyrir.“

Það var Verndarinn sem með ærnu erfiði hafði byggt upp þetta gangverk með hjálp vinnufúsra einstaklinga sem hann fann meðal átrúenda Norður-Ameríku. Þetta voru einstaklingar sem skildu áform hans, hlýddu þeim fyrirmælum sem hann gaf og kinokuðu sér ekki við koma þeim í verk. Verndarinn hafði einn guðlegan og ótvíræðan rétt til að stjórna baráttunni sem öfl ljóssins, hersveitir Bahá'u'lláh, háðu gegn öflum myrkursins. Hann hafði ritað þessi orð: „*Brátt mun ríkjandi skipulagi verða vafið saman og nýtt breitt út í þess stað.*“ Þetta skipulag hafði sett allt jafnvægi heimsins eins og mennirnir þekktu það úr skordum. Bahá'u'lláh og 'Abdu'l-Bahá höfðu eignast afkomanda sem ekki aðeins skildi sýn þeirra heldur kom skipulagi á kenningar þeirra og fylgjendur.

Ef við skoðum það sem gerðist árið 1937 í upphafi fyrstu sjö ára áætlunarinnar sjáum við að Shoghi Effendi, sem þá var á fertugasta aldursári, var í hlutverki hershöfðingja sem fer fyrir liðssveitum sínum—norður-amerísku bahá'íunum—og leiðir þá í andlega sigurför um Vesturálfu. Meðan aðrir hershöfðingjar, frægir í augum heimsins, fóru fyrir voldugum heraflo og skildu eftir sig rjúkandi rústir í ægilegum styrjöldum sem áttu sér engin fordæmi í Evrópu, Asíu og Afríku, var þessi óþekkti hershöfðingi, án fremdar og viðurkenningar, að skipuleggja og framkvæma meiri og máttugri herferð en þeir nokkru sinni hefðu verið færir um að takast á hendur. Þeir lögðu til orrustu fullir metnaðar og þjóðernishatus, hann barðist innblásinn ást og fórnarhug. Þeir bárust á banaspjót til að varðveita dauðvona gildi og úreltar hugmyndir. Hann barðist fyrir framtíðina, geislandi öld friðar og einingar, heimssamfélag og ríki Guðs á jörð. Nöfn þeirra og orrusturnar sem þeir háðu hurfu fljótt í gleyskunnar djúp en orðstír Shoghi Effendi fór stöðugt vaxandi og mikilfenglegir sigrar hans gleymast aldrei. Sól afreka hans og snilligáfu hans mun skína í þúsund ár samofið ljósi bahá'í trúarinnar.

Þegar litið er yfir það gríðarlega magn heimilda sem til er um fyrirætlanir og áform Verndarans megum við aldrei gleyma því að þótt fyrsta skipulagða framkvæmd þess andlega umboðs sem 'Abdu'l-Bahá veitti átrúendum Norður-Ameríku hafi átt sér stað með fyrstu sjö ára áætluninni, höfðu margir dyggir amerískir fylgjendur trúarinnar, yfirleitt konur eins og Shoghi Effendi benti á, þegar stigið fram og svarað ákallinu í *Töflum hinnar guðlegu áætlunar* sem kynnt var á

elleftu bahá'í ráðstefnunni í New York 1919. Þessir brautryðjendur fóru til Ástralíu, nyrstu höfuðborga Evrópu, flestra landa Mið-Evrópu, Balkanskagans, Afríku og Suður-Ameríku, nokkurra landa í Asíu og eyjunnar Tahiti í Kyrrahafi. Þau þrjátíu og sex ár sem Shoghi Effendi gegndi embætti Verndarans hvarf minningin um þjónustu þessara sálna aldrei úr huga hans. Hann gerði það samt ljóst að þetta kennsluátak amerísku bahá'íanna erlendis hefði verið „tímabundið“ „og „óskipulegt“. Með fyrstu sjö ára áætluninni hófst nýtt tímaskið.

Við vitum ekki hvenær hinni guðlegu áætlun lýkur. Í þjóðsögum segir að þar sem regnboginn endar sé gull að finna. Þannig gæti dýrlegur regnbogi okkar bahá'ía endað í gullöld trúarinnar. Verndarinn fjallaði oft, bæði munnlega og skriflega, um þýðingu hinnar guðlegu áætlunar. Hann skrifaði að áætlunin væri „mikilvægasta andlega verkefnið sem hleypt hefði verið af stökkum í skráðri sögu mannkyns“, „öflugasta tækið fyrir þróun stjórnskipulagsins“, „frumþátturinn í fæðingu og viðgangi heimsskipulagsins sjálfs í austri og vestri.“ Amerísku átrúendurnir, „sem njóta þeirra forréttinda að taka við þessum tíma-mótatöflum“, „framverðir dagboðanna í skipulagi Bahá'u'lláh“ voru þeir sem forsjónin hafði fengið í hendur höfuðlykil og falið að framkvæma hina guðlegu áætlun, Með þessum lykli myndu þeir opna hliðið að uppfyllingu hins óumræðilega dýrlega ætlunarverks þeirra. Shoghi Effendi fullvissaði þá um að þegar þeir framfylgdu þessari áætlun Meistarans af trúmennsku á öllum stigum hennar myndi gullöld trúarinnar renna upp og fyrirheitið sem 'Abdu'l-Bahá gaf þeim verða uppfyllt: þeir yrðu settir í „*öndvegi eilífra yfirráða*“ og öll jörðin myndi enduróma af vegsömun til þeirra.

Í augum Shoghi Effendi var þetta allt skýrt: í upphafi var áætlun—síðan kom hver áætlunin á fætur annarri! Eftir fyrstu sjö ára áætlunina komu aðrar áætlunir til margra ára og í ýmsum heimshlutum: níttján mánaða áætlun, tveggja ára, þriggja ára, fjórutíu og fimm mánaða, fjögurra og hálfis árs, fimm ára, sex ára og svo framvegis. Hvort sem hann gerði áætlunina sjálfur eða bahá'íarnir tóku frumkvæði að þeim vissi hann hvar átti að velja þeim stað í heildarsamhenginu. Til var guðlegt ætlunarverk sem fólst í guðlegu umboði og amerísku bahá'íunum hafði verið treyst fyrir því. Þetta ætlunarverk var fæðingarréttur þeirra en þeir gátu aðeins notið hans með því að hlýða fyrirmælunum sem þeim voru gefin í guðlegri áætlun Meistarans og með því að vinna sigur í öllum herferðum sem þeir tókust á hendur.

Aðrar áætlanir voru samkvæmt orðum Shoghi Effendi í bréfi hans árið 1949, „aðeins viðbætur við hið feiknlega verkefni sem skilgreint hafði verið í þessum sömu töflum og umfang þeirra er í eðli sínu svæðisbundið andstætt hnattrænu umfangi og einkennum þess völduga verks sem hetjusmiðum heimsskipulags Bahá'u'lláh hefur verið falið að vinna. Þeir eru kyndilberar þeirrar siðmenningar sem þetta skipulag mun að endingu ala af sér.“

Hafi Shoghi Effendi verið hershöfðingi var ameríska ráðið án efa undirhershöfðinginn. Það fékk fyrirmæli sín beint frá honum og sambandið var náíð og innilegt. En hann gleymdi aldrei að raunverulegt afl hersins felst í „hinum óbreyttu liðsmönnum“ eins og hann nefndi þá. Hann hætti aldrei að hvetja þá, blása þeim kjark í brjóst, elska þá og upplýsa um að sérhver norður-amerískur átrúandi bæri beina ábyrgð á árangri áætlunarinnar. Hann vissi hve hvikult mannlegt eðli er þegar áform og fyrirætlanir eru annarsvegar og hamraði því stöðugt á verkefnunum sem þurfti að vinna, ábyrgðinni sem þurfti að axla, brýnni og tafarlausri þörf fyrir aðgerðir. Þegar hinum ýmsu herferðum var að ljúka og árangurinn af margvíslegum þáttum þeirra var óljós, varð hvatning hans að gjallandi herópi sem brýndi bahá'íana til sigurs. Þegar bréf hans og boð til amerísku átrúendanna í þrjátíu og sex ár eru lesin mætti ætla að hann hafi sjálfur dvalið mitt á meðal þeirra. Vissulega dvöldu þeir með honum, hefðu þeir aðeins vitað það, í lífi hans, hugsunum, bænum, áætlunum—og í áhyggjuefnum hans. En þeir áttu sér huggun vísa, færðu honum mikla gleði, mikla von og fengu hann aldrei til að örvænta. Ferilskrá þeirra var í meginatriðum hrein og flekklaus.

Shoghi Effendi var oft eins og eldfjall áður en það gýs—þá gátu heyrst viðvörunardrunur frá honum. Árið 1933 sendi hann símskeyti til ameríska landsþingsins og sagði að öll augu beindust að þinginu, mikil tækifæri biðu þess og það gæti leyst úr læðingi öfl sem yrðu upphaf glæsilegs tímabils sem „myndi skyggja á hetjuöld okkar elskaða málstaðar . . . herskararnir á hæðum bíða þess að þeir grípi tækifærið.“ Hann skýrði þetta betur í boðum sínum til bahá'íanna sem komu saman 1935 til að fagna lokaframkvæmdum við hvolfþak musterisins í Wilmette: „Ný stund er runnin upp . . . hún kallar á óbiluga viðleitni á vettvangi kennslunnar um allt land . . .“ Tíu vikum seinna er hann jafnvel enn skorinorðari og orð hans spámannleg. Það er eins og kaldur skuggi komandi styrjaldar leggist yfir: „Þessi nýi áfangi sem

við höfum náð í þróun trúarinnar á mótunarskeiði hennar—áfangi einbeittar kennslustarfsemi—blasir við okkur nú þegar dimm ský hrannast upp og hvarvetna grípur um sig vanmáttur og örvænting vegna þess hlutskiptis sem biður manna á tímum hnignunar.“ Til landsþingsins 1936 sendi hann skeyti þess efnis að tækifærin sem biðu bahá'íanna á þessum tíma væru óumræðilega dýrmæt og hann hvatti fulltrúana á þessu landsþingi til að íhuga „sögulega hvatningu“ ‘Abdu’l-Bahá í Töflum hinnar guðlegu áætlunar og eiga samráð um hvernig tryggja mætti að þessi áætlun næði fullkomlega fram að ganga „nú þegar mannkynið væri komið út á ystu nöf háskalegasta tímans í sögunni.“ Í lokin bregður hann á loft þeirri skæru perlu sem hafði verið að vaxa í hjarta hans sjálfs. „Megi Guð gefa að sérhvert fylki ameríska lýðveldisins og sérhvert lýðveldi Ameríku fái tekið á móti ljósi trúar Bahá'u'lláh áður en þessari dýrlegu öld lýkur og lagt grunn að heimsskipulagi hans.“ Við vorum lögð af stað! Þetta var fyrsti lúðurhljómur hinnar guðlegu áætlunar!

Fyrsta sjö ára áætlunin fól í sér þríþætt verkefni. Í fyrsta lagi átti að ljúka ytri fegrun á fyrsta Mashriqu'l-Adhkár—bahá'í tilbeiðsluhúsi—í Vesturheimi, í öðru lagi átti að stofna eitt svæðisráð í öllum fylkjum Bandaríkjanna og öllum héruðum Kanada, í þriðja lagi mynda eina miðstöð í öllum ríkjum Suður-Ameríku. Samkvæmt því sem Shoghi Effendi sagði hafði áætlunin fyrst og fremst að markmiði að fylkja íbúum Suður-Ameríku undir merki Bahá'u'lláh. Allar þjóðir álfunnar áttu að fá sinn sess í sigursælu skipulagi Bahá'u'lláh. Hann benti okkur á að til voru tuttugu sjálfstæð ríki Suður-Ameríku eða „um það bil þriðjungur allra fullvalda ríkja heims“. Áætlunin væri ekkert annað og minna en „torsótt tvíþætt herferð sem farin verður samtímis í Norður- og Suður-Ameríku.“

Rúmlega tveimur árum eftir að þessi sögulega kennsluherferð hófst braust út styrjöld í Evrópu—síðan liðu önnur tvö ár og Bandaríkin og raunar heimurinn allur var kominn í stríð. Sjö ára áætlunin var framkvæmd í mestu þjáningum og dimmustu ógn sem nýi heimurinn hafði nokkru sinni upplifað. Ótrúleg er sú umhyggja og alúð sem Shoghi Effendi sýndi þegar hann vakti yfir, hvatti og leiðbeindi átrúendunum í þessu fyrsta mikla skrefi hinnar guðlegu áætlunar. Skeyti frá honum streymdu stöðugt til andlegs þjóðarráðs bahá'ía í Bandaríkjunum og Kanada. Árið 1937 upplýsti hann þá um að tvíþætt framkvæmd þessarar áætlunar myndi varpa ljóma á lokaár

fyrstu bahá'í aldarinnar og hún væri ekki síður mikilfengleg en „þær ódauðlegu gerðir sem unnar voru í kjölfar fæðingar trúarinnar á hetjuöld hennar.“ Árið 1938 sagði hann þeim að myrkrið sem seig yfir gamla heimsskipulagið léði striti þeirra „gildi og þýðingu“ sem engan veginn væri hægt að ofmeta. Suður-ameríska herferðin var „einn dýrlegasti kaflinn í alþjóðlegri sögu trúarinnar“ og framtíðaráætlanir væru undir árangri hennar komnar. Hún markaði að hans sögn „upphaf heimsáætlunar sem lengi hefði tafist að hefja og væri sérstök arfleifð ‘Abdu’l-Bahá til bahá'í samfélags Norður-Ameríku.“ Hún var „fyrsta atriðið í fyrsta þætti þess völduga drama sem hefði að markmiði ekkert annað og minna en andlegan sigur yfir allri jarðkringlunni.“ Samt átti aðeins að skoða hana sem „upphaf, styrkleikapróf, stiklu til ennþá völdugri og umfangsmeiri herferðar . . .“

Áætlunin hafði staðið í tvö ár, ytri fegrun musterisins gengið samkvæmt áætlun og ítrekað ákall Shoghi Effendi hafði tryggt að öll undirbúningskref höfðu verið tekin á heimavígstöðvunum (auk þess sem hann hafði lagt fram tvö hundruð sterlingspund, „stoltur“ og af „ómótstæðilegri hvöt“ með það fyrir augum að tryggja varanlega búsetu brautryðjenda í þeim níu fylkjum og héruðum Norður-Ameríku sem enn höfðu ekki fengið neina brautryðjendur). Á þeim tímapunkti beindi Shoghi Effendi liðsafla sínum að ströndum og eyjum Mið-Ameríku og þar fylgdi hann eins og segir í skeyti hans „kerfisbundinni sóknaráætlun samkvæmt leiðsögn ‘Abdu’l-Bahá.“ Þrátt fyrir sívaxandi byrði og áhyggjur skýrði hann vinunum frá því að hann vildi hafa persónuleg samskipti við brautryðjendur á öllu meginlandi Ameríku. Hvað þessi bréf hans þýddu fyrir brautryðjendur, sem að hans sögn höfðu tekið sér einmanalega varðstöðu víða um dreifðar byggðir álfunnar, geta aðeins viðtakendur þeirra borið vitni um. Sjálf efast ég um að þessi herferð eða þær sem síðar komu hefðu nokkru sinni skilað árangri hefði það ekki verið fyrir þessi samskipti hans við átrúendurnar. Ást hans, hvatning og skilningur hélt þeim tryggilega á sínum stað. Þó nokkrir eru þar ennþá vegna þess að þeim barst bréf sem endaði á orðunum „Ykkar sanni bróðir, Shoghi“.

Shoghi Effendi sagði að eldar styrjaldarinnar hefðu fyrst kviknað í Austurlöndum fjær, lagt Evrópu í rúst, umlukið Afríku og ógnuðu nú ekki aðeins Heimsmiðstöðinni heldur Ameríku, helsta vígi trúarinnar sem enn stóð uppi, eins og hann orðaði það. Ári eftir að styrjöldin hófst átti aðeins eftir að senda brautryðjendur til tveggja lýðvelda

Suður-Ameríku. Íbúar þess vígis „sem enn stóð uppi“ höfðu vissulega gert skyldu sína og „flutt hinn helga eld til allra lýðvelda Vesturálfu“ með eftirminnilegum hætti. Átrúendurnir í Persíu voru ofsóttir, bahá'í samfélagið í Rússlandi var leyst upp og musterið, sem hafði verið tekið eignarhaldi, var í hættu. Í vestanverðri, suðvestanverðri og miðri Evrópu var bahá'í samfélagið þjáð og kúgað og í Þýskalandi var það bannað. Í Norður Afríku sætti samfélagið ofstækisfullum árásum og styrjaldarástökin settu Heimsmiðstöðina sjálfa í verulega hættu. Ekki að undra þótt Shoghi Effendi skrifaði amerísku átrúendunum að „vonir fjölda átrúenda bæði í austri og vestri, ungra og aldinna, kúgaðra og frjálsra“ beindust að þeim í eftirvæntingu og bæn um að þeim tækist að ljúka torveldu starfi sínu og vinna fullnaðarsigur! Ekki að undra þótt hann hvetti þá til að „sýna mikla dirfsku, starfa og strita án afláts, færa verðugar fórnir, þreyja með geislandi jafnaðargeði án þess að hika allt til loka.“ Ekki að furða þótt hann fullvissaði þá með þessum orðum: „Tign verkefnisins sem bíður þeirra er að sönnu fyllilega sambærileg þeirri geigvænu hættu sem steðjar að þeirra eigin kynslóð. Þegar rökkrið sigur yfir sökkvandi þjóðfélag skýrast geislandi útlínur endurlausnaráformsins með hverjum deginum sem líður. Umbrot heimsins í dag, einkenni hnattræns sjúkdóms, hljóta samkvæmt trúarbrögðum hans að ná hámarki í þeirri hnattrænu ógæfu sem mun ala af sér vitund um heimsborgararétt, en sú vitund ein getur lagt fullnægjandi grundvöll að heimseiningu sem varanlegur heimsfriður hlýtur óhjákvæmilega að byggja á. Sá friður mun leggja grunn að þeirri heimssiðmenningu sem táknar að mannkynið hafi náð fullum þroska.“ Hann sagði að átrúendurnir hefðu „fengið afdráttarlausu hvatningu til aðgerða þegar við þeim blasti siðmenning sem var smámsaman að hrynja.“ Hefði hann ekki bent þeim á ábyrgð þeirra gagnvart ástandinu í heiminum með orðum sem kveiktu ímyndunarafli þeirra hefðu þeir aldrei vaknað til þessarar vitundar með þeim eldmóði sem raun bar vitni.

Þegar horft er um öxl til þessara dýrlegu og skelfilegu ára síðustu heimsstyrjaldar virðist árangurinn af fyrstu sjö ára áætluninni kraftaverki líkastur. Menn voru brytjaðir niður í Evrópu og Asíu og fordæmalaus ógn steðjaði að Heimsmiðstöðinni úr öllum áttum, meðan íbúar Bandaríkjana og Kanada voru með hugann allan við heimsátökin samfara þeim kvíða, takmörkunum og taumleysi sem þeim fylgdu. Á meðan tókst örfáum einstaklingum, sem áttu lítið annað en trú sína á Bahá'u'lláh, ekki aðeins að tvöfalda fjölda bahá'í

ráða í Norður-Ameríku og stofna að minnsta kosti eitt ráð í sérhverju fylki Bandaríkjanna og öllum héruðum Kanada heldur einnig að ljúka við fokdýra ytri fegrun á móðurmusterinu sextán mánuðum á undan áætlun. Þeir stofnuðu ekki aðeins sterkan bahá'í hóp í öllum lýðveldum Suður-Ameríku heldur einnig fimmtán andleg ráð til viðbótar á öllu því svæði. Á síðustu mánuðum áætlunarinnar réðist Shoghi Effendi með sinn litla og sókndjarfa her í framkvæmd þeirra verkefna sem eftir voru. Hann var of upptendraður til að kenna þreytu eftir sjö ára stöðuga baráttu. Sól annarrar bahá'í aldarinnar reis yfir frækilegan sigur. Shoghi Effendi sagði hersveitum sínum að hann og allur bahá'í heimurinn stæði í slíkri þakkarskuld við þær að enginn gæti „mælt hana og orð fengju ekki lýst henni.“ Ekki að furða að hann skuli hafa skrifað að þetta samfélag hefði „sannað svo ekki var um villst að það verðskuldaði fyllilega þá ofurmannlegu byrði sem því hafði verið trúað fyrir.“

Á tuttugu ára tímabili stýrði Shoghi Effendi þremur miklum kennsluherferðum sem gerbreyttu ásýnd bahá'í heimsins. Gríðarlegt starf var unnið á fjölmörgum stöðum víðsvegar um heiminn og mitt í þessu mikla starfi má greina þrjú söguleg kennileiti—aldarafmælin miklu sem voru hvorutveggja í senn upphaf og burðarás þessara völdugu kennsluherferða. Hið fyrsta þessara aldarafmæla var haldið 23. maí 1944. Forsjónin sá til þess að mikill meirihluta bahá'í samfélaga um allan heim gat ennþá haft samband við Verndarann og Heimsmiðstöðina þrátt fyrir styrjaldarhættuna sem steðjaði að. Persíu, Írak, Egyptalandi, Indlandi, Stór Bretlandi, Ástralíu, Nýja Sjálandi og Vesturálfu—öllum þessum löndum hafði verið hlíft við styrjaldarógninni og gengur sú staðreynd í rauninni kraftaverki næst. Þessi samfélög byrjuðu að halda þetta dýrlega afmæli hátíðlegt í samræmi við kringumstæðurnar sem ríktu í löndum þeirra en afmælið markaði hvorutveggja í senn: upphaf bahá'í trúarinnar og fæðingur 'Abdu'l-Bahá.

Þótt persnesku átrúendurnir ættu þess ekki kost að halda þjóðarhátíð til að fagna aldarafmæli trúarinnar sem fæddist í þeirra eigin landi tókst þeim að sýna hinum blessaða Báb verðskuldaðan heiður og sóma. Verndarinn var sjálfur fullur blíðu og ástúðar í garð þessa langþjáða samfélags og útskýrði í smáatriðum fyrir þjóðarráði þess hvernig minnast bæri þessa dýrlega atburðar. Sérstakur fulltrúi hans, Jenabi Valíyu'lláh Varqá, trúnaðarmaður Réttar Guðs, átti að koma dýrmætu silkiteppi sem Shoghi Effendi hafði sjálfur gefið, fyrir í stofunni þar

sem Bábin hafði lýst yfir köllun sinni á heimili sínu í Shiraz. Tveimur tímum og ellefu mínútum eftir sólsetur, nákvæmlega eitt hundrað árum eftir að Bábin hafði kunnert Mullá Hussein ætlunarverk sitt í þessu sama herbergi, áttu meðlimir andlega þjóðaráðsins og fulltrúar á landsþinginu að koma saman. Þjóðarráðsmeðlimir voru beðnir um að falla fram við þröskuld þessa helgistaðar fyrir hönd Shoghi Effendi og síðan átti að syngja fyrstu súrúna í *Qayyúmu'l-Asmá'*. Loks átti að lesa kafla úr aldarafmælisboðskap Verndarans til bahá'ía í Austurlöndum þar sem hann bar lof á Bábin og þýðingu þeirra atburða sem höfðu gerst á þessum helga stað fyrir heilli öld.

Öðru afmæli var fagnað á sama tíma í norður-ameríska bahá'í samfélaginu því fimmtíu ár voru liðin frá því að trúin hafði borist til Vesturálfu. Af þeirri framsýni sem Shoghi Effendi var eiginleg hafði hann gert amerísku bahá'íunum ljóst í nokkrum skeytum sem hann sendi árið 1943 að hann vænti þess að þeir héldu upp á þennan viðburð með viðeigandi hætti. Hann útskýrði hversvegna hann vildi að þeir gerðu það svo myndarlega: „Umfangið og glæsileikinn“ sem einkenna skyldi þennan viðburð átti að bæta upp til fulls „fyrir þær hömlur sem koma í veg fyrir að svo mörg bahá'í samfélög í Evrópu og annarsstaðar, jafnvel í heimalandi Bahá'u'lláh, geti sýnt ástkærum málstað sínum verðskuldaðan sóma á svo dýrlegum tímamótum í sögu hans.“ Hátíðahöldin í Ameríku áttu, að hans sögn, ekki aðeins að kóróna þeirra eigið starf heldur starf allra samverkamanna þeirra í austri og vestri.

Áður en þessi hundrað ára minningarhátíð var haldin átti samfélagið að fara í kennsluferð sem átti að ná til allrar þjóðarinnar og kynna boðskap Bahá'u'lláh í blöðum, útvarpi og með ýmskonar útgáfustarfsemi. Upplýsa átti almenning um tilgang og markmið trúarinnar sem og afrekin sem hetjur hennar, píslarvottar, kennarar, brautryðjendur og stjórnendur höfðu unnið auk þess sem útskýra átti eðli og tilgang stofnananna. Bæði í sínum eigin heimahéruðum og á landsvísu áttu átrúendurnir að fagna og halda hátíðlegt þetta afmæli með fyrirlestrahaldi, ráðstefnum, veisluhöldum og með því að stofna til kynna við leiðandi aðila á ýmsum sviðum.

Hámark þessa fagnaðar var afmælisráðstefna allra amerísku átrúendanna. Þar áttu ekki aðeins að koma saman fulltrúar Bandaríkjanna og Kanada sem í fyrsta sinn í sögunni höfðu verið kosnir á fylkis- og héraðslandsþingum með atkvæðum allra átrúenda fremur

en svæðisráðssamfélaganna einna—þangað átti líka að koma a.m.k. einn fulltrúi frá sérhverju landi Suður-Ameríku. Á stundu yfirlýsingar Bábsins átti að halda þakkarhátíð í áhorfendasal musterisins þar sem hægt var að sjá eina afritið af andlitsmynd Bábsins sem Shoghi Effendi lét nokkru sinni frá sér fara. Hún var sérstök gjöf hans til þessa sigursæla og heittelskaða samfélags á margblessaðri samkomu þess. Síðan átti að halda almennan fund, helgaðan minningu Bábsins og 'Abdu'l-Bahá. Eins og Shoghi Effendi hafði sjálfur sagt fyrir gat ekkert myrkvað ljómann af „sigursælum lokum fyrstu og glæstustu aldar bahá'í tímatsins.“ Svipaðar en ekki jafn íburðarmiklar samkomur voru haldnar í öðrum löndum. Shoghi Effendi sagði að lok þessara alþjóðlegu fagnaðarhátíða mörkuðu endi fyrsta tímiskeiðs í móttunaröld trúarinnar, tímans frá 1921 til 1944.

Í lok einnar aldar og við upphaf annarrar er við hæfi að líta yfir farinn veg og gera úttekt á stöðu mála í bahá'í heiminum. Slíkt magn heimilda og efnis bíður hvers og eins sem reynir að leggja mat á starf Verndarans að það er í sannleika vandkvæðum bundið að gera sér grein fyrir hvernig fjalla eigi um hin ýmsu afrek hans. Hann var ekki aðeins mikill skapari staðreynda heldur hæfur og áhugasamur tölfræðingur og þær staðreyndir voru mjög fáar sem hann gat ekki fært í dramatískan og áhrifamikinn búning. En er það samt ekki kjarninn í lífi og starfi okkar að fá áhuga á því sem á yfirborðinu virðist ekki mikilvægt, því sem skyldan býður manni að gera og gæti þarafleiðandi sýnst þurrlegt og leiðinlegt?

Árið 1944 gaf Shoghi Effendi út í Haifa lítinn bækling, tuttugu og sex blaðsíður, sem bar heitið „Bahá'í trúin 1844–1944“. Undirtitillinn var látlaus „Upplýsingar—tölfræði og samanburður.“ Árið 1950 þegar hann lét miklu umfangsmeira efni frá sér fara birti Bahá'í útgáfan í Bandaríkjunum samskonar bækling nokkuð stærri, þrjátíu og fimm síður með korti. Undir titlinum stóð „Tekið saman af Shoghi Effendi, Verndara bahá'í trúarinnar.“ Árið 1952 birtist aftur efni sem hann hafði tekið saman. Bæði breska og ameríska þjóðarráðið birtu sama bæklinginn undir sama heitinu, en að þessu sinni var bæklingurinn helmingi lengri. Hann náði yfir tímabilið 1844-1952. Shoghi Effendi hafði bætt við nýjum undirtitli: „Tíu ára alþjóðlega kennslu og treystingaráætlunin“.

Útlokað er að fjalla í smáatriðum um málefni sem er jafn umfangsmikið og þessar tölfræðilegu upplýsingar en það væri hinsvegar rangt að

nefna ekki helstu atriði þeirra í ljósi þess að í þrettán ár helgaði Shoghi Effendi þeim mikinn tíma og orku. Ef við höfum í huga hve skeikul og getulítill við flest erum segir saga þessara tölfræðiupplýsinga okkur að starfið sem Shoghi Effendi vann við öflun staðreynda og upplýsinga sem fram koma í þessum bæklingum var nánast ofurmannlegt. Hann uppfærði þessar upplýsingar stöðugt. Þegar hann féll frá hafði hann litlu minnisbókina í svefnherbergi sínu og hafði skrifað í hana síðustu viðbæturnar. Ég man að eitt sinn tók hann slíka minnisbók, hélt henni á lofti brosandí og sagði við mig: „Gerirðu þér grein fyrir að allur bahá'í heimurinn er í þessari bók?“

Til að skilja þessa tölfræði betur verður maður að átta sig á því hver tilgangur Shoghi Effendi var með söfnun þessara upplýsinga. Um staðreyndir verður ekki deilt. Hægt er að vera ósammála hugmyndum, gera lítið úr tilkalli, staðhæfingum og sögulegu upphafi en þegar okkur er sýnt svart á hvítu að eitt eða annað sé fimm og hálfir milljón dollara virði, að sjö andleg þjóðarráð hafi fengið löggildingu, að bahá'í giftingarathöfnin sé orðin lögleg í fimmtán fylkjum eða þegar maður les nöfn kynþáttanna í Afríku sem eiga sér fulltrúa í trúnni, tungumálin sem ritningarnar hafa verið þýddar á og svo framvegis neyðist maður til að viðurkenna að þessi trú er áþreifanleg staðreynd. Staðreyndir voru hluti af vopnabúri Shoghi Effendi—með þeim gat hann varið trúna gegn óvinum hennar, talið kjark í bahá'íana og örvað þá til frekari átaka.

Sá upplýsingalisti sem honum var kærastur var sá sem endurspegladi útbreiðslu þess dýrlega málstaðar sem 'Abdu'l-Bahá fól honum að vernda og varðveita árið 1921. Undir liðnum „Lönd sem hafa opnast fyrir trú Bahá'u'lláh“ voru tvö nefnd til sögunnar á tímum Bábsins, þrettán á tímum Bahá'u'lláh og tuttugu á tímum 'Abdu'l-Bahá. Áhugavert að sjá hve nákvæm og skipulögð hugsun hans var því að í bæklingnum árið 1944 voru aðeins nöfn tíu landa sem opnuðust á tímum Bahá'u'lláh. Hversvegna voru þau þá orðin þrettán árið 1952? Pakistan hafði fengið sjálfstæði og tvö af upprunalegum svæðum Rússlands voru orðin að fjórum lýðveldum Sovétríkjanna. Þá höfðu þrjú lönd bæst við á listann á tímum Bahá'u'lláh. Hvert annað áttu þau að fara? Þessi tölfræði endurspeglar á hrífandi hátt útbreiðslu trúarinnar. Ég ætla að halda áfram að segja frá þessari tölfræði að svo miklu leyti sem gögnin leyfa allt fram til þess tíma að Verndarinn féll frá. Á tímabilinu 1844–1921 höfðu 35 lönd (í bahá'í gögnum eru hér talin fullvalda ríki, umboðsríki, yfirráðasvæði og nýlendur) opnast fyrir trúnni.

Fimm bættust við á ellefu ára tímabili 1921–32, árið 1951–2 bættust 22 lönd við þennan lista, engin aukning varð á tímabilinu 1952–3 og eitt hundrað bættust við á einu ári, 1953–4. Shoghi Effendi skrifaði að þetta afrek táknaði að mikilvægasta markmið tíu ára áætlunarinnar hefði náðst strax á fyrsta ári þessarar völdugu áætlunar. Þegar hér var komið sögu var farið að skorta lönd í heiminum hvað bahá'í trúnni viðvæk! Engu að síður bættust 26 lönd í hópinn á tímabilinu 1954–7. Þegar Shoghi Effendi tók við embætti Verndarans voru löndin 35 en þegar hann féll frá voru þau 254 talsins. Þannig höfðu 219 lönd bæst við í krafti framsýni Verndarans, einbeiti hans og áræðni í samstarfi við helgaðan og andlega upptendraðan hóp átrúenda um allan heim.

Þótt engar tölfræðilegar upplýsingar séu fyrirleggjandi um fjölda miðstöðva þar sem bahá'íar bjuggu um allan heim „miðdepla hins hlýja og græðandi ljóss alltsigrandi opinberunar“ eins og Shoghi Effendi kallaði þær, er ólíklegt að þær hafi náð eitt þúsund á fyrstu öld trúarinnar. Gróflega áætlað voru um 2400 slíkar miðstöðvar starfandi árið 1952. Shoghi Effendi birti sjálfur eftirfarandi tölur: Árið 1953 voru þær 2500; 1954 næstum 2900; 1955 ríflega 3200; 1956 allt að 3700; 1957 um 4500 talsins. Þetta þýðir að miðstöðvunum hafði fjölgað um meira en 2000 á fimm ára tímabili.

Heildarmyndin sem hér kemur í ljós er skýr og áhrifamikil. En hvaða hlutar bahá'í trésins uxu hraðast? Það kemur einnig fram í útgefinni tölfræði Verndarans. Þegar 'Abdu'l-Bahá fór í sögulega ferð sína til Bandaríkjanna og Kanada voru bahá'íar að öllum líkindum búsettir á um 40 stöðum í Vesturálfu. Árið 1937 voru þeir orðnir 300, hafði fjölgað um 260 á 25 árum. Árið 1944 voru 1300 miðstöðvar í Norður-Ameríku og hafði fjölgað um meira en 1000 í fyrstu sjö ára áætluninni. Síðasta talan sem Shoghi Effendi birti í október 1957 var 1570. Á þeim þrjátíu og sex árum sem Shoghi Effendi gegndi embætti Verndarans hafði tekist að bæta við að minnsta kosti 1500 miðstöðvum í Bandaríkjunum og Kanada þökk sé þrotlausri viðleitni hans til að örva bahá'íana og blása þeim kjark í brjóst með stöðugum straumi skeyta og bréfa og þeim miklu kennsluáætlunum sem hann hratt af stað. Listinn yfir andlegu svæðisráðin í Norður-Ameríku var ekki síður áhrifamikill. Árið 1931 voru þau 47 talsins en 131 árið 1944, hafði fjölgað um 84 á 13 árum. Flest þeirra urðu til í því mikla átaki sem tengt er fyrstu sjö ára áætluninni. Árið 1952 voru þau 184 og í apríl 1957 voru þau alls orðin 204 talsins.

Árið 1944 birti Shoghi Effendi fyrstu tölfræðiupplýsingarnar fyrir Suður-Ameríku. Þar voru þá 57 miðstöðvar og 15 svæðisráð. Árið 1950 voru miðstöðvarnar orðnar 70 og svæðisráðin 35. Þegar Shoghi Effendi lést hafði miðstöðvum fjölgað í 137 og svæðisráðum í 52. Í bæklingnum 1921-44 birti hann tölur fyrir Indland (sem náðu yfir það sem síðar varð Pakistan) og Búrma. Þar voru 66 miðstöðvar og 31 svæðisráð. Árið 1957 hafði miðstöðvum fjölgað í 140 og svæðisráð voru um 50 talsins. Það hafði alltaf reynst erfitt að fá rétta tölfræði frá Persíu vegna endurtekinna ofsókna á hendur bahá'íum en árið 1952 birti Shoghi Effendi tölur sem sýndu að miðstöðvarnar voru orðnar 621 og svæðisráðin 260. Shoghi Effendi var sérstaklega árvökull þegar Ástralía og Nýja Sjáland voru annars vegar og þessi lönd tóku miklum framförum á embættisferli hans þrátt fyrir fjarlægð sína frá öðrum hlutum bahá'í heimsins. Árið 1934 voru 8 miðstöðvar og 3 svæðisráð í Ástralíu og Nýja Sjálandi. Árið 1950 voru þar 59 miðstöðvar—fjölgun um 50 á 16 árum—og 10 svæðisráð. Árið 1957 voru þar meira en 100 miðstöðvar og 12 eða 13 svæðisráð. Eftirtektaerferð fjölgun varð einnig á Bretlandseyjum. Árið 1944 voru þar fáeinar miðstöðvar og 5 svæðisráð en 1957 voru þar rúmlega 110 miðstöðvar og 20 svæðisráð. Tölurnar fyrir Þýskaland og Austurríki sem Shoghi Effendi birti í fyrsta sinn 1950 sýna að þar voru 34 miðstöðvar og 14 svæðisráð (en fyrir stríð höfðu þar sennilega verið um 15 miðstöðvar og 5 svæðisráð). Árið 1957 voru rúmlega 130 miðstöðvar í þessum löndum og 25 svæðisráð.

Í annarri sjö ára áætluninni birtist nýr listi í bæklingnum sem var gefinn út 1950. Hin svokölluðu tíu markmiðslönd í Evrópu höfðu þá 34 miðstöðvar og 14 svæðisráð - 1957 hafði miðstöðvum fjölgað í 110 og svæðisráðum í 27 eða 28. Verndarinn setti fram varfærnislega tölu (óbreytta frá 1950-7) fyrir Arabíu. Þar voru 10 miðstöðvar—ef til vill þær erfiðustu viðfangs hvað viðhald snerti í öllum bahá'í heiminum. Í Egyptalandi og Súdan, sem lengi höfðu barist gegn fordómum múslíma, voru samkvæmt þessum lista 38 miðstöðvar og 10 svæðisráð árið 1952. Árið 1956 tilkynnti Shoghi Effendi að í öllum heiminum væru rúmlega 900 bahá'í svæðisráð. Næsta ár, 1957, gat hann sagt bahá'íum frá því að þessi tala hefði hækkað í rúmlega 1000. Það er mjög ólíklegt að við fráfall 'Abdu'l-Bahá hafi verið fleiri en fimm svæðisráð samanlagt í Austur og Vesturlöndum. Það var Shoghi Effendi sem skapaði þau samkvæmt því mynstri og eftir þeim línunum sem Meistarinn hafði sjálfur lagt.

Auk þess sem Verndarinn lagði grunninn að stjórnskipulaginu og tryggði hraða úrbreiðslu trúarinnar sá hann til þess að bahá'í bókmenntir væri til á fjölda tungumála og aðgengilegar þjóðum heims. Hann greiddi sjálfur fyrir margar þessara þýðinga auk útgáfunnar og oftast var Martha Root umboðsmaður hans og hægri hönd í þessu gríðar mikilvæga starfi áður en hún lést 1939. Árið 1944 voru bahá'í bækur fáanlegar á 41 tungumáli. Árið 1950 höfðu 19 tungumál bæst við, 1952 voru þau orðin 71, hafði fjölgað um 11 á tveimur árum. Árið 1955 voru tungumálin 167 talsins og hafði þannig fjölgað um ekki færri en 96 á þremur árum. Árið 1957 voru þau 237 talsins, fjölgun um rúmlega 70 á tveimur árum. Áhugavert er að gera sér grein fyrir að strax á eftir listanum yfir þau tungumál sem bahá'í bækur höfðu verið þýddar á kom alltaf listi yfir „tungumál þar sem þýðing á bahá'í bókmenntum stendur yfir“.

Shoghi Effendi var ekki aðeins mikið í mun að bjóða velkomnar eins margar þjóðir og hægt var í trúna heldur hvatti hann bahá'ía stöðugt til þess að ná til fólks af ýmsum þjóðarbrotum til þess að meginreglan um einingu í fjölbreytileika mætti njóta sín í samfélaginu. Þetta kom tvívegis fram í tölfræðilegum upplýsingum hans. Í eitt skipti var sérstök áhersla á þá þýðingu sem hann taldi að þessi hlið kenninganna hefði. Fyrirsagnirnar í tölfræðiupplýsingunum bera þessu glöggt vitni: „Kynþættir í bahá'í heimssamfélaginu“ voru taldir upp með nafni. Árið 1944 voru þeir 31, 1955 um 40 talsins. Undir liðnum „Minnihlutahópar og kynþættir sem bahá'íar hafa stofnað til tengsla við“ voru slíkir hópar og kynþættir einnig taldir upp með nafni. Árið 1944 voru þeir 9, en 1952 hafði þeim fjölgað í 15. Tólf þeirra voru amerískir ínúítar eða frumbyggjar Ameríku. Árið 1952 var nýrri fyrirsögn bætt við þótt tölurnar væru ekki þýðingarmiklar: „Kynþættir Afríku sem eiga fulltrúa í bahá'í trúnni“. Nöfn 12 kynþátta voru talin upp með augljósu stolti. Hann hélt áfram að tilkynna fjölgun í þessum hópi. Árið 1955 voru þeir 90, 1956 hafði þeim fjölgað í 140 og 1957 voru þeir 197—fjölgunin nam 185 á fimm árum. 1954 tilkynnti hann bahá'í heiminum að það væru rúmlega 500 átrúendur í Úganda (en þá voru sennilega um 800 innfæddir fylgjendur trúarinnar á öllu meginlandi Afríku). Árið 1957 sagði hann að fjöldi átrúenda í Afríku væri kominn yfir 3000. Brennandi áhugi hans á kynþáttamálum nútímans, sterk tilfinning hans fyrir gildi ýmissa eiginleika sem Guð hafði gætt hina ýmsu kynþætti og ættkvíslir gerði að verkum að hann

vildi óðfús deila með bahá'í heiminum upplýsingum um það sem að hans mati voru verulega miklir sigrar. Árið 1956 tilkynnti hann að það væru 170 bahá'í miðstöðvar á Kyrrahafseyjunum og ári síðar, 1957, upplýsti hann að þeim hefði fjölgað í 210 og að á öllu svæðinu væru meira en 200 átrúendur brúna kynþáttarins.

Vöxtur stofnananna og eignir trúarinnar eru sterkar stoðir stjórnskipunar á þroskabraut og meðal þess sem Shoghi Effendi gaf sérstakan gaum. Þetta eru ekki draumar sem Bahá'u'lláh hefur komið í heiminn til að leyfa okkur að dreyma, heldur veruleiki sem hann hefur gefið okkur grunnteikningu að. Ráð sem hafa fengið löggildingu geta átt eignir með löglegum hætti. Það var—og er—nauðsynlegt að vaxandi trúarbrögð eigi sín eigin tilbeiðsluhús, þjóðar- og svæðisbækistöðvar, stofnanir, landareignir, skóla og svo framvegis. Óyggjandi tölfræði-upplýsingar bera þeim viðgangi sem varð á embættisferli Verndarans mælskt vitni. Árið 1944 höfðu 5 þjóðarráð fengið stöðu lögaðila og 63 svæðisráð í ýmsum löndum höfðu fengið löggildingu. Árið 1952 höfðu þessar tölur í nefndri röð hækkað í 9 og 105. Árið 1957 voru löggild svæðisráð 200 talsins—137 höfðu bætst við á 13 árum. Árið 1944, í upphafi annarrar bahá'í aldarinnar, hafði bahá'í hjónaband fengið löggildingu í örfáum löndum en 1957 nutu bahá'íar þessara réttinda í 30 löndum og landssvæðum og bahá'í helgidagar voru viðurkenndir sem frídagar í 45 löndum og landssvæðum. Landssvæði merkir hér land, fylki eða hérað. Árið 1952 áttu bahá'íar aðeins 8 þjóðarmiðstöðvar, en þær voru orðnar alls 48 árið 1957. Þjóðareignum hafði sömuleiðis fjölgað mjög og þetta sama ár voru 50 slíkar eignir skrásettar í ýmsum höfuðborgum heims.

Fjárhagsleg eign vaxandi trúar jókst einnig hratt. Fjölmargar eignir í ýmsum löndum endurspegluðust í þeim tölum sem Shoghi Effendi birti með árunum. Bandaríkin áttu eignir upp á 1.768.339 dollara árið 1944, 1.783.958 dollara árið 1950, 3.070.958 dollara 1952 og í október 1957 nálgadist upphæðin 5.000.000 dollara. Árið 1952 átti Persía eignir sem metnar voru á 500.000 dollara en verðmæti þeirra hafði aukist í 5.000.000 dollara árið 1957. Árið 1947 birti Shoghi Effendi tölurnar fyrir landið helga, við Heimsmiðstöðina námu eignir alls 35.000 sterlingspundum (140.000 dollurum). Árið 1952 voru þær 500.000 dollarar og 1957 var verðmæti þeirra 5.500.000 dollarar. Áætluð upphæð fyrir önnur lönd var 500.000 dollarar árið 1952 og 850.000 dollara árið 1957. Heildarupphæðin var að lágmarki 4.500.000 dollarar

árið 1952 og rúmlega 16.350.000 dollarar árið 1957. Allir upphæðir eru á verðlagi ársins 1968.

Tölfræðilegu upplýsingarnar sem Shoghi Effendi birti í áður nefndum bæklingum eru ekki aðeins mjög upplýsandi heldur veita þær innsýn í huga hans og endurspeglar það sem hann taldi skipta máli. Til eru listar yfir dagsetningar sem hafa sögulega þýðingu auk mikilvægustu dagsetninga bahá'í sögunnar. Þetta eru dagsetningar sem tengjast atburðum eins og byggingu fyrsta bahá'í musteris Vesturlanda og grafhýsis Bábsins, dómi íslamska trúarréttarins í Egyptalandi sem staðfesti að bahá'í trúin er sjálfstæð trúarbrögð. Þær tengjast einnig fyrsta viðtali Mörtu Root við Marie Rúmeníudrottningu, ályktun Þjóðabandalagsins sem staðfesti tilkall bahá'í samfélagsins til húss Bahá'u'lláh í Bagdad, upphafsdögum ýmissa áætlana og svo framvegis. Ekki eru til neinar dagsetningar sem geta gefið til kynna að bahá'í trúin hafi eignast Verndara. Maðurinn sem sagði okkur að við mættum aldrei halda hátíðlegt neitt afmæli sem honum tengdist var ekki nefndur á nafn í þessum lista. Þekktustu verk Bábsins og Bahá'u'lláh eru talin upp, bahá'í dagatalið var endurútfengið, nöfn borganna sem 'Abdu'l-Bahá heimsótti á þriggja ára ferðalögum sínum eru talin upp. Þar er listi yfir miðstöðvar í Grænlandi sem fengið höfðu sendar bahá'í bækur, nöfn valinkunnra manna og kvenna sem höfðu hyllt trúna í ræðu og riti auk annarra upplýsinga. Mjög sérkennilegur lítill listi birtist reglulega í öllum nýjum bæklingum: „Samanburðarmælingar á frægum byggingum sem hafa hvolfþök“ – St. Péturskirkjan í Róm, St. Paul's í London, St. Sophia í Konstantínópel, algyðishofið í Róm. Þessi listi vekur til umhugsunar. Sá Shoghi Effendi fyrir sér þann dag þegar bahá'íar myndu byggja musteri til dýrðar Föðurnum sem skaraði fram úr hvað allar víddir varðaði þeim byggingum sem þar voru upp taldar?

Með hverri nýrri útgáfu tölfræðiupplýsinga fjölgaði andlegum þjóðarráðum. Að stofna þessar „stöðir“ framtíðar Allsherjarhúss réttvísinnar var verkefni sem Shoghi Effendi taldi vera eina helstu skyldu sína. Fáir bahá'íar muna sennilega eftir þeim níu nöfnum sem talin voru upp 1930: þjóðarráð bahá'ía í Kákasus, Egyptalandi, Stóra Bretlandi, Þýskalandi, Indlandi og Burma, Írak, Persíu, Turkistan, Bandaríkjunum og Kanada. Þótt þjóðarráðin tvö í Rússlandi og eitt í Persíu væru stofnuð til bráðabirgða og væru miðlæg ráð sem tóku að sér störf framtíðar þjóðarráða eins og þeirra sem við þekkjum núna meðan þess tíma var beðið að hægt væri að halda lögformlegar

kosningar með þátttöku þjóðkjörinna fulltrúa—voru þau engu að síður að uppfylla þau skyldustörf sem þjóðarráðum eru falin. Vegna þess að öll bahá'í starfsemi hafði verið bönnuð í Rússlandi hurfu þjóðarráðin í Kákasus og Turkistan algjörlega úr sögunni. Við lok fyrstu bahá'í aldarinnar voru því aðeins til átta andleg þjóðarráð. Þjóðarráð Ástralíu og Nýja Sjálands bættist í hópinn 1934.

Elsta þjóðarráð bahá'í heimsins þjónaði Bandaríkjunum og Kanada. Það varð til á tímum 'Abdu'l-Bahá og gekk þá undir nafninu „Bahá'í musteriseiningin“. Árið 1909 fékk það löggildingu og sama ár var „Frankvæmdaráð“ þess myndað. Þegar Verndarinn tók við embætti 1921 byrjaði hann strax að samræma grundvallarreglur og frá og með þeim tíma voru þessi framtíðar „Annars stigs hús réttvísinnar“ nefnd andleg þjóðarráð. Árið 1923 voru starfandi andleg ráð breskra, þýskra, indverskra og burmískra átrúenda. Andleg ráð bahá'ía í Egiptalandi, Súdan, Persíu, Írak, Ástralíu og Nýja Sjálandi komu fljótt á hæla þeirra. Svo mjög sem Verndarinn þræði að sjá þessar nýju „stoðir“ reistar varð hann að ganga úr skugga um að samfélagið væri nægilega sterkt—og þá sérstaklega að grundvöllur fyrir svæðisráð væri nægilega tryggur—áður en hann gæti heimilað kosningu andlegs þjóðarráðs. Árið 1948 ýtti hann Kanada úr vör sem stjórnskipulega sjálfstæðu landi og 1951 komu í kjölfarið tvö önnur þjóðarráð, eitt fyrir Mið-Ameríku og annað fyrir Suður-Ameríku. Í huga Shoghi Effendi var ástæðan fyrir því að setja eitt þjóðarráð yfir tvö eða fleiri lönd mjög skýr. Hann útskýrði þetta fyrir indverskum bahá'í píligrími 1929 sem skrifaði niður orð hans: „Hann er mótfallinn aðskilnaði Burma og Inlands því hann segir að við eigum svo fáar starfandi hendur og aðskilnaður verði til þess að dreifa kröftum okkar. Það sem við þurfum mest á að halda á þessum tíma sé að treysta allan liðsafla okkar og auðlindir . . .“

Við myndun þessara víðfeðmu stofnana í Mið- og Suður-Ameríku sem fengu heitið þjóðarráð, þótt samsetning þeirra og starfsemi væri í eðli sínu umdæmisbundin, hófst nýr áfangi í þróun stjórnskipulags trúarinnar. Shoghi Effendi lét stærð verkefna eða erfiðleika sem þeim voru samfara aldrei hræða sig og hann sýndi ekki heldur neinn undirlægjuhátt gagnvart ríkjandi skoðunum eða aðferðum. Í níu ár vann hann eingöngu að þessum víðfeðmu „umdæmis“ ráðum sem störfuðu á þjóðarsviði—nema þegar í hlut átti þjóðarráð Ítalíu og Sviss sem kosið var 1953. Verkefni voru sannarlega feiknamikil. Þessi tvö þjóðarráð í Mið- og Suður Ameríku náðu yfir 20 lönd. Þjóðarráðin fjögur í Afríku

sem voru mynduð árið 1956 náðu yfir 57 landssvæði. Þetta þýddi að níu manns, oft búsettir í löndum sem voru í órafjarlægð hvert frá öðru, urðu að taka ráð saman og stjórna málefnum dreifðra, ungra og óreyndra ráða og samfélaga á meira en hundrað þúsund ferkílómetra svæði. Enginn vafi er á því að hefði Shoghi Effendi kallað sér til ráðgjafar aðra bahá'ía hefðu þeir dregið í efa visku slíkra ákvarðana og verkefna og lagt til að aðeins yrðu stofnuð „hreinræktuð“ þjóðarráð eða að minnsta kosti miklu smærri héraðs- eða umdæmisráð. Til allrar hamingju hafði Verndarinn ekki samráð við neinn. Með skýrum og skörpum huga lagði hann mat á kosti og ókosti þessara tveggja möguleika og valdi þann sem á yfirborðinu virtist vera óhentugri á allan hátt. Hann tók marga þætti með í reikninginn þegar hann ákvað þetta, en það sem þó vakti aðallega fyrir honum var brýn þörf allra þessara landa á miðstýringu. Ekki var lengur hægt að stjórna með góðu móti frá bækistöðvum handan hafsins sem voru undir yfirstjórn annarra þjóðarráða, hversu hæf og helguð sem þau voru sem sjálf unnu að því að framkvæma síðari áfanga hinnar guðlegu áætlunar með nefndum sínum. Helsta markmiðið með kennslu trúarinnar á nýjum vettvangi var líka að þjálfa nýja átrúendur til að takast á herðar ábyrgð af starfinu á sínum eigin svæðum. Úrvalsveit reyndra bahá'í brautryðjenda, stjórnenda og kennara var starfandi í Suður-Ameríku og í Afríku en þeir voru ekki nægilega margir til að geta starfað í 20 sjálfstæðum þjóðarráðum í Mið- og Suður-Ameríku og allt of fáir fyrir landssvæðin 57 í Afríku. Svarið við öllu þessu voru þjóðarráð sem höfðu lögsögu yfir mörgum löndum meðan þess tíma var beðið að sérhver þjóð kæmi sér upp nógu sterku neti svæðisráða með þroskuðum átrúendum, dýpkuðum í kenningunum sem þeir höfðu nýlega játað og sem gætu axlað ábyrgð á stjórnun og framþróun trúarinnar í sínum eigin löndum. Þau markverðu afrek sem þessi umdæmisráð unnu með stöðugri hvatningu Shoghi Effendi, einráðin í að uppfylla sögulegt hlutverk sitt, réttlæta fullkomlega þessa aðferð við myndun þjóðarráða.

Þegar Verndarinn valdi löndin sem hann færði undir lögsögu eins þjóðarráðs sýndi hann fram á þá staðreynd að bahá'í trúin er ekki alþjóðlegs eðlis heldur yfirþjóðleg, fylgjendur hennar eru ofar þjóðinni í trú sinni og stefnu. Í vali sínu hugsaði hann ekki um þjóðarfordóma, pólitískan fjandskap eða trúarágreining—ekkert slíkt hafði áhrif á ákvarðanir hans þegar hann valdi lönd sem áttu að starfa saman undir einu ráði. Í hans huga komu jarðbundin íhugunarefni af þessu tagi

ekki til greina þótt hann fylgdist gjörla með samtímaviðburðum og væri aldrei blindur á staðreyndir. Það voru hin guðlegu öfl trúarinnar sem hann notaði, trúar sem hann sagði svo fagurlega að „nærast af... hulinni uppsprettu himnesks máttar“ og „breiðist út eftir leiðum sem eru leyndardómsfullar og stinga algjörlega í stúf við almennt viðurkennda mælikvarða.“

Það var ekki fyrr en 1957 að hann tók aftur til við að mynda þjóðarráð í hverju landi fyrir sig. Í apríl sama ár kusu Alaska, Pakistan og Nýja Sjáland sín eigin bahá'í þjóðarráð. Þetta var sögulegur viðburður í þróun stjórnskipulagsins því ekki færri en ellefu ný þjóðarráð voru mynduð þetta árið. Annarstaðar voru umdæmisráð fyrir Norðaustur-Asíu, Suðaustur-Asíu, Benelux-löndin, Arabíu, Spán og Portúgal, Skandinavíu og Finnland, Antilles og norðlæg lönd Suður-Ameríku sem mynduðu nýtt sameiginlegt ráð. Það sem fram að þessu hafði verið eitt þjóðarráð fyrir Suður-Ameríku og eitt fyrir Mið-Ameríku urðu að tveimur smærri umdæmisráðum í Suður-Ameríku meðan Mið-Ameríka var að hluta til skilin frá og eyjalýðveldin sameinuðust um að kjósa sitt eigið ráð. Áður en síðustu miklu kennsluherferðinni sem Shoghi Effendi stofnaði til lauk höfðu öll lýðveldi Suður-Ameríku fengið sín eigin sjálfstæðu þjóðarráð eins og hann hafði gert ráð fyrir þegar hann gekk frá tíu ára áætluninni um alþjóðlega bahá'í kennslu og treystingu. Eitt mest hrífandi og örðugasta verkefni þeirrar áætlunar var að fjórfalda tölu þeirra þjóðarráða sem þá voru starfandi þannig að þau yrðu rúmlega fimmtíu talsins.

Það er ekki mögulegt í stuttri úttekt á starfinu sem Shoghi Effendi vann eins og þeirri sem gerð er í þessari bók að lýsa í smáatriðum þeirri þróun sem varð í hverju einstöku landi á embættisferli hans. Til þess þarf ítarlega sagnfræðilega könnun og miklar rannsóknir á þeim heimildum sem smám saman er verið að safna saman við Heimsmiðstöðina. Þar sem hann sá sjálfur alltaf starf sitt í mjög breiðum útlínum verðum við hér að fylgja braut halastjörunnar yfir festinguna. Andlegur sigur yfir öllum heimi—yfirlýst markmið kenninga Bahá'u'lláh—tengist fyrst og fremst framkvæmdinni á guðlegri áætlun 'Abdu'l-Bahá. Þegar amerísku átrúendurnir fylgdu í hverri kennsluherferðinni á fætur annarri þeim markmiðum sem áætlun hans hafði gefið þeim, leystist gríðarlegur kraftur úr læðingi um allan bahá'í heiminn. Ef líta má á norður-ameríska samfélagið sem Himalajafjöllin—voldug vatnaskil aflanna í útbreiðslu málstaðar Guðs—má líta á önnur samfélög sem

ár og læki sem renna í þau miklu fljót sem þaðan streyma, flæða yfir bakka sína og veita vatni yfir allar lendur.

Fordæmið sem gefið var með afrekum fyrstu sjö ára áætlunarinnar blés öðrum samfélögum kjark í brjóst. Meðvitund um dýrlega þjónustumöguleika sem opnuðust bahá'í heiminum á annarri öld trúarinnar jókst stöðugt með skilaboðum Verndarans til hinna ýmsu þjóðarráða. Hann vitnaði oft til orða Bahá'u'lláh: „*Keppið hvert við annað í þjónustunni við Guð og málstað hans*“ og hvatti opinskátt til samkeppnisanda í sinni göfugustu mynd. Notkun hans á tölfræðinni var eitt dæmi um hvernig hann gerði þetta, eða svo notuð séu hans eigin orð í símskeyti til Ameríku 1941: „Andleg samkeppni sem vekur skipulagða fylgjendur Bahá'u'lláh í austri og vestri til athafna mun aukast nú þegar líður að lokum fyrstu bahá'í aldarinnar.“ Hann fagnaði slíkri samkeppni sem tákni um bahá'í samstöðu í fimm heimsálfum—eins og fákar rómverskra stríðsvagna sem reyna hver og einn að komast fram úr hinum en eru allir samsíða. Það væri ekki við hæfi að segja að hann hafi kallað eftir hæsta tilboði—en hann hikaði aldrei við að segja stríðsmönnum sínum að hægt væri að vinna gullreyfið, hver myndi ná því fyrstur? Vafalaust var það allt guðlega innblásið en það var einnig hlýtt og mannlegt, þróttmikið og örvandi!

Fréttirnar af sigrunum sem unnust í fyrstu sjö ára áætluninni sem Verndarinn sendi í fjölmörgum innblásnum skilaboðum til átrúendanna í Persíu fyllti samkvæmt skeyti sem hann sendi 1943 „austrænu samfélögin gleði, aðdáun og furðu... Níutíu og fimm persneskar fjölskyldur fylgja fordæmi amerískra frumherja trúarinnar.“ Þær höfðu farið frá heimilum sínum og voru á leiðinni að hefja fána trúarinnar á loft í Afghanistan, Balukistan, Sulaimaniya, Hejaz og Bahrein. Gerjun var hafin á Indlandi og í Egyptalandi. Íraskir bahá'íar hröðuðu sinni eigin áætlun um að krýna fyrstu öld trúarinnar sigursveigum. Bahá'íar í austri og vestri voru að skrifa síðustu blaðsíðurnar í sínum eigin köflum í sögunni af fyrstu öld trúarinnar.

Hátíðahöldunum lauk þremur mánuðum eftir að þau hófust í maí 1944 og Verndarinn sendi þessi boð til norður-ameríska samfélagsins: „Minnisverðum kafla í sögu trúarinnar á Vesturlöndunum er lokið. Nýr kafli er nú að hefjast og áður en honum lýkur verður hann að skyggja á fræknustu sigrana sem þeir sem óttalausir hrundu af stað fyrsta áfanganum í hinni miklu áætlun sem 'Abdu'l-Bahá lagði fyrir amerísku átrúendurnar unnu af slíkum hetjuskap.“ Shoghi Effendi sagði að þeir

stæðu á þröskuldi nýs áfanga í röð herferða sem leiða ætti útvalda viðtakendur þessara tímamótataflna til ystu marka jarðar þar sem þeir myndu reisa fána málstaðarins og leggja óbifanlegan grundvöll að stjórnskipulagi trúar Bahá'u'lláh.“ Ekki er hægt að gera hlutina hér á jörðu á marga vegu. Shoghi Effendi var andlegur hershöfðingi sem leiddi herafla til andlegra sigra—en bardagaaðferðirnar voru ævagamlar: skipulegðu herdeildir þínar, beittu vandlega úthugsaðri hertækni, blástu til sóknar, vertu í stöðugum samskiptum við vígstöðvarnar, náðu í liðsauka, reistu virki á sigruðu svæðunum, kallaðu saman heraflann og byrjaðu á næstu herferð. Þegar hersveitir framúrskarandi leiðtoga öðlast meiri reynslu minnka hléin sem verða milli herferða. Þetta átti við um áætlanir Shoghi Effendi.

Þegar hann hafði unnið sína fyrstu stóru herferð sneri hann sér að því að treysta sigra sína. Hann upplýsti ameríska þjóðarráðið um að svæðisráðin sem unnist höfðu með ærinni fyrirhöfn yrði að varðveita, lyfta hópum upp á svæðisráðsstig, fjölga miðstöðvum, kunngera öllum almenningi trúna og dýpka skilning nýrra átrúenda á henni. Til viðbótar átti að þýða meira af bahá'í ritum og gefa þau út til gagns fyrir starfið í Suður-Ameríku. En fyrst og fremst átti að stofna ráð í öllum þeim lýðveldum álfunnar þar sem slík ráð voru ekki starfandi.

Milli fyrsta stigsins í þeirri herferð amerísku átrúendanna sem lauk með fyrstu sjö ára áætluninni og annars hluta þeirrar áætlunar varð það sem Shoghi Effendi kallaði við upphaf annarrar sjö ára áætlunarinnar „tveggja ára hlé“. Það er ólíklegt að ameríska samfélagið hafi gert sér grein fyrir að allt þeirra starf milli 1944 og 1946—sem teygði sig frá Anchorage í norðri til Magallanes í suðri—hafði verið „hlé“ fyrr en Verndarinn lýsti því yfir. Þegar „stríðshráð, vonsvikið og gjaldþrota samfélag“ gerði hlé á blóðugum bardögum eftir sex ár og byrjaði að sleikja sárin við stríðslok í Evrópu sumarið 1945 sagði Shoghi Effendi amerísku bahá'íunum að framkvæmdaaðilar hinnar guðlegu áætlunar yrðu að „gyrða lendar sínar, kveðja saman mannafla sinn“ og búa sig undir næsta skrefið í ætlunarverki sínu. Hvatningar hans mánuðina áður en sjö ára áætluninni var hleypt af stokkunum snertu huga og hjarta amerísku átrúendanna. Hann sagði þessum „sendiherrum trúar Bahá'u'lláh“ að „sorgmæddar, stríðshráðar, ráðþrota þjóðir og kynkvíslir“ biðu eftir græðandi mætti trúarinnar, biðu þess að hún yrði færð þeim eins og hún hafði verið færð þjóðum og kynkvíslum Ameríku. Fréttir sem honum bárust um hlutskipti átrúendanna í

Dýskalandi og Búrma, tveggja gamalreyndra samfélaga, snertu hann djúpt og ollu honum slíku hugarangri að hann byrjaði strax að hvetja alla „samverkamenn þeirra í löndum sem forsjónin hafði hlíft við hryllingi innrásar og öllum þeim meinsemdum, illsku og eynd sem henni fylgdi“ að gera tafarlaugar ráðstafanir til að létta hlutskipti þeirra. Hann höfðaði sérstaklega til ameríska samfélagsins sem „notið hafði mesta skjóls og verndar allra systursamfélaga sinna í austri og vestri“ meðan á stríðinu stóð og auk þess fengið þau forréttindi að framkvæma svo volduga áætlun. Hann hvatti þá til að gera allt sem í þeirra valdi stæði til að veita fjárhagsaðstoð og hjálpa með öllum tiltækum ráðum.

Upphaf annarrar sjö ára áætlunarinnar sem var „annað stærsta sam-eiginlega átak í sögu bahá'í trúarinnar í Ameríku“ var tilkynnt formlega á landsþinginu 1946. Svo gæti virst sem allt það starf sem unnið hafði verið með svo góðum árangri frá 1921 hefði haft að markmiði að skapa í Vesturálfu miklar heimavígstöðvar trúarinnar þaðan sem nýi heimurinn gæti gert vel skipulagða árás á gamla heiminn, Evrópu, sína gömlu heimsálfu. Útbreiðsla norður-ameríska samfélagsins náði á sjö árum til allra fylkja Bandaríkjanna og allra héraða Kanada og fjölgaði miðstöðvum úr 300 í 1000—auk sigursællar andlegrar herferðar sem farin var í Suður-Ameríku. Enn einu sinni safnaði Shoghi Effendi saman litlum her „vina Bahá'u'lláh.“ Ameríka, barn gamla heimsins, var nú fullvaxinn ungur risi, reiðubúinn að snúa aftur til ættlandsins, ferskur og þróttmikill. Hans beið það hlutskipti eins og Shoghi Effendi skrifaði á næstu áratugum „að vinna andlegan sigur á meginlandi, sem íslam tókst ekki að leggja undir sig, og sem réttilega er talið móðir kristindómsins, uppspretta amerískrar menningar, driffjöður vestrænnar siðmenningar...“

Markmið þessarar nýju áætlunar þar sem Evrópa var forgangsmarkmið og gekk undir nafninu Evrópuherferðin voru sem hér segir: Treysting kennslustarfsins á meginlandi Ameríku, verklok við innanhússkreytingu móðurmusteris Vesturlanda fyrir fimmtugsafmæli þess 1953, þremur stöðum skotið undir framtíðar Allsherjarhús réttvísinnar með kosningu þjóðarráðs Kanada, Mið- og Suður-Ameríku, kerfisbundin kennsluherferð í Evrópu sem miðaði að stofnun andlegra ráða á Pýreneaskaga (Spáni og Portúgal), í Hollandi og Belgíu, í Skandinavíu (Noregi, Svíþjóð og Danmörku) og loks Ítalíu. Shoghi Effendi lauk skilaboðum sínum með því að segja að hann

myndi sjálfur leggja fram tíu þúsund dollara sem sitt fyrsta framlag til margvíslega málefna sem tengdust „þessari dýrlegu kennsluherferð sem tekur langt fram öllum öðrum verkefnum sem fylgjendur trúar Bahá'u'lláh hafa tekið sér fyrir hendur á fyrstu öld trúarinnar.“

Sex vikum síðar barst símskeyti frá Shoghi Effendi til ameríska þjóðarráðsins þess efnis að strax þyrfti að senda „nú hæfa brautryðjendur“ til eins margra Evrópulanda og kostur væri á. Í símskeytinu sagði ennfremur að bæta ætti Lúxemborg og Sviss við í hóp Hollands og Belgíu. Þannig urðu „marksmiðslöndin tíu“ til í bahá'í orðaforðanum. Með hliðsjón af þeim miklu framförum sem urðu í Norður-Evrópu var Finnlandi einnig bætt við markmið áætlunarinnar. Auk Bretlands og Þýskalands var bahá'ía að finna í Frakklandi, Sviss, Noregi, Svíþjóð, Danmörku, Júgóslavíu, Tékkóslóvakíu, Búlgaríu og hugsanlega í öðrum löndum en þeir voru yfirleitt of einangraðir eða sættu of mikilli frelsisskerðingu til að geta tekist á hendur kennslustarfsemi í stórum stíl. Þetta upphaf kerfisbundinnar og vel skipulagðrar áætlunar í „stríðshrjádri og andlega sveltandi“ Evrópu þýddi að ameríska samfélagið starfaði nú „á báðum jarðarhvelum í öðru og óviðjafnalega dýrlegu stigi kerfisbundinnar kennsluherferðar sem í fyllingu tímans mun ljúka í andlegum sigri yfir allri jarðarkringlunni.“ Það þýddi að ameríska samfélagið yrði önnum kafið við örðug viðfangsefni í þrjátíu löndum auk þess sem tryggja þyrfti að grundvöllur væri fyrir kosningu andlegs þjóðarráðs Kanada 1948, en svæðisráðin í hinum ýmsu héruðum Kanada voru í flestum tilvikum ný og veikburða.

Ást og aðdáun Verndarans á þessum átrúendum á heimavígstöðvunum, sem í mesta lagi voru nokkur þúsund bahá'íar, jókst stöðugt þegar þeir börðust hetjulega við hina ýmsu dreka sem þeir höfðu náð í halann á. Þótt hann hafi stundum sagt „við“ í einu hjartnæmasta skeyti sínu við upphaf þessarar nýju áætlunar virtist notkunin á þessari fyrstu persónu fleirtölu skýr vísbending um hversu mjög hann hafði samsamað sig samfélagi átrúendanna í Ameríku sem höfðu fylgt honum eftir af slíkri trúmennsku allt frá þeirri stund er þeir heyrðu að hann væri Verndari þeirra: „Við stöndum of nálægt þeirri göfugu byggingu sem við erum að reisa . . . til þess að geta metið það framlag sem við, handhafar þess umboðs sem 'Abdu'l-Bahá gaf okkur og kyndilberar þeirrar siðmenningar sem þetta skipulag mun ala af sér, höfum valist til að leggja fram til sigurs fyrir trú okkar yfir öllum heimi . . .“ Þeir voru í sannleika að verða systur hans og bræður!

Shoghi Effendi sagði að það væri gagnslaust að reyna að gera sér í hugarlund á þessu stigi í þróun trúarinnar hvert þessi nýja áætlun myndi leiða. Dagskipunin væri ljós og framtíðin myndi ráðast af aðgerðum sem gripið yrði til strax. Ekkert tækifæri mætti glatast, ekki mætti færast undan neinni skyldu, ekki gera neitt með hálfvelgju, ekki draga neina ákvörðun á langinn. Öll tiltæk úrræði, andleg og efnisleg, yrðu að beinast að þeim verkefnum sem framundan væru. Allir yrðu að taka þátt, hversu takmörkuð sem þátttakan yrði, hversu hógvært, afmarkað eða lítt áberandi sem framlag þeirra væri þangað til allri orku hefði verið eytt og við hefðum „sæl og örmagna“ náð inn fyrirheitinni uppskeru. Meginland Evrópu „var í umróti, þar var pólitískt uppnám, efnahagslegur glundroði, öll heimsálfan á andlegri vonarvöl.“ En þetta var vettvangurinn þar sem ameríska samfélagið yrði nú að hefja „fyrsta áfangann í trúboðsstarfsemi sinni handan Atlantshafsins“, „á meðal þjóða sem eru svo vonsviknar, af svo ólíkum uppruna, með svo ólík tungumál og viðhorf, svo andlega vanefna, svo lamaðar af ótta, svo ráðvilltar og siðferðilega niðurlægðar, svo sundraðar af innbyrðis átökum . . .“

Þegar þessir frumherjar annarrar sjö ára áætlunarinnar hófu verk sitt voru til tvö evrópsk bahá'í samfélög sem báru það nafn með rentu, Bretland og Þýskaland. Bæði löndin áttu sér langa bahá'í sögu og þar höfðu þjóðarráð verið starfandi áður en styrjöldin hófst. Í Bretlandi hafði aldrei orðið hlé á starfseminni en öll opinber bahá'í starfsemi í Þýskalandi var bönnuð af nasistum árið 1937. Samfélagið var nú aftur tekið til starfa og sýndi hetjuskap þegar það safnaði saman hjörðinni sem styrjöldin hafði tvístrað. Evrópukennslunefnd ameríska þjóðarráðsins og sívaxandi fjöldi brautryðjenda í markmiðslöndunum tíu unnu náið með þeim. Framfarirnar urðu svo hraðar að á öðru ári þessarar nýju áætlunar voru átta ný svæðisráð starfandi í þessum löndum og þegar starfið fór hraðvaxandi víkkaði Verndarinn markmiðin og tók Finnland með í hópinn.

Með sama brennandi áhuga og hann hafði veitt forystu framkvæmdum í fyrri sjö ára áætluninni markaði hann nú stefnu hinnar síðari. Árið 1948 sagði hann vinunum að ameríska bahá'í samfélagið hefði fært sönnur á getu sína sem „forystuafli“ trúarinnar og réttlætt það traust sem því hefði verið sýnt. Það væri staðráðið í að halda forystu sinni meðal systursamfélaganna og hefði vakið aðdáun og öfund ýmissa samfélaga í austri og vestri. Shoghi Effendi benti á að

sigrarnir sem unnist höfðu í Evrópu væru þeim mun verðskuldaðri sem umhverfi og aðstæður voru erfiðari og byðu upp á meiri ögranir en gerst hafði í Suður-Ameríku. Þótt dregið hefði úr eymd og armæðu eftir stríðið breyttust erfiðleikarnir við að kenna þjóðum Evrópu málstað Bahá'u'lláh ekki í grundvallaratriðum. Nokkrum mánuðum fyrir andlát sitt skrifaði Shoghi Effendi bréf til eins þjóðarráðs sem var jafn skýrt og skorinort hvað varðaði þetta mikla vandamál og bréfin sem hann sendi 1946: „Í stöðugri viðleitni sinni við að upplýsa hjörtu samlanda sinna með ljómanum frá opinberun Bahá'u'lláh og í daglegum samskiptum við þjóðir sem í eðli sínu eru einkar íhaldssamar, vanafastar, yfirleitt tengdar böndum rétttrúnaðar, djúpt sokknar í efnishyggju og fyllilega sáttar við sín eigin viðmið og hugmyndir,“ myndi bahá'íum „eðlilega finnast starfið ganga hörmulega illa, vera afar torsótt og vekja oft mikil vonbrigði... samt munu fræin sem þeir sá undir vökulu auga forsjónarinnar og vegna þeirra þrenginga sem gálaus kynslóð hlýtur fyrr eða síðar að þurfa að ganga í gegnum, þroskast og bera á tilskildum tíma svo ríkulega uppskeru að þeir verða furðulostnir.“

Mitt í þessu mikla verki í Evrópu sem hafði svo sannarlega kveikt ímyndunarafl bahá'ía um allan heim, þar á meðal samfélaganna í Suður-Ameríku—sem gátu sent sína eigin brautryðjendur til að aðstoða við þessa nýju kennsluferð—blasti alvarleg kreppa við aðþrengdum amerískum bahá'íum. Kostnaður við verklok hins ástkæra musteris þeirra hafði aukist mjög vegna innanhússkreytinga sem voru úr sama efni og ytri skreyting musterisins og næstum því jafn dýr enda hafði efni í innanhúsklæðninguna hækkað verulega. Þetta olli Shoghi Effendi erfiðleikum. Hann kannaði aðstæður vandlega og tók síðan tafarlausa ákvörðun um hvernig leysa ætti málið. Það er upplýsandi að sjá hvað það var sem honum þótti í lagi að víkja til hliðar og hvað skipti hann máli. Fé sem átti að verja til hins mikilvæga starfs í Evrópu, til útbreiðslu og viðhalds dýrmætra ráða og miðstöðva í Suður og Norður-Ameríku mátti ekki skera niður. Að halda ameríska landsþingið og prenta bahá'í tíðindi hafði forgang að hans mati, en aðra starfsemi svo sem kynningar, útgáfur og sumarskólar mátti annaðhvort skera verulega niður eða fresta í tvö ár (1949 og 1950). Eins og allir miklir hershöfðingjar vildi hann verja þrennt: víglínurnar, „höfuðstöðvarnar“ (eins og hann kallaði þær) og samskiptaleiðirnar. Önnur mál sannfærðu Verndarann hinsvegar um það árið 1951 að ekki ætti að einskorða þetta

mikla aðhaldstímabil við Ameríku heldur víkka það þannig að það næði til alls bahá'í heimsins. Hann hafði nýlega skrifað undir samning um alla steinsmíði við grafhýsi Bábsins. Bygging þess, myndun alþjóðlega bahá'í ráðsins og almenn útfærsla starfsins í landinu helga leiddi til þess að hann hvatti öll andlega þjóðarráð, svæðisráð og einstaka átrúendur til að skera niður fjárhagsáætlanir, sýna mikla viðleitni og fórnarlund og koma Heimsmiðstöðinni til hjálpar. Hann sagði í símskeyti að ekki yrði hjá því komist að framlengja tíma sparnaðar og aðhalds sem hefði komið niður á starfsemi ameríska bahá'í samfélagsins. Allur bahá'í heimurinn yrði að fara í slíkar aðhaldsaðgerðir og viðurkenna þannig brýnar þarfir og einstæða þýðingu dýrlegs alþjóðlegs verkefnis. Amerísku bahá'íarnir höfðu þegar árið 1950 safnað hálfri milljón dala til innri skreytingar musterisins og þannig axlað sérlega þungar skuldbindingar.

Á þessum árum var kanadíska samfélagið—sem átti mun minni aðkomu að framkvæmd hinnar guðlegu áætlunar en hið bandaríska—svo upptekið af fimm ára áætluninni sem Verndarinn hafði falið því að framkvæma þegar það varð sjálfstætt þjóðarráð árið 1948 að það hafði enga burði til að bjóða bandaríska bahá'í samfélaginu mikla aðstoð. Myndun tveggja þjóðarráða til viðbótar í Mið- og Suður-Ameríku gerði enn meiri kröfur til dugnaðar þeirra, hugrekkis og efnislegra eigna. Með alla þessa byrði á bakinu héldu þeir samt áfram að vinna mikla sigra á síðustu árum annarrar sjö ára áætlunarinnar. Shoghi Effendi var svo ánægður með þann hetjuanda sem þetta samfélag sýndi, sem réttlætti ár eftir ár þær miklu vonir sem hann hafði bundið við það, að sumarið 1950 lagði hann til að þegar aldarminning píslarvættis Bábsins yrði haldin með öllum þeim sáru minningum sem það vekti væri vel við hæfi að samfélagið tæki ákvörðun um að færa á aldarafmæli ætlunarverks Bahá'u'lláh við lok annarrar sjö ára áætlunarinnar „verðuga, fimmfalda fórn . . . á altari trúar Bahá'u'lláh“ með því að styrkja stóðir stofnananna í Norður-Ameríku, viðhalda þeim styrk sem náðst hefði í markmiðslöndunum tíu í Evrópu, ljúka innri fegrun musterisins og aðstoða við að reisa hvelfingu enn heilagri byggingar við Heimsmiðstöð trúarinnar. Þótt samfélagið væri aðeins „aðþrengt samfélag á unglings skeiði“ minnti Shoghi Effendi það á að „sá forði himnesks máttar sem það gæti sótt styrk sinn í sé ómælanlegur og muni hiklaust úthella örvandi áhrifum sínum yfir þá ef þeir sýndu nauðsynlega daglega viðleitni og færðu fúslega þær fórnir sem

þörf væri fyrir.“

Þeir mörgu sigrar sem bahá'íar í Bandaríkjunum og Kanada unnu, meðal annars við þjónustustörf sem innt voru af hendi á meginlandi Afríku á lokaárum herferðarinnar og aldrei höfðu verið nefnd í upphaflegu áætluninni, urðu Verndaranum hvatning til að bæta sjöttu fórninni við á altari Bahá'u'lláh, þeirri sem hann nefndi fegursta ávöxt hins mikla Evrópuverkefnis. Árið 1952 sendi hann símskeyti þess efnis að áður en annarri sjö ára áætlun ameríska samfélagsins lyki ætti að mynda andlegt þjóðarráð bahá'ía Ítalíu og Sviss. Hann sagði að gera ætti kennslunefnd Evrópu kunnugt um lok dýrlegs verkefnis og senda formlegt boð til andlegs afkvæmis hennar, nýstofnaðs þjóðarráðs, um að taka höndum saman við systursamfélög sín í Bandaríkjunum, á Bretlandseyjum og Þýskalandi á alþjóðlegri ráðstefnu sem halda ætti í höfuðborg Svíþjóðar í ágúst sama ár. Hann úrskýrði að hann ætlaði að treysta þessu yngsta ráði bahá'í heimsins fyrir sinni eigin sérstöku áætlun sem yrði hluti af heimsáætlun sem hleypt yrði af stokkunum milli annars og þriðja aldarafmælisins. Það var orðin fastur liður í starfi Verndarans að gefa þessum nýju þjóðarráðum áætlun í fæðingargjöf!

Við getum rétt ímyndað okkur hve hugfangnir og himinlifandi fylgjendur Bahá'u'lláh urðu þegar þeir heyrðu þessar heillandi fréttir. Þeim virtist það sem var að gerast ganga kraftaverki næst. Þeirra „sanni bróðir“ fékk þá til að trúa því í auðmýkt sinni, með hrósi og ástúð að öll slík kraftaverk væru þeirra eigin verk. Að Ítalíu skuli hafa tekist á einum áratug að byggja upp úr nánast engu nógu mörg svæðisráð til að landið gæti ásamt Sviss borið uppi sjálfstætt þjóðarráð var afrek sem enginn hafði getað látið sig dreyma um.

Til að geta skilið að einhverju leyti hversvegna þriðja sjö ára áætlunin, sem Verndarinn hafði oft rætt um eftir að fyrstu bahá'í öldinni lauk 1944, varð í staðinn að tíu ára áætlun verðum við að átta okkur á einni grundvallarkenningu í trú okkar. Réttlátur og ástríkur Guð leggur ekki byrðar á neina sál sem hann gefur henni ekki styrk til að bera. Forréttindi fela í sér ábyrgð sem þjóðir, kynkvíslir og einstaklingar verða að axla. Í þeim mæli sem þeim tekst að uppfylla ábyrgð sína njóta þeir blessunar og aðstoðar og í sama mæli og þeir bregðast þeirri ábyrgð verður þessi blessun og aðstoð frá þeim tekin.

Shoghi Effendi hafði skrifað við upphaf fyrstu sjö ára áætlunarinnar að ef ekki tækist að nota þessi gullnu tækifæri táknaði það að ameríska bahá'í samfélagið glataði dýrmætustu forréttindum sem forsónin gæti

veitt því.“ „*Ríki Guðs*“, sagði ‘Abdu’l-Bahá, „*býr yfir takmarkalausum mætti. Sóknjarfur verður her lífsins að vera ef staðfesting og hjálp þess ríkis á stöðugt að veitast honum...*“ Það var í samræmi við þetta mikla lögmál að fylgjendur Bahá’u’lláh sem treyst hafði verið fyrir hinni guðlegu áætlun stigu fram til að mæta þessari áskorun. Með þjónustu sinni fengu þeir sífellt meiri hjálp af hæðum, inntu hugprúðir af hendi heilaga skyldu sína og sáu himneska hjálp berast fljótt og vel. Sigursæll her sem sópar burt öllum hindrunum sem á vegi hans verða upptendrast svo mjög af sigrum sínum að hann þarf ekki á hvíld að halda og er reiðubúinn að halda sókninni áfram. Þannig var andrúmsloftið í bahá’í heiminum þegar árið helga 1953 nálgadist. Hundrað ár voru þá liðin frá því Bahá’u’lláh fór í útleðina til Bagdað, árið níu samkvæmt bahá’í tímatali þegar hann fékk fyrstu opinberun sína í prísundinni Síyáh-Chál. Leiðtoginn Shoghi Effendi þurfti ekki mikla uppörvun til að halda áfram og hvíldist aldrei. Því kemur það ekki á óvart þegar við höfum í huga bæði stundina og manninn að bahá’íar fengu ekki þriggja ára hvíld heldur tólf fullmótaðar áætlanir—eina fyrir hvert þjóðarráð—tilbúnar til framkvæmda um leið og merkið var gefið á Ríðván 1953.

Hátíðahöldin á aldarafmæli bahá’í trúarinnar 1944 fóru fram með glæsibrag þótt þau væru haldin í skugga ægilegustu styrjaldar sem heimurinn hafði þekkt. Samt féllu þau í skuggann af þeirri hátíð sem tengdist aldarminningu opinberunar Bahá’u’lláh í Síyáh-Chál. Mánuðina áður en þess mikla atburðar var minnst minnti Verndarinn bahá’í heiminn á áhrifamikinn hátt á bylgjur ofsókna og píslarvættis sem höfðu skolið á svo mörgum lærisveinum Bábsins, svo mörgum hetjum, svo mörgum saklausum konum og jafnvel börnum og náð hámarki þegar æðsta opinberanda Guðs var varpað í skelfilega neðanjarðardýflissu strax eftir misheppnað tilræði til Násiri’d-Dín Sháh 15. ágúst 1852. Verndarinn ákvað að minningarhátíð hins helga árs—hátíðahöld ársins níu—skyldu hefjast um miðjan október 1952. Mikil eftirvænting greip um sig meðal átrúenda í austri og vestri sem nú voru frjálssir að því að fagna þessum viðburðum af hjartans gleði í öllum heimshlutum. Kannski var þetta í fyrsta sinn í sögunni sem bahá’íar skynjuðu sanna einingu sína sem heimssamfélag. Í okkar huga hafði eining, alltaf verið kenning, sem við sögðum öðrum frá og trúðum fastlega á en nú skynjuðum við hana öll sem mikinn og dýrlegan veruleika. Áætlanir fyrir framtíðina sem Shoghi Effendi setti

í gang með öflugum boðum sínum urðu til þess að kveikja þessa nýju vitund.

Í lok nóvember 1951 upplýsti Shoghi Effendi okkur um það í símskeyti sem stílað var til allra þjóðarráða að langþráður alþjóðlegur áfangi í stjórnskipulegri þróun trúar okkar hefði náðst. Hann benti á að við hefðum starfað á svæðis-, héraðs- og þjóðarsviði en nú væri sú heillavænlega stund runnin upp að viðhorf okkar til bahá'í heimsins hefði víkkað og við værum byrjuð að hugsa á alþjóðavísu. Allur heimurinn með þjóðum sínum og meginlöndum væri orðinn vettvangur kennslustarfsins. Shoghi Effendi mótaði atburðina þannig að tvö gjörólík svið mættust og runnu saman í eina volduga og skapandi kraftmiðstöð. Annað sviðið var fortíðin, minningin um hina hjartaskerandi atburði sem höfðu gerst—píslavættisdauða, fangelsun Bahá'u'lláh, dulræna reynslu hans og opinberun í Síyáh-Chál, útlegð hans og alla þá atburði sem stuðla að þroska og framförum mannanna á ferðalagi þeirra til skapara síns. Hitt sviðið var samfylking allra skipulagðra bahá'í samfélaga jarðar í einni mikilli áætlun, næsta skrefinu í þróun guðlegrar áætlunar 'Abdu'l-Bahá.

Shoghi Effendi var snortinn af anda þeirra tveggja upphöfnu opinberenda sem leiðbeindu honum á óskeikulan hátt eins og 'Abdu'l-Bahá hafði heitið í erfðaskrá sinni. Hann einbeitti sér af huga og sál að útbreiðslu trúarinnar sem hann var skipaður til að verja og vernda. Verndari er fremur daufleg þýðing á upprunalegu arabísku orðunum „Valíyy-i-Amru'lláh“ sem þýða Verndari trúarinnar, leiðtogi, æðsti yfirmaður. Hann var strax byrjaður að hanna næsta stigið í áætlun Meistarans. Það fór að mótast í huga hans löngu áður en ítarleg fyrirmæli birtust árið 1952 í bæklingi hans „Bahá'í trúin 1844–1952“ með viðaukanum „Tíu ára áætlun um alþjóðlega kennslu og treystingu“. Bæklingurinn kom fyrir almenningssjónir í byrjun ársins helga. Áður hafði hann beðið ýmis þjóðarráð að senda lista yfir nöfn landssvæða og stærri eyja í þeim fimm heimsálfum þar sem bahá'í starfsemi fór fram. Þetta var því viðbót við hans eigin lista, þar sem talin voru upp lönd sem 'Abdu'l-Bahá hafði sjálfur nefnt í *Töflum hinnar guðlegu áætlunar*. Listann gerði Shoghi Effendi með hjálp landakorta og ýmissa annarra hjálpartækja og tilvísana. Mér er það minnisstætt hvernig hann vann að þessu korti sem hann gerði af markmiðum tíu ára áætlunarinnar. Hann var örmagna eftir langan vetur í Haifa, vinnu við graphýsið, móttöku pílagraíma, stöðugar og vaxandi bréfaskriftir.

Með erfiðismunum hafði ég fengið hann til að gefa mér hálfgildings loforð um að þegar hann tæki sér frí á velþekktu heilsuhæli ætti hann virkilega að reyna njóta hvíldar og allavega að nota tímann til að ná fullri heilsu. Þægileg sumarsólin skein fyrir utan, löngu laufskrúðugu trjáögöngin sem voru skuggsæl í hitanum og þangað fórum við og nutum svalans á ákveðnum tímum. Allt mælti með góðri slökun í ró og næði—en Shoghi Effendi eyddi deginum yfir kortinu sínu og fyllti það ítarlegum leiðbeiningum af takmarkalausri natni og samviskusemi. Ég minnti hann sárreið á loforð hans en mótmæli mín og læknisins hans höfðu engin áhrif. Hann var gjörsamlega niðursokkinn í starf sitt og gleymdi þreyttum líkama sínum, augum og huga.

Meginatburðir ársins helga voru fjórar alþjóðlegar kennslu-ráðstefnur sem tilkynnt var um í þessu sama símskeyti í nóvember 1951. Þær átti að halda í fjórum heimsálfum: hina fyrstu í Kampala höfuðborg Afríkúríkisins Úganda vorið 1953, aðra í Chicago í Bandaríkjunum á Ríðván, þá þriðju í Stokkhólmi um sumarið og þá fjórðu í Nýju Delhi á Indlandi þá um haustið. Dagskrá og þema þessara miklu ráðstefna—sem boðaðar voru ári áður en nýja áætlunin sjálf var tilkynnt—skýrðist þegar þær nálguðust. Öllum Höndum málstaðar Guðs var boðið að sækja eins margar þeirra og þeir gátu. Sérstakir fulltrúar Verndarans voru Hendur sem „nutu þess heiðurs að tengjast nýjum verkefnum við Heimsmiðstöðina“. Þetta voru Leroy Ioas, Amatu'l-Baha Rúhíyyih Khánum, Ugo Giachery og Mason Remey. Þessir sendifulltrúar áttu að gegna fjórföldu hlutverki. Þeir áttu að koma með ljósrit af smárri andlitsmynd af Bábnum til að sýna vinunum sem komu saman við þetta sögulega tækifæri. Þeim var falið að flytja boð Verndarans til ráðstefnugesta og þeir áttu að útskýra einkenni og tilgang andlegu heimskennsluferðarinnar. Þeim var ætlað að hvetja þátttakendur á ráðstefnunum til hrinda í framkvæmd þeim risavöxnu verkefnum sem framundan voru með þrótti, af staðfestu og eldmóði.

Shoghi Effendi hafði í þessum boðum sínum í nóvember 1951 þar sem tilkynnt var um ráðstefnurnar gefið vísbendingu um það sem var í vendum þegar hann sagði að þær yrðu upphaf nýrrar alþjóðlegrar starfsemi sem myndu sýna bahá'í samstöðu á skýran og fordæmalausan hátt. Áður en farið er út í smáatriði gætum við minnst þess að í hugum manna á þeim tíma voru þessar ráðstefnur fyrst og fremst miklar fagnaðarhátíðir haldnar til að minnast ársins 9, fagna

sigrunum sem unnist höfðu í lok annarrar sjö ára áætlunarinnar og margra smærri svæðisáætlana. Aðeins einni viku áður en símskeytið um ráðstefnurnar barst bahá'í heiminum hafði Verndarinn enn verið að tala um þriðju sjö ára áætlunina í öðrum boðum sem hann hafði sent frá sér. Þess vegna tengdust þessar ráðstefnur í hugum bahá'ía á engan hátt upphafi nýrrar kennsluferðar þegar þeir fyrst heyrðu um þær árið 1951. Sá mikli árangur sem bahá'íar höfðu náð um allan heim og áhugi þjóðarráða m.a. í Ameríku og Bretlandi, sem höfðu verið að vinna merkilega sigra í Evrópu og Afríku, beindu kompásnálinni í nýja stefnu sem byrjaði í rauninni að mótast þremur árum áður en tíu ára áætluninni var hleypt af stokkunum. Svo mikil að magni og umfangi eru skjöl, fyrirmæli og ráðstafanir sem tengjast þessari áætlun, svo fjölmörg bréfin henni viðvíkjandi sem Shoghi Effendi lét frá sér fara—skrárnar, tilkynningarnar og tölfræðiupplýsingarnar sem hann hóf að safna 1952 og hélt áfram að safna allt til þess er hann lést í nóvember 1957—að útilokað er að gera ítarlega grein fyrir þeim. En þessi heimsherferð kórónaði embættisferil hans og ævistarf, veitti honum gleði og hamingju, var mikil hughreysting hjarta hans sem oft hafði verið hryggt og niðurbrotið. Þess vegna verður að fjalla um þessa herferð hversu mjög sem kann að skorta á dýptina í þeirri umfjöllun.

Ekkert fær betur lýst kjarna þessarar völdugu áætlunar sem hann mótaði og skipulagði en hans eigin skilgreining: „Enginn ætti að velkjast í vafa varðandi þessa andlegu herför. Yfirlýstur tilgangur hennar og jafnframt hinn veigamesti er ekkert annað en sigur yfir borgvirki mannshjartans. Starfsvettvangurinn er öll jarðarkringlan. Tíminn sem henni er ætlaður er einn áratugur. Upphaf hennar fer saman við aldarafmæli ætlunarverks Bahá'u'lláh. Hámark hennar er aldarafmæli yfirlýsingar hans varðandi þetta sama ætlunarverk.“

Þótt öllum átrúendum væri velkomið að taka þátt í þessum fjórum miklu ráðstefnum ársins helga bauð Shoghi Effendi sérstaklega ákveðnum hópi einstaklinga að sækja þær, það er að segja fulltrúum þeirra þjóðarráða og samfélaga sem höfðu verið í nánum tengslum við það starf sem átti að fara fram í fjórum heimsálfum. Ef við byrjum á fyrstu ráðstefnunni sem haldin var í febrúar í Afríku og gerum okkur grein fyrir hvað mikilvægasti áfangi allrar herferðarinnar fól í sér þar—þ.e. opnun nýrra svæða og treystingu starfsins á þeim svæðum sem þegar voru opin trúnni—fáum við hugmynd um þau feiknlegu áhrif sem þessar sögulegu samkomur höfðu á sögu og þróun bahá'í

trúarinnar. Markvisst kennslustarf átti að fara fram á 57 landsvæðum og sex þjóðarráð voru ábyrg fyrir þeirri kennslustarfsemi, þ.e. Bretland, Ameríka, Persía, Egyptaland og Súdan, Írak og Indland, Pakistan og Burma. Átrúendurnir þar áttu að opna 33 ný svæði og treysta það starf sem þegar var hafið á 24 svæðum. Verkefni sem falin voru öllu samfélagi Vesturálfu með milligöngu þjóðarráða þar voru jafn stór í sniðum og fólu í sér 56 landssvæði. Þar af átti að opna 27 svæði og treysta 29 í héruðum sem voru erfið viðfangs og langt fjarri markmiðssvæðunum eins og Yukon og Keewatin í norðri og Falklandseyjar í suðri. Markmiðin í Asíu voru ennþá óárennilegri. Alls var um að ræða 84 svæði, 41 átti að opna og 43 að treysta, allt frá löndum í fjöllum Himalaja til lítilla eyja í Kyrrahafi. Þessum markmiðum var skipt milli níu þjóðarráða Persíu, Indlands, Pakistan og Burma, Íraks, Ástralíu og Nýja Sjálands, Bandaríkjana, Kanada, Mið-Ameríku, Suður-Ameríku og Bretlandseyja. Á ráðstefnunni í Evrópu fengu fimm þjóðarráð 52 landssvæði í sinn hlut í áætluninni, 30 átti að opna og 22 að treysta. Nýjustu þjóðarráð bahá'í heimsins, Ítalía og Sviss, varla þriggja mánaða gömul, voru í hópi eldri ráða Bandaríkjana, Kanada, Bretlandseyja, Þýskalands og Austurríkis. Verndarinn úthlutaði þessum tveimur ungu þjóðarráðum þeirra eigin markmiðssvæðum, alls 7 talsins.

Á þessum sögulegu ráðstefnum sem voru haldnar svo fjarri hver annarri og oftast í mjög dreifðum bahá'í samfélögum voru samankomnir rúmlega 3400 átrúendur. Shoghi Effendi sagði að þeir væru fulltrúar allra helstu kynþátta mannkyns og meira en 80 þjóðlanda. Sérhver ráðstefna hafði sín eigin sérkenni. Þá fyrstu sem haldin var í Afríku sóttu ekki færri en tíu Hendur málstaðarins, vinir frá 19 löndum og fulltrúar meira en 30 kynþátta og ættflokka. Þeir nutu þeirrar sérstöku blessunar að hafa í sínum hópi yfir eitt hundrað nýja afríska átrúendur sem voru persónulegir gestir Verndarans sjálfs, merki um vinarþel hans og djúpa ást á nýju afrísku bahá'íunum. Í mikilvægum boðskap sem hann bar þessari fyrstu ráðstefnu ársins helga vitnaði hann sérstaklega til orða Bahá'u'lláh sem hafði líkt þeldökku þjóðunum við svartan augastein sem „ljós andans lýsir í gegnum“. Shoghi Effendi bar ekki aðeins lof á afríska kynstofninn heldur lauk hann einnig lofsorði á meginland Afríku, meginland sem „ekki hafði mengast meinsemdum grófrar, hömlulausrar og krabbameinskynjaðrar efnishyggju sem grefur undan stoðum mannlegs samfélags bæði í austri og vestri, etur sig inn í iður

stríðandi þjóða og kynþátta sem byggja heimsálfur Ameríku, Evrópu og Asíu og hótar því miður að svelgja allt mannkyn í sameiginlegum og eyðileggjandi umbrotum.“ Gæti sá hópur fylgjenda Bahá'u'lláh sem þar starfar og stritar til að stofna andlega heimssiðmenningu ekki gefið meiri gaum að þessum varnaðarorðum sem sögð voru á svo sögulegum tímamótum í forlögum Afríku? Shoghi Effendi sagði að ein af þessum fjórum alþjóðlegu ráðstefnum sem haldnar voru til minningar um að öld var liðin frá því að Bahá'u'lláh kunngerði ætlunarverk sitt hefði án vafa verið merkasta ráðstefnan sem haldin var á árinu og að hún markaði upphaf hnattrænnar og andlegrar herferðar sem standa myndi í einn áratug og markaði tímamót í sögu trúarinnar. Þessi ráðstefna var haldin um mitt árið helga 1953 og var aðalviðburður hátíðahaldanna á því ári. Hún fór fram í hjarta Norður-Ameríku í borginni Chicago þar sem nafn Bahá'u'lláh hafði fyrst verið nefnt opinberlega í Vesturheimi á heimspingi trúarbragðanna sem haldið var í tengslum við Kólumbusar heimssýninguna sem hófst 1. maí 1893. Áður en ráðstefnan hófst var fimmtíu ára gamalt bahá'í stórverkefni vígt við hátíðlega athöfn. Þetta var móðurmusteri Vesturlanda sem helgað var almennri tilbeiðslu 2. maí 1953. Það var eins og Shoghi Effendi komst að orði ekki aðeins „helgastamusteri sem nokkru sinni hafði verið reist til dýrðar Hinu mesta nafni“ heldur myndi ekkert musterí framtíðar „búa yfir þeim óumræðilega mætti sem það hefur verið gætt“ og ekki var hægt að gera sér í hugarlund það hlutverk sem því væri „ætlað að gegna til að flýta fyrir komu heimsskipulags Bahá'u'lláh“.

Afhjúpun líkansins af framtíðarmusterinu sem reist verður á Karmel-fjalli við Heimsmiðstöð trúarinnar var enn einn viðburðurinn sem Shoghi Effendi hafði sjálfur skipulagt og átti að fara fram samhliða ráðstefnunni. Um þessa ráðstefnu sagði Shoghi Effendi að hennar yrði minnst í sögunni sem afdrifarikasta viðburðarins sem haldinn hefði verið frá lokum hetjaldar trúarinnar. Á hana yrði litið sem öflugasta tækið til að „ryðja brautina fyrir einn glæstasta áfangann í mestu kennsluherferð sem fylgjendur Bahá'u'lláh hefðu nokkru sinni tekist á hendur frá upphafi trúar hans . . .“

Þessi nýja kennsluherferð var farin í samræmi við fyrirmælin í guðlegri áætlun 'Abdu'l-Bahá. Shoghi Effendi fékk hana í hendur þeim sem hann sagði ástúðlega að væru helstu trúnaðarmenn áætlunarinnar, sérstaklega tilnefndir og „ætíð reiðubúnir axla ábyrgð“. Þeir höfðu áður tekist á hendur risavaxin verkefni og voru óþreytandi í starfi sínu

fyrir trúna. Nú þurfti þetta samfélag, Bandaríkin og Kanada, vissulega að berjast fyrir að halda forystu sinni og vinna nýja sigra í samkeppni við tíu önnur þjóðarráð sem hverju um sig hafði verið úthlutað drjúgum skerfi markmiða. Opna átti 131 ný landssvæði um allan heim fyrir trú Bahá'u'lláh næstu tíu árin. Þegar voru 118 landssvæði opin en þau þurftu enn á töluverðri treystingu að halda. Af þessum 249 landssvæðum, yfirleitt stórar og sjálfstæðar þjóðir, fengu Bandaríkin og Kanada 69, eða 28 prósent af heildinni. Mynda átti 48 ný þjóðarráð fyrir 1963 og 36 þeirra komu í hlut Bandaríkjanna. Bandaríkin áttu líka að reisa fyrstu þjónustubygginguna sem byggð var í nágrenni bahá'í musteris. Auk þess áttu Bandaríkin að kaupa tvær landareignir fyrir framtíðarmusteri, eina í Toronto og aðra í Panama borg. Jafnframt átti samfélagið að þýða og gefa út bahá'í rit á tíu tungumálum frumbyggja í Vesturálfu auk fjölda annarra markmiða sem því var gefið.

Ráðstefnuna sóttu bahá'íar frá 33 löndum. Í návist tólf Handa málstaðarins sem voru viðstaddar ráðstefnuna risu meira en eitt hundrað átrúendur á fætur og buðust til að brautryðja og vinna að þeim miklu verkefnum sem Verndarinn hafði fjallað svo vel og ítarlega um í boðskap sínum þar sem hann kallaði bandarísku átrúendurnar „helstu framkvæmdaaðila“ kennsluherferðarinnar, kanadísku átrúendurnar „bandamenn þeirra“ og suður-amerísku átrúendurnar „samverkamenn þeirra“. Hann bauð þeim að undirbúa sig og „hefja alþjóðlega kennsluherferð í öðrum heimsálfum sem áttu að ryðja braut nýjum áfanga í því dýrlega starfi sem þegar var hafið í Vesturálfu.“ Löngu áður hafði Shoghi Effendi skrifað að brautruðningur krefðist fyrst og fremst „eiginleika afneitunar, þrautseigju og óttalausrar ástríðu.“ Í andlitum þessara nýju sjálfboðaliða, ungra og aldinna, einstæðra og fjölskyldufólks, svarta og hvítu, endurspegluðust þessir eiginleikar eins og himneskur ljómi. Það var þessi framvarðarsveit sem gerði innrás á nýju landssvæðin og vann á einu ári eitt hundrað þeirra jafnframt því sem henni bættist liðsauki galvaskra brautryðjenda hvaðanæva að úr heiminum. Þessum brautryðjendum gaf Shoghi Effendi heiðurstítilinn „Riddari Bahá'u'lláh“. Titillinn hlaut hver sá átrúandi sem hafði aldur til að taka þátt í slíku starfi, varð fyrstur til að brautryðja til ónumins landssvæðis, var á leið þangað eða þegar kominn á leiðarenda áður en fyrsta ári kennsluherferðarinnar lauk. Síðar meir fengu þeir sem voru fyrstir til að komast til nýrra landsvæða þennan sama titil. Það er áhugavert að gera sér grein fyrir orðasambandi sem 'Abdu'l-Bahá

notaði og virðist gefa vísbendingu um þennan fagra titil þegar hann talar um „riddara Drottins“. Allir eldarnir sem Verndarinn kveikti voru tendraðir af neistum sem hann safnaði af mikilli umhyggju úr ritum forfeðra sinna.

Opnun móðurmusterisins fyrir almenna tilbeiðslu, opinberir fundir þar sem kunnir bahá'íar og aðrir tóku til máls meðan á hátíðahöldunum stóð—allt dró þetta að sér þúsundir manna, fékk góða kynningu og miklar undirtektir um allt landið í dagblöðum, sjónvarpi og útvarpi. Á árinu helga skein ljós trúarinnar skært í hinu mikla lýðveldi Vesturálfu, útvalinni vöggu stjórnskipulagsins. Ein hjartnæmasta og ógleymanlegasta stund þessara dýrlegu hátíðahalda var þegar meira en 2500 bahá'íar gengu framhjá fulltrúa Verndarans, Amatu'l-Bahá Rúhíyyih Khánum, sem stökkti á þá rósaolíu eins og Shoghi Effendi hafði falið henni að gera þegar bahá'í helgunarathöfnin fór fram í musterinu. Síðan var lesið úrval úr helgum ritningum á ensku og sungið á arabísku og persnesku. Dagskrána hafði Verndarinn sjálfur skipulagt. Þessari athöfn lauk á hátíðlegan hátt þegar átrúendurnir gengu framhjá andlitsmyndum af Bábnum og Bahá'u'lláh og var leyft í örstutta, helga stund að horfa á ásýndir þessara tveggja opinberenda Guðs á þessum nýja degi mannkynsins. Þögulir og djúpt snortnir gengu þeir síðan út úr musterinu.

Þriðju alþjóðlegu bahá'í kennsluráðstefnuna sem haldin var í Stokkhólmi í júlí heiðruðu fleiri Hendur málstaðarins með nærveru sinni en allar hinar. Fjórtán þeirra sóttu ráðstefnuna, fimm persneskar Hendur og ein frá Afríku, allar nýkomnar úr löngum ferðalögum í Vesturálfu sem lagt var í að undirlagi Verndarans strax eftir að kennsluherferðin hófst í Chicago. Ekki væri óviðeigandi að kalla þessa samkomu „framkvæmdaráðstefnu“. Þótt tölulega séð væru hún miklu fámennari en ameríska ráðstefnan leyfðu kringumstæðurnar hörðum kjarna helguðustu og virkustu þjóðarráða, kennara, stjórnenda og brautryðjenda hvaðanæva að úr Evrópu að komast á ráðstefnuna, þar á meðal 110 átrúendum frá markmiðslöndunum tíu. Þátttakendur frá þrjátíu löndum helguðu sig í sex daga hátíðlegri og fagnandi upprifjun þeirra atburða sem höfðu orðið einni öld áður auk gaumgæfilegrar greiningar á starfinu sem ástkær Verndari þeirra hafði falið þremur evrópskum þjóðarráðum og Bandaríkjunum að vinna. Annað þjóðarráð sem tók þátt í starfinu í Evrópu var Kanada sem hafði fengið Ísland sem treystingarmarkmið.

Í boðskap sínum við þetta sögulega tækifæri minntist Shoghi Effendi ekki aðeins á sögu bahá'í trúarinnar sem tengdist Evrópu—„heimsálfu sem síðustu tvö þúsund árin hefur haft dýpri áhrif á hlutskipti mannkynsins en nokkur önnur heimsálfa“—hann minntist einnig áhrifanna sem kristindómur og íslam höfðu á hlutskipti álfunnar og sögulega þróun hennar. Þegar hann fjallaði um þá sigra sem unnist höfðu frá lokum síðustu heimsstyrjaldar benti hann á að þeir stöfuðu mestmegnis af „öflugum áhrifum margra þjóðaráætlana sem voru undirbúningur að alþjóðlegu kennsluherferðinni“. Þessar áætlanir voru önnur sjö ára áætlunin og tveggja ára áætlunin sem breskir bahá'í höfðu hrundið af stokkum auk fimm ára áætlunar þýsku og austurrísku bahá'í samfélaganna. Árangurinn af þessum vel skipulögðu áætlunum var stofnun svæðisráða í írsku lýðveldinu, á Norður-Írlandi, í Skotlandi og Wales og í öllum höfuðborgum Markmiðslandanna tíu, mikil fjölgun ráða, miðstöðva og átrúenda í allri Evrópu, kosning enn eins sjálfstæðs þjóðarráðs og kaup á bahá'í höfuðstöðvum í Frankfurt. Shoghi Effendi skrifaði að tími væri nú til þess kominn að hefja „evrópska kennsluherferð í tengslum við heimsherferðina og vinna að henni á þróttmikinn og víðeigandi hátt“. Þetta myndi ekki aðeins breikka grundvöll trúarinnar í Evrópu heldur „dreifa ljósi trúarinnar til nærliggjandi eyja“ og „með Guðs hjálp bregða birtu yfir austurhluta álfunnar allt til hjarta Asíu“. Hann sagði að Evrópa væri að komast á stig sem vel mætti líta á „sem upphafsstig mikillar andlegrar vakningar sem gæti skyggt á öll önnur tímabil í andlegri sögu álfunnar.“ Hann hélt áfram og lýsti þeirri von sinni að „kjörnir fulltrúar bahá'í þjóðarsamfélaganna sem treyst er fyrir framkvæmd þessa stórkostlega verkefnis sem hrundið er af stað á þessu meginlandi“ gæti „orðið gríðarleg hvatning til trúskipta, sátta og varanlegrar einingar hinna ólíku og stríðandi þjóða, kynþátta og stétta sem dvelja innan marka sárþjáðrar, örvæntingarfullrar og andlega sveltandi heimsálfu.“

Orð sem þessi fengu þátttakendur til að bregðast strax við. Ekki aðeins buðust 63 átrúendur á ráðstefnunni til að brautryðja til markmiðslanda í Evrópu, heldur gerðist það sem var mun óvenjulegra—ýmis þjóðarráð og nefndir sem áttu fjölmarga fulltrúa á staðnum tóku strax við þessum tilboðum um brautruðning og áður en ráðstefnunni lauk höfðu brautryðjendur verið skráðir til allra markmiðanna sem evrópsku átrúendum höfðu verið gefin,

að undanteknum löndum Sovétríkjanna. Hrífandi markmiðum um byggingu eins af tveimur bahá'í musterum sem hvatt hafði verið til í upphaflegu tíu ára kennslu- og treystingaráætluninni—móðurmusteri Evrópu sem byggja átti í Þýskalandi—var heitið ríflegum framlög sem og þremur öðrum evrópskum verkefnum sem þurftu á háum fjárhæðum að halda. Þar var um að ræða kaup á Þjóðarmiðstöð bresku bahá'íanna og landareignum fyrir tvö framtíðarmusteri, annað í Stokkhólmi og hitt í Róm. Margir nýju brautryðjendanna voru styrktir af áhugasömum einstaklingum sem sóttu ráðstefnuna en voru sjálfir ekki í stakk búnir til að brautryðja. Hjartnæmar fórnir persónulegra eigna voru færðar af bahá'íum sem ekki gátu lagt fram reiðufé. Ráðstefnan vakti mikið og jákvætt umtal í fjölmiðlum og opinberir fundir sem haldnir voru í tengslum við ráðstefnuna fengu einhverja bestu aðsókn sem slíkir fundir á vegum bahá'ía höfðu fengið í álfunni.

Árið helga hófst um miðjan október 1952. Tólf mánuðum síðar var stóra alþjóðleg Asíu-kennsluráðstefnan haldin í Nýju Delhi á Indlandi. Þótt Persía hefði verið rökréttur staður fyrir slíka ráðstefnu, eða jafnvel Írak ef ekki hefði tekist að halda ráðstefnuna í Persíu, ofstæki almennings í þessum löndum og stöðugur fjandskapur múslímskra klerka gerði það ómögulegt að halda ráðstefnuna í þessum löndum. Það var því mjög viðeigandi að hið mikla systurland þeirra í austri—sem opnaðist trúnni á fyrstu dögum ætlunarverks Bahá'u'lláh—hlyti þennan heiður. Hundruð fylgjenda hans flyktust til ráðstefnunnar hvaðanæva að úr heiminum, frá Evrópu, Afríku, Ástralíu, Nýja Sjálandi, Japan, mörgum löndum Vesturálfu—og þó sérstaklega Persíu. Auk þess komu fimm Hendur málstaðarins frá Asíu sem þegar höfðu að beiðni Verndarans verið viðstaddar ráðstefnurnar í Afríku, Ameríku og Evrópu. Einnig voru viðstaddar sex aðrar Hendur málstaðarins frá landinu helga, Evrópu, Ameríku, Afríku og Ástralíu. Í boðskap sínum til þessarar síðustu hinna miklu kennsluráðstefna ársins helga heilsaði Shoghi Effendi þátttakendum með „fagnandi og vonglöðu hjarta“ og benti á einstæðar kringumstæður og þýðingu starfsins í Asíu í þessari heimsumlykjandi kennsluherferð „þríþættri herferð sem nær til meginlanda Asíu, Ástralíu og eyjanna í Kyrrahafi.“ Hann sagði að vel mætti líta á hana sem umfangsmestu, torveldustu og þýðingarmestu allra ráðstefnanna. Umfang hennar átti sér enga hliðstæðu í sögu trúarinnar í Austurálfu. Hana átti að halda á meginlandi þar sem fyrir meira en einni öld hafði verið úthellt heilögu blóði í stríðum straumum,

meginlandi sem naut einstæðrar stöðu í bahá'í heiminum, þar sem yfirgnæfandi meirihluti fylgjenda Bahá'u'lláh bjó, meginlandi sem var „vagga helstu trúarbragða mannkyns, heimili margra elstu og mestu siðmenninga sem þróast höfðu á jörðinni, krossgötur margra ættkvísla og kynþátta, vígvöllur margra þjóða og þjóðarbrotá“. Þetta var meginland þar sem sólar tveggja sjálfstæðra opinberana höfðu risið hvor á fætur annarri á okkar tímum og höfðu innan mæra sinna helgistaði eins og Qiblih trúar okkar (Bahjí), „móður heimsins“ (Teheran) og „miðpunkt tilbiðjandi heims“ (Bagdað). Verndarinn lauk skilaboðum sínum með orðum sem bjuggu yfir mikilli fullvissu auk þess sem dapurleg vísbending var gefin um það sem kynni að vera framundan: „Megi þessi herferð sem hleypt er af stokkum samtímis á meginlandi Asíu, nærliggjandi eyjum, og meðal andfætlinga okkar (Ástralíu og Nýja Sjálandi)... verða þegar fram líða stundir virkt mótefni við skaðvænum öflum guðleysis, þjóðernishyggju, veraldarhyggju og efnishyggju sem eta sig inn í iður þessa friðlausa meginlands, megi hún sjá þá atburði andlegs hetjuskapar gerast aftur sem hafa skilið eftir sig ævarandi spor í lífi fólks og þjóða sem þar dvelja í meira mæli en nokkur sú veraldlega bylting sem skekið hefur meginlandið.“

Bahá'íarnir sem voru komnir saman á ráðstefnunni í Nýju Delhi sýndu ekki síður eldmód og brennandi áhuga á þeim verkefnum sem biðu þeirra en bræður þeirra og systur sem sótt höfðu þrjár fyrri ráðstefnur ársins helga. Hið veigamesta þessara verkefna var starf á 84 landssvæðum, helmingur þeirra ný og ónumin lönd frá sjónarhorni trúarinnar. Þessi áhugi og eldmóður jukust enn þegar skeyti barst frá Verndaranum með þeim fagnaðartíðindum að sú persónulega ósk sem hann hafði látið í ljós áður er hátíðahöld ársins helga hófust hefði ræst með verklokum við yfirbygginguna á heilögu grafhýsi Bábsins. Bahá'íarnir fylktu liði og tóku til af krafti að uppfylla þau markmið sem þeim höfðu verið gefin. Meira en 70 manns buðust til að brautryðja til markmiðssvæða og 25 þeirra héldu af stað til þessara nýju svæða skömmu eftir að ráðstefnunni lauk. Mikil framlög bárust í sjóðinn til kaupa á þremur landareignum fyrir bahá'í musteri, sem áttu í framtíðinni að rísa í Bagdað, Sydney og Delhi. Níu ekrur lands voru keyptar fyrir musterið í Delhi áður en ráðstefnunni lauk. Veruleg framlög bárust fyrir það dýrmæta og langþráða musteri sem átti að reisa í fæðingarborg Bahá'u'lláh, höfuðborg Persíu. Það var annað þeirra tveggja mustera sem upphaflega var áformað að reisa í

alþjóðlegu kennsluherferðinni. Opinberir fundir og móttökur fyrir meira en þúsund gesti voru haldnar þar sem margir framámenn og leiðandi aðilar á ýmsum sviðum mættu. Forseti Indlands, Dr. Rajendra Prasad, og hinn víðkunni forsætisráðherra, Jawaharlal Nehru, tóku á móti sendinefndum frá ráðstefnunni. Fjölmiðlaumfjöllun var mikil, útbreidd og velviljuð. Við lok ráðstefnunnar bauð Shoghi Effendi Höndum málstaðarins sem voru viðstaddir hana að ferðast til ýmissa landa. Ferðirnar tóku nokkra mánuði og veitti hann sjálfur aðstoð við þessar ferðir Handanna og gaf leiðbeiningar varðandi ferðaáætlanir.

Auk þess sem kalla mætti venjubundið daglegt starf sem tók lungann af tíma Shoghi Effendi, hafði hann ekki aðeins unnið í tvö ár að því að skipuleggja og skilgreina öll smæstu atriði alþjóðlegu kennsluáætlunarinnar auk ítarlegra áætlana um vegleg hátíðahöld ársins helga. Hann hafði líka skrifað bókina *God Passes By* og aðra keimlíka en styttri frásögn um sama efni á persnesku. Maður gæti ímyndað sér að hann gerði hlé á skapandi starfi sínu þegar allt þetta var afstaðið en það gerðist ekki. Símskeyti og bréf streymdu frá honum eins og flugskeyti í lok hverrar ráðstefnu. Í fjögur ár leyfði hann aldrei að eldmóðurinn og krafturinn sem hann hafði vakið hjá bahá'íunum fengi að dvína. Dæmigert fyrir þetta er bréf hans strax í lok amerísku ráðstefnunnar þegar bahá'í heimurinn, undrandi og ráðvilltur, var varla byrjaður að ná sér eftir að hin nýja og dýrlega kennsluáætlun var birt þeim. Þá sendi hann persneska þjóðarráðinu eftirfarandi skeyti: „Tilkynni vinunum að ekki færri en 128 átrúendur buðust til að þjóna trúnni sem brautryðjendur meðan á hátíðahöldunum í Wilmette stóð. Þar á meðal var einn sem bauðst til að brautryðja til holdsveikranýlendu. Hvet vinina til að leyfa ekki vestrænum bræðrum sínum að fara framúr sér í þjónustulund. Mikill fjöldi verður að stíga fram til að þjóna. Markmiðum sem sett hafa verið heima fyrir og erlendis verður að ná strax. Sigur og vernd alls samfélagsins er háð viðbrögðum og framgangi þessara markmiða. Bíð fullur eftirvæntingar eftir staðfestingu á aðgerðum.“ Þetta ítrekaða ákall hafði slík áhrif á persneska samfélagið sem hafði lifað alla sína ævi í ömurlegri þrúund fordóma og ofsókna að átrúendurnir þar sáu það ótrúlega gerast—dyrnar á þrúundinni opnuðust og þeir byrjuðu að streyma til allra fjögurra heimshorna. Án aðstoðar þeirra, mikils fjárhagsstuðnings og stöðugs fórnarvilja hefði aldrei verið hægt að vinna herferðina með jafn glæsilegum hætti og raun bar vitni þegar henni lauk árið 1963.

Shoghi Effendi var sér þess vel meðvitandi að átrúendur á Vesturlöndum voru fáir og hann aðstoðaði þá oft við verkefni sem fyrir þá voru lögð. Strax eftir að kennsluferðinni var hleypt af stað á ráðstefnunni í Chicago sendi hann 500 sterlingspunda framlag til þjóðarráðsins í Mið-Ameríku til að hjálpa því að kaupa landareign fyrir musteri í Panama. Hann sendi 1000 sterlingspund til þjóðarráðs Ítalíu og Sviss fyrir musterislandið í Róm. Samtímis þrýsti hann á þjóðarráðin í Bandaríkjunum, Bretlandi og Indlandi að hraða útgáfu bahá'í rita á þeim tungumálum sem þeim hafði verið úthlutað í tíu ára áætluninni og sendi sjálfur 1000 sterlingspunda framlag til Englands því hann vissi þeim var um megn að bera einum og óstuddum fjárhagslega byrði af þeirra hlut í þessu gríðarlega mikilvæga starfi. Meðal markmiðanna sem stefnt var að með alþjóðlegu kennsluferðinni var þýðing bahá'í rita á 91 nýtt tungumál. Fjörutíu þeirra voru í Asíu, 31 í Afríku, 10 í Evrópu og 10 í Ameríku. Samfélög bahá'ía í Indlandi, Ástralíu, Bretlandi og Ameríku báru ábyrgðina á þessari útgáfustarfsemi. Öll árin sem kennsluferðin stóð yfir studdi hann þetta starf sjálfur og í rauninni voru þýðingar á hin ýmsu tungumál eitt helsta áhugamál hans. Hann valdi tungumálin sem þýða átti á, hvatti til útgáfu á þeim, hélt uppi stöðugum fyrirspurnum um hvenær þýðingar yrðu tilbúnar og hvenær hægt væri að gefa þær út. Hann greiddi oft sjálfur fyrir prentunina og stundum líka fyrir þýðinguna. Ekki ósjaldan keypti hann eintök til varðveislu í Haifa.

Drifkrafturinn á bak við mörg þeirra verkefna sem Shoghi Effendi framkvæmdi var sambland af framsýni hans, stöðugum kröfum um að unnið væri að útbreiðslu málstaðarins og ekki ósjaldan fjárhagsleg aðstoð sem Réttur Guðs gerði kleift að veita enda var Rétturinn greiddur Shoghi Effendi sem leiðtoga trúarinnar í samræmi við erfðaskrá 'Abdu'l-Bahá. Hann lagði fram fjármuni af skynsemi og lítilæti, stundum til að verða öðrum fordæmi, stundum sem vísbendingu um persónulega þátttöku sína í einhverju verkefni sem honum var sérstaklega umhugað um, stundum vegna þess að ekki var hægt að fá fjármagn annarsstaðar frá. Gott dæmi um þetta voru þau 50 sterlingspund sem hann gaf bahá'íum í Tasmaníu til þess að þeir gætu farið í fyrstu kennsluferð sína á eyinni. Við fjölda tækifæri greiddi hann fyrir ferðir bahá'í kennara, sérstaklega eftir fráfall Meistarans þegar bahá'íar á Vesturlöndum stóðu frammi fyrir margskonar prófraunum og þurftu á dýpkun að halda í trúnni sem Shoghi Effendi taldi

að heimsókn frá einum af gamalreyndu persnesku bahá'íunum gæti veitt þeim. Seinna sá hann um að greiða kostnað fyrir þær Hendur málstaðarins sem ekki gátu fjármagnað sjálfar ferðirnar sem hann sendi þær í. Þegar hann flutti líkamsleifar móður og bróður 'Abdu'l-Bahá frá lítillfjörlegum legstað í Akka og jarðsetti þær með viðhöfn á Karmel-fjalli, gaf hann móðurmusteri Vesturlanda 1000 sterlingspund í minningu þeirra. Við ýmis tækifæri í hinum miklu kennsluáætlunum gaf hann ákveðna fjárupphæð og kallaði eftir því að tiltekinn fjöldi átrúenda stigi fram til að uppfylla ákveðið markmið. Slík framlög tengdi hann stundum hjartnæmum yfirlýsingum, sagði meðal annars að hann væri sjálfur „sviptur tækifærum til persónulegrar þátttöku“ eða að þetta væri „fyrsta framlag“ hans. Það brást aldrei að hann gæfi af örlæti til fórnarlamba ýmiskonar hörmunga. Þegar bahá'í þorpsbúar voru ofsóttir og liðu píslarvættisdauða, þegar fólk sem hafði sest að í Rússlandi var rekið úr landi og sneri fjárvana til heimalandsins, þegar vinirnir misstu heimili sín og urðu bjargalausir eftir flóð eða jarðskjálfta kom Shoghi Effendi þeim til hjálpar. Hann lagði til hliðar árlega fjárupphæð fyrir persneska þjóðarráðið til að aðstoða það við kaup á þeim sögustöðum sem tengdust trúnni í landinu, en slík kaup voru eitt af sérstökum verkefnum ráðsins. Hann aðstoðaði við kaup á ýmsum bahá'í miðstöðvum og musterislandareignum og greiddi oft sjálfur fyrir legsteina framúrskarandi og ástkærra átrúenda til merkis um persónulega virðingu sína og ást.

Stærsta einstaka framlag Verndarans á embættisferli hans var rúmlega þrjú hundruð þúsund dalir sem verja átti til að reisa musterin þrjú sem voru hluti af markmiðum alþjóðlegu kennsluherferðarinnar. Hvernig hann fann út þessa tölu var dæmigert fyrir allt sem hann tók sér fyrir hendur og minningin um það er ljóslifandi í huga mínum. Fyrst útvegaði hann teikningar af musterunum, síðan fékk hann kostnaðarmat frá þjóðarráðunum sem falið var að sjá um byggingu musteranna og setti þak á kostnaðinn. Þegar hann hafði gengið úr skugga um hvað musterin myndu kosta nokkurn veginn og vissi að þegar voru 150.000 dollarar til í sjóði áætlaði hann hversu mikið bahá'íarnir gætu lagt fram á byggingartímanum sem lyki við lok kennsluherferðarinnar. Þegar hann hafði gengið úr skugga um með útreikningum að einn þriðji hluti kostnaðar væri tryggður byrjaði hann að reikna út hve mikið hann gæti lagt fram sjálfur. Hann vissi af fenginni reynslu hverjar tekjur Heimsmiðstöðvarinnar yrðu og hvaða aðrar áætlanir þyrftu á aðstoð

hans að halda. Þegar hann loks hafði gert ráð fyrir ófyrirsjáanlegum kostnaði komst hann að þeirri niðurstöðu að hann þyrfti sjálfur að leggja fram rúmlega þrjú hundruð þúsund dollara. Þriðja þriðjunginn lét hann Bahá'u'lláh eftir, ef svo má segja, því hann vissi fullvel að ef fylgjendur hans gerðu sitt ýtrasta myndu leyndardómsfull öfl leysast úr læðingi og gera þeim kleift að ná markmiði sínu.

Við skulum snúa okkur aftur að hinni afdrifaríku tíu ára kennsluherferð með sínum fjórum markmiðum: þróun stofnananna við Heimsmiðstöð trúarinnar, treytingu þeirra tólf landssvæða sem voru stjórnarfarslegar bækistöðvar þeirra tólf áætlana sem mynduðu heildaráætlunina, treytingu allra þeirra landssvæða sem þegar höfðu opnast trúnni og opnun allra helstu landssvæða sem eftir voru á jarðarkringlunni og enn höfðu ekki opnast trúnni. Þótt tólf andlegum þjóðarráðum hefði verið falið að stjórna herferðinni átti sérhver átrúandi engu að síður, án tillits til kynþáttar, þjóðernis, stéttar, litarháttar, aldurs eða kynferðis, að styðja sérstaklega framkvæmd þessa risavaxna verkefnis. Í litríku máli og leiftrandi prósa lyfti Shoghi Effendi hulunni af vettvangi hinnar nýju áætlunar: Hvar átti hún að fara fram? Allsstaðar, á heimskautasvæðum, í eyðimörkum, frumskógum, eyjum hins kalda Norðursjávar, í steikjandi hita Indlandshafs og Kyrrahafs. Hverjum átti að kenna? Öllum þjóðum—kynþáttum Afríku, inúítum í Kanada og Grænlandi, Sömum í norðri, íbúum Pólýnesíu, frumbyggjum Ástralíu og Ameríku. Undir hvaða kringumstæðum? Ekki aðeins í hinum strjálu byggðum, heldur í borgunum „í fjötrum grófrar efnishyggu“, með sínu mengaða lofti, haldnar „árásargjarnri kynþáttastefnu“, í þrísund „hrokafullrar vitsmunahyggu“, umkringdar „blindri og herskárri þjóðernishyggu“, á kafi í „þröngri og óbilgjarnri klerkastefnu“. Hvaða virkjum áttu hermenn Bahá'u'lláh að ráðast gegn? Virkjum hindúismans, klastrum búddhismans, frumskógum Amazon, fjöllumum í Tíbet, steppum Rússlands, auðnum Síberíu, innsveitum Kína, Mongólíu, Japans með öllum sínum manngrúa—og ekki skyldu þeir heldur gleyma því að sitja með líkþráum og eiga samneyti við úrhörkin í refsinyflendunum. „Ég beini ástríðufullri hvatningu minni,“ skrifaði hann, „til stríðsmanna hans að þeir hlýði eins og þeim sæmir ákalli Drottins herskaranna og búi sig undir þann Dag allra daga þegar sigursælar hersveitir hans muni við lofsöng ósýnilegra engla Abhá-ríkisins fagna endanlegum sigri.“

Það er ljóst að Verndarinn leit svo á að þetta tíu ára verkefni væri hvorki meira né minna en barátta „hnattræns, trúfasts og ósigrandi hers“ sem stríðsmenn Bahá'u'lláh háðu. Þetta var „her ljóssins“ sem barðist gegn rótgrónum hersveitum myrkursins sem höfðu jörðina á valdi sínu. „Æðsti leiðtogi“ hans var ‘Abdu’l-Bahá, að baki honum stóð Faðir hans „konungur konunganna“ og hét hverjum þeim krossfara sem barðist fyrir málstað hans aðstoð sinni. „Ósýnilegar hersveitir“ sóttu fram í fylkingum „tilbúnar að veita styrk og liðveislu af hæðum“. Þessi litla sveit hetja Guðs hafði fylkt liði, tilbúin að sækja fram og „skrýða skildi sína táknum nýrra sigrá“, reiðubúnir til að gróðursetja „jarðnesk ták himneskra yfirráða Bahá'u'lláh“ í öllum löndum jarðar, þess albúnir að leggja óbifandi stjórnskipulegan grundvöll að því ríki Guðs á jörðu sem Kristur hafði gefið fyrirheit um.

Þegar horft er um öxl sjáum við að Shoghi Effendi skipti þessari miklu kennsluferð í fjóra áfanga. Hinn fyrsti stóð frá Ríðván 1953 til Ríðván 1954, annar frá 1954–6 og hinn þriðji frá 1956–8. Lok fjórða áfangans tengdi hann verklokum við musterin sem átti að byggja í tíu ára áætluninni. Öll þessi þrjú musteri voru í raun fullgerð árið 1963. Verndarinn hafði ekki tímalengd þessara áfanga í huga við upphaf áætlunarinnar—þeir urðu til sem eðlileg þróun aflanna sem herferðin leysti úr læðingi og sigranna sem unnist höfðu þótt enginn vafi geti leikið á því að það var hugur Verndarans sem stjórnaði þessum öflum. Fyrst einbeitti hann sér að einu markmiði og síðan öðru í gegnum allar herferðirnar sem þessi eini her hans fór í með sínum tólf herfylkjum.

Premur vikum eftir að kennsluferðin hófst sendi Shoghi Effendi bahá'íum skeyti þess efnis að mesta áskorunin sem blasti við þeim sem unnu að áætluninni væri þörfin fyrir brautryðjendur í þeim löndum sem ekki höfðu enn verið opnuð trúnni. Shoghi Effendi skorti aldrei skynbragð á siðareglur, þar á meðal það sem kalla mætti guðlega siðaskrá. Hann sagði að helstu framkvæmdaaðilar guðlegrar áætlunar ‘Abdu’l-Bahá nytu þeirra forréttinda í krafti þess forystuhlutverks sem hann hafði falið þeim í töflum sínum að geta sent brautryðjendur til að uppfylla markmið sem systursamfélögum þeirra í austri og vestri hafði verið úthlutað. Hann hvatti síðan til þess að 100 bahá'í stríðsmenn færu af stað til þeirra landsvæða á jörðinni sem ekki höfðu opnast trúnni á fyrsta ári herferðarinnar. Fjórum mánuðum síðar þegar alþjóðlega kennsluráðstefnan í Asíu var haldin gat hann tilkynnt bahá'í heiminum

að meira en 300 átrúendur hefðu boðist til að brautryðja, 150 frá Norður-Ameríku, meira en 50 frá Evrópu, rúmlega 40 frá Afríku og rúmlega 40 frá Asíu. Á minna en fimm mánuðum höfðu 28 landssvæði og eyjar opnast. Shoghi Effendi tvíelfdist ætíð þegar árangur var í höfn og hann sagði vinunum að heildarfjöldi landa í heiminum sem hefðu opnast trúnni væri nú kominn yfir 150. Þeir ættu að reyna að hækka þá tölu í 200 áður en árinu helga lyki... Bahá'um tókst næstum því að ná þessu markmiði—tvö hundraðasti brautryðjandinn kom fram á sjónarsviðið þremur vikum eftir að árinu helga lauk. Í september 1953 tilkynnti Shoghi Effendi fyrstu nöfn þeirra sem hann hafði ritað í „heiðursskrána“ sem hann ætlaði að setja undir þrepskjöldinn við heilagt grafhýsi Bahá'u'lláh í Bahjí þegar það væri fullgert. Var þetta að sönnu viðeigandi hirsla fyrir skrá yfir hetjulega „riddara“ hans. Bæði nöfnin og landssvæðin sem þeir opnuðu voru skráð á þetta bókkfell og allt til æviloka hélt Verndarinn áfram að tilkynna reglulega um þennan heiður sem veittist brautryðjendum til nýrra og ónuminna landsvæða. Árið 1963 innihélt skráin nöfn fulltrúa allra kynþátta, frá öllum meginlöndum, af báðum kynjum og frá mörgum löndum. Níu mánuðum eftir að kennsluherferðin mikla hófst gat Verndarinn tilkynnt að nærfellt níutíu landssvæði hefðu verið opnuð, þrír fjórðu af heildartölu herferðarinnar, að undanskildum þeim sem voru innan yfirráðasvæða Sovétríkjanna. Í Ríðván boðskap sínum 1954–5 gat hann fært okkur þau gleðitíðindi að „riddarar Drottins herskaranna hefðu samkvæmt sínu æðsta ætlunarverki sem er andlegur sigur yfir jörðinni“ opnað 100 ný og ónumin svæði fyrir bahá'í trúnni. Með þessu var fyrsta áfanga herferðarinnar „lokið með sigursælum hætti—og hann fór fram úr björtustu vonum okkar.“

Það var á þessum sama tíma á Ríðván sem Hendur málstaðarins á ýmsum meginlöndum skipuðu aðstoðarráð með níu meðlimum hvert í samræmi við ítarlega fyrirsmáli sem Shoghi Effendi hafði gefið í fyrri bréfum. Þessir aðstoðarráðgjafar áttu að þjóna sem „fulltrúar þeirra, aðstoðarmenn og ráðgjafar“. Shoghi Effendi sá einnig til þess að fimm álfusjóðir voru settir á laggirnar til þess að auðvelda störf þessarar nýju stofnunar.

Hersveitir Bahá'u'lláh höfðu nú unnið eitt hundrað nýja sigra og voru komnar á fulla ferð. Shoghi Effendi var tiltölulega sáttur við gang mála á „vígstöðvunum“ og byrjaði strax að treysta varnirnar. Annar áfangi áætlunarinnar sem nú var að hefjast snerist fyrst og fremst

um treytingu. Í Ríðván boðum sínum 1954 taldi Verndarinn upp 13 liði sem athyglin yrði að beinast að næstu tvö árin. Kennslustarfinu sem var mikilvægast af öllu varð að halda áfram, varðveita þurfti alla þá sigra sem höfðu unnist, halda þurfti öllum svæðisráðum og fjölga hópum og miðstöðvum. Allt þjónaði því markmiði að flýta myndun þeirra 48 andlegu þjóðarráða sem mynda átti í herferðinni. Kaupa átti musterislandareignir, setja á stofn sérstaka sjóði til kaupa á tilteknum þjóðarmiðstöðvum, hraða þýðingu á ýmis tungumál, kaupa bahá'í sögustaði í Persíu, gera ráðstafanir til að reisa musteri í Teheran og Frankfurt, hefja framkvæmdir við þjónustustofnanir musterisins í Wilmette, ganga frá lögformlegri skráningu svæðisráða og stofna nýja bahá'í útgáfusjóði. Hann beindi „innilegri beiðni“ um framkvæmd þessara umfangsmiklu verkefna til 108 manns, meðlima í 12 þjóðarráðum bahá'í heimsins sem af öllum sæg jarðarbúa höfðu valist til þessara voldugu verkefna!

Það var kraftaverki líkast að þetta ákall til þeirra sem í augum hinna veraldarvönu voru veikburða og lítils megnugir skyldi hafa slík áhrif. Um allan bahá'í heiminn margelfdust stjórnendur og óbreyttir liðsmenn og unnu glæsta sigra. Árið 1955 tilkynnti Shoghi Effendi átrúendunum í árlegum Ríðván boðum sínum, helsta tæki hans til að flytja fréttir af framgangi trúarinnar, að áætluninni „miði vel áfram og ykist þróttur með hverjum degi, rífi niður hindranir á öllum svæðum, auki óhjákvæmilega umfang heillavænlegrar starfsemi sinnar, opinberi í æ ríkari mæli knýjandi tákni um meðfæddan styrk sinn þegar trúin sækir fram til andlegs sigur yfir gervallri jörðinni.“

Þrátt fyrir stöðugar uppörvanir Shoghi Effendi neyddist hann stundum til þess að ávarpa foringja hersveita sinna—andlegu þjóðarráðin tólf—með nokkrum þunga. Eitt mikilvægt dæmi um þetta er skeyti sem hann sendi þeim í maí 1955 þar sem hann kveðst „til þess knúinn“ á „þessari alvörustund“ að biðja þá að hugleiða aftur „fulla þýðingu“ og „grundvallarkröfur“ sem „stjórnun“ málstaðarins gerði til þeirra. Hann bað þá um að láta ekki „nein umskipti eða breytingar í nútíð eða framtíð draga úr eldmóði“ eða „veikja ásetning“ sinn. Hann hvatti alla en þó sérstaklega þá „sem ekki þyrftu að kljást við þann vanmátt og getuleysi sem hamlaði starfi bræðra þeirra og systra sem ekki nytu jafn mikilla forréttinda“ að hraða mjög starfinu til að vinna bug á „tímabundnum bakslögum“ sem framsækin trú, sem væri ekki enn fyllilega laus úr fjötrum, gæti orðið fyrir.

Í ágúst þetta sama ár reið yfir bahá'í heiminn ein þeirra reglubundnu kreppa sem trúin þarf að fást við. Hún reyndi mjög á þrek Verndarans og var meðal þeirra atburða sem flýttu ótímabæru fráfalli hans. Í skeyti sem hann lét senda öllum Höndum málstaðarins og þjóðarráðum segir að stærsta samfélag bahá'ía í heimsins hefði orðið fyrir „nýjum og ofsafengnum ofsóknum svipuðum þeim sem fylgjendur Bahá'u'lláh í heimalandi hans höfðu þurft að þola öðru hvoru í meira en heila öld“. Þjóðarmiðstöðin í Teheran hafði verið tekin eignarnámi og hvolfþak hennar eyðilagt fyrir almenningssjónum. Þar var að verki einn af höfuðklerkum Írans—með glaðbeitri aðstoð hershöfðingja úr íranska hernum. Í kjölfarið fylgdi eignaupptaka svæðismiðstöðva víða um land. Þjóðþing Írana samþykkti ályktun sem gerði trúna útlæga og fjölmiðlar og útvarp réðust með svívirðingum og mikilli heift gegn trúnni, markmiðum hennar og tilgangi. Bahá'íar víða um land voru beittir grimmd og harðræði, heilagt hús Bábsins var tvívegis svívirt og miklar skemmdir unnar á því. Aðrir helgistaðir voru teknir eða eyðilagðir, verslanir og heimili bahá'ía rænd og lögð í rústir. Lík voru grafin upp í bahá'í kirkjugörðum og svívirt. Fullorðnir bahá'íar og börn voru barin, konum rænt og þær neyddar til að giftast múslímum. Sjö manna fjölskylda, elsti fjölskyldumeðlimurinn var 80 ára og sá yngsti 19 ára, var brytjuð sundur með skóflum af 2000 manna múgi við lúðrabýt og trommuslátt. Þessir hryllilegu atburðir vöktu mikla reiði alls bahá'í heimsins og samkvæmt ráðum Verndarans streymdu meira en 1000 skeyti til stjórnvalda í Persíu frá stöðum sem þingmenn persneska þingsins höfðu aldrei heyrt nefnda. Ákall var sent til Sameinuðu þjóðanna sem og forseta og framámanna um allan hinn siðmenntaða heim. Framkvæmdastjóri mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna fullvissaði ameríska þjóðarráðið (opinberan fulltrúa annarra bahá'í ráða í heiminum og sem nú starfar við Sameinuðu þjóðirnar sem grasrótarsamtök undir nafninu „Alþjóðlega bahá'í samfélagið“) um að skýrsla um ástandið hefði verið send til Mannréttindanefndar SP og til persnesku ríkisstjórnarinnar. Aðalritari Sameinuðu þjóðanna skipaði nefnd embættismanna við SP undir forsæti framkvæmdastjóra Flóttamannahjálparinnar með fyrirmælum um að ræða við persnesku stjórnina og fá hana til að heita því að standa vörð um réttindi bahá'í minnihlutans í Persíu. Þótt trúin væri ekki enn laus úr fjötrum hafði hún samt eftir aldalanga baráttu fengið þykkan skráp og gat varið sig með virkum hætti við þetta tækifæri með aðstoð kynningarherferðar

í Bandaríkjunum sem kostaði 40.000 dollara. Auk þess sem Shoghi Effendi stjórnaði þessum hörðu mótmælaaðgerðum gegn villi-mannlegum árásum á friðsamt og varnarlaust samfélag bahá'ía í Íran stofnaði hann sjóð sem nefndist „Hjálp fyrir hina ofsóttu“ og lagði strax fram 18.000 dollara. Þessi aðgerð naut mikils velvilja og stuðnings frá sárreiðum bahá'í samfélögum sem þá þegar börðust í bökkum fjárhagslega á tímum mikilla skuldbindinga.

Það var í þessum öðrum áfanga alþjóðlegu kennsluherferðarinnar að bahá'íum tókst að vinna þau einstæðu afrek að kaupa tíu af þeim ellefu musterislöndum sem talin voru upp í tíu ára áætluninni á um 100.000 dollara. Þrjátíu af 51 landareign voru keyptar á svipuðu verði og fjörutíu og þrjár af 49 bahá'í þjóðarmiðstöðvum á ýmsum stöðum í heiminum fyrir rúmlega 500.000 þúsund dali. Hið síðastnefnda var afrek sem Shoghi Effendi fagnaði með leyndardómsfullu og þýðingarmiklu orðalagi. Hann sagði að þessi afrek „væru velþegin sárabót fyrir eignarnám stjórnarfarslegar miðstöðvar trúarinnar og eyðileggingu hvolfþaks hennar sem hernaðaryfirvöld í höfuðborg Persíu stóðu fyrir.“

Margir glæstir sigrar unnust á þessum fyrstu árum herferðarinnar. Síyáh-Chál, prísundin þar sem Bahá'u'lláh fékk fyrstu vísbendinguna um spámannlegt ætlunarverk sitt, var keypt. Fáni hans var hafinn á lofti í sjálfu hjarta íslam með stofnun andlegs ráðs í Mekku. Þær einstaklega velkomnu fréttir bárust Verndaranum að bahá'íar—leifar af fyrri samfélögum í Kákasus og Turkistan—væru búsettir í sumum þeim löndum Sovétríkjanna sem höfðu við upphaf herferðarinnar verið talin lokuð trúnni. Nú mátti líta svo á að þau hefðu opnast hversu lítil, veik og vanmáttug kertin voru sem þar loguðu í einmanaleik sínum. Bahá'íar voru nú búsettir á níutíu og átta eyjum um allan heim og vinna var hafin við byggingu alþjóðlega minjasafnsins við Heimsmiðstöðina.

Það var á þessum sigursælu tímum sem Shoghi Effendi tók þá afdrifaríku ákvörðun að reisa þrjú musteri í tíu ára áætluninni í stað þeirra tveggja sem fyrirhuguð höfðu verið. Þýðing þessara bygginga í ritum Bahá'u'lláh og 'Abdu'l-Bahá (Mashriqu'l-Adhkár: dögunarstaður minningar Guðs) er afar mikil. Shoghi Effendi sagði að þær væru reistar fyrir „tilbeiðslu til hins eina sanna Guðs og til dýrðar opinberanda hans á okkar tímum.“ Þau eru nátengd andlegu lífi einstaklingsins og samfélagslífi átrúendanna, Verndarinn kallaði ameríska musterið

„táknræna byggingu stjórnskipunarinnar“, „veglegan virkisgarð hennar og tákn um styrk og framtíðar dýrð“, „forboða siðmenningar sem enn hefur ekki litið dagsins ljós“, „tákn og forboða heimsskipulagsins“. Slík móðurmusteri sagði hann að væru hinir miklu þöglu kennarar trúarinnar og gegndu lykilhlutverki í þróun hennar. Hann lýsti því yfir að ameríska musteríð væri sál ameríska bahá'í samfélagsins holdi klædd. Þótt fyrsta musteríð hefði verið byggt samkvæmt fyriræmum 'Abdu'l-Bahá sjálfs í Ishqabad meðan hann lifði, fullvissaði Verndarinn okkur um að fyrsta musteríð sem reist var í nýja heiminum væri hið helgasta sem nokkru sinni yrði reist vegna þess að Meistarinn hefði sjálfur lagt að því hornstein í heimsókn sinni til Norður-Ameríku. Það hefði verið sú framkvæmd sem stóð hjarta hans næst. Árið 1921 þegar Shoghi Effendi tók við embætti Verndarans hafði grunnur verið lagður að musterinu en byggingin sem 'Abdu'l-Bahá hafði svo mjög þráð að sjá rísa áður en hann féll frá var aðeins ókennilegur vatnsheldur hólkur sem minnti á gashylki sem stóð upp úr jörðinni.

Verndarinn leit á það sem eina helstu skyldu sína að ljúka við þessa heilögu byggingu eins fljótt og unnt væri. Það tók hann þrjátíu og tvö ár að ljúka þessu verkefni sem hann nefndi hið veigamesta sem vestrænir fylgjendur trúarinnar hefðu nokkru sinni ráðist í, táknrænasta sigurinn sem unnist hefði á mótunaröld bahá'í trúarkerfisins. Eitt af fyrstu verkum hans var að senda 19 sterlingspund til musterissjóðsins 1922, og árið 1926 sagði hann að hann fagnaði því að geta sent „95 dali á mánuði sem fátæklegt framlag mitt“. Í gegnum árin lagði hann oft fram fjármuni til byggingar musterisins. Shoghi Effendi hvatti bahá'ía til að breyta hinu mikla hringlaga rými umhverfis musteríð sem í framtíðinni yrðu þreppur að musterinu í nothæfan ráðstefnusal fyrir landsþing og aðrar samkomur meðan beðið væri eftir áheyrendasali sem þjónað gæti þessu hlutverki auk byggingar sem eingöngu yrði notuð til tilbeiðslu og guðsþjónustu. Árið 1923 var landsþingið haldið á stað sem gekk undir nafninu grunnsalurinn. Til að prýða veggina sendi hann að gjöf fögur persnesk teppi frá grafhýsi Bahá'u'lláh. Ekkert framhald varð þó á byggingu musterisins fram til ársins 1928. Landsþinginu sem haldið var það ár sendi Shoghi Effendi skeyti með kröftugu orðalagi þar sem hann skoraði á ameríska átrúendurna að halda áfram byggingu þessa mikla musteris. Þetta kom þeim til að hefja verkefni sem þekkt varð undir nafninu „Áætlun um sameinaða aðgerð“. Henni var ætlað að safna fé fyrir gríðarlega dýra yfirbyggingu

musterisins. Þrátt fyrir þetta hafði ekki tekist að safna því fé sem þörf var fyrir ári síðar og Shoghi Effendi, sem þá var ekki sjálfur í aðstöðu til að senda háa fjárupphæð, ákvað að selja dýrmætasta hlutinn sem til var í eigu trúarinnar í landinu helga. Hann sendi eftirfarandi skeyti til landsþingsins: „Ætla að fórna dýrmætustu prýðinni í grafhýsi Bahá'u'lláh til þess að helga og styrkja sameiginlega viðleitni amerísku átrúendanna svo þeir geti hraðað áætlun sinni um sameinaða aðgerð. Ég hvet til fórnarlundar sem á sér engin fordæmi.“ Það var dæmigert fyrir hann að hann sendi fyrst skeyti til persneska aðilans sem hafði gefið þennan ómetanlega hlut: „Musterisstarfið í Ameríku heldur áfram. Þrír fjórðu þeirrar upphæðar sem þarf fyrir fyrstu hæð musterisins eru til reiðu. Tel nauðsynlegt að selja silkiteppið sem þú gafst. Segðu mér þína skoðun á mögulegum markaði fyrir teppið og söluverði. Met mikils samþykki þitt.“ Aðeins þegar hann hafði fengið hlýlegt svar og ráðleggingu um að selja það í New York sagði hann amerísku átrúendunum frá ákvörðun sinni. Svo djúpt snortnir voru bahá'íarnir af þessari fórn Verndarans að þeir söfnuðu næstum 300.000 dollurum áður en landsþinginu lauk. Shoghi Effendi óttaðist að skuldir myndu hlaðast upp ef fé fyrir allt verkið hefði ekki safnast fyrirfram og vildi ekki leyfa undirritun samninga fyrr en það væri ljóst. Þegar landsþingið var sett voru áheitin komin og Verndarinn samþykkti. Bahá'íarnir vildu sjálfir kaupa þetta dýrmæta teppi sem þá var komið til Bandaríkjanna. Símskeyti hans af þessu tilefni eru á allan hátt dæmigerð: „Samþykki að byggingarframkvæmdir við allt musteríð án ytri skreytingar hefjist að því tilskildu að átrúendurnir séu ákveðnir í að fullnusta fórn sína með því að bæta skreytingum við. Ég tel að við ættum öll að tryggja að hönnun musterisins sé í heild sinni eins og 'Abdu'l-Bahá samþykkti hana.“ „Það þarf hvorki að selja né skila aftur hinu helgaða teppi. Það á að verða varanleg prýði í fyrsta Mashriqu'l-Adhkar Vesturlanda.“ Landsþingið brást fagnandi við og sendi aftur djúpt þakklæti sitt fyrir þessa „ómetanlega gjöf“. Áhuginn sem Shoghi Effendi skapaði með boðum sem þessum var ekki nein sjálfráð stefna af hans hálfu heldur stafaði af djúpri ómeðvitaðri hneigð hins fædda leiðtoga, af einstaklega hreinum hvötum hans og hjarta.

Þegar landsþingið var haldið aftur 1931 gat Shoghi Effendi sent eftirfarandi símskeyti: „Hið helgasta lauf tekur undir með mér . . . þegar við færum ykkur hjartanlegar hamingjuóskir, lýsum takmarkalausum fögnuði og djúpu þakklæti fyrir að nú sér fyrir endann á yfirbyggingu

þessa dýrlega og mikilfenglega musteris...“ Árið 1933 tengdi hann aftur systur ‘Abdu’l-Bahá við þetta starf og sendi eftirfarandi símskeyti: „Bið alla amerísku átrúendurnar í nafni þeirrar ástar sem þeir bera til Hins helgasta laufs, sem nú er látin, að leyfa ekki að minnstu tafir verði á byggingu musterisins sem var hjarta hennar svo kært og láta slíkar tafir ekki myrkva ljóma fyrri afreka þeirra. Bið þá að íhuga af mikilli alvöru þessa beiðni mína.“ Í kjölfar þessa símskeytis sem var sent í janúar kom annað í október: „Hvet amerísku átrúendanna sem eru undir miklu álagi að huga að þessari síðustu innilegri beiðni minni um að leyfa ekki neinar tafir á framlögum til musterisins sem gætu myrkvað mikilfenglegt tímamótastarf þeirra... heiti ykkur eins árs hléi þegar lokið hefur verið við fyrsta stigið í skreytingu okkar dýrlega musteris.“ Hann hafði þrúbeðið amerísku bahá’íana að reisa þessa byggingu á sama tíma og þeir voru að ganga í gegnum einhverju erfiðustu kreppu í bandarísku þjóðlífi, eins og hann sjálfur orðaði það. Hann hafði krafist þess í miðri þessari baráttu að aðeins einlægir og ótrauðir stuðningsmenn trúarinnar leggðu fram til byggingarinnar, aðeins þeir sem voru sér „fyllilega meðvitaðir um“ og „skilyrðislaust undirgefni“ opinberun Bahá’u’lláh. Hann hafði hvatt bahá’í samverkamenn sína, fáa í tali og mestanpart efnalítið fólk sem lifði frá degi til dags í skugga efnahagslegra þrenginga, og fullvissað þá um að svo mikilvægt og þýðingarmikið verkefni ætti ekki að kosta „af ríkidæmi hinna fáu heldur sameiginlegum framlögum allra fullvissaðra fylgjenda trúarinnar.“ Hann benti á að sú andlega orka sem myndi streyma frá musterinu væri að miklu leyti komin undir „fjölbreytileika átrúendanna sem gæfu í sjóði þess og þann mæli sjálfsafneitunar sem fylgdi óumbeðnum fórnum þeirra.“ Hann uppörvaði, hughreysti og hvatti þá til sigurs. Stoltur minnti hann þá á að enginn annar hefði fengið það sem þeir fengu—tvíþætta blessun: starfandi stjórnskipulag og musteri!

Skeytin héldu áfram að berast á hverju ári og hið framúrskarandi musteri reis. Á annarri og síðustu miklu afmælishátíðinni sem haldin var um daga Shoghi Effendi gat ég sjálf lesið upp eftirfarandi orð: „Af hálfu Verndara trúar Bahá’u’lláh fellur mér sá mikli heiður í skaut að helga þetta fyrsta Mashriqu’l-Adhkár á Vesturlöndum almennri tilbeiðslu... Ég heilsa ykkur og býð ykkur velkomin af hálfu Verndara trúar okkar á þennan stað...“

Þessi stutta saga um starf sem var ‘Abdu’l-Bahá og Shoghi Effendi

svo hjartkært gefur hugmynd um mikilvægi þessara tilbeiðsluhúsa í lífi bahá'í samfélaganna. Ekki að furða þótt Verndarinn hafi við upphaf herferðarinnar beint athygli sinni að þeim vandkvæðum sem voru á því að reisa fyrsta bahá'í musteríð í heimalandi Bahá'u'lláh. Árið 1942 tilkynnti Shoghi Effendi að persnesku bahá'íarnir hefðu keypt landssvæði í grennd við Teheran, 3.5 milljón fermetra að flatarmáli, og þar væri ætlunin að reisa framtíðarmusteri þeirra. Stöðugt starf amerísku bahá'íanna að musterisbyggingunni í Wilmette hafði hvatt þá til dáða—á sama hátt og amerísku bahá'íarnir fengu á sínum tíma hvatningu til að hefja framkvæmdir við musteríð vegna þess að austurlenskir bahá'íar voru að reisa musterí í Ishqabad í Asíu. Verndarinn lagði mikla áherslu á þetta sögulega og helga musterí. Það er mikilvægt að minnast þess að hann hafnaði mörgum hönnunartillögum sem honum voru sendar eftir að hann hafi beðið um þær vegna þess að honum fannst þær of öfgakenndar. Hann taldi þær endurspeгла um of tískustrauma samtímans og hefðu ekki þá tign og virðuleika til að bera sem hæfði trúarbrögðum sem eiga eftir að ala af sér heimsskipulag og menningu í trúarkerfi sem standa mun í þúsund ár. Hann ákvað að samþykkja íhaldssama hönnunarhugmynd, sem var unnin með persónulegu samþykki hans í Haifa. Hann sagði að í henni væri gert ráð fyrir hvolfþaki sem minnti á hvelfinguna á heilögu graphýsi Bábsins. Áhugasamir persneskir átrúendur gerðu fimm ára áætlun um að safna tólf milljón túmama fyrir bygginguna og Verndarinn afhjúpaði sjálfur þessa hönnun á fundi í Bahjí á fyrsta degi Ríðván 1953. Shoghi Effendi lagði mikla áherslu á þetta verkefni. Bann við allri bahá'í starfsemi í Persíu var honum alvarlegt áfall því hann gerði sér grein fyrir að ástandið þar hafði ekki batnað á neinn hátt þann aldarfjórðung sem hann hafði gegnt embætti Verndarans. Það hafði þvert á móti versnað svo mjög að lítil von var til þess að slík bygging yrði reist fyrir lok tíu ára áætlunarinnar. Þrátt fyrir þá staðreynd að enn var hægt að byggja fyrsta musteríð í Evrópu—annað musterí áætlunarinnar—lagði hann strax til atlögu við óvini trúarinnar. Í símskeyti sem hann sendi í nóvember 1955 segir: „Söguleg ákvörðun tekin um að reisa móðurmusteri Afríku í hjarta Kampala borgar. Það á að verða mikil huggun þeim fjölda hugrakkra bræðra og systra sem sæta kúgun í vöggju trúarinnar. Sérhvert meginland nema Ástralasía getur þar með hreykt sér af að njóta andlegs gagns af sínu eigin musterí. Stórkostlegri útbreiðslu trúarinnar og mikilli fjölgun

stjórnarfarsstofnana hennar á öllu meginlandinu veitist hér viðeigandi viðurkenning...“ Þannig fengu afrísku átrúendurnir það sem hann sagði vera „það mikilfenglega, dásamlega og einstæða verkefni að byggja móðurmusteri Afríku.“

Þar sem Teheran átti að fá þriðja mikla musteri bahá'í heimsins og Þýskaland hið fjórða, varð hið evrópska í raun hið þriðja í röðinni og afríska musterið fjórða. Teikningin af afríska musterinu var gerð undir eftirliti Shoghi Effendi og með fullu samþykki hans. Ástandið hvað varðaði Þýskaland var öðruvísi. Hann hafði sjálfur valið teikningu og sent hana til þjóðarráðs bahá'ía í Þýskalandi og Austurríki en andstaða kirkjunnar við byggingu bahá'í tilbeiðsluhúss var strax orðin svo mikil að þjóðarráðið tilkynnti honum að það teldi að sú íhaldssama hönnunarhugmynd sem hann hafði valið gæti gert bygginguna flókna í framkvæmd í landi þar sem mjög nýtískulegar byggingar nutu mikillar hylli. Hægt væri að hafna leyfi til byggingar á þessum forsendum. Shoghi Effendi leyfði þeim því að efna til samkeppni og af þeim teikningum sem honum voru sendar valdi hann þá sem síðar var notuð í Langenhain í grennd við Frankfurt.

Enginn vafi er á því í mínum huga að hefði Shoghi Effendi spurt bahá'íana álits hefðu þeir ráðlagt honum að forðast Þýskaland. Þegar hann tilkynnti árið 1953 að móðurmusteri Evrópu ætti að byggja þar í landi voru aðeins átta ár liðin frá lokum skelfilegrar heimsstyrjaldar. Að undanskildum nokkrum löndum þar sem í rauninni var enga bahá'ía að finna bjuggu bahá'íar um allan heim í löndum sem höfðu barist gegn Þjóðverjum eða liðið þjáningar af völdum stríðsins. Verndarinn var óttalaus, hafði hugann einungis við andleg örlög hnattræns samfélags Hins mesta nafns sem honum hafði verið treyst fyrir. Hann fylgdi ekki mælikvarða heimsins heldur þeim mælikvarða sem ritningarnar varðveita. Hann minntist alltaf heimsóknar 'Abdu'l-Bahá til Þýskalands og þess ástfósturs sem hann hafði tekið við þýska bahá'í samfélagið. Þetta var ofarlega í huga Shoghi Effendi allt frá því hann tók við embætti. Þýska samfélagið var eitt þeirra samfélaga sem hann nefndi í fyrstu hikandi bréfunum sem hann sendi út til þess ofurlitla bahá'í heims sem til var árið 1922. Þegar hann skrifaði um landið 1926 vitnaði hann til orða Meistarans með þessum hætti: „Fjölgun þýskra bahá'í miðstöðva og fylgjenda trúarinnar, þau dýrlegu orð sem Ástvinur okkar viðhafði um framtíð þeirra og þann þátt sem þeir eiga eftir að hafa í andlegri vakningu Evrópu...“ Árið 1927 sagði hann í

bréfum til Mörtu Root: „Þýskaland ætti að verða miðpunktur starfsemi þinnar því ég legg mikla áherslu á þau margvíslegu og auðugu tækifæri sem vakning þess lands felur í sér...“ „Ég tel að þú ættir að helga Þýskalandi meiri athygli því ég tek fyllilega undir þær væntingar sem þú hefur til þess að það muni í framtíðinni verða mikilvægt skref í átt til andlegrar endurnýjunar Evrópu.“ Árið 1947 hafði hann vitnað til „furðulegrar endurvakningar“ „stríðshrjáðs samfélags Mið-Evrópu.“ Hann sagði að innan landamæra Þýskalands væri að finna „flesta fylgjendur trúarinnar á meginlandi Evrópu. Eins og ‘Abdu’l-Bahá sagði fyrir um á þetta land eftir að gegna miklu hlutverki í andlegri endurvakningu og endanlegri inngöngu þjóða og kynkvísla Evrópu í trú Föður hans.“ Frankfurt var í hjarta Þýskalands, Þýskaland í hjarta Evrópu. Það var rökréttur staður fyrir Evrópumusterið.

Shoghi Effendi var enn í miklu uppnámi vegna ofsóknanna á hendur trúföstum bahá'íum í heimalandi Bahá'u'lláh og hann gerði því nýja áætlun sem ekki fór hátt. Hann hafði valið teikningu fyrir þriðja musteríð og falið þjóðarráði Ástralíu og Nýja Sjálands að spyrjast fyrir um það í trúnaði hversu mikið slík bygging myndi kosta ef hún yrði reist í Sídney. Þegar hann fékk kostnaðarmatið, sem hann taldi að myndi ekki auka mjög fjárhagsbyrði alþjóðlegu kennsluáætlunarinnar, kom hann með heillandi tilkynningu í Riðván-boðum sínum 1957 þess efnis að hrinda ætti í framkvæmd „metnaðarfullu þríþættu verkefni sem á að bæta upp fyrir vanmátt hins sárþjáða samfélags fylgjenda trúar Bahá'u'lláh í fæðingarlandi hans. Verkefnið miðar að því að reisa móðurmusteri á stöðum sem eru í mikilli fjarlægð hver frá öðrum, Frankfurt, Sídney og Kampala—móðurmusteri Evrópu, Ástralíu og Afríku—fyrir um það bil eina milljón dollara. Hafa þá fullnast þau markmið sem hófust með musterisbyggingum á meginlöndum Asíu og Ameríku.“ Þessi tilkynning þýddi að persnesku átrúendunum yrði bættur upp sár missir með því að byggja á Kyrrahafssvæðinu „Móðurmusteri Ástralíu, Nýja Sjálands og reyndar alls Kyrrahafssvæðisins“ eins og Verndarinn komst að orði. Auk þess yrði annað musterí byggt í hjarta Afríku sem hann sagði að myndi „auka mjög áhrifin af sókn málstaðar Guðs um allan heim, treysta vaxandi stofnanir guðlega áformaðs stjórnskipulags og auka hróður þess í öllum heimsálfum.“ Verndarinn tilkynnti líka í þessum Riðván boðum að teikningar af öllum þessum „mikilfenglegu byggingum sem hver um sig hefur verið hönnuð til að þjóna sem bústaður fyrir anda Guðs, tjaldbúð til vegsömunar

boðbera hans á þessum degi“ yrðu sýndar „samankomnum fulltrúum á þrettánda sögulegu bahá'í landsþingunum sem haldin verða í fyrsta sinn á Ríðván á þessu ári.“

Það var meðan á þessum öðrum áfanga alþjóðlegu kennsluherferðarinnar stóð að ameríska þjóðarráðið keypti land fyrir fyrstu þjónustubyggingu sína. Verndarinn hafði sagt ráðinu að hann teldi ekki að bókasafn—sem var fyrsta tillagan varðandi hlutverk þessa mannvirkis—sýndi nægilega vel tilgang og þýðingu þeirrar stofnunar sem musterið er í bahá'í samfélaginu og þess vegna var ákveðið að byggja elliheimili. Shoghi Effendi hvatti til þess í einu af síðustu bréfum sínum að ráðið héldi áfram að vinna við þetta heimili þar sem það myndi sýna almenningi að eitt helsta markmið bahá'í trúarinnar væri að þjóna mannkyni, án tillits til trúar eða kynþáttar, og það myndi án nokkurs vafa vekja athygli og umræðu.

EINSTÆÐUR FERILL VERNDARANS

„Heill þeim sem leitar skjóls í skugga hans sem yfirskyggir allt mannkyn.“

‘Abdu’l-Bahá

Í skapandi huga Verndarans höfðu allir þættir trúar Bahá’u’lláh runnið saman í eina óaðskiljanlega heild. Hann hafði lagt grunninn að skipulögðu samfélagi fylgjenda trúarinnar, hirslu kenninga Bahá’u’lláh, laga hans og stjórnskipulags. Kenningar tveggja opinberenda Guðs og hinnar fullkomnu fyrirmyndar höfðu verið ofnar saman í eina skínandi skikkju sem átti eftir að prýða manninn og vernda hann í þúsund ár. Shoghi Effendi hafði valið mynstrið í þessa skikkju, sniðið hana til og prýtt fögrum sylgjum túlkana sinna á hinum helgu textum. Þessi skikkja mun ekki slitna eða verða frá honum tekin fram til þess dags þegar nýr Löggjafi kemur í heiminn og klæðir sköpun sína, manninn, nýrri guðdómlegri skikkju.

Öflin sem erfðaskrá Meistarans leystu úr læðingi settu dótturson hans, Shoghi Effendi, í upphafið embætti Verndara trúarinnar. Hann tilheyrði fullvalda stétt guðlegra forfeðra sinna og var sjálfur fullvalda leiðtogi. Við frumburðarréttinn sem blóðböndin veittu honum bættist vald óskeikullar leiðsagnar sem honum var veitt í sáttmála Guðs. Guðlega áformaður og óhagganlegur réttur Shoghi Effendi til að fara með yfirstjórn málstaðar Guðs sannaðist til fulls í þrotlausu og hjartanístandi erfiðis hans í þrjátíu og sex ár. Vandfundin væri önnur persóna sögunnar sem í rúman aldarþriðjung hratt af stað svo mörgum og ólíkum verkefnum og gaf sér tíma til að fylgjast með minnstu smáatriðum þeirra, gerði um leið áætlanir sem náðu til alls heimsins, mælti fyrir um framkvæmd þeirra og veitti þeim leiðsögn og forystu. Hann hafði lagt grundvöllinn að því framtíðar þjóðfélagi sem Bahá’u’lláh setti á stofn og mótaðist síðan í huga Meistarans.

Af stakri þolinmæði líkt og gullsmiður sem tekur fagran gimstein úr birgðum sínum og velur honum stað meðal smærri en jafn dýrmættra gimsteina—þannig valdi Shoghi Effendi ákveðið stef eða þema úr ritningunum, ígrundaði það og fann því stað í dásamlegum ritum sínum þar sem það tindrar og vekur meiri eftirtekt en þegar það er aðeins eitt stef af mörgum. Það eru engar ýkjur að við bahá'íar lifum nú í heimi sem er þrunginn þeim dýrlegu stefjum trúarinnar sem Shoghi Effendi mótaði og gaf líf. Það er eins og hann hafi fangað sólarljós þessarar opinberunar í margstrending og gert okkur kleift að meta að verðleikum margbreytileika litanna í geislandi ljósi orða Bahá'u'lláh.

Málefni sem við höfðum alltaf þekkt fengu skyndilega nýja og víðari merkingu. Okkur var ögrað, við vorum snupruð og við fengum uppörvun. Við stigum fram til að þjóna, brautryðja og fórna. Við uxum úr grasi undir verndarvæng hans og trúin óx með okkur og varð gjörólík því sem við áður höfðum þekkt. Tökum nokkur helstu stefin sem Shoghi Effendi setti fram á svo fagran og eftirminnilegan hátt. Dag nokkurn hvíldist Bahá'u'lláh á Karmel-fjalli. Hann benti 'Abdu'l-Bahá á ákveðinn stað og sagði honum að kaupa þetta land og flytja þangað jarðneskar leifar Bábsins. Meistarinn lét sækja þessar dýrmætu leifar, jarðsetti þær í hjarta fjallsins og reisti þar með erfiði og tárur miklar og veglegar byggingar. Verndarinn fullkomnaði þennan helgidóm. Undursamlegt grafhýsi fyrirrennara trúar okkar blasir við í allri sinni dýrð á Karmel-fjalli og þangað beinast allra augu.

Á dimmum og hættulegum tímum eftir stríðið skrifaði Meistarinn nokkrar dýrmætar töflur til Ameríku. Þá var efnt til fagnaðarhátíðar sem nefndist „afhjúpun Taflna hinnar guðlegu áætlunar“. Þar voru viðstödd nokkur börn (þar á meðal ég); þau tóku í nokkra strengi og ein taflanna birtist á hjúpuðum bakgrunni á sviðinu. 'Abdu'l-Bahá hafði sent lausnargjald konungs til norður-amerísku átrúendanna sem fögnuðu en skildu ekki það sem þeir höfðu fengið. Shoghi Effendi missti aldrei sjónar á þessum fjársjóði sem var varðveittur hinumegin á hnettinum og byrjaði hægt og sígandi að feta sig að honum. Það tók hann næstum tvo áratugi en þegar hann hafði loks mótað gangverk stjórnskipulagsins gat hann tekið þessa eðalsteina og komið þeim fyrir á sínum stað. Sigrar unnust í norðri og suðri, það birti yfir austrinu og vestrinu af ljósi nýrra bahá'í miðstöðva og ráða, sem voru ríflega 4200 talsins um allan heim. Til ýmissa landssvæða jarðar—251 talsins—sem Shoghi Effendi hafði látið andvara hinnar guðlegu áætlunar vekja,

endurnýja og næra streymdu þýðingar á ritum trúarinnar á 230 tungumálum. Á þeim tuttugu árum sem liðin voru síðan Verndarinn fyrst leysti úr læðingi máttinn sem 'Abdu'l-Bahá hafði gætt þessar töflur hætti hann aldrei að hvetja her brautryðjenda sem sótti fram til sigurs samkvæmt fyrirmælum hans til að leggja undir sig allan heiminn og hefja á loft merki Bahá'u'lláh þar sem sigrarnir unnust.

Verndarinn skildi hina duldu merkingu í Töflu Karmels sem Bahá'u'lláh opinberaði. Hann lét jarðsetja Hið helgasta lauf nálægt grafhýsi Bábsins. Hann flutti þangað einnig líkamsleifar móður hennar og bróður. Hann nefndi þennan stað hjarta hnattrænnar stjórnskipunar, sá fyrir sér mikið bogadregið svæði í fjallshlíðinni og tengdi það orðum Bahá'u'lláh um „*staðinn þar sem hásaeti Guðs stendur*.“ Hann reisti hina fyrstu af þeim miklu byggingum sem rísa munu á þessum boga og talaði oft um eðli þeirra krafta sem eiga eftir að streyma frá þessari miklu andlegu þungamiðju til allra þjóða og kynkvísla jarðar. Þessir kraftar byggja á kenningum trúar sem er „í kjarna sínum yfirskilvitleg, yfirþjóðleg, fullkomlega ópólitísk og í beinni andstöðu við hverja þá stefnu eða hugmyndafræði sem reynir að upphefja einhvern ákveðinn kynþátt, stétt eða þjóð á kostnað annarrar“. Fylgjendur þessarar trúar „sjá mannkynið sem eina heild. Þeir hafa hugann fyrst og fremst við knýjandi hagsmuni þess og hika ekki við að láta öll sértæk áhugamál, hvort sem þau tengjast persónum, svæðum eða þjóðum víkja fyrir brýnustu hagsmunum alls þorra mannkyns. Þeir eru sér fyllilega meðvitaður um að í heimi þar sem þjóðir eru hver annarri háðar verður hagur hins einstaka best tryggður með hagsmunum allrar heildarinnar“. Shoghi Effendi útskýrði að þessi trú hefði þróast á fósturstigi á tímasteiði sem hann nefndi hetjuöldina og sú þjóðfélagsskipan sem felst í kenningum Bahá'u'lláh myndi vaxa úr grasi á mótunaröldinni. Á unglingssteiði sínu yrði hún vitni að stofnun heimsskipulags og á fullþroskassteiði fjarlægjar gullaldar myndi hún blómstra, verða að heimssiðmenningu sem ætti sér engin fordæmi og myndi marka „efsta stigið í skipulagi manlegs samfélags“—skipulagi sem myndi aldrei hnigna. Mannkynið héldi þá áfram að þroskast um ófyrirsjáanlegan tíma og rísa til æ herra hæða andlegs valds.

Hann skipti þeim atburðum sem höfðu gerst og voru að gerast í málstað Guðs í ákveðna kafla sem hver og einn tengdist þróun trúarinnar. Hann bjó til upphleypt kort sem gerði okkur kleift að sjá á einu augabragði hvert við vorum komin í okkar eigin starfi, hvernig

uppfylling eins markmiðs auðveldaði næsta skref í þjónustu okkar við málstað Bahá'u'lláh. Þær skilgreiningar og sú skipting sem hann studdist við byggðust ekki á geðþóttákvörðunum hans heldur áttu sér beina samsvörun í kenningunum trúarinnar og samtíma atburðarás innan hennar. Hin spámanna öld sem hófst með Adam og náði hámarki með Múhameð var liðin. Maðurinn hafði verið uppræddur í skóla þessara spámana og búinn undir fullþroskaskeiðið. Öld uppfyllingar hafði gengið í garð með Bahá'u'lláh. Vísindin höfðu gert einingu jarðarbúa mögulega og þau gerðu mönnum kleift, nei skylduðu þá til að skapa nýtt samfélag þar sem friðsamur heimur gæti helgað sig efnislegum og andlegum þroska mannsins. Vegna þess hve voldug, gjörtæk og stórfengleg þessi umbreyting yrði myndi skuggi Bahá'u'lláh hvíla yfir jörðinni í fimm þúsund aldir. Fyrstu tíu aldirnar yrðu í gildi þau lög, fyrirmæli, kenningar og meginreglur sem hann setti mönnum.

Þessu þúsund ára trúarkerfi skipti Shoghi Effendi í tímасkeið. Hið fyrsta hófst með yfirlýsingu Bábsins og lauk með uppstigningu Meistarans. Þetta tímасkeið stóð í 77 ár og Verndarinn nefndi það hinn postullega tíma eða hetjuöld trúarinnar vegna þeirra atburða sem þá höfðu gerst og blóðbaðsins sem einkenndi upphaf trúarinnar þegar 20.000 sálir liðu píslarvætti, þar á meðal Bábinn sjálfur. Þessari hetjuöld skipti Verndarinn í þrjú tímасkeið, sem hvert um sig tengdist ætlunarverki Bábsins, Bahá'u'lláh og 'Abdu'l-Bahá. Annað tímасkeiðið sem Shoghi Effendi nefndi mótunaröldina, umbreytinga- og járnöld trúarinnar var sá tími þegar stjórnskipulagið—sjálft aðalsmerki aldarinnar—myndi þróast, ná fullkomnun og blómstra í heimskipulagi Bahá'u'lláh. Fyrsta tímасkeið mótunaraldarinnar spannaði tímann frá uppstigningu 'Abdu'l-Bahá 1921 til aldarafmælis trúarinnar 1944 og atburðanna sem komu strax í kjölfarið. Annað tímасkeiðið fullnaðist í lok heimsherferðarinnar 1963 og fór saman við aldarminningu yfirlýsingar Bahá'u'lláh í Ríðvæn garðinum. Þótt Verndarinn tilgreindi aldrei hversu mörg tímасkeið myndu einkenna mótunaröldina gaf hann í skyn að önnur jafn mikilvæg og hrífandi skeið myndu taka við þegar trúin nálgæðist það sem hann nefndi gullöld hennar. Hann gaf oft en einu sinni í skyn að gullöldin myndi að öllum líkindum ganga í garð á síðari öldum í trúarkerfi Bahá'u'lláh.

Shoghi Effendi sagði að trú Guðs myndi þróast frá því að vera lítt þekktur málstaður og öðlast viðurkenningu sem heimstrúarbrögð.

Trúin myndi losna úr fjötrum fortíðar, verða ríkistrúarbrögð og að lokum myndi bahá'í ríkið sjálft koma fram á sjónarsviðið, ný og einstæð sköpun í trúarsögu mannkyns. Þegar mótunaröldin væri gengin um garð og gullöldin hæfist tæki við sá tími sem sagður er fyrir í biblíunni í spádómsriti Habakkuk, 2:14: „Því að jörðin mun verða full af þekking á dýrð Drottins, eins og djúp sjávarins vötnum hulið.“

Sögulegri framkvæmd hinnar guðlegrar áætlunar 'Abdu'l-Bahá sem Shoghi Effendi skipulagði var einnig skipt í tímaseið og þeim síðan deilt niður í ákveðna áfanga sem gerðu bahá'íum kleift að fylgjast náið með framgangi mála og einbeita sér að ákveðnum markmiðum. Fyrsta tímabil hinnar guðlegu áætlunarinnar skiptist í þrjá áfanga, þ.e. fyrstu sjö ára áætlunina, aðra sjö ára áætlunina og tíu ára kennslu- og treystingarherferðina. Þessari herferð skipti Shoghi Effendi í nokkra áfanga. Hinn fyrsti stóð yfir í eitt ár frá 1953–4 og Shoghi Effendi sagði að á þeim tíma hefði höfuðmarkmið áætlunarinnar náðst með skráningu ekki færri en 100 landa undir merkjum Bahá'u'lláh. Annar áfanginn stóð yfir frá 1954 til 1956. Þá fór fram einstæð treysting og jafnframt útbreiðsla sem bjó ekki aðeins í haginn fyrir kosningu fjörutíu og átta þjóðarráða sem átti að fara fram áður en áætluninni lyki heldur einkenndist líka af fordæmalausum fjárútlátum vegna kaupa á þjóðarmiðstöðvum, musterislandareignum og stofnun bahá'í útgáfufyrirtækja. Shoghi Effendi skrifaði að þriðji áfanginn, sá sem gæfi fyrirheit um glæstustu sigrana í andlegu heimsherferðinni, myndi standa yfir frá 1956–58. Þá átti að fjölga mjög bahá'í miðstöðvum um allan heim og mynda sextán ný þjóðarráð. Áður en Verndarinn féll frá gaf hann í skyn að fjórði áfanginn myndi standa yfir frá 1958 til 1963. Hann myndi einkennast af áður óþekktri fjölgun átrúenda og miðstöðva um allan heim auk þess sem byggingu musteranna þriggja, sem nú voru hluti af tíu ára áætluninni, myndi miða vel áfram.

En nú fóru í hönd síðustu dagar þess mikla leiðtoga sem hafði innblásið okkur slíkum krafti og svo einstæðum hugmyndum. Hann lauk með framúrskarandi hætti starfinu sem 'Abdu'l-Bahá hóf, framkvæmdi fyriræli hans og fylgdi æðstu leiðsögn opinberanda Guðs út í æsar. Enginn gat vitað og enginn hefði getað afborið vitneskjuna um að boðskapurinn sem bahá'í heimurinn fékk í október 1957, fullur vongleði og nýrra áætlana, var síðasta ómetanlega gjöf manns sem í þeim skrifuðu orðum var í rauninni að leggja frá sér pennann og hverfa frá þessum heimi og áhyggjuefnum hans um

alla framtíð. Shoghi Effendi sagði okkur í þessum boðskap að brátt væri heimsherferðin hálfnuð. Þeim áfanga átti að fagna með fimm alþjóðlegum ráðstefnum sem halda átti í janúar, mars, maí, júlí og september 1958 í Afríku, Ástralíu, Ameríku, Evrópu og Asíu í nefndri röð. Shoghi Effendi fylgdi samskonar mynstri og hann hafði notað þegar fyrstu fjórar alþjóðlegu ráðstefnurnar voru haldnar á árinu helga í byrjun kennsluherferðarinnar. Hann tilgreindi fimm þjóðarráð sem hafa áttu yfirumsjón með þessum miklu mannfundum en formenn þeirra áttu að kalla þær saman. Umdæmisráðinu í Mið- og Austur Afríku var falin ábyrgð á fyrstu ráðstefnunni (það var vissulega ekki tilviljun að Afríka hafði tvisvar á fimm árum tekið forystuna með því að verða fyrst til að halda ráðstefnuna). Þjóðarráð Ástralíu hélt næstu ráðstefnu, þjóðarráð Bandaríkjana þá þriðju, þjóðarráð Þýskalands og Austurríkis þá fjórðu og umdæmisráð Suðaustur-Asíu þá fimmtu og síðustu. Shoghi Effendi skrifaði að þær ætti að halda „... í þeim fimmfalda tilgangi að þakka auðmjúklega guðlegum höfundum trúar okkar sem hefur af náð sinni gert fylgjendum sínum kleift á tímum aukinnar örvæntingar, í glundroða og óvissu háskalegra tíma í sögu mannkyns, að framkvæma hindrunarlaust tíu ára áætlunina sem var gerð til að hrinda í framkvæmd hinni miklu áætlun 'Abdu'l-Bahá. Þær á einnig að halda til að endurskoða og fagna röð tímamótasígra sem unnist hafa hratt og örugglega í sérhverri sókn þessarar heimsherferðar, til að íhuga leiðir og aðferðir sem muni tryggja sigursæl úrslit hennar og samtímis ljá lífsnauðsynlegu ferli einstaklingstrúskipta um allan heim stóraukinn kraft—en slík trúskipti eru megináformið að baki áætluninni í öllum hennar myndum—og til að byggja og ljúka við móðurmusterin þrjú sem reisa skal á meginlandi Evrópu, Afríku og Ástralíu.“

Shoghi Effendi sagði að sá undraverði árangur sem hafði náðst síðan heimsherferðin hófst hefði á tæpum fimm árum skarað fram úr þeim afrekum, bæði hvað varðaði magn og gæði, sem unnist hefðu í öllu sameiginlega starfi trúarinnar frá upphafi hetjualdar. Gleði hans var augljós þegar hann sagði þessa afreka sögu, taldi upp þá sigra sem unnist höfðu og lýsti þeim sem „undraverðum framförum, sem ná yfir svo vítt svið og átt hafa sér stað á svo skömmum tíma fyrir tilstilli svo fámenns hóps hetjulegra sálna“.

Það var í þessum skilaboðum sem Verndarinn skipaði síðasta hóp Handa málstaðar Guðs. Um var að ræða átta nýja meðlimi þessarar



VERNDARINN

Síðasta ljósmyndin af Shoghi Effendi var tekin nokkrum mánuðum áður en hann lést.

Myndin er stækkuð úr mjög lítilli mynd og gefur ofurlitla innsýn í milt, göfugt og auðmjúkt eðli Verndarans en sýnir ekki tignina og máttinn sem frá honum streymdi.



VERNDARINN 1957

Tækifærismynd af Shoghi Effendi við garðhliðið við heimili Meistarans. Hann var þarna að skipuleggja útför og líkfylgd gamals þjóns í bahá'í kirkjugarðinn.



SÍÐUSTU BOÐ VERNDARANS

Á svölum þessa gestaheimilis í fjöllum lauk Shoghi Effendi við endanlega gerð mikilfenglegra boða sinna til bahá'í heimsins í miðri 10 ára herferðinni.



ÚTFÖR SHOGHI EFFENDI Í LONDON

Sorgmæddir útfarargestir ganga framhá kistu Verndarans sem stendur við opna gröf hans þann 9. nóvember 1957.



KISTA VERNDARANS LÖGÐ TIL HVÍLDAR Í BLÓMUM PRÝDDRI GRÖF



BLÓMAHAFIÐ VIÐ GRÖF VERNDARANS
AÐ ÚTFARARÞJÓNUSTU LOKINNI



GRAFREITUR SHOGHI EFFENDI Í LONDON

Hvítur Carrara marmari, kórínþísk súla, hnattlíkan með korti af Afríku og japanskur örn Shoghi Effendi efst á súlunni, tákn sigurs.



GULLNI ÖRNINN YFIR GRAFREIT SHOGHI EFFENDI

tignu stofnunar. Heildarfjöldi þessara „háttsettu embættismanna heims- skipulags í örri þróun“ voru þar með orðnir tuttugu og sjö talsins. Með hliðsjón af „heilagri ábyrgð þeirra sem verjendur trúarinnar“ varð að stofna annað ráð aðstoðarráðgjafa, sem var skipað jafnmörgum átrúendum og hið fyrra, og fékk það „sérstaka verkefni að vaka yfir öryggi trúarinnar.“ Hendurnar fimm sem Shoghi Effendi hafði valið til að starfa við Heimsmiðstöðina áttu að sækja þessar fimm alþjóðlegu ráðstefnur sem sérstakir fulltrúar hans. Tveimur þeirra var falið að koma fyrir í grunni móðurmusteranna sem verið var að byggja í Kampala og Sydney „blessaðri mold frá innsta grafhýsi Bahá'u'lláh“. Annan hluta úr þeim heilaga jarðvegi átti að afhenda þjóðarráði Þýskalands og Austurríkis í Frankfurt og koma fyrir í grunni fyrsta evrópska musterisins þegar það yrði byggt. Afrit af mynd af Bahá'u'lláh og lokk úr helgu hári hans átti ekki aðeins að sýna þátttakendum við ráðstefnurnar í Evrópu, Ástralíu og Afríku heldur áttu þessi þjóðarráð að varðveita þessa helgu muni þar sem byggja átti þessi miklu musteri sem varanlega gjöf ástríks Verndara síns. Með Höndunum sem áttu að sækja ráðstefnuna í Asíu sendi Verndarinn annað afrit af myndinni af Bahá'u'lláh til þess að átrúendurnir sem þar voru samankomnir gætu séð hana en þessa mynd átti að flytja aftur til varðveislu í landinu helga. Við ráðstefnuna í Chicago áttu fulltrúar Shoghi Effendi að sýna átrúendum myndirnar af Bahá'u'lláh og Bábnum sem hann hafði áður falið umsjá ameríska þjóðarráðsins. Þetta voru síðustu gjafirnar sem Shoghi Effendi færði til merkis um ást sína á átrúendum, herskara hinna trúföstu sem hann hafði vakað yfir og sem höfðu fylgt honum af slíkri trúmennsku í svo mörg viðburðarík og söguleg ár.

Þegar þúsundir bahá'ía frá fjölda landa komu saman samkvæmt áætlun og ósk Shoghi Effendi á þessum fimm alþjóðlegu ráðstefnum árið 1958 var það ekki aðeins með lotningu sem þeir horfðu á heilaga andlitsmynd stofnanda trúarinnar heldur einnig með sorg í hjarta og tár í augum. Hversvegna hafði hann sem þeir lutu í lotningu og horfði á þá djúpum alvitrum augum, talið rétt að taka frá þeim erfingja sinn? Þeir grétu ekki aðeins vegna Verndarans, þeir spurðu líka hvað yrði um Verndarstofnunina sjálfa? Þetta var erfiðasta prófraun trúarinnar. Guð hafði gefið og Guð hafði tekið—*„Hann gerir það sem honum þóknast og enginn fær dregið ákvörðun hans í efa.“* Þegar Bábinn leið þíslarvættisdauða var Bahá'u'lláh eftir, við uppstigningu Bahá'u'lláh var 'Abdu'l-Bahá eftir og þegar 'Abdu'l-Bahá féll frá varð Shoghi

Effendi eftir. En nú var eins og þessir konungar—svo ólíkir sem þeir voru hver öðrum—hefðu farið til hÍbýla sinna og lokað dyrunum. Við bahá'íar horfðum á dyrnar og héldum áfram að spyrja eins og börn sem hafa misst foreldra sína í náttúruhamförum—hversvegna hafði þeim verið lokað?

Ef til vill verður styrkur bandanna sem binda bahá'ía trú sinni aldrei jafn augljós og hann var ári eftir fráfall Shoghi Effendi. Þeir lutu höfði í djúpum sársauka en þeir stóðust prófraunina. Ef Verndarinn hefði ekki mælt fyrir um þessar fimm miklu samkomur þar sem átrúendurnir gátu komið saman, hughreyst hvern annan og fengið leiðsögn Handa málstaðarins sem voru byrjaðar að fullkomna áætlun Verndarans og tryggja kosningu Allsherjarhúss réttvísinnar er erfitt að ímynda sér hvaða áhrif svo skyndilegt og fullkomlega óvænt fráfall ástkærs leiðtoga hennar hefði haft á átrúendurnar. Sú staðreynd að vinirnir voru að vinna með virkum hætti að áætlun, að athygli bahá'í heimsins beindist nú að þeirri áætlun hálfnaðri, að á þessum ráðstefnum var athyglinni beint sérstaklega að fimm ákveðnum þemum og loks sú staðreynd að þeir fengu ítrekuð skilaboð ástar, trúar og uppörvunar frá Höndum málstaðarins—allt þetta tengdi og sameinaði bahá'ía um allan heim. Ógæfan færði hjörtum þeirra, sem sorgin hafði hreinsað, nýtt hugrekki og kallaði fram dýpri ást. Þeir ætluðu ekki að bregðast Shoghi Effendi. Hann hafði sagt þeim að íhuga leiðir og aðferðir til að tryggja sigursæl lok áætlunarinnar—gott og vel, það ætluðu þeir að gera. Þeir ætluðu að sjá til þess að henni lyki með viðeigandi heiðri og sóma 1963 og ná árangri sem hefði hrifið hjarta hans og kallað frá penna hans það hrós og þakklæti sem þeim var svo kært.

Ekkert gæti borið sannleika og styrk málstaðarins fegurra vitni en þeir sigrar sem átrúendurnir unnu í heimsherferð Verndarans. Verk efnið hafði í fyrstu reynst torvelt og jafnvel yfirþyrmandi. Að bahá'íum skyldi hafa tekist að ljúka því með glæsibrag og færa meiri fórnir á rúmlega fimm árum en nokkru sinni fyrr í sögunni án forystu Shoghi Effendi, án hvatningarorða hans, þeirra dásamlegu mynda sem hann málaði með orðum sínum í skeytunum sem hann sendi, án þeirrar vitneskju að hann stæði við stjórnvölinn, ástkær skipherra sem stýrði málstaðnum áleiðis til sigurs og í örugga höfn, gengur kraftaverki næst. Ekki aðeins er það til vitnis um hve vel hann hafði lagt grunninn heldur ber það einnig vitni sannleikanum í orðum Meistarans: „Í málstaðnum býr dularfullur máttur, langt ofar þekkingu manna og engla.“

Líf og dauði eru svo nátengd fyrirbæri, sín hvor helftin af einum hjartslætti, en samt virðist okkur dauðinn aldrei neitt sérstaklega raunverulegur í eðlilegum gangi tilverunnar—hver hefði því búist við því að Shoghi Effendi myndi deyja! Síðasta sumarið hafði heilsa hans verið mjög góð, betri en oft áður. Hann minntist sjálfur á þessa staðreynd og læknir hans var á sama máli þegar hann skoðaði hann nokkrum vikum fyrir andlátíð. Enginn hefði getað látið sig dreyma um að tími hans hér á jörðu væri á þrotum. Oft hef ég verið spurð hvort ég hefði ekki séð einhverjar vísbendingar um að endirinn væri í nánd. Svar mitt er hikandi nei. Þegar hræðilegur stormur dynur yfir á miðjum sólskinsdegi er hægt að ímynda sér að maður hafi séð strá fjúka í vindinum og láta sem það hafi verið einhver fyrirboði. Ég minnst mjög fárra atvika sem hefðu getað haft þýðingu í þessa veru en þau höfðu vissulega enga þýðingu í mínum huga á þeim tíma. Ég hefði aldrei getað lifað af minnstu vísbendingu um andlát Verndarans og ég lifði það af einungis vegna þess að ég gat ekki yfirgefið hann og dýrmætt ævistarf hans sem hafði kostað hann lífið löngu áður en nokkur gæti trúað að því væri að ljúka.

Eitt af markmiðum tíu ára áætlunarinnar sem tengdist Heims- miðstöðinni og Verndarinn hafði sett sjálfum sér var skráning laga og fyrirmæla *Kitáb-i-Aqdas*, móðurbókar bahá'í opinberunarinnar. Það hefði verið mjög óviðeigandi að nokkur annar en leiðtogi trúarinnar tæki að sér slíkt verk, en samkvæmt orðum Shoghi Effendi var þessi bók ásamt erfðaskrá 'Abdu'l-Bahá „meginhirsla þeirra ómetanlegu þátta hinnar guðlegu siðmenningar sem er höfuðmarkmið bahá'í trúarinnar að stofna.“ Hann vann að þessu verki í þrjár vikur eða svo vorið 1957 áður en hann fór frá Haifa. Oft þegar ég sat með honum í herberginu meðan hann vann, las upphátt og skrifaði niður athugasemdir, skildist mér á orðum hans að hann væri ekki að skipuleggja lögformlega skráningu á fyrirmælunum í *Aqdas* heldur samantekt sem myndi gera bahá'íum kleift að skilja eðli þeirra laga og fyrirmæla sem Bahá'u'lláh hafði gefið fylgjendum sínum. Það var á þessum tíma sem Shoghi Effendi sagði oftast en einu sinni að honum fyndist hann ekki nokkurn tíma geta lokið þessu verki sem hann var byrjaður á. Ég veitti þessu enga sérstaka athygli því hann kvartaði stundum undan miklu vinnuálagi sem jókst stöðugt. Hann var einnig dauðþreyttur eftir langt og þrotlaust starf mánuðina sem hann var heima í Haifa. Eftir andlát hans mundi ég þetta og furðaði mig.

Þetta sumar fór hann og heimsótti marga af uppáhaldsstöðum sínum í fjöllum og ég fór líka að furða á því þegar höggið kom. Þá var ég aðeins glöð að sjá hann hamingjusaman og gleyma í nokkur svipul augnablik byrðinni og áhyggjunum.

Áður en tími var kominn til að snúa aftur til Haifa í nóvember fór Shoghi Effendi til London til að kaupa nokkra hluti í viðbót fyrir byggingu minjasafnsins sem þá var lokið. Hann bjóst við að flytja þangað allt það dýrmæta sögulega efni sem hann hafði sýnt og geymt í þeim sex vistarverum þar sem þau höfðu áður verið varðveitt. Meðan við vorum í Englandi gekk Asíuinflúensan yfir Evrópu og við veiktumst bæði. Við höfðum góðan lækni sem Verndarinn treysti og féll vel við. Veikindin voru ekki sérlega alvarleg þótt hann hefði mjög háan hita í fáeina daga. Læknirinn fór fram á að Shoghi Effendi færi ekki frá London fyrr en hann hefði verið hitalaus í viku og hann samþykkti það. Þrátt fyrir háan hita las hann mikið í rúminu, skoðaði póst og skeyti sem honum bárust. Í veikindum féll honum aldrei verk úr hendi þótt hann væri máttlítil og hefði nánast enga matarlyst. Þegar vika var liðin frá því að hann fann til fyrstu áhrifanna af inflúensunni var hann önnur kafinn við vinnu á síðasta fallega kortinu sem hann nefndi „Tíu ára herferðin hálfnuð“. Hann hafði beðið mig um að láta setja stórt borð í herbergið sitt þar sem hann gæti breitt út kortið. Hann vann að því klukkutímum saman, og lét mig kanna ýmsar tölur og dagsetningar í þeim mörgu minnispunktum sem hann skrifaði hjá sér og sýndu stöðu herferðarinnar um allan heim. Þegar ég kvartaði við hann, sagði að hann stæði of lengi við vinnuna meðan hann væri enn þreklítill og bað hann að bíða nokkra daga þangað til hann næði meiri bata svaraði hann „Nei, ég verð að ljúka þessu, þetta veldur mér áhyggjum. Ekkert er eftir nema að sannreyna upplýsingarnar. Ég þarf að bæta við einu eða tveimur nöfnum sem ég fann í þessum pósti og ég lýk við það í dag.“ Meðan hann var að vinna endurtók hann enn einu sinni orðin sem ég hafði svo oft heyrt hann segja síðustu ár ævinnar: „Þessi vinna gengur af mér dauðum! Hvernig get ég haldið þessu áfram? Ég verð að hætta þessu. Þetta er of mikið. Sjáðu allan þann fjölda staða sem ég hef skrifað niður. Sjáðu hvað ég verð að vera nákvæmur!“ Hann var þreyttur þegar þessu loksins var lokið og fór aftur í rúmið, sat þar uppi og las skýrslur. Svo mikið efni barst honum stöðugt frá ýmsum stöðum í bahá'í heiminum að hann gat ekki fylgst með nema lesa marga tíma á dag, annars átti hann á hætta að geta aldrei unnið það upp aftur.

En strit og álag ævinnar hafði gengið of nærri honum og snemma morguns þann 4. nóvember fékk hann hjartaáfall. Dauðinn hlýtur að hafa komið með mikilli blíðu og svo skyndilega að hann dó án þess að vita að hann væri að hverfa til annars heims. Þegar ég kom inn til hans um morguninn til að athuga hvernig hann honum liði gerði ég mér ekki grein fyrir því að hann væri dáinn. Augu hans voru hálflokuð og það var ekki vottur af sársauka, ótta eða undrun í þeim. Hann lá fyrir eins og hann hefði vaknað og væri að velta einhverju fyrir sér í þægilegri og afslappaðri stöðu. Hve hræðileg hlýtur þjáning hans ekki að hafa verið þegar hann frétti skyndilega af fráfalli afa síns! Nú var hinsta kallið komið til hans sjálfs, milt og blítt, og hann var farinn til fundar við hann. Þjáningin og áfallið féll nú öðrum í hlut.

Mér fannst í djúpi sársaukans þennan svarta og hræðilega dag að ég gæti ekki gert nokkrum bahá'ía það sem mér hafði verið gert. Hvernig gat ég sent símskeyti til átrúendanna um að Verndari þeirra væri látinn? Hvað um hina gömlu, sjúku og lasburða? Þessar fréttir myndu koma eins og reiðarslag fyrir þá og hafa sömu áhrif og fréttirnar um andlát Meistarans á Shoghi Effendi og móður mína. Það var af þessum ástæðum sem ég sendi strax símskeyti til Alþjóðlega bahá'í ráðsins í Haifa: „Verndarinn ástkæri fársjúkur af Asíuínflúensu—segið Leroy að upplýsa öll þjóðarráð og biðja um bænir fyrir guðlegri vernd trúarinnar.“ Ég vissi að nokkrum klukkustundum síðar yrði ég að senda annað símskeyti og segja þeim allan sannleikann en mér fannst ég vera tilneydd að senda þetta fyrst í von um að deyfa það skelfilega áfall sem fregnin myndi valda. Síðar um daginn sendi ég aftur símskeyti til Haifa með lýsingu á fráfalli hans og bað um að fréttirnar yrðu sendar öllum þjóðarráðum í heimi. Slíkar fréttir fannst mér að ættu fyrst að koma frá Heimsmiðstöð trúarinnar:

Shoghi Effendi, ástvinur allra hjartna og heilög trúnaðargjöf Meistarans til átrúendanna, lést skyndilega í svefni af hjartaslagi í kjölfar Asíuínflúensu. Hvet átrúendur til að standa stöðuga og halda fast við stofnun Handa málstaðar Guðs sem Verndarinn ástkæri fóstiraði og styrkti nýlega af slíkri ástúð. Aðeins eining í hjarta og eining í áformi getur með viðeigandi hætti borið vitni um trúfesti allra þjóðarráða og átrúenda við hinn látna Verndara sem fórnadi sér algjörlega í þjónustu við trúna.

Rúhíyyih

Næsta dag, þann 5. nóvember var annað símskeyti sent til allra þjóðarráða, í þetta sinn beint frá London:

Ástvinur allra hjartna, dýrmætur Verndari málstaðar Guðs fékk hægt andlát í gær eftir að hafa veikst Asúinflúensu. Hvet Hendar málstaðarins, þjóðarráðin og aðstoðarráðgjafana til að vernda og skýla átrúendunum og hjálpa þeim að mæta þessari þungu og hjartanístandi prófraun. Útför okkar elskaða Verndara fer fram á laugardag í London. Höndum, þjóðarráðsmeðlimum og aðstoðarráðgjöfum er boðið að sækja útförina. Í öllum fréttatilkynningum ætti að skýra frá fundi Handa mástaðarins sem haldinn verður innan skamms í Haifa. Þaðan muni tilkynning berast bahá'í heiminum varðandi framtíðaráform.

Hvet til þess að minningarathafnir verði haldnar á laugardag.

Rúhíyiyih

Sá djúpi harmur sem þessar fréttir vöktu í hjörtum átrúenda í öllum heimshlutum var ekki ólíkur sorginni sem greip hjörtu þeirra þrjátíu og sex árum áður þegar þeir misstu Meistara sinn við aðstæður sem voru jafn óvæntar og hryggilegar. Vandamálin sem fylgdu þessum atburði voru ekki síður alvarleg. Í samræmi við lög in í Aqdas—en Shoghi Effendi hafði sjálfur verið skipaður Verndari þeirra—verður greftrun að fara fram í ekki meira en klukkustundar fjarlægð frá dánarstað. Ég vissi að ekki kom til greina að brjóta þessi lög og flytja jarðneskar leifar hans til landsins helga. Með ómældum þjáningum voru ráðstafanir gerðar til að jarðsetja ástvin okkar í kirkjugarði í grennd við London, á friðsælum og fögrum stað, umkringdum trjám, ómandi af fuglasöng. Útförin fór fram kl 10.30 um morguninn laugardaginn 9. nóvember. London varð segull alls bahá'í heimsins. Skilaboð voru send, síminn hringdi stöðugt og átrúendur byrjuðu að streyma til þjóðarmiðstöðvarinnar. Allir komu þeir með sorg sína og ást inn í það tilfinningahaf sem ólgaði umhverfis friðsæla persónu Verndarans, kyrrláta og loksins lausa við alla ábyrgð.

Þeir fyrstu sem komu til mín eftir vátíðindin sem ég flutti þeim voru félagar mínir, Hendar málstaðarins. Ég sneri mér til Hasan Balyuzi, sem bjó í London, strax eftir að ég kom inn í herbergi Verndarans og fyrstu hörmulegu atburðirnir voru afstaðnir. Hann kom fljótlega til mín. John Ferraby, sem einnig bjó í London, kom litlu síðar. Þetta kvöld kom Ugo Giachery frá Róm og næsta dag flaug Milly Collins frá Haifa til að vera við hlið mína eins og hún hafði svo oft gert þegar ég hafði mesta þörf fyrir það. Adelbert Mühschlegel, Hönd málstaðarins sem til allrar hamingju var einnig læknir, kom frá Þýskalandi ásamt Hermann Grossmann eftir símtal þar sem ég bað hann að koma og þvo heilagar jarðneskar leifar Verndarans. Þessar Hendar báru síðan

byrðina með mér og fullvissuðu mig um að allt yrði gert til að sýna virðinguna, þakklætið og ástina sem hafði gripið sérhvern einlægan átrúanda svo sterkum tókum. Dagurinn leið og fleiri Hendur komu frá öllum meginlöndum mér, hver annarri og átrúendunum öllum til ómældrar hughreystingar. Kvöldið áður en Shoghi Effendi var jarðsettur hittumst við Hændurnar til að velja ritningar fyrir útförina. Þetta var hinn fyrsti af mörgum bænafundum og upplestrum sem fóru í hönd í heimsherferð Shoghi Effendi þar sem hver sigurinn á fætur öðrum vannst uns herferðin krýndist að lokum þeim sigri sem hann hafði unnið að og vonast eftir.

Loks rann kveðjudagurinn upp og hundruð átrúenda fylgdu kistu Verndarans í líkgöngu þar sem meira en sextíu bifreiðar héldu til Great Northern London kirkjugarðsins. Þegar þangað kom beið þar mikill fjöldi átrúenda—næstum því allt breska samfélagið hafði safnast saman í London til að heiðra Verndarann. Af einhverjum dularfullum ástæðum hafði Guð ákveðið að treysta jarðvegi heimalands þeirra fyrir jarðneskum leifum hans. Þegar blómavagninn kom fyrst með blikandi fögur blóm og síðan líkbíllinn með kistu Shoghi Effendi stóð mannfjöldinn þögull, menn drúptu höfði og tár vættu marga kinn. Útfararþjónustan átti sér stað í einfaldri og virðulegri kapellu sem ekki tilheyrði neinum kirkjusöfnuði en var of lítil til að allir átrúendurnir kæmust þar inn. Lýsingin sem ég skrifaði og birt var í grein sem bar yfirskriftina „Andlát Shoghi Effendi“ nokkrum mánuðum síðar skýrir það best sem átti sér stað.

Verndarinn mikli var borinn inn og lagður á mjúka græna ábreiðu sem breidd var yfir viðhafnarbörurnar. Kapellan var full út úr dyrum og margir þurftu að standa fyrir utan. Allir stóðu meðan bænin dásamlega sem Bahá'u'lláh opinberaði fyrir hina látnu var sungin á arabísku. Sex aðrar bænir og tilvitnanir úr kenningunum voru síðan lesnar fögrum röddum, sumar á ensku, aðrar á persnesku og þeir sem lásu voru fulltrúar bahá'ía í Evrópu, Afríku, Ameríku, Asíu, þeldökkra, gyðinga og hvítra.

Í hátíðlegri röð gengu vinirnir á eftir líkkistunni þegar hún var borin út, sett aftur í líkvagninn sem ók hægt nokkur hundruð metra að gröfinni.

Meðan allir stóðu og biðu eftir því að kistan væri látin síga niður í gröfina fann Rúhíyyih Khánum sársauka hjartanna í kringum hana nísta sér leið inn í hennar eigin sorg. Hann var Verndari þeirra. Hann

var að hverfa um alla eilífð frá augum þeirra, hrifinn á braut frá þeim skyndilega fyrir óhagganlega ákvörðun Guðs—og vilja Guðs dirfist enginn að draga í efa. Þeir höfðu ekki séð hann, ekki getað verið í návist hans. Hún ákvað að láta tilkynna að áður en kistan væri látin síga gætu þeir sem vildu gengið framhjá henni og vottað virðingu sína. Í meira en tvo klukkutíma gengu átrúendur frá austri og vestri framhjá. Yfirleitt krupu þeir og kysstu brún eða handfang kistunnar. Sjaldan í sögunni gat að líta slík tákn ástar og sorgar. Börn lutu litlum höfðum, gamlir menn grétu, járnhart fálæti Engilsaxans—sú inngróna venja að flíka aldrei tilfinningum sínum opinberlega—bráðnaði fyrir brennandi sorg hjartans. Morguninn hafði verið bjartur og sólríkur, nú féll milt regn og nokkrir dropar féllu á kistuna líkt og þessi athöfn hefði hrært sjálfa náttúruna til tára. Sumir settu smáglös með persnesku rósavatni við höfðalagið; einn lagði hikandi rauða rós á kistuna, án efa tákn fyrir hjartalag eigandans; einn gat ekki afborið þessa fáu regndropa sem höfðu fallið á kistulokið fyrir ofan blessað andlit hins látna og þurrkaði þá feimnislega af meðan hann kraup; aðrir tóku með sér lítið eitt af mold í höndina við kistuna. Tár, tár og kossar og hátíðlegar innri heitstrengingar—allt streymdi þetta yfir höfði hans sem alltaf hafði kallað sig þeirra „sanna bróður“. Þegar síðasti átrúandinn í þessari sorgargöngu var farin hjá nálgast Rúhíyyih *Khán*um kistuna, kyssti hana og kraup í bæn eitt andartak. Hún lét síðan breiða þykka græna ábreiðu yfir hana, lagði blátt og gyllt rósasilki frá innsta helgidóminum í grafhýsi Bahá'u'lláh ofan á hana og raðaði ilmandi jasmínnum yfir hana alla. Síðan voru jarðneskar leifar hans sem 'Abdu'l-Bahá hafði nefnt þessa *'undursamlegu, einstæðu og dýrmætu perlu, sem tindrandi birtist úr þessum bylgjandi tvíburahöfum'* látin síga hægt niður í gröfina. Veggir hennar voru þaktir sígrænum greinum og blómum og kistan hvíldi á teppi frá hinu helga grafhýsi í Bahjí.

Með þessari virðingu og heiðri og í slíkum anda báru bahá'íar jarðneskar leifar hins blessaða afasonar 'Abdu'l-Bahá til grafar.

Meðan útfararathöfnin fór fram stóð kista hans í blómahafi. Blómin, rauð og hvít, hafði ég pantað sérstaklega og milli þeirra lagði ég kort sem mér virtist tjá tilfinningar þess sem einn hafði rétt til að deila með honum þeirri ilmandi blómabreiðu sem hvíldi yfir líkama hans: „Frá Rúhíyyih og öllum ástvinum þínum um allan heim, krömdum á hjarta.“ Þegar gröfinni hafði verið lokað hvíldi blómabreiðan á henni auk þeirra þúsunda marglitu blóma sem bahá'íarnir höfðu komið með

eða pantað frá öllum heimshornum. Allt svæðið í kringum gröfina var hulið þykku lagi ilmandi blóma.

Þegar útförinni var lokið var bahá'í heiminum skýrt frá henni og átrúendurnir beðnir um að halda viðeigandi minningarathafnir:

Verndarinn ástkæri var lagður til hvíldar á fögrum stað í London í samræmi við greftrunarlögin í Kitáb-i-Aqdas eftir áhrifamikla athöfn sem fram fór í návist fjölda átrúenda frá tuttugu og fimm löndum í austri og vestri. Læknar segja að dauða hans hafi borið að skyndilega og þjáningalaust. Blessuð ásýnd hans bar svipmót takmarkalausrar fegurðar, friðar og tignar. Átján Hendur málstaðarins voru samankomnar við útförina og hvetja þær þjóðarráðin til að biðja alla átrúendur um að halda minningarathafnir þann 18. nóvember og minnst þeirrar sólar guðlegrar leiðsagnar sem hefur yfirgefið okkur eftir þrjátíu og sex ára í fullkominni sjálfsfórn, þrotlausu starfi og stöðugri árvekni.

Rúhíyyih

Árið 1958 var legsteinn reistur á gröf hans úr sama skínandi hvíta Carrara marmaranum sem hann hafði valið fyrir minnisvarða nafntogaðra ættingja sinna í Haifa. Legstaðurinn var látlaus eins og hann hefði sjálfur viljað hafa hann. Á honum er marmarasúla krýnd kórínþísku súluhöfði með líkan af hnettinum og snýr kort af Afríku fram. Höfðu ekki einmitt sigrarnir sem unnust í Afríku fært honum mesta gleði síðasta ár ævinnar? Á hnettinum stendur stór gylltur bronsörn, endurgerð fagurrar japanskrar höggmyndar sem hann hafði dáðst mjög að og haft í sínu eigin herbergi. Ekkert verðugra en þetta sigurtákn hefði getað prýtt legstað hans sem hafði unnið svo marga og frækilega sigra þegar hann leiddi herskara fylgjenda Bahá'u'lláh á samfelldri sigurgöngu þeirra í fimm heimsálfum.

Með ósveigjanlegu hugrekki andspænis sérhverri prófraun hafði hann lokið „því erfiða verki að skapa mynstur, leggja undirstöður, móta gangverk stjórnskipulagsins og koma því af stað“ svo notuð sé eigin orð Verndarans. Shoghi Effendi hvarf af vettvangi starfsins eftir að hafa staðið fyrir hnattrænni útbreiðslu málstaðar Guðs með því að hrinda í framkvæmd Guðlegri áætlun 'Abdu'l-Bahá. Hann hafði í þeim fágæta anda sem á svo aðáunarverðan hátt sameinaði dirfsku og skynsemi leitt trú Bahá'u'lláh til hæða sem hún aldrei fyrr hafði náð og framkvæmt það verk sem Drottinn hans hafði falið honum að svo miklu leyti sem þverrandi heilsa hans leyfði. Hann bar ör ótölulegra persónulegra árása sem gerðar voru á hann á ferli hans í embætti

Verndarans. Hann hafði „burtkallast í sorg og undarlegri einsemd vona sinna til hinstu hvíldar.“ Verndarinn sem Meistarinn nefndi í erfðaskrá sinni „*fyrstu grein hins helga og guðdómlega Lótusviðar*“ og sem með fyrirmælum þeirrar erfðaskrár hafði svo tryggilega skotið rötum í hjörtum átrúendanna eftir fráfall ‘Abdu’l-Bahá og yrði þar um alla eilífð. Blessun, heill og hamingja verða að sönnu hlutskipti „*þess sem leitar skjóls í skugga hans sem yfirskyggir allt mannkyn.*“

SHOGHI EFFENDI



Líf hans og starf

BARNÆSKA OG UNGDÓMSÁR, kafli I og áfram

uppfyllir spádómana—”Perlan ómetanlega“, 1–2, 446

Fæðing og ætterni, 4

‘Abdu’l-Bahá gefur honum titilinn Effendi, 4

skólaganga í *Collège des Frères*, skóla jesúíta, 16

sækir ameríska háskólann í Beirut, 17

fær eftirnafnið Rabbani, 17

komið í veg fyrir að hann geti farið með ‘Abdu’l-Bahá til Vesturlanda, 17–19

B.A. háskólagráða, 25

verður ritari og hægri hönd ‘Abdu’l-Bahá,

sækir opinberar athafnir með ‘Abdu’l-Bahá og er stöðugt í för með honum, 27–8

fer í Balliol College í Oxford, 29

ANDLÁT ‘ABDU’L-BAHÁ OG AFLEIÐINGAR ÞESS, kafli II og áfram

fær fregnir um andlát ‘Abdu’l-Bahá;

viðbrögð hans, 39–41, 42, 72, 279

snýr aftur til, 42

útnefndur arftaki ‘Abdu’l-Bahá í erfðaskrá hans, 45

baháíar játa honum ást sína og hollustu, 50–1

sáttmálsbrjótur ráðast gegn honum, 50–1, 53–4

fyrstu ár hans sem Verndari, 48ff.

erfiðleikar þeirra og efasemdir, 54–6, 72

áhrif erfðaskrárinnar á hann, 72

brýtur af sér fjötra fortíðar, 54–5, 233, 330

skipar bráðabirgðaráð og fer til Sviss, 57–62

útskýrir ástæður fyrir brottför sinni, 63–4

reglulegir fundir með pílgrímum, 69

fer aftur til Sviss, 72

gifting, 148–9, 152–4

sorg við fráfall Hins helgasta laufs, 145–6, 147

SÍÐARI HEIMSSTYRJÖLDIN OG STYRJÖLDIN Í PALESTÍNU

sér fyrir síðari heimsstyrjöldina, 185–6

líf hans á stríðstímum í Haifa, 170–7, kafli. IX sérst. 185 og *áfram*

ferð til Englands og tilbaka yfir Kongó og Súdan, 181 og *áfram*

LÍFSSTARF HANS

yfirlit, 231, 235, 434–7, 448

Verndarstofnunin, 76–7, 258–7, 273, 439–0

sameinandi áhrif starfs hans, 440

MIKILSVERÐIR ÞÆTTIR, 226:

- (1) ritun, þýðing og dreifing þýðingarmikilla bahá'í bóka, 210
 bókmenntastíll: fyrr, 27, 34; síðar, 200, 218; vald á máli, 201; skáldlegt
 mál og áhrifamáttur þess, 202–204; notkun stuðlasetningar, 201–
 202; aðferð við skriftir, 201–202, 227–8; lestur og undirbúningur,
 205, 227; símskeytastíll, 230–231
 viðurkenningar á ritum hans, 219–20, 223; verndar hið helga orð gegn
 mistúlkun og varðveitir réttmæta stöðu hinna þriggja höfuðpersóna
 trúarinnar, 208.
 dreifir þýðingum sínum á helgiritunum, 209
 stórkostlegt mikilvægi þeirra, 206
 veitir verulega fjárstyrki til þýðinga og útgáfu bahá'í bókmennta, 210–
 12;
- (2) ÁÆTLUN HANS UM STÆKKUN OG TREYSTINGU EFNISLEGRA EIGNA TRÚARINNAR,
 kaflar XI og XII – og *áfram*
 felur í sér verklok, byggingu og fegrun helgistaða við Heimsmiðstöðina,
 kaup á þjóðar- og svæðisbækistöðvum
 og eignum í ýmsum löndum, 231; vöxturinn nauðsynlegur til að
 vernda stjórnskipulagið, 393.
eignir: bahá'í eignir 1921, 232; samanburðartölfræði, 393; réttarstaða
 örugg, 232; eignir upphaflega skráðir á nöfn fjölskyldu 'Abdu'l-
 Bahá og nokkurra bahá'ía, 232; Shoghi Effendi leggur mikla
 áherslu á lögskráningu allra eigna, 305–306; lætur skrá landareignir
 á nöfn þjóðarráða með útibú í Palestínu, 271; arður af helgistöðum
 fær undanþágu frá skatti, 235, 271–273, 282–283.
 Áætlanir um endurbætur við Heimsmiðstöðina, 69, 85–9; óttast um
 öryggi hennar á stríðstímum, 182–3, 192–3
 (i) þörf á verndun á grafhýsi og setri Bahá'u'lláh, 235; fær aftur
 lykjavöldin að grafhýsinu, 235; og setrinu, 235; endurnýjar og

Lífsstarf hans (*framhald*)

hreinsar, 235; fær eignarrétt á nærliggjandi svæðum, 237–8, 270; og pílagramahúsinu, 236; og tehúsi Meistarans, 236

(ii) graphýsi Bábsins: byggingu lýkur, fær verndarsvæði umhverfis það, 238–251, 270, 288; flytur jarðneskar leifar móður og bróður ‘Abdu’l-Bahá til Karmelfjalls, 130, 263–6; reisir minjasafnið, 266–9; segir fyrir um mannvirki framtíðar við Heimsmiðstöðina, 268–9.

(iii) fjölgar bahá’í eignum á Karmelfjalli og í Bahjí, 270; fær Mazra’ih setrið á leigu, 293

hefur vinsamlega samskipti við yfirvöld og upplýsir þau um áætlanir, 278–291; samtal við Ben Gurion, 178–9, 293

Persneska samfélaginu boðið að kaupa musterisland, 312

Sjá einnig Heimsmiðstöðina, sáttmálsbrot, sjóði, helgistaði, tölfræði

(3) UPPHAF STJÓRNSKIPULAGSINS, kafli XIII og *áfram*; 337–57

innra skipulag trúarinnar við andlát ‘Abdu’l-Bahá, 340–344

útnefning Verndarans, 48. *Sjá einnig* erfðaskrá

Shoghi Effendi byggir upp samræmdar aðferðir fyrir samfélagslífið og stjórnskipulagið, 341–5. *Sjá einnig* tölfræði

tengsl Verndarans við stjórnskipulagið skilgreind, 301–302; grundvallareiginleikar kerfisins, 303, 326–7, 348–50, 379. *Sjá einnig* stjórnskipulagið

upphaflegt samstarf við Ameríku, 340, 342; Norður Ameríka sem mynstur fyrir allt bahá’í stjórnskipulagsstarf, 305, 326; hrindir af stað áætlunum þaðan, 326; sérstaða norður amerískra bahá’ía, 337–8; hlutverk þeirra, 338; upphaf ameríska bahá’í samfélagsins og tengsl þess við Shoghi Effendi, 339–41

myndun alþjóðlegu ritaradeildarinnar sem fyrirrennara Alþjóðaráðsins, 251; áhersla á fjölgun og styrkingu ráða sem grundvöll Allsherjarhúss réttvísinnar, 254; vald og réttindi Allsherjarhússins skilgreind, 255; tengsl Verndarans við Allsherjarhúsið skilgreind, 208. *Sjá einnig* Allsherjarhús réttvísinnar

myndun Alþjóðlega bahá’í ráðsins (fyrirrennara Allsherjarhússins), 51–2; stækkun þess, 257; störf þess, 256

útnefnir Hendur málstaðar Guðs, 257–9, 260–1; störf þeirra og staða, 257, 259–61. *Sjá einnig* Hendur málstaðarins skipa aðstoðarráðin, 258, 261, 438–9; störf þeirra, 259–61. *Sjá einnig* aðstoðarráðin

stofnar meginlandssjóð fyrir störf Handa málstaðarins, 260. *Sjá einnig* sjóði

uppfræðir ráðin í framkvæmd heimsskipulags Bahá’u’lláh, 304; mikilvægi lagagrundvallar ráðanna, 305–6; uppkast að stofnskrá,

Lífsstarf hans (*framhald*)

305; samþykktir New York ráðsins verða fyrirmynd um allan heim, 306; austræn þjóðarráð hvött til að leita viðurkenningar sem trúardómstólar í málefnum utan lögsögu borgararéttar, 306

leggur áherslu á tengsl við Sameinuðu þjóðirnar, 306

aflar opinberrar viðurkenningar á bahá'í trúnni sem lögmætum heims-trúarbrögðum, 293, 306, 319, 321–22. *Sjá einnig* heimstrúarbrögð gerir greinarmun á ýmsum stigum í þróun bahá'í samfélaganna, 323–325, 327–8; beiting viðurlaga, 325, 328–9

fer fram á tíðar og ítarlegar skýrslur frá öllum bahá'í miðstöðvum til Heimsmiðstöðvarinnar, 346–7; og uppfræðir átrúendurnar um markmið og leiðir bahá'í trúarinnar og samfélagslega kerfisins, 345, 350–2

- (4) FRAMKVÆMD HINNAR GUDLEGU ÁÆTLUNAR, kafla XV og áfram. *Sjá einnig* stig og áfanga áætlana, 436–37

fyrsti áfanginn í þróun hennar felur í sér þrjár herferðir sem koma hver á fætur annarri, 379; eini tilgangur Shoghi Effendi er að uppfylla óskir Meistarans og ljúka verki hans, 379

Fyrsta sjö ára áætlunin (1937–44) (ameríska herferðin), 380–8; yfirlit, 388

Shoghi Effendi gefur út *The Bahá'í Faith, 1844–1944*, 388

veitir þýðingu bahá'í bókmennta sérstaka athygli, 392; býður nýja þjóðernisminnihluta velkomna, 392–3

vöxtur stofnana og eigna, 393

fyrstu ráðin, 395; ástæður þess að tvö eða fleiri lönd fengu eitt þjóðarráð, 395–6

byrjar að mynda þjóðleg umdæmisráð, 395; þættir sem höfðu áhrif á ákvarðanir hans, 396–7

heldur áfram myndun hreinna þjóðarráða, 397

sigrar fyrstu sjö ára áætlunarinnar blása öðrum samfélögum móð í brjóst, 398

Önnur sjö ára áætlunin (1946–53) (Evópuherferðin), 399–5 aðferðir við herferðina, 399

ekker hlé milli annarrar og þriðju áætlunarinnar, 405–6

Shoghi Effendi birtir endurskoðaða útgáfu á *The Bahá'í Faith* 1950 og 1952, með tölfræði; mikilvægi tölfræðilegra upplýsinga, 388–91

Þriðja sjö ára áætlunin (verður að *Tíu ára herferðinni*) (1953–63), 405–42

Shoghi Effendi tilkynnir áfanga milli heimsálfa í þróun stjórnskipulags trúarinnar, 406, 408–9

boð hans til ráðstefnanna: í Afríku, 410–11; Ameríku, 411–12; Evrópu

Lífsstarf hans (*framhald*)

(„framkvæmdaráðstefnan “), 414; Asíu, 416

leggur línurnar fyrir aldarafmælin, 404–5

sýnt fram á guðlegan og óvæfengjanlegan rétt til að taka forystu, 433

SÍÐUSTU DAGARNIR

útnefnir Hendur málstaðarins í síðasta skipti 438–9

hefur vinnu við skráningu laga og fyrirsmæla, 442

síðustu mánuðirnir í lífi hans, 442–3

andlát hans, 443

Amatu'l-Bahá Rúhíyyih Khánum tilkynnir bahá'íunum fráfall hans, 443

Hendur málstaðarins kallaðar saman, 444

útför hans, 445–447

minnismerkið um hann, 451

Fjölskylda hans: 17, 46, 48, 57, 60, 65, 91, 106, 123–4, 128, 151, 155, 161, 166. *Sjá einnig* Amatu'l-Bahá Rúhíyyih Khánum: *Ḍíyá'íyyih Khán*um; Rouhangeze; Shírází, Mírzá Hádí

Persónulegir eiginleikar

lýsing á framkomu hans og skapgerð: á barnsaldri, 3–7, 11–13, 18; ungmenni, 14, 61–2

fullorðinn, 78–83; féll ekki við að vera myndaður, 79

mikið líkamsþrek, 6; andlegt álag leiðir til líkamlegrar örmögnunar, 31–2, 58, 72, 98, 105, 161–2, 169–170

draumar hans, 10, 16, 143–44

rödd hans og bænasöngur, 8–9, 22, 38, 229, 266

ANDLEGRIR OG HUGLÆGRIR EIGINLEIKAR

víðsýni í anda, 273, 369; öfgalaus, 369; engar málamiðlanir um höfuðatriði en sveigjanleiki í minniháttar málum, 130, 323, 330–332, 357

auðmýkt, 25, 61, 72, 76–7, 208–9, 393–4; undirgefni gagnvart persónulegum áföllum, 20; þrek til að rísa upp aftur eftir endurtekin áföll, 48, 72, 99, 124, 164 (162); næmni, 9; íþyngjandi byrðar, 166, 170; „þjáningabraut“, 45, 162

afburðapekking á smáatriðum, skipulag, 24, 65, 79, 85, 90, 128, 341; hæfni til að sneiða hjá aukaatriðum, 212; hlutlægni, 161

göfuglyndi, 8, 79–80, 149; styrkur, viska, virðuleiki, 49, 79; samúð og

Persónulegir eiginleikar (*framhald*)

- góðvild, 80, 125, 134, 158; örlæti, 295–7, 334 (*sjá einnig* gjafir); kurteisi, 8, 80, 140, 271; lotning, 138–41
- útgeislun*, 62, 81, 162; sjaldgæfari á tímum streitu, 161; andlegleiki og einstakur persónuleiki, 3; hlátur og gamansemi, 7, 79, 129; glaðvær og kröftugur sem barn, 7; takmarkalaus sköpunarkraftur, 417; orka, helgun og ákafi, 28, 66, 79; hreinskilni og einlægni, 80, 129, 132
- skarpskyggni*, hagsýni, heiðarleiki, 23, 60–1, 131, 296; raunsæi, 363; hugvitssemi 131, 143–4; hagkvæmni, 79; lítið skynbragð á vélum, 62
- viljastyrkur*, 6; skerpa og einbeitni, 29, 80, 83, 87, 126; stefnufastur, 81
- tilgangurinn með lífi hans*, 381; einbeiting að málstaðnum, 26, 79, strangur í málum sem varða vernd trúarinnar, 123, 125, 128 (*sjá einnig* sáttmálsbrot); fæddur stjórnandi, 341, 344; þörf fyrir og skortur á hæfu aðstoðarfólki, 91–3, 276–7, 314–15

LISTRÆNN SMEKKUR OG ÁHUGAMÁL

- á hugi á gördum*, 83–86; landakort, 24, 408–9, 443; ljósmyndun, 83; dýrafræði, 10
- ást á fegurð náttúrunnar*, 30, 34, 183–4; einkum fjöllum, 58, 60, 72, 133–4; ást á ljósi og birtu, 89–90; rósailmur gleðigjafi, 140, 159–60, 169, 266; listasmekkur, 141, 264; næmni fyrir hlutföllum, 88, 141, 264, 332; ást á skrúðmikilli fegurð, 143; ákveður byggingarstílf grafhýsanna, 141–3; aðferð við að raða upp bókum, 211 (207)
- brennandi á hugi á þekkingu*, 10; hugmyndir hans um menntun, 35; markmiðið með námi hans, 17, 30, 37–8; tók námið af alvöru, 13, 35–7; vitsmunalegir eiginleikar, 25, 74; það sem hann las, 37–8, 205; ást á bókmenntum, listum og tónlist, 359–61 (358–60); krafa um ljóðrænt og lýsandi tungumál, 202–4; hæfileikaríkur tölfraeðingur, 390–1

TENGLS HANS VIÐ ADRA

- hans eigin athafnir og ritverk kennslubókardæmi um siðfágað uppeldi, 356
- næmni fyrir andlegu ástandi annarra: rit hans og persónuleiki leiðsögn varðandi vankanta þeirra, 81–2, 122; næmni veldur óhamingju, 17
- Ást á 'Abdu'l-Bahá, 6, 17, 48; sorg við andlát hans, 39–41, 43; Hið helgasta lauf, 145; sorg við andlát hennar, 145–6; Milly Collins, 148; Sutherland Maxwell, 149; virðingartottur við Mörthu Root

Persónulegir eiginleikar (*framhald*)

- fyrir hughreystingu og stuðning, 103
 fáir voru honum nánir, 128, 149
 sinnir starfi og bréfaskiptum með aðstoð einstaklinga og ráða, 68–9, 127, 132
 samúð með hinum fótumtroðnu og útskúfuðu
 örlátur í garð nauðstaddra, 297–8; veitir fjárhagsaðstoð í ýmsu formi, 418–9, 426
 heldur uppi vinasambandi við ekki-bahá'ía, 273 og *áfram*; við stjórnskipuð yfirvöld, 70–1; við borgaryfirvöld, 298–9. *Sjá einnig* Alexander stórhertoga; Norman Bentwich; esperantista; asísk-indversku kvennaráðstefnuna; hebreska háskólann í Jerúsalem; Sir Walter Samuel; Moshe Sharett; Sir Ronald Storrs; Sir Arthur Wauchope; Heimsráðstefnu trúarbragða
 sótti ekki opinberar athafnir, 277–8; dró sig út úr félagslífi, 234–5
 fylgdist með framvindu stjórn mála, 180, 205
 tengsl við sáttmálsbrjóta, sjá sáttmálsbrot

Yfirlýsingar og leiðsögn

- Hinar guðlegu áætlanir, 362; sýn á framtíðina, 195–6, 198–9, 351–2
 trúarlegur sannleikur ekki endanlegur heldur afstæður, 351; vöxtur trúar, 372–3
 maðurinn sem ábyrg vera, 357, 382
 umbætur á samfélagi og mannlegri skapgerð óhjákvæmileg, 375 (376)
 engar málamiðlanir við hið illa, 357
 heimurinn og málstaðurinn á tímum breytinga, 74, 133, 430–1
 refsing veraldar nútímans sem einkennist af efnishyggju og siðferðilegri lausung, 189, 186–7, 194–8, 225–6, 351–6
 hreinleiki, skírlífi, heiðarleiki, kurteisi, reisin, lotningar krafist af mannum, 360
 stríð, 27; þýðing þess, 189; sá síðari heimsstyrjöldin fyrir, 185–6
 eining: sameinað, brýn nauðsyn á andlegu heimsumlykjandi kerfi, 362–3; markmið lífsins að stuðla að einingu, 162, innbyrðis tengdar þjóðir, 198–9, eining og samstaða bahá'ía frumskilyrði, 303–4; eining í margbreytileika, 365–8, 371, 392; virðing sýnd fólki af ólíku þjóðerni og uppruna, 138, 392–3
 sýn á málstaðinn, 351; hlutverk bahá'í samfélagsins í framtíð mannkyns, 223–4; frumskylda bahá'ía, 75, 81, 196–7; merking og inntak bahá'í kenninga, 197; markmið fyrir átrúendur, 52; andlegur ávinningur af því að landsþing taki þátt í fjárhagslegu samráði

Yfirlýsingar og leiðsögn (*framhald*)

- stjórnskipunin: starf Verndarans, 76–7, 230–1, 273 hugtakið stjórnkerfið, 351, tengsl Verndarans við stjórnkerfið, 301–2; við Hendur málstaðarins, 261; við þjóðarráðin, 393–4; við átrúendur almennt, 76–7, 232–3; útnefnir aðstoðarmenn, 335–6
- öll starfsemi stjórnkerfisins tæki til að ná árangri, 326–7; vöxtur stofnanna og þjóðareigna nauðsyn til verndar stjórnkerfinu, 393; stefnumörkun trúarinnar í velgerðarmálum, 297–8
- að forðast ótímabæra aðgerðir, 312–13, 325, 330, 374, 378; og tilfinning fyrir hlutföllum, 304
- hófsemi, hinn gullni meðalvegur, 127, 210, 356
- um pólitískt hlutleysi og hollustu við stjórnvöld, 76, 186, 314–16, 321, 364–6; leiðsögn meðan á ofsóknum stóð í Persíu, 98–9, 305–12; meðan á kúgun stóð í Rússlandi, 313–15; meðan á kúgun stóð í Tyrklandi
- um rétt tengsl, 76–7, 138, 140, 208
- um hlutverk þjóða í sögunni, 361–2
- um mælikvarða virðingar og fegurðar í bókmenntum, listiðkun og tónlist, 347–8, 357–9
- um kennslu og þýðingar, 136–8, 317, 325–7, 377–78, 392, 403; hvernig kennum við trúskiptingum, 378; kröfur um brautruðning, 411; hetjuskap hrósað, 127; mælikvarðar í útgáfu, 346–7, frumkröfur vegna trúskipta, 377; inntaka nýrra átrúenda, 370–1; breyting á áherslum
- um tilbeiðsluhúsin: mikilvægi þeirra í lífi bahá'í samfélagsins, 429–30; helgi móðurmusteris Vesturlanda, 426

ATRÍÐISORÐ

- Aba Khoushy, borgarstjóri Haifa, 298
- Abdu'l Hamid, Tyrkjasoldán, 4, 193
- 'Abdu'l-Bahá (Meistarinn, Miðja sáttmálans): í hættu á tímum fyrri heimsstyrjaldarinnar, 15; ferðir Hans til Vesturlanda, 14, 18-21, 120, 140, 217, 233, 240, 390, 426; til Egyptalands, 18, 21; borgir, sem hann heimsótti, 394; fráfall Hans, 39; erfðaskrá, *sjá* Erfðaskrá 'Abdu'l-Bahá; graphýsi, *sjá* helgistaðir; *sjá einnig* Töflur hinnar guðlegu áætlunar; systir hans, *sjá* Hið helgasta lauf; móðir hans, bróðir og eiginkona, *sjá* helgistaðir
- Abel, 121
- Abramson, landstjóri Norður Palestínu, 252
- Abu'l Kasim, 143
- Adana, 320
- Adríanópel, 371
- Aðstoðarráðin, 124, 260-261, 422, 439, 444
- Afganistan, 398, 459
- Afnan, afkomendur Bábsins, 3, 17, 44, 48, 70, 237, 257, 267
- Afnan, Hussein, *sjá* sáttmálsbrot
- Afnan, Nayir, 48
- Afríka, ráðstefnu á árinu helga, Landshlutaráð mið- og austur-Afríku, 106, 126, 184-185, 197, 257, 260, 315, 325, 331, 335, 342, 355, 358, 370-371, 380-1, 394-395, 389, 392, 395-396, 405, 409-411, 413, 415, 418, 420, 423, 430-432, 438-39, 445, 447
- Agnes Alexander, Hönd málstaðarins, 258
- Ahmad Sohrab, *sjá* sáttmálsbrot
- Akka, heimili 'Abdu'l-Bahá og fæðingarstaður Shoghi Effendi, legstaðir móður og systur 'Abdu'l-Bahá, *sjá einnig*, helgistaðir, 1-4, 9, 15, 26, 44, 54, 71, 113, 116, 130, 134, 143, 151-152, 171, 176, 183, 192, 232, 239, 255, 262-263, 277, 290, 293, 297, 299, 300, 419
- Alaska, 271, 397
- Aldarafmæli og minningardagar, 228, 386, 404, 406, 409
- Aldir: postula- eða hetjuöld, 233, 308, 338, 382, 384, 436; mótunaröld, 210, 234, 261, 371, 388, 426; gullöld, 188, 302, 338, 381, 436
- Alexander, stórhertogi frá Rússlandi, 273
- Alexandrette, 459
- Alexandría, vii, 18, 19, 22, 23, 113, 125, 177, 187
- Alhambra Granada, 142
- Ali Askar, 168-170
- Ali Kuli Khan, 31
- Alí-Akbar Furútan, Hönd málstaðarins, 257
- Allenby, Sir Edmund, hershöfðingi, 28
- Allsherjarhús réttvísinnar, 55, 80, 146, 208, 254, 256, 261, 305, 349, 372
- Alþjóða minjasafnið, 131-132, 141, 148, 166, 211, 266-269, 358
- Alþjóðleg bahá'í ritaradeild, 256
- Alþjóðleg bahá'í skrifstofa í Genf, 252, 314

- Alþjóðlega bahá'í samfélagið, 230
- Alþjóðlegt bahá'í ráð, 94, 255
- Am Quli, 14
- Amatu'l-Bahá, Rúhíyyih Khánum, Mary Maxwell, Hönd málstaðarins, dagbækur, 191; fyrsta þýlagrafmsför, 95; hjónavígsla, 152, 154; tengiliður milli Shoghi Effendi og Alþjóðlega bahá'í ráðsins, 150; útnefnd Hönd málstaðarins, 261; fulltrúi Shoghi Effendi við vígslu móðurmusteris Vesturlanda, 459; viðstödd skriftir og þýðingar Shoghi Effendi, 201
- Amazon frumskógar, 420
- Ameríka, Norður Ameríka, Bandaríkin, elsta vestræna samfélagið á heimsvísu, 324, 395; vagma stjórnskipulagsins, 338, 340, 360; samþykktir þjóðar- og svæðisráða, 305; móðurmusteri, *sjá* tilbeiðsluhús, 335, 411, 419; tölfræði, 388-389; Kanada, 291, 306; frumbyggjar 367; Mið Ameríka, 395; Rómanska-Ameríka, Suður-Ameríka, 126, 155, 184; Ameríka og hinn mesti friður, 341
- Anchorage, 394
- Andleg svæðisráð, 56, 98, 332, 334-335, 344-347, 383, 391, 394, 395-396, 404-405, 414, 423
- Andleg þjóðarráð, iv, 56, 67-68, 107, 119, 138, 196, 209, 213, 271, 302, 308, 312, 327, 330, 336, 343-344, 347, 350, 383, 395-397, 401-405, 407, 410, 412, 414-415, 418, 430, 437, 439, 443
- Antilles, 397
- Arabar í Palestínu, 190-191
- Arabía, 290, 391, 397
- Argentína, 155, 177, 181
- Asía, kennsluráðstefna á árinu helga 1958, 415
- Aswan, 113
- Austurríki, 95, 391, 430
- Avarih, *sjá* sáttmálsbrot
- Aþena, 142, 267
- Áfrýjunarrétturinn í Beba, 321-322, 331-332
- Ástralasía, 328, 430
- Ástralía, 66, 331, 391
- Áætlanir: fyrri sjö ára áætlunin 1937, 105; seinni sjö ára áætlunin 1946, 327; þriggja ára áætlunin, 381; tíu ára áætlunin 1953, 130
- Bagdað, 71, 94-96, 121, 285, 371, 394, 406, 416
- Bahá'u'lláh, 1, 3-4, 7, 12, 15, 23-4, 37-38, 44-46, 49, 50, 53, 62, 70-71, 75-6, 82-83, 89-90, 94-95, 100-101, 103, 108-110, 113, 115-117, 120-121, 136-137, 145, 151-153, 164-165, 197-199, 201-207, 213, 216-218, 223-226, 231-232, 235, 238, 243, 250-251, 254-256, 258-261, 263-264, 265-266, 269, 288, 290, 293, 304-305, 319, 332, 336, 337, 344-345, 349-353, 357, 360, 371, 377-378, 387-389, 398, 403, 407, 410-411, 416, 425, 434-436, 439, *sjá* *einnig* helgistaðir
- Bábinn, 1, 16, 43-4, 138, 152, 201, 203, 206, 208, 221, 225, 250-251, 307, 337, 360, 337, 387, 436, 439, 446, *sjá* *einnig* helgistaðir
- Benelux löndin, 387
- Bentwich, Norman prófessor, 213
- Ben Zvi, forseti Ísraels, 296
- Bern, 135
- Bethlehem, 266
- Biblían, 2, 37, 437, 460
- Blomfield, Lady, 32, 34, 39, 40, 41, 42, 55, 56
- Bolles, Jeanne, 156
- Bombay, 94
- Boneh, Solel, 177

- Boris, konungur Búlgaríu, 111
- Bosch, John, 144
- Bosch, Louise, 144
- Boston, 39
- Bottomley, Gordon, 209
- Bournemouth, 23
- Bran, 108
- Bretland, 32, 64, 66, 95, 185, 188, 211, 257, 271, 332, 342, 348, 350, 386, 391, 394, 401-402, 405, 409-410, 418
- Breska landstjórnin í Palestínu, 245, 272, 276, 282, 289
- Bréf til Sonar úlfsins*, 226
- Buenos Aires, 155, 156, 240
- Búddha, 223
- Búddismi, 420
- Búkarest, 107, 112
- Búlgaríá, 111, 126, 127, 401
- Búrma 24, 30, 55, 66, 95, 188, 211-212, 271, 330, 342-343, 347-348, 350, 391, 394-395, 400, 410
- Cambridge, 34
- Carlyle, Tomas, 36
- Chanallor, Sir John, 286
- Chase, Thornton, 17
- Chicago, 49, 159, 337, 342, 371, 408, 411, 413, 418, 439
- Churchill, Sir Winston, 119
- Clayton, Sir Gilbert, 61
- Collins, Amelia, Hönd málstaðarins, 6, 61, 149, 159, 246-247, 261, 444
- Cooper, Ella Goodall, 5
- Crawford, prófessor, 220
- Curzon jarl, 42
- Dagboðar, 219, 220, 221
- Damaskus, 185
- Danmörk, 401
- Danzig, 274
- Daríus, 311
- Dewing, 125
- Díyá'íyyih (Ziaíyyih *Khán*um), 153
- Dodge, prófessor Bayard, 35, 220, 223, 224
- Dole, Dagmar, 126
- Dorothy Baker, Hönd málstaðarins, 157, 158
- Dreyfus-Barney, Hippolyte, 55, 56, 58, 84, 92
- Dunn, Clara, Hönd málstaðarins, 65, 257
- Durban, 184
- Dyer, *sjá* sáttmálsbrot
- Eden, Anthony, 37
- Egyptaland, vii, 18, 21, 22, 30, 42, 47, 62, 65, 67, 84, 91, 113, 118, 125, 152, 165, 274, 280, 297, 307, 318, 321, 322, 323, 330, 342, 348, 386, 391, 394, 395, 398, 410
- Elísa, 12, 13
- Erfðaskrá 'Abdu'l-Bahá, 1, 3, 16, 41-51, 53, 57, 63, 70-73, 76, 78, 91, 118-119, 149, 163, 166, 206, 208-209, 232, 251, 254, 257-258, 259, 261, 263, 301-303, 326, 338, 339-342, 344, 373, 377, 407, 418, 433, 441, 448
- Esperanto, 104, 211, 253, 275
- Esslemont, dr. J. E., vii, 31, 33, 34, 40, 41, 91, 92, 97, 102, 107, 211, 212, 213, 309
- Evrópa, 18-20, 55-58, 93, 101, 105-106, 110, 115, 120, 130, 143, 151-152, 181-182, 185-186, 188-189, 211-212, 226, 253-254, 257, 259, 260, 327-328, 335, 342, 354-355, 358, 371, 380-381, 383-385, 387, 391, 402-405, 410, 413-415, 422, 429, 430-431, 445

- Eynath, S., 295
 Eytan, Walter, 295
- Faeg, *sjá* sáttmálsbrot
- Faizi, 'Abul-Qásim, Hönd málstaðarins, 257
- Falklandseyjar, 410
- Fallscheer, Dr J., 10, 13
- Fareed, Dr Amin, *sjá* sáttmálsbrot
- Farísear, 50
- Featherstone, Collins, Hönd málstaðarins, 257
- Feisal, konungur Írak, 54, 95
- Fernard, *sjá* sáttmálsbrot
- Ferraby, John, Hönd málstaðarins, 257, 444
- Finnland, 397, 401, 402
- Fíladelfía, 108
- Flórens, 142
- Frakkland, 30, 31, 55, 62, 65, 66, 84, 85, 95, 151, 182, 208, 342, 352, 411
- Frankfurt, 414, 423, 430, 431, 439
- Fréttabréf Alþjóða bahá'í skrifstofunnar í Genf, 252
- Friður: hinn minni friður, 163, 194, 196, 198; hinn mesti friður, 115, 198, 204, 341, 385
- Fujita, 153
- Furútan, 'Ali-Akbar, Hönd málstaðarins, 257, 459
- Föníkía, 279
- Genf, 104, 246, 252, 314
- Genúa, 182
- Getsinger, Lua, 22
- Giachery, Dr Ugo, Hönd málstaðarins, 128, 245, 246, 249, 256, 257, 268, 408, 444
- Gibbon, Edward, 37, 205
- Gladys Anderson, *sjá* Weeden
- God Passes By*, 164, 165, 166, 167, 179, 189, 210, 216, 227, 229, 231, 242, 292, 323, 335, 417
- Goldman, Julia, 274
- Goodall, 5, 50
- Gregory, Louis, Hönd málstaðarins, 18
- Grey, lávarður, 32, 147, 324
- Grossmann, Hermann, Hönd málstaðarins, 257, 444
- Grænland, 394, 420
- Guðlegt réttlæti í nánd*, 132, 186, 224, 225, 226, 260, 261, 368, 369, 370
- Gullöld trúar Bahá'u'lláh, 188, 302, 338, 358, 381, 436, 447
- Gyðingar, 173, 175, 176, 190, 192, 286, 290, 291, 296
- Gyðingdómur, 375
- Hadtschile, 11
- Haganah, 173-176
- Haji Ali, 164-165
- Hamborg, 253
- Haney, Paul, Hönd málstaðarins, 258
- Ḥaram-i-Aqdas, 237
- Hauser, gestgjafi og leiðsögumaður, 59, 60
- Hawaii, 367
- Hájar Khátún, 15, 16
- Heimskautsbaugur, 420
- Heimsping trúarbragðanna, 275
- Helgistaðir: grafhýsi Bahá'u'lláh, 53, 54, 69, 71, 89, 113, 118, 130, 152, 153, 177, 232, 233, 235, 237, 238, 270, 283, 285, 291, 422, 426, 427, 439, 446; hús Bahá'u'lláh í Bagdað, 54, 96; Hús 'Abbúds í Akka, 141, 143, 232, 300; Mazraih, 116, 142, 293, 453; grafhýsi Bábsins 9, 42, 46, 69, 83, 85, 86, 89, 97, 132, 141, 143, 147, 156, 157, 160, 167, 170, 190, 200, 222, 228, 232, 235, 238, 239, 240, 242, 243, 244, 249, 250,

- 255, 259, 262, 265, 266, 267, 270, 271, 287, 288, 290, 295, 297, 358, 404, 416, 429, 445, 453; grafhýsi 'Abdu'l-Bahá 42, 86, 248-249; hús Bábsins í Shiraz, 313, 387; Síyáh-Chál, 371, 406-407, 425; Riðvángarðurinn, 232, 436
- Hendur málstaðar Guðs, 44, 48, 106, 124, 149, 256-257, 259-271, 68, 310, 313, 408, 410, 412-413, 415, 417, 419, 422, 424, 440, 438, 443-445, 447
- Herrigel, *sjá* sáttmálsbrot
- Hið helgasta lauf, 5, 6, 10, 14, 20, 21, 39, 44, 45, 46, 47, 48, 49, 50, 51, 57, 58, 63, 90, 102, 103, 112, 115, 130, 140, 145, 146, 147, 148, 149, 152, 153, 203, 222, 240, 262, 264, 265, 269, 276, 282, 283, 427, 428, 435, 451, 456, 459
- Himalaja, 410
- Hindúismi, 420
- Hitler, Adolf, 193
- Hnignun og fall Rómaveldis*, 37
- Hoagg, Emogene, 53, 55
- Holland, 85, 256, 400-401
- Holley, Horace, Hönd málstaðarins, 92, 167, 209, 212-213, 215, 246, 257
- Honolulu, 105
- Hoover, Bandaríkjaforseti, 104
- Hulin orð*, 37, 127, 209, 224
- Ḥuqúq, *sjá* Rétt Guðs
- Ḥusayn, sonur 'Abdu'l-Bahá, 5
- Hús Abbúds í Akka, *sjá* helgistaðir
- Hús Abdullah Pasha, fæðingarstaður Shoghi Effendi, 4, 5
- Höfðaborg, 184
- Ileana, prinsessa, 103, 111-114
- Indíánar í Vesturheimi, 137
- Indland, 22, 30, 47, 56, 62, 65-67, 92, 94-95, 105-106, 188, 211, 271, 276, 323, 342-343, 347, 350, 370, 386, 394-395, 398, 408, 410, 415, 417-418
- Indókína, 30
- Interlaken, viii, 69-70, 155
- Inúítar, 145, 377, 402, 430
- Ioas, Leroy, Hönd málstaðarins, 249, 256-257, 268, 296, 408
- Ioas, Sylvia, 256
- Irgun Zvi Leumi, 176
- Ishqabad, 154, 315-318, 335, 347, 426, 429
- Istanbúl, *sjá* Konstantínópel
- Íslam, 53, 56, 218-219, 233, 290, 293, 309, 311, 314, 318, 321-322, 328, 365, 371, 376, 400, 414, 425
- Írak, 54, 56, 95-97, 156, 187-188, 330, 348, 350, 386, 394-395, 410, 415
- Íran, *sjá* Persía
- Írland, 414
- Ísland, 414
- Ísrael: stjórnvöld, hæstiréttur og embættismenn, 237-238, 247, 272, 276, 279, 285, 296, 298, 322
- Ítalía, 47, 62, 65-66, 128, 130, 135, 148, 182, 184, 245-248, 256, 262, 264, 267-268, 294, 332, 342, 395, 400-401, 405, 410, 418
- Jack, Marion, 126, 163
- Jahrum, Jahrom, 98, 109
- Jamal Pasha, 26, 193
- Japan, 47, 67-66, 95, 105, 188, 332, 347, 415
- Jerúsalem, 53, 70-71, 169, 183, 187, 205, 245, 266, 275, 278-278, 281, 283-284, 289, 290, 294, 296, 298
- Jesús Kristur, 40, 109, 303, 421
- Jóhannesarborg, 126
- Juba, 184
- Júdas Ískariot, 50

- Júgóslavía, 401
- Kanada, 169, 216, 224, 241, 257, 270-271, 291, 306, 312, 327, 342, 344, 350, 367, 379, 383, 395-397, 390, 394-5, 400, 401, 405, 410, 412, 414, 420
- Kadria, prinsessa, 274
- Kaíró, 22, 113, 125, 184-185, 322
- Kalifornía, 342
- Kampala, *sjá* tilbeiðsluhús
- Kashan, 311
- Kákasus, 66, 95, 98, 315, 317, 342-343, 348, 350, 394-395, 425
- Keewatin, 410
- Keith-Roach, Sir Edward, 280-284, 287, 309-310, 321
- Ker, prófessor, 32
- Khádem, Zikru'lláh, Hönd málstaðarins, 257
- Khan, Dr. Yunis, 1, 2, 3, 31
- Khartoum, 184, 280
- Kházeh, Jalál, Hönd málstaðarins, 258
- Khorshid-i-Khavar*, 367
- Kirmanshah, 311
- Kitáb-i-Aqdas*, 209-210, 232, 237, 329, 337, 372, 441, 444, 447
- Kitáb-i-Íqán*, 219
- Kitalya, 136
- Kína, 95, 420
- Konstantínópel, 219-220, 310, 319-320, 394
- Konur, Bah'í yfirlýsing um réttindi kvenna, 306
- Kóraninn, 9, 54, 371
- Kristindómur, 233, 376, 414
- Krít, 187
- Kyrrahafseyjar, 66, 347, 371
- Kýpur 101, 113, 170
- Lamington, lávarður, 13, 31-32, 182, 274
- Laura Dreyfus-Barney, 55
- Leipzig, 347
- Levy, Shabatay, 292
- Lindsay, Dr A. D., rektor Balliol, 34-35
- Líbanon, 25, 176, 187
- Líbía, 187
- Locke, Alaine prófessor, 85
- London, ix, 24, 27, 30-34, 37, 39, 40-41, 48, 91, 95, 183-185, 212, 325, 335, 394, 442-445, 447
- Lotfullah Hakim, 31, 150, 255-256
- Lugano, 13
- Luxemborg, 401
- Lydda, 172, 247
- Macaulay, Thomas Babington, 200
- Magallanes, 399
- Majdi'din, *sjá* sáttmálsbrot
- Malta, 113
- Manchester, viii, 34, 41, 185
- Maórar, 138
- Margoliouth, D. S. prófessor, 32, 35, 40
- Marie Rúmeníudrottning, v, viii, 100-101, 103-105, 107-109, 111-113, 115, 117, 211, 216, 223, 274, 319, 394
- Marina, prinsessa, 274
- Markmiðslöndin tíu, 402, 405, 414
- Marseilles, 182
- Martin, Dr. Alfred W., 219
- Mashriqu'l-Adhkar, *sjá* einnig tilbeiðsluhús, 135, 221, 265, 312, 316-317, 335, 383, 426-427, 429
- Maxwell Sutherland, Hönd málstaðarins, 156, 158, 160, 184, 241, 244-246, 249, 257
- Maxwell, Mary, 153

- Maxwell, May, 151
 Mazra'ih, *sjá* helgistaðir
 Mekka, 425
 Mesópótamía, 65-66
 Meyjarhofið, 267
 Mills, Mountfort, 55-56, 171
 Milner, lávarður, 32
 Minnihlutahópar, 138, 368, 392
 Mirza Abul Fazl, 22
 Mirza Asadullah, 16
 Mirza Mahmud, 19
 Mishkin Qalam, 236
 Mílanó, 142
 Mírzá Hádí Shírází, 4, 36, 48
 Mírzá Mihdí, Hin skírasta grein, 262, 265
 Mírzá Yahyá, 121
 Mongólía, 420
 Montreal, 158-159, 241, 244
 Moskva, 95, 315-316
 Muhammad 'Ali, *sjá* sáttmálsbrot
 Mühlischlegel, Adelbert, Hönd málstaðarins, 444
 Mulla Husayn, 387
 Musteri, *sjá* tilbeiðsluhús
 Múhameð spámaður, 109, 436
 Mönch, 135

 Nabíl, 208, 219-221, 231, 309
 Nakura, 176
 Napólí, 19
 Nasaret, 185
 Nasistar, 187
 Násiri'd-Din Sháh, 406
 Nebraska, 367
 Nehru, Jawaharlal, 417
 Neuilly, 31
 New York, 49, 125, 305, 338, 342, 346, 391, 437
 Nicolas, A. L. M., 208
 Níl, viii, 184
 Norðursjór, eyjar í Norðursjó, 420
 Noregur, 401
 Norwich, 84
 Nýja Delhí, 408, 415-417
 Nýja Sjáland, 105, 331, 391, 397
 Nýja sögufélagið, 120

 Ofsóknir á hendur bahá'íum, 114, 164-165, 307, 312, 323
 Olinga, Enoch, Hönd málstaðarins, 257
 Orleans, 84
 Ouskouli, 212
 Oxford háskóli, vii, 12-13, 29, 32, 34-38, 40, 53, 55, 221

 Pahlavi keisaraættin, 308
 Pakistan, 271, 389, 391, 397, 410
 Palestína 12, 28-31, 35, 53, 56, 63, 66, 70, 84, 112-115, 119, 125, 154, 171, 176, 182, 184-185, 187-190, 224, 232-233, 234-335, 245-246, 252, 266, 270, 272-274, 276-277, 280, 282, 285-287, 289-291, 323, 342, 348
 Panama, 412, 418
 París, 83-84, 193, 354
 Parson hjónin, 50
 Penson, Sir T. H., 36
 Persía, 22, 25, 47-48, 51-2, 55-56, 62, 64, 66, 73, 92-93, 95, 97-99, 102, 105, 109, 125, 153-155, 189, 203, 222, 229, 236, 239, 250-251, 257, 267, 275, 289, 307-316, 318, 320-321, 323-324, 330, 341-343, 348, 350, 360-361, 371, 385, 386, 391, 393-395, 398, 410, 415, 417, 423-425, 439
 Pinchon, Florence, 212

- Pílagrímahúsin, 3, 9, 42, 69, 134, 136, 141, 150-151, 153, 155, 172, 211, 232, 240-243, 255, 453,
- Pílagrímar, 4, 13, 17, 22, 25, 27-28, 30, 56, 69, 94, 132-134, 136, 138, 151, 202, 204, 230, 234, 236, 262, 266, 271, 290, 293, 353, 367, 408
- Port Said, 18
- Portúgal, 102, 397, 401
- Pólítískt hlutleysi, 354, 368, 402
- Pólýnesía, 420
- Pólland, 211
- Prasad, Dr Rajendra, forseti Indlands, 417
- Prayers and Meditations*, 223
- Promised Day is Come, The*, 132, 186, 188-189, 202, 216, 225-226, 352
- Qazvin, 311
- Qayyúmu'l-Asmá*, 201, 337, 387
- Qiblih, bænarátt, 71, 192, 232, 250, 258, 264, 416
- Quddus, 310
- Quebec, 244
- Rahmatullah Muhajir, Hönd málstaðarins, 257
- Raleigh, Sir Walter, 32
- Ramleh, úthverfi Alexandríu, 18, 21, 23
- Ransom-Kehler, Keith, 309-310, 321
- Rashid Ali, 187
- Ráðstefnur, 93, 104, 259, 274, 306, 312, 387, 408-411, 416, 438-440
- Remey, Mason, 55, 79, 265-267, 418
- Revell, Ethel, 255-256
- Revell, Jessie, 256
- Réttur Guðs, 258, 386, 418
- Riddarar Bahá'u'lláh, 422
- Riðván garðurinn, *sjá einnig* helgi-
staðir, 232, 436
- Robarts, John, Hönd málstaðarins, 257
- Rommel, hershöfðingi, 187
- Root, Martha, Hönd málstaðarins, 105-107, 109-117, 126, 163, 185, 211-212, 216, 221, 223, 241, 261, 274, 316, 398, 394, 431
- Rosenberg, Ethel, 55
- Ross, Sir Denison, 32, 220-221
- Rouhangeze, systir Shoghi Effendi, 39, 42
- Róm, 242, 245, 290, 394, 415, 418, 444
- Rubaiyat*, Omar Khayyam, 219
- Ruhi, 173
- Rússland, 103, 105, 273, 307, 315-318, 335, 350, 385, 394-395, 419
- Salómon konungur, 87
- Samandari, Tarázu'lláh, Hönd málstaðarins, 257
- Samar, 420
- Sameinuðu þjóðirnar, 193, 289, 291, 306-307, 314-315, 351, 424
- Samuel, Sir Herbert, 32, 63, 223, 276, 285
- Sanderson, Edith, 147
- Sandstrom, 289
- Sáttmálsbrot, 2, 15, 49, 119, 121-124, 229, 232-233, 235, 237, 257, 329, 340
- Schopfloch, Fred, Hönd málstaðarins, 257-258, 262
- Schwartz, Alice, 55
- Schwartz, konsúll, 55
- Sears, William, Hönd málstaðarins, 257
- Seelye, prófessor, 220
- Serbneska konungsfjölskyldan, 111

- Shanghai, 212, 214
 Sharett, Moshe, 276
 Shariah, islömsk trúarlöggjöf, 53, 56, 321
 Shía múslimar, 95
Shikastih Nasta'ílq, skrautritun, 206
 Shiraz, *sjá* helgistaðir, 97-98, 203, 313, 397
 Shoah Bahá'í, 177
 Shoghi Effendi, *sjá* yfirlit bls 455-462
 Shu'á'u'lláh 'Alá'í, Hönd málstaðarins, 257
 Siyyid Roumie, 24, 55, 211
 Síbería, 420
 Síonismi, 97, 275
 Síyáh-Chal, *sjá* Helgistaðir, 371, 401, 406-407, 435
 Sjóðir, 258, 375, 386, 418
 Skandinavía, 106
 Skotland, 414
 Smith, rektor Balliol, 36
 Sofía, 126-127
 Sovétríkin, *sjá* Rússland
 Southampton, 183
 Spámenn, 375
 Spánn, 142, 397, 400
 Spíritismi, 373
 Sprague, Philip, 128
 St Malo, 183
 Stanleyville, 184
Star of the West, 20, 24, 27, 50, 57, 63, 345, 347
 Stjórnkerfið, 301, 304-305, 346, 365, 458
 Stokkhólmur, 408, 413, 415
 Stjórnvöld, hlýðni við, 363
 Storrs, Sir Ronald, 111, 276
 Stríðið í Palestínu 128, 164, 172, 176, 184-185, 194, 205, 264, 340, 383, 391
 Styrjöld, v, 26, 79, 181, 183, 185, 187, 189, 191, 193-195, 197, 199, 230, 243, 382-383, 416
 Sulaimaniya, 23, 398
 Sultanabad, 311
 Súdan, 184, 279, 280, 391, 395, 410
 Sviss, viii, 60, 65-66, 83, 92, 126-127, 134-135, 145, 148, 157, 159, 162, 253, 255, 315, 332, 342, 395, 401, 405, 410, 418
 Svíþjóð, 66, 342, 401, 415
 Swinburne, 32
 Symes, Sir G. Steward, 71, 185, 278-281, 287, 297
 Sýrland, 66
 Tahiti, 381
 Tarbiyat skólarnir, 310-311
 Tasmanía, 74, 419
 Teheran, 47, 52, 97-98, 113, 115, 206, 308, 310-313, 358, 400, 416, 423-424, 429-430
 Tel Aviv, 172, 177
 Tékkóslóvakía, 401
 Tíberias, 298
 Tíbet, 420
 Tilbeiðsluhús: Wilmette, 116, 145, 149, 382, 417, 423, 429; Kampala, 131, 315, 358, 408, 429, 431, 439; Sydney, 131, 358, 416, 431, 459; Frankfurt, 414, 423, 430-431, 439; Ishqabad, 154, 315-318, 335, 347, 426, 429; Panama, 412, 418; Teheran, 358, 429-430
Times, The, 24, 107, 205
 Toronto, 412
 Torquay, 33
 Townshend, George, Hönd málstaðarins, 209, 257-259
 True, Corinne Hönd málstaðarins, 50, 55, 257, 344

- True, Katherine, 56
- Trúarkerfi Bahá'u'lláh*, 76, 217-218, 223, 349-350, 374-375, 429, 436
- Tudor Pole, höfuðsmaður, 26, 30-32, 39-40, 46, 55-56, 69, 71, 119
- Turkistan 66, 95, 98, 125, 342-343, 348, 350, 394-395, 425
- Tyrkland, 65-66, 95, 105, 307, 318-321, 342, 348
- Töflur, Bábsins, Bahá'u'lláh, 2, 27, 29, 32, 140, 201, 222, 225, 229, 434-435
- Töflur hinnar guðlegu áætlunar*, 100, 189, 223, 229, 258, 362, 380-381, 383, 396, 399, 404, 408, 444
- Tölfræði 79, 388-391
- Umritun, 98, 209
- Urquhart, 36
- Údi Khammar, *sjá* helgistaðir
- Úganda, *sjá* Kampala, 136, 392, 408
- Úrval úr ritum Bahá'u'lláh*, 116, 223-224, 226, 289, 413
- Varqá, 'Ali Muhammad, Hönd málstaðar Guðs, 180, 257
- Varqá, Jenabi Valíyu'lláh, Hönd málstaðar Guðs, 386
- Verndarstofnunin, 154, 261, 439
- Vichy stjórnin, 187
- Victoría drottning, 36, 113
- Vímuefni, 353
- Wales, 414
- Washington, 49-50, 85, 320
- Watson, *sjá* sáttmálsbrot
- Wauchope, Sir Arthur, 287-288
- Webster, orðabók, 201, 353
- Weeden, Ben og Gladys, 80, 170, 172, 174, 175, 176, 177, 179, 255
- Weizmann minnismarkið, 299
- White, *sjá* sáttmálsbrot
- Wilhelm, Roy Hönd málstaðarins, 49-50, 55-56, 174
- Wilmette 116, 145, 149, 382, 417, 423, 429
- Younghusband, Sir Francis, 275
- Yukon, 410
- Zermatt, 134
- Ziaollah Asgarzadeh, 33
- Ziyyih Khanum, 5
- Þjóðabandalagið, 96, 394
- Þýðing ritanna, 27, 31, 36-37, 45, 91, 102, 109, 116; þýðingar Shoghi Effendi, 201, 204, 206-211, 219-236, 435, 452, 457
- Þýska nýlendan í Haifa, 86, 171, 282, 297
- Þýskaland 47, 55, 63-64, 66, 95, 135, 257, 307, 318, 332, 343, 346-348, 350, 385, 391, 394, 400, 402, 405, 425, 430-431, 444



Perlan ómetanlega er ævisaga Shoghi Effendi, Verndara og heimsleiðtoga bahá'í trúarinnar um 36 ára skeið. Í bókinni er dregin upp mynd af lífi hans og starfi, þeim sigrum sem hann vann í þágu trúarinnar og kreppunum sem hann stóð andspænis í sínu eigin lífi og í þróun málstaðarins. Þetta er minnisstæð og hrífandi frásögn um einhverja markverðustu atburði og persónur í trúarsögu mannkyns á liðinni öld. Höfundur bókarinnar, Rúhíyyih Rabbani, var eiginkona Verndarans og nánasti aðstoðarmaður hans um langt árabil, bæði sem einkaritari hans og síðar sem Hönd málstaðar Guðs. Verndarinn lét sjálfur þau orð falla að á erfiðum stundum lífsins hefði hún verið skjól hans og skjöldur.

Í bókinni kynnist lesandinn blíðri, heillandi og tignarlegri persónu Shoghi Effendi og fær jafnframt ítarlegt yfirlit yfir þau einstæðu og sögulegu afrek sem hann vann á embættisferli sínum. Verndarinn var gæddur eiginleikum mikils frumkvöðuls og brautryðjanda. Það er mat bókarhöfundar að við stöndum of nálægt slíkum manni, sem með verkum sínum og persónuleika gnæfði yfir samtíð sína, til þess að gera okkur fulla grein fyrir afrekum hans og þýðingu þeirra fyrir framtíð mannkyns.

Rúhíyyih Rabbani (fædd Mary Sutherland Maxwell) fæddist í Montreal í Kanada árið 1910 og lést í Haifa í Ísrael árið 2000. Eftir andlát Verndarans 1957 ferðaðist hún víða um heim, hélt fyrirlestra, sótti ráðstefnur og lagði auk þess sérstaka rækt við heimsóknir til innfæddra í þorpum og sveitum Afríku, Asíu og Suður-Ameríku. Bækur hennar og rit hafa verið þýdd á fjölmörg tungumál.

